

Fimmtudagurinn 28. október 2004

229. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 21/2004

**Ólögmeitt samráð**  
**Kers hf. (áður Olíufélagið hf.),**  
**Olíuverzlunar Íslands hf.,**  
**Skeljungur hf. og Bensínorkunnar ehf.**

**Efnisyfirlit**

<b>I. AÐILAR MÁLSINS OG RANNSÓKN ÞESS .....</b>	<b>8</b>
1. Aðilar málsins .....	8
1.1. Ker hf. (áður Olíufélagið hf.).....	8
1.2. Olíuverzlun Íslands hf. ....	8
1.3. Skeljungur hf. ....	8
1.3.1. Bensínorkan ehf.....	9
2. Rannsókn og málsmeðferð.....	9
2.1. Krafa um að málið verði fellt niður vegna lögreglurannsóknar o.fl. ....	16
2.1.1. Sjónarmið Olís og Skeljungur.....	16
2.1.2. Mat samkeppnisráðs.....	19
2.2. Krafa OHF um að málinu verði vísað frá samkeppnisráði .....	43
<b>II. MARKAÐURINN OG STAÐA FYRIRTÆKJA Á HONUM .....</b>	<b>47</b>
1. Markaðurinn.....	47
1.1. Landfræðilegi markaðurinn .....	47
1.2. Vörumarkaðurinn.....	48
2. Staða fyrirtækja á markaðnum .....	48
2.1. Fljótandi eldsneyti og meginflokkar þess .....	50
2.1.1. Heildarsala eldsneytis.....	50
2.1.2. Markaðshlutdeild í eldsneytissölu alls.....	51
2.1.3. Markaðshlutdeild í meginflokkum eldsneytis .....	52
2.2. Smurolía .....	55
2.3. Gas.....	56
2.4. White spirit .....	57
2.5. Niðurstaða.....	58
<b>III. SAMFELLT SAMRÁÐ OLÍUFÉLAGANNA.....</b>	<b>59</b>
1. 10. gr. samkeppnislaga.....	59
1.1. 10. gr. samkeppnislaga og EES/EB-samkeppnisréttur.....	59
1.2. Nánar um túlkun 10. gr. samkeppnislaga .....	63
1.2.1. Samningur .....	66
1.2.2. Samstilltar aðgerðir .....	67

1.2.3.	Samfelld samráð.....	72
1.2.4.	Sjónarmið olúfélaganna um áhrif MSE, stjórnaðkrár og refsiréttar á túlkun 10. gr. samkeppnislaga.....	78
1.3.	Sönnun.....	90
1.3.1.	Sjónarmið olúfélaganna um áhrif fákeppni á sönnun.....	92
2.	Samfelld samráð olúfélaganna.....	100
2.1.	Atvik fyrir gildistöku samkeppnislaga.....	100
2.2.	Samfelld samráð olúfélaganna eftir gildistöku samkeppnislaga.....	104
2.3.	Sjónarmið olúfélaganna.....	118
<b>IV. SAMRÁÐ UM GERÐ TILBOÐA.....</b>		<b>123</b>
1.	Samráð vegna útboða fram til ársins 1996.....	125
1.1.	Útboð/verðkönnun Reykjavíkurborgar 1993.....	125
1.2.	Útboð Íslenska járnblendifélagsins 1994.....	128
1.3.	Útboð Flugleiða 1994 vegna innanlandsflugs.....	128
1.4.	Útboð Allrahanda 1995.....	128
1.5.	Útboð/verðkannanir Vegagerðarinnar 1994–2001.....	130
1.6.	Útboð Ístaks 1996.....	137
2.	Útboð Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæslunnar og ÚA á árinu 1996. Samkomulag um viðræður í öllum útboðum.....	139
2.1.	Útboðin auglýst.....	139
2.2.	Skeljungur hvetur til samstarfs.....	140
2.3.	Samkomulagið 16. september 1996.....	147
2.4.	Útboð ÚA.....	151
2.5.	Heildarsamkomulag.....	156
3.	Útboð dómsmálaráðuneytisins í október 1996 og samráð á fundi í október 1998.....	161
4.	Útboð Ríkiskaupa á smurþjónustu bifreiða 1996.....	166
5.	Útboð Flugleiða 1996 og 1997 vegna eldsneytiskaupa á Keflavíkflugvelli.....	171
5.1.	Almennt.....	171
5.2.	Útboð Flugleiða 1996.....	173
5.3.	Útboð Flugleiða í apríl 1997.....	180
5.4.	Skýringar Olís.....	184
5.5.	Skýringar Skeljungs.....	185
5.6.	Athugasemdir OHF.....	187
5.7.	Niðurstæða.....	188
6.	Útboð Vestmannaeyjabæjar 1997.....	188
7.	Útboð ÍSALS 1997.....	191
8.	Útboð/verðkönnun vegna fyrirhugaðrar magnesíumverksmiðju.....	195
9.	Útboð Norðuráls 1997.....	199
10.	Útboð Flugleiða 1994 og Flugfélags Íslands 1998 (Innanlandsflug).....	208
10.1.	Útboð Flugleiða 1994.....	208
10.2.	Útboð Flugfélags Íslands 1998.....	211
10.3.	Niðurstæða.....	218
11.	Útboð/verðkönnun Landssímans 1998 og samráð vegna Íslandspósts.....	219
12.	Útboð Íslenska járnblendifélagsins 1994 og 2000.....	223
12.1.	Útboðið 1994.....	223
12.2.	Útboðið 2000.....	226
13.	Útboð Reykjavíkurborgar 2001.....	232
<b>V. SAMRÁÐ UM SÖLU TIL ERLENDRA SKIPA.....</b>		<b>241</b>
1.	Atvik fram til 1993.....	242
2.	Samkomulagið frá 1993 og endurnýjun þess 1995.....	245

2.1.	Samkomulagið 1993 .....	245
2.2.	Deilur um skilgreiningu á erlendum skipum .....	248
2.3.	Samkomulagið 1995 .....	249
3.	Framkvæmdin 1993–2001 .....	252
3.1.	Sala til togarans Vydunas 1994 .....	254
3.2.	Ágreiningur vegna Akrabergsins 1995 .....	255
3.3.	Atvik á árinu 1996 .....	255
3.4.	Sala til Ocean Castle 1997 .....	257
3.5.	Afgreiðsla til Nanoq Trawl 1998 .....	258
3.6.	Málefni ÚA og Meklenburger Hochseefischerei 1998–1999 .....	258
3.7.	Ásakanir á hendur OHF 1999 .....	260
3.8.	Atvik á árunum 2000 og 2001 .....	261
4.	Niðurstaða .....	267
<b>VI. SAMRÁÐ UM VERÐLAGNINGU Á OLÍUVÖRUM.....</b>		<b>269</b>
1.	Samráð um verðlagningu á eldsneyti 1993–1996 .....	272
1.1.	Atvik á árunum 1993–1995 .....	272
1.2.	Samkomulag 1995–1998 um að takmarka framboð á SD olíu Skeljungs..	285
1.3.	Atvik á árinu 1996 .....	289
1.3.1.	Olíufélögin ákveða að auka álagningu og bæta framlegð.....	299
1.4.	Niðurstaða.....	302
2.	Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 1997 .....	309
2.1.	Samráð um verðbreytingar og aukningu álagningar í janúar til apríl 1997.....	309
2.2.	Olís og Orkan hækka verð o.fl.....	318
2.3.	Umræður um sérstaka hækkun á gasolíu og önnur samvinna um verð frá maí til ágúst 1997 .....	321
2.4.	Samvinna um að minnka sjálfsafgreiðsluafslátt o.fl. í september 1997.....	328
2.5.	Samvinna um veitingu afsláttar til björgunarbáts á Ísafirði .....	330
2.6.	Álagning gjalda á viðskiptavini á árunum 1997–1998 .....	331
2.7.	Niðurstaða.....	337
3.	Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 1998 .....	341
3.1.	Atvik frá janúar til maí 1998 .....	341
3.2.	Þrír fundir forstjóra olíufélaganna í maí 1998 .....	348
3.3.	Samráðsnefnd olíufélaganna ákveður framlegðartölur í maí 1998 og 1999 .....	353
3.4.	Fundur forstjóra olíufélaganna í júlí 1998 .....	355
3.5.	Kvartanir forstjóra OHF yfir veitingu afsláttar til m.a. lögreglunnar í Borgarnesi og KEA .....	357
3.6.	Samvinna Olís og Orkunnar um að lækka ekki verð o.fl. í september 1998 .....	360
3.7.	Fundur olíufélaganna 29. október og 11. nóvember 1998 .....	363
3.8.	Samvinna um að hrinda í framkvæmd ákvörðunum frá fundum í október og nóvember 1998 o.fl.....	372
3.9.	Fundur forstjóra olíufélaganna í desember 1998 .....	376
3.10.	Samráð 1997–1999 vegna viðskipta við m.a. Granda og Þormóð Ramma.....	381
3.11.	Niðurstaða.....	387
4.	Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 1999 .....	391
4.1.	Atvik frá janúar til mars 1999.....	391
4.2.	Samkomulag um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði .....	397

4.3.	Atvik frá apríl til ágúst 1999.....	405
4.4.	Viðræður Olís og Skeljungs um stóra viðskiptavini í september 1999.....	414
4.5.	Atvik frá september til desember 1999.....	419
4.6.	Niðurstaða.....	425
5.	Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 2000.....	429
5.1.	Atvik í janúar og febrúar 2000.....	429
5.2.	Samráð um afslátt á svartolíu.....	439
5.3.	Framkvæmd á samkomulagi frá 1998 um að hækka verð á gasolíu til landnotkunar.....	441
5.4.	Athugasemdir við afslátt OHF til Bílabúðar Benna.....	444
5.5.	Samkomulag um að keppa ekki vegna tímabundinna tilboða.....	447
5.6.	Framkvæmd á 1-2-3 kr. afsláttarkerfinu.....	449
5.7.	Kvartanir Olís yfir tilboðum OHF og Skeljungs.....	452
5.8.	Atvik frá mars til júlí 2000.....	456
5.9.	Atvik frá júlí til desember 2000.....	469
5.10.	Samráð gegn aðgerðum LÍÚ til að lækka verð.....	484
5.11.	Niðurstaða.....	492
6.	Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 2001.....	496
6.1.	Atvik frá janúar til mars 2001.....	496
6.2.	Gagnaeyðing, „verðstríð“ og önnur atvik í apríl og maí 2001.....	508
6.3.	Framkvæmd á samkomulagi um að hækka verð á gasolíu og umræður um afgreiðslugjöld, verðlagningu til bænda o.fl.....	513
6.4.	Atvik frá júní til desember 2001.....	517
6.5.	Tilraunir olíufélaganna til að hækka verð í Færeyjum.....	529
6.6.	Upplýsingaskipti olíufélaganna um sölu á eldsneyti.....	539
6.7.	„Leyniþjónusta“ Oliudreifingar.....	544
6.8.	Niðurstaða.....	547
7.	Samráð um verðlagningu á smurolíu.....	554
7.1.	Aðgerðir til að koma Bílanausti út af smurolíumarkaðnum.....	555
7.2.	Atvik á árinu 1998.....	560
7.3.	Atvik á árinu 1999.....	568
7.4.	Atvik á árinu 2000.....	572
7.5.	Atvik á árinu 2001.....	578
7.6.	Niðurstaða.....	588
8.	Samráð um verðlagningu á gasi.....	589
8.1.	Atvik fram til 1996.....	589
8.2.	Atvik á árunum 1996–1997.....	591
8.3.	Atvik á árinu 1998.....	596
8.4.	Atvik á árinu 1999.....	601
8.5.	Atvik á árunum 2000–2001.....	602
8.6.	Niðurstaða.....	607

## **VII. SAMRÁÐ VIÐ SÖLU Á ELDSNEYTI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI OG**

	<b>REYKJAVÍKURFLUGVELLI.....</b>	<b>609</b>
1.	Aðdragandi samstarfsins.....	609
2.	Atvik á Keflavíkurlugvelli.....	612
2.1.	Samráð um verð og skipting á sölu ósamningsbundinna viðskiptavina.....	613
2.2.	Markaðsskipting og samráð vegna útboða erlendra flugfélaga.....	615
2.2.1.	Íslandsflug og European Air Transport.....	621
2.2.2.	Sterling European og Arrow Air.....	623
2.2.3.	Corsair.....	624

2.2.4.	Canada 3000 .....	626
2.2.5.	SAS og Lufthansa.....	629
2.3.	Niðurstaða.....	631
3.	Atvik á Reykjavíkurlugvelli .....	632
3.1.	Samráð um verð og skipting sölu ósamningsbundinna viðskiptavina .....	633
3.2.	Markaðsskipting á samningsbundnum viðskiptavinum á Reykjavíkurlugvelli .....	635
<b>VIII. MARKAÐSSKIPTING .....</b>		<b>638</b>
1.	Landfræðileg skipting olúfúlaganna í bensínstöðvarekstri 1993–2001.....	638
1.1.	Landfræðileg markaðsskipting á tíu stöðum á landinu .....	638
1.2.	Umræður um markaðsskiptingu á árinu 1995.....	643
1.3.	Markaðsskipting í Neskaupstað.....	645
1.4.	Samningur frá 1996 um markaðsskiptingu á níu stöðum á landinu.....	646
1.5.	Markaðsskipting í Varmahlíð .....	650
1.6.	Markaðsskipting á Ólafsfirði .....	651
1.7.	Uppskipti Skeljungs og Olís árið 1997 .....	656
1.8.	Viðræður olúfúlaganna um uppskiptingu bensínstöðva 1997–2001 .....	658
2.	Markaðsskipting í Grindavík .....	668
3.	Markaðsskipting á Ísafirði .....	674
4.	Markaðsskipting í Stykkishólmi .....	679
5.	Markaðsskipting á Raufarhöfn.....	683
6.	Markaðsskipting vegna sölu til SR-mjöls .....	690
6.1.	Stofnun SR-mjöls á árinu 1993 og samkomulag um olúviðskipti í kjölfar þess.....	690
6.2.	Samningar vegna olúviðskipta við SR-mjöl haustið 1996 og aðdragandi þeirra.....	693
6.3.	Samningur Olís og Skeljungs vegna olúviðskipta við nótaveiðiskipið Svein Benediktsson og samstarf félaga um að verjast kröfu um afslátt700	
6.4.	Samstarf olúfúlaganna um viðbrögð við beiðni SR-mjöls um endurskoðun viðskiptakjara á árunum 2000–2001 .....	705
6.5.	Niðurstaða.....	709
7.	Markaðsskipting vegna sölu til Jökuls .....	709
7.1.	Skiptisala olúfúlaganna vegna viðskipta við Jökul og samkomulag um sérstakan afslátt .....	709
7.2.	Skiptisölu vegna Jökuls hætt í kjölfar sameiningar félagsins við Útgerðarfélag Akureyringa.....	712
7.3.	Niðurstaða.....	714
8.	Markaðsskipting vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur .....	715
9.	Markaðsskipting vegna sölu til ÍSAL .....	717
10.	Markaðsskipting vegna sölu til Kísildiðjunnar við Mývatn.....	725
11.	Markaðsskipting vegna sölu til Íslenska járnblendifélagsins, Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytisins, Vestmannaeyjabæjar o.fl. ....	727
11.1.	Atvik á árinu 1997 .....	729
11.1.1.	Almennt samkomulag um að skipta viðskiptum við opinbera aðila og stóriðjur.....	731
11.2.	Atvik á árinu 1998 .....	734
11.3.	Atvik á árinu 1999 .....	743
11.4.	Atvik á árinu 2000 .....	747
11.5.	Umræður 2001 um lok skiptisölu og nýja markaðsskiptingu .....	749

11.6.	Niðurstaða.....	760
12.	Samkomulag um að keppa ekki um samningsbundna viðskiptavini.....	761
<b>IX. SAMSTARF Í REKSTRI BENSÍNSTÖÐVA.....</b>		<b>768</b>
1.	Samrekstur bensinstöðva fram að gildistöku samkeppnislaga.....	768
2.	Erindi FÍB 1993 og bréf Olís 1994.....	771
3.	Samrekstur bensinstöðva 1993–2001.....	773
3.1.	Samrekstur Olís og Skeljungs.....	773
3.2.	Samrekstur Olís og OHF.....	775
3.3.	Samrekstur OHF og Skeljungs.....	776
3.4.	Samrekstur Olís, Skeljungs og OHF.....	777
<b>X. VIÐURLÖG OG ÚRRÆÐI.....</b>		<b>784</b>
1.	Sjónarmið olíufélaganna um fyrningu brota.....	784
1.1.	Athugasemdir Skeljungs og Olís.....	784
1.2.	Athugasemdir OHF.....	786
1.3.	Mat samkeppnisráðs.....	789
2.	Atriði sem áhrif hafa á beitingu 52. gr. samkeppnislaga í málinu.....	798
2.1.	Ákvæði 52. gr. samkeppnislaga.....	801
2.2.	Eðli brotsins og atriði sem horfa til þyngingar viðurlaga í málinu.....	802
2.3.	Atriði sem mögulega horfa til mildunar viðurlaga.....	821
2.3.1.	Sjónarmið OHF.....	821
2.3.2.	Sjónarmið Skeljungs.....	824
2.3.3.	Mat samkeppnisráðs.....	825
2.4.	Samanburður olíufélaganna við önnur innlend mál.....	835
2.5.	Niðurstaða vegna OHF, Olís og Skeljungs.....	839
2.6.	Þáttur Orkunnar.....	840
3.	Lagaskil.....	842
3.1.	Sjónarmið OHF um að hámarkssekt sé 40 millj. króna.....	842
3.2.	Sjónarmið olíufélaganna um að beita beri eldra ákvæði 52. gr. samkeppnislaga.....	844
4.	Ávinningur olíufélaganna af ólögættu samráði.....	848
4.1.	Inngangur.....	848
4.1.1.	Bandarískur réttur.....	848
4.1.2.	Skaðabótamál vegna brota á samkeppnisreglum EB.....	850
4.1.3.	Norskur réttur.....	852
4.1.4.	Þýskur réttur.....	854
4.2.	Ávinningur í skilningi samkeppnislaga.....	855
4.3.	Ávinningur vegna hækkunar einingaframlegðar.....	855
4.3.1.	Skilgreining.....	855
4.3.2.	Frekari rök fyrir mati á ávinningi á grundvelli breytinga á framlegð.....	858
4.3.3.	Einingaframlegð í fljótandi eldsneyti.....	867
4.3.4.	Einingaframlegð OHF.....	868
4.3.5.	Einingaframlegð Skeljungs.....	870
4.3.6.	Einingaframlegð Olís.....	872
4.3.7.	Niðurstaða um einingaframlegð hjá olíufélögum.....	874
4.3.8.	Ávinningur olíufélaganna af hækkun einingaframlegðar.....	874
4.3.9.	Mögulegar aðrar skýringar á hækkun einingaframlegðar.....	878
4.3.10.	Niðurstaða.....	880
4.4.	Aðrir mælikvarðar við mat á ávinningi.....	881
4.5.	Andmæli olíufélaganna vegna ætlaðs ávinnings af broti þeirra.....	884

4.5.1.	Almennar athugasemdir olíufélaganna.....	885
4.5.2.	Mat samkeppnisáðs .....	886
4.5.3.	Skýrslur hagfræðinga olíufélaganna.....	889
4.5.4.	Mat samkeppnisráðs.....	892
5.	Sektir í erlendum og EES/EB-samkeppnisrétti .....	908
5.1.	Sjónarmið Olís og OHF .....	908
5.2.	Mat samkeppnisráðs .....	909
5.2.1.	Norskur réttur .....	909
5.2.2.	Danskur réttur.....	911
5.2.3.	Sænskur réttur .....	912
5.2.4.	EES/EB-samkeppnisréttur.....	914
5.2.5.	Breskur réttur.....	921
5.2.6.	Hollenskur réttur .....	923
5.2.7.	Samantekt.....	925
6.	Álagðar sektir á Olís, OHF, Skeljung og Orkuna .....	926
6.1.	Sekt OHF .....	926
6.2.	Sekt Olís .....	927
6.3.	Sekt Skeljungs .....	928
6.4.	Sekt Orkunnar.....	929
7.	Krafa Skeljungs um að sekt verði felld niður eða lækkuð vegna ætlaðs dráttar á rannsókn málsins.....	929
7.1.	Sjónarmið Skeljungs.....	929
7.2.	Mat samkeppnisráðs .....	931
8.	Aðstoð olíufélaganna við að upplýsa málið og hugsanleg lækkun á sektum .....	938
8.1.	Sjónarmið olíufélaganna.....	938
8.1.1.	Sjónarmið OHF .....	938
8.1.2.	Sjónarmið Skeljungs .....	939
8.2.	Niðurstaða samkeppnisráðs .....	942
8.2.1.	Aðstoð OHF .....	942
8.2.2.	Aðstoð Olís.....	950
8.2.3.	Aðstoð Skeljungs.....	953
9.	Fyrirmæli á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.....	958
9.1.	Samstarf á Keflavíkurflugvelli .....	958
9.2.	Gasfélagið.....	959
9.3.	Innkaup og innflutningur á eldsneyti .....	960
9.4.	Samreknar bensínstöðvar .....	960
9.5.	Olíudreifing ehf. ....	961
9.6.	Niðurstaða samkeppnisráðs .....	962
<b>XI. ÁKVÖRDUNARORÐ:</b> .....		<b>964</b>

# I.

## AÐILAR MÁLSINS OG RANNSÓKN ÞESS

Mál þetta varðar umfangsmikið og skipulagt ólögmætt samráð aðallega Olíufélagsins, Olíuverzlunar Íslands og Skeljungu. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir aðilum málsins. Jafnframt verður rannsókn málsins og málsmeðferð lýst í aðalatriðum og gerð grein fyrir óskum olíufélaganna um að vinna með samkeppnisyfirvöldum í því skyni að upplýsa það. Einnig verður fjallað um ýmsar málsástæður olíufélaganna sem tengjast rannsókn og formi málsins.

### 1. Aðilar málsins

#### 1.1. Ker hf. (áður Olíufélagið hf.)

Í apríl 2002 samþykkti aðalfundur Olíufélagsins hf. að breyta nafni félagsins í Ker hf. Ker hf. er eignarhaldsfélag sem annast rekstur fasteigna og fjárfestingar í atvinnurekstri af ýmsu tagi. Í ársbyrjun 2002 tók nýstofnað félag, Olíufélagið ehf., við olíuviðskiptunum. Olíufélagið ehf. er alfarið í eigu Kers hf. Vísað verður til þessa málsaðila sem OHF í ákvörðun þessari.

OHF annast m.a. sölu á eldsneyti, smurolíu og tengdum vörum. Fyrirtækið rekur yfir 100 þjónustustöðvar hér á landi. Samstarfssamningur OHF við Exxon/Mobil veitir OHF einkarétt til að nota vörumerkið ESSO á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 400. Á árinu 1995 keypti OHF 35% hlut í Olíuverzlun Íslands hf. Þessi tvö félög stofnuðu í kjölfar þessa Olíudreifingu ehf. Hlutverk þess félags er að annast flutninga á olíuvörum, geymslu og dreifingu á landi og sjó til neytenda og dreifingaraðila móðurfyrirtækjanna. Olíudreifing tók til starfa 1. janúar 1996. Með ákvörðun nr. 23/1995 setti samkeppnisráð þessum aðgerðum skilyrði á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga til að tryggja að OHF og Olíuverzlun Íslands myndu starfa áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaðnum. Í maí 2003 seldi OHF eignarhlut sinn í Olíuverzlun Íslands.

#### 1.2. Olíuverzlun Íslands hf.

Olíuverzlun Íslands (Olís) er hlutafélag sem m.a. annast sölu á eldsneyti, smurolíu og tengdum vörum. Fyrirtækið rekur 62 þjónustustöðvar um land allt auk fjölpættrar þjónustu við útvegs- og flutningafyrirtæki. Starfsmenn eru um 300. Gerð hefur verið grein fyrir tengslum OHF og Olís.

#### 1.3. Skeljungur hf.

Skeljungur er hlutafélag sem m.a. annast sölu á eldsneyti, smurolíu og tengdum vörum og er fyrirtækið með starfsemi á um 100 stöðum á landinu. Samningar félagsins við alþjóðlegu Shell samsteypuna veita Skeljungi einkarétt á notkun Shell vörumerkisins hér á landi. Fjöldi starfsmanna er um 270.



### 1.3.1. Bensínorkan ehf.

Skeljungur stofnaði á árinu 1995 ásamt eignarhaldsfélögum Hagkaupa og Bónuss félagið Bensínorkuna ehf. (Orkan). Átti Skeljungur í upphafi 1/3 í félaginu. Í janúar 2000 keypti Skeljungur hf. öll hlutabréf Baugs hf. í Orkuni. Eftir kaupin átti Skeljungur 2/3 hluta í Orkuni og Þor hf. þriðjung. Frá og með 1. nóvember 2001 hefur Skeljungur átt 80% af hlutafé Orkunnar. Eftir janúar 2000 teljast Skeljungur og Orkan til fyrirtækjasamstæðu í skilningi samkeppnislaga, sbr. 4. gr. laganna.

Markmið stofnenda Orkunnar var að selja bifreiðaeldsneyti við stórmarkaði á lágu verði að erlendri fyrirmynd. Orkan opnaði fyrstu sjálfsafgreiðslustöðvar sínar í nóvember 1995. Félagið rekur nú ellefu stöðvar í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Akureyri, Selfossi og Hveragerði.

Þátttaka Orkunnar í samráði því sem mál þetta fjallar um er mun takmarkaðri heldur en þátttaka hinna félaganna. Tók Orkan í vissum tilvikum þátt í samráði um verðlagningu á bifreiðaeldsneyti og er gerð grein fyrir þeim atvikum málsins í kafla VI. Í kafla X eru brot Orkunnar dregin saman. Í máli þessu er oft vísað til OHF, Skeljungs og Olís í einu lagi sem „olíufélögin“. Til að taka af allan efa er rétt að taka fram að sú tilvísun tekur ekki til Orkunnar.

## 2. Rannsókn og málsmeðferð

Þann 18. desember 2001 hóf Samkeppnisstofnun rannsókn á því hvort OHF, Olís og Skeljungur hafi haft með sér ólöglegt samráð og brotið þar með gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Í ljósi vísbendinga sem fram höfðu komið um að olíufélögin hefðu í starfsemi sinni hugsanlega brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga var ákveðið að fara á starfsstöðvar olíufélaganna og framkvæma þar leit að gögnum og upplýsingum sem varpað gætu frekara ljósi á málið. Að fenginni heimild Héraðsdóms Reykjavíkur var sú leit framkvæmd 18. desember 2001. Var lagt hald á allmikið magn gagna og myndar hluti þeirra grundvöll málsins.<sup>1</sup>

Þann 10. janúar 2002 sendi Samkeppnisstofnun olíufélagunum bréf og veitti að beiðni þeirra upplýsingar um töku afrita af tölvugögnum þeirra. Ýmis bréfaskipti önnur áttu sér stað á þessum tíma milli Samkeppnisstofnunar og olíufélaganna vegna tölvugagna og annarra atriða tengd rannsókninni. Þann 5. febrúar 2002 sendi Samkeppnisstofnun olíufélagunum lista yfir þau skjöl sem stofnunin ljósritaði úr haldlögðum gögnum

---

<sup>1</sup> Í ákvörðun þessari er vísað til þessara gagna samkvæmt fjögurra stafa númeri þeirra í haldlagningarskrá (Hs. nr. xxxx). Þegar um er að ræða afrituð tölvugögn er gerð grein fyrir því hvaðan þau gögn stafa.

eftir framangreinda húsleit stofnunarinnar. Var olíufélögunum boðið að skoða hjá Samkeppnisstofnun þau skjöl sem stofnunin hafði ljósritað.

Þann 25. febrúar 2002 gerði Samkeppnisstofnun olíufélögunum grein fyrir því á fundi hvernig staðið yrði að rannsókn tölvuskjala í málinu. Á fundinum upplýstu olíufélögin að þau myndu krefjast úrlausnar dómara um lögmæti haldlagningar á gögnum sem framkvæmd var í umræddri húsleit. Þann sama dag sendu félögin Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni þar að lútandi og var þess aðallega krafist að Samkeppnisstofnun yrði gert skylt að eyða öllum afritum skjala á tölvutæku formi sem lagt var hald á við leitina hjá félögunum.

Þann 4. og 11. mars 2002 ritaði Samkeppnisstofnun olíufélögunum bréf þar sem gerð var grein fyrir því hvernig staðið yrði að rannsókn tölvugagn. Var um að ræða sömu atriði og Samkeppnisstofnun hafði fjallað um á fundinum 25. febrúar 2002. Í bréfunum tók Samkeppnisstofnun fram að ekkert tölvuskjal frá félögunum hefði verið opnað og að stofnunin myndi ekki hefja þessa rannsókn á tölvugögnum fyrr en dómstólar hefðu fjallað um kröfu olíufélaganna um eyðingu gagna. Í bréfinu var einnig sagt að Samkeppnisstofnun hefði ákveðið, umfram lagaskyldu, að bjóða viðkomandi starfsmönnum olíufélaganna að vera viðstaddir opnun tölvuskjala. Olíufélögunum var einnig sendur geisladiskur með skrá yfir öll afrituð tölvugögn.

Þann 1. mars 2002 ritaði OHF Samkeppnisstofnun bréf og gerði grein fyrir eftirfarandi bókun sem stjórn OHF samþykkti sama dag:

*„Samkvæmt upplýsingum sem kynntar hafa verið stjórn félagsins í dag, og byggja á rannsókn þeirra gagna sem Samkeppnisstofnun lagði hald á 18. desember 2001, þá eru komnar fram vísbendingar um að ákveðnir þættir í starfsemi Olíufélagsins hf. hafi á undanförunum árum að einhverju leyti stangast á við ákvæði samkeppnislaga. Eftir því sem best er vitað í dag stangast starfsemi Olíufélagsins ehf. ekki á við ákvæði samkeppnislaga, nema ef rekstur samrekinna bensínstöðva yrði talinn andstæður lögunum.*

*Framkomnar upplýsingar koma stjórn félagsins á óvart, og hefur hún falið lögmanni félagsins að ganga til viðræðna og/eða samstarfs við Samkeppnisstofnun um að upplýsa meint brot félagsins á Samkeppnislögum til fulls. Ef nokkur kostur er, þá skal freistað að ná samkomulagi við Samkeppnisstofnun um lyktir málsins.*

*Stjórn Olíufélagsins hf. leggur áherslu á að máli þessu verði lokið á sem skemmstum tíma svo allri óvissu verði eytt sem fyrst. Nauðsynlegt er að tryggja fullan trúnað og traust milli félagsins annars vegar og viðskiptavina og hluthafa hins vegar.“*

Í bréfinu var einnig óskað eftir samvinnu og samstarfi við Samkeppnisstofnun um að upplýsa málið. Að höfðu samráði við samkeppnisráð svaraði Samkeppnisstofnun OHF með bréfi frá 5. mars 2002. Þar segir m.a. eftirfarandi:

*„Eins og yður er kunnugt hefur Samkeppnisstofnun hafið rannsókn á því hvort Olíufélagið hf., Skeljungur hf. og Olíuverslun Íslands hf. hafi haft með sér ólöglegt samráð um m.a. verð, markaðsskiptingu og gerð tilboða og brotið þar með gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Leiði rannsókn þessi í ljós að umrædd fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga má búast við því að samkeppnisráð birti rökstudda ákvörðun í málinu og beiti heimildum sínum skv. 52. gr. laganna og leggi á stjórnvaldssektir.*

*Í 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga segir að samkeppnisráð geti við ákvörðun fjárhæðar sektar m.a. haft hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis. Ákvæði þetta kom inn í samkeppnislög með lögum nr. 107/2000. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum segir að þessi breyting tryggi að samkeppnisráð geti við álagningu sekta lagt til grundvallar svipuð sjónarmið og gilda í EES-samkeppnisrétti. Bæði Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB hafi gefið út reglur þar sem við það er miðað að fyrirtækjum sé umbunað ef þau gefa sig fram og upplýsa um þátttöku í ólöglegu samráði. Reynslan hefur sýnt að reglur af þessum toga eru mikilvægur þáttur í að uppræta skaðlegt samráð fyrirtækja.*

*Samkeppnisráð mun við beitingu 52. gr. samkeppnislaga hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram koma í nýrri tilkynningu framkvæmdastjórnar EB um að leggja ekki á eða lækka sektir í samráðsmálum. Tilkynning þessi var birt í stjórnartíðindum EB 19. febrúar sl. (O.J. C 45/03) og gildir á EES-svæðinu þegar framkvæmdastjórn EB beitir samkeppnisreglum EES-samningsins, sbr. 56. gr. EES-samningsins. Þar sem samkeppnisyfirvöld hafa þegar undir höndum margvísleg gögn sem gefa ólöglegt samráð Olíufélagsins hf., Olíuverslunar Íslands hf. og Skeljungs hf. til kynna getur ekki komið til álita í máli þessu að fella niður sektir Olíufélagsins hf. ef meint brot teljast sönnuð. Hins vegar verða sektir sem hugsanlega verða lagðar á Olíufélagið hf. lækkaðar ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: “*

Síðan er sagt í bréfinu að OHF geti vænst 30–50% lækkunar á hugsanlegri sekt ef tiltekin skilyrði verði uppfyllt, sbr. nánar kafli X. Í lok bréfsins er tekið fram að þess sé vænst að lögmaður OHF hafi samband við Samkeppnisstofnun í því skyni að skipuleggja upplýsingagjöf fyrirtækisins. Með vísan til þessa samstarfs við Samkeppnisstofnun dró OHF til baka beiðni um úrlausn dómara á lögmati

haldlagningar á gögnum sem Samkeppnisstofnun framkvæmdi þann 18. desember 2001. Olís og Skeljungur héldu hins vegar málinu áfram.

Í apríl, maí, ágúst, september, nóvember og desember 2002 og apríl 2003 átti Samkeppnisstofnun nítján fundi með ýmsum núverandi og fyrrverandi starfsmönnum OHF. Auk þess sat lögmaður OHF alla fundi félagsins með Samkeppnisstofnun. Fundirnir voru haldnir vegna umræddrar óskar OHF um samvinnu við að upplýsa málið. Að beiðni OHF veittu starfsmennirnir á fundunum ýmsar upplýsingar um samstarf félagsins við Skeljung og Olís. Samkeppnisstofnun ritaði fundargerð og staðfestu fulltrúar OHF upplýsingar sem þeir höfðu veitt með því að kynna sér og undirrita fundargerðir Samkeppnisstofnunar.

Þann 5. mars 2002 sendi Olís bréf til Samkeppnisstofnunar. Í bréfinu er vísað til þess að OHF hefði boðið fram aðstoð sína við að upplýsa málið og lýsti Olís yfir vilja til samstarfs um að upplýsa málið. Í kjölfar bréfsins var haldinn fundur þann 14. mars 2002 með Olís. Á þeim fundi var rætt um samstarf OHF við Samkeppnisstofnun. Var Olís afhent afrit af bréfi Samkeppnisstofnunar til OHF þar sem tilgreind voru þau skilyrði sem samkeppnisyfirvöld settu fyrir slíku samstarfi og tekið fram að Olís stæði þessi leið til boða. Gæti Olís fengið 20–30% lækkun á hugsanlegri sekt ef skilyrðin yrðu uppfyllt. Á fundi 9. ágúst 2002 tóku fyrirsvarsmenn Olís fram að nefndu bréfi hafi verið ætlað að sækja um sams konar málsmeðferð og umbun og OHF sótti um, sbr. nánar síðar. Vegna þessarar óskar Olís átti Samkeppnisstofnun í ágúst, október, nóvember og desember 2002 sex fundi með ýmsum núverandi og fyrrverandi starfsmönnum Olís. Auk þessa sat lögmaður Olís alla fundi félagsins með Samkeppnisstofnun. Á sama hátt og á fundunum með OHF veittu fulltrúar Olís upplýsingar um samstarf olíufélaganna og undirrituðu fundargerðir Samkeppnisstofnunar til staðfestingar því að þar væri rétt eftir þeim haft.

Þann 9. apríl 2002 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp úrskurð í máli Olís og Skeljungs gegn Samkeppnisstofnun og hafnaði rétturinn kröfum félaganna um eyðingu tölvugagna. Málinu var skotið til Hæstréttar sem með dómi sínum frá 3. maí 2002 staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur. Í kjölfar þessa dóms hóf Samkeppnisstofnun athugun á tölvugögnum.

Í lok maí 2002 sendi Samkeppnisstofnun olíufélagunum bréf og óskaði eftir ýmsum upplýsingum og gögnum. Var olíufélagunum veittur frestur til 31. júlí 2002 til að veita umbeðnar upplýsingar. Olís og Skeljungur óskuðu eftir frekari fresti til að svara bréfinu og bárust umbeðnar upplýsingar frá félögunum í ágúst, september og október 2002.

Þann 25. október 2002 átti Samkeppnisstofnun fund með Skeljungum. Á fundinum var rætt um hugsanlega aðstoð Skeljungs við að upplýsa málið. Í kjölfar fundarins sendi

Samkeppnisstofnun bréf til lögmannna Skeljungs og vakti athygli á ákvæðum reglna samkeppnisráðs nr. 397/2002 um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja. Svar barst með bréfi frá 5. nóvember 2002 og kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Umbj. okkar hefur í fyrri bréfaskriftum við Samkeppnisstofnun ítrekað lýst yfir fullum vilja til að veita stofnuninni upplýsingar um þau tilvik sem rannsókn hennar beinist að. Telji stofnunin að umbj. okkar kunni við þá upplýsingagjöf að falla undir ákvæði II. kafla áðurnefndra reglna óskar hann eftir því að upplýsingagjöf fyrirtækisins verði metin með hliðsjón af þeim reglum. Rétt er að fram komi að í beiðni þessari felst ekki viðurkenning á því að umbj. okkar hafi gerst sekur um brot sem leitt geta til sektarákvörðunar samkeppnisráðs.“*

Haldnir voru fimm fundir með Skeljungi í október og nóvember 2002 og var fyrirkomulag og fundarritun á þeim með sama hætti og á fundunum með OHF og Olís.

Þann 8. janúar 2003 sendi Samkeppnisstofnun olúfélögunum bréf. Með bréfunum fylgdi fyrri frumathugun stofnunarinnar í málinu (frumathugun I), ásamt lista yfir gögn málsins. Í henni er fjallað um samráð olúfélaganna um gerð tilboða, samráð við sölu eldsneytis á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli og um samráð við sölu á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum. Í bréfunum til olúfélaganna segir að Samkeppnisstofnun telji á því stigi allt benda til þess að olúfélögin þrjú hafi a.m.k. frá gildistöku samkeppnislaga haft með sér heildarsamkomulag í skilningi samkeppnisréttarins. Tekið er fram að málið væri mjög umfangsmikið og flókið og að rannsókn þess væri lengst komin varðandi framangreind atriði. Því hafi stofnunin talið rétt að veita olúfélögunum þá þegar færi á því að koma að skriflegum athugasemdum vegna þessara atvika. Að mati Samkeppnisstofnunar væri þá unnt að fjalla sjálfstætt um þessi atvik málsins. Telur stofnunin í bréfinu að miðað við umfang og eðli málsins myndi þetta verklag horfa til einföldunar og stuðla að skjótari málsmeðferð, sbr. 9. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Sagt er að olúfélögunum yrði síðar send frumathugun málsins í heild sinni og gætu félögin, auk þess að tjá sig um málið í heild sinni, komið að frekari sjónarmiðum varðandi framangreind atvik, ef þau teldu þörf á því. Í seinni frumathuguninni yrði m.a. gerð grein fyrir öðrum meintum brotum olúfélaganna og hugsanlegum viðurlögum vegna málsins í heild sinni. Var olúfélögunum veittur frestur til 20. febrúar 2003 til að gera athugasemdir við frumathugun I eða leggja fram ný gögn.

Eftir að olúfélögin höfðu kynnt sér efni frumathugunar I óskuðu þau eftir viðræðum við Samkeppnisstofnun í því skyni að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt. Heimild til að ljúka málum með þeim hætti er að finna í 18. gr. reglna nr. 922/2001

um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Haldnir voru þrjár fundir með lögmönnum olíufélaganna þar sem rætt var um mögulega sátt. Viðræðunum lauk um miðjan mars 2003 og skiluðu þær ekki árangri vegna mismunandi sjónarmiða um hvað teldust vera hæfileg viðurlög í málinu.

Þann 17. og 20. febrúar 2003 sendu olíufélögin Samkeppnisstofnun bréf og óskuðu eftir lengri fresti til að koma að athugasemdum við frumathugun I. Samkeppnisstofnun varð við þessu og veitti frest til 25. apríl 2003. Þann dag bárust athugasemdir frá OHF. Í bréfi Skeljungs, dags. 25. apríl 2003, er hins vegar vísað til þess að félagið hefði áður óskað eftir því að frumathugun Samkeppnisstofnunar yrði ekki birt í áföngum heldur í einu lagi. Það væri mat félagsins að athugasemdum við einstaka þætti málsins yrði ekki komið á framfæri með fullnægjandi hætti án tilvísunar til annarra þátta sem eftir atvikum kynnu að falla utan þess hluta frumathugunar sem til umfjöllunar væri hverju sinni. Í ljósi þessa tilkynnti Skeljungur að félagið myndi ekki skila athugasemdum á þessu stigi málsins við frumathugun I. Athugasemdum og eftir atvikum nýjum gögnum yrði hins vegar skilað þegar félagið hefði fengið eðlilegan frest til að kynna sér frumathugun stofnunarinnar í heild sinni. Olís tilkynnti með vísan til samskonar sjónarmiða að félagið myndi ekki á þessu stigi gera athugasemdir við frumathugun I.

Í lok maí 2003 sendi Samkeppnisstofnun olíufélagunum bréf og óskaði eftir tilteknum gögnum. Jafnframt er í bréfunum vísað til óskar félaganna um samstarf við að upplýsa málið í því skyni að lækka mögulegar sektir félaganna. Var félögunum boðið að koma á framfæri frekari gögnum um samráð olíufélaganna sem Samkeppnisstofnun væri ókunnugt um. Engar slíkar upplýsingar bárust frá olíufélagunum. Í bréfi Samkeppnisstofnunar til Skeljungs er einnig tilkynnt að gögn málsins gæfu til kynna að Orkan hefði verið þátttakandi í meintu ólögmetu samráði um verðlagningu bifreiðaeldsneytis og fjallað yrði um þetta í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar. Vísað var til þess að Skeljungur og Orkan teldust til fyrirtækjasamstæðu í skilningi samkeppnislaga. Yrði ekki gerð við það athugasemd af hálfu Skeljungs liti Samkeppnisstofnun svo á að fyrirtækið færi með fyrirsvar fyrir Orkuna í málinu. Samkeppnisstofnun sendi einnig bréf til Orkunnar og greindi frá þessu. Hvorki Skeljungur né Orkan gerðu athugasemd við þetta.

Með bréfi dags, 27. ágúst 2003, krafðist Skeljungur þess að forstjóri Samkeppnisstofnunar viki sæti við áframhaldandi rannsókn á máli olíufélaganna. Taldi félagið að forstjórinn hefði með tilteknum ummælum í fjölmiðlum gert sig vanhæfan í málinu. Í tilefni þessa óskaði Samkeppnisstofnun eftir áliti Páls Hreinssonar lagaprófessors á því hvort forstjóri stofnunarinnar hefði gert sig vanhæfan með ummælunum. Í álitsgerð sinni, dags. 18. september 2003, kemst Páll Hreinsson að þeirri niðurstöðu að forstjóri Samkeppnisstofnunar hefði ekki gert sig vanhæfan með ummælunum. Þann 25. september 2003 sendi Samkeppnisstofnun þessa

álitsgerð til Skeljungs. Í bréfinu sem fylgdi álitsgerðinni lýsir forstjóri Samkeppnisstofnunar sig sammála niðurstöðu Páls Hreinssonar og þeim forsendum sem hann hafi lagt til grundvallar henni. Gerði hann Skeljungu grein fyrir því að hann teldi að hann hefði ekki gert sig vanhæfan. Sagt er í bréfinu að ef Skeljungur sætti sig ekki við þessa niðurstöðu væri eðlilegt að félagið bæri mál þetta undir samkeppnisráð, sbr. 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga og 4. mgr. 5. gr. stjórnsýslulaga. Það hefur Skeljungur ekki gert.

Í október 2003 var Skeljungu boðið að mæta á fund Samkeppnisstofnunar og veita upplýsingar um samstarf olíufélaganna í m.a. verðlagsmálum, sbr. bréf Samkeppnisstofnunar til Skeljungs frá 23. október 2003. Var þetta gert með vísun til óskar félagsins um að upplýsingagjöf þess yrði metin með hliðsjón af reglum samkeppnisráðs nr. 397/2002. OHF og Olís höfðu áður veitt upplýsingar um samstarf félaganna í verðlagsmálum. Með bréfi, dags. 24. október 2003, greindi Skeljungur frá því að opinber rannsókn væri hafin á sömu málsatvikum og rannsókn Samkeppnisstofnunar næði til. Grundvöllur lögreglurannsóknarinnar væru m.a. þær skýrslur starfsmanna félagsins sem fram kæmu í fundargerðum Samkeppnisstofnunar. Í bréfinu kemur fram að þessi aðferð við hina opinberu rannsókn sé í andstöðu við grundvallaregluna um réttláta málsmeðferð. Hjá Samkeppnisstofnun hafi viðkomandi einstaklingar gefið skýrslur skv. beiðni stofnunarinnar og samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga sé refsivert að gefa stofnuninni rangar skýrslur. Hjá lögreglu hafi sömu menn réttarstöðu sakbornings. Þetta tvennt geti ekki farið saman. Segir í bréfinu að í ljósi þessa muni Skeljungur ekki leita eftir því við viðkomandi einstaklinga að þeir tjái sig frekar um málsatvik hjá Samkeppnisstofnun.

Með bréfum, dags. 5. desember 2003, var Skeljungu<sup>2</sup>, OHF og Olís send seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar (frumathugun II) til andmæla, ásamt lista yfir gögn málsins. Var félögunum veittur frestur til 15. febrúar 2004 til að skila skriflegum athugasemdum og leggja fram ný gögn. Einnig var upplýst að olíufélögunum myndi gefast kostur á því að tjá sig munnlega fyrir samkeppnisráði.

Eftir að olíufélögin höfðu fengið frumathugun II í hendur óskuðu þau á ný eftir því að kannaðir yrðu möguleikar á því að ljúka málinu með sátt. Haldnir voru fundir með lögmönnum olíufélaganna en viðræðurnar skiluðu ekki árangri vegna mismunandi sjónarmiða um hvað teldust vera hæfileg viðurlög í málinu.

Í janúar 2004 óskuðu olíufélögin öll eftir því að frestur til að skila andmælum yrði framlengdur til loka maí 2004. Með bréfum, dags. 28. og 29. janúar 2004, veitti Samkeppnisstofnun félögunum frest til 3. maí 2004 og bárust andmæli þeirra í byrjun þess mánaðar.

---

<sup>2</sup> Skeljungu var send frumathugunin einnig f.h. Orkunnar.

Þann 27. ágúst 2004 var olíufélögunum með bréfi sendur listi yfir gögn sem bæst höfðu við málið frá því að seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar hafði verið send aðilum, ásamt afriti af gögnum sem koma fram á listanum.

Olíufélögunum var gefinn kostur á því að reifa mál þetta munnlega fyrir samkeppnisráði og komu lögmennt félagsins fyrir samkeppnisráð þann 18. október 2004.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 28. október 2004, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karítas Pálsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Sigurbjörn Þorbergsson.

## 2.1. Krafa um að málið verði fellt niður vegna lögreglurannsóknar o.fl.

### 2.1.1. Sjónarmið Olís og Skeljungs

Í athugasemdum Olís segir m.a. að málalíbúnaður Samkeppnisstofnunar á hendur olíufélögunum sé dæmi um það hvernig starfsmenn hjá eftirlitsstofnun hins opinbera geti farið afvega og virtar séu að vettugi allar meginreglur lögfræðinnar um rannsóknir opinberra aðila. Fullyrt er að sökum umfangs málsins geti samkeppnisráð aldrei kynnt sér málið svo í hörgul, að það geti gegnt skyldu sinni og kveðið upp úrskurð.

Sagt er að Olís hafi frá upphafi unnið með Samkeppnisstofnun að rannsókn málsins. Þann 6. ágúst 2002 hafi stofnunin óskað eftir því að tilteknir fyrirsvarsmenn félagsins kæmu til fundar með Samkeppnisstofnun til upplýsingagjafar. Í framhaldi af þessu hafi fyrirsvarsmenn Olís mætt til skýrslugjafar hjá Samkeppnisstofnun á tímabilinu ágúst-desember 2002. Í athugasemdum Olís er þetta fullyrt: „*Áður hafði farið fram umræða um að réttarstaða skýrslugjafa væri óviðunandi. Í þeim umræðum var gefin sú yfirlýsing af hálfu Samkeppnisstofnunar, að ef menn féllust á að gefa skýrslu fyrir Samkeppnisstofnun myndi stofnunin ekki beina rannsókninni í farveg opinberra mála.*“ Jafnframt er sagt að á fundum hefði Samkeppnisstofnun aldrei minnst á það að ætlunin væri að nota upplýsingar frá Olís sem grundvöll kæru til lögreglu. Olís bendir einnig á að skv. 39. gr. samkeppnislaga sé fyrirtækjum skylt að veita samkeppnisyfirvöldum upplýsingar. Þeirri skyldu sé fylgt eftir í 2. mgr. 57. gr. laganna þar sem fram komi að sá sem gefi Samkeppnisstofnun rangar upplýsingar skuli sæta refsingu.

Í athugasemdum Olís er einnig vísað til þess að í fjölmiðlum hafi birst fréttir af því að Samkeppnisstofnun hefði leitað eftir fundi með Ríkislögreglustjóra til að kynna þá niðurstöðu stofnunarinnar að hugsanlegt væri að einstaklingar sem störfuðu hjá olíufélögunum hefðu gerst sekir um refsiverð brot. Eftir mikla fjölmiðlaumfjöllun og



augljósan skoðanaágreining samkeppnisyfirvalda annars vegar og ríkissaksóknara og Ríkislögreglustjóra hins vegar um það hvernig staðið skyldi að rannsókn ætlaðra brota á samkeppnislögum og verkaskiptingu milli lögreglunnar og samkeppnisyfirvalda muni niðurstaðan hafi orðið sú að Samkeppnisstofnun afhenti lögreglu frumathugun sína, ásamt þeim gögnum sem hún byggði á, þ.m.t. fundargerðirnar sem skráðar hafi verið á fundum Samkeppnisstofnunar og Olís. Ríkislögreglustjóri hafi síðan með bréfum frá 30. september og 27. október 2003 tilkynnt að hafin væri opinber rannsókn á ætluðum brotum Olís og starfsmanna félagsins á ákvæðum samkeppnislaga. Rannsóknin næði til tímabilsins 1. janúar 1993 til 31. desember 2001. Olís greinir frá því að fjölmargir núverandi og fyrrverandi starfsmenn Olís hafi verið kallaðir til yfirheyrslna hjá Ríkislögreglustjóra, m.a. fjórir þeirra fimm starfsmanna félagsins sem gefið höfðu skýrslur hjá Samkeppnisstofnun. Þeim hafi verið kynnt að þeir hefðu réttarstöðu sakborninga við þá rannsókn.

Í athugasemdum Olís segir síðan að það séu augljós sannindi að félög brjóti ekki af sér með eigin athöfnun heldur sé ábyrgð þeirra fölginn í því að geta borið ábyrgð á athöfnum þeirra sem fyrir þau starfa. Af þessu leiði að Olís geti ekki lagt fram andmæli eða sett fram athugasemdir við frumathugun Samkeppnisstofnunar, án þess að slíkt byggist á upplýsingum frá þeim einstaklingum sem hlut eiga að máli. Hin ætluðu samkeppnislagabrot séu mannanna verk og engin andmæli við atvikalýsingu séu raunhæf án aðgangs að upplýsingum frá þeim einstaklingum sem eru taldir gerendur í málinu. Olís telji sig ekki geta krafist þá einstaklinga sem nú sæti lögreglurannsókn sem sakborningar um upplýsingar til þess að byggja andmæli á. Það blasi við að upplýsingagjöf frá þessum einstaklingum til Samkeppnisstofnunar í formi andmæla gegn atvikalýsingu geti ekki samrýmst grundvallarréttindum sakbornings til þess að þurfa ekki að svara spurningum um sakarefnið. Jafnaugljóst sé að án upplýsinga frá ætluðum gerendum geti Olís ekki neytt andmælaréttar síns. Olís vísar einnig til dóms mannréttindadómstóls Evrópu í máli Saunders gegn Bretlandi. Segir Olís að dregin verði sú ályktun af þeim dómi að upplýsingaöflun stjórnvalds frá einstaklingi sem sætir lögreglurannsókn, eftir að slík rannsókn sé hafin, sé andstæð réttindum viðkomandi einstaklings, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Sé þá miðað við að upplýsingaöflunin snúist um sömu atvik og lögreglan rannsaki og að ábyrgð liggi við því að gefa rangar upplýsingar, sbr. 57. gr. samkeppnislaga.

Olís heldur því einnig fram að það standist ekki ákvæði 4. gr. 7. samningsviðauka við MSE að á sama tíma standi annars vegar yfir lögreglurannsókn á ætluðum samkeppnislagabrotum félagsins og forsvarsmanna þess og hins vegar stjórnvaldsrannsókn á hendur félaginu vegna sömu atvika. Í báðum tilvikum sé markmið rannsókna að koma fram refsingum eða refsikenndum viðurlögum sem að fullu verði jafnað til refsinga á hendur þolendum rannsókna. Samhliða rannsókn tveggja opinberra rannsóknaraðila á sama málinu feli í sér hættu á tvöfaldri

saksókn eða tvöfaldri refsingu auk þess sem upp komi augljós vandamál við að reyna að afmarka hlutverk hvors rannsóknaraðila um sig.

Í ljósi framangreinds telur Olís ljóst að veruleg takmörkun sé á því að félagið geti í raun notið lögbundins andmælaréttar síns á stjórnáslustigi. Málið verði því að óbreyttu lagt fyrir samkeppnisráð án þess að fullnægjandi rannsókn hafi átt sér stað. Það leiði svo aftur til þess að ómögulegt verði að fullnægja kröfum um réttláta málsmeðferð fyrir samkeppnisyfirvöldum. Að mati Olís blasi við að samkeppnisyfirvöldum beri af framangreindum ástæðum að fella rannsókn sína niður eða a.m.k. fresta henni þar til niðurstöður lögreglurannsóknar liggi fyrir.

Í athugasemdum Skeljungs eru sett fram mjög áþekkt sjónarmið. Skeljungur vísar einnig í þessu sambandi til bréfsins sem félagið sendi Samkeppnisstofnun 24. október 2003, sbr. umfjöllun hér að framan. Í athugasemdum Skeljungs er því hins vegar ekki haldið fram að Samkeppnisstofnun hafi heitið starfsmönnum Skeljungs því að gæfu þeir skýrslu hjá Samkeppnisstofnun yrði málinu ekki beint til lögreglu. Í athugasemdum OHF er þess ekki krafist að rannsókn málsins verði felld niður á framangreindum grunni.

Í athugasemdum Olís er nánar fjallað um fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna funda með fulltrúum félagsins. Vísað er til 14. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þar sem tekið sé fram að sakborningi verði ekki þröngvað til að bera vitni gegn sjálfum sér eða játa sök. Jafnframt hafi fyrirmæli 1. mgr. 6. gr. MSE verið skýrð svo að þau feli í sér bann við því að hverjum, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, sé gert skylt að svara spurningum um þá háttsemi, þ. á m. að játa á sig sök. Reifar Olís í því sambandi dóm mannréttindadómstóls Evrópu í framangreindu Saunders máli. Telur Olís að fyrirtæki njóti þessa réttar samkvæmt 6. gr. MSE. Einnig er vísað til ákvæða 32. gr. laga um meðferð opinberra mála þar sem kveðið sé á um að sakborningi sé óskilyrt á öllum stigum opinbers máls að svara spurningum um refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Olís bendir einnig á að samkvæmt EES/EB-samkeppnisrétti sé litið svo á að ekki sé hægt að neyða fyrirtæki til að gefa framkvæmdastjórn EB svör sem hefðu í för með sér játningu á brotum. Fyrirtæki þurfi aðeins að svara spurningum sem varða staðreyndir málsins. Vísar Olís í því samhengi til dóms dómstóls EB í Hoechst málinu og dóms undirréttar EB í Mannesmannröhren-Werke málinu.

Olís fullyrðir að skýrslutökur hjá Samkeppnisstofnun hafi farið fram samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga og áréttar félagið að rangar skýrslur hjá Samkeppnisstofnun varði refsingu samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga. Síðan segir í athugasemdum Olís:

*„Við skýrslutökurnar var fulltrúum Oluverslunar Íslands ekki gefinn kostur á að njóta réttarstöðu skv. ofangreindum grundvallarreglum þrátt fyrir að*

*Það hafi legið fyrir að þeir gætu verið að fella sök á félagið og sjálfa sig með framburði sínum. Gáfu þeir skýrslu sína að viðlagðri refsíabyrgð.*

*Fulltrúum umbjóðanda okkar var jafnframt heitið því að ef þeir gæfu skýrslu hjá Samkeppnisstofnun myndi stofnunin ekki beina rannsókninni í farveg opinberra mála. Ekki var staðið við þetta loforð.*

*Fulltrúar Óliuverslunar Íslands gáfu ekki einungis skýrslur með ranga réttarstöðu eins og áður var nefnt heldur gáfu þeir einnig skýrslur undir því yfirskyni Samkeppnisstofnunar að ákveðin ívilnun fylgdi slíkum framburði.“*

Olís kveður það liggja fyrir að starfsmenn félagsins hafi verið kallaðir fyrir Samkeppnisstofnun sem fulltrúar Olís og hafi gefið upplýsingar fyrir hönd þess. Í athugasemdum sínum bendir Olís einnig á að mannréttindadómstóll Evrópu hafi litið það alvarlegum augum þegar framburður og önnur sönnunargögn verði til fyrir tilstuðlan opinbers valds svo sem með tálbeitem eða fölskum loforðum.

Olís segir ljóst að skýrslugjöf fulltrúa félagsins, að viðlagðri refsíabyrgð, sem kunnir að fella sök á fulltrúana sjálfa og félagið gangi þvert gegn rétti viðkomandi fulltrúa og félagsins samkvæmt 6. gr. MSE, ásamt öðrum grundvallarreglum á sviði mannréttinda. Af þessu leiði að óheimilt sé með öllu að byggja á þeim fundargerðum Samkeppnisstofnunar sem aflað hafi verið með ólögætum hætti enda komi skýrt fram í dómafordæmum mannréttindadómstóls Evrópu að brot opinberra aðila á MSE leiði til þess að refsíákvörðun þeirra sé ólögæt. Í ljósi þessa krefst Olís þess að fundargerðirnar verði ekki lagðar fram og engin sönnun á þeim byggð í málinu. Jafnframt verði öllum tilvísunum til þeirra eytt.

#### 2.1.2. Mat samkeppnisráðs

Eins og framangreind umfjöllun ber með sér styðjast kröfur Olís og Skeljungs um að málið verði fellt niður eða því frestað í aðalatriðum við bann MSE við tvöfaldri saksókn og refsingu og ákvæði 6. gr. sáttmálans um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Krafa Olís um að fundargerðir Samkeppnisstofnunar verði felldar á brott styðst í aðalatriðum við 6. gr. MSE. Sökum þeirrar áherslu sem lögð er á MSE af Olís og Skeljungum er að mati samkeppnisráðs rétt að gera nokkra grein fyrir viðkomandi ákvæðum sáttmálans.

Mun samkeppnisráð fyrst fjalla um möguleg áhrif banns MSE við tvöfaldri saksókn og refsingu. Í því sambandi verður gerð grein fyrir hlutverki og skyldum samkeppnisyfirlvalda í málum sem varða meint samráð fyrirtækja. Jafnframt verður fjallað um ákvæði 4. gr. samningsviðauka 7 við MSE og höfð hliðsjón af lagaframkvæmd í EB/EES-samkeppnisrétti.

Í eftirfarandi umfjöllun verður næst vikið að fullyrðingum Olís og Skeljungs þess efnis að félögin geti ekki neytt lögbundins andmælaréttar og fjallað um möguleg áhrif 6. gr. MSE í málinu. Nánar tiltekið verður fjallað um eftirfarandi atriði í þessum kafla:

- Heimild 39. gr. samkeppnislaga til gagnaöflunar og beitingu ákvæðisins í málinu.
- Ósk Olís og Skeljungs um að veita upplýsingar í því skyni að fá mögulegar stjórnvaldssektir lækkaðar.
- Möguleg áhrif opinberrar rannsóknar á notkun fundargerða Samkeppnisstofnunar.
- Möguleg áhrif opinberrar rannsóknar á andmælarétt Olís og Skeljungs.
- Þagnarrétt samkvæmt 6. gr. MSE og möguleg áhrif hans í málinu.
- Þagnarrétt í EB/EES-samkeppnisrétti.

#### 2.1.2.1. Um bann MSE við tvöfaldri saksókn og refsingu

Að mati samkeppnisráðs er eins og áður sagði rétt að fjalla hér fyrst um þá málsástæðu Olís og Skeljungs að samhliða rannsókn samkeppnisyfirvalda og lögreglu fari gegn ákvæðum 7. samningsviðauka við MSE. Varðandi það atriði ber í upphafi að horfa til þess að samkvæmt 5. gr. samkeppnislaga er það hlutverk samkeppnisráðs að framfylgja bannákvæðum laganna og ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja. Fram kemur í 8. gr. laganna að Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og annast dagleg störf ráðsins, sbr. einnig reglur nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Í X. kafla samkeppnislaga er Samkeppnisstofnun veitt heimild til að afla gagna og upplýsinga frá fyrirtækjum. Úrræði samkeppnisyfirvalda til að stuðla að virkri samkeppni felast m.a. í því að beina fyrirmælum til málsaðila á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga og beita stjórnvaldssektum samkvæmt 52. gr. laganna. Þessum heimildum verður aðeins beitt í málum þar sem samkeppnisráð hefur staðreynt að viðkomandi fyrirtæki hafi brotið gegn t.d. 10. gr. samkeppnislaga. Engin ákvæði er að finna í lögum sem skylda samkeppnisyfirvöld að hætta rannsókn á meintu samráði við það að lögregla hefji opinbera rannsókn á sömu brotum. Í lögum er heldur ekki mælt fyrir um kær- eða tilkynningarskyldu samkeppnisyfirvalda til lögreglu eða ríkissaksóknara vegna hugsanlegra brota á ákvæðum samkeppnislaga.

Samkvæmt þessu er það lögmælt hlutverk og skylda samkeppnisyfirvalda að rannsaka og taka stjórnvaldsákvarðanir í málum sem varða samráð fyrirtækja. Það að lögregla kjósi að hefja opinbera rannsókn á sömu meintu brotum á samkeppnislögum hefur engin bein áhrif að lögum á þessa skyldu samkeppnisyfirvalda. Ef opinber rannsókn ætti að hafa einhver slík áhrif hefði þurft að taka það skýrt fram í lögum.

Að þessu virtu ber næst að líta til þess hvort ákvæði MSE hafi einhver áhrif á þetta lögmælda hlutverk samkeppnisyfirvalda þegar þau og lögregla rannsaka sömu meint brot á samkeppnislögum. Hér ber fyrst að taka fram varðandi tilvísun olíufélaganna til

MSE að í málinu verður almennt að hafa í huga að samkvæmt 2. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu eru úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu og mannréttindadómstóls Evrópu ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Í greinargerð með frumvarpi til laganna er tekið fram að úrlausnir þessara stofnanna geti ekki haggð gildi íslenskra laga eða dómsúrlausna. Þessar stofnanir geti aðeins kveðið á um hvort Ísland hafi uppfyllt þjóðarréttarskuldbindingar sínar. Hins vegar hafa þessar úrlausnir vitaskuld þýðingu hér á landi varðandi túlkun á ákvæðum MSE.

Í 4. gr. samningsviðauka nr. 7 við MSE er mælt fyrir um rétt til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis (oft nefnt *ne bis in idem* (eða *non bis in idem*) reglan). Það er mat samkeppnisráðs að ekki sé fullkomlega ljóst á þessu stigi réttarþróunar MSE hvort eða að hvaða leyti þetta ákvæði MSE tekur til mála þar sem samkeppnisyfirvöld aðildarríkja sáttmálans leggja á sektir á fyrsta stjórnisýslustigi. Samkeppnisráð gerir sér hins vegar grein fyrir því að rök geta staðið til þess að 4. gr. 7. samningsviðauka MSE gildi að meira eða minna leyti í málum þegar stjórnvöld beita stjórnvaldssektum. Að mati ráðsins er hins vegar ekki nauðsynlegt að skera úr um þetta í máli þessu. Ástæða þess er sú að ráðið telur engan vafa leika á því að mál þetta uppfylli að öllu leyti þær kröfur MSE sem olíufélögin vísa til. Er því ekki um það að ræða að taka þurfi afstöðu til þess í málinu hvort hugsanlegar ríkari kröfur MSE gildi að þessu leyti um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Skal þetta rökstutt nánar.

Í 1. mgr. 4. gr. samningsviðauka nr. 7 við MSE segir nánar þetta:

*„Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.“*

Í skýringagagni með þessu ákvæði segir að um sýknu eða sakfellingu með lokadómi í skilningi ákvæðisins sé að ræða þegar engin frekari almenn úrræði eru tæk, eða þegar aðilar hafa neytt slíkra úrræða eða frestur til að neyta þeirra hafi liðið.<sup>3</sup> Í dómi mannréttindadómstóls Evrópu í Franz Fischer málinu kemur fram að tilgangur þessa ákvæðis sé að banna að refsímál sem endanleg niðurstaða hefur fengist í sæti meðferð aftur.<sup>4</sup>

Hér má einnig hafa hliðsjón af dómaframkvæmd dómstóls EB. Í PVC II málinu fyrir dómstóli EB lá fyrir að framkvæmdastjórn EB hafði sektað tiltekin fyrirtæki vegna

<sup>3</sup> Kemur fram í „Explanatory Memorandum to Protocol 7“: „A conviction or acquittal becomes final when no ordinary remedies are available or when the parties have exhausted such remedies or have permitted the time-limit to expire without availing themselves of these.“ Sjá Jacobs & White, *European Convention on Human Rights*, bls. 196.

<sup>4</sup> Dómur frá 29.5.2001 *Franz Fischer v. Austria*. Í dómnum kemur þetta fram: „The Court recalls that the aim of Article 4 of Protocol No. 7 is to prohibit the repetition of criminal proceedings that have been concluded by a final decision.“

samráðs og að sú ákvörðun hafði verið felld úr gildi af dómstóli EB vegna formgalla.<sup>5</sup> Framkvæmdastjórnin tók nýja ákvörðun og lagði aftur sekt á sömu fyrirtæki vegna sömu brota. Fyrir dómstóli EB héldu fyrirtækin því fram að framkvæmdastjórn EB hefði með ólögmatum hætti refsað þeim tvívegis fyrir sama brotið og vísuðu því til stuðnings til 1. mgr. 4. gr. samningsviðauka nr. 7 við MSE. Dómstóllinn féllst ekki á þetta. Í forsendum hans kemur fram að *non bis in idem* reglan sé grunnregla í EB-rétti og reglan komi einnig fram í nefndu ákvæði MSE. Sagði dómstóllinn að í samkeppnismálum komi reglan í veg fyrir að fyrirtæki sé sakfelld eða mál höfðað aftur gegn því á grundvelli samkeppnishamlandi aðgerða sem hafi varðað fyrirtækið viðurlögum eða það hafi verið sýknað af slíkum ásökunum í endanlegum úrskurði.<sup>6</sup> Þar með geri beiting reglunnar ráð fyrir því að niðurstaða liggi fyrir um hvort brot hafi verið framið eða að lögmati þess mats hafi verið prófað.<sup>7</sup> Taldi dómstóllinn í ljósi þessa að *non bis in idem* reglan banni einungis nýtt mat á meintu broti sem geti annað hvort leitt aftur til viðurlaga, til viðbótar þeim sem áður höfðu verið lögð á, í því tilviki þar sem viðkomandi er sakfelldur á ný, eða til viðurlaga í fyrsta sinn í því tilviki sem viðkomandi er sakfelldur í fyrsta sinn í seinna málinu.<sup>8</sup> Leit dómstóllinn svo á að ógilding fyrri ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar vegna formsatriða væri ekki sýkna í þessum skilningi og því hefði framkvæmdastjórnin ekki brotið gegn *non bis in idem* reglunni.

Í ljósi þessa alls má segja að 1. mgr. 4. gr. samningsviðauka nr. 7 við MSE banni í aðalatriðum eftirfarandi:

- nýja saksókn vegna sama brots eftir að viðkomandi hefur verið sýknaður
- nýja saksókn vegna sama brots eftir að viðkomandi hefur verið sakfelldur
- að viðkomandi sé refsað oftari en einu sinni vegna sama brots.

Af framangreindri umfjöllun leiðir skýrlega að bann þessa ákvæðis MSE við tvöfaldri saksókn verður einungis virkt þegar fyrir liggur endanleg niðurstaða í máli. Þetta felur óhjákvæmilega í sér að samhliða rannsókn tveggja yfirvalda fer ekki gegn þessu ákvæði MSE ef sakborningurinn hefur ekki verið sakfelldur eða sýknaður í lokadómi í öðru hvoru málinu.

<sup>5</sup> Dómur dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. 238/99P *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [2003] 4 CMLR 10.

<sup>6</sup> Sjá mgr. 59 í dómnum: „*In that regard, it should be observed that, ..., the principle of non bis in idem, which is a fundamental principle of Community law also enshrined in Article 4(1) of Protocol No 7 to the ECHR, precludes, in competition matters, an undertaking from being found guilty or proceedings from being brought against it a second time on the grounds of anti-competitive conduct in respect of which it has been penalised or declared not liable by a previous unappealable decision.*“

<sup>7</sup> Sjá mgr. 60 í dómnum: „*The application of that principle therefore presupposes that a ruling has been given on the question whether an offence has in fact been committed or that the legality of the assessment thereof has been reviewed.*“

<sup>8</sup> Sjá mgr. 61 í dómnum: „*Thus, the principle of non bis in idem merely prohibits a fresh assessment in depth of the alleged commission of an offence which would result in the imposition of either a second penalty, in addition to the first, in the event that liability is established a second time, or a first penalty in the event that liability not established by the first decision is established by the second.*“

Þessu til frekari stuðnings má horfa hér til norsks réttar. Þann 1. maí 2004 tóku gildi ný samkeppnislög í Noregi. Meðal nýmæla er að norsku samkeppnisstofnuninni er veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki vegna m.a. ólögmæts samráðs, en í eldri lögum var einungis að finna refsíákvæði. Nýju norsku löginn innihalda einnig refsíákvæði og taka þau bæði til fyrirtækja og einstaklinga. Forsaga þessarar löggjafar er sú að á árinu 2000 var skipuð þrettán manna nefnd til að endurskoða norsku samkeppnislögin. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu og frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í apríl 2003.<sup>9</sup> Samkvæmt hinum nýju norsku lögum getur ólögmætt samráð fyrirtækja varðað þannig bæði stjórnvaldssektum og refsingu. Í skýrslu nefndarinnar er rætt um samhliða málsmeðferð hjá annars vegar samkeppnisstofnuninni og ákærvaldinu hins vegar vegna rannsóknar á samráði fyrirtækja. Bent er á að ekkert mæli gegn því að sama málið sé á sama tíma í meðferð hjá ákærvaldinu og samkeppnisstofnuninni ef ekki liggja fyrir endanleg niðurstaða í öðru hvoru málinu. Er í því sambandi vísað til reglunnar um bann við tvöfaldri refsingu og saksókn.<sup>10</sup>

Í þessu sambandi er einnig gagnlegt að líta til bandaríks réttar. Í stjórnarskrá Bandaríkjanna er að finna reglu sem bannar tvöfalda saksókn og refsingu.<sup>11</sup> Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að sami aðili sæti á sama tíma og vegna sama brots bæði opinberri rannsókn og rannsókn stjórnvalds. Dæmi um þetta er alríkiseftirlit með fjármálamarkaðnum í Bandaríkjunum. Aðili sem grunaður er um brot á því sviði getur á sama tíma sætt rannsókn bæði bandaríska fjármálaeftirlitsins (SEC) og dómsmálaráðuneytisins, og eftir atvikum yfirvalda í viðkomandi ríki Bandaríkjanna.<sup>12</sup> Rannsókn bandaríska fjármálaeftirlitsins getur endað með stjórnvaldssektum og dómsmálaráðuneytið getur höfðað refsímál.

Rannsókn lögreglu á máli olíufélaganna er ekki lokið. Eðli málsins samkvæmt liggur því ekki fyrir lokadómur í hugsanlegu refsímáli gegn olíufélagunum. Því er með engu móti unnt að líta svo á að áframhaldandi málsmeðferð samkeppnisyfivalda fari gegn 1. mgr. 4. gr. samningsviðauka nr. 7 við MSE.

---

<sup>9</sup> NOU 2003:12 *Ny konkurranselov*.

<sup>10</sup> Sjá bls. 136 í skýrslunni: „*Det er imidlertid ingenting i veien for at en og samme sak forfølges både hos påtalemyndigheten og Konkurransetilsynet på samme tid. Påtalemyndigheten kan i prinsippet innlede strafferettslig forfølgning selv om saken behandles hos konkurransmyndighetene. Det er heller ingen rettslige hinder for at konkurransemyndighetene fortsetter å behandle en sak etter at den er sendt påtalemyndigheten. Skjærningspunktet for vernet mot dobbelstraf inntreer ved vedtatt forelegg eller, dersom forelegget ikke blir vedtatt, når det foreligger dom i saken.*“

<sup>11</sup> Reglan er nefnd „*no double jeopardy*“ og er að finna í fimmtu viðaukagrein (Fifth Amendment).

<sup>12</sup> Sjá hér Newkirk og Brandriss, *The Advantages of a Dual System: Parallel Streams of Civil and Criminal Enforcement of US Securities Laws*, International and Comparative Corporate Law Journal, Vol. 2 Issue 1 2000, bls. 50: „*Because of our dual system, it will often happen that a crook or fraudster will find himself being investigated and prosecuted by both the SEC and the Department of Justice at the same time, on two totally different tracks. ... Still a third track may be added if a local district attorney decides to bring action on state grounds.*“

#### 2.1.2.2. Um andmælarétt og ákvæði 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð fyrir dómi

Til stuðnings því að málið verði felld niður og að öllum tilvísunum til fundargerða verði eytt vísar Olís ítrekað til þess að starfsmenn félagsins hafi gefið skýrslur til Samkeppnisstofnunar á grundvelli falskra loforða um að málinu yrði ekki beint til lögreglumeðferðar. Olís fullyrðir einnig að skýrslugjöf fulltrúa fyrirtækisins hafi farið fram á grundvelli 39. gr. samkeppnislaga og að viðlagðri refsiaþbyrgð. Verður þessi málflytningur félagsins vart skilinn öðru vísi en byggt sé á því að félaginu hafi, auk þess að vera beitt blekkingum, verið skylt eða þáð þvingað til að veita þessar upplýsingar. Í athugasemdum Skeljungs er í umfjöllun um skýrslugjöf fulltrúa félagsins vísað til upplýsingaskyldu samkeppnislaga og refsiviðurlaga vegna rangra skýrslna sem gefnar eru Samkeppnisstofnun. Áður en fjallað verður um möguleg áhrif rannsóknar lögreglu og tilvísanir Olís og Skeljungs til 6. gr. MSE vegna þessa er að mati samkeppnisráðs nauðsynlegt að fjalla nánar um aðdragandann að upplýsingagjöf Olís og Skeljungs. Í ljósi tilvísunar Olís og Skeljungs til 39. gr. og 2. mgr. 57. gr. samkeppnislaga er þó rétt að gera fyrst grein fyrir þeim ákvæðum.

2.1.2.2.1. Ákvæði 39. gr. samkeppnislaga og upplýsingagjöf Olís og Skeljungs  
Samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga er Samkeppnisstofnun veitt heimild til þess að krefja fyrirtæki um upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála. Það er hefðbundið verklag hjá Samkeppnisstofnun að rita fyrirtækjum bréf og óska með vísan til 39. gr. samkeppnislaga eftir tilteknum upplýsingum. Í langflestum tilvikum veita fyrirtæki upplýsingar eftir að hafa fengið bréf af þessum toga. Ákvæði 39. gr. samkeppnislaga hefur verið skýrt á þann hátt að slík almenn fyrirsparnarbréf leggi ekki beina lagaskyldu á fyrirtæki til að veita upplýsingar og engin viðurlög liggja við því þó fyrirtæki fari ekki að þeim. Til að skylda fyrirtækja til að afhenda gögn og veita upplýsingar verði virk verður Samkeppnisstofnun að taka sérstaka stjórnvaldsákvörðun og krefja viðkomandi fyrirtæki um að veita upplýsingar eða afhenda gögn, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Ákvörðunum Samkeppnisstofnunar á grundvelli 39. gr. samkeppnislaga er unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2001 *Vaxta ehf. gegn Samkeppnisstofnun*. Brot fyrirtækis gegn ákvörðun um að veita upplýsingar varða ekki stjórnvaldssektum samkvæmt 51. og 52. gr. samkeppnislaga. Hins vegar getur samkeppnisráð tekið ákvörðun og lagt á grundvelli 53. gr. samkeppnislaga dagsektir á viðkomandi fyrirtæki í því skyni að knýja það til að fara að ákvörðun Samkeppnisstofnunar um að veita upplýsingar, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2001 *Ákvörðun um dagsektir vegna neitunar Vöxtu ehf. um afhendingu gagna og upplýsinga*.



Ákvæði 2. mgr. 57. gr. samkeppnislaga leggur enga skyldu á fyrirtæki til að veita upplýsingar. Ákvæðið gerir það hins vegar refsivert að veita m.a. Samkeppnisstofnun rangar skýrslur.

Ekki er um það að ræða í máli þessu að Samkeppnisstofnun hafi tekið ákvörðun á grundvelli 39. gr. samkeppnislaga og krafist þess að aðilar þessa máls veiti upplýsingar eða afhendi gögn.

Eins og gerð var grein fyrir hér að framan sendi Olís bréf til Samkeppnisstofnunar þann 5. mars 2002. Í bréfinu er vísað til fréttatilkynningar OHF um samvinnu við Samkeppnisstofnun um að upplýsa málið. Síðan segir:

*„Með bréfi þessu vill Oluverslun Íslands hf. fagna vilja stofnunarinnar til samvinnu í málinu. Jafnframt vill félagið lýsa yfir vilja til samstarfs um að upplýsa þau mál sem Samkeppnisstofnun telur þörf á, nú sem endranær. Óskað er eftir fundi til frekari viðræðna um málið.“*

Haldinn var fundur þann 14. mars 2002 með Olís. Á fundinum afhenti Samkeppnisstofnun Olís afrit af bréfi stofnunar til OHF þar sem fram koma skilyrði fyrir því að unnt sé að lækka stjórnvaldssektir vegna samvinnu við að upplýsa mál. Samkeppnisstofnun og Olís höfðu ekki sama skilning á því hver var niðurstaða fundarins. Samkeppnisstofnun taldi að Olís myndi hafa samband eftir fundinn ef félagið vildi samskonar samvinnu við stofnunina og OHF en Olís taldi að félagið hefði gert það á fundinum. Í ljósi þess að Samkeppnisstofnun taldi á þessum tíma að Olís væri ekki búð að óska eftir samskonar samvinnu og OHF sendi stofnunin félaginu bréf, dags. 6. ágúst 2002, og óskaði eftir því að tilteknir starfsmenn kæmu á fund til að veita upplýsingar um málið. Var í því sambandi vísað til heimildar 39. gr. samkeppnislaga.

Allri óvissu um vilja Olís til samvinnu var hins vegar eytt á fundi Samkeppnisstofnunar og Olís 9. ágúst 2002 en það var fyrsti fundurinn sem fulltrúar Olís veittu upplýsingar um atvik málsins. Í fundargerð Samkeppnisstofnunar, sem undirrituð er m.a. af forstjóra Olís og lögmanni félagsins, var lagður eftirfarandi grunnur að samvinnu Olís við Samkeppnisstofnun:

*„1. Rannsókn samkeppnisyfirvalda á meintu samráði olúfélaga og samstarf við Olís*

*ÁE<sup>13</sup> vísaði til fundar milli Olís og SKS<sup>14</sup> þann 14. mars sl., sem haldinn var í framhaldi af bréfi Olís til Samkeppnisstofnunar dags. 5. mars sl. Á þeim fundi hafi m.a. verið rætt um samstarf Olúfélagsins hf. (OHF) við SKS, en*

<sup>13</sup> Ásgeir Einarsson starfsmaður Samkeppnisstofnunar.

<sup>14</sup> Samkeppnisstofnun.

*með því stefndi OHF að lækkingun á hugsanlegum sektum vegna meintra brota á samkeppnislögum. Var Olís afhent afrit af bréfi SKS til OHF þar sem tilgreind voru þau skilyrði sem samkeppnisyfirköld settu fyrir slíku samstarfi og tekið fram að Olís stæði þessi leið til bóða. Gæti Olís fengið 20–30% lækkingun á hugsanlegri sekt ef skilyrðin yrðu uppfyllt.*

*GBG<sup>15</sup> og EB<sup>16</sup> tóku fram að bréfi Olís til SKS dags. 5.3.2002 hafi verið ætlað að sækja um sams konar málsmeðferð og umbun og OHF sótti um. Sá skilningur hefði verið áréttaður á umræddum fundi. Það komi síðan í ljós við frekari rannsókn málsins hvort félagið getur veitt mikilvægar viðbótarupplýsingar og uppfyllt að öðru leyti skilyrði fyrir þessu samstarfi. ÁE tók fram að Olís væri annað í röð þeirra málsaðila sem óskuðu eftir slíku samstarfi.*

Í öllum undirrituðum fundargerðum Samkeppnisstofnunar vegna funda með fulltrúum Olís er það ávallt tekið fram í upphafi þeirra að fundurinn sé „*haldinn í framhaldi af erindi Oluverzlunar Íslands hf. dags. 5. mars 2002, þar sem félagið lýsir vilja sínum til samstarfs um að upplýsa þau mál sem Samkeppnisstofnun telur þörf á.*“ Enginn vafi getur því leikið á því að Olís og fulltrúar félagsins veittu upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja á fundum með Samkeppnisstofnun. Upplýsingarnar voru veittar í þeim tilgangi að lækka hugsanlegar stjórnvaldssektir félagsins. Ekki var því um að ræða að þvingunarúrræðum 39. og 53. gr. samkeppnislaga væri beitt til þess að knýja fram þessar upplýsingar. Með því að senda Samkeppnisstofnun bréf þann 5. mars 2002 með ósk um samstarf við stofnunina um að upplýsa málið hafði Olís frumkvæði að því fundir með starfsmönnum félagsins og Samkeppnisstofnun voru haldnir.

Eins og framgreind bókun um samvinnu Olís og Samkeppnisstofnunar gefur skýrt til kynna var það ekki forsenda upplýsingagjafar Olís að Samkeppnisstofnun myndi beita sér fyrir því að málið sætti ekki lögreglurannsókn. Aldrei á þessum fundum Samkeppnisstofnunar með Olís var félaginu eða starfsmönnum þess gefin einhver loforð tengd hugsanlegri lögreglurannsókn. Jafnframt verður hér að hafa í huga að Olís hefur notið aðstoðar lögmanna í þessu máli og sat einn lögmanna félagsins alla umrædda fundi. Olís hlaut því að vera ljóst að samkeppnisyfirköld hafa ekkert hlutverk eða valdheimildir varðandi opinberar rannsóknir á ætluðum brotum á samkeppnislögum. Félaginu og fulltrúum þess mátti því vera ljóst að það væri alfarið ákvörðun lögreglu eða ríkissaksóknara hvort hafin yrði lögreglurannsókn í málinu.

Seinni hluta október 2002 sneri Samkeppnisstofnun sér til eins af lögmönnum Skeljungs og óskaði eftir því að tilteknir starfsmenn félagsins myndu koma á fund Samkeppnisstofnunar til að ræða tiltekin atriði sem tengdust meintu broti

<sup>15</sup> Gísli Baldur Garðarson lögmaður og stjórnarformaður Olís.

<sup>16</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

olíufélaganna. Á þessum tíma hafði Skeljungur ekki óskað eftir samvinnu í því skyni að lækka mögulegar sektir. Umræður og bréfaskipti áttu sér stað milli Samkeppnisstofnunar og lögmanna Skeljungs um fundartíma og fyrirkomulag funda. Þann 23. október 2002 sendi Samkeppnisstofnun bréf til Skeljungs og boðaði til fundar 25. október 2002 og gerði grein fyrir þeim málefnum sem stofnunin vildi ræða á fundinum. Í lok bréfsins var þetta tekið fram:

*„Ætlunin er á fundinum að bera undir framangreinda starfsmenn skilning Samkeppnisstofnunar á tilteknum skjölum sem stafa frá þeim og kunna að tengjast framangreindu. Jafnframt er ætlunin að gefa Skeljungi hf. kost á því að tjá sig um ýmsa mikilvæga þætti sem tengjast meintu samráði olíufélaganna að þessu leyti.*

*Komi Skeljungur hf. ekki til fundar við Samkeppnisstofnunar á tilgreindum tímum þann 25. október nk. lítur stofnunin svo á að fyrirtækið sé ekki, að þessu leyti, reiðubúið til að aðstoða samkeppnisyfirvöld við að upplýsa mál þetta. Miðað við hversu greiðlega hefur gengið að upplýsa þennan þátt málsins með m.a. aðstoð Ólíuverslunar Íslands hf. og Ólíufélagsins hf. telur Samkeppnisstofnun ekki þörf á að taka ákvörðun á grundvelli 39. gr. samkeppnislaga og skylda Skeljung hf. til að veita umræddar upplýsingar. Samkeppnisstofnun vill vekja athygli Skeljungs hf. á því að fyrirtækið mun við birtingu frumathugunar Samkeppnisstofnunar fá tækifæri til að tjá sig um ofangreind atriði sem ætlunin er að ræða á fundinum nk. föstudag, sbr. 16. gr. reglna nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda.“*

Samkvæmt þessu var Skeljungi gerð grein fyrir því að félagið yrði ekki þvingað á grundvelli samkeppnislaga til að veita upplýsingar á fundum með Samkeppnisstofnun.

Skeljungur kaus hins vegar að koma til fundar við Samkeppnisstofnun þann 25. október 2002. Á fundinum var m.a. rætt um hugsanlega aðstoð Skeljungs við að upplýsa málið. Í kjölfar fundarins sendi Samkeppnisstofnun bréf til lögmanna Skeljungs og vakti athygli á ákvæðum reglna samkeppnisráðs nr. 397/2002 um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja. Svar barst með bréfi frá 5. nóvember 2002 og kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Umbj. okkar hefur í fyrri bréfaskriftum við Samkeppnisstofnun ítrekað lýst yfir fullum vilja til að veita stofnuninni upplýsingar um þau tilvik sem rannsókn hennar beinist að. Telji stofnunin að umbj. okkar kunni við þá upplýsingagjöf að falla undir ákvæði II. kafla áðurnefndra reglna óskar hann eftir því að upplýsingagjöf fyrirtækisins verði metin með hliðsjón af*

*þeim reglum. Rétt er að fram komi að í beiðni þessari felst ekki viðurkenning á því að umbj. okkar hafi gerst sekur um brot sem leitt geta til sektarákvörðunar samkeppnisráðs.“*

Í kjölfar þessa var ávallt í undirrituðum fundargerðum vegna funda með fulltrúum Skeljungs vísað til þessarar óskar félagsins um að upplýsingagjöf þess verði metin með hliðsjón af reglum nr. 397/2002. Enginn vafi getur því leikið á því að Skeljungur og fulltrúar félagsins veittu upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja á fundum með Samkeppnisstofnun. Upplýsingarnar voru eftir 5. nóvember 2002 veittar í þeim tilgangi að lækka hugsanlegar stjórnvaldssektir félagsins. Ekki var því um að ræða að þvingunarræðum 39. og 53. gr. samkeppnislaga væri beitt til þess að knýja fram þessar upplýsingar.

Hér verður einnig að líta til þess að í tengslum við opinbera umfjöllun um mál olíufélaganna sendu lögmennt Olís og Skeljungs frá sér sameiginlega fréttatilkynningu og var hún birt orðrétt í Morgunblaðinu 30. júlí 2003. Í umfjöllun um samskipti lögreglu og Samkeppnisstofnunar segir orðrétt að „forsvarsmenn félaganna hafa að ósk Samkeppnisstofnunar gefið skýrslur um málsatvik af fúsum og frjálsum vilja án þess að hafa réttarstöðu sakaðs manns.“ Samkvæmt þessu er alveg ljóst að Olís og Skeljungur töldu sig ekki hafa verið þvinguð á grundvelli samkeppnislaga til að veita upplýsingar á þessum fundum með Samkeppnisstofnun. Gerð verður hér á eftir nánari grein fyrir þýðingu þessa varðandi tilvísun félaganna til 6. gr. MSE.

#### 2.1.2.2.2. Möguleg áhrif opinberrar rannsóknar

Af hálfu Olís virðist því haldið fram í málinu að Samkeppnisstofnun hafi með kæru til lögreglu krafist opinberrar rannsóknar á olíufélagunum og starfsmönnum þeirra. Það er rangt. Samkeppnisyfirvöldum er lögum samkvæmt ekki ætlað neitt hlutverk varðandi opinberrar rannsóknir á ætluðum brotum á samkeppnislögum. Þannig hvílir t.d. ekki á samkeppnisyfirvöldum kæru- eða tilkynningaskylda til lögreglu. Í máli þessu taldi Samkeppnisstofnun hins vegar, með hliðsjón af góðum og vönduðum stjórnsýsluháttum, eðlilegt að vekja athygli lögreglu á rannsókn sinni á meintum brotum olíufélaganna. Var það gert á fundi með embætti Ríkislögreglustjóra þann 16. júní 2003. Sú upplýsingagjöf fól ekki í sér kæru eða neins konar beiðni um rannsókn. Ákvörðun nokkrum mánuðum síðar um að hefja opinbera rannsókn vegna samráðs á olíumarkaðnum byggir því alfarið á sjálfstæðu mati lögreglu og ákærvalds. Embætti Ríkislögreglustjóra óskaði bréflaga eftir gögnum og lét Samkeppnisstofnun embættinu í té afrit af frumathugunum málsins og þeim gögnum sem liggja þeim til grundvallar.

Eins og áður var rökstutt hefur það engin bein áhrif að lögum á rannsókn samkeppnisyfirvalda að lögregla hefji einnig rannsókn á sömu brotum. Jafnframt er ljóst að samkeppnisráði er almennt heimilt við töku ákvarðana að byggja á

upplýsingum sem veittar eru á fundum með Samkeppnisstofnun, sbr. m.a. 39. gr. samkeppnislaga og úrskurð áfrýjunarefndar samkeppnismála í máli nr. 14/2001 *Ágæti hf., Mata ehf. og Sölufélag garðyrkjumanna svf. gegn samkeppnisráði*.<sup>17</sup> Eins og nánar verður rökstutt í kafla III 1.2.4 taka lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ekki til málsmeðferðar samkeppnisyfirvalda.<sup>18</sup> Engu breytir því um notkun fundargerða vegna funda með olíufélögunum að þeir sem upplýsingar veittu hafi síðar fengið réttarstöðu sakbornings í opinberri rannsókn. Ef einhver slík áhrif ættu að leiða af opinberri rannsókn hefði þurft að taka það fram í lögum. Af þessu leiðir einnig að Samkeppnisstofnun ber ekki að vekja athygli fyrirtækja á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála enda nota samkeppnisyfirvöld upplýsingar sem þeim eru veittar ekki í þágu opinberrar rannsóknar heldur til töku ákvörðunar í stjórnarsýslumáli. Það er hins vegar lögreglu, ákærvalds og eftir atvikum dómstóla að meta hvort eða að hvaða marki upplýsingar sem veittar eru Samkeppnisstofnun á fundum duga til sakfellingar í opinberu máli.

Olís og Skeljungur hafa vísað til þess að lykilstarfsmenn félaganna séu sakborningar í opinberu máli vegna ætlaðra brota gegn samkeppnislögum. Sökum þessa fullyrða félögin að þau hafi ekki aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og því geti þau ekki notið lögbundins andmælaréttar síns samkvæmt stjórnarsýslulögum. Vegna þessa beri að fella málið niður eða fresta rannsókn þess. Varðandi ákvæði stjórnarsýslulaga bendir samkeppnisráð á eftirfarandi fjögur meginatriði. Síðan verður vikið að mögulegum áhrifum 6. gr. MSE.

Í fyrsta lagi bendir samkeppnisráð hér á að 13. gr. stjórnarsýslulaga gefur málsaðila kost á því að tjá sig um mál, nema afstaða hans liggja fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega óþarft. Það er því ekki skilyrði fyrir töku stjórnvaldsákvörðunar að aðili

---

<sup>17</sup> Þetta er sama regla og gildir í EES/EB-samkeppnisrétti, sbr. t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-305/94 *Limburgse Vinyl Maatschappij NV and other v. Commission* [1999] 5 CMLR 303 (PVC II málið). Málið varðaði ákvörðun framkvæmdastjórnar EB þar sem framleiðendur á efni PVC voru sektaðir fyrir samráð. Fyrir dómnum héldu tiltekin fyrirtæki því fram með vísan til m.a. 6. gr. MSE að óheimilt væri að byggja sakfellingu alfarið á yfirlýsingum hins brotlega eða á yfirlýsingum annarra þátttakenda í brotinu. Undirréttur EB féllst ekki á þetta og sagði að ekki væri að finna neina meginreglu EB-réttar sem bannaði framkvæmdastjórn EB að styðjast við slík gögn („... *there is no general principle of Community law which prohibits the Commission from using information and documents such as those referred to by the applicants*“). Dómur undirréttar EB var í öllum aðalatriðum staðfestur af dómi dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. C-238/99.

<sup>18</sup> Í þessu samhengi má líta til dóms Hæstaréttar Noregs sem tengdist svonefndu bylgjupappamáli, N.Rt. 1994:610. Málið varðaði verðsamráð framleiðenda á þessum pappa. Verðlagsyfirvöld í Noregi hófu rannsókn á samráðinu og töku m.a. skýrslur af stjórnendum þessara fyrirtækja. Skýrslur þessar voru síðan lagðar fram í opinberu máli. Fyrir hæstarétti héldu verjendur því fram að skýrslunar mætti ekki nota sem sönnunargögn í refsímáli. Stjórnendum hefði verið skylt, að viðlagðri refsingu, að gefa upplýsingar. Verðlagsyfirvöld hefðu ekki greint frá því að skýrslurnar yrðu hugsanlega notaðar gegn stjórnendum í refsímáli. Þeim hafi ekki verið greint frá rétti til að njóta aðstoðar lögmannna og rétti til að þurfa ekki að svara spurningum. Hæstiréttur Noregs féllst ekki á þetta. Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að réttarforsreglur á sviði refsiréttar giltu bara um refsímál, þ.á m. lögreglurannsóknir, og einungis þar. Jafnframt taldi rétturinn að notkun á þessum skýrslum í refsímáli færi ekki gegn ákvæðum MSE.

nýti sér þennan rétt. Eina skilyrðið sem hér hefur þýðingu er að málið sé nægjanlega upplýst, sbr. 10. gr. stjórnssýslulaga. Þegar gögn málsins eru virt í heild sinni leikur ekki á því vafi að unnt sé að taka ákvörðun í málinu þó Olís og Skeljungur kjósi ekki að nýta sér andmælarétt sinn til fulls.

Í öðru lagi verður að líta til þess að með sendingu frumathugana Samkeppnisstofnunar til Olís og Skeljungs var verið að gefa félögunum kost á því að nýta andmælarétt sinn, ásamt því að auðvelda þeim að nýta sér þann rétt. Það er félögunum hins vegar algerlega í sjálfs vald sett hvort þau kjósa að nýta sér þann rétt og samkeppnisyfirvöld hafa ekki sett fram nein fyrirmæli í þeim efnum. Það er því ljóst að hvorki Olís né Skeljungur hafa verið beitt þvingunum til að tjá sig um frumathuganir Samkeppnisstofnunar. Það er með öðrum orðum ekki krafist neinnar „*upplýsingagjafar*“ frá starfsmönnum félaganna sem sæta lögreglurannsókn. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að félögin geta ekki byggt neinn rétt á ákvæðum 6. gr. MSE, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Í þriðja lagi ber að mati samkeppnisráðs að horfa til þess að í þessum sjónarmiðum Olís og Skeljungs felst í raun að ekki er gerður neinn greinarmunur á milli annars vegar ábyrgðar og aðgerða fyrirtækja sem sjálfstæðra lögpersóna og hins vegar ábyrgðar og aðgerða þeirra einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækjunum. Samkeppnisráð telur að fyrirtæki geti ekki borið fyrir sig þagnarrétt sem starfsmenn þess njóta í opinberu máli, vegna stjórnssýslurannsóknar sem beinist eingöngu að fyrirtækinu. Ef sjónarmið félaganna eru lögð til grundvallar felst í reynd í þeim að fyrirtæki geti ávallt borið við vanþekkingu um eitthvert málefni ef t.d. tiltekinn starfsmaður lætur af störfum eða hefur réttarstöðu grunaðs manns. Þetta stenst ekki að lögum. Fyrirtæki verða sjálf að búa yfir vitneskju um málefni og aðgerðir sem gripið er til í nafni og þágu þeirra. Ef fyrirtæki hefur vanrækt að grípa til ráðstafana sem tryggja að það búi yfir slíkri vitneskju verður það sjálft að bera ábyrgð á þeirri vanrækslu og það getur ekki reist neinn rétt á grundvelli hennar. Í því sambandi ber og að hafa í huga að vel þekkt er bæði í íslenskum og erlendum rétti að bæði fyrirtæki og starfsmenn þeirra geti sætt viðurlögum vegna sömu brota. Hér nægir að nefna að hér á landi og í t.d. Bretlandi, Noregi, Bandaríkjunum, Írlandi, og Þýskalandi geta fyrirtæki og starfsmenn þeirra sætt viðurlögum vegna ólögmeats samráðs. Samkvæmt röksemdum Olís og Skeljungs gætu fyrirtæki aldrei tekið til varna ef starfsmenn þeirra væru einnig til rannsóknar. Ekki er unnt að fallast á það.

Hér skiptir og máli að rannsókn samkeppnisyfirvalda lýtur lögum samkvæmt að meintum brotum fyrirtækja en ekki einstaklinga. Andmæli fyrirtækja fyrir samkeppnisyfirvöldum eru sett fram í nafni fyrirtækjanna og ekkert í lögum kallar á það að í slíkum andmælum fjalli fyrirtæki um eða tilgreini einstaka starfsmenn. Fæst því ekki séð að andmælin sem slík þurfi óhjákvæmilega að hafa einhver áhrif á stöðu viðkomandi starfsmanns í opinberri rannsókn sem fer fram samkvæmt öðrum reglum.

Þar fyrir utan er ekkert óeðlilegt við það í sjálfu sér að fyrirtæki veiti upplýsingar sem nýst geta í opinberri rannsókn á starfsmönnum þess.

Í fjórða lagi telur samkeppnisráð að sú fullyrðing Olís og Skeljungs að félögin geti ekki tjáð sig eigi í raun vart við rök að styðjast. Aðilar þessa máls hafa fengið í hendur tvær frumathuganir Samkeppnisstofnunar þar sem ítarlega er gerð grein fyrir skilningi stofnunarinnar á gögnum málsins. Jafnframt hafa aðilum verið send afrit af gögnum málsins. Í málinu hefur OHF tjáð sig um nær öll forms- og efnisatriði þess. Eru andmæli félagsins um 300 bls. OHF og núverandi og fyrrverandi starfsmenn félagsins sæta lögreglurannsókn. Olís og Skeljungur hafa ekki vísað til atriða sem gefa til kynna að staða þeirra félaga sé að þessu leyti önnur en staða OHF. Fær samkeppnisráð ekki séð hvaða sérstöku sjónarmið eru uppi í málinu sem leiða til þess að Olís og Skeljungur geti ekki nýtt sér andmælarétt sinn með sama hætti og OHF. Það ber og að hafa í huga að þrátt fyrir ofangreind sjónarmið Olís og Skeljungs tjá félögin sig í raun um ýmis efnisatriði málsins og setja fram ítarleg sjónarmið um form þess og ýmis lagaatriði.

#### 2.1.2.2.3. Möguleg áhrif 6. gr. MSE

Næst er að vika að því hvort röksemdir Olís og Skeljungs sem byggðar eru á 6. gr. MSE geti leitt til annarar niðurstöðu. Í 6. gr. MSE felst réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og 1. og 2. mgr. hljóða svo:

*„1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.*

*2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.“*

Samkvæmt orðanna hljóðan felur 6. gr. MSE ekki í sér rétt til að neita að tjá sig eða rétt til að fella ekki sök á sjálfan sig.<sup>19</sup> Mannréttindadómstóll Evrópu komst hins vegar

---

<sup>19</sup> Þar sem þessi réttindi eru mjög skyld og til einföldunar verður hér eftir hugtakið þagnarréttur notað um bæði réttinn til að neita að tjá sig (e. *right to remain silent*) og réttinn til að fella ekki sök á sjálfan

að þeirri niðurstöðu í Funke málinu að í 6. gr. felist að maður sem borinn er sök um refsiverða háttsemi njóti þagnarréttar.<sup>20</sup> Þagnarrétturinn samkvæmt 6. gr. MSE var nánar skýrður í dómi mannréttindadómstólsins frá 17. desember 1996 í máli Saunders gegn Bretlandi.<sup>21</sup> Rétt er að gera stutta grein fyrir því máli.

Saunders málið varðaði yfirtöku Guinness á öðru fyrirtæki. Upp kom grunur um að ólögmæt viðskipti með hlutabréf hefðu átt sér stað í tengslum við yfirtökuna. Í kjölfar þessa skipaði breski iðnaðar- og viðskiptaráðherrann sérstaka skoðunarmenn (e. *inspectors*) á grundvelli heimildar í hlutafélagalögum frá 1985 og fól þeim að rannsaka málið. Samkvæmt 434. gr. þeirra laga er fyrirsvarsmönnum fyrirtækja skylt að afhenda slíkum skoðunarmönnum öll gögn, mæta á fund þeirra og svara spurningum. Í ákvæðinu er einnig tekið fram að upplýsingar frá viðkomandi megi nota gegn honum. Í 435. gr. er tekið fram að neitun fyrirsvarsmanna fyrirtækja á því að afhenda gögn, mæta á fundi og svara spurningum um málið sem er til rannsóknar varði refsingu. Getur hún verið allt að tveggja ára fangelsi.

Saunders, sem var stjórnandi hjá Guinness, var kallaður fyrir skoðunarmennina og spurður um málið. Skýrslur sem teknar voru af honum voru notaðar í refsimáli gegn honum og var Saunder fundinn sekur um þjófnað og samsæri. Fyrir mannréttindadómstóli Evrópu hélt Saunders því fram að með þessu hefði þagnarréttur hans verið brotinn.

Í málinu komst dómstóllinn fyrst að þeirri niðurstöðu að beiting rannsóknarheimildar samkvæmt hlutafélagalögum færi ekki gegn 1. mgr. 6. gr. MSE. Tók dómstóllinn það síðan til athugunar hvort notkun þessara skýrslna í refsimálinu væri lögmæt. Dómstóllinn taldi, að þótt þagnarrétturinn væri ekki sérstaklega nefndur í 6. gr. væri hann alþjóðlega viðurkenndur og grunnatriði í sanngjarni málsmeðferð. Réttlætning þagnarréttarins lægi m.a. í því að hann verndaði ákærða gegn óeðlilegri þvingun yfirvalda, en slík þvingun leiddi oft af sér óréttlæti. Þá myndi þagnarréttur stuðla að uppfyllingu markmiða 6. gr. Þagnarrétturinn gerði ráð fyrir að ákærvaldið leitaðist við að sanna mál sitt gegn ákærða án þess að grípa til sönnunargagna sem aflað væri með valdi eða þvingun gegn vilja ákærða. Í þessum skilningi væri rétturinn nátengdur reglunni um sakleysi manns uns sekt hans er sönnuð í skilningi 2. mgr. 6. gr. MSE.<sup>22</sup>

---

sig (e. *right against self-incrimination*), sbr.: Heimir Örn Herbertsson: Er sannleikurinn alltaf sagna bestur? Um þagnarrétt á stjórnsýslustigi. *Úlfjótur*. 3. tbl. 2000, bls. 417–449.

<sup>20</sup> Dómur frá 25.2.1994 í mál nr. 10828/84.

<sup>21</sup> Mál nr. 19187/91.

<sup>22</sup> Sjá mgr. 68 í dómnum: „*The Court recalls that, although not specifically mentioned in Article 6 of the Convention (art. 6), the right to silence and the right not to incriminate oneself are generally recognised international standards which lie at the heart of the notion of a fair procedure under Article 6 (art. 6). Their rationale lies, inter alia, in the protection of the accused against improper compulsion by the authorities thereby contributing to the avoidance of miscarriages of justice and to the fulfilment of the aims of Article 6 (art. 6) (see the above-mentioned John Murray judgment, p. 49, para. 45, and the above-mentioned Funke judgment, p. 22, para. 44). The right not to incriminate oneself, in particular, presupposes that the prosecution in a criminal case seek to prove their case against the*



Dómstóllinn sagði einnig að þagnarrétturinn lúti aðallega að því að virða þá ákvörðun ákærða að vilja ekki tjá sig. Eins og almennt væri viðurkennt í réttarkerfum aðildarríkja MSE og annars staðar, taki þagnarrétturinn ekki til notkunar sönnungagna í opinberu máli sem fengin væru frá ákærða með þvingunarráðstöfunum en væru ekki háð vilja hans, sbr. t.d. skjöl sem aflað er á grundvelli húsleitar eða líkamsrannsóknar, t.d. blóðsýni.<sup>23</sup> Dómstóllinn sagði að í málinu þyrfti hann að meta hvort Saunders hefði verið þvingaður til að veita upplýsingar og hvort notkun þeirra upplýsinga í refsímáli gegn honum færi gegn grunnreglum um réttláta málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. MSE.

Dómstóllinn taldi ljóst að svör þau sem Saunders hafði veitt nefndum skoðunarmönnum hafi verið fengin með þvingun. Var í því sambandi vísað til þess að neitun á því að svara hafi varðað refsingu. Af hálfu breska ríkisins var því haldið fram að svör Saunders fyrir skoðunarmönnum hefðu ekki felld á hann sök og aðeins ummæli sem í raun felldu sök á viðkomandi féllu undir þagnarréttinn. Dómstóllinn féllst ekki á þetta og taldi að þagnarrétturinn tæki ekki aðeins til játninga heldur einnig til upplýsinga um staðreyndir sem nýst geti ákærvaldinu. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að þagnarréttur Saunders hefði verið brotinn með því að nota umræddar skýrslur í sakamáli gegn honum. Í dómi mannréttindadómstólsins frá 19. september 2000 í máli IJL og fleiri gegn Bretlandi var þagnarrétturinn skýrður nánar.<sup>24</sup> Í því máli tók dómstóllinn skýrt fram að það væri ekki þvingunin sjálf sem færi gegn 1. mgr. 6. gr. MSE heldur notkun á upplýsingum fengnum á grundvelli þvingunar í refsímáli gegn viðkomandi.

Af m.a. Saunders málinu hafa verið dregnar eftirfarandi ályktanir um þagnarrétt samkvæmt 6. gr. MSE:

- Það fer gegn þagnarréttinum ef maður sem borinn er sök um refsivert brot er þvingaður til að veita munnlega upplýsingar um atriði sem geta sakfelld hann og þær síðan notaðar gegn honum.
- Það fer gegn þagnarréttinum ef maður sem borinn er sök um refsivert brot er þvingaður til að veita munnlega upplýsingar um staðreyndir og þær síðan notaðar gegn honum.

---

*accused without resort to evidence obtained through methods of coercion or oppression in defiance of the will of the accused. In this sense the right is closely linked to the presumption of innocence contained in Article 6 para. 2 of the Convention (art. 6-2).“*

<sup>23</sup> Sjá mgr. 69 í dómnum, *„The right not to incriminate oneself is primarily concerned, however, with respecting the will of an accused person to remain silent. As commonly understood in the legal systems of the Contracting Parties to the Convention and elsewhere, it does not extend to the use in criminal proceedings of material which may be obtained from the accused through the use of compulsory powers but which has an existence independent of the will of the suspect such as, inter alia, documents acquired pursuant to a warrant, breath, blood and urine samples and bodily tissue for the purpose of DNA testing.“*

<sup>24</sup> Mál nr. 29522/95.

- Það fer líklega ekki gegn þagnarréttinum að þvinga sakborning til að afhenda skjöl og nota þau gegn honum í refsímáli nema e.t.v. í þeim tilvikum þar sem skjölin innihalda játningu á broti (e. *testimonial self-incrimination*).
- Það fer ekki gegn þagnarréttinum að nota gegn sakborningi sönnunargögn sem aflað var með þvingunarráðstöfunum sem eru óháðar vilja hans, sbr. t.d. skjöl sem aflað er á grundvelli húsleitar.<sup>25</sup>

Samkeppnisráð bendir hér á að ekki getur komið til álita að upplýsinga- og gagnaöflun samkeppnisyfirvalda í máli þessu hafi farið gegn þagnarrétti MSE. Áður en nánari grein verður gerð fyrir því verður samhengisins vegna að taka fram að það er óljóst á þessu stigi réttarþróunar MSE hvort þagnarrétturinn taki til málsmeðferðar hjá Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði. Helstu ástæður eru m.a. eftirfarandi:

- Ákvæði 6. gr. MSE taka til málsmeðferðar fyrir dómi. Vafasamt er að samkeppnisyfirvöld teljist vera dómstóll í skilningi ákvæðisins.<sup>26</sup> Hafa má í huga að framkvæmdastjórn EB hefur með höndum í samkeppnismálum sömu verkefni og Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð, þ.e. hún rannsakar meint samkeppnislagabrot, tekur ákvarðanir og getur lagt á sektir. Dómstóll EB hefur komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdastjórn EB teljist ekki vera dómstóll í skilningi 6. gr. MSE.<sup>27</sup>
- Mannréttindadómstóll Evrópu hefur aldrei komist að þeirri niðurstöðu að þagnarrétturinn taki til fyrirtækja. Öll mál hans að þessu leyti hafa varðað einstaklinga sem hugsanlega áttu á hættu fangelsi eða aðra refsingu.<sup>28</sup> Því má halda fram að þau undirstöðurök sem mannréttindadómstóllinn hefur sett fram til stuðnings þagnarréttinum taki ekki til fyrirtækja, s.s. nauðsyn þess að virða vilja sakbornings til þess að tjá sig ekki. Efast verður um að fyrirtæki búi yfir vilja í þessum skilningi. Í Orkem málinu fyrir dómstóli EB var vísað til könnunar á rétti aðildarríkja EB að þessu leyti. Var niðurstaðan sú að þagnarrétturinn tæki almennt til einstaklinga en ekki til fyrirtækja.<sup>29</sup> Í bandarískum rétti hefur lengi verið viðurkennt að fyrirtæki geti ekki notið

<sup>25</sup> Sjá hér t.d. Bellamy & Child, *European Community Law of Competition*, fimmta útgáfa bls. 968–970 og Willis, „*You have the right to remain silent ... “, or do you?:* [2001] ECLR bls. 315–321.

<sup>26</sup> Hér má hafa í huga dóm Hæstaréttar frá 21.10.2004 í máli nr. 48/2004. Í málinu var því haldið fram að skipan óbyggðanefndar kynni að brjóta í bága við 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu miðað við það hlutverk, sem henni er ætlað að gegna, að úrskurða um kröfur um mörk þjóðlendna og eignarlanda. Í dómi sínum benti Hæstiréttur m.a. á þetta: „*Varðandi þetta verður fyrst að líta til þess að óbyggðanefnd er stjórnslunefnd en ekki dómstóll og eru úrskurðir hennar endanlegir á stjórnslustigi og verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds. Þeir verða hins vegar bornir undir dómstóla og getur þá hvaðeina komið til endurskoðunar, sem ráðið hefur niðurstöðum nefndarinnar. Jafnvel þótt kröfur stjórnarskrár og mannréttindasáttmálans um réttaröryggi fyrir dómstólum yrðu heimfærðar á óbyggðanefnd verður ekki fallist á að það hafi áhrif á sjálfstæði úrskurðarnefndar á sviði stjórnslu að hún sé skipuð af handhafa framkvæmdarvalds nema önnur atriði, sem leidd eru í ljós, renni stoðum undir að svo kunní að vera.“*

<sup>27</sup> Sjá mál nr. 100–103/80 *Musique Diffusion Francaise v Commission* [1983] ECR 1825.

<sup>28</sup> Sjá Wils, *Self-incrimination in EC antitrust enforcement*, *World Competition*, Vol. 26, Issue 4, December 2003.

<sup>29</sup> Mál nr. 374/87 *Orkem SA v Commission* [1989] ECR 3283.

þagnarréttar sem mælt er fyrir um í bandarísku stjórnarskránni.<sup>30</sup> Í Hale gegn Henkel málinu fjallaði rétturinn um neitun á grundvelli þagnarréttar um að veita upplýsingar vegna rannsóknar á meintu ólögsmætu samráði fyrirtækja. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að yfirmaður fyrirtækis geti ekki neitað að veita upplýsingar á grundvelli þess að þær gætu fellt sök á fyrirtækið.<sup>31</sup>

- Mannréttindadómstóll Evrópu hefur aldrei komist að þeirri niðurstöðu að þagnarrétturinn taki til málsmeðferðar í samkeppnismálum.

Í máli þessu þarf hins vegar ekki að taka afstöðu til þess hvort þagnarréttur samkvæmt 6. gr. MSE taki til meðferðar mála fyrir samkeppnisyfirlöndum. Ástæða þess er sú að samkeppnisráð telur engan vafa leika á því að mál þetta uppfylli að öllu leyti þær kröfur MSE sem vísað er til að þessu leyti. Er því ekki um það að ræða að taka þurfi afstöðu til þess í málinu hvort hugsanlegar ríkari kröfur MSE gildi um málsmeðferð samkeppnisyfirlönda.

Höfuðmáli skiptir hér að til þess að um brot á þagnarrétti samkvæmt MSE sé að ræða er það lykilatriði að upplýsinga sé aflað á grundvelli þvingunar, sbr. framgreinda umfjöllun. Engri slíkri þvingun hefur verið beitt í þessu máli. Enginn skylda hvíldi þannig á Olís og Skeljungu að tjá sig um frumathuganir Samkeppnisstofnunar. Félögin veittu upplýsingar á fundum með Samkeppnisstofnun af fúsum og frjálsum vilja í því

---

<sup>30</sup> Sjá t.d. dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna í málinu *Braswell v US* 487 US 99 (1988).

<sup>31</sup> *Hale v Henkel* 201 US 43 (1906). Sá greinarmunur sem rétturinn gerði á einstaklingum og fyrirtækjum er athyglisverður: „*Conceding that the witness was an officer of the corporation under investigation, and that he was entitled to assert the rights of corporation with respect to the production of its books and papers, we are of the opinion that there is a clear distinction in this particular between an individual and a corporation, and that the latter has no right to refuse to submit its books and papers for an examination at the suit of the state. The individual may stand upon his constitutional rights as a citizen. He is entitled to carry on his private business in his own way. His power to contract is unlimited. He owes no duty to the state or to his neighbours to divulge his business, or to open his doors to an investigation, so far as it may tend to criminate him. He owes no such duty to the state, since he receives nothing therefrom, beyond the protection of his life and property. His rights are such as existed by the law of the land long antecedent to the organization of the state, and can only be taken from him by due process of law, and in accordance with the Constitution. Among his rights are a refusal to incriminate himself, and the immunity of himself and his property from arrest or seizure except under a warrant of the law. He owes nothing to the public so long as he does not trespass upon their rights.*“

*Upon the other hand, the corporation is a creature of the state. It is presumed to be incorporated for the benefit of the public. It receives certain special privileges and franchises, and holds them subject to the laws of the state and the limitations of its charter. Its powers are limited by law. It can make no contract not authorized by its charter. Its rights to ... act as a corporation are only preserved to it so long as it obeys the laws of its creation. There is a reserved right in the legislature to investigate its contracts and find out whether it has exceeded its powers. It would be a strange anomaly to hold that a state, having chartered a corporation to make use of certain franchises, could not, in the exercise of its sovereignty, inquire how these franchises had been employed, and whether they had been abused, and demand the production of the corporate books and papers for that purpose. The defense amounts to this: That an officer of a corporation which is charged with a criminal violation of the statute, may plead the criminality of such corporation as a refusal to produce its books. To state this proposition is to answer it. While an individual may lawfully refuse to answer incriminating questions unless protected by an immunity statute, it does not follow that a corporation, vested with special privileges and franchises, may refuse to show its hand when charged with an abuse of such privileges.“*

skyni að lækka mögulegar sektir fyrirtækjanna. Enginn vafi er á því að upplýsingar gefnar með þeim hætti brjóta ekki gegn þagnarrétti MSE.<sup>32</sup> Bréf sem rituð eru með vísan til 39. gr. samkeppnislaga skapa sem slík enga skyldu til þess að afhenda gögn eða veita upplýsingar. Sú skylda verður aðeins virk við töku stjórnvaldsákvörðunar, sbr. umfjöllun hér að framan. Engin slík ákvörðun hefur verið tekin í þessu máli né hefur þvingunarúrræði 53. gr. samkeppnislaga verið beitt til að afla upplýsinga. Ólíkt atvikum í Saunders málinu varðar það ekki refsingu hér á landi að neita að afhenda gögn eða veita upplýsingar til samkeppnisyfivalda. Engu skiptir hér þótt 2. mgr. 57. gr. samkeppnislaga leggi refsingu við röngum skýrslum þar sem ákvæðið sem slíkt felur ekki í sér neina skyldu til veita upplýsingar. Ákvæðið felur aðeins í sér skyldu til að segja satt þegar upplýsingar eru veittar. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að slík ákvæði sem leggja refsingu við röngum skýrslum eða framburði fari ekki gegn þagnarréttinum.<sup>33</sup>

Olís og Skeljungur hafa haldið því fram með vísun til Saunders málsins að það sé „*hafð yfir allan vafa að upplýsingaöflun stjórnvalds frá einstaklingi sem sæti lögreglurannsókn, eftir að slík rannsókn er hafin, sé örugglega andstæð réttindum viðkomandi einstaklings skv. 1. mgr. 6. gr. MSE.*“ Samkeppnisráð ítrekar hér að ekki er um það að ræða í málinu að samkeppnisyfírvöld séu að þvinga starfsmenn olúfélaganna til þess að veita upplýsingar. Áframhaldandi málsmeðferð samkeppnisyfivalda fer þar af leiðandi ekki gegn þagnarrétti starfsmanna olúfélaganna í opinberri rannsókn gegn þeim.

Skeljungur og Olís hafa einnig vísað til þess að sökum þagnarréttar starfsmanna félaganna í hinni opinberu rannsókn þá geti félögin ekki óskað eftir upplýsingum frá þeim. Vegna skorts á þeim upplýsingum geti félögin ekki nýtt sér andmælarétt sinn. Eins og gerð var grein fyrir hér að framan getur samkeppnisráð ekki fallist á það að í raun geti félögin ekki nýtt sér andmælarétt. Varðandi möguleg áhrif MSE að þessu leyti má líta til dóms mannréttindadómstóls Evrópu í máli Murray gegn Bretlandi.<sup>34</sup> Í því máli lá fyrir að Murray hafði verið dæmdur í átta ára fangelsi vegna aðildar að írsku lýðveldishersnum við ólögmeta frelsissviptingu. Murray neitaði bæði við rannsókn og fyrir dómi að tjá sig um sakargiftir þó ýmis gögn bentu til sektar hans. Í forsendum refsisdómsins kom fram að dómari drægi andstæðar ályktanir af því að Murray hefði ekki tjáð sig um málið. Fyrir mannréttindadómstóli Evrópu hélt Murray því fram að brotið hafi verið gegn þagnarrétti hans þar sem breski dómstóllinn hefði

---

<sup>32</sup> Sjá Wils, *Self-incrimination in EC antitrust enforcement*, World Competition, Vol. 26, Issue 4, December 2003. Í umfjöllun um reglur sem heimila lækkun sekta ef fyrirtæki veita upplýsingar um samráð (e. *leniency*) segir þetta: „*The use of the instrument of leniency does not raise any objections either with regard to the privilege against self-incrimination as recognised in the case law of the European Court of Human Rights. Indeed: „Persons are always free to incriminate themselves if in doing so they are exercising their own will“ (Concurring opinion of Judge Walsh in Saunders v United Kingdom)*“

<sup>33</sup> Dómur frá 20.10.1997 *Serves v France*.

<sup>34</sup> Mál nr. 1873/91 frá 8.2.1996.

dregið ályktanir sem voru honum óhagstæðar af þögn hans. Dómstóllinn féllst ekki á þetta. Rétturinn sagði m.a. að þagnarrétturinn væri ekki algildur. Ef sakfelling væri eingöngu byggð á þeirri staðreynd að sakborningur hefði ekki tjáð sig um sakargiftir eða hann neitað að leggja fram gögn væri um brot á 1. mgr. 6. gr. MSE. Ef hins vegar staðreyndir málsins kölluðu augljóslega á skýringu frá sakborningi en hún væri ekki gefin, mætti taka það með í matið á því hversu sannfærandi sönnunargögn ákærvaldsins væru. Taldi rétturinn að ekki hefði verið óréttlát að byggja með þessum hætti á þögn Murray.

Samkvæmt þessu leiðir það af sjálfu sér að heimilt er samkvæmt MSE að dæma menn til refsinga þó þeir tjái sig ekki í refsimáli. Í öðru lagi er heimilt að draga ályktanir af þögn sakbornings sem nýtir sér þagnarrétt ef í málinu er að finna gögn sem kalla á skýringu frá honum.<sup>35</sup> Í þessu máli er hins vegar ekki um það að ræða að Olís og Skeljungur séu að nýta sér þagnarrétt sinn. Það er heldur ekki um það að ræða að íþyngjandi ákvörðun í þessu máli verði eingöngu byggð á því að félögin kjósi ekki að tjá sig til fulls um frumathuganir Samkeppnisstofnunar. Þess í stað liggur fyrir að félögin hafa ákveðið að nýta sér ekki þann rétt sem stjórnáráðslög veita þeim til að tjá sig um efni málsins. Jafnframt er að finna í málinu fjölmörg gögn sem gefa með beinum hætti til kynna samráð oliufélaganna. Þessi gögn eru megin grundvöllur ákvörðunar í þessu máli. Ekki fæst séð hvernig ákvörðun samkeppnisráðs getur undir þessum kringumstæðum brotið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE.

#### 2.1.2.2.4. Þagnarréttur og EES/EB-samkeppnisréttur

Olís hefur máli sínu til stuðnings vísað til sjónarmiða úr EES/EB-samkeppnisrétti. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð rétt að gera grein fyrir því hvernig leyst hefur verið úr álitamálum varðandi þagnarrétt á þeim vettvangi. Þykir í því sambandi gagnlegt að gera grein fyrir dómi dómstóls EB í PVC II málinu sem kveðinn var upp 15. október 2002. Áður en vikið er að því máli er rétt að hafa eftirfarandi í huga.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðar EB ráðsins nr. 17/62, sem gildi til 1. maí 2004, hafði framkvæmdastjórn EB heimild til að afla nauðsynlegra upplýsinga frá fyrirtækjum. Í 2. og 3. mgr. var nánar fjallað um beiðni um upplýsingar (e. *request for information*). Ef fyrirtæki veitti ekki upplýsingar á grundvelli beiðni samkvæmt 1. mgr. 11. gr. var framkvæmdastjórninni í 5. mgr. 11. gr. veitt heimild til að taka ákvörðun og krefjast þess að þær yrðu veittar.<sup>36</sup> Unnt var að skjóta slíkri ákvörðun til dómstóla EB. Í b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar 17 var framkvæmdastjórninni veitt heimild til að leggja sektir á fyrirtæki ef þau:

<sup>35</sup> Sjá einnig dóm mannréttindadómstóls Evrópu frá 8.10.2002 *Beckles v United Kingdom*.

<sup>36</sup> Framkvæmdastjórn EB hefur einnig heimild til framkvæma húsleit en sú heimild hefur ekki þýðingu í þessari umfjöllun.

- veittu rangar upplýsingar sem svar við beiðni um upplýsingar, samkvæmt 1–3 mgr. 11. gr. Hið sama gildi um svör sem gefin voru eftir að ákvörðun hafði verið tekin á grundvelli 5. mgr. 11. gr.
- veittu ekki upplýsingar innan þess frests sem ákveðinn var með ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 11. gr.

Hér verður einnig að hafa í huga áður en vikið er að PVC II málinu að í dómi sínum frá 18. október 1989 í Orkem málinu hafði dómstóll EB komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdastjórninni væri heimilt á grundvelli 11. gr. reglugerðar 17 að krefja fyrirtæki um gögn og allar nauðsynlegar upplýsingar. Framkvæmdastjórninni væri hins vegar ekki heimilt á grundvelli 11. gr. að þvinga fyrirtæki til að veita svör við spurningum sem gætu falið í sér viðurkenningu á broti sem framkvæmdastjórnin ætti að sanna.<sup>37</sup> Gulman aðallögsögumaður hjá dómstóli EB hefur sagt að tilgangur Orkem reglunnar sé að koma í veg fyrir að fyrirtæki þurfi í svörum sínum að beita huglægu mati varðandi það hvort það hafi brotið gegn samkeppnisreglum.<sup>38</sup> Samkvæmt þessu er ljóst að Orkem reglan felur í sér mun takmarkaðri þagnarrétt fyrirtækja en 6. gr. MSE veitir einstaklingum og er álitamál hvort um eiginlegan þagnarrétt sé að ræða.<sup>39</sup>

PVC II málið varðaði ákvörðun framkvæmdastjórnar EB þar sem fyrirtæki höfðu verið sektuð vegna ólögðs samráðs. Fyrir undirrétti EB vísuðu fyrirtækin til þagnarréttar samkvæmt 14. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi og 6. gr. MSE. Héldu fyrirtækin því fram að vegna dóma mannréttindadómstóls Evrópu, sem fallið höfðu eftir niðurstöðuna í Orkem málinu, ætti ofangreind regla í Orkem málinu ekki lengur við. Töldu fyrirtækin að á grundvelli þagnarréttar síns bæri að fella úr málinu allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin hefði aflað með heimild í 11. gr. reglugerðar 17. Tæki það bæði til beiðni um upplýsingar samkvæmt 1–3. mgr. 11. gr. og upplýsinga sem aflað hafði verið á grundvelli ákvarðana samkvæmt 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Var ástæða þessa sögð vera sú að sektir samkvæmt b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar 17 ættu við í báðum þessum tilvikum og af því leiddi að upplýsinganna hefði verið aflað með þvingun í skilningi dómafordæma mannréttindadómstóls Evrópu. Undirréttur EB féllst ekki á þetta. Málinu var skotið til dómstóls EB.

Í dómi sínum sagði dómstóll EB að undirrétturinn hefði lagt til grundvallar reglunnar sem beitt var í Orkem málinu.<sup>40</sup> Sagði dómstóllinn að þær væru aðallega þessar:

<sup>37</sup> Mál nr. 374/87 *Orkem SA v Commission* [1989] ECR 3283.

<sup>38</sup> Sjá álit Gulman í máli nr. C-60/92 *Otto v Postbank* [1993] ECR I-5863.

<sup>39</sup> Sjá einnig dóm undirréttar EB í máli T-112/98 *Mannesmannröhren-Werke AG v Commission* [2001] ECR II-729.

<sup>40</sup> Dómur dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. 238/99P *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [2003] 4 CMLR 10.

- Reglugerð 17 veitir fyrirtæki sem sætir rannsókn engan rétt til þess að skjóta sér undan henni á þeim grundvelli að niðurstaða rannsóknar gæti leitt í ljós sönnunargögn um brot fyrirtækisins á samkeppnisreglunum;
- Þvert á móti, leggi reglugerðin þá skyldu á fyrirtæki að vera samvinnufúst og í því felist að það verði að láta framkvæmdastjórninni í té allar upplýsingar sem tengjast efni rannsóknar;
- Þrátt fyrir að ekki sé mælt fyrir um þagnarrétt í reglugerð 17 þá séu fyrir hendi ákveðnar takmarkanir á rannsóknarheimildum framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að vernda réttinn til að halda uppi vörnum sem sé grunnregla í EB-rétti;
- Í því skyni að tryggja virkni 2. og 5. mgr. 11. gr. reglugerðar 17 sé framkvæmdastjórninni heimilt að þvinga fyrirtæki til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi staðreyndir og eftir atvikum að þvinga þau til að láta í té tengd gögn, jafnvel þó gögnin verði notuð til að sanna samkeppnishamlandi aðgerðir viðkomandi eða annarra fyrirtækja. Hins vegar sé framkvæmdastjórninni ekki heimilt að þvinga fyrirtæki til að veita svör við spurningum sem gætu falið í sér viðurkenningu á broti sem framkvæmdastjórninni sé ætlað að sanna.<sup>41</sup>

Dómstóllinn sagði síðan að með dómi hans í Orkem málinu hefði þannig verið viðurkennt að í grunnreglum EB-réttar felist réttur fyrirtækja til þess að vera ekki þvinguð á grundvelli 11. gr. reglugerðar 17 til að játa þátttöku í broti. Dómstóllinn benti á að aðilar málsins væru sammála um að frá því Orkem dómurinn hefði verið kveðinn upp hefði á vettvangi mannréttindadómstóls Evrópu orðið frekari réttarþróun sem dómstólar EB yrði að líta til. Var í því sambandi vísað til dóma mannréttindadómstólsins í Funke, Saunders og J.B. gegn Sviss málunum. Dómstóllinn sagði hins vegar að bæði Orkem dómurinn og nýlegir dómar mannréttindadómstóls Evrópu krefðust þess í fyrsta lagi að beitt væri þvingun

---

<sup>41</sup> Sjá mgr. 272 í dómnum: „... in paragraphs 444 to 449 of the contested judgment, it in fact upheld the principles laid down in paragraphs 27, 28 and 32 to 35 of the Orkem judgment, in accordance with which, in particular:

- Regulation No 17 does not give an undertaking under investigation any right to evade the investigation on the ground that the results thereof might provide evidence of an infringement by it of the competition rules;

- on the contrary, it imposes on the undertaking an obligation to cooperate actively, which implies that it must make available to the Commission all information relating to the subject-matter of the investigation;

- in the absence of any right to remain silent expressly embodied in Regulation No 17, certain limitations on the Commission's powers of investigation during the preliminary inquiry are nevertheless implied by the need to safeguard the rights of the defence, which is a fundamental principle of Community law;

- in that connection, whilst, in order to ensure the effectiveness of Article 11(2) and (5) of Regulation No 17, the Commission is entitled to compel an undertaking to provide all necessary information concerning such facts as may be known to it and to disclose to it, if necessary, such documents relating thereto as are in its possession, even if the latter may be used to establish, against it or another undertaking, the existence of anti-competitive conduct, the Commission may not compel an undertaking to provide it with answers which might involve an admission on its part of the existence of an infringement which it is incumbent on the Commission to prove.“

gagnvart hinum grunaða í þeim tilgangi að afla upplýsinga og í öðru lagi að sýnt væri fram á röskun á þeim rétti sem skilgreindur er í dómnum.<sup>42</sup>

Í ljósi þessa og með hliðsjón af atvikum málsins taldi dómstóllinn að ekki væri unnt að fallast á kröfu um ógildingu á dómi undirréttarins vegna brota á þagnarrétti. Fjallaði dómstóllinn fyrst um forsendur undirréttarins fyrir því að hafna kröfu fyrirtækjanna um að upplýsingar sem framkvæmdastjórn EB hefði fengið frá þeim á grundvelli beiðni samkvæmt 2. mgr. 11. gr. reglugerðar 17 yrðu felldar úr málinu. Undirrétturinn leit svo á að fyrirtækjum væri ekki skylt að svara slíkri beiðni um upplýsingar þar sem sektarheimildin í b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar 17 taki aðeins til þeirra tilvika þegar fyrirtæki, sem samþykkt hefur að svara, veitir rangar upplýsingar. Dómstóll EB staðfesti þetta og sagði að undirrétturinn hefði með réttum hætti gert greinarmun á beiðnum um upplýsingar og ákvörðunum þar sem upplýsinga er krafist, sem auk þess geti leitt til sekta ef fyrirtæki neitar að svara.<sup>43</sup>

Því næst fjallaði dómstóll EB um forsendur undirréttarins varðandi upplýsingar sem framkvæmdastjórnin hafði aflað á grundvelli ákvörðunar samkvæmt 5. mgr. 11. gr. reglugerðar 17. Undirrétturinn hafði talið að óumdeilt væri að tiltekna spurningar sem framkvæmdastjórnin hefði sett fram í ákvörðun sinni væru ólögmetar á sama hátt og samskonar spurningar sem fjallað var um í Orkem málinu (þar sem svör við þeim hefðu getað falið í sér játningu á broti). Hins vegar hefði undirrétturinn litið til þess að fyrirtækin hefðu annað hvort neitað að svara þessum spurningum eða neitað þeim atriðum sem þau voru spurð um. Ólögmeti þessara spurninga hefði því ekki áhrif á lögmeti ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB.<sup>44</sup> Dómstóll EB hafnaði því að ógilda þessa niðurstöðu undirréttarins þar sem fyrirtækin hefðu ekki sýnt fram á það að þessar upplýsingar frá þeim hefðu verið notaðar til að sakfella þau. Í dómi frá 7.

---

<sup>42</sup> Sjá mgr. 275 í dómnum: „*However, both the Orkem judgment and the recent case-law of the European Court of Human Rights require, first, the exercise of coercion against the suspect in order to obtain information from him and, second, establishment of the existence of an actual interference with the right which they define.*“

<sup>43</sup> Sjá m.a. mgr. 279 í dómnum: „*They do not show how the Court of First Instance erred in law, in paragraph 456 of the contested judgment, by basing that rejection on the finding that an undertaking is not obliged to reply to a request for information since the penalty provided for in Article 15(1)(b) of Regulation No 17 applies only where, having agreed to reply, the undertaking provides inaccurate information. The Court of First Instance thus correctly drew the appropriate distinction between a request for information and a decision requiring information, which additionally subjects an undertaking to a penalty in the event of a refusal to reply.*“

<sup>44</sup> Sjá mgr. 282 í dómnum: „*The Court of First Instance stated that it was undisputed that the questions contained in the decisions and challenged by the appellants were the same as those annulled by the Court of Justice in Orkem and that they were therefore vitiated by the same illegality. However, it found that the undertakings had either refused to answer those questions or denied the facts on which they were questioned. It concluded that the illegality of the questions at issue did not affect the legality of the PVC II decision and stated that the appellants had neither identified any answer given specifically to those questions nor indicated the use made of those answers by the Commission in the PVC II decision.*“



janúar 2004 beitti dómstóll EB aftur þeim sjónarmiðum sem fram koma í Orkem málinu.<sup>45</sup>

Samkeppnisráð telur ljóst að sé þessum mælistikum EES/EB-samkeppnisréttar beitt í þessu máli sé ekki unnt að halda því fram að þagnarréttur hafi verið brotinn.<sup>46</sup> Í fyrsta lagi voru upplýsingar á fundum með Samkeppnisstofnun veittar af fúsum og frjálsum vilja og því engri þvingun beitt. Í öðru lagi var engin ákvörðun tekin á grundvelli 39. gr. samkeppnislaga um að krefja félögin um að veita upplýsingar eða gögn og því síður voru lagðar á dagsektir. Bréf sem Samkeppnisstofnun sendi í málinu með vísan til 39. gr. samkeppnislaga fela, líkt og beiðnir framkvæmdastjórnar EB samkvæmt 1–3 mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 17, ekki í sér skyldu til að svara. Sú skylda verður aðeins virk við töku ákvörðunar. Refsiákvæði 2. mgr. 57. gr. samkeppnislaga breytir hér engu því það, líkt og sektarákvæði b-liðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar 17, felur ekki í sér skyldu til að veita upplýsingar heldur tekur einungis til þess þegar fyrirtæki, sem kys að svara óbindandi beiðnum um upplýsingar, veitir rangar upplýsingar.

Í ljósi alls framangreinds fær samkeppnisráð ekki séð að rök standi til þess að mál þetta verði fellt niður eða því frestað þar til niðurstöður lögreglurannsóknar liggja fyrir. Jafnframt er ekki ástæða til að fella á brott úr málinu fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna funda með fulltrúum Olís.

#### 2.1.2.3. Samandregnar niðurstöður

Samandregnar niðurstöður samkeppnisráðs um þennan þátt málsins eru eftirfarandi:

1. Það er lögmaelt hlutverk og skylda samkeppnisyfirvalda að rannsaka og taka ákvarðanir í málum vegna brota á samkeppnislögum. Engin ákvæði er að finna í íslenskum rétti um áhrif þess á rannsókn samkeppnisyfirvalda að hafin sé opinber rannsókn á sömu brotum hjá lögregluyfirvöldum. Leiðir opinber rannsókn því ekki til þess að samkeppnisyfirvöldum beri að fella mál þetta niður eða fresta því. Bann MSE við tvöfaldri saksókn og refsingu verður aðeins virkt þegar fyrir liggja endanleg niðurstaða varðandi það mál sem til meðferðar er hverju sinni. Sú er ekki raunin í þessu máli og kemur bannið því ekki til álita.
2. Hefðbundin gagnaöflunarbréf Samkeppnisstofnunar samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga fela sem slík ekki í sér skyldu fyrirtækja til að afhenda gögn og veita upplýsingar og liggja engin viðurlög við því að svara ekki slíkum bréfum. Skyldan verður einungis virk við það að Samkeppnisstofnun taki stjórnvaldsákvörðun og krefji fyrirtæki um gögn

<sup>45</sup> Sjá dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*.

<sup>46</sup> Hér má hafa í huga að í skýrslu nefndarinnar sem samdi frumvarp til nýrra norskra samkeppnislaga taldi meirihluti nefndarinnar að í norskum samkeppnisrétti ættu að gilda sömu reglur um skyldu til að veita upplýsingar og þagnarrétt og gilda í EB/EES-samkeppnisrétti: NOU 2003:12 *Ny konkurranstlov*, bls. 188.

eða upplýsingar. Í málinu sem er hér til umfjöllunar hefur ekki verið tekin slík ákvörðun og því engri þvingun beitt til að afla upplýsinga. Upplýsingagjöf olíufélaganna á fundum með Samkeppnisstofnun fór fram af fúsum og frjálsum vilja þeirra og var liður í ósk félaganna um samvinnu í því skyni að lækka mögulegar stjórnvaldssektir.

3. Það var ekki forsenda upplýsingagjafar Olís að Samkeppnisstofnun myndi beita sér fyrir því að málið sætti ekki lögreglurannsókn. Samkeppnisstofnun gaf hvorki Olís né starfsmönnum félagsins loforð tengd hugsanlegri lögreglurannsókn.
4. Ákvæði laga um meðferð opinberra mála taka ekki til málsmeðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum og í málinu breytir það engu um notkun fundargerða vegna funda með olíufélagunum að þeir sem veittu upplýsingar hafi síðar fengið réttarstöðu sakborninga í opinberri rannsókn.
5. Gera verður greinarmun á milli annars vegar ábyrgðar og aðgerða fyrirtækja sem sjálfstæðra lögpersóna og hins vegar ábyrgðar og aðgerða þeirra einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækjum. Fyrirtæki verða sjálf að búa yfir vitneskju um eigin málefni og geta ekki borið við vanþekkingu vegna t.d. þess að starfsmenn hafa réttarstöðu grunaðra manna. Ef fyrirtæki hefur vanrækt að grípa til ráðstafana sem tryggja að það búi sjálft yfir vitneskju um aðgerðir sem gripið er til í nafni og þágu þess verður fyrirtækið að bera ábyrgð á þeirri vanrækslu og getur ekki reist neinn rétt á grundvelli hennar.
6. Ekki er skilyrði fyrir töku stjórnvaldsákvörðunar að málsaðilar nýti sér andmælarétt sinn. Mál þetta er nægjanlega upplýst og því heimilt að taka ákvörðun í því þó að Olís og Skeljungur kjósi að tjá sig ekki til fulls í málinu.
7. Skeljungur og Olís var það í sjálfs vald sett hvort félögin tjáðu sig um frumathuganir Samkeppnisstofnunar. Engri þvingun var beitt í því sambandi og því alls ekki um það að ræða að verið væri að knýja starfsmenn félaganna sem sæta lögreglurannsókn til að veita samkeppnisyfirvöldum upplýsingar.
8. Til þess að um brot á þagnarrétti samkvæmt 6. gr. MSE sé að ræða verður m.a. að beita þvingun til að afla upplýsinga frá einstaklingi. Þar sem engri slíkri þvingun hefur verið beitt í málinu hefur þagnarréttur ekki verið brotinn. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að Olís og Skeljungur geta ekki byggt neinn rétt á ákvæðum 6. gr. MSE í máli þessu.
9. Þar sem ákvæði MSE um bann við tvöfaldri refsingu og saksókn og um réttláta málsmeðferð hafa ekki verið brotin geta Olís og Skeljungur ekki byggt kröfu sína um að málinu verði fresta eða það felld niður á þessum ákvæðum MSE.

Að lokum vill samkeppnisráð taka hér fram að það getur ekki fallist á það með Olís að málið sé svo umfangsmikið að ráðið geti ekki tekið ákvörðun í því. Ráðið hefur kynnt

sér efni þessa máls og gögn og farið yfir andmæli oliufélaganna. Telur samkeppnisráð ekkert mæla gegn því að það taki ákvörðun í málinu.

## 2.2. Krafa OHF um að málinu verði vísað frá samkeppnisráði

Í athugasemdum sínum við frumathugun II krefst OHF þess að málinu verði vísað frá samkeppnisráði og það ekki tekið til efnislegrar ákvörðunar að svo stöddu þar sem rannsókn þess sé verulega ábótavant og það því ekki tækt til endanlegrar meðferðar.

OHF telur fyrst og fremst að þrátt fyrir að frumathuganir Samkeppnisstofnunar hafi verið umfangsmiklar í blaðsíðum talið hafi stofnunin ekki uppfyllt skilyrði rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga.

Í fyrsta lagi verði að gera athugasemdir við meðferð sönnunargagna. Í frumathugunum sé ítarlega gerð grein fyrir þeim atvikum sem kunna að vera OHF í óhag. Hver einasta setning á hverjum pappírssnepli, sem hugsanlega sé hægt að álykta frá um að styrki ávirðingar um samráð fremur en veiki, sé týnd til. Mun minni, eða engin, áhersla sé lögð á að kanna þau atvik sem séu OHF til málsbóta, þrátt fyrir að óhjákvæmilegt sé að vísbendingar um slík atvik sé að finna í þeim aragrúa gagna sem hald var lagt á í húsleit Samkeppnisstofnunar hinn 18. desember 2001. Til dæmis megi nefna að fleiri milljónir tölvupóstsendinga hafi verið haldlagðar við rannsókn málsins.

Auk þess að velja einungis út þau sönnunargögn sem óhagstæð séu félaginu verði að telja á mælisvert hvernig Samkeppnisstofnun vinni með gögnin. Efni þeirra gagna sem stofnunin vísar til séu undantekningarlítið túlkað OHF í óhag og mun víðtækari ályktanir dregnar af þeim en efni standi til. Vísar OHF til eins dæmis sem félagið telur styðja mál sitt. Vísar OHF einnig til þess að í hagfræðiskýrslu sem unnin var fyrir félagið komi fram að gagnamedferð Samkeppnisstofnunar virðist vera áfátt.

OHF telur ennfremur að Samkeppnisstofnun hafi vanrækt þá skyldu sína að rannsaka hvert meint brot áður en kveðið er á um sekt. Tilgátu Samkeppnisstofnunar um svokallað „*samfellt samráð*” sé ætlað að leysa stofnunina undan þeirri skyldu að rannsaka málið ofan í kjölinn. Skiljanlegt sé að Samkeppnisstofnun vilji auðvelda sér starfið með því að sleppa því að greina einstök brot og sanna þau. Hins vegar standist þessi vinnubrögð þó hvorki kröfur samkeppnisréttar né meginreglur íslensks réttar um sönnun á meintum brotum.

Þá yfirsjáist Samkeppnisstofnun oft hrapalega ýmis atriði sem geti verið félaginu í hag og rannsaka þurfi ítarlega áður en að slegið sé föstu að OHF hafi gerst sekt um lögbrot. Ekki sé hægt að gefa sér að þessi atriði hafi ekki verið til staðar án undangenginnar rannsóknar. Sem dæmi um þessi atriði megi nefna að engin tilraun sé gerð til að greina hagfræðilega hver ávinningur af meintu samráði hafi verið umfram

þann ávinning sem hefði náðst án ólögmæts samráðs í ljósi hagsveiflna og eðli markaðarins. Þetta sé að sjálfsgöðu algert grundvallaratriði þegar metið sé hvort ávinningurinn af meintu ólögmætu samráði hafi verið meiri en 40 millj. króna mörkin. OHF setur í þessu sambandi fram ýmis önnur sjónarmið um að mat Samkeppnisstofnunar í frumathugun II á meintum ávinningi olíufélaganna hafi verið verulega ábótavant, sbr. einnig umfjöllun í kafla X.

OHF kveður að þau atriði sem hér hafi verið nefnd í dæmaskyni nægi ein og sér til þess að sýna fram á að brotið hafi verið gróflega á rétti félagsins við rannsókn málsins. Auk rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga brjóti rannsóknin gegn meginreglu 6. gr. MSE og 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð. OHF sé sakað um refsiverða háttsemi og eigi því að hljóta réttláta málsmeðferð í samræmi við þessar grundvallarreglur. OHF vísar í þessu sambandi einnig til 31. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þar sem fram kemur að þeir sem fara með ákærvald og annast rannsókn skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfi til sýknu og sektar.

Samkeppnisstofnun hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gera verði til rannsóknar á þeim brotum sem félagið sé sakað um að hafa framið til þess að hægt sé að kveða upp úr um sekt félagsins. Brotnar hafi verið mikilvægar málsmeðferðarreglur sem ætlað sé að tryggja réttaröryggi félagsins. Samkeppnisstofnun hafi ekki starfað sem hlutlaust stjórnvald sem rannsaki allar hliðar málsins. Sú spurning vakni hvort OHF hafi notið þess réttar að teljast saklaust uns sekt sé sönnuð eða hvort Samkeppnisstofnun hafi gefið sér fyrirfram að brotið hafi verið gegn lögnum og hagað vinnu sinni í samræmi við það að einungis þyrfti að leita eftir atriðum sem bentu til sektar. Umhugsunarvert sé í þessu ljósi að velja því fyrir sér hvort málefnaleg sjónarmið hafi ráðið för við rannsókn málsins eða hvort tryggt sé að ákvörðun verði byggð á málefnalegum sjónarmiðum verði málið tekið til ákvörðunar samkeppnisráðs í þeim búngingum sem það sé í núna.

OHF telji að rannsókn Samkeppnisstofnunar hafi verið hroðvirknislega unnin. Samkeppnisstofnun hafi ekki rannsakað alla þá þætti sem máli skipta, sérstaklega þá sem kunnir að vera OHF í hag. Engu líkara sé en að komist hafi verið að niðurstöðu fyrirfram og síðan hafi verið reynt af veikum mætti að renna stöðum undir niðurstöðuna. Ágæt vísbending um þetta séu niðurstöðukaflar seinni frumathugunarinnar. Þeir beri þess merki að í raun hafi að mjög takmörkuðu leyti verið hugað að niðurstöðum sérstaklega fyrir hvert og eitt tímabil. Kaflarnir séu nánast samhljóða. Svo vasklega hafi verið gengið fram í því að skrifa upp eftir niðurstöðu fyrri kafla að stundum gleymist að skrifa það ártal sem við á hverju sinni.

Verði þrátt fyrir framangreint talið að málið sé tækt til ákvörðunar samkeppnisráðs, krefst OHF þess að litið verði til ofangreindra annmarka á rannsókn málsins, komi til

ákvörðunar viðurlaga. Brot á mikilvægum réttarreglum sem settar séu til þess að vernda rétt þess sem borinn er sökum hafi áhrif til lækkunar refsinga í íslenskum rétti, sbr. t.d. ummæli í Hæstaréttardómi frá 1996 á bls. 2610.

Til stuðnings öllu því sem rakið hefur verið hér að framan bendir OHF á að enn ríkari kröfur verði að gera til málsmeðferðar feli stjórnvaldsákvörðun í sér refsingu eða refsikennd viðurlög, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2778/1999, máli nr. 2036/1997 og í máli nr. 107/1996.

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að Samkeppnisstofnun hefur í málinu ritað tvær frumathuganir. Eins og fram kemur í 2. mgr. 16. gr. reglna nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda felst ekki í frumathugun samkeppnisyfirvalda bindandi stjórnvaldsákvörðun. Í ákvæðinu segir að frumathugun sé rituð í því skyni að stuðla að því að málið sé að fullu upplýst áður en ákvörðun er tekin og í því skyni að auðvelda aðila að nýta sér andmælarétt sinn. Samkvæmt þessu er ljóst að frumathuganir samkvæmt reglum nr. 922/2001 eru í eðli sínu undirbúnings skjöl sem innihalda frummat Samkeppnisstofnunar á atvikum málsins og eru teknar saman í þeim tilgangi að tryggja eftir föngum að samkeppnisráð taki rétta ákvörðun. Af þessu leiðir einnig að samkeppnisráð er með öllu óbundið af ályktunum Samkeppnisstofnunar í frumathugunum hennar og er það ávallt tekið fram í bréfum sem fylgja þeim. Þegar þessi tilgangur og þetta eðli frumathugana í samkeppnismálum er virt telur samkeppnisráð að það geti ekki varðað frávísun þó skýringar hafi komið fram á einstökum tilvikum sem talin voru meint brot gegn samkeppnislögum í frumathugun.

Í athugasemdum sínum við frumathuganir I og II í máli þessu hefur OHF sett fram sín sjónarmið og gagnrýnt ályktanir Samkeppnisstofnunar um fjölmörg atvik málsins. Jafnframt hefur félagið gert ýmsar athugasemdir við túlkun stofnunarinnar á ákvæðum samkeppnislaga. Samkeppnisráð mun í ákvörðun þessari taka rökstudda afstöðu til þessara sjónarmiða OHF, þ.m.t. til sjónarmiða félagsins varðandi meint samfellt samráð olíufélaganna og hugsanlegan ávinning þeirra af hinu meinta samráði. Að mati ráðsins eru það rétt og eðlileg viðbrögð við framangreindum athugasemdum OHF.

Eins og nefnt var fullyrðir OHF að Samkeppnisstofnun geri nánast eingöngu grein fyrir gögnum sem séu félaginu í óhag. Jafnframt túlki stofnunin gögn málsins OHF í óhag og dragi mun víðtækari ályktanir af þeim en efni standi til. Telur OHF það vera álitamál hvort félagið hafi notið þess réttar að teljast saklaus uns sekt sé sönnuð. Lítur félagið svo á að brotið hafi verið gegn rétti þess og vísar í því sambandi til 6. gr. MSE, 70. gr. stjórnarskrár og laga um meðferð opinberra mála. Í kafla III 1.2.4 hér á eftir verður gerð grein fyrir því að reglur refsiréttar og opinbers réttarfars gilda ekki um málsmeðferð fyrir samkeppnisyfirvöldum. Einnig er þar gerð grein fyrir tengslum samkeppnislaga og ákvæða MSE, sbr. einnig umfjöllun í kafla I 2.1.2 hér að framan.

Vísast til þessarar umfjöllunar. Samkeppnisráð bendir hér einnig á að almennt er ekki um að ræða brot á reglunni um sakleysi uns sekt er sönnuð ef ályktanir um möguleg brot eru studdar sönnunargögnum.<sup>47</sup> Eins og eftirfarandi umfjöllun um atvik málsins sýnir verður að líta svo á að ályktanir Samkeppnisstofnunar í frumathugunum málsins hafi a.m.k. í öllum aðalatriðum stuðst við gögn frá olúfélögunum sjálfum. Hér verður einnig að hafa aftur í huga að frumathugun Samkeppnisstofnunar er ekki stjórnvaldsákvörðun heldur undirbúningsgagn sem málsaðilar geta tjáð sig um. Það hefur OHF gert bæði skriflega og munnlega fyrir samkeppnisráði. Félagið hefur undir höndum öll þau gögn sem ákvörðunin er byggð á sem og önnur gögn sem haldlögð voru í húsleit hjá félaginu. Hefur félagið því haft möguleika á því að leiða í ljós atvik sem kunna að vera félaginu hagstæð eða vísa til gagna sem varpa öðru ljósi á þau atriði sem Samkeppnisstofnun telur ámælisverð. OHF getur síðan skotið niðurstöðu samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem hefur fullt endurskoðunarvald yfir ákvörðunum samkeppnisráðs, og eftir atvikum til dómstóla. Samkeppnisráð fær ekki séð að þessi málsmeðferð öll geti talist vera óréttlát eða óvönduð.

Varðandi tilvísun OHF til gagnaóreiðu bendir samkeppnisráð á þetta. Í frumathugun Samkeppnisstofnunar er leitast við að vísa með nákvæmum hætti til allra þeirra gagna sem ályktanir stofnunarinnar byggjast á. Jafnframt hefur verið tekinn saman listi yfir gögn málsins og OHF hefur fengið afrit af þeim gögnum. Félagið hefur ekki gert athugasemdir við þann lista eða bent á einhver tiltekin mistök varðandi gagnameðferð Samkeppnisstofnunar.

---

<sup>47</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-67/01 *JCB Services v Commission* [2004] 4 CMLR 24: „... a general presumption of the guilt of the undertaking concerned can be attributed only if the findings of fact it made in the decision were not supported by the evidence it furnished.“

## II.

### MARKAÐURINN OG STAÐA FYRIRTÆKJA Á HONUM

Eins og ráða má af úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001 ráðast skilyrði fyrir því að beita 10. gr. samkeppnislaga ekki að öllu leyti af stöðu fyrirtækja á viðkomandi markaði. Byggt er einnig á þessu sjónarmiði í EES/EB-samkeppnisrétti.<sup>48</sup> Greining á markaðnum getur hins vegar skipt máli við mat á því hvort minniháttarregla 13. gr. samkeppnislaga eigi við og við mat á alvarleika brotsins við ákvörðun stjórnvaldssekta. Eins og áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur bent á telst samráð því alvarlegra þeim mun stærri sem markaðurinn er sem samráðið nær til. Með svipuðum hætti megi almennt telja samráð alvarlegra eftir því sem staða viðkomandi fyrirtækja er sterkari á markaðnum. Í athugasemdum OHF við frumathugun II kemur fram að félagið sé sammála þessu mati. Félagið telur að minniháttarregla 13. gr. laganna eigi ekki við. Greining á markaðnum og stöðu aðila á honum skipti fyrst og fremst máli vegna hugsanlegra stjórnvaldssekta.

Mál þetta tekur til innflutnings, heildsölu- og smásöludreifingar á olíuvörum. Með olíuvörum er hér átt við allar gerðir fljótandi eldsneytis, própangas og smurolíu og skyldar vörur s.s. white spirit, frostlög og rúðuvökva.

Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vörumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Í kaflanum verður einnig lýst stöðu viðkomandi fyrirtækja á markaðnum.

#### 1. Markaðurinn

##### 1.1. Landfræðilegi markaðurinn

OHF rekur um 100 þjónustustöðvar vítt og breitt um landið, eins og það er orðað á heimasíðu félagsins. Olís rekur 62 þjónustustöðvar um land allt. Saman eiga þessi fyrirtæki Olíudreifingu ehf. sem annast dreifingu á olíuvörum um land allt fyrir eigendur sína. Skeljungur er með starfsemi á um 100 stöðum á landinu. Samkvæmt þessu verður að telja að starfsemi olíufélaganna taki í aðalatriðum til landsins alls. Er því rétt að líta svo á að landfræðilegi markaðurinn sem olíufélögin starfa á sé Ísland.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að við mat á markaðsstyrk aðila þessa máls hafi ekki sérstaka þýðingu að greina á milli einstakra landfræðilega markaða. Er því fallist á að landfræðilegi markaðurinn í þessu máli sé Ísland. Þó segir í

---

<sup>48</sup> Sjá hér Ritter, Braun og Rawlinsson, *European Competition Law*, bls. 102. Þar segir að framkvæmd framkvæmdastjórnar EB sýni að engin þörf sé á nákvæmri markaðsskilgreiningu þegar um „augljósar“ samkeppnishömlur sé að ræða („no need of systematic market analysis in cases of „obvious!“ restrictions“). Bent er á að slík augljós brot séu t.d. verðsamráð og markaðsskipting. Sjá einnig dóm undirritar EB í máli nr. T-62/98 *Volkswagen AG v. Commission* [2000] 5 CMLR. 833.

athugasemdum félagsins að landfræðilegir markaðir í málinu séu í raun býsna margir og að hin meintu brot varði oft einungis ákveðna landfræðilega markaði, en ekki landið allt. Þannig væri hvert hinna meintu brota alls ekki jafn alvarlegt og ef um væri að ræða eitt brot sem tæki til alls landsins í heild sinni. Samkeppnisráð mun fjalla um alvarleika brota í kafla X í þessari ákvörðun. Í athugasemdum Olís og Skeljungs er ekki fjallað um landfræðilega markaðinn.

## 1.2. Vörumarkaðurinn

Í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar segir að færa megi fyrir því rök að hver eldsneytistegund fyrir sig geti talist til sérstaks vörumarkaðar í skilningi samkeppnislaga.<sup>49</sup> Eftirspurnarstaðganga sé t.a.m. ekki fyrir hendi hjá eigendum annars vegar dísilbifreiða og eigendum bifreiða sem ganga fyrir bensíni hins vegar. Jafnframt sé ljóst að einstakar tegundir smurolíu geti með hliðsjón af eftirspurn tilheyrt sérstökum undirmörkuðum. Hugsanlegt sé einnig að sala á própangasi skiptist í undirmarkaði, t.d. eftir umbúðum. Á hinn bóginn verði að horfa til þess að olíufélögin séu lóðrétt samþætt fyrirtæki sem ýmist sjálf, eða fyrirtæki í þeirra eigu, annist innflutning, dreifingu og sölu á öllum helstu tegundum eldsneytis, smurolíu og gass. Því fái stofnunin ekki séð að veigamikil rök standi til þess að greina markaðinn í undirmarkaði í þessu máli. Í því sambandi skipti og máli að atvik þessa máls tengist viðskiptum með allar tegundir af eldsneyti, smurolíu og gasi. Sökum þessa telji Samkeppnisstofnun eðlilegt að líta á vörumarkaðinn í þessu máli sem heildarmarkaðinn fyrir sölu á olíuvörum.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að ekki sé ástæða til að andmæla framangreindri markaðsskilgreiningu. Félagið bendir þó á að hvert hinna meintu brota varði einungis ákveðinn eða ákveðna vörumarkaði en ekki allan heildarmarkaðinn fyrir olíuvörur í hvert sinn og væri alvarleiki brota því minni en ella. Í athugasemdum Olís og Skeljungs er ekki fjallað um vörumarkaðinn.

Með hliðsjón af framangreindu telur samkeppnisráð að vörumarkaðurinn í þessu máli sé heildarmarkaðurinn fyrir sölu á olíuvörum. Á hinn bóginn er gagnlegt í málinu að átta sig á þróun á helstu undirmörkuðum og stöðu málsaðila á þeim.

## 2. **Staða fyrirtækja á markaðnum**

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands nam verðmæti innflutnings (fob) á eldsneyti og smurolíum á árinu 2000 um 9,2% af verðmæti alls innflutnings til landsins og 8,9% á árinu 2001. Ljóst er að bensín og olíur vega almennt um 4–5% af útgjöldum almennings samkvæmt vísitölu neysliverðs. Þá vega útgjöld vegna kaupa á

<sup>49</sup> Um skilgreiningu í samkeppnisrétti á mörkuðum sem olíufélög starfa á má t.d. vísa til ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB í *Exxon/Mobil* samrunamálinu, mál nr. M.1383 frá 29.9.1999.



olíuvörum þungt í ýmsum atvinnugreinum, einkum fiskveiðum og samgöngum, en samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar námu útgjöld til olíukaupa fiskveiðiflotans 6.218,4 milljónum króna á árinu 2000 eða um 12,1% af rekstrargjöldum alls. Á árinu 2001 var sambærileg upphæð 6.600 milljónir króna eða 11,5% af heildarútgjöldum flotans.<sup>50</sup> Til marks um þýðingu olíuvara í samgöngum má nefna að samkvæmt ársreikningi Flugleiða hf. fyrir árið 2001 námu eldsneytiskaup móðurfélagsins 4.626 milljónum króna eða um 15,9% af rekstrargjöldum alls. Af þessu er ljóst að vörur þessar hafa mikla þjóðhagslega þýðingu.

Nánari skoðun á gögnum um innflutning olíuvara leiðir í ljós að hlutdeild olíufélaganna þriggja í verðmæti innflutnings á fljótandi eldsneyti, gasi og smurólíum var um 99% á árinu 2001. Sambærileg niðurstaða kemur í ljós við athugun á gögnum um innflutning á öllu því tímabili sem athugun þessi nær til, þ.e. árunum 1993–2001.<sup>51</sup> Af þessu er ljóst að olíufélögin þrjú hafa á þessu tímabili verið nánast einráð um innflutning á eldsneyti og smurólíum til landsins. Mat á stöðu málsaðila á markaðnum snýst því fyrst og fremst um innbyrðis samanburð á stöðu olíufélaganna þriggja, þar sem almennt hefur ekki verið öðrum keppinautum til að dreifa.

Í athugasemdum sínum leitast OHF við að færa rök að því að Samkeppnisstofnun hafi ofmetið styrk olíufélaganna með því að segja að hlutdeild þeirra í verðmæti innflutnings á fljótandi eldsneytis, gasi og smurólíum á árinu 2001 hafi verið um 99%. Byggist gagnrýnin annars vegar á því að olíufélögin hafi orðið undir í samkeppni frá Færeyjum í sölu á olíu til skipa og hins vegar að innkoma Atlantsolíu ehf. á markaðinn hafi sýnt að nýir aðilar eigi auðvelt með að koma inn á markaðinn. Samkeppnisráð telur þó að hvorugt þessara atriða hafi verulega þýðingu í málinu.

Framangreindar upplýsingar um 99% samanlagða markaðshlutdeild olíufélaganna þriggja eru tölfræðileg staðreynd sem ekki verður horft framhjá. Færeysk olíufélög stunda ekki starfsemi hér á landi. Þótt aðstæður hafi stundum verið þannig, vegna veiða eða ferða íslenskra skipa í námunda við Færeyjar að það hafi hentað þeim að sigla þangað til að kaupa þar olíu, verður ekki litið á slík frávik svo að þar með hafi íslenski markaðurinn stækkað, heldur er þetta einfaldlega sambærilegt við bein erlend innkaup útgerða, líkt og þegar farskip kaupa olíu í erlendum höfnum. Tilvísanir OHF til upplýsinga á heimasíðu Atlantsolíu sem eiga að sína fram á auðvelda innkomu þess félags á markaðinn hafa takmarkaða þýðingu í þessu máli. Fyrirtækið Atlantsólía, sem stofnað var í júní 2002, hóf fyrst afgreiðslu á olíu haustið 2003 og í júlí 2004 var starfsemi þess ennþá takmörkuð við eina þjónustustöð í Hafnarfirði og aðra í Kópavogi. Á sama tíma voru þjónustustöðvar hinna félaganna þriggja samtals á þriðja

<sup>50</sup> *Hagur fiskveiða og fiskvinnslu 2000 og 2001*, rit Þjóðhagsstofnunar nr. 3/2002.

<sup>51</sup> Frá þessu er sú undantekning að til og með árinu 1998 önnuðust Flugleiðir innflutning á þotueldsneyti til eigin nota vegna tiltekinna flugleiða á vegum félagsins. Verður nánar fjallað um þetta atriði síðar. Jafnaðarlega nam þessi innflutningur riflega 4% af verðmæti innflutnings olíuvara alls. Á þessum tíma var því samanlögð hlutdeild olíufélaganna lægri sem þessu nemur eða um 95%.

hundrað talsins. Rannsókn þessa máls tekur til árána 1993–2001. Á þeim tíma kom enginn nýr aðili inn á olíumarkaðinn, nema Orkan, sem í upphafi var að 1/3 hluta í eigu Skeljungs og er að 80% í eigu félagsins frá 1. nóvember 2001. Innkoma kanadíska olíufélagsins Irwing mistókst hins vegar. Innkoma Atlantsolíu á markaðinn, sem ennþá verður að teljast takmörkuð, á sér stað eftir að rannsóknartímabili þessa máls lauk og við aðrar markaðsaðstæður, þ.e. þegar fyrir lá að Samkeppnisstofnun hafði hafið rannsókn á meintu ólögmetu samráði olíufélaganna. Samkeppnisráð telur á hinn bóginn rétt að líta til stöðu olíufélaganna á markaðnum á rannsóknartímabilinu, en ekki 2–3 árum eftir að því lauk.

### 2.1. Fljótandi eldsneyti og meginflokkar þess

Fljótandi eldsneyti skiptist í tiltölulega fáar, nokkurn veginn samkynja vörutegundir. Tegundirnar eru 8–10 talsins, en gjarnan eru þær þó dregnar saman í fjóra meginflokka:

#### 1. *Bilabensín*

Undir þetta falla nú 95, 98 og 99 oktana blýlaust bensín. Áður voru einnig 92ja oktana blýlaust bensín og 98 oktana blýbensín á markaðnum, en sölu þessara tegunda hefur verið hætt hér á landi.

#### 2. *Gasolíutegundir*

Þessum flokki tilheyra dísilolía, gasolía, skipagasolía / flotaolía, MD- og SD-skipaolíur.

#### 3. *Svartolía*

#### 4. *Flugeldsneyti*

Flugeldsneyti skiptist í flugsteinolíu eða þotuelsneyti (öðru nafni „jet“) og flugbensín (öðru nafni „avgas“).


#### 2.1.1. Heildarsala eldsneytis

Á mynd 1 er sýnd magnþróun í sölu á fljótandi eldsneyti á árunum 1991–2001 skipt eftir meginflokkum.<sup>52</sup> Hvað verðmæti varðar má benda á að heildarsala fljótandi eldsneytis nam u.þ.b. 33 milljörðum króna á árinu 2001.

Fram kemur að í heild hefur eldsneytissala vaxið talsvert á þessu tímabili. Þannig var salan alls um 726 milljónir lítra á árinu 1991, en á árinu 2000 hafði hún náð um 905 milljónum lítra. Umtalsverður samdráttur varð þó í sölu á árinu 2001 og nam hún þá um 855 milljónum lítra.

---

<sup>52</sup> Það sem hér er greint frá um sölu á fljótandi eldsneyti og markaðshlutdeild í einstökum flokkum þess byggist einkum á upplýsingum frá olíufélagunum til Samkeppnisstofnunar og grundvallast þær á seldu magni í lítrum.




Á þessu tímabili hefur bensínsala vaxið tiltölulega hægt en þó jafnt og þétt, úr um 168 milljónum lítra á árinu 1991 í um 191 milljónir lítra á árinu 2001.

Sala á gasolíutegundum hefur vaxið hraðar, þótt sveiflur hafi verið ívið meiri ár frá ári og samdrátturinn árið 2001 hafi einkum komið fram í þessum tegundum, ásamt flugeldsneyti. Á árunum 1999–2001 varð svartolíusala talsvert minni en árin á undan.

Notkun á flugeldsneyti hér á landi hefur vaxið mikið á nefndu tímabili eða úr um 100 milljónum lítra á árinu 1991 í um 170 milljónir lítra á árinu 2000. Magnið minnkaði síðan í um 150 milljónir lítra á árinu 2001. Tekið skal fram að hér er meðtalinn innflutningur Flugleiða á þotueldsneyti, en fram til ársins 1999 stundaði félagið innflutning til eigin nota vegna Ameríkuflugs þess og flugs til Kaupmannahafnar. Frá árinu 1999 hefur Skeljungur hins vegar annast innflutning og sölu á öllu þotueldsneyti sem vélar Flugleiða taka á Keflavíkurflugvelli.

### 2.1.2. Markaðshlutdeild í eldsneytissölu alls


Til þess að greina stöðu félaganna á markaðnum eru hér sýnd súlurit um markaðshlutdeild í sölu fljótandi eldsneytis í heild (miðað við lítrafjölda) í fyrrnefndum fjórum meginflokkum á árunum 1991–2001. Innflutningur Flugleiða á eldsneyti til eigin nota er eina markverða dæmið um að aðilar aðrir en olúfélögin þrjú hafi á umræddu tímabili annast innflutning á fljótandi eldsneyti. Að öðru leyti hafa olúfélögin verið ein um markaðinn á innflutnings- og heildsölustigi.




Af þessum upplýsingum er ljóst að hlutdeild OHF í sölu fljótandi eldsneytis, sem var hæst framan af tímabilinu, hefur farið minnkandi. Eftir nokkra aukningu um miðbik tímabilsins, hefur hlutdeild Olís staðið í stað. Hlutdeild Skeljungs hefur á hinn bóginn farið vaxandi, einkum frá og með árinu 1999. Þar skiptir mestu að frá þeim tíma hefur Skeljungur annast innflutning og sölu á öllu þotueldsneyti til Flugleiða á Keflavíkurflugvelli. Áður önnuðust Flugleiðir innflutning á eldsneyti sem vélar félagsins tóku hér á landi vegna Ameríkuflugs þess og flugs til Kaupmannahafnar, en keyptu af oliufélögunum þotueldsneyti vegna annars millilandaflegs. Á árunum 1993–1998 hafði OHF þau viðskipti með höndum, auk þess að annast flutning á eldsneyti í eigu Flugleiða frá Hafnarfirði til Keflavíkurflugvallar.

### 2.1.3. Markaðshlutdeild í meginflokkum eldsneytis

Markaðshlutdeild félaganna í einstökum meginflokkum eldsneytis er sýnd í eftirfarandi súlurítum.




Eins og sjá má hafa átt sér stað mjög hægfara breytingar á markaðshlutdeild í bílabensíni.<sup>53</sup> OHF hefur haft þar stærstan hlut, en hann hefur þó farið heldur minnkandi, á móti því sem hlutdeild Skeljungs hefur vaxið. Hlutdeild Olís hefur að mestu staðið í stað.




<sup>53</sup> Auk olíufélaganna þriggja annast Orkan dreifingu á bensíni og dísilolíu á ómönnuðum bensínstöðvum sínum. Orkan flytur ekki inn eldsneyti heldur kaupir það af Skeljungu. Sala til Orkunnar er innifalin í sölutölum Skeljungs.

Minnt er á að orðið „gasolíutegundir“ tekur til dísilolíu, gasolíu (bæði til sjávar- og landnotkunar), skipagasolíu (hjá OHF er þessi tegund nefnd flotaolía) og MD- og SD-skipaolíu. Í þessum flokki hafa á umræddu tímabili orðið ívið meiri breytingar á markaðshlutdeild en í bílabensíni. Þróunin hefur almennt orðið sú að hlutdeild OHF, sem var langstærst í upphafi tímabilsins, hefur farið lækkandi, en hlutdeild Olís og Skeljungs, sem oftast hefur verið mjög áþekkt, hefur þokast upp á við úr 26–28% í 29–31%. Breytingar á markaðshlutdeild milli ára eru talsvert meiri en í bílabensíni. Þrátt fyrir talsverða lækkun á hlut OHF, hafði félagið í lok tímabilsins áfram greinilega forystu á þessu sviði.



Mun meiri breytingar hafa orðið á markaðshlutdeild í flugeldsneyti en í öðru eldsneyti. Þróunin markast mjög af því hve Flugleiðir eru stór kaupandi að slíku eldsneyti. Eins og fyrr sagði önnuðust Flugleiðir innflutning á eldsneyti til eigin nota vegna Ameríku- og Kaupmannahafnarflugs félagsins til og með árinu 1998, en eldsneyti vegna annars flugs félagsins frá Keflavíkurflugvelli var keypt af olíufélagunum. Á árinu 1993 sömdu Flugleiðir við OHF, í kjölfar útboðs, um kaup á þotueldsneyti á Keflavíkurflugvelli og héldust þau viðskipti til ársins 1998. Áður hafði Skeljungur annast þessi viðskipti. Á sama tímabili voru í gildi verksamningar milli Flugleiða og OHF um að OHF annaðist flutning á eigin eldsneyti Flugleiða frá Hafnarfirði til Keflavíkurflugvallar. Á árinu 1999 varð síðan sú breyting að Flugleiðir ákváðu að beina innkaupum sínum vegna Evrópuflugs til Skeljungs. Jafnframt ákváðu Flugleiðir að hætta eigin innflutningi á eldsneyti vegna Ameríkuflugs en kaupa það þess í stað einnig af Skeljungi. eru þessar breytingar á innkaupamynstri Flugleiða

meginskýringin á þeim miklu sveiflum í markaðshlutdeild í flugeldsneyti, sem fram koma á súluritinu hér að framan. Þessar breytingar endurspeglast raunar einnig á mynd 2 um markaðshlutdeild í fljótandi eldsneyti alls, þar sem markaðshlutdeild Skeljungs eykst verulega á árinu 1999, á móti því sem eigin innflutningur Flugleiða hverfur, en þegar mest var nam hann um 8% af heildarmarkaðnum fyrir fljótandi eldsneyti á árinu 1998.




Þróun markaðshlutdeildar í svartolíu er sýnd á mynd 6. Minnt er á að frá árinu 1998 hefur orðið talsverður samdráttur í heildarsölu á svartolíu, en sala þessi er ekki síst háð árferði í veiðum og vinnslu á loðnu og síld, ásamt markaðsverði á lýsi og mjöli.

Eins og sjá má hefur markaðshlutdeild í svartolíu í meginatriðum þróast þannig að hlutdeild OHF, sem var langstærst í upphafi tímabilsins, hefur dregist nokkuð saman, en hlutdeild Skeljungs hefur vaxið síðustu þrjú árin. Á árunum 1997–1999 jókst hlutdeild Olís umtalsvert, en lækkaði síðan á ný á árunum 2000–2001 og var svipuð og framan af tímabilinu, eða 28–30%.

## 2.2. Smurolía

Samkvæmt upplýsingum tollyfirvalda hefur árlegur heildarinnflutningur á smurolíum og smurfeiti á tímabilinu 1993–2001 verið u.þ.b. 5.700–7.600 tonn, en þó oftast á bilinu 6.700–7.000 tonn. Á mynd 7 er sýnd markaðshlutdeild í smurolíum og smurfeiti miðað við hlutfallslega skiptingu þessa innflutnings samkvæmt nettóþyngd.



Innflytjendur á þessum vöruflokki hafa á þessu tímabili jafnaðarlega verið alls um 115–130 talsins. Eins og sjá má hefur þó hlutdeild olíufélaganna þriggja í þessum innflutningi verið yfirgnæfandi eða 97–98%. 2–3% innflutningsins skiptist m.ö.o. milli um 110–125 innflytjenda. Þar af hefur um helmingurinn verið í höndum Bílanausts hf. Innflutningur Bílanausts hf. á smurolíu dróst þó talsvert saman á árunum 2000 og 2001.

OHF hefur haft hæsta hlutdeild á þessum markaði, um 42–45%. Framan af tímabilinu var hlutdeild Olíuverzlunar Íslands og Skeljungs svipuð, 27–29% hjá hvoru félagi, en frá 1998 hefur hlutdeild Olís vaxið nokkuð og að sama skapi dregið úr hlut Skeljungs.


### 2.3. Gas

Á tímabilinu 1993–2001 hefur árlegur heildarinnflutningur á própangasi verið á bilinu 1.200–2.500 tonn. Hefur þessi innflutningur að heita má allur verið á hendi olíufélaganna og dótturfélags þeirra, Gasfélagsins ehf., en innflutningur annarra aðila hefur verið hverfandi lítill eða vel innan við 1% að magni til.<sup>54</sup> Framan af var hlutdeild Skeljungs um 60–70% og OHF 30–40%, en Olís keypti gas í heildsölu af Skeljungi. Eftir að Gasfélagið hóf starfsemi á árinu 1996 var allur innflutningur á própangasi í höndum þess til og með árinu 2001.

<sup>54</sup> Ísaga ehf. hefur frá árinu 1998 annast sölu á gasi til iðnaðar í 11 og 33 kg hylkjum, sem félagið hefur keypt af Gasfélaginu. Á árinu 2002 hóf Ísaga sjálfstæðan innflutning á gasi á 10 kg hylkjum fyrir neytendamarkað. Umsvif Ísaga á þessu sviði eru þó óveruleg miðað við innflutning og sölu Gasfélagsins og olíufélaganna.



Samkvæmt upplýsingum olíufélaganna til Samkeppnisstofnunar var árleg heildarsala þeirra á gasi á tímabilinu 1996–2001 á bilinu 1.430–1.790 tonn. Auk þess hefur Gasfélagið selt beint til stórnotenda, einkum í áliðnaði. Á mynd 8 er sýnd markaðshlutdeild olíufélaganna í sölu á própangasi á árunum 1996–2001, miðað við þyngd.



Af þessari mynd má ráða að Skeljungur hefur lengi haft hæsta markaðshlutdeild í sölu á gasi, 45–50%. Hlutdeild OHF hefur oftast verið 30–35% og hlutur Olís því minnstur, eða 20–25%. Síðustu tvö árin hefur markaðshlutdeild félaganna þó jafnast með því að hlutur Skeljungs hefur minnkað en hlutur OHF og Olís vaxið.

#### 2.4. White spirit

Auk þess sem white spirit (WS)<sup>55</sup> er notað sem hreinsiefni og í málningarvinnslu er það notað í miklum mæli sem íblöndunarefni í asfalt. Talsverðar sveiflur hafa verið ár frá ári í innflutningi þess. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands nam árlegt heildarmagn innflutnings á árunum 1999–2002 þannig á bilinu tæplega 1.900 til rúmlega 3.100 tonnum. Á sama tíma var cif-verðmæti innflutnings á bilinu 45 til 122 milljónir króna ár hvert.

Skeljungur hefur lengi verið langstærsti innflytjandinn á þessari vöru, með yfir 90% af innfluttu magni alls. Til skamms tíma hefur verið samstarf milli Skeljungs og Olís um innkaup, innflutning og birgðahald á WS, og var varan þá keypt af erlendum birgja Skeljungs og flutt inn sameiginlega. OHF hefur keypt WS af hinum

<sup>55</sup> Á íslensku er þessi vara ýmist nefnd arómatsnauð terpentína eða lakkbensín. Meðal olíufélaganna er enska heiti vörunnar þó jafnaðarlega notað.

olíufélögunum. Auk málningarverksmiðja er Vegagerð ríkisins meðal stærstu kaupenda á WS, en bæði Skeljungur og Olís hafa selt stofnuninni þessa vöru í kjölfar árlegs útboðs/verðkönnunar hennar. Er þeim viðskiptum lýst í kafla IV. Á árinu 2001 snéri Olís sér til annars birgja og tókst þá að ná öllum viðskiptum við Vegagerðina, en með því lauk samstarfi félaganna um innkaup og birgðahald á WS. Við þessa breytingu jókst hlutdeild Olís í innflutningi og sölu á þessum markaði en vægi Skeljungs minnkaði. Samanlagt er hlutdeild Skeljungs og Olís þó áfram yfir 90% á þessum markaði.

## 2.5. Niðurstaða

Markaðurinn í máli þessu tekur til fljótandi eldsneytis og annarra olíuvara, en vörur þessar hafa mikla þjóðhagslega þýðingu. Landfræðilegi markaðurinn er Ísland. Samkvæmt framansögðu er ljóst, hvort sem litið er á markaðinn í heild sinni eða með hliðsjón af einstökum undirmörkuðum, að olíufélögin hafa mjög sterka stöðu á markaðnum, og í heild skipta þau með sér um 99% þess markaðar sem um ræðir í þessu máli. Að sama skapi er ljóst að minniháttarregla 13. gr. samkeppnislaga á ekki við í þessu máli. Að öðru leyti er ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um markaðinn og stöðu olíufélaganna á honum.

### III. SAMFELLT SAMRÁÐ OLÍUFÉLAGANNA

Gögn þessa máls sýna að olíufélögin þrjú hafa frá gildistöku samkeppnislaga haft viðtækt, áframhaldandi og ólögmeitt samráð um verð, skiptingu markaða og gerð tilboða. Er þetta í málinu nefnt samfellt samráð og verður í þessum kafla gerð grein fyrir aðalatriðum í þessu samstarfi olíufélaganna. Fyrst verður vikið að ýmsum atriðum sem tengjast túlkun á 10. gr. samkeppnislaga.

#### 1. 10. gr. samkeppnislaga

Í 10. gr. samkeppnislaga, eins og ákvæðið hljóðaði fram til gildistöku laga nr. 107/2000, segir:

*„Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:*

*a. verð, afslætti eða álagningu*

*b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni,*

*c. gerð tilboða.*

*Samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikning á verði, afslætti og álagningu er bönnuð.“*

Þann 6. desember 2000 tóku gildi breytingar á m.a. 10. gr. samkeppnislaga, sbr. lög nr. 107/2000. Breytingarnar á 10. gr. felast í því að bann ákvæðisins tekur til fleiri tilvika, t.d. margvíslegra lóðrétttra samninga milli framleiðanda og endurseljanda. Þau brot á 10. gr. samkeppnislaga sem fjallað er um í þessu máli eru verðsamráð, markaðsskipting og samráð við gerð tilboða. Slíkar aðgerðir brjóta gegn 10. gr. bæði í tíð núgildandi og eldri laga.

#### 1.1. 10. gr. samkeppnislaga og EES/EB-samkeppnisréttur

Í frumathugunum Samkeppnisstofnunar í máli þessu kemur fram að almennt sé rétt við túlkun á 10. gr. samkeppnislaga að hafa hliðsjón af EES/EB-samkeppnisrétti. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er þessu mótmælt og því haldið fram að almennt beri ekki að horfa til þessa réttar við túlkun samkeppnislaga. Fyrir þessu færir OHF ýmis rök. Í fyrsta lagi segir félagið að engin þjóðréttarleg skuldbinding hafi hvílt á íslenskum stjórnvöldum að setja íslensk samkeppnislög við aðild landsins að EES-samningnum. Í því samhengi er vísað til ummæla í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001 *Ólögmeitt samráð og samkeppnishömlur Sölufélags garðyrkjumanna, Ágætis*

og *Mata á grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði* um að 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið leiði til framangreindrar túlkunar og fullyrt að um grundvallarmisskilning sé að ræða hjá samkeppnisráði. Í öðru lagi er því haldið fram að eldri ákvæði samkeppnislaga, eins og þau voru fyrir þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 107/2000, hafi verið ólíkari EB/EES-rétti og því hafi fordæmi úr þeim rétti mun minni þýðingu um atvik sem gerðust fyrir gildistöku laga nr. 107/2000. Í þriðja lagi er því haldið fram að munur sé á EES- og EB-rétti og sökum þessa sé enn síður tilefni til að styðjast við EB-samkeppnisrétt.<sup>56</sup> Í fjórða lagi er á því byggt að markmið EB/EES um sameiginlegan markað eigi ekki við sem túlkunarsjónarmið í íslenskum rétti og dragi þetta úr leiðbeiningargildi EB/EES-réttar og eðlilegra sé að hafa hliðsjón af rétti einstakra ríkja. Í fimmta lagi er vísað til mismunandi viðurlagaákvæða í EB/EES-rétti og íslenskum rétti og sá munur sagður leiða til þess að beita beri vægari stjórnsýsluviðurlögum í íslenskum samkeppnismálum. Í umfjöllun um EES-samkeppnisrétt hefur OHF einnig haldið því fram að hann geti ekki átt við í þessu máli þar sem meint samráð olíufélaganna uppfylli ekki það skilyrði að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja.

Ráða má hins vegar af málflutningi Olís að félagið telji að skýra beri 10. gr. samkeppnislaga í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt.<sup>57</sup> Í athugasemdum Skeljungu er einnig vísað til sjónarmiða úr þeim rétti.<sup>58</sup>

Samkeppnisráð vísar hér fyrst til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp til samkeppnislaga. Þar segir að frumvarpið hafi verið lagt fram vegna aðildar Íslands að EES-samningnum og markmiðið hafi verið að samræma íslenska samkeppnislöggjöf eftir því sem ástæða hafi þótt til þeim samkeppnisreglum sem giltu annars staðar í Evrópu.<sup>59</sup> Er sérstaklega áréttað í frumvarpinu að samkeppnisreglur EES og samkeppnisreglur frumvarpsins séu í meginatriðum byggðar á sama grunni. Þetta viðhorf löggjafans um aðdragandann og markmið þessarar lagasetningar frá 1993 var síðan ítrekað í frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 107/2000.<sup>60</sup> Með lögfestingu 10. gr. samkeppnislaga var verið að taka upp hér á landi sömu samkeppnisreglur og gilda í EB/EES-rétti varðandi m.a. bann við verðsamráði, markaðsskiptingu og samvinnu við gerð tilboða. Fræðimenn hafa og sagt að við skýringu á 10. gr. samkeppnislaga megi vísa til EB-samkeppnisréttar.<sup>61</sup> Í ljósi þessa hefur samkeppnisráð túlkað 10. gr. samkeppnislaga með hliðsjón af EES/EB-

<sup>56</sup> Innbyrðis ósamræmi virðist vera í málflutningi OHF að þessu leyti þar sem annars staðar í athugasemdum félagsins virðist við það miðað að túlka eigi EES-samkeppnisrétt í samræmi við EB-rétt, sbr. bls. 21–22 í athugasemdum OHF.

<sup>57</sup> Sjá t.d. bls. 26 og 31 í athugasemdum félagsins.

<sup>58</sup> Sjá t.d. bls. 16 og 29 í athugasemdum félagsins.

<sup>59</sup> Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992. - 9. mál

<sup>60</sup> Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000. – 488. mál.

<sup>61</sup> Sjá *Samkeppnisreglur* eftir Stefán Má Stefánsson, bls. 152. Þar er tekið fram að orðalag 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga sé um margt svipað og 1. mgr. 85. gr. Rómarsamningsins (nú 81. gr.) og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og því megi vísa til skýringa á þeim ákvæðum.

samkeppnisrétti.<sup>62</sup> Í ákvörðun nr. 13/2001 gerði samkeppnisráð sérstaklega grein fyrir þessu viðhorfi sínu og hafði við beitingu 10. gr. samkeppnislaga í málinu hliðsjón af EES-EB/samkeppnisrétti. Þessari ákvörðun var skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem með úrskurði sínum nr. 14/2001 *Ágæti hf., Mata ehf. og Sölufélag garðyrkjumanna svf. gegn samkeppnisráði* staðfesti í meginatriðum ákvörðun samkeppnisráðs. Máli þessu var skotið til Hæstaréttar sem í dómi sínum frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003 staðfesti þá niðurstöðu héraðsdóms að úrskurður áfrýjunarnefndar yrði ekki felldur úr gildi. Í dómi Hæstaréttar er fjallað um tiltekin meginatriði 10. gr. samkeppnislaga og þau túlkunarsjónarmið sem rétturinn leggur til grundvallar eru þau sömu og gilda í EES/EB-rétti. Telur samkeppnisráð að þessi lagaframkvæmd staðfesti réttmæti þess að túlka 10. gr. samkeppnislaga með umræddum hætti.

Af 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið leiðir einnig að túlka ber ákvæði samkeppnislaga í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt. Í því ákvæði segir að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Á samkeppnisyfirvöldum hvílir og sú skylda að varast ráðstafanir sem geta teft því í tvísýnu að markmið EES-samningsins náist, sbr. 3. gr. samningsins.<sup>63</sup> Í þessu samhengi skiptir verulegu máli að eitt af meginmarkmiðum EES-samningsins er að mynda einsleitt efnahagssvæði sem grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, sbr. aðfararorð og 1. gr. EES-samningsins. Ef íslensk samkeppnislög eða beiting þeirra væri verulega frábrugðin EES-reglunum gæti það unnið gegn þessu markmiði um einsleitni og sömu samkeppnisskilyrði. Í þessu samhengi hefur dómstóll EB sett fram þá reglu í EB-rétti að innlendum samkeppnisyfirvöldum beri að beita viðkomandi samkeppnislögum í samræmi við EB-samkeppnisrétt.<sup>64</sup> Þessi sama regla gildir varðandi tengsl EES-samkeppnisréttar og íslenskra samkeppnislaga.<sup>65</sup>

Ekki er unnt að fallast á það með OHF að mál þetta falli ekki undir samkeppnisreglur EES-samningsins. Hér ber að líta til þess að í 1. mgr. 53. gr. samningsins segir að bann ákvæðisins við m.a. verðsamráði og markaðsskiptingu taki til aðgerða sem áhrif geta haft á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins. Þetta skilyrði um áhrif á milliríkjavíðskipti er túlkað með rúmunum hætti. Það er talið uppfyllt þegar líklegt er að samráð hafi „*bein eða óbein áhrif, raunveruleg eða hugsanleg, á vöruviðskipti milli*

<sup>62</sup> Sjá t.d. ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 9/1996 og 12/1998.

<sup>63</sup> Á því er byggt við túlkun á 3. gr. EES-samningsins að hugtakið „samningsaðilar“ í ákvæðinu taki m.a. til allra stjórnvalda aðildarríkja samningsins, sbr. t.d. Norberg, Hökborg, Johansson, Eliasson og Dedichen, *EEA Law-A Commentary on the EEA Agreement*, bls. 99–101. Sjá einnig Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið*, bls. 194. Þar kemur fram að 3. gr. EES-samningsins hafi sérstaka þýðingu varðandi samkeppnisreglur.

<sup>64</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 14/68 *Wilhelm v Bundeskartellamt* [1969] ECR 1.

<sup>65</sup> Sjá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um samstarf milli innlendra samkeppnisyfirvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA við meðferð mála sem falla undir gildissvið 53. og 54. gr. EES-samningsins. 2000/EES/61/04.

*aðildarríkjanna ...*<sup>66</sup> Þarf því ekki að sanna að samráð hafi haft þessi áhrif heldur dugar að hugsanlegt sé að það hafi áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Ljóst er að samningur eða samráð sem tekur til eins aðildarríkis hefur óhjákvæmilega í eðli sínu áhrif á milliríkjaviðskipti í skilningi EES-samningsins og þarf ekki annað að koma til.<sup>67</sup> Þetta á alveg sérstaklega við þegar helstu seljendur á tiltekinni vöru í einu aðildarríki hafa með sér verðsamráð eða skipta með sér mörkuðum.<sup>68</sup>

Varðandi mál það sem hér er til umfjöllunar er ljóst að ákvæði EES-samningsins taka til olíuvara, sbr. 3. mgr. 8. gr. samningsins, og vörur þessar eru fluttar hingað til lands frá m.a. öðrum EES-ríkjum. Eins og eftirfarandi umfjöllun mun sýna varðar samráð olíufélaganna íslenska markaðinn í heild sinni. Þessar aðgerðir olíufélaganna falla því án nokkurs efa undir gildissvið 53. gr. EES-samningsins. Sú staðreynd felur í sér enn ríkari rök fyrir því að túlka samkeppnislög í þessu máli í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt. Því til stuðnings nægir að vísa til áður greindrar tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).<sup>69</sup> Þar kemur fram að þegar mál fellur bæði undir gildissvið EES-samkeppnisreglna og samkeppnislög EFTA-ríkis sé æskilegt til að forðast tvíverknað að málið sé rannsakað og afgreitt af einni stofnun, annaðhvort af ESA eða af viðkomandi samkeppnisyfirköldum EFTA-ríkis. Þegar samkeppnisyfirköld EFTA-ríkis geti í slíkum tilvikum aðeins beitt innlendum samkeppnisreglum um mál sem einnig geta fallið undir EES-samninginn (eins og á við hér á landi), beri þeim að beita og túlka innlendu löginn í samræmi við EES-samkeppnisrétt.

Sú málsástæða OHF að ekki sé hægt að styðjast við EB-samkeppnisrétt þar sem sá réttur sé frábrugðinn EES-samkeppnisrétti stenst heldur ekki. Í aðfararorðum EES-samningsins kemur fram eins og áður sagði að markmið samningsins sé að mynda einsleitt efnahagssvæði sem grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum. Þetta er síðan áréttað í 1. mgr. 1. gr. EES-samningsins. Í 2. mgr. 1. gr. samningsins er sagt að til að tryggja þetta markmiðið verði m.a. komið á kerfi til að tryggja að samkeppni raskist ekki og reglur þar að lútandi verði virtar af öllum. Samkeppnisreglurnar í 53. og 54. gr. EES-samningsins eru efnislega samhljóða samkeppnisreglunum í EB-rétti. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að 53. og 54. gr. EES-samningsins ber að túlka í samræmi við EB-samkeppnisrétt, sbr. og 6. gr. EES-samningsins og 2. mgr. 3. gr. samnings EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Í skrifum fræðimanna er þetta einnig lagt til grundvallar.<sup>70</sup>

<sup>66</sup> Sjá Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið*, bls. 685.

<sup>67</sup> Sjá Norberg, Hökberg, Johansson, Eliasson og Dedichen, *EEA Law-A Commentary on the EEA Agreement*, bls. 508–509.

<sup>68</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli 8/72 *Cementhandelaren v Commission* [1972] ECR 977.

<sup>69</sup> Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um samstarf milli innlendra samkeppnisyfirkölda og Eftirlitsstofnunar EFTA við meðferð mála sem falla undir gildissvið 53. og 54. gr. EES-samningsins. 2000/EES/61/04.

<sup>70</sup> Sjá t.d.: Stefán Má Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið*, bls. 806–809. Blanchet, Piipponen og Westman-Clément, *The Agreement on the European Economic Area (EEA)*,

Eins og áður sagði heldur OHF því fram að markmið EB/EES um sameiginlegan markað eigi ekki við sem túlkunarsjónarmið í íslenskum rétti og dragi þetta úr leiðbeiningargildi EB/EES-réttar og eðlilegra sé að hafa hliðsjón af rétti einstakra ríkja. Að mati samkeppnisráðs dugar hér að benda á að samkeppnislög einstakra aðildarríkja EES-samningsins eru túlkuð eftir því sem við á í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt, sbr. t.d. samkeppnislög í Finnlandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi.<sup>71</sup> Er þetta sama fyrirkomulag og gildir hér á landi.

Það að lög nr. 107/2000 hafi útvíkkað bannreglu 10. gr. samkeppnislaga breytir ekki því að skýra ber eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt. Af þeirri lagabreytingu leiðir einfaldlega að það eru fleiri aðgerðir fyrirtækja sem falla nú undir bannregluna. Þessi breyting hefur hins vegar engin áhrif á túlkun eldra ákvæðis 10. gr. laganna varðandi bann við verðsamráði, markaðsskiptingu og samráði við gerð tilboða. Ekki fæst heldur séð að ákvæði samkeppnislaga um refsiviðurlög hafi hér áhrif.

## 1.2. Nánar um túlkun 10. gr. samkeppnislaga

Í athugasemdum olúfélaganna eru sett fram margvísleg sjónarmið tengd túlkun 10. gr. samkeppnislaga og sönnun í samráðsmálum. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð rétt að gera með heildstæðum hætti grein fyrir túlkun þessa ákvæðis samkeppnislaga. Telur samkeppnisráð gagnlegt og stuðla að réttum skilningi á ákvæði 10. gr. samkeppnislaga í þessu máli að fjalla þannig með almennum hætti um þetta ákvæði samkeppnislaga. Vísast í því sambandi einnig til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 13/2001 og úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Í þessari umfjöllun verður einnig fjallað um einstakar athugasemdir olúfélaganna tengdar túlkun á 10. gr. laganna.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 leggur 10. gr. samkeppnislaga bann við hvers konar samvinnu milli fyrirtækja á sama sölustigi, sem ætlað er eða getur haft áhrif á verð, skiptingu markaða og gerð tilboða. Segir og í dómnum að samráð fyrirtækja um þau atriði sem um er fjallað í ákvæðinu sé til þess fallið að valda neytendum og atvinnulífinu tjóni, enda sé tekið fram í athugasemdum við 10. gr. í frumvarpi til samkeppnislaga að vart sé að finna alvarlegri

---

bls. 153–154. Norberg, Hökborg, Johansson, Eliasson og Dedichen, *EEA Law-A Commentary on the EEA Agreement*, bls. 499–502.

<sup>71</sup> Finnland (sjá Competition Laws of Europe, ritstýrt af J. Maitland-Walker, bls. 98), Noregur (sjá Karnov, *Konkurranseloven*, t.d. bls. 1 og 10. Varðandi ný norsk samkeppnislög; sjá athugasemdir í frumvarpi sem lagt var fyrir norska þingið (Ot.prp. nr. 6 2003–2004)), Danmörk (sjá Levinsen, *Konkurrenanceloven*, t.d. bls. 89.), Svíþjóð (sjá *Competition Laws of Europe*, ritstýrt af J. Maitland-Walker, bls. 427) og Bretland (sjá Office of Fair Trading, *The Competition Act 1998 The Major Provision*, bls. 8–9).

samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki komi sér saman um verð, álagningu eða hvaða afslætti skuli veita.

Mikilvæg regla varðandi beitingu 10. gr. samkeppnislaga er að brot á ákvæðinu er ekki háð því að samráðið hafi í raun haft áhrif á markaðnum. Þannig segir í dómi Hæstaréttar í framangreindu máli að þær „*aðgerðir eða sú háttsemi, sem fellur undir 10. gr. laganna, þarf ekki að hafa haft áhrif á markaði til þess að ákvæðið teljist hafa verið brotið, heldur nægir að keppinautar hafi með sér samráð eða samstilltar aðgerðir, sem lúta að eða ætlað er að hafa áhrif á verð eða skiptingu markaða.*“<sup>72</sup> Samkvæmt þessu gildir sama regla í íslenskum og EES/EB-samkeppnisrétti að nægjanlegt sé að t.d. ólöglegt verðsamráð hafi það að markmiði (e. *object*) sínu að raska samkeppni alveg án tillits til áhrifa þess í raun. Af þessu leiðir að algengar staðhæfingar fyrirtækja, sem sökuð eru um samráð, um eftirfarandi atriði fela ekki í sér vörn gegn broti á banni við ólögmetu samráði keppinauta:

- Að þrátt fyrir samráð hafi ríkt mikil samkeppni á markaðnum<sup>73</sup>
- Að framlagðar skýrslur hagfræðinga sanni mikla samkeppni<sup>74</sup>
- Að verð hafi lækkað þrátt fyrir samráð<sup>75</sup>
- Að þrátt fyrir samráð um verðlistaverð hafi ríkt samkeppni í veitingu afsláttar<sup>76</sup>
- Að þátttakandi í samráði hafi ekki framfylgt öllu sem ákveðið var á samráðsfundum<sup>77</sup>
- Að umræða á samráðsfundum eða önnur upplýsingaskipti um t.d. verð hafi verið þýðingarlaus og engin áhrif haft á markaðnum<sup>78</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er vísað til þeirra breytinga sem urðu á 10. gr. samkeppnislaga með lögum nr. 107/2000. Er því haldið fram að núgildandi ákvæði 10. gr. sé þrengra en hið eldra að því leyti að það geri kröfu um að aðgerðir fyrirtækja hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni. Með vísan til sjónarmiða úr refsirétti beri að beita þessari reglu um öll atvik þessa máls. Það hafi Samkeppnisstofnun ekki gert og því brotið gegn rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga og þetta valdi því að ekki sé upplýst í málinu hvort brotið hafi verið gegn 10. gr. samkeppnislaga í einstökum tilvikum.

Þessi túlkun OHF á núgildandi 10. gr. samkeppnislaga er röng. Í núgildandi 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu

<sup>72</sup> Er þetta sama túlkun og gildir í EB/EES-samkeppnisrétti, sbr. t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 56 og 58/ *Consten and Grundig v Commission* [1966] ECR 299.

<sup>73</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. *CB and Europay v Commission* [1994] ECR-49.

<sup>74</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303

<sup>75</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. m.a. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CMLR 10.

<sup>76</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB frá 11. desember 2003 í máli nr. T-66/99.

<sup>77</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB *Industrial/Medical Gases* málinu [2003] 5 CMLR 3.

<sup>78</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.



bannaðar þegar þær hafa m.a. að markmiði að raska samkeppni. Það er alveg ljóst að samráð um verð, markaðsskiptingu og gerð tilboða hefur það að markmiði að raska samkeppni í skilningi ákvæðisins.<sup>79</sup> Sökum þessa telst núgildandi 10. gr. samkeppnislaga brotin við það eitt að fyrirtæki hafa með sér samráð um nefnd atriði alveg án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft einhver áhrif á markaðnum, sbr. einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögmeitt samráð innan Lögmannafélags Íslands*. Lögskýringargögn með samkeppnislögum styðja þessa túlkun. Þar kemur fram að 10. gr. geri „*ekki þá kröfu að hið ólögmeita samstarf hafi í raun haft áhrif á samkeppnina.*“<sup>80</sup> Einnig er byggt á samskonar túlkun í EB/EES-samkeppnisrétti.<sup>81</sup> Ljóst er því að enginn munur er á eldra og yngra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga að þessu leyti.

Í athugasemdum OHF er því einnig haldið fram að til þess að samráð geti talist hafa það að markmiði að skaða samkeppni verði að horfa til þess hvaða markmið þeir höfðu í huga sem meint brot frömdu. Telur OHF að við beitingu 10. gr. laganna verði að sýna fram á ólögmeitan ásetning þeirra sem taka þátt í samráði. Samkeppnisráð bendir hér á að hvorki í bannreglu samkeppnislaga né EES/EB-samkeppnisréttar er vísað til huglægrar afstöðu þeirra sem standa að tilteknu samráði. Markmið, t.d. samnings, í skilningi samkeppnisréttarins er þess í stað fundið með því að leggja hlutlægt mat á efni og eðli viðkomandi ráðstöfunar. Þetta hefur komið skýrt fram í dómum dómstóls EB<sup>82</sup> og í skrifum fræðimanna.<sup>83</sup> Af þessu leiðir óhjákvæmilega að 10. gr. samkeppnislaga gerir ekki þá kröfu að sýnt sé fram á ásetning til þess að raska

<sup>79</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli m.a. nr. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CMLR 10.

<sup>80</sup> Sjá frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 8/1993. Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi, 1999–2000.

<sup>81</sup> Undirréttur EB hefur nýlega orðað þetta svo: „*According to consistent case-law ... there is no need to take account of the concrete effects of an agreement when it has as its object the prevention, restriction or distortion of competition ... There is therefore no need to examine the arguments of the parties concerning the concrete effects of the measure in question.*“ Dómur frá 21. október 2003 í máli nr. T-368/00.

<sup>82</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. 96–102,104,105,108 og 110/82 *NV IAZ International Belgium and others v Commission* [1983] ECR 3369: „*... the purpose of the Agreement, regard being had to its terms, the legal and economic context in which it was concluded and the conduct of the parties, is appreciably to restrict competition within the common market, notwithstanding the fact that it also pursues the objective of protecting public health and reducing the cost of conformity checks. That finding is not invalidated by the fact that it has not been established that it was the intention of all the parties to the Agreement to restrict competition.*“

<sup>83</sup> Á bls. 110 í *Competition Law* (fimmta útgáfa 2003) eftir Richard Whish segir: „*There are some type of agreements the anti-competitiveness of which can be determined simply from their object; the word „object“ in this context means not the subjective intention of the parties when entering into the agreement, but the objective meaning and purpose of the agreement considered in the economic context which it is to be applied.*“ Á bls. 100 í ritinu *European Community Law of Competition* (fimmta útgáfa 2001) eftir Bellamy & Child segir: „*The „object“ of the agreement is to be found by an objective assessment of the aims of the agreement in question, and it is unnecessary to investigate the parties subjective intentions.*“

samkeppni og ákvæðið bannar því samráð alveg án tillits til þess hvaða orsakir eða tilgangur kunni að liggja því til grundvallar.<sup>84</sup>

### 1.2.1. Samningur

Um samning í skilningi 10. gr. samkeppnislaga er að ræða ef fyrirtæki hafa á einhvern hátt lýst yfir sameiginlegum vilja sínum til að hegða sér á markaði með tilteknum hætti.<sup>85</sup> Samningur í skilningi 10. gr. laganna getur verið í hvaða formi sem er og verður að skýra hugtakið rúmt, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 37/2003.<sup>86</sup> Samningur samkvæmt 10. gr. getur þannig verið óundirritaður eða undirritaður, munnlegur eða skriflegur og þarf ekki að vera bindandi.<sup>87</sup> Tilvist samnings getur birst í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um verðlagsmálefni.<sup>88</sup> Ef fulltrúi fyrirtækis er staddur á fundi sem augljóslega hefur það að markmiði að raska samkeppni telst fyrirtækið aðili að þeim samningi sem gerður er á fundinum, jafnvel þó fyrirtækið fari ekki eftir samningnum, nema það með opinberum hætti hafni því að taka þátt í samstarfinu.<sup>89</sup>

Samningur samkvæmt ákvæðinu er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Slík áætlun þarf hins vegar ekki að vera heildstæð, tæmandi eða lýsa í smáatriðum þeim aðgerðum sem fyrirtæki ætla að grípa til, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001. Hugtakið samningur í skilningi 10. gr. getur þannig tekið til ófullkomins eða lauslegs sameiginlegs skilnings aðila (e. *inchoate understandings*) og skilyrtra og afmarkaðra samninga sem í samningaferli leiða til endanlegs samnings.<sup>90</sup> Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hugtakið samningur í skilningi

---

<sup>84</sup> Í ritinu *Samkeppnisreglur* eftir Stefán Má Stefánsson segir á bls. 152 í umfjöllun um þágildandi 10. gr. samkeppnislaga að; „[e]ngu máli skiptir hver er tilgangur samráðsins.“

<sup>85</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-7/89 *SA Hercules Chemicals NV v Commission* [1991] ECR II-1711. Í dómi undirréttar EB í máli nr. T-56/99 frá 11. desember 2003 *Marlines SA v Commission* er þetta orðað með þessum hætti: „According to consistent case-law, in order for there to be an agreement within the meaning of Article 85(1) of the Treaty, it is sufficient for the undertakings in question to have expressed their joint intention to conduct themselves in the market in a particular way.“

<sup>86</sup> Sjá einnig: *Samkeppnisreglur* eftir Stefán Má Stefánsson bls. 38.

<sup>87</sup> Sjá *Samkeppnisreglur* bls. 38 og *Evrópusambandið og Evrópska Efnahagssvæðið* bls. 677–678, báðar eftir Stefán Má Stefánsson. Sjá einnig t.d. dóm dómstóls EB í *Sandoz v. Commission* [1990] ECR I-45.

<sup>88</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*.

<sup>89</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-7/89 *Hercules Chemicals v Commission* [1991] ECR II 1711. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. COMP/E-1/38.240 *Industrial tubes* frá 16. desember 2003 er þetta orðað svo: „If an undertaking is present at meetings that have a manifestly anti-competitive purpose, unless it publicly distances itself from what was agreed, it will be considered to be a party even if it does not in fact abide to the outcome of the meetings.“

<sup>90</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. COMP/E-1/38.240 *Industrial tubes* frá 16. desember 2003.

samkeppnisréttarins hefur ekki sömu merkingu og hugtakið samningur samkvæmt samningarétti.<sup>91</sup>

Sérstaklega skal bent á að það breytir engu um ólögmati samnings samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga þó að fyrirtæki hafi aldrei ætlað sér að virða samning eða fari ekki eftir honum í framkvæmd. Þannig hefur framkvæmdastjórn EB lýst því yfir að engu skipti hverjar hugmyndir fyrirtækisins hafi verið þegar samningurinn hafi verið gerður, né hvort fyrirtækið hafi haft í hyggju að fara eftir honum. Slíkt hafi ekki áhrif á mat framkvæmdastjórnarinnar á tilvist samningsins né aðild viðkomandi fyrirtækja að honum.<sup>92</sup>

Jafnframt er mikilvægt að líta til þess að um samning er að ræða í skilningi samkeppnisréttarins þótt samningsaðilar brjóti hann öðru hverju. Þannig telur t.d. framkvæmdastjórn EB ljóst að slík brot aðila á samningi, sem felur í sér verðsamráð o.fl., hafi engin áhrif á ólögmati samningsins, jafnvel þótt hörð samkeppni brjótist öðru hverju út milli aðila samráðssamningsins.<sup>93</sup>

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að lengi hefur verið þekkt í samkeppnisrétti að þegar fyrirtæki gera með sér leynilegt samkomulag um verðsamráð og aðrar samkeppnishömlur (*e. cartels*) er mikill hvati fyrir einstaka þátttakendur í slíku samráði að „svindla“. Í því getur falist að viðkomandi fyrirtæki selur einstaka sinnum á lægra verði en ákveðið hefur verið af aðilum samráðsins. Með þessu getur viðkomandi fyrirtæki aukið sölu sína og þar með hagnað sinn, t.d. með því að ná til viðskiptavina sem ekki eru tilbúnir að greiða það verð sem ákveðið hefur verið af aðilum samráðsins. Til þess að stemma stigu við „svindlinu“ reyna stjórnendur verðsamsærisins að hafa virkt eftirlit með þátttakendum og stundum er gripið til refsinga ef upp kemst um „svindl“.<sup>94</sup> „Svindl“ af þessum toga hefur, eins og fyrr segir, engin áhrif á ólögmati samninga samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga.

### 1.2.2. Samstilltar aðgerðir

Í 10. gr. samkeppnislaga er m.a. gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins hvers konar lauslegt samráð milli keppinauta, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 10. gr., er felur í sér að fyrirtækin vitandi vits hafa með sér samvinnu í stað þess að

<sup>91</sup> Sjá hér ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli nr. E-3/97.

<sup>92</sup> Þetta hefur verið orðað þannig: „Neither the state of mind of ... when they entered into such agreement as to their intention of abiding by them, nor the fact that the ... did not observe the agreement would affect the Commission's finding that the agreements were made and that ... were parties to it“. Sjá ákvörðun framkvæmdstjórnar EB í *Roofing Felt Cartel* [1986] OJ L232/15.

<sup>93</sup> Þetta var áréttað í nýlegu máli framkvæmdastjórnarinnar með þessum hætti: „Even cheating or occasional outbreaks of fierce competition do not prevent an arrangement from constituting an agreement for the purposes of Article 81(1) where there is a common and continuing objective to cooperate“. Sjá ákvörðun framkvæmdstjórnar EB í *Pre-Insulated Pipe Cartel* málinu, [1999] OJ L241/1.

<sup>94</sup> Sjá hér t.d. Gellhorn og Kovacic, *Antitrust Law and Economics*, bls. 156–165.

taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaðnum.<sup>95</sup> Í þessu sambandi er rétt að líta til eftirfarandi ríkjandi viðhorfs um hvað sé eðlileg samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins:

*„Meginatriðið við skýringu samkeppnisreglnanna er það að eðlileg samkeppni gerir ráð fyrir sjálfstæðum fyrirtækjum sem taka sjálfstæðar ákvarðanir þegar þau ákveða samkeppnisstefnu sína. Þau bera því sjálf áhættu af þeirri stefnu sem þau taka. Þessar forsendur raskast hins vegar ef fyrirtæki hafa einhvers konar samráð sín á milli í því skyni að hafa áhrif á samkeppnina.“<sup>96</sup>*

Í þessu ljósi má segja að bannreglu 10. gr. samkeppnislaga sé ætlað að taka til alls samráðs milli fyrirtækja sem tengist verði, skiptingu markaða og gerð tilboða, án tillits til þess í hvaða mynd það birtist. Hið eina sem í raun skipti máli sé að greina á milli sjálfstæðrar hegðunar fyrirtækja, sem sé leyfileg, og samráðs sem sé ólöglegt.

Varðandi það hvað nánar felst í hugtakinu samstilltar aðgerðir þá verður fyrst að líta til þess að um þær getur verið að ræða þótt keppinautar hafi ekki fallist á eða hegðað sér samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun. Dómstóll EB hefur bent á að við skýringu á því hvað felst í því samráði sem fellur undir hugtakið samstilltar aðgerðir verði að líta til þess grundvallaratriðis að í samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins felist að hvert fyrirtæki fyrir sig verði að ákveða sjálfstætt hvernig það ætlar að hegða sér á markaði.<sup>97</sup> Þessi krafa um sjálfstæði bannar ekki að fyrirtæki grípi til aðgerða vegna hegðunar eða hugsanlegrar hegðunar keppinauta á markaðnum. Hún bannar hins vegar hvers konar samskipti milli keppinauta sem hafa það markmið eða af þeim leiðir að reynt er að hafa áhrif á hegðun núverandi eða væntanlegs keppinautar á markaðnum eða honum greint frá aðgerðum sem viðkomandi fyrirtæki ætlar að grípa til eða hugleiðir að grípa til á markaðnum.<sup>98</sup>

Dómstóll EB hefur einnig bent á að hugtakið samstilltar aðgerðir feli í sér, auk samskipta milli fyrirtækja, hegðun á markaðnum í tengslum við þau samskipti og

<sup>95</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 48/69 *ICI v Commission* [1972] ECR 619.

<sup>96</sup> Stefán Már Stefánsson, *Samkeppnisreglur*, bls. 42.

<sup>97</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 172/80, *Züchner*, [1981] ECR 2021.

<sup>98</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. 40 til 48, 50, 54 til 56, 111, 113 og 114/173, *Coöperative Suiker Unie v Commission*, [1975] ECR 1663: „*The criteria of coordination and cooperation laid down by the Case-law of the Court, which in no way require the working out of an actual plan, must be understood in the light of the concept inherent in the provisions of the Treaty relating to competition that each economic operator must determine independently the policy which he intends to adopt on the common market including the choice of the persons and undertakings to which he makes offers or sells. Although it is correct to say that this requirement of independence does not deprive economic operators of the right to adapt themselves intelligently to the existing and anticipated conduct of their competitors, it does however strictly preclude any direct or indirect contact between such operators, the object or effect whereof is either to influence the conduct on the market of an actual or potential competitor or to disclose to such a competitor the course of conduct which they themselves have decided to adopt or contemplate adopting on the market.*“

orsakasamband þar á milli. Hins vegar verði að ganga út frá því að fyrirtæki sem starfa á markaði og taka þátt í samstilltum aðgerðum (t.d. með viðræðum um hugsanlegar verðbreytingar) hafi hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í slíkum viðræðum þegar þau taka ákvarðanir um eigin aðgerðir á markaðnum, nema að viðkomandi fyrirtæki geti sannað annað. Þetta á sérstaklega við þegar fyrirtæki hafa haft með sér samstilltar aðgerðir yfir langt tímabil.<sup>99</sup> Hins vegar er það alls ekki skilyrði að sýnt sé fram á að þessi hegðun á markaði hafi í raun haft skaðleg áhrif á samkeppni.<sup>100</sup>

Af framangreindu leiðir að ef samkeppnisyfírvöld geta sannað samstilltar aðgerðir, t.d. tölvupóstsamskipti um verð, þá þurfa þau ekki að sýna fram á að hinar samstilltu aðgerðir hafi haft nokkur áhrif á markaðnum heldur er það viðkomandi fyrirtækis að sanna að þetta hafi engin áhrif haft á hegðun þess á markaðnum. Hefur dómstóll EB hafnað því að þessi regla feli í sér brot á meginreglunni um sakleysi uns sekt er sönnuð.<sup>101</sup>

Ljóst er samkvæmt þessu að bann 10. gr. samkeppnislaga getur tekið til hvers konar samvinnu eða samskipta keppinauta sem geta dregið úr viðskiptalegu sjálfstæði varðandi verð og önnur þau samkeppnislegu atriði sem falla undir ákvæðið. Þannig gerast fyrirtæki sek um samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ef þau á fundi, í símtali, í bréfi, í tölvupósti eða með öðrum hætti eiga viðræður eða önnur samskipti um verð, skiptingu markaða eða önnur atriði sem ákvæðið tekur til. Samstilltar aðgerðir geta falist í því að láta keppinauta vita um fyrirhugaða hegðun á markaði, með beinum eða óbeinum hætti. Hið sama gildir um hvers konar samskipti þar sem fyrirtæki reynir að hafa áhrif á markaðshegðun keppinautar, t.d. með því að hvetja hann til að hækka verð eða „skamma“ hann fyrir að lækka verð eða veita afslátt. Ef fyrirtæki lætur t.d. keppinaut vita hvað það hyggst gera á markaðnum eða hvetur hann til vissra aðgerða þá telst keppinauturinn taka þátt í samstilltum aðgerðum

---

<sup>99</sup> Sjá dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92P *Commission v. Anic* [1999] ECR I-4125. Í dómnum segir þetta: „For one thing, subject to proof to the contrary, which it is for the economic operators concerned to adduce, there must be a presumption that the undertakings participating in concerting arrangements and remaining active on the market take account of the information exchanged with their competitors when determining their conduct on that market, particularly when they concert together on a regular basis over a long period, as was the case here ...“

<sup>100</sup> Sjá dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92P *Commission v. Anic* [1999] ECR I-4125: „...although the very concept of a concerted practice presupposes conduct by the participating undertakings on the market, it does not necessarily mean that that conduct should produce the specific effect of restricting, preventing or distorting competition.“

<sup>101</sup> Sjá dóm dómstóls EB í máli nr. 199/92P *Hüls v Commission* [1999] 5 CMLR 1019: Í dómnum segir m.a. þetta: „... contrary to Hüls's argument, the Court of First Instance was not in breach of the rules applying to the burden of proof when it considered that, since the Commission had established to the requisite legal standard that Hüls had taken part in polypropylene producers' concerting together for the purpose of restricting competition, it did not have to adduce evidence that their concerting together had manifested itself in conduct on the market or that it had had effects restrictive of competition; on the contrary, it was for Hüls to prove that that did not have any influence whatsoever on its own conduct on the market.“

ef hann hlustar á eða tekur á annan hátt við þeirri vitneskju. Fyrirtæki telst t.d. hafa tekið á móti slíkri vitneskju ef upplýsingar eru veittar á fundi og fyrirtækið lætur ekki uppi nein mótmæli eða setur fram einhverja fyrirvara þegar því er látin vitneskjan í té.<sup>102</sup> Þannig getur fyrirtæki brotið samkeppnisreglur með því einu að sitja fundi með keppinautum sínum þar sem rætt er t.d. um verð, afslætti eða skiptingu markaða.<sup>103</sup> Í gögnum málsins er að finna skjal sem Skeljungur fékk sent frá Shell International sem með skýrum hætti tilgreinir hvernig það fyrirtæki túlkar kröfur samkeppnisréttarins að þessu leyti.<sup>104</sup>

Þegar gögn málsins sýna að fyrirtæki hafi tekið þátt í samskiptum af þessum toga þá er það viðkomandi fyrirtækis að sanna að það hafi sett fram fullnægjandi mótmæli gagnvart keppinautum sínum.<sup>105</sup> Ef fyrirtækið getur það ekki telst fyrirtækið hafa tekið þátt í ólögmetu samráði. Það sem liggur að baki þessari reglu er að hafi fyrirtæki t.d. tekið þátt í fundum af þessum toga án þess að mótmæla þá gefur það öðrum þátttakendum til kynna að það sé sammála því sem þar hafi farið fram.<sup>106</sup> Án mótmæla eða tilkynninga til réttra yfirvalda um þessar aðgerðir þá stuðlar viðkomandi fyrirtæki í raun að áframhaldandi ólögmetu samráði og felur þetta í sér þegjandi þátttöku í

---

<sup>102</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491.

<sup>103</sup> Sjá dóm undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl and others v Commission* [1999] 4 CMLR 810.

<sup>104</sup> Skjal frá Shell International með yfirskriftinni „*European Competition Law Awareness and Compliance Guidelines for employees of Shell companies Doing business in Europe*“, dags. október 2000 (Hs. nr. 7945). Þar segir m.a.:

- „**Do not speak to or communicate with competitors about Shell's prices, prices of that competitor or of other companies, or price initiatives, increases or decreases.**
- **Do not speak to or communicate with competitors about price margins, costs or similar price related information (e.g. discounts, rebates, allowances or credit terms offered to customers).**
- **Do not reveal to competitors (unless competitors are bona fide customers) the terms upon which Shell companies do business or submit bids or tenders.**
- **Do not agree with competitors to shut-down production capacity or to produce only certain volumes or quotas.**
- **Do not talk with competitors about sharing markets, or allocating customers or territories.**
- **Do not discuss with competitors arrangements which may lead to suppliers or customers being boycotted.**

...

- **Do be cautious of any involvement in trade gatherings, e.g. trade association meetings and other industry gatherings, and in discussions and negotiations. If prices or market sharing are discussed, disassociate Shell from the discussion and leave the meeting. When you return to the office, make a contemporaneous note of your actions.**“

<sup>105</sup> Sjá dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*. Í dómnum segir þetta: „*Where participation in such meetings has been established, it is for that undertaking to put forward evidence to establish that its participation in those meetings was without any anti-competitive intention by demonstrating that it had indicated to its competitors that it was participating in those meetings in a spirit that was different from theirs.*“

<sup>106</sup> Sjá dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*: „*The reason underlying that principle of law is that, having participated in the meeting without publicly distancing itself from what was discussed, the undertaking has given the other participants to believe that it subscribed to what was decided there and would comply with it.*“

brotinu.<sup>107</sup> Af þessari réttarframkvæmd allri hafa fræðimenn dregið þá ályktun að öll samskipti milli keppinauta sem tengjast verði, mörkuðum, viðskiptavinum og framboði séu verulega áhættusöm.<sup>108</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fjallað um hugtakið samstilltar aðgerðir og er það skýrt með tilvísun til EES/EB-samkeppnisréttar. Vísar OHF m.a. til dóms dómstóls EB í Hüls málinu þar sem fram kemur að hugtakið feli í sér, auk samskipta milli fyrirtækja, hegðun á markaðnum í tengslum við þau samskipti og orsakasamband þar á milli. Á grundvelli þessa heldur OHF því fram að aðeins geti verið um að ræða ólögmætar samstilltar aðgerðir ef sýnt sé fram á það í hverju tilviki að samskipti fyrirtækja hafi haft raunveruleg áhrif á hegðun viðkomandi fyrirtækja á markaðnum. OHF telur hins vegar að sú regla EES/EB-samkeppnisréttar að fyrirtæki sem sannanlega hefur tekið þátt í samskiptum um t.d. verð þurfi sjálf að sýna fram á að það hafi mótmælt samskiptunum eigi ekki við í íslenskum samkeppnisrétti.

Samkvæmt þessu telur OHF sum atriði í EES/EB-samkeppnisrétti eiga við þegar 10. gr. samkeppnislaga er beitt og önnur ekki. Ef túlkun OHF yrði lögð til grundvallar myndi gilda hér á landi allt önnur regla varðandi bann við samráði en annars staðar á EES-svæðinu. Væri það í ósamræmi við þau sjónarmið sem ber að beita við túlkun samkeppnislaga, sbr. umfjöllun hér að framan. Jafnframt ber að líta til þess að fræðimenn hafa bent á að bendi gögn til ólögmæts samráðs sé eðlilegt að sá sem sakaður er um slíkt atferli, sýni fram á svo hafi ekki verið.<sup>109</sup> Samkeppnisráð getur því ekki fallist á þessi sjónarmið OHF.

---

<sup>107</sup> Sjá dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*: „... a party which tacitly approves of an unlawful initiative, without publicly distancing itself from its content or reporting it to the administrative authorities, effectively encourages the continuation of the infringement and compromises its discovery. That complicity constitutes a passive mode of participation in the infringement ...“

<sup>108</sup> Richard Wish, *Competition Law* (2003), bls. 97: „... what emerges, essentially, is that any contact between competitors that touches upon business behaviour such as pricing, markets, customers and volume or output is risky in the extreme.“

<sup>109</sup> Eiríkur Tómasson. Sér sjónarmið hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum. *Úlflyótur*. 1. tbl. 2004, bls. 123–124. Í umfjöllun um sönnun í samkeppnismálum segir m.a. þetta: „Fleiri reglur koma hér til álita, t.d. sú að bendi sönnunargögn, t.d. fundargerðir eða tölvupóstur, til þess að ólögmætt samráð hafi átt sér stað, sé það þess aðila, sem sakaður er um slíkt ólögmætt atferli, að sanna að svo hafi ekki verið. Það að sönnunarbyrðin snúist við í tilvikum sem þessum er eðlilegt, m.a. fyrir þá sök að hlutaðeigandi einstaklingur eða fyrirtæki á auðveldara með það en samkeppnisfyrvöld, þegar hér er komið sögu, að sýna fram á að samráðið hafi annaðhvort ekki átt sér stað eða verið lögmætt. Þetta er einmitt eitt af þeim almennu sjónarmiðum sem haft er til hliðsjónar við að ákveða hvor aðili beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu um staðreynd í einkamáli. Ef þessari reglu væri hafnað væri mjög erfitt fyrir samkeppnisfyrvöld að sanna að um hefði verið að ræða ólögmætt samráð, en það getur ekki hafa verið ætlun löggjafans, sbr. athugasemdir sem fylgdu 10. gr. frumvarps til laganna á sínum tíma og vitnað er til í ákvörðun samkeppnisráðs. Þess má geta að sams konar sjónarmiðum um sönnun hefur verið beitt í sakamálum, þ. á m. hefur Mannréttindadómstóll Evrópu talið að ákvæði laga þess efnis samrýmist fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans um að hver sá, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, skuli talin saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.“

### 1.2.3. Samfellt samráð

Í EES/EB-samkeppnisrétti hefur lengi verið þekkt að líta ber á samráð sömu keppinauta sem varað hefur ákveðinn tíma og stefnt að sama markmiði sem eitt áframhaldandi brot sem allir þátttakendur beri ábyrgð á. Er þetta t.d. meginregla í framkvæmd framkvæmdastjórnar EB að þessu leyti. Má í því sambandi t.d. vísa til ýmissa mála þar sem framkvæmdastjórnin hefur beitt bæði samkeppnisreglum EES-samningsins og Rómarsáttmála.<sup>110</sup> Stoð fyrir þessari túlkun á banni gegn samráði er m.a. að finna í dómi dómstóls EB frá 1972 í svonefndu Dyestuffs máli<sup>111</sup> og var hún skýrð nánar og útfærð í ýmsum samráðsmálum framkvæmdastjórnar EB á áttunda áratugnum. Hér má t.d. vísa til ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB í Polypropylene málinu frá 23. apríl 1986.<sup>112</sup> Máli þessu var skotið til dómstóla EB og var túlkun framkvæmdastjórnarinnar á samkeppnisreglunum að þessu leyti staðfest af undirrétti EB<sup>113</sup> og síðar dómstóli EB.<sup>114</sup> Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001 var litið á samráð grænmetisdreifingarfyrirtækja frá 1995–1999 sem heildarsamkomulag sem hafi haft það að markmiði að eyða samkeppni og hækka verð á grænmeti og ávöxtum. Í dómi Hæstaréttar í málinu var sagt að um samfellda brotastarfsemi hafi verið að ræða. Áframhaldandi samráð af þessum toga er í samkeppnisrétti ýmist nefnt samheitunum samfellt samráð/brotastarfsemi eða heildarsamkomulag/heildarbrot (e. *single permanent collusion/single, overall agreement/single continuous infringement*). Í máli þessu verður notað hugtakið samfellt samráð. Verður nú nánar gerð grein fyrir hugtakinu og þykir í því sambandi gagnlegt að gera nokkra grein fyrir Polypropylene málinu.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnar EB var komist að þeirri niðurstöðu að framleiðendur á plastefninu polypropylene hefðu á árunum 1977–1983 haft með sér margvíslegt og fjölbreytilegt samráð. Í þeim tilgangi héldu fyrirtækin reglulega fundi og áttu í áframhaldandi samskiptum. Markmið fyrirtækjanna með þessum samskiptum var að ná saman um eftirfarandi atriði: verð á þessari vöru og framkvæmd á verðhækkunum, skiptingu á mörkuðum, ráðstöfunum til að stjórna framboði eða hafa eftirlit með sölu hvers annars og upplýsingaskipti um viðkvæm viðskiptaleg málefni til að auðvelda samráð þeirra. Fyrirtækin breyttu reglulega framkvæmd sinni á samráðinu til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaðnum. Að mati framkvæmdastjórnarinnar höfðu allar þessar aðgerðir sama markmið sem var að stjórna verði og framboði á

---

<sup>110</sup> Sjá t.d. eftirfarandi ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB í samráðsmálum. Ákvörðun frá 16.12.2003 í máli nr. COMP/38.240 *Industrial tubes* (samráð frá 1988–2001), ákvörðun frá 2.7.2002 í máli nr. COMP/37.519 *Methionine* (samráð frá 1986–1999), ákvörðun frá 5.12.2001 nr. COMP/36.604 *Citric Acid* (samráð frá 1991–1995) og ákvörðun frá 18.7.2001 í máli nr. COMP/36.490 *Graphite Electrodes* (samráð frá 1992–1998).

<sup>111</sup> Mál nr. m.a. 48/69 *ICI v Commission* [1972] ECR 619.

<sup>112</sup> Mál nr. 86/398/EEC, O.J. [1986] L 230/1.

<sup>113</sup> Sjá t.d. dóma undirréttar EB í máli nr. T-1/89 *Rhône Poulenc v Commission* [1991] ECR II-867, mál nr. T-7/89 *Hercules Chemicals v Commission* [1991] ECR II 1711 og máli nr. T-11/89 *Shell International v Commission* [1992] ECR II 757.

<sup>114</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92P *Commission v Anic* [1999] ECR I-4125.



markaðnum fyrir þetta efni. Var því um að ræða samfelld samráð sem allir þátttakendur báru ábyrgð á án tillits til þess hvort þeir tóku þátt í öllum aðgerðum tengdum því. Var brotið talið felast í aðgerðum sem fólu í sér samninga og samstilltar aðgerðir.

Undirréttur EB staðfesti þá niðurstöðu að rétt hafi verið að skilgreina þetta brot sem samfelld samráð. Dómstóllinn benti fyrst á að hinar ýmsu samstilltu aðgerðir og samningar í málinu hafi verið hluti af aðgerðum sem fólu í sér reglulega fundi, verðsamráð og markaðskiptingu.<sup>115</sup> Þessar aðgerðir allar hafi haft sama markmið sem var að brengla eðlilega verðmyndun á umræddum markaði. Í þessu ljósi væri óeðlilegt að líta á þessa áframhaldandi háttsemi, sem stefndi að sama markmiði, sem fjölda ótengdra brota. Þátttakendur í samráðinu hafi í raun um árábil tekið þátt í tengdum aðgerðum sem fólu í sér eitt brot sem ýmist birtist í formi samninga eða samstilltra aðgerða.<sup>116</sup> Framkvæmdastjórninni hafi verið heimilt að lýsa hinu samfellda samráði sem „samningi og samstilltum aðgerðum“ þar sem samráðið hefði bæði falið í sér aðgerðir sem unnt væri að skilgreina sem samning og aðgerðir sem unnt væri að skilgreina sem samstilltar aðgerðir. Dómstóllinn sagði jafnframt að í flóknu broti af þessum toga sé ekki nauðsynlegt að sanna að hver þáttur í samfellda samráðinu sem málið taki til teljist bæði vera samningur og samstilltar aðgerðir. Sú skilgreining framkvæmdastjórnarinnar að brotið feli í sér samning og samstilltar aðgerðir vísar til þeirrar umfangsmiklu og flóknu samvinnu sem feli í sér fjölda aðgerða sem ýmist teljist til samninga eða samstilltra aðgerða í skilningi 85. gr. Rs. (nú 81. gr.).<sup>117</sup>

Málinu var skotið til dómstóls EB. Í álitum Cosmas aðallögsögumans var tekið undir þá niðurstöðu undirréttar EB að lýsa brotinu sem samfelldu samráði. Lagði

---

<sup>115</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-1/89 *Rhône Poulenc v Commission* [1991] ECR II-867. Sjá mgr. 125 í dómnum: „*As regards the question whether the Commission was entitled to find that there was a single infringement, described in Article 1 of the Decision as "an agreement and concerted practice", the Court points out that, in view of their identical purpose, the various concerted practices followed and agreements concluded formed part of schemes of regular meetings, target-price fixing and quota fixing.*“

<sup>116</sup> Sjá mgr. 126 í dómnum: „*Those schemes were part of a series of efforts made by the undertakings in question in pursuit of a single economic aim, namely to distort the normal movement of prices on the market in polypropylene. It would thus be artificial to split up such continuous conduct, characterized by a single purpose, by treating it as consisting of a number of separate infringements. The fact is that the applicant took part - over a period of years - in an integrated set of schemes constituting a single infringement, which progressively manifested itself in both unlawful agreements and unlawful concerted practices.*“

<sup>117</sup> Sjá mgr. 127 í dómnum: „*the Commission was also entitled to characterize that single infringement as "an agreement and a concerted practice", since the infringement involved at one and the same time factual elements to be characterized as "agreements" and factual elements to be characterized as "concerted practices". Given such a complex infringement, the dual characterization by the Commission in Article 1 of the Decision must be understood not as requiring, simultaneously and cumulatively, proof that each of those factual elements presents the constituent elements both of an agreement and of a concerted practice, but rather as referring to a complex whole comprising a number of factual elements some of which were characterized as agreements and others as concerted practices for the purposes of Article 85(1) of the EEC Treaty, which lays down no specific category for a complex infringement of this type.*“

aðallögmaðurinn áherslu á að í þessu tilviki hefðu sömu aðilar brotið sömu lagaregluna með endurteknum og skipulögðum aðgerðum í sama efnahagslega umhverfi.<sup>118</sup>

Fyrir dómstóli EB hélt fyrirtækið Anic því fram að undirréttur EB hefði brotið gegn meginreglunni um persónulega ábyrgð á brotum og lagt til grundvallar sameiginlega (e. *collective*) ábyrgð þegar rétturinn staðfesti þá niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar að þátttakendur í samfelldu samráði bæru ábyrgð á brotinu í heild sinni þó þeir hefðu ekki tekið þátt í öllum aðgerðum tengdum því. Dómstóll EB féllst ekki á þetta sjónarmið Anic. Dómstóllinn benti fyrst á að sökum eðlis þessara brota á samkeppnisreglunum og þeirra viðurlaga sem geti fylgt þeim sé ábyrgðin á brotunum í eðli sínu persónuleg.<sup>119</sup> Í öðru lagi sagði dómstóllinn að samningar og samstilltar aðgerðir sem vísað er til í 1. mgr. 81. gr. Rs. verði óhjákvæmilega til við samvinnu fleiri en eins fyrirtækis, sem öll fremja brotið, en vegna m.a. eðlis viðkomandi markaða og stöðu fyrirtækja á þeim og þeirra markmiða sem stefnt er að, geti þátttaka hvers og eins fyrirtækis verið mismunandi.<sup>120</sup> Hins vegar leiði sú staðreynd að hvert fyrirtæki fyrir sig tekur þátt í brotinu með sínum hætti ekki til þess að það beri ekki ábyrgð á brotinu í heild sinni, þ.m.t. á aðgerðum sem önnur fyrirtæki framkvæmdu en höfðu sama samkeppnishamlandi markmið eða áhrif.<sup>121</sup> Í þriðja lagi sagði dómstóllinn að það verði að hafa í huga að 1. mgr. 81. gr. Rs. banni samninga milli fyrirtækja, þ.m.t. hegðun sem feli í sér framkvæmd á þeim samningum, og samstilltar aðgerðir sem hafi það að markmiði eða þau áhrif að samkeppni verði raskað. Þetta hafi þau áhrif að brot á ákvæðinu geti ekki aðeins falist í einni tiltekinni aðgerð heldur geti það einnig tekið til samfelldrar raðar af aðgerðum og áframhaldandi hegðunar. Þessari túlkun verði ekki hnekkkt á þeim grunni að einn eða fleiri þættir í þessari röð aðgerða

---

<sup>118</sup> Sjá álit Cosmas í t.d. máli nr. C-49/92P *Commission v. Anic* og máli nr. C-235/92P *Montecatini v. Commission*.

<sup>119</sup> Dómur dómstóls EB í máli nr. C-49/92P *Commission v. Anic* [1999] ECR I-4125: Sjá mgr. 78: „*On this question the Court must observe, first of all, that, given the nature of the infringements in question and the nature and degree of severity of the ensuing penalties, responsibility for committing those infringements is personal in nature.*“

<sup>120</sup> Sjá mgr. 79: „*Secondly, the agreements and concerted practices referred to in Article 85(1) of the Treaty necessarily result from collaboration by several undertakings, who are all co-perpetrators of the infringement but whose participation can take different forms according, in particular, to the characteristics of the market concerned and the position of each undertaking on that market, the aims pursued and the means of implementation chosen or envisaged.*“

<sup>121</sup> Sjá mgr. 80: „*However, the mere fact that each undertaking takes part in the infringement in ways particular to it does not suffice to exclude its responsibility for the entire infringement, including conduct put into effect by other participating undertakings but sharing the same anti-competitive object or effect.*“

eða áframhaldandi hegðunar geti hver fyrir sig einnig falið í sér sjálfstætt brot á 81. gr. Rs.<sup>122</sup>

Dómstóllinn vísaði síðan til þess að undirréttur EB hefði m.a. talið að samningar og samstilltar aðgerðir polypropylene framleiðendanna hefðu verið hluti af kerfi reglulegra funda, verðsamráðs og markaðskiptingar sem hafi haft sama efnahagslega markmið, sem var að raska eðlilegri verðmyndun. Undir slíkum kringumstæðum hafi verið rétt hjá undirréttinum að telja að fyrirtæki sem hafi tekið þátt í slíku broti með eigin aðgerðum sem fólu í sér samning eða samstilltar aðgerðir og var ætlað að stuðla að hinu samfellda samráði, hafi jafnframt verið ábyrgt fyrir aðgerðum annarra þátttakenda í sama brotinu. Þetta eigi við þegar sýnt er fram á að viðkomandi fyrirtæki vissi um aðgerðir hinna fyrirtækjanna eða að því hafi mátt vera þetta ljóst og að fyrirtækið hafi verið tilbúið að taka þessa áhættu.<sup>123</sup> Tók dómstóllinn fram að þessi túlkun færi ekki gegn meginreglunni um persónulega ábyrgð heldur væri hún í samræmi við lagahefðir í aðildarríkjum EB.<sup>124</sup>

Af hálfu Anic var því einnig haldið fram að óheimilt hafi verið að lýsa brotinu sem „samningi og samstilltum aðgerðum“ og að með hinu samfellda samráði hafi verið búið til nýtt brot sem hafi með ölögmætum hætti verið beitt afturvirk. Dómstóllinn féllst heldur ekki á þetta. Í dómnum sagði um þetta að í 1. mgr. 85. gr. sé m.a. greint á milli samninga og samstilltra aðgerða og tilgangur þess sé að ná til mismunandi tegunda samvinnu og samráðs milli fyrirtækja.<sup>125</sup> Af því leiði ekki að hegðunarmynstur sem hafi sama samkeppnishamlandi markmið geti ekki skoðast sem

---

<sup>122</sup> Sjá mgr. 81.: „*Thirdly, it must be remembered that Article 85 of the Treaty prohibits agreements between undertakings and decisions by associations of undertakings, including conduct which constitutes the implementation of those agreements or decisions, and concerted practices when they may affect intra-Community trade and have an anti-competitive object or effect. It follows that infringement of that article may result not only from an isolated act but also from a series of acts or from continuous conduct. That interpretation cannot be challenged on the ground that one or several elements of that series of acts or continuous conduct could also constitute in themselves an infringement of Article 85 of the Treaty.*“

<sup>123</sup> Sjá mgr. 83: „*In such circumstances, the Court of First Instance was entitled to consider that an undertaking that had taken part in such an infringement through conduct of its own which formed an agreement or concerted practice having an anti-competitive object for the purposes of Article 85(1) of the Treaty and which was intended to help bring about the infringement as a whole was also responsible, throughout the entire period of its participation in that infringement, for conduct put into effect by other undertakings in the context of the same infringement. That is the case where it is established that the undertaking in question was aware of the offending conduct of the other participants or that it could reasonably have foreseen it and that it was prepared to take the risk.*“

<sup>124</sup> Sjá mgr. 84: „*Contrary to Anic's submission, such a conclusion is not contrary to the principle that responsibility for such infringements is personal in nature. It fits in with widespread conception in the legal orders of the Member State concerning the attribution of responsibility for infringements committed by several perpetrators according to their participation in the infringement as a whole, which is not regarded in those legal systems as contrary to the personal nature of responsibility.*“

<sup>125</sup> Sjá mgr. 112: „*...it must be observed that, if Article 85 of the Treaty distinguishes between 'concerted practices', 'agreements between undertakings' and 'decisions by associations of undertakings', the aim is to have the prohibitions of that article catch different forms of coordination and collusion between undertakings.*“

ólík birtingarform eins og sama brots á 1. mgr. 85. gr. Rs.<sup>126</sup> Undirrétti EB hafi þannig verið heimilt að líta svo á að hegðunarmynstur nokkurra fyrirtækja væri birtingarform á samfelldu samráði, sem að hluta fæli í sér samning og hluta samstilltar aðgerðir.<sup>127</sup> Dómstóllinn sagði einnig að ekki væri skylt að flokka sérhvern þátt í hegðun fyrirtækjanna sem annaðhvort samning eða samstilltar aðgerðir. Taldi dómstóllinn að þessi túlkun væri ekki í ósamræmi við hið íþyngjandi eðli bannsins í 1. mgr. 85.gr. Rs. Hér væri alls ekki um það að ræða að búið hafi verið til nýtt brot heldur feli þessi túlkun aðeins í sér viðurkenningu á þeirri staðreynd að þegar um er ræða brot sem tekur til mismunandi tegunda aðgerða þá geta þær verið skilgreindar með mismunandi hætti en eftir sem áður fallið undir sama ákvæði og séu aðgerðirnar allar jafn ólögætar.<sup>128</sup>

Að mati samkeppnisráðs leiðir af framangreindu máli og öðrum fordæmum að í samkeppnisrétti er ekki nauðsynlegt að flokka brot með þeim hætti að skilgreint sé nákvæmlega hvort tiltekin hegðun teljist annaðhvort vera samningur eða samstillt aðgerð. Þetta á sérstaklega við í flóknum brotum sem átt hafa sér stað yfir langt tímabil.<sup>129</sup> Með hugtakinu flóknum (e. *complex*) brotum er í þessu samhengi átt við margþætt samstarf keppinauta þar sem ýmsum aðgerðum er beitt til að ná fram sameiginlegu markmiði. Hugtökin samningur og samstilltar aðgerðir eru teygjanleg og geta skarast. Þegar um er að ræða áframhaldandi sameiginlegar aðgerðir fyrirtækja sem hafa sama meginmarkmið er þannig talið órökrétt að skipta slíkum aðgerðum upp í einstök afmörkuð brot.<sup>130</sup> Bent hefur og verið á að í flóknum samráðsbrotum sem varða mörg fyrirtæki sem um árabíl hafa reynt að takmarka samkeppni sín á milli þá sé ekki þörf á að afmarka brot með þessum hætti þar sem bæði samningar og samstilltar aðgerðir fela í sér brot á samkeppnisreglum.<sup>131</sup>

---

<sup>126</sup> Sjá mgr. 113: „*It does not, however, follow that patterns of conduct having the same anti-competitive object, each of which, taken in isolation, would fall within the meaning of 'agreement', 'concerted practice' or 'a decision by an association of undertakings', cannot constitute different manifestations of a single infringement of Article 85(1) of the Treaty.*“

<sup>127</sup> Sjá mgr. 114: „*The Court of First Instance was therefore entitled to consider that patterns of conduct by several undertakings were a manifestation of a single infringement, corresponding partly to an agreement and partly to a concerted practice.*“

<sup>128</sup> Sjá mgr. 133: „... *this interpretation is not incompatible with the restrictive nature of the prohibition laid down in Article 85(1) of the Treaty. Far from creating a new form of infringement, the arrival at that interpretation merely entails acceptance of the fact that, in the case of an infringement involving different forms of conduct, these may meet different definitions whilst being caught by the same provision and being all equally prohibited.*“

<sup>129</sup> Hér má einnig hafa hliðsjón af dómi undirréttar EB í máli nr. T-7/89 *Hercules Chemicals v Commission* [1991] ECR II 1711.

<sup>130</sup> Hér má t.d. hafa hliðsjón af dómi undirréttar EB í máli nr. T-7/89 *Hercules Chemicals v Commission* [1991] ECR II 1711.

<sup>131</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-305/94 *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] ECR II-931: „... *in the context of a complex infringement which involves many producers seeking over a number of years to regulate the market between them, the Commission cannot be expected to classify the infringement precisely, for each undertaking and for any given moment, as in any event both these forms of infringement are covered by Art. 81 of the Treaty.*“

Þegar um er að ræða flókin samráðsbrot sem ná yfir langt tímabil þá nær hugtakið samningur í samkeppnisrétti ekki aðeins yfir heildaráætlunina eða það sem ákveðið hefur verið heldur einnig til framkvæmdar í tengslum við samráðið. Eins og áður sagði taldi dómstóll EB í Anic málinu að hugtakið samningur geti ekki aðeins falist í einni tiltekinni aðgerð heldur geti það einnig tekið til samfelldrar raðar af aðgerðum. Samkvæmt þessu má líta á samráð tiltekinnna keppinauta sem eitt áframhaldandi brot á því tímabili sem það stóð yfir. Um slíkt samfellt samráð er að ræða þegar viðkomandi fyrirtæki starfa saman á ákveðnu tímabili til að ná fram sameiginlegu markmiði um að takmarka eða raska samkeppni. Sú staðreynd að fyrirtæki eiga í reglubundnum samskiptum um t.d. verð gefur til kynna að um samfellt samráð sé að ræða.<sup>132</sup> Aðgerðirnar sem felast í samstarfinu geta annað hvort falist í samningum eða samstilltum aðgerðum. Það samstarf sem felst í þessu broti getur breyst frá einum tíma til annars, t.d. til að aðlagast ytri breytingum. Engu breytir þótt unnt sé að líta á einhvern þátt þessa samstarfs sem sjálfstætt brot á 10. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð vísar hér einnig til þess að samráð keppinauta af þessum toga er sameiginlegt verkefni viðkomandi fyrirtækja. Þrátt fyrir þetta geta þátttakendur í slíku broti gegnt mismunandi hlutverki í slíku verkefni, t.d. geta sum fyrirtæki gegnt forustuhlutverki að öllu leyti eða hluta. Engu breytir um lögmæti slíkrar samvinnu þó upp komi ágreiningur milli aðila eða einstakir aðilar „svindli“ ef eftir sem áður er um að ræða áframhaldandi vilja viðkomandi fyrirtækja til að ná fram sameiginlegu markmiði. Þótt fyrirtæki taki þátt í samráði með afmörkuðum hætti sem hentar hagsmunum þess þá firrir það sig ekki ábyrgð á brotinu í heild sinni, þ.m.t. vegna aðgerða sem framdar eru af öðrum þátttakendum í brotinu. Polypropylene málið sýnir að fyrirtæki sem tekur þátt í sameiginlegu ólögmætu verkefni með aðgerðum sem stuðla að því að markmið þess náist ber einnig ábyrgð á aðgerðum annarra þátttakenda í brotinu sem ætlað er að ná fram sama markmiði ef fyrirtækinu mátti a.m.k. vera ljóst að aðrir þátttakendur myndu grípa til slíkra aðgerða í hinu samfellda samráði.<sup>133</sup> Sú staðreynd að þátttakandi í samfelldu samráði hafi sig minna í frammi en aðrir getur hins vegar haft áhrif á fjárhæð sekta.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því mótmælt að ekki sé nauðsynlegt að flokka brot með þeim hætti að skilgreint sé nákvæmlega hvort tiltekin hegðun teljist annaðhvort vera samningur eða samstillt aðgerð. Nauðsynlegt sé að skoða hvert einstakt meint brot fyrir sig og greina hvort það hafi farið gegn 10. gr.

---

<sup>132</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 24. júlí 2002 í máli nr. COMP/36.700 *Industrial and Medical Gases*.

<sup>133</sup> Sjá hér einnig dóm undiréttar EB í máli nr. T-305/94 *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] ECR II-931: „An undertaking may be held responsible for an overall cartel even though it is shown to have participated directly only in one or some of its constituent elements if it is shown that it knew, or must have known, that the collusion in which it participated, especially by means of regular meetings organised over several years, was part of an overall plan intended to distort competition and that the overall plan included all the constituent elements of the cartel.“ Dómur undirréttar var staðfestur af dómstóli EB í máli nr. m.a. C-238/99P [2003] 4 CMLR 10.

samkeppnislaga. OHF bendir á að í frumathugun II vísi Samkeppnisstofnun í þessu samhengi til dóms undirréttar EB frá 1994 (sic) í máli T-305/94. Segir OHF að það mál hafi að þessu leyti ekkert fordæmisgildi þar sem samráðið í því máli hafi varðað á annan tug fyrirtækja. Mál olíufélaganna sé hins vegar gerólikt að því leyti að það varði einungis þrjú fyrirtæki. Samkeppnisyfirvöld geti því ekki með vísan til þessa máls skotið sér undan því að rannsaka og sanna hvert og eitt hinna meintu brota félagsins.

Samkeppnisráð bendir hér á að í umræddum dómi undirréttar EB frá 20. apríl 1999 í máli Limburgse Vinyl Maatschappij o.fl. gegn framkvæmdastjórninni var um það að ræða að tólf framleiðendur á efninu PVC voru sektaðir fyrir ólöglegt samfellt samráð. Það er hins vegar alls ekki svo að sú regla samkeppnisréttarins, að ekki sé þörf á því að skilgreint sé nákvæmlega hvort tiltekin hegðun teljist annaðhvort vera samningur eða samstillt aðgerð, sé háð einhverjum lágmarksfjölda fyrirtækja. Regla þessi á sérstaklega við í flóknum brotum sem varað hafa í umtalsverðan tíma. Hún er hins vegar ekki afmörkuð við slík tilvik og hvergi hafa komið fram kröfur um lágmarksþátttöku í broti til þess að reglan gildi. Hér má t.d. vísa til ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB frá 14. október 1998 þar sem fjögur fyrirtæki á breska sykurmárkaðnum voru sektuð fyrir samfellt samráð á árunum 1986–1990.<sup>134</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að þessu leyti var staðfest af undirrétti EB<sup>135</sup> og dómstóll EB hafnaði með dómi sínum frá 29. apríl 2004 í máli nr. C-359/01P kröfu um ógildingu á dómi undirréttarins.

#### 1.2.4. Sjónarmið olíufélaganna um áhrif MSE, stjórnarskrár og refsiréttar á túlkun 10. gr. samkeppnislaga

Í athugasemdum olíufélaganna eru sett fram ýmis sjónarmið um áhrif stjórnarskrár, mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) og refsiréttar á túlkun 10. gr. samkeppnislaga. Þannig kemur fram í athugasemdum OHF við frumathugun II að félagið telur sig vera sakað um refsiverða háttsemi og eigi félagið að njóta allra þeirra réttinda sem sökunautar njóti samkvæmt reglum refsiréttar. Til stuðnings þessu vísar OHF til niðurstöðu mannréttindanefndar Evrópu í Stenuit málinu og til sjónarmiða í EES/EB-samkeppnisrétti. Heldur OHF því fram að 10. gr. samkeppnislaga eigi því að skýra þröngt og allan vafa eigi að virða sökunauti til hagsbóta. Samkeppnisstofnun hafi hins vegar í frumathugun þessa máls skýrt ákvæði með rúmum hætti oft en ekki með vísan til EES/EB-samkeppnisréttar. Jafnframt heldur OHF því fram að 10. gr. laganna sé matskennt og óljóst viðurlagaákvæði. Verkaðarlýsing ákvæðisins uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar séu til refsiheimilda eða refsikenndra viðurlagaheimilda.

<sup>134</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB nr. IV/33.711 *British Sugar Plc and others*. Í ákvörðuninni sagði m.a. þetta: „*The Court of First Instance in various judgements made it clear that it was not necessary, particular in the case of a complex infringement of considerable duration, for the Commission to characterise it as exclusively an agreement or concerted practice, or to split it up into separate infringements.*“

<sup>135</sup> Sjá dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-202/98 [2001] 5 CLMR 22.

Af hálfu Olís er vísað til þess að samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. MSE skuli hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi saklaus uns sekt er sönnuð. Telur Olís þessa reglu gilda um meðferð samkeppnismála.

Að mati Skeljungu leikur enginn vafi á því að sektir samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga teljist til refsinga eins og það hugtak hefur verið skilgreint í refsirétti. Þar með sé brot gegn 10. gr. samkeppnislaga refsiverð háttsemi í skilningi 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. MSE. Telur fyrirtækið að þetta verði leitt af dómum mannréttindadómstóls Evrópu. Er í því sambandi vísað til dóma í máli Bendenoun gegn Frakklandi, Özturk gegn Þýskalandi og nefnds Stenuit máls. Sökum þessa skuli hver sá sem borinn er sökum um brot gegn bannákvæðum samkeppnislaga teljast saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Af þessari mikilvægu reglu leiði að sönnunarbyrði um að félagið hafi brotið gegn samkeppnislögum hvíli að öllu leyti á samkeppnisyfirvöldum. Gera verði strangar kröfur til sönnunar á brotum gegn bannákvæðum samkeppnislaga og beri að fara að öllu leyti eftir þeim reglum sem gilda um sönnun í opinberu réttarfari. Þá beri að gera sömu kröfur til skýrleika bannákvæða samkeppnislaga og til annarra refsheimilda. Telur Skeljungur sig hafa í andmælum sínum rakið fjölda tilvika úr frumathugun Samkeppnisstofnunar þar sem engin sönnun liggi fyrir um brot þótt niðurstaða Samkeppnisstofnunar sé önnur. Einnig bendir Skeljungur á að meint brot lögaðila á 10. gr. samkeppnislaga geti bæði verið rannsakað af samkeppnisyfirvöldum og lögreglu og sömu ströngu reglur um túlkun ákvæðisins hljóti eðli málsins samkvæmt að gilda um rannsókn hjá báðum þessum aðilum.

Samkeppnisráð vísar hér fyrst til þess að um málsmeðferð og framkvæmd samkeppnislaga fyrir stjórnvöldum gilda aðallega ákvæði samkeppnislaga, stjórnsýslulaga og reglna nr. 922/2000 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Þegar úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála er skotið til dómstóla gilda lög um meðferð einkamála. Að mati ráðsins verður alls ekki leitt af þessum réttarheimildum eða lögskýringagögnum með þeim að málsmeðferðar- og túlkunarreglur opinbers réttarfars og refsiréttar gildi með beinum hætti um meðferð samkeppnismála fyrir stjórnvöldum. Ef þessar reglur ættu að taka beint til málsmeðferðar samkeppnisyfirvalda þá hefði óhjákvæmilega þurft að taka það fram með skýrum hætti í lögum. Þessu til stuðnings má hafa í huga að í því tilviki þar sem löggjafinn taldi ástæðu til að láta ákvæði úr lögum um meðferð opinberra mála gilda um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda var það sérstaklega tiltekið, sbr. 40. gr. samkeppnislaga þar sem segir að Samkeppnisstofnun skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum við athuganir á starfsstöð fyrirtækja.

Tilvísun Skeljungs til 70. gr. stjórnarskrárinnar getur ekki breytt þessu. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að sektir sem lagðar eru á samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga eru ekki refsing í skilning refsiréttarins.<sup>136</sup> Sektir þessar eru skilgreindar af löggjafanum í ákvæðinu sem stjórnvaldssektir en ekki refsing. Almenn orðskýring leiðir það af sér að ef líta ætti á sektarviðurlög samkeppnisráðs sem refsingar þá væru sektirnar vart nefndar stjórnvaldssektir heldur öðru meira lýsandi nafni. Þar fyrir utan koma refsíákvæði samkeppnislaga fram í öðru ákvæði laganna, sbr. 57. gr. Í þessu sambandi má og benda á að sektir þær sem yfirs kattanevnd, sem er æðsti úrskurðaraðili í skattamálum á stjórnsýslustigi og því stjórnvald, getur lagt á samkvæmt 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt eru nefndar refsingar í fyrirsögn greinarinnar. Fræðimenn telja einnig sektir í skattamálum til refsinga.<sup>137</sup> Hér ber einnig að líta til þess að í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir um 52. gr. að ákvæðið sé nýmæli í íslenskri löggjöf en ákvæðið sé sniðið að þeirri löggjöf sem komi til með að gilda innan EES og gildi nú í EB-ríkjum. Er því rökrétt í þessu samhengi að líta til þess hvernig sektir samkeppnisyfirvalda innan EES eru skilgreindar. Í 4. mgr. 15. gr. bókunar 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls segir að sektir þær sem Eftirlitsstofnun EFTA getur lagt á vegna brota á samkeppnisreglum séu ekki refsiréttarlegs eðlis. Hið sama sagði í reglugerð EB ráðsins nr. 17/62<sup>138</sup> Þann 1. maí 2004 tók ný málsmeðferðarreglugerð gildi innan EB og féll reglugerð nr. 17/62 þá úr gildi. Reglugerð þessi er nr. 1/2003 og í 23. gr. segir að sektir samkvæmt reglugerðinni séu ekki refsiréttarlegs eðlis. Reglugerð þessi hefur verið tekin inn í EES-samninginn og mun því gilda hér á landi.

Að mati samkeppnisráðs er hér einnig gagnlegt að horfa til norsks réttar. Þann 1. maí 2004 tóku gildi ný samkeppnislög í Noregi. Meðal nýmæla í þeim er að norsku samkeppnisstofnuninni er veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna m.a. ólögmeats samráðs, en í eldri lögum var einungis að finna refsíákvæði. Í norskum lögskýringagögnum kemur skýrt fram að þetta sektarákvæði sé reist á sambærilegum ákvæðum í EES/EB-rétti og tilgangurinn sé að veita norskum samkeppnisyfirvöldum samskonar heimildir til álagningar sekta og samkeppnisyfirvöld EES/EB og einstakra aðildarríkja hafa. Forsaga þessarar löggjafar er sú að á árinu 2000 var skipuð þrettán manna nefnd til að endurskoða norsku samkeppnislögin. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu og frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í apríl 2003.<sup>139</sup> Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að taka upp stjórnvaldssektir á þessu sviði til að stuðla ennfrekar að því að markmið norskra samkeppnislaga náist. Þær sektir þurfi að vera nægjanlega háar til að tryggja varnaðaráhrif og í samræmi við framkvæmd í EES/EB-samkeppnisrétti. Skýrt er tekið fram í skýrslunni að sektir þessar teljist ekki til

<sup>136</sup> Sjá Stefán Má Stefánsson, *Samkeppnisreglur*, bls 162. Þar segir að sektir samkvæmt 52. gr. feli í sér refsikennnd viðurlög fyrir tiltekin brot gegn lögnum án þess þó að teljast til refsinga.

<sup>137</sup> Sjá Gylfi Knudsen, *Ættarmark álögunnar*, Afmælisrit Gauks Jörundssonar, bls. 319.

<sup>138</sup> Dómstólar EB hafa staðfest að þessar sektir teljist ekki vera refsingar í skilningi refsiréttarins. Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. 83/91 *Tetra Pak v Commission* [1994] ECR II 755.

<sup>139</sup> NOU 2003:12 *Ny konkurranslov*.



refsinga og um þær gildi ekki sönnunarkröfur refsiréttarins.<sup>140</sup> Í skýrslu nefndarinnar er fjallað nánar um hvaða sönnunarkröfur beri að gera í málum þar sem sektir þessar verði lagðar á. Sagði nefndin að útgangspunkturinn væri að almennar reglur einkamálaréttarfarsins gildi þegar dómstólar endurskoða ákvarðanir stjórnvalda. Þar sé reglan um sönnunarbyrði sú að líklegasta staðreyndin sé lögð til grundvallar.<sup>141</sup> Nefndin taldi þó að hafa yrði í huga að þessar stjórnvaldssektir yrðu hærri en sektir sem lagðar hafa verið á á grundvelli refsilaga. Sagði nefndin að stjórnvaldssektirnar gætu numið mjög háum fjárhæðum og væru líkar refsiréttarlegum sektum. Fæli það í sér rök fyrir strangari sönnunarkröfum en ella. Hins vegar væri ekki ástæða til að miða við kröfur refsiréttarins og ætti sönnunarkrafan að vera skýr líkindi (*klar sannsynlighetsovervekt*).<sup>142</sup> Taldi nefndin einnig að þessi fyrirhugaða sektarheimild norskra samkeppnisyfirvalda færi ekki gegn fyrirmælum 90. gr. norsku stjórnarskrárinnar um að refsing skuli aðeins lögð á með dómi.

Ráðuneyti samkeppnismála í Noregi sendi skýrslu nefndarinnar til umsagnar og lagði mat á þær umsagnir sem bárust. Taldi ráðuneytið að fyrirhugaðar sektir væru ekki refsing í skilningi norsku stjórnarskrárinnar.<sup>143</sup> Til stuðnings þessu vísaði ráðuneytið m.a. til almennrar umfjöllunar í nýrri skýrslu norskra sérfræðinga á sviði refsiréttar.<sup>144</sup> Í umfjöllun í þeirri skýrslu um hvort stjórnvaldssektir teljist til refsinga er sagt að skilgreining löggjafans á viðurlögum hafi ráðandi þýðingu gagnvart stjórnarskránni, jafnvel þó viðurlögin séu refsikennnd svo fremi að í þeim felist ekki frelsissvipting.<sup>145</sup> Í skýrslunni segir einnig að nefndin leggi það til grundvallar að m.a. hærri stjórnvaldssektir en tíðkast hafi í norskum rétti muni ekki fara gegn stjórnarskránni svo fremi sem ákvarðanir um þær séu málefnalegar, réttaröryggi tryggt (sérstaklega

---

<sup>140</sup> Í þessu samhengi var rætt um að óheppilegt gæti verið að nota hugtakið sektir (bøter) um þessi stjórnvaldsviðurlög þar sem það hugtak væri tengt refsiréttinum. Þannig segir á bls. 129 í skýrslunni: „På den annen side kommer ikke reglene i straffeloven og straffeprosessloven til anvendelse ved illeggelsen av sivilrettslige sanksjoner. Det vil også være forskjellige beviskrav i de to systemer. At det er store forskjeller mellom det sivilrettslige sanksjonsmidlet og den strafferettslige boten, kan tale for at man velger en annen terminologi enn «bøter» for det sivilrettslige sanksjonsmidlet.“

<sup>141</sup> Nefnt „sannsynlighetsovervekt“ og skýrt svo á bls. 131 í skýrslunni; „det vil si at det mest sannsynlige faktum skal legges til grunn.“

<sup>142</sup> Um þetta segir nánar í skýrslunni á bls. 131: „Begrunnelsen for å innføre sivilrettslige bøter i konkurransesaker, som vil være høyere enn bøter ilagt etter straffeloven, er blant annet effektivitetshensyn. Strengt krav til bevisets styrke kan vanskeliggjøre håndhevelse av loven. Behovet for effektiv håndheving må holdes opp mot hensynet til rettssikkerhet. Sivilrettslige bøter kan gjelde store beløp og har store likhetspunkter med strafferettslig bot. Dette kan tale for at beviskravet legges høyere enn alminnelig sannsynlighetsovervekt. På den annen side er det neppe grunn til å la straffeprosesslovens beviskrav gjelde for sivilrettslig bot, som forøvrig behandles etter sivilprosessens regler. Utvalget har på denne bakgrunn kommet til at beviskravet bør være en klar sannsynlighetsovervekt.“

<sup>143</sup> Ot. prp.nr.6 2003–2004, bls. 116–117.

<sup>144</sup> NOU 2003:15 *Fra bot til bedring*.

<sup>145</sup> NOU 2003:15 *Fra bot til bedring*. Sjá bls. 57: „... den tradisjonelle oppfatning om at lovgivers karakteristikk af en sanktion normalt er avgjørende også i forhold til Grunnloven, selv om reaksjonen har et klar pønalt formål, så lenge det ikke er tale om frihetsberøvelse.“

heimild til að skjóta sektarákvörðun til æðra stjórnvalds og dómstóla) og viðurlögin séu ekki skilgreind sem refsing af löggjafanum.<sup>146</sup>

Í umfjöllun ráðuneytis samkeppnismála var einnig tekið til skoðunar hvaða sönnunarkröfur skuli gilda í málum þar sem sektir eru lagðar á vegna m.a. ólögmæts samráðs. Var ráðuneytið ekki sammála því mati samkeppnisnefndarinnar að gera ætti strangari sönnunarkröfur en almennt tíðkast í einkamálum.<sup>147</sup> Fyrir norska þinginu var því haldið fram af samtökum atvinnurekenda að stjórnvaldssektir frumvarpsins væru refsing og því ættu reglur refsiréttarins að gilda. Í nefndaráliti viðkomandi nefndar segir hins vegar að meirihluti hennar telji ekki rök til að falla frá því sjónarmiði að almennar sönnunarreglur einkamálaréttarins gildi og er vísað í því samhengi til framangreindrar umfjöllunar ráðuneytisins.<sup>148</sup>

Hér má einnig vísa til bresks samkeppnisréttar. Breska samkeppnisstofnunin hefur heimild til að leggja á sektir vegna m.a. ólögmæts samráðs og geta þær numið allt að 10% af veltu viðkomandi fyrirtækis. Í máli fyrir áfrýjunardómstóli í samkeppnismálum (Competition Appeal Tribunal) var því haldið fram að gera ætti sömu sönnunarkröfur í málum þar sem samkeppnisstofnunin leggur á sektir og gerðar eru í refsimálum. Dómstóllinn hafnaði þessu og sagði að stjórnvaldssektirnar væru ekki refsing og almennar sönnunarreglur einkamálaréttarins giltu. Engu breytti þótt þessum stjórnvaldssektum væri ætlað að hafa varnaðaráhrif.<sup>149</sup> Dómstóllinn benti þó á að slík sektarmál væru alvarlegs eðlis og þyrftu sönnunargögn því að vera traust og sannfærandi.

Til stuðnings því að ákvæði íslenskra refsilaga gildi um málsmeðferð samkeppnisyfirlvalda vísa olíufélögin einnig til 6. gr. MSE. Er því haldið fram að sektir samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga séu refsing og brot gegn 10. gr. laganna því „refsiverð háttsemi“ í skilningi MSE. Hér ber að hafa tvennt í huga að mati samkeppnisráðs.

Í fyrsta lagi verður að líta til þess að hugtakið „refsiverð háttsemi“ í 6. gr. MSE hefur sjálfstæða þýðingu sem er óháð þeirri skilgreiningu á háttseminni sem notuð er í rétti

<sup>146</sup> NOU 2003:15 *Fra bot til bedring*. Sjá bls. 58.

<sup>147</sup> Ot. prp.nr.6 2003–2004. Sjá bls. 117: „*Departmentet er imidlertid ikke enig med utvalget i at det må kreves sterk sannsynlighetsovervekt for å fatte vedtak om overtredelsegebyr. Det forligger ikke særlige hensyn i slike saker som tilsier at det skal opstilles spesielle krav til bevisets styrke, ut over det som følger av alminnelige bevisregler i sivile saker. I saker om ovetredelse af konkurranseloven vil samfunnets og forbrukernes interesse i riktig pris, stå mot foretakens interesse i ikke å bli bøtelagt for noe de ikke har gjort.*“

<sup>148</sup> Innst. O. nr. 50 (2003–2004), bls. 41.

<sup>149</sup> Dómur frá 15.1.2002 í máli nr. 1001/1/1/01 *Napp Pharmaceutical Holdings Limited v Director General of Fair Trading*: „... the standard of proof we must apply in deciding whether infringements of the Chapter I og Chapter II prohibitions are proved is the civil standard, commonly known as the preponderance or balance of probabilities, notwithstanding that the civil penalties imposed may be intended by the Director to have a deterrent effect.“

aðildarríkja MSE.<sup>150</sup> Í þessu felst óhjákvæmilega að sú staðreynd, ein og sér, að tiltekin háttsemi telst vera „refsiverð háttsemi“ í skilningi 6. gr. MSE leiðir ekki sjálfkrafa til þess að sama háttsemi og viðurlög við henni teljist vera refsiverð háttsemi og refsing í skilningi íslenskra laga.<sup>151</sup> Því getur ekki verið um það að ræða að ákvæði íslensks refsiréttar gildi um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda þótt brot gegn 10. gr. samkeppnislaga kunni að falla undir 6. gr. MSE. Sú niðurstaða myndi einungis þýða að meðferð samkeppnisyfirvalda yrði að vera í samræmi við kröfur þessa ákvæðis MSE. Til frekari stuðnings þessu má líta til framangreindrar umfjöllunar í norskum rétti. Þar var eins og áður sagði komist að þeirri niðurstöðu að stjórnvaldssektir í samkeppnismálum teldust ekki vera refsing í skilningi norsks réttar. Í skýrslu norsku samkeppnisnefndarinnar segir hins vegar að sennilegt sé að umræddar stjórnvaldssektir teljist vera refsiverð háttsemi samkvæmt 6. gr. MSE en það sé ekki sjálfgefið að það hafi þýðingu varðandi skilgreiningu viðurlaganna að norskum rétti. Breskur réttur veitir hér einnig leiðsögn. Í nefndum dómi breska áfrýjunardómstólsins í samkeppnismálum sagði að 6. gr. MSE taki til málsmeðferðar fyrir dómnum í málum sem varða álagningu breskra samkeppnisyfirvalda á sektum. Hins vegar taldi dómstóllinn þá staðreynd að 6. gr. MSE gildi, ekki leiða til þess að um slíkt sektarmál giltu málsmeðferðarreglur og ákvæði sem gilda um rannsókn og dóma í refsimálum að innanlandsrétti.<sup>152</sup>

Af öllu framansögðu telur samkeppnisráð ljóst að sektir samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga teljast ekki vera refsing í skilningi íslensks réttar og að ákvæði refsiréttarins gildi ekki um meðferð samkeppnismála fyrir stjórnvöldum. Engu breytir þó brot á 10. gr. samkeppnislaga geti einnig verið rannsökuð af lögreglu. Er það sama regla og gildir í Noregi og Bretlandi þar sem reglur refsiréttarins gilda ekki í málum þar sem þarlend samkeppnisyfirvöld leggja á stjórnvaldssektir vegna ólögsmæts samráðs. Þær reglur gilda hins vegar þegar lögregla í þessum löndum rannsakar slík meint brot, en í Bretlandi og Noregi getur samráð bæði varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

---

<sup>150</sup> Sjá dóm mannréttindadómstóls Evrópu frá 8.6.1978 *Engel and others v. Netherlands*. Sjá einnig Jacobs & White, *European Convention on Human Rights*, þriðja útgáfa, bls. 140: „... the Court has ruled that the concept of a „criminal charge“ must bear an „autonomous“ meaning, independent of the categorizations employed by the national legal systems of the Member States.“ Hugtökin „refsivert brot“ og „refsiverð háttsemi“ í 6. gr. MSE merkja það sama. Sjá Harris, O’Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 241.

<sup>151</sup> Það athugist hins vegar að öndverð regla gildir varðandi MSE, þ.e. sú staðreynd ein og sér að refsing er lögð við tilteknum aðgerðum í rétti aðildarríkja leiðir sjálfkrafa til þess að háttsemin fellur undir 6. gr. MSE. Sjá Harris, O’Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 167.

<sup>152</sup> Dómur frá 15.1.2002 í máli nr. 1001/1/1/01 *Napp Pharmaceutical Holdings Limited v Director General of Fair Trading*: „... the fact that Article 6 applies does not of itself lead to the conclusion that these proceedings must be subject to the procedures and rules that apply to the investigation and trial of offences classified as criminal offences for the purposes of domestic law.“

Í öðru lagi varðandi tilvísun olíufélaganna til mannréttindaákvæða er það mat samkeppnisráðs að ekki sé fullkomlega ljóst á þessu stigi réttarþróunar MSE hvort eða að hvaða leyti 6. gr. tekur til mála þar sem samkeppnisyfirvöld aðildarríkja sáttmálans á fyrsta stjórnarsýslustigi leggja á sektir, sbr. einnig umfjöllun í kafla I 2.1.2 hér að framan. Líta ber hér sérstaklega til þess að 6. gr. MSE tekur samkvæmt orðalagi sínu til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Hafa ber einnig í huga í því samhengi að í framangreindu Stenuit máli komst mannréttindanefnd Evrópu að þeirri niðurstöðu að ákvörðun franskra stjórnvalda að leggja á sekt vegna brota á þarlandum samkeppnislögum fæli í sér að viðkomandi hafi verið sakaður um refsivert brot í skilningi 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.<sup>153</sup> Mannréttindadómstóllinn tók málið hins vegar ekki til efnislegar umfjöllunar þar sem sættir náðust. Samkeppnisráði er það hins vegar ljóst að ýmis rök geta staðið til þess að 6. gr. MSE gildi að meira eða minna leyti í málum þegar stjórnvöld beita stjórnvaldssektum, sbr. m.a. framangreind sjónarmið úr breskum og norskum rétti. Að mati ráðsins er hins vegar ekki nauðsynlegt að skera úr um þetta í máli þessu. Ástæða þess er sú að ráðið telur engan vafa leika á því að mál þetta uppfylli að öllu leyti þær kröfur MSE sem olíufélögin vísa til. Er því ekki um það að ræða að taka þurfi afstöðu til þess í málinu hvort hugsanlegar ríkari kröfur MSE gildi um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Skal þetta rökstutt nánar.

Olíufélögin hafa vísað til 2. mgr. 6. gr. MSE en þar segir að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn vera saklaus uns sekt hans er sönnuð. Skeljungur telur t.d. leiða af þessu ákvæði að sönnunarbyrði um að félagið hafi brotið gegn samkeppnislögum hvíli á samkeppnisyfirvöldum og allan vafa beri að skýra því í hag. Jafnframt að gera verði strangar kröfur til sönnunar og beri að fara eftir öllum reglum sem gilda í opinberu réttarfari um sönnun. Samkeppnisstofnun hafi í frumathugun sinni beitt óbeinum sönnunargögnum og slegið fram fullyrðingum á grundvelli þeirra sem í mörgum tilvikum eigi sér ekki nokkra stoð. Í athugasemdum OHF er vísað til mannréttindaákvæða og því mótmælt að óbein sönnun nægi til þess að sanna brot.

Samkeppnisráð bendir hér á að það er alls ekki um það að ræða að olíufélögin þurfi að sanna sakleysi sitt í skilningi ákvæða MSE. Á samkeppnisyfirvöldum hvílir sú skylda samkvæmt 10. gr. stjórnarsýslulaga að sjá til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í þeim. Í þessu felst að samkeppnisyfirvöld verða að afla nauðsynlegra gagna sem sýna fram á brot á samkeppnislögum áður en íþyngjandi ákvörðun er tekin. Í þessum skilningi hvílir það á samkeppnisyfirvöldum að sanna brot á bannreglum samkeppnislaga, sbr. einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001. Í þessu máli hafa samkeppnisyfirvöld gert ítarlega grein fyrir gögnum málsins og rökstutt hvernig þau gefi til kynna að olíufélögin hafi brotið gegn 10. gr.

---

<sup>153</sup> Mál nr. 11598/85.

samkeppnislaga. Olíufélögnum hefur og verið gefinn kostur á koma að andmælum sínum og er í ákvörðun þessari tekin afstaða til þeirra. Fæst ekki annað séð en að þessi málsmeðferð sé réttlát.

Varðandi sönnunarkröfur verður að hafa í huga að ekkert gefur til kynna að 2. mgr. 6. gr. MSE geri þá kröfu að í málum sem falli undir ákvæðið gildi sönnunarkröfur refsiréttarins, t.d. sú regla í refsirétti sumra ríkja að sönnun verði að vera hafin yfir allan skynsamlegan efa.<sup>154</sup> Hvað sem því líður bendir samkeppnisráð á að í samráðsmálum fyrir íslenskum samkeppnisyfirvöldum gildir reglan um frjálst mat sönnunargagna og að gera verði ríkar kröfur til sönnunargagna og mats á þeim, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 37/2003. Þessum sjónarmiðum er beitt í þessu máli og telur samkeppnisráð að þau séu réttlát í skilningi 6. gr. MSE. Varðandi tilvísun Skeljungs til óbeinna sönnunargagna vísar samkeppnisráð fyrst til þess að sönnunum í þessu máli er í öllum aðalatriðum byggð á fjölda beinna sönnunargagna sem með skýrum hætti sýna fram á samráð olíufélaganna. Samhengisins vegna er hins vegar rétt að benda á að 2. mgr. 6. gr. MSE bannar ekki notkun óbeinna sönnunargagna.<sup>155</sup> Í EES/EB-samkeppnisrétti hefur og lengi verið þekkt að unnt er að styðjast við óbeina sönnun.<sup>156</sup> Hér má einnig líta til þess að í Bandaríkjunum eru mál sem varða ólögmeitt verðsamráð keppinauta einvörðungu rekin sem refsímál og getur samráð varðað fangelsi. Í bandarískum rétti hefur um áratuga skeið verið byggt á því að sakfelling í refsímáli geti alfarið byggst á óbeinni sönnun.<sup>157</sup> Bandarískir fræðimenn hafa sagt að í samráðsmálum megi ekki búast við því að bein sönnunargögn séu aðgengileg og því verði oft að styðjast við óbeina sönnun.<sup>158</sup> Alríkisdómstólar hafa vísað til hinnar venjuhelguðu reglu um að sanna samráð með óbeinni sönnun.<sup>159</sup> Fullyrðingum olíufélaganna um óvandaða sönnunarfærslu samkeppnisyfirvalda í einstökum tilvikum verður svarað í umfjöllun

<sup>154</sup> Sjá t.d. Harris, O'Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 244: Í umfjöllun um 2. mgr. 6. gr. MSE segir m.a.: „As to the standard of proof, there is no clear statement that there is a requirement of proof beyond reasonable doubt.“ Sjá einnig dóm breska áfrýjunardómstólsins í samkeppnismálum frá 15. janúar 2002 í máli nr. 1001/1/1/01 *Napp Pharmaceutical Holdings Limited v Director General of Fair Trading*: „Neither the ECHR itself nor the European Court of Human Rights has laid down a particular standard of proof that must be applied in proceedings to which Articles 6(2) or (3) apply, and still less that the standard should be that of „proof beyond reasonable doubt“ ...“

<sup>155</sup> Sjá t.d. Harris, O'Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 244: Í umfjöllun um 2. mgr. 6. gr. MSE segir m.a.: „As to the kind of evidence that may be relied upon, this may be „direct or indirect.“

<sup>156</sup> Sjá t.d. álit Mayras aðallögsögumanns í sameinuðum málum nr. m.a. 40–48/73 *Suiker Unie and others v Commission* [1975] ECR 1663. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í PVC málinu [1989] OJ L74/1: „any decision will to a large extent have to be based upon circumstantial evidence: the existence of the facts constituting the infringement of Article 85 may have to be proved by logical deduction from other proven facts.“

<sup>157</sup> Sjá t.d. dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna; *Holland v United States*, 384 U.S. 121 (1954). Mál þetta varðaði refsisdóm sem alfarið var byggður á óbeinni sönnun. Rétturinn sagði að enginn munur væri í eðli sínu á beinni og óbeinni sönnun og þessi tvö form sönnunar væru jafngild.

<sup>158</sup> L. Sullivan, *Handbook of the Law of Antitrust*, bls. 312.

<sup>159</sup> *United States v. Chas. Pfizer & Co.*, 437 F.2d 957 (2d Cir. 1970); „the time-honored practice of establishing an anti-trust conspiracy by circumstantial evidence.“

um viðkomandi atvik málsins. Nánar verður fjallað um sönnun í samráðsmálum í næsta undirkafla.

Af hálfu Skeljungar er því einnig haldið fram að gera eigi sömu kröfur til skýrleika bannákvæða samkeppnislaga og til annarra refsheimilda. Til stuðnings þessu er m.a. vísað til 1. mgr. 7. gr. MSE. Segir félagið að litla leiðbeiningu sé að finna í greinargerð með eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Mörg þeirra atriða sem Samkeppnisstofnun hafi byggt á við mat á sönnun eigi sér enga stoð í texta þágildandi 10. gr. laganna. Jafnframt telur félagið að margvísleg háttsemi sem Samkeppnisstofnun telji falla undir ákvæðið rúmist ekki innan þess í reynd. Rökstuðningur stofnunarinnar er sagður í fæstum tilvikum sóttur til hefðbundinna lögskýringagagna heldur sé vísað til óljósra fordæma frá stofnunum EB. Bendir Skeljungur á að þegnar landsins verði að geta ráðið af texta laganna hvers konar háttsemi lögð er refsing við á hverjum tíma. Þessar ströngu reglur um skýrleika hljóti að eiga við hvort sem meint brot á 10. gr. eru rannsökuð af lögreglu eða samkeppnisyfirvöldum. Jafnframt heldur félagið því fram að jafnvel þó samkeppnisyfirvöld yrðu ekki talin vera að beita refsheimildum sé stjórnvöldum óheimilt að beita refsikenndum viðurlögum án þess að slík ákvörðun eigi stoð í skýrri lagaheimild. OHF hefur að nokkru haldið fram áþekktum sjónarmiðum.

Samkeppnisráð vísar fyrst til þess að í 7. gr. MSE felst m.a. krafa um skýrleika refsíákvæða og bann við afturvirkni þeirra. Ákvæðið bannar t.d. að refsíákvæði séu túlkuð þannig að þau taki til athafna sem áður féllu augljóslega ekki undir þau.<sup>160</sup> Hins vegar fer það ekki gegn ákvæðinu að einstök efnisatriði refsíákvæða séu skýrð og aðlöguð að breyttum kringumstæðum sem með skynsamlegum hætti er unnt að fella undir upphaflega brotálýsingu þess.<sup>161</sup> Virðist mannréttindadómstóllinn gera ráð fyrir talsverðu svigrúmi að þessu leyti að því skilyrði uppfylltu að þróun í túlkun ákvæðis sé í samræmi við kjarna þess sem það bannar og sæmilega (e. *reasonably*) fyrirsjáanleg.<sup>162</sup> Hefur í þessu samhengi verið bent á að óhjákvæmilegar breytingar á aðstæðum og nauðsyn þess að forðast ósveigjanlegt orðalag leiði til þess að refsíákvæði séu almennt eða óljóst orðuð.<sup>163</sup> Mannréttindanefnd Evrópu hefur talið að

<sup>160</sup> Sjá Harris, O'Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 277.

<sup>161</sup> Sjá Harris, O'Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 277.

<sup>162</sup> Í dómi frá 2.11.1995 *CR v. United Kingdom* benti mannréttindadómstóllinn á þetta: „*however clearly drafted a legal provision may be, in any system of law, including criminal law, there is an inevitable element of judicial interpretation. There will always be a need for elucidation of doubtful points and for adaptation to changing circumstances. Indeed, in the ... Convention States, the progressive development of the criminal law through judicial law-making is a well entrenched and necessary part of the legal tradition. Article 7 of the Convention cannot be read as outlawing the gradual clarification of the rules of criminal liability through judicial interpretation from case to case, provided that the resulting development is consistent with the essence of the offence and could reasonably be foreseen.*“

<sup>163</sup> Sjá Jacobs & White, *European Convention on Human Rights*, þriðja útgáfa, bls. 192.

krafan um skýrleika refsíakvæða taki ekki til þess að nákvæmlega sé tilgreint í ákvæði hvaða hegðun leiði til refsingar heldur dugi almenn skilgreining.<sup>164</sup>

Að mati samkeppnisráðs fæst ekki séð að verknaðarlýsing þágildandi 10. gr. samkeppnislaga uppfylli ekki framangreindar kröfur. Ákvæðið bannar með skýru orðalagi alla samninga, samþykktir og samstilltar aðgerðir sem lúta að eða ætlað er að hafa áhrif á verð, skiptingu markaða og gerð tilboða, eins og nánar er tilgreint í ákvæðinu. Í greinargerð með frumvarpinu er ákvæðið skýrt með hefðbundnum hætti. Af dómi Hæstaréttar í máli 37/2003 leiðir að rétturinn hefur talið að bannregla 10. gr. samkeppnislaga væri nægjanlega skýr til að byggja ákvörðun viðurlaga á henni. Í því samhengi má einnig líta til dóms Hæstaréttar frá 19. febrúar 2004 í máli nr. 323/2003 *Skífan hf. gegn samkeppnisráði*. Í því máli féllst rétturinn ekki á þá málsástæðu Skífunnar að bannregla 11. gr. samkeppnislaga væri of óljós til að ákvörðun viðurlaga verði reist á henni. Horfa verður til þess hér að ákvæði núgildandi 11. gr. samkeppnislaga eru víðtækari og óljósari en ákvæði þágildandi 10. gr. laganna í þeim skilningi að í 11. gr. er ekki lýst með tæmandi hætti hvaða háttsemi felur í sér brot á ákvæðinu. Þess í stað bannar ákvæðið alla misnotkun á markaðsráðandi stöðu og tilgreint er í dæmaskyni í ákvæðinu hvað í því felst. Hér hefur og þýðingu að 10. gr. samkeppnislaga er orðuð með mjög áþekktum hætti og samskonar bannreglur sem gilda annars staðar í Evrópu og eru þær reglur yfirleitt grundvöllur stjórnvalds- og/eða refsiviðurlaga. Samkeppnisráði er ekki kunnugt um neina réttarframkvæmd í öðrum Evrópuríkjum, hjá mannréttindadómstólnum eða hjá EES/EB dómstólum sem gefur til kynna að ákvæði af þessum toga uppfylli ekki lágmarkskröfur um skýrleika. Olúfélögin hafa heldur ekki vísað til slíkra mála. Það er hins vegar að finna erlenda dómframkvæmd þar sem slíkum sjónarmiðum um óskýrleika hefur verið hafnað.<sup>165</sup>

Í máli þessu er heldur ekki um að það að ræða að verið sé að saka olúfélögin um ólögsmæta háttsemi sem ekki fellur undir verknaðarlýsingu 10. gr. samkeppnislaga. Mál þetta tekur þvert á móti til athafna sem á grundvelli eðlilegra lögskýringasjónarmiða hafa frá upphafi fallið undir ákvæðið. Í þeim tilvikum þar sem olúfélögin hafa sett fram rökstuðning um að tiltekin atvik þessa máls falli utan 10. gr. laganna verður tekin afstaða til þess í umfjöllun um þau efnisatriði málsins.

Varðandi það sjónarmið Skeljungs að túlkun samkeppnisyfirvalda á 10. gr. samkeppnislaga sé óhefðbundin og byggist á óljósum fordæmum úr EB-rétti þá vísast til umfjöllunar hér að framan um tengsl ákvæðisins við EES/EB-samkeppnisrétt og

<sup>164</sup> Reifað á bls. 278 í Harris, O'Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*: „... the Commission stated that the „requirement of certainty in the law cannot mean that the concrete facts giving rise to criminal liability should be set out in the statute concerned“. The requirement was satisfied if, ..., a general definition was provided by law for courts to apply.“

<sup>165</sup> Hér má t.d. vísa til fransks réttar. Í dómi áfrýjunardómstóls í París frá 28.1.1997 var ekki fallist á sjónarmið um að ákvæði franskra samkeppnislaga sem banna ólögsmætt samráð væru ekki nægjanlega skýr til þess að unnt væri að leggja viðurlög vegna brota á þeim (Cons. conc. 95-D-86).

túlkunarsjónarmið því tengdu. Til viðbótar þessu má almennt hafa í huga að sökum aðildar Íslands að EES-samningnum og lögfestingar ákvæða hans þá er réttarframkvæmd í EES/EB-rétti lögskýringagagn hér á landi. Þannig segir t.d. berum orðum í frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið að viðkomandi dómari dómstóls EB séu lögskýringagögn.<sup>166</sup> Skeljungur virðist hins vegar í framkvæmd fallast á að rétt sé að hafa hliðsjón af EES/EB-rétti við túlkun samkeppnislaga því félagið vísar sjálft til hans til stuðnings því sem það telur vera rétta túlkun á samkeppnislögum í þessu máli. Hið sama gera OHF og Olís.

Samkeppnisráð verður og að taka fram að ef skilja ber framangreind sjónarmið olíufélaganna á þann veg að þeim hafi í veigamiklum atriðum ekki verið ljóst að athafnir þeirra væru ólögætar þá er sá málflutningur ekki trúverðugur. Eins og nánar verður gerð grein fyrir settu félögin ítrekað fram tilmæli eða kröfur, ýmist til hvers annars eða innan viðkomandi félags, um að leyna eða eyða gögnum sem tengjast samráði þeirra. Einnig er að finna gögn í málinu þar sem beinlínis er vísað til þess að tiltekið samráð fari gegn samkeppnislögum eða gefa með öðrum hætti skýrt til kynna að olíufélagunum var það ljóst að hegðun þeirra væri ólögætt. Þar fyrir utan mun eftirfarandi umfjöllun sýna að þegar við gildistöku samkeppnislaga höfðu olíufélögin með sér ólögætt samráð og í maí 1993, tæpum tveimur mánuðum eftir gildistöku laganna, kærði Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) olíufélögin til Samkeppnisstofnunar og hélt því fram að félögin hefðu brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Þegar Samkeppnisstofnun sendi erindi FÍB olíufélagunum til umsagnar var látið fylgja með eintak af samkeppnislögum. Síðar í maí 1993 birti Samkeppnisstofnun tilkynningu í Lögbirtingablaðinu og gaf frest til að afnema samkeppnishömlur eða sækja um undanþágu. Hafi stjórnendur olíufélaganna ekki gert sér grein fyrir því við gildistöku samkeppnislaga hvað nákvæmlega fólst í banni laganna við samráði gáfu þessi atvik á árinu 1993 stjórnendum félaganna ríkulegt tilefni til að kynna sér samkeppnislögin, eftir atvikum með aðstoð þeirra lögmannstofa sem veitt hafa þessum fyrirtækjum þjónustu um árabíl.

Til stuðnings sjónarmiðum sínum hefur Skeljungur vísað til dóms dómstóls EB í Húls málinu frá 1999 og sagt að í þeim dómi hafi dómstóllinn staðfest að meginregla 2. mgr. 6. gr. MSE um sakleysi uns sekt er sönnuð gildi fullum fetum í samkeppnismálum. Jafnframt hefur félagið vísað til fræðimanna á sviði EB samkeppnisréttar og sagt að af umfjöllun þeirra verði ekki annað ráðið en strangar sönnunarkröfur gildi í samkeppnismálum. Olís hefur einnig vísað til Húls málsins og OHF hefur stutt mál sitt að þessu leyti með tilvísun til EES/EB-réttar. OHF heldur því hins vegar einnig fram að sönnunarreglur í EES/EB-samkeppnisrétti eigi ekki að hafa áhrif á beitingu 10. gr. samkeppnislaga.

---

<sup>166</sup> 1. mál, þskj.1, lagt fyrir á 116. löggjafarþingi 1992.



Að mati samkeppnisráðs er rétt að rifja hér upp að Hüls málið varðaði ákvörðun framkvæmdastjórnar EB varðandi ólögmaett samráð á polypropylene markaðnum, sbr. umfjöllun hér að framan.<sup>167</sup> Brot Hüls var talið m.a. felast í því að fyrirtækið hefði á tilteknu tímabili setið fundi með keppinautum sínum þar sem verð og önnur viðskiptamálefni voru rædd. Þetta taldi framkvæmdastjórnin sannað á grundvelli þess að keppinautur Hüls hefði upplýst að fyrirtækið hefði setið fundina og að hjá keppinautum Hüls hefðu fundist upplýsingar um vörusölu fyrirtækisins. Fyrirtækið skaut ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til dómstóla EB og hélt því m.a. fram að þátttaka þess í samráðinu væri ósönnuð. Fyrir undirrétti EB hélt fyrirtækið því fram að jafnvel þó sannað væri að það hefði tekið þátt í fundum lægi ekkert fyrir um að það hefði tekið þátt í því að raska samkeppni og þátttaka í fundunum hefði ekki haft áhrif á hegðun þess á markaði. Undirrétturinn staðfesti þá niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar að fyrirtækið hefði tekið þátt í ólögmaetu samráði og sagði að sönnunarbyrðin hvíldi á því að sýna fram á að það hefði tekið þátt í umræddum fundum án nokkurs ásetnings til að raska samkeppni og fyrirtækið hefði gert öðrum keppinautum það ljóst.<sup>168</sup>

Fyrir dómstóli EB hélt fyrirtækið því fram að sönnunarbyrðinni hefði með ólögmaetum hætti verið snúið við og að fyrirtækið þyrfti í raun að sanna sakleysi sitt. Dómstóll EB taldi að meginreglan um sakleysi uns sekt er sönnuð gildi í samráðsmálum þar sem sektir geta verið lagðar á. Hins vegar hafi sú meginregla ekki verið brotin í málinu. Dómstóllinn benti á að ef deilt er um hvort samráð hafi átt sér stað sé það framkvæmdastjórnarinnar að sanna brotið. Hins vegar hefði framkvæmdastjórnin sýnt fram á að Hüls hafi tekið þátt í fundum sem augljóslega hafi verið samkeppnishamlandi í eðli sínu. Sökum þessa væri það fyrirtækisins að leggja fram sönnunargögn um að það hafi tekið þátt í fundunum án nokkurs vilja til að raska samkeppni og gögnin yrðu að sýna fram á að fyrirtækið hafi á sínum tíma gefið keppinautum sínum þetta til kynna.<sup>169</sup> Svipuð sjónarmið hafa komið fram í dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins. Það er þannig ekki talið vera brot á 2. mgr. 6. gr. MSE að sönnunarbyrðin færist á sakborning varðandi þau atriði sem hann heldur fram sér til varnar.<sup>170</sup> Fræðimenn virðast telja að áþekk sjónarmið gildi í íslenskum samkeppnisrétti.<sup>171</sup>

Samkeppnisráð ítrekar hér að ekki er um það að ræða í málinu að oliufélögin hafi í skilningi MSE þurft að sanna sakleysi sitt. Varðandi ummæli Skeljungs um að strangar sönnunarkröfur gildi í EB/EES-samkeppnisrétti þá bendir samkeppnisráð á

<sup>167</sup> Ákvörðun frá 23.4.1986, í máli nr. 86/398/EEC, O.J. [1986] L 230/1.

<sup>168</sup> Dómur undirréttar EB í máli nr. T-9/89 [1992] ECR II-757.

<sup>169</sup> Dómur dómstóls EB í máli nr. C-199/92P *Hüls v Commission* [1999] 5 CMLR 1019.

<sup>170</sup> Sjá Harris, O'Boyle og Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 243.

<sup>171</sup> Eiríkur Tómasson. Sér sjónarmið hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum. *Úlfjótur*. 1. tbl. 2004, bls. 123–124.

að hér á landi eru lagðar til grundvallar sambærilegar sönnunarkröfur við beitingu 10. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun hér á eftir.

### 1.3. Sönnun

Varðandi sönnun og sönnunarmat í samráðsmálum þá gildir meginreglan um frjálst mat sönnunargagna, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Að mati nefndarinnar ber að gera ríkar kröfur til sönnunargagna og mats á þeim þegar um verulega íþyngjandi ákvarðanir er að ræða.<sup>172</sup> Leggur áfrýjunarnefndin hér til grundvallar samskonar sjónarmið og gilda í EB/EES-samkeppnisrétti.<sup>173</sup> Í úrskurði áfrýjunarnefndar kemur einnig fram að gögn sem rituð eru á þeim tíma sem atvik gerðust og án tengsla við síðari rannsókn hafi ríkt sönnunargildi.<sup>174</sup> Bent er á í nefndum úrskurði áfrýjunarnefndarinnar að sérstaða samkeppnismála varðandi sönnun og sönnunarmat í samráðsmálum felist einkum í því að hegðun fyrirtækja og stjórnenda þeirra geti, á grundvelli reynslulögmála, ein sér gefið sterkar vísbendingar um ólögmætt atferli.<sup>175</sup> Er hér einnig um að ræða sama viðhorf til sönnunar og gildir í EB/EES-samkeppnisrétti.<sup>176</sup> Í þeim rétti hefur einnig verið lögð áhersla á að sönnunargögn í samráðsmálum ber að virða heildstætt en ekki einangrað og hvert fyrir sig.<sup>177</sup>

Dómstóll EB hefur í nýlegu máli fjallað með almennum hætti um sjónarmið sem gilda um sönnun í samráðsmálum. Fram kemur í dómnum að þar sem bann við samkeppnishamlandi samráði og viðurlög við því séu þekkt fari þessi brot venjulega fram með leynd og gögnum sé haldið í lágmarki. Jafnvel þó samkeppnisyfírvöld fái í hendur sönnunargögn, t.d. fundargerðir, sem með skýrum hætti sýni fram á ólögmæt samskipti milli fyrirtækja séu slík gögn yfirleitt stuttorað og brotakennd. Því sé oft nauðsynlegt að beita ályktunum um einstök atvik málsins. Í flestum tilvikum verði að byggja ályktun um tilvist samkeppnishamlandi aðgerða eða sammings á ýmsum

<sup>172</sup> Sjá hér einnig umfjöllun Eiríks Tómassonar um sönnun í samkeppnismálum: Sér sjónarmið hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum. *Úlfjótur*. 1. tbl. 2004, bls. 121–124.

<sup>173</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í málum nr. 29–30/83 *Cram and Rheinink v Commission* [1984] ECR 1679.

<sup>174</sup> Er þessi túlkun áfrýjunarnefndar einnig í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt. Sjá hér t.d. álit Vesterdorf aðallögmanns undirréttar EB í máli nr. T-7/89, *Hercules v. Commission* [1992] ECR II-1711.

<sup>175</sup> Hér má einnig vísa til umfjöllunnar um sönnun í samráðsmálum í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001.

<sup>176</sup> Sjá t.d. dóma dómstóls EB í máli nr. m.a. 48/69 *ICI and others v Commission* [1972] ECR 619 og í sameinuðum málum nr. m.a. 89/85 *Ahlström Osakeyhtiö and others v Commission* [1993] ECR I-1307.

<sup>177</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 48/61 *ICI v Commission* [1972] ECR 619: Í dómnum segir þetta: „... the question whether there was concerted action in this case can only be correctly determined if the evidence upon which the contested decision is based is considered, not in isolation, but as a whole, account being taken of the specific features of the market in question.“

tilviljunum (e. *coincidences*) og vísendingum (e. *indicia*) sem virtar saman geti falið í sér sönnun á broti ef engin önnur sennileg skýring er á þessum atriðum.<sup>178</sup>

Hér má einnig hafa í huga úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/1996, *Félag eggjaframleiðenda gegn samkeppnisráði*. Í því máli kemur fram að skýr ummæli í fundargerðum og bréfum duga til þess að sanna brot á bannreglum samkeppnislaga. Tengt þessu má hafa í huga að af framkvæmd dómstóls EB má ráða að ef ummæli í gögnum sýna skýrlega fram á samráð er ekki fallist á þær fullyrðingar fyrirtækja, án frekari rökstuðnings, að slík ummæli beri ekki að taka „bókstaflega“ eða of „alvarlega“.<sup>179</sup> Í þeirri réttarframkvæmd hefur og verið vísað til þess að þegar fyrirtæki fela starfsmönnum t.d. að rita fundargerðir þá verði að ganga að því sem gefnu að valdir séu starfsmenn sem færir séu um að skrá með réttum hætti hvað fram fer.<sup>180</sup> Með sama hætti verður almennt að taka alvarlega ummæli stjórnenda um málefni sem tengjast rekstri fyrirtækja þeirra. Lengi hefur verið miðað við í dómaframkvæmd dómstóla EB að unnt sé að byggja á ummælum í t.d. bréfaskriftum milli þriðju aðila til þess að sanna tiltekna hegðun hjá fyrirtæki sem minnst er á í bréfunum, að því gefnu að ummælin séu trúverðug.<sup>181</sup>

Í athugasemdum Olís í kafla um sönnun meintra brota gegn samkeppnislögum eru, m.a. með vísun til fræðimanna sem kenna sig við Chicago-skólann, sett fram sjónarmið um að samstarf fyrirtækja geti í fjölda tilvika verið æskilegt. Er í því sambandi vísað til ýmiss konar samstarfs íslenskra fyrirtækja. Jafnframt er fjallað um upplýsingaskipti keppinauta og sagt að þau geti bæði verið lögmæt og algjörlega andstæð samkeppnislögum. Sagt er að vegna sameiginlegs rekstrar olíufélaganna hafi þau þurft að hittast. Þar hafi óheppileg upplýsingaskipti átt sér stað vegna rekstrarins og einnig óþarft slúður. Að mati Olís komi fram í gögnum málsins að þá hafi sjaldnast verið markmiðið með þessum upplýsingaskiptum að hamla samkeppni heldur hafi þetta verið vanhugsuð og óheppileg upplýsingaskipti sem engan skaðaði. Í

---

<sup>178</sup> Sjá dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*: „*Since the prohibition on participating in anti-competitive agreements and the penalties which offenders may incur are well known, it is normal for the activities which those practices and those agreements entail to take place in a clandestine fashion, for meetings to be held in secret, most frequently in a non-member country, and for the associated documentation to be reduced to a minimum.*

*Even if the Commission discovers evidence explicitly showing unlawful contact between traders, such as the minutes of a meeting, it will normally be only fragmentary and sparse, so that it is often necessary to reconstitute certain details by deduction.*

*In most cases, the existence of an anti-competitive practice or agreement must be inferred from a number of coincidences and indicia which, taken together, may, in the absence of another plausible explanation, constitute evidence of an infringement of the competition rules“.*

<sup>179</sup> Dómur dómstóls EB í sameinuðum málum nr. 40 til 48, 50, 54 til 56, 111, 113 og 114/173 *Coöperative Suiker Unie v. Commission* [1975] ECR 1663.

<sup>180</sup> Sjá hér t.d. álit Vesterdorf aðallögmanns undirréttar EB í máli nr. T-7/89, *Hercules v. Commission* [1992] ECR II-1711.

<sup>181</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-56/99 frá 11.12.2003 *Marlines SA v Commission*. Sjá einnig dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. 40 til 48, 50, 54 til 56, 111, 113 og 114/173 *Coöperative Suiker Unie v Commission* [1975] ECR 1663.

athugasemdum Olís er einnig vísað til sönnunarsjónarmiða í úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 14/2001 og til rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga og sagt að gera verði ríkar kröfur um að gögn bendi til samráðs. Olís fullyrðir að á fjölmörgum stöðum í frumathugun Samkeppnisstofnunar séu settar fram fullyrðingar eða aðdróttanir án þess að þær séu studdar fullnægjandi gögnum. Sem dæmi er nefnt að Samkeppnisstofnun nefni einungis meintar umræður á milli félaganna á einhverju sviði til að rökstyðja að samráð hafi átt sér stað án þess að kanna hvort einhver fótur sé fyrir því í raun. Stofnunin geri á fjölmörgum stöðum enga tilraun til að kanna hvort einhverjar tilraunir hafi verið gerðar til að hrinda meintum hugmyndum í framkvæmd eða hvort þær hafi orðið að veruleika heldur telji að meintar umræður séu nægjanleg sönnun. Á sama hátt dragi stofnunin viðtækar ályktanir af tímasetningum funda án þess að nokkuð liggi fyrir um efni þeirra og óundirrituð skjöl og ódagsettir tölvupóstar séu sett í samhengi eftir hentugleika þrátt fyrir að ekkert liggi fyrir um tilurð og tímasetningar. Stofnunin þúsi saman atvikum og ummælum með margra ára millibili án þess að nokkuð samhengi sé þar á milli. Alls kyns fullyrðingum sé slegið fram án nokkurrar sönnunar. Telur Olís að Samkeppnisstofnun hafi með þessu gróflega brotið gegn rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga.

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að mál þetta tekur einungis til þeirrar samvinnu olíufélaganna sem fellur undir 10. gr. samkeppnislaga. Ráðið er sammála Olís að kröfur áfrýjunarnefndar samkeppnismála og stjórnarsýslulaga gildi um sönnun í þessu máli. Samkeppnisráð vísar hér til fyrri umfjöllunar og áréttar að brot á 10. gr. laganna er ekki háð því að sýnt sé fram á áhrif á markaði. Af þessu leiðir að ekki þarf að sýna fram á að t.d. samningur hafi verið framkvæmdur eða að samstilltar aðgerðir hafi í raun raskað samkeppni. Samkeppnisráð ítrekar hér einnig að viðræður keppinauta um málefni sem falla undir 10. gr. samkeppnislaga fara gegn undirstöðurökum ákvæðisins um viðskiptalegt sjálfstæði. Slíkar viðræður fela þannig í sér ólögmætar samstilltar aðgerðir nema viðkomandi fyrirtæki geti sannað að það hafi lýst því yfir við keppinauta sína að það vildi ekki taka þátt í slíkum samkeppnishamlandi viðræðum. Hvað varðar fullyrðingar um óvandaða sönnunarfærslu þá telur samkeppnisráð að gögn málsins sýni með ótvíræðum hætti fram á samráð olíufélaganna. Vísast hér til umfjöllunar um einstök efnisatriði málsins.

### 1.3.1. Sjónarmið olíufélaganna um áhrif fákeppni á sönnun

Í athugasemdum olíufélaganna er ítrekað vísað til þess að olíumarkaðurinn hér á landi sé fákeppnismarkaður og setja félögin fram ýmis sjónarmið um áhrif þessa á m.a. sönnun í málinu. Þannig segir í athugasemdum OHF að í frumathugun Samkeppnisstofnunar sé lögð rík áhersla á að sýna fram á að verðbreytingar olíufélaganna hafi fylgst að og það bendi til ólögmæts samráðs. Segir félagið að þrátt fyrir að benda megi á afmörkuð tilvik þar sem samráð kunni að hafa verið haft um einstakar verðbreytingar sé ljóst að þar sé um undantekningatilvik að ræða. Meginskýringuna á samhliða verðbreytingum olíufélaganna sé að finna í eðli og

uppbyggingu markaðarins sem olíufélögin starfi á. Í því sambandi vísar OHF til fræðiskrifa sem staðfesti að mati félagsins að á fákeppnismörkuðum sýni fyrirtæki hvert öðru gagnkvæmt tillit og elti hvert annað í verðbreytingum. Það sé rétt sem fram komi í frumathugun II að verðbreytingar olíufélaganna hafi fylgst að en það sé aðeins vísbending um að um fákeppnismarkað sé að ræða. Í því sambandi skipti máli að kostnaðaruppbygging olíufélaganna sé svipuð og verðsveiflur ráðist helst af ytri aðstæðum eins og gengi og heimsmarkaðsverði. Þetta ásamt eðli markaðarins valdi því að rekstrarleg þörf fyrir verðbreytingar sé mjög svipuð hjá félögunum. Jafnframt sé markaðurinn gagnsær og auðvelt að fylgjast með aðgerðum keppinautanna á honum. OHF hafi verið verðleiðandi og hin félögin notað strax tækifærið til að breyta verði sínu á sama hátt og OHF. Hafi því ekki verið við því að búast að langur tími liði milli verðbreytinga og eðlilegt að verðbreytingar félaganna héldust í hendur. Því sé ekki um brot á 10. gr. samkeppnislaga að ræða.

Þessu til stuðnings vísar OHF einnig til framkvæmdar í EES/EB-samkeppnisrétti. Bendir félagið fyrst á ummæli dómstóls EB í svonefndu Dyestuffs máli um að samhliða hegðun (e. *parallel behaviour*) geti ekki, ein og sér, sýnt fram á samstilltar aðgerðir. Jafnframt að seljendur hafi frelsi til að verðleggja vöru sína og megi taka með í reikninginn núverandi eða fyrirsjáanlega hegðun keppinauta sinna. Segir OHF að í málinu hafi aðilar haldið því fram að þeir hefðu hegðað sér á svipaðan hátt vegna þess að það leiddi af eðli markaðarins. Dómstóllinn hafi hafnað því þar sem ekki hafi verið um hreinan fákeppnismarkað (e. *pure oligopoly*)<sup>182</sup> að ræða. Telur OHF að það megi gagnálykta frá þessu. Einnig vísar OHF til dóms dómstóls EB í svonefndu Wood Pulp máli. Í því máli hafi framkvæmdastjórn EB talið nokkur fyrirtæki hafa haft með sér verðsamráð. Að sögn OHF hafi framkvæmdastjórnin lagt fram gögn sem sýndu fram á samhliða verðbreytingar félaganna og talið að næg sönnun lægi fyrir um samráð þeirra. Dómstóll EB hafi hins vegar ógilt ákvörðun framkvæmdastjórnar EB. Í athugasemdum sínum birtir OHF hluta af forsendum dómstóls EB í málinu. Þar kemur fram að samstilltar aðgerðir séu ekki eina hugsanlega skýringin á samhliða hegðun fyrirtækjanna. Hún geti skýrst af fákeppniseinkennum (e. *oligopolistic tendencies*) markaðarins. Af þeim sökum feli hin samhliða hegðun, sem framkvæmdastjórnin hafi bent á, ekki í sér sönnun á samstilltum aðgerðum.

Að mati OHF sé ljóst að 10. gr. samkeppnislaga taki ekki til þeirra tilvika þegar samhliða markaðshegðun leiðir af eðli og uppbyggingu fákeppnismarkaðar. Falli því velflest tilvik þessa máls utan ákvæðisins. Samkeppnisstofnun hafi ekki uppfyllt hinar ströngu sönnunarkröfur sem eiga sérstaklega við þegar markaðsaðstæður eru eins og í þessu máli. Samkeppnisstofnun hafi ekki kannað áhrif eðlis fákeppnismarkaðarins á hegðun félaganna og brotið þar með gegn rannsóknarreglu stjórnisýslulaga.

---

<sup>182</sup> Sbr., Whish, *Competition Law*, fimmta útgáfa, bls. 514.

Í athugasemdum Skeljungs koma fram áþekk sjónarmið. Vísar félagið til þess að olíuverslun sé í eðli sínu fákeppnisgrein og olíumarkaðurinn hér á landi sé engin undantekning. Sagt er að í samkeppnisrétti sé viðurkennt að fyrirtæki á fákeppnismarkaði kunni að hegða sér líkt og samkomulag hafi tekist um verðlagningu, án þess að svo sé í reynd. Með skírskotun til sjónarmiða úr EES/EB-samkeppnisrétti heldur Skeljungur því fram að án skýrra sönnunargagna um að fyrirtæki hafi náð samkomulagi um verðbreytingar verði samhliða verðþróun á fákeppnismarkaði ekki talin sönnun á samráði. Skeljungur bendir einnig á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 23/1995 og skýrslu ráðsins frá 1994 um stjórnunar- og eignatengsl og er sagt að þessi gögn sýni að samkeppnisráð hafi, a.m.k. á þeim tíma gert sér grein fyrir þessu sérstaka eðli olíuverslunar á Íslandi. Telur félagið að „*alfarið hafi verið horft fram hjá þessum sérstöku einkennum markaða málsins við gerð frumathugunar Samkeppnisstofnunar. Afleiðing þess er sú að dregnar eru víðtækar ályktanir um ólöglegt samráð af hegðun umbjóðanda okkar og keppinauta hans sem viðurkennt er í kennisetningum hagfræðinnar og samkeppnisréttarins að eru fullkomlega eðlilegar á fákeppnismörkuðum.*“ Í athugasemdum Olís koma efnislega fram svipuð sjónarmið.

Að mati samkeppnisráðs verður hér fyrst að ítreka að í samkeppnisrétti er unnt að styðjast við óbein sönnunargögn. Þannig segir í nefndum úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 14/2001 að hegðun fyrirtækja og stjórnenda þeirra geti, á grundvelli reynslulögmála, ein sér gefið sterkar vísbendingar um ólöglegt atferli. Í athugasemdum við 10. gr. í frumvarpi til samkeppnislaga kemur fram að samkeppnisyfírvöld geti lagt á stjórnvaldssektir ef þau telji að undangenginni athugun á markaðsaðstæðum að yfirgnæfandi líkur séu á að um samstilltrar aðgerðir sé að ræða enda þótt engin skjalfest sönnun liggja fyrir. Hugtakið óbein sönnun má skilgreina þannig að atvik megi sanna með rökréttri ályktun af öðrum staðreyndum sem liggja fyrir í málinu.<sup>183</sup> Ein tegund óbeinnar sönnunar eru ályktanir sem dregnar eru af samhliða hegðun fyrirtækja á markaðnum, t.d. verðhækkningar á svipuðum tíma eða að hópur keppinauta neitar að eiga viðskipti við tiltekinn aðila. Álitamálið varðandi þessa tegund óbeinnar sönnunar er hvort hin samhliða hegðun skýrist af markaðsaðstæðum eða af samráði. Undir vissum kringumstæðum getur slík samhliða hegðun falið í sér fullnægjandi sönnun á samráði. Rétt er að taka hér strax fram að engar niðurstöður samkeppnisráðs um ólöglegt samráð í máli þessu eru einungis byggðar á samhliða hegðun olíufélaganna á markaðnum, sbr. nánar hér á eftir. Samhengisins vegna og sökum málflutnings olíufélaganna er þó rétt að fara nokkrum orðum um þessa tegund óbeinnar sönnunar. Sú umfjöllun leiðir einnig í ljós að olíufélögin geta ekki í máli þessu borið fyrir sig fákeppnisaðstæður á markaðnum.

---

<sup>183</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í PVC II málinu frá 27.7.1994, OJ L239/14.: „...any decision will to a large extent have to be based upon circumstantial evidence: the existence of the facts constituting the infringement of Article 85 may have to be proved by logical deduction from other proven facts.“

Hér ber fyrst að líta til þess að í nefndu Dyestuffs máli hafði framkvæmdastjórn EB komist að þeirri niðurstöðu að samhliða verðhækkningar framleiðenda á litunarefnum hefðu átt sér stað á grundvelli samstilltra aðgerða þeirra. Taldi framkvæmdastjórnin að þessi hegðun gæti ekki skýrst af fákeppnisgerð markaðarins. Fyrir dómstóli EB héldu fyrirtækin því fram að framkvæmdastjórnin hefði ekki rannsakað markaðinn með fullnægjandi hætti. Þau hefðu ekki haft með sér samstilltar aðgerðir heldur væri fákeppni skýring á samhliða hegðun þeirra. Dómstóll EB fjallaði í málinu um það að hvaða marki unnt er að nota óbeina sönnun sem byggir á samhliða hegðun fyrirtækja til að sanna samráð. Dómstóllinn benti fyrst á að samstilltar aðgerðir geti átt sér stað á grundvelli samvinnu sem birtist í háttsemi fyrirtækja á markaðnum.<sup>184</sup> Í dómnum segir síðan að þrátt fyrir að samhliða hegðun geti ekki ein sér sýnt fram á samstilltar aðgerðir geti hún hins vegar verið sterk sönnun fyrir slíkum aðgerðum ef samhliða hegðunin leiðir til samkeppnisaðstæðna sem eru ekki í samræmi við eðlilegt ástand markaðarins, að teknu tilliti til eðlis viðkomandi vara, stærðar og fjölda fyrirtækja og veltu á viðkomandi markaði.<sup>185</sup> Síðar sagði dómstóllinn að spurningunni um hvort það hafi verið samstilltar aðgerðir í málinu sé aðeins hægt að svara með því að virða gögnin, ekki einangrað, heldur með heildstæðum hætti.<sup>186</sup>

Varðandi sönnunargildi samhliða hegðunar verður í öðru lagi að líta til dóms dómstóls EB frá 1984 í Cram og Rheinzink málinu. Í því máli hafði framkvæmdastjórnin talið að keppinautar í framleiðslu á tilteknu sinki hefðu á grundvelli samstilltra aðgerða neitað sölu á vöru sinni til ákveðins kaupanda í því skyni að vernda markaði hvors annars. Í dómnum segir að rökstuðningur framkvæmdastjórnarinnar byggist á því að staðreyndirnar í málinu geti ekki skýrst af öðru en samstilltum aðgerðum fyrirtækjanna. Þegar aðili standi frammi fyrir slíkum rökstuðningi þá sé nægjanlegt fyrir hann að sýna fram á atvik sem varpi öðru ljósi á þær staðreyndir sem framkvæmdastjórnin hafi lagt til grundvallar og gefa þannig til kynna aðra skýringu á staðreyndunum en þá sem byggt sé á í hinni umdeildu ákvörðun.<sup>187</sup> Taldi dómstóllinn að fyrirtækin hefðu aðra skýringu á samhliða hegðun þeirra þar sem þau lögðu fram

<sup>184</sup> Mál nr. 48/69 *ICI v Commission* [1972] ECR 619. Mgr. nr. 65: „By its very nature, then, a concerted practice does not have all the elements of a contract but may inter alia arise out of coordination which becomes apparent from the behaviour of the participants.“

<sup>185</sup> Mgr. nr. 66: „Although parallel behaviour may not by itself be identified with a concerted practice, it may however amount to strong evidence of such a practice if it leads to conditions of competition which do not correspond to the normal conditions of the market, having regard to the nature of the products, the size and number of the undertakings, and the volume of the said market.“

<sup>186</sup> „... the question whether there was concerted action in this case can only be correctly determined if the evidence upon which the contested decision is based is considered, not in isolation, but as a whole, account being taken of the specific features of the market in question.“

<sup>187</sup> Mál nr. 29–30/83 *CRAM and Rheinzink v Commission* [1984] ECR 1679: Í dómnum sagði þetta: „The Commission's reasoning is based on the supposition that the facts established cannot be explained other than by concerted action by the two undertakings. Faced with such an argument, it is sufficient for the applicants to prove circumstances which cast the facts established by the Commission in a different light and which thus allow another explanation of the facts to be substituted for the one adopted by the contested Decision.“

gögn sem þóttu sýna að neitun á sölu hefði skýrst af fjárhagsörðugleikum kaupandans. Taldi dómstóllinn því samráðið ekki sannað.

Í þriðja lagi er rétt að líta til dóms dómstóls EB í Wood Pulp málinu frá 1993. Málið varðaði meint samráð framleiðenda á trjámauki og til skoðunar var m.a. hvort samhliða ársfjórðungslegar tilkynningar framleiðendanna til kaupenda um fyrirhugaðar verðbreytingar („*price announcements*“) fælu í sér sönnun á samstilltum aðgerðum þeirra. Við mat á þessu tók dómstóllinn fram að framkvæmdastjórnin hefði engin bein sönnunargögn sem sýndu samráð milli þessara fyrirtækja og því yrði í málinu að meta hvort þessi samhliða hegðun fæli í sér nægjanlega trausta sönnun fyrir því að um samstilltar aðgerðir hafi verið að ræða.<sup>188</sup> Að þessu sögðu lagði dómstóllinn mat á hegðun fyrirtækjanna með hliðsjón af aðstæðum á viðkomandi markaði og hafði í því sambandi hliðsjón af skýrslu hagfræðinga sem unnin hafði verið að beiðni dómsins. Niðurstaða hans var að samstilltar aðgerðir væru ekki eina skýringin á samhliða hegðun fyrirtækjanna. Þær gætu skýrst af gagnsæi á markaðnum og fákeppni. Í ljósi þessa fæli hin samhliða hegðun fyrirtækjanna ekki í sér sönnun á samstilltum aðgerðum þeirra.<sup>189</sup>

Af dómum dómstóls EB í Dystuffs, Cram og Rheinzink og Wood Pulp málunum má að mati samkeppnisráðs draga eftirfarandi ályktanir varðandi sönnunargildi samhliða hegðunar fyrirtækja: Slík hegðun getur falið í sér sterka sönnun fyrir samráði ef unnt er að rökstyðja að hún leiði til samkeppnisaðstæðna sem séu ekki í samræmi við eðlilegt ástand markaðarins. Ef samkeppnisyfírvöld byggja á sakanir sínar um samráð einungis á samhliða hegðun geta fyrirtæki hnekkt þeim með því að sýna fram á að hegðunin geti stafað af öðru en samráði.

Framangreindur málflutningur olíufélaganna virðist byggja á þeim grundvallarmisskilningi að sönnun í þessu máli sé alfarið reist á samhliða hegðun olíufélaganna. Eins og eftirfarandi umfjöllun öll sýnir er þetta rangt. Sönnun í þessu máli er í öllum aðalatriðum byggð á gögnum og upplýsingum frá olíufélögunum sem sýna með skýrum hætti fram á samráð þeirra. Hin samhliða hegðun olíufélaganna er

<sup>188</sup> Dómur dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. 89/85 Ahlström Osakeyhtiö and others v Commission [1993] ECR I-1307: Sjá mgr. 70: „*Since the Commission has no documents which directly establish the existence of concertation between the producers concerned, it is necessary to ascertain whether the system of quarterly price announcements, the simultaneity or near-simultaneity of the price announcements and the parallelism of price announcements as found during the period from 1975 to 1981 constitute a firm, precise and consistent body of evidence of prior concertation.*“

<sup>189</sup> Sjá mgr. 126: „*Following that analysis, it must be stated that, in this case, concertation is not the only plausible explanation for the parallel conduct. To begin with, the system of price announcements may be regarded as constituting a rational response to the fact that the pulp market constituted a long-term market and to the need felt by both buyers and sellers to limit commercial risks. Further, the similarity in the dates of price announcements may be regarded as a direct result of the high degree of market transparency, which does not have to be described as artificial. Finally, the parallelism of prices and the price trends may be satisfactorily explained by the oligopolistic tendencies of the market and by the specific circumstances prevailing in certain periods. Accordingly, the parallel conduct established by the Commission does not constitute evidence of concertation.*“



nefnd til stuðnings þessum beinu sönnunargögnum. Nánar verður fjallað um þetta í umfjöllun um einstök efnisatriði málsins. Hér er hins vegar nauðsynlegt að taka fram og mikilvægt að hafa í huga að þar sem sönnun samkeppnisráðs byggir ekki eingöngu á samhliða hegðun þá eiga ekki við í þessu máli framangreind sjónarmið dómstóls EB í Cram og Rheinzink og Wood Pulp málunum. PVC II málið frá 1999 fyrir undirrétti EB skýrir þetta.

Í málinu var um það að ræða að tólf framleiðendur á efninu PVC voru sektaðir fyrir ólöglegt samfelld samráð. Sönnun framkvæmdastjórnar EB á hinu samfellda samráði byggði í aðalatriðum á eftirfarandi:<sup>190</sup>

- Skjali sem fannst hjá einu fyrirtæki, ICI, þar sem lagt var til að keppinautarnir myndu hittast reglulega í því skyni að ákveða verð, skiptingu markaðarins eftir magni og upplýsingaskipti þessu tengdu.
- Gögnum sem sýndu að framleiðendurnir hefðu hist reglulega á árunum 1980–1983. Hins vegar fundust engar fundargerðir eða minnispointar ritaðir á fundunum sem sýndu hvað hefði verið rætt á þeim. Fyrirtækið ICI hafði hins vegar greint framkvæmdastjórn EB frá því að á þessum fundum hefði stundum verið rætt um verð og sölu.
- Samhliða tilkynningar hjá hluta fyrirtækjanna um verðhækkanir (framkvæmdastjórnin gat ekki sýnt fram á slíka samhliða hegðun hjá öllum fyrirtækjunum vegna skorts á gögnum.) Verðhækkanirnar höfðu hins vegar í mörgum tilvikum ekki náð fram að ganga.
- Skjöl sem fundust hjá fyrirtækinu ICI þar sem vísað var til markaðsskiptingar á árinu 1981.
- Skjöl sem fundust hjá fyrirtækinu Solvay sem sýndu sölu PVC framleiðendanna á árunum 1980–1984.
- Skjal sem fannst hjá fyrirtækinu Elf Atochem þar sem raunveruleg sala umræddra fyrirtækja á árinu 1984 var borin saman við „sölumarkmið“ (e. „target“).<sup>191</sup>

PVC framleiðendurnir skutu ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til undirréttar EB. Héldu fyrirtækin því fram að framkvæmdastjórnin hefði ekki sannað hið samfellda samráð. Bent var á að sú staðreynd, ein og sér, að fundir hefðu verið haldnir segði ekkert til um hvað hefði verið rætt á þeim. Vísað var til dóma dómstóls EB í Cram og Rheinzink og Wood Pulp málunum og sagt að samhliða hegðun væri ófullkomin sönnun og að sú staðreynd að fyrirtæki hækki verð sanni ekki samráð. Nefnt var að samkvæmt þessum dómum væri nægjanlegt fyrir fyrirtækin að sýna fram á að samhliða hegðun ætti sér aðra skýringu. Settu fyrirtækin fram ýmis rök um að eðli PVC markaðarins væri með þeim hætti að fyrirtæki tækju gagnkvæmt tillit til hvers

<sup>190</sup> Nefnt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar: „*The core evidence for the existence of the cartel*“.

<sup>191</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 27.7.1994, OJ L239/14.

annars við verðákvörðanir. Héldu fyrirtækin því fram að hagfræðileg rök þeirra sýndu fram á að samhliða hegðun fyrirtækjanna væri eðlileg afleiðing af markaðsaðstæðum og að framkvæmdastjórnin hefði með öllu vanrækt að rannsaka hið raunverulega eðli markaðarins og hegðun fyrirtækjanna á honum. Sögðu fyrirtækin að á markaðnum hefði í raun ríkt hörð samkeppni og því til stuðnings lögðu þau fram hagfræðiskýrslu sem unnin hafði verið fyrir fyrirtækin.

Í dómnum taldi undirrétturinn að hið samfellda samráð þætti sannað. Benti dómstóllinn m.a. á að með því að taka þátt í fundum um þriggja ára skeið þar sem rætt var um m.a. verð og sölu hafi fyrirtækin gerst sek um samstilltar aðgerðir. Varðandi tilvísun PVC fyrirtækjanna til Cram og Rheinzink og Wood Pulp málanna reifaði dómstóllinn framangreindar niðurstöður þeirra mála.<sup>192</sup> Síðan sagði dómstóllinn að þau fordæmi ættu ekki við í þessu máli.<sup>193</sup> Benti dómstóllinn á að fram kæmi í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að sönnun á samstilltum aðgerðum milli fyrirtækjanna sé ekki einungis byggð á samhliða hegðun á markaðnum heldur á skjölum sem sýni að sú hegðun hafi átt rót sína að rekja til samstilltra aðgerða.<sup>194</sup> Undir slíkum kringumstæðum hvíli ekki aðeins á fyrirtækjunum að sýna fram á aðra skýringu á þeim staðreyndum sem framkvæmdastjórnin leggur til grundvallar heldur einnig að hnekkja þeim staðreyndum sem leiða af þeim skjölum sem framkvæmdastjórnin byggir á. Það hafi fyrirtækin ekki gert í þessu máli.<sup>195</sup> Máli þessu var skotið til dómstóls EB sem staðfesti niðurstöðu undirréttarins um samfellt samráð.<sup>196</sup>

---

<sup>192</sup> Dómur undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303. Sjá mgr. 724–725: „*The applicants nevertheless rely on the judgments in CRAM and Ahlström Osakeyhtiö to challenge the Commission's conclusions.*

*Those judgments establish that where the Commission's reasoning is based on the supposition that the facts established cannot be explained other than by concerted action between undertakings, it is sufficient for the applicants to prove circumstances which cast the facts established by the Commission in a different light and thus allow another explanation of the facts to be substituted for the one adopted by the Commission.*“

<sup>193</sup> Sjá mgr. 726: „*That case law is not applicable here.*“

<sup>194</sup> Sjá mgr. 727: „*As the Commission points out in point 21 of the Decision, the proof of the concerted action between the undertakings is based not on a mere finding of parallel market conduct but on documents which show that the practices were the result of concerted action.*“

<sup>195</sup> Sjá mgr. 728: „*In those circumstances, the burden is on the applicants not merely to submit an alleged alternative explanation for the facts found by the Commission but to challenge the existence of those facts established on the basis of the documents produced by the Commission. As examination of the facts has shown, that has not been done in this case.*“

<sup>196</sup> Dómur dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. 238/99P *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [2003] 4 CMLR 10.

Af þessu leiðir skýrlega að olíufélögin geta ekki í máli þessu byggt á því einu að aðgerðir þeirra skýrist af eðli olíumarkaðarins hér á landi.<sup>197</sup> Til þess að hnekkja því að um samráð hafi verið að ræða verða félögin að sýna fram á það að þau gögn sem samkeppnisráð byggir á í þessu máli séu ekki traust eða af þeim séu dregnar rangar ályktanir. Tilvísanir Skeljungs til umfjöllunar samkeppnisráðs um olíumarkaðinn á árunum 1994 og 1995 hafa hér enga þýðingu. Sú umfjöllun var reist á þeirri forsendu að hegðun olíufélaganna á þeim tíma skýrðist af aðstæðum á markaði. Eins og eftirfarandi umfjöllun mun sýna var sú forsenda ekki rétt. Á þeim tíma höfðu félögin með sér viðtækt samráð sem óhjákvæmilega hafði áhrif á verðmyndun og hegðun þeirra á markaðnum.

Varðandi sérstaklega fullyrðingar olíufélaganna um að Samkeppnisstofnun hafi ekki rannsakað áhrif markaðarins á hegðun olíufélaganna þá ítrekar samkeppnisráð að sönnun í þessu máli er ekki reist einungis á samhliða hegðun félaganna heldur á fjölda gagna sem sýna samskipti þeirra. Þegar svo ber undir hefur hagfræðilegt mat eða sönnun enga þýðingu varðandi það hvort brot var framið eða ekki. Aðalatriðið er þá að meta hvort gögnin sanni ólögmet samskipti. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga þá grunnreglu samkeppnisréttarins að það er ekki skilyrði fyrir sönnun á broti gegn banni við samráði að sýnt sé fram á áhrif á markaði, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli 37/2003. Á grundvelli þessa þótti t.d. ekki skipta máli í PVC II málinu varðandi sönnun á samráðinu að aðilar hefðu lagt fram hagfræðiskýrslu sem sýndi mikla samkeppni. Þessi sjónarmið hafa einnig lengi verið þekkt í bandarískum samkeppnisrétti.<sup>198</sup> Tengt þessu má vísa til dóms undirréttar EB í Tate og Lyle málinu. Í málinu hélt fyrirtæki því fram að fákeppni væri á viðkomandi markaði og sökum þessa væri verðsamkeppni mjög takmörkuð. Fyrirtækið hefði verið verðleiðandi á markaðnum og ekki væri unnt að líta á það sem sönnun fyrir samstilltum aðgerðum. Til svars við þessu sagði framkvæmdastjórnin í ákvörðun sinni að þar sem samkeppni

---

<sup>197</sup> Hafa má hér í huga eftirfarandi umfjöllun Heimis Arnar Herbertssonar: *Mega keppinautar hvorki hittast heyrast né sjást? Úlfjótur*. 1. tbl. 2004, bls. 115: „Ef sönnunarfærsla samkeppnisyfirvalda í samráðsmáli, gegn fyrirtækjum á fákeppnismarkaði, er byggð á beinum sönnunargögnum um fundi og samskipti milli fyrirtækjanna, þar sem til dæmis hefur verið skipst á upplýsingum um verð og jafnvel sameiginlegar ákvarðanir teknar, skiptir í raun engu máli að um fákeppnismarkað sé að ræða. Brot á samkeppnislögum er sannað með þessum hætti burtséð frá þeirri staðreynd að fyrirtækin starfa á fákeppnismarkaði og sú staðreynd kemur þeim á engan hátt til góða í málinu. Það er aðeins þegar sönnunin byggir að mestu eða öllu leyti á óbeinni sönnunarfærslu, það er hagfræðilegri greiningu markaðarins og hegðunar fyrirtækjanna á honum, sem getur þurft að meta hvort ályktanir samkeppnisyfirvalda séu réttar, um að samhliða hegðun leiði í raun aðeins af markaðsgerðinni.“

<sup>198</sup> Sjá t.d. dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna: *United States v Socony-Vacuum Oil Co.*, 310 U.S. 150 (1940). Sjá einnig Rymen, *The Economist as an Expert Witness in Antitrust Litigation*, 52 L.A. B.J. Eftirfarandi var sagt um áhrif þeirrar reglu bandaríks samkeppnisréttar að ekki þurfi að sýna fram á áhrif af samráði: „... the effect of the per se rule is to withdraw economic proof from the issue of liability.“

er þegar takmörkuð á markaði sé mjög mikilvægt að tryggja að henni sé ekki raskað frekar.<sup>199</sup> Undirrétturinn staðfesti þetta mat framkvæmdastjórnarinnar.<sup>200</sup>

## 2. Samfellt samráð olíufélaganna

Í eftirfarandi köflum þessarar ákvörðunar verður gerð nákvæm grein fyrir gögnum þessa máls. Að mati samkeppnisráðs sýna þau gögn með skýrum hætti að olíufélögin þrjú hafi frá og með gildistöku samkeppnislaga haft með sér yfirgripsmikið og óslitið samráð. Meginflokkar þessa samráðs félaganna eru eftirfarandi:

1. Samráð um gerð tilboða í tengslum við útboð viðskiptavina.
2. Almenn samráð um verðlagningu á olíuvörum og aðrar aðgerðir sem geta haft áhrif á verð þessara vara.
3. Markaðsskipting og verðsamráð við sölu á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum.
4. Markaðsskipting og verðsamráð við sölu á eldsneyti á Reykjavíkurlflugvelli og Keflavíkurlflugvelli.
5. Markaðsskipting og eftir atvikum verðsamráð vegna sölu til einstakra viðskiptavina eða á einstökum landsvæðum.

Samkeppnisráð telur að gögn málsins gefi til kynna að samráð olíufélaganna eigi rót sína að rekja til atvika sem áttu sér stað fyrir gildistöku samkeppnislaga. Telur samkeppnisráð það vera til skilningsauka að fjalla stuttlega um þau atriði áður en lýst er í meginatriðum eðli samráðs olíufélaganna eftir gildistöku samkeppnislaga.

Ýmsir þeirra starfsmanna olíufélaganna sem hér koma við sögu hafa ýmist látið af störfum eða breytt um starfsvettvang innan félaganna. Í meginmáli í ákvörðun þessari verður í aðalatriðum vísað til starfsheita sem umræddir starfsmenn báru þegar viðkomandi atvik málsins áttu sér stað.

### 2.1. Atvik fyrir gildistöku samkeppnislaga

Hér verður fyrst að líta til þess að allt fram til upphafs tíunda áratugar síðustu aldar einkenndust viðskipti með olíuvörur hér á landi mjög af mikilli íhlutun ríkisvaldsins. Áratugum saman gerði ríkið vöru- og annars konar viðskiptasamninga við Sovétríkin

---

<sup>199</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 14.10.1998 OJ [1999] L76/1: „the existence of such an oligopolistic market, in which competition for structural reasons tends to be limited to a certain extent, does not allow companies to go further and ex ante actively coordinate their future pricing policy. On the contrary, the existence of uncertainty as to the pricing intentions of the companies on markets of the described kind is the main stimulus to competition. As the Court of Justice made clear in *Hoffmann-La Roche*, in markets where competition is already limited, the Commission must be particularly vigilant to ensure that the competition which does exist is not restricted.“

<sup>200</sup> Sameinuð mál nr. m.a. T-202/ *Tate & Lyle v Commission* [2001] 5 CMLR 22. Dómur undirréttar EB var staðfestur með dómi dómstóls EB frá 29.4.2004 í máli nr. C-359/01P.

sem m.a. fólu í sér kaup á olíuvörum. Samningarnir voru framseldir olíufélögunum, en meginreglan var sú að innflutningur á olíuvörum var að öðru leyti bannaður. Jafnframt lutu verðákvarðanir eftirliti verðlagsyfirvalda, sem ákváðu hámarksverð á flestum tegundum fljótandi eldsneytis. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að OHF hefur í athugasemdum sínum bent á „[a]ð því takmarkaða leyti sem ólögsmætu samstarfi kann að hafa verið til að dreifa á það sér að langmestu leyti sögulegar skýringar sem rætur eiga að rekja til afskipta stjórnvalda af starfsemi fyrirtækja á olíumarkaðnum.“ Í athugasemdum Skeljungs segir að rétt túlkun á gögnum málsins í heild sýni víðtæka samvinnu olíufélaganna þriggja áður en samkeppnislög tóku gildi árið 1993. Það samstarf hafi byggst á samkomulagi við stjórnvöld um að félögin þjónuðu íslenska markaðnum án verðsamkeppni sín á milli. Við þessar aðstæður hafi skapast grundvöllur fyrir víðtækri samvinnu og verkaskiptingu milli félaganna, m.a. um samrekstur á tilteknum sviðum eins og samkeppnisyfirvöldum hafi ávallt verið kunnugt um. Svipað hefur komið fram af hálfu Olís.

Að mati samkeppnisráðs verður hér að hafa í huga að innflutningur á olíuvörum var gefinn frjálts 1. janúar 1992 og í kjölfar þess felldu verðlagsyfirvöld úr gildi hámarksverð á eldsneyti. Tók þá að fullu gildi í viðskiptum með eldsneyti bann 21. gr. verðlagslaga nr. 56/1978 við verðsamráði. Þessar breytingar áttu sér alllangan aðdraganda og tengdust m.a. hruni Sovétríkjanna og, hér á landi, undirbúningi aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Mátti öllum sem til þekktu á þessum tíma vera ljóst að ekki yrði horfið aftur til eldri viðskiptahátta eftir að frelsi hafði verið innleitt í þessum viðskiptum. Sérstaklega átti þetta við eftir að Alþingi hafði í janúar 1993 samþykkt lög um Evrópska efnahagssvæðið og í febrúar samkeppnislög, sem tóku gildi 1. mars 1993. Arfleifð áratuga ríkisafskipta, sem án efa hafði mikil áhrif m.a. á samskipti olíufélaganna og stjórnunarhætti meðan á afskiptunum stóð, getur því ekki talist trúverðug skýring á því umfangsmikla samstarfi félaganna, sem nýir stjórnendur þeirra stóðu fyrir á árunum 1993–2001, eftir að lögfest hafði verið skýr stefnumörkun stjórnvalda um frelsi í viðskiptum, sem olíufélögin og heildarsamtök þeirra höfðu þráfaldlega óskað eftir. Í þessu samhengi er rétt að líta til þess að þann 1. september 1994 tóku gildi lög nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Féllu þá úr gildi lög nr. 81/1985 um flutningsjöfnunarsjóð.

Hugsanlegt er að rót þess samstarfs olíufélaganna sem hér er til rannsóknar megi rekja til árana 1990 til 1993 en á þeim tíma áttu sér stað eins og áður sagði miklar breytingar á starfsumhverfi félaganna. Innflutningur á eldsneyti var gefinn frjálts og opinber afskipti af verðlagningu voru að mestu felld niður. Þetta gaf olíufélögunum aukið tækifæri til að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt. Nokkur gögn málsins styðja þessa ályktun.

Þann 1. júlí 1990 tók til starfa nýr forstjóri Skeljungs. Þann 16. ágúst 1990 hitti hann á fundi forstjóra Olís og forstjóra Texaco en það félag átti hlut í Olís og fulltrúa í stjórn.

Samkvæmt fundargerð forstjóra Skeljungs var m.a. rætt um á fundinum að verðsamkeppni í smurolíusölu og í sölu á eldsneyti til erlendra flugfélaga væri komin út í öfgar. Niðurstöðu fundarins er lýst með þessum hætti:

*„Sven Gullev<sup>201</sup> lýsti síðan þeirri von sinni að menn myndu í framtíðinni og núna á næstu misserum ræða málin frekar til hlítar en gert hefði verið, og að hann vonaðist til þess að samstarf og samvinna gæti tekist á ákveðnum sviðum milli félaganna þriggja, þó svo að hann efaðist um að svo stöddu væri skynsamlegast að ræða þessi mál við forstjóra Ólíufélagsins. Óli Kr.<sup>202</sup> lýsti því yfir að það hefði enga þýðingu fyrir sig að ræða við forstjóra Ólíufélagsins, hann hefði reynt það en við litlar undirtektir. KB<sup>203</sup> lýsti þeirri skoðun sinni að sjálfsagt væri að ræða málin og fara yfir þau, þó svo ljóst væri að eftir sem áður yrði samkeppni milli félaga um viðskipti. Hins vegar væri óþarfi að keyra eðlileg samskipti milli félaganna út í þær öfgar, að allir biðu tjón af.“<sup>204</sup>*

Þetta gagn sýnir ótvírætt að fundarmenn töldu að samkeppni gæti ríkt á milli olíufélaganna á þessum tíma og voru reiðubúnir að ræða um aðgerðir til að minnka hana. Hafa ber einnig í huga að á þessum tíma tók bann 21. gr. verðlagslaga nr. 56/1978 við verðsamráði að fullu til viðskipta með smurolíu.

Í mars 1991 var ráðinn nýr forstjóri til OHF. Í september 1991 boðaði forstjóri OHF forstjóra Skeljungs og forstjóra Olís á sinn fund. Samkvæmt fundargerð forstjóra Skeljungs var tilefnið að Herjólfur hf. í Vestmannaeyjum hafði sent bréf til olíufélaganna og óskað eftir tilboði í olíu. Fram kemur að forstjórnarnir hafi orðið sammála um hvaða verð ætti að bjóða. Á þessum tíma var í gildi bann 22. gr. verðlagslaga nr. 56/1978 við samráði við gerð tilboða. Þá segir þetta í fundargerðinni:

*„Þá var einnig farið yfir minnisblað frá viðskiptaráðuneytinu varðandi væntanlegan frjálstan innflutning á öllum olíuvörum og hugsanlegt frelsi í verðlagningu á gasolíu, svartolíu og 92 oktana bensíni. Menn voru sammála um að ræða þau mál frekar eftir því sem þau þróuðust áfram.“*

Þá kemur einnig fram að Olís hafi viljað ná samkomulagi um flugviðskipti bæði í Keflavík og í Reykjavík og viljað ræða m.a. smurolíuinnflutning félaganna. Var ákveðið að forstjórnarnir myndu hittast bráðlega og fara yfir þessi mál.<sup>205</sup>

<sup>201</sup> Forstjóri Texaco og varaformaður stjórnar Olís.

<sup>202</sup> Óli Kr. Sigurðsson þáverandi aðaleigandi og forstjóri Olís.

<sup>203</sup> Kristinn Björnsson þáverandi forstjóri Skeljungs.

<sup>204</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 17.8.1990 (Hs. nr. 7080).

<sup>205</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 11.9.1991 (Hs. nr. 7082).

Þann 29. janúar 1992 hittust forstjórar olíufélaganna þriggja og ræddu 10 málaflokka. Samkvæmt fundargerð forstjóra Skeljungs var m.a. rætt um stofnun samtaka olíuinnflytjenda, sölu á gasi og um sameiginlegt fyrirtæki félaganna, Fjölver. Jafnframt segir í fundargerðinni að félögin hefðu ákveðið „*heiðursmannasamkomulag*“ um að ekkert olíufélaganna myndi byrja að nota kreditkort nema félögin hefðu áður rætt málið í víðara samhengi. Ákveðið var hvaða verð olíufélögin myndu bjóða í útboði fyrirtækisins Faxamjòls á olíu. Ákveðið var að forstjórararnir myndu koma sér saman um reglur um lánsviðskipti viðskiptavina þeirra. Í fundargerðinni segir einnig þetta:

*„K.B. opnaði aftur á umræðu um álagningu félaganna á svartolíu. Óli Kr. lýsti þeirri skoðun sinni, að álagningin væri alltof lág og að það orsakaðist fyrst og fremst vegna þess að félögin væru að bjóða þrenn verð. Geir Magnússon sagði sig sama sinnis og að ekkert samræmi væri í álagningu svartolíu og t.d. gasolíu. Hins vegar væri það spurning um á hvaða tímamarki slík álagningarhækkun ætti að eiga sér stað. K.B. sagði að þetta mál væri ekki flókið viðureignar, einkum vegna þess að enn væru félögin að flytja sameiginlega svartolíu á sama verði. Geir Magnússon vildi fá lengri umhugsunartíma en lýsti sig jafnframt reiðubúinn til þess að komast að niðurstöðu í málinu mjög fljótlega.“<sup>206</sup>*

Þetta gagn og framangreind fundargerð frá september 1991 sýna m.a. að í tengslum við það að stjórnvöld gáfu að meginstefnu til olíuviðskipti frjáls þá hittust olíufélögin á fundum og ræddu um aðgerðir til að hækka álagningu á olíu.

Þann 30. júní 1992 hittust forstjórar Skeljungs og OHF. Samkvæmt fundargerð forstjóra Skeljungs voru 11 málaflokkar ræddir, þ.m.t. sameiginlegar bensínstöðvar og samvinna á Keflavíkurflugvelli. Einnig var rætt um tvö deilumál milli félaganna sem voru sú ákvörðun Skeljungs að taka einhliða upp kreditkort og hugsanleg samvinna um að reisa gasstöð. Í fundargerð forstjóra Skeljungs segir m.a. eftirfarandi í umfjöllun um þessi deilumál:

*„Þarna virðist einhver misskilningur einnig vera á ferðinni og GM sagði að þessi misskilningur og aðrir milli félaganna væru hugsanlega þannig til komnir að forstjórararnir töluðu of sjaldan saman. KB skildi það þannig að GM teldi að menn ættu að ræða oftar og ítarlegar saman.“<sup>207</sup>*

Í nóvember 1992 var ráðinn nýr forstjóri til Olís, og kom hann til starfa í ársbyrtjun 1993, en Óli Kr. Sigurðsson fyrrverandi forstjóri félagsins andaðist í júlí 1992. Hefur núverandi forstjóri Olís upplýst Samkeppnisstofnun að meðal sinna fyrstu verka hjá

<sup>206</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 30.1.1992 (Hs. nr. 7082).

<sup>207</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 2.7.1992 (Hs. nr. 7082).

félaginu hafi verið að reyna að koma á samstarfi olíufélaganna um hagkvæman rekstur á sviði eldsneytisafgreiðslu til flugrekenda, og hafi hann í því skyni hitt forstjóra hinna félaganna 4–5 sinnum.<sup>208</sup> Þá má nefna að um líkt leyti unnu olíufélögin að undirbúningi samkomulags um sölu á eldsneyti til erlendra skipa á Íslandi, en það var undirritað þann 30. júlí 1993. Í því samkomulagi fólst verðsamráð og markaðsskipting, sbr. kafla V.

Samkeppnisráði er það ljóst að ýmis samvinnumál olíufélaganna eiga sér enn lengri sögu, eins og t.d. skipting á viðskiptum til Íslenska álfélagsins. Eftir sem áður gefa framangreind gögn til kynna að í tengslum við breytingar á ytra umhverfi félaganna á árunum 1990 til 1993 og í stjórnendahópi félaganna hafi myndast grunnur að því margþætta samstarfi félaganna sem lýst er í ákvörðun þessari.

## 2.2. Samfellt samráð olíufélaganna eftir gildistöku samkeppnislaga

Hvað sem atvikum fyrir 1. mars 1993 líður er a.m.k. ljóst að gögn málsins sýna að olíufélögin hafi frá gildistöku samkeppnislaga haft með sér yfirgripsmikið og óslitið samráð um verð, markaðsskiptingu og gerð tilboða. Til að framkvæma þetta samráð hafa olíufélögin átt í miklum samskiptum sín á milli. Þessi samskipti hafa t.d. falist í reglulegum fundum forstjóra félaganna og undirmanna þeirra. Jafnframt hafa þau falist í símtölum, bréfaskriftum og ekki síst tölvupóstsamskiptum. Eftirfarandi tafla sýnir samskipti félaganna á árunum 1993–2001 varðandi verðlagningu, markaðsskiptingu og gerð tilboða. Merkt er við þá dagsetningu þegar félögin hafa átt einhver samskipti um þessi efni, s.s. fundi eða sendingu tölvupósta eða bréfa. Ekki er í töflunni gerður greinarmunar á því hvort um samning eða samstilltar aðgerðir hafi verið að ræða, eða hvort verið var að ná samkomulagi um eitthvert efni eða verið að knýja fram efndir.<sup>209</sup> Í töflunni kemur ekki fram tæmandi upptalning á þessum samskiptum.

Dagsetning	Samskipti um verð	Samskipti um útboð og tilboð	Samskipti um markaðsskiptingu
26.4.1993	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
24.5.1993		Olís, OHF	
25.5.1993		Olís, OHF	
30.7.1993	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
2.12.1993	Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF	
3.12.1993			Olís, Skeljungur, OHF
14.1.1994			Olís, OHF
2.2.1994			Olís, Skeljungur, OHF
30.3.1994	Olís, Skeljungur		

<sup>208</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>209</sup> Í þeim tilvikum þar sem tiltekið gagn vísar til ódagsettra samskipta milli félaganna er í yfirlitinu miðað við dagsetningu viðkomandi gagns.



<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðsskiptingu</b>
28.4.1994	Olís, Skeljungur	Olís, Skeljungur	Olís, Skeljungur
3.8.1994	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
10.8.1994	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
9.9.1994	Olís, OHF		
11.9.1994	Olís, OHF		
20.12.1994	Olís, OHF		
3.1.1995	Olís, Skeljungur, OHF		
10.1.1995		Olís, Skeljungur	
17.1.1995	Olís, Skeljungur, OHF		
20.1.1995		Olís, Skeljungur, OHF	
21.1.1995		Olís, OHF	
31.1.1995	Olís, Skeljungur, OHF		
3.2.1995	Olís, OHF		Olís, OHF
20.2.1995			Olís, Skeljungur
21.2.1995	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
24.2.1995	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
27.2.1995	Olís, OHF		
6.3.1995			Olís, Skeljungur
22.3.1995	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
24.3.1995	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
30.3.1995	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
31.3.1995	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
3.5.1995	Olís, OHF		Olís, OHF
5.5.1995			Olís, OHF
6.5.1995			Olís, Skeljungur
9.5.1995	Olís, Skeljungur, OHF		
15.5.1995		Olís, Skeljungur	
23.5.1995			Olís, Skeljungur, OHF
24.5.1995		Olís, Skeljungur, OHF	
26.5.1995			Olís, Skeljungur, OHF
14.6.1995			Olís, Skeljungur
3.7.1995		Olís, OHF	
17.8.1995	Olís, Skeljungur		
28.8.1995			Olís, Skeljungur, OHF
29.8.1995	Olís, OHF		
7.9.1995	Olís, Skeljungur		
20.9.1995	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur
3.10.1995	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
9.10.1995	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
16.10.1995	Olís, OHF		
30.10.1995	Olís, Skeljungur, OHF		
17.10.1995			Olís, OHF
17.11.1995			Olís, Skeljungur, OHF
4.1.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
9.1.1996			Olís, Skeljungur, OHF
11.1.1996			Olís, Skeljungur, OHF

<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðsskiptingu</b>
18.1.1996	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
24.1.1996	Olís, OHF		
25.1.1996			Olís, Skeljungur, OHF
25.1.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
6.2.1996		Olís, OHF	
13.2.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
15.2.1996			Olís, Skeljungur, OHF
16.2.1996	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
21.2.1996			Olís, Skeljungur, OHF
22.2.1996	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
5.3.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
8.3.1996	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
18.3.1996	Olís, OHF		Olís, OHF
27.3.1996	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
30.4.1996	Olís, Skeljungur		
8.5.1996		Olís, Skeljungur, OHF	
23.5.1996		Olís, Skeljungur, OHF	
27.6.1996	Olís, OHF	Olís, Skeljungur, OHF	
2.7.1996		Olís, Skeljungur, OHF	
3.7.1996		Olís, Skeljungur, OHF	
12.8.1996	Olís, Skeljungur		
14.8.1996	Olís, Skeljungur		
5.9.1996			Olís, Skeljungur, OHF
11.9.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
12.9.1996		Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF
16.9.1996		Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF
1.10.1996	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
23.10.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
31.10.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
14.11.1996	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
10.12.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
11.12.1996		Olís, Skeljungur, OHF	
19.12.1996	Olís, Skeljungur, OHF		
3.1.1997		Olís, Skeljungur, OHF	
6.1.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
7.1.1997	Olís, OHF		
13.1.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
14.1.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
16.1.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
16.1.1997	Olís, Orkan		
18.1.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
23.1.1997	Olís, OHF		
27.1.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
3.2.1997	Olís, Orkan		
10.2.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
12.2.1997	Olís, OHF		Olís, OHF
20.2.1997	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF

<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðsskiptingu</b>
25.2.1997	Olís, Skeljungur OHF		
28.2.1997	Olís, OHF		
3.3.1997			Olís, Skeljungur
4.3.1997	Olís, OHF		Olís, Skeljungur
10.3.1997	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
13.3.1997			Olís, Skeljungur
21.3.1997	Olís, OHF		
9.4.1997	Olís, Skeljungur		
23.4.1997		Olís, Skeljungur, OHF	
2.5.1997	Olís, Skeljungur		
20.5.1997	Olís, OHF		
27.5.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
28.5.1997	Skeljungur, OHF		
30.5.1997	Olís, Skeljungur		Olís, OHF
1.6.1997	Olís, OHF		
6.6.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
11.6.1997	Olís, OHF		Olís, OHF
18.6.1997	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
24.6.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
21.7.1997	Skeljungur, OHF		
13.8.1997	Olís, Orkan		
14.8.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
3.9.1997	Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF	
5.9.1997	Olís, Skeljungur, OHF	Olís, OHF	
9.9.1997	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
11.9.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
12.9.1997		Skeljungur, Olís	
15.9.1997		Olís, OHF	
23.9.1997		Olís, Skeljungur, OHF	
24.9.1997		Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF
29.9.1997		Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF
7.10.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
14.11.1997	Olís, Skeljungur, OHF		
20.11.1997	Olís, OHF		
28.11.1997			Olís, Skeljungur
1.12.1997			Olís, Skeljungur, OHF
2.12.1997			Olís, Skeljungur, OHF
3.12.1997			Olís, Skeljungur, OHF
10.12.1997	Olís, Skeljungur		
16.12.1997	Olís, Skeljungur		
15.1.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
16.1.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
20.1.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
26.1.1998		Olís, Skeljungur	Olís, Skeljungur
27.1.1998			Olís, OHF
29.1.1998	Olís, Skeljungur, OHF		

<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðssetningu</b>
30.1.1998			Olís, Skeljungur, OHF
2.2.1998	Skeljungur, OHF		
3.2.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
10.1.1998			Olís, OHF
27.2.1998		Olís, Skeljungur	
5.3.1998	Olís, OHF		Olís, OHF
6.3.1998		Olís, Skeljungur, OHF	
10.3.1998		Olís, Skeljungur, OHF	
9.4.1998	Olís, Skeljungur		
20.4.1998		Olís, Skeljungur, OHF	
27.4.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
28.4.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
29.4.1998			Olís, OHF, Skeljungur
30.4.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
4.5.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur
5.5.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
8.5.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
11.5.1998			Olís, Skeljungur
18.5.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
19.5.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
20.5.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
26.5.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
2.6.1998	Olís, OHF		
15.6.1998	Olís, OHF		
22.6.1998			Olís, Skeljungur, OHF
24.6.1998	Olís, OHF		
25.6.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
29.6.1998	Skeljungur, OHF		
30.6.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
3.7.1998	Olís, OHF		
7.7.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Skeljungur, OHF
13.7.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
23.7.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
29.7.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
10.8.1998	Olís, Skeljungur		
12.8.1998	Olís, OHF		
1.9.1998	Skeljungur, OHF		Skeljungur, Olís
1.9.1998	Olís, Orkan		
4.9.1998			Olís, OHF
7.9.1998			Olís, Skeljungur
20.9.1998			Olís, Skeljungur
8.10.1998			Olís, Skeljungur
14.10.1998		Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF
23.10.1998		Olís, Skeljungur, OHF	
29.10.1998	Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF	
3.11.1998	Olís, Skeljungur		

<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðssetningu</b>
9.11.1998		Olís, Skeljungur, OHF	
11.11.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
13.11.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
17.11.1998			Skeljungur, OHF
19.11.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
1.12.1998	Olís, Skeljungur, OHF		
3.12.1998	Olís, OHF		
9.12.1998	Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF
15.12.1998	Olís, OHF		
16.12.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
17.12.1998	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
21.12.1998	Olís, Skeljungur		
22.12.1998	Olís, Skeljungur		
7.1.1999	Olís, OHF		Olís, OHF
8.1.1999	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur, OHF
18.1.1999	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
20.1.1999	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
21.1.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
4.2.1999			Olís, Skeljungur, OHF
5.2.1999			Olís, OHF
8.2.1999			Olís, Skeljungur, OHF
9.2.1999			Olís, Skeljungur
10.2.1999			Olís, Skeljungur
16.2.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
23.2.1999	Olís, Skeljungur		
24.2.1999	Olís, Skeljungur		
1.3.1999	Olís, Skeljungur		
15.3.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
26.3.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
29.3.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
31.3.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
12.4.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
13.4.1999	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
26.4.1999	Olís, Skeljungur		
29.4.1999	Olís, OHF		Olís, OHF
27.4.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
30.4.1999	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
4.5.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
12.5.1999	Olís, OHF		
14.5.1999	Olís, OHF		
17.5.1999	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur
30.5.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
20.6.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
24.6.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
5.7.1999			Olís, Skeljungur
13.7.1999			Olís, Skeljungur

<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðsskiptingu</b>
15.7.1999	Olís, OHF		Olís, OHF
16.7.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
6.8.1999	Olís, Skeljungur		
2.9.1999	Olís, Orkan		
10.9.1999			Olís, Skeljungur
12.9.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
21.9.1999			Olís, Skeljungur
22.9.1999			Olís, Skeljungur
27.9.1999	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
23.12.1999	Olís, Skeljungur, OHF		
3.1.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
10.1.2000	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
14.1.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
17.1.2000	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
2.2.2000	Skeljungur, OHF		
3.2.2000	Olís, Skeljungur		
4.2.2000	Olís, Skeljungur		
5.2.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
10.2.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
11.2.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
14.2.2000		Olís, Skeljungur	
16.2.2000		Olís, Skeljungur	
18.2.2000		Olís, Skeljungur, OHF	Skeljungur, OHF, Olís
20.2.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
22.2.2000	Olís, OHF	Olís, Skeljungur, OHF	
23.2.2000	Olís, OHF	Olís, OHF	
28.2.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
1.3.2000		Olís, Skeljungur, OHF	
6.3.2000			Olís, OHF
20.3.2000	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
21.3.2000	Olís, Skeljungur		
22.3.2000	Olís, Skeljungur		
22.3.2000	Olís, Orkan		
23.3.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
24.3.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
27.3.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
29.3.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
30.3.2000	Olís, OHF		
31.3.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
3.4.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
4.4.2000	Skeljungur, OHF		Skeljungur, OHF
6.4.2000	Olís, OHF		
10.4.2000	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur, OHF
26.4.2000	Skeljungur, OHF		Skeljungur, OHF
4.5.2000	Olís, OHF		
10.5.2000	Olís, Skeljungur, OHF		

<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðsskiptingu</b>
20.5.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
24.5.2000	Olís, OHF		
25.5.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
26.5.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
31.5.2000	Olís, OHF		
1.6.2000			Olís, Skeljungur
5.6.2000			Olís, Skeljungur
15.6.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
21.6.2000	Olís, OHF,		
30.6.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
5.7.2000	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, OHF
6.7.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
7.7.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
14.7.2000	Olís, OHF		
26.7.2000	Olís, Skeljungur		
27.7.2000	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
28.7.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
8.8.2000	Skeljungur, OHF		
30.8.2000	Olís, OHF		
6.9.2000			Olís, Skeljungur
14.9.2000	Olís, OHF		
19.9.2000	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur
21.9.2000	Olís, OHF, Skeljungur		Olís, Skeljungur
22.9.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
29.9.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
8.10.2000	Olís, OHF		
11.10.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
23.10.2000	Olís, Skeljungur		
24.10.2000	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
25.10.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
27.10.2000	Olís, OHF		
31.10.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
1.11.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
2.11.2000	Olís, OHF		
3.11.2000			Olís, Skeljungur
9.11.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
15.11.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
29.11.2000	Olís, OHF		
30.11.2000	Olís, Skeljungur		
7.12.2000	Olís, Skeljungur		
12.12.2000	Olís, Skeljungur		
13.12.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
15.12.2000	Olís, Skeljungur, OHF		
27.12.2000	Olís, OHF		
29.12.2000	Olís, OHF		
2.1.2001	Olís, Skeljungur		

<b>Dagsetning</b>	<b>Samskipti um verð</b>	<b>Samskipti um útboð og tilboð</b>	<b>Samskipti um markaðssetningu</b>
3.1.2001	Olís, OHF		
5.1.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
9.1.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
1.2.2001	Skeljungur, OHF		
13.2.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
16.2.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
21.2.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
23.2.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
24.2.2001	Olís, OHF		
5.3.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
7.3.2001	Olís, OHF		
8.3.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
13.3.2001	Olís, OHF		
14.3.2001			Olís, Skeljungur, OHF
27.3.2001	Skeljungur, OHF		
29.3.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
30.3.2001			Olís, Skeljungur, OHF
2.4.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
4.4.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
5.4.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
25.4.2001	Olís, OHF		
2.5.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
4.5.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
10.5.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
16.5.2001	Olís, Orkan		
16.5.2001	Olís, Skeljungur		
18.5.2001	Olís, Skeljungur		
25.5.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
30.5.2001	Olís, OHF		
1.6.2001	Olís, OHF,		
11.6.2001	Olís, Skeljungur		
13.6.2001	Olís, OHF, ODR		
14.6.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
18.6.2001			OHF, Skeljungur
26.6.2001	Olís, Skeljungur		
1.7.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
9.7.2001	Olís, OHF		
11.7.2001	Olís, OHF		
24.7.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, OHF
26.7.2001			Olís, Skeljungur, OHF
3.8.2001			Olís, Skeljungur, OHF
15.8.2001			Olís, Skeljungur, OHF
23.8.2001	Olís, OHF		Olís, OHF, Skeljungur
27.8.2001	Olís, Skeljungur, OHF		OHF, Skeljungur
4.9.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
12.9.2001	Olís, Skeljungur		Olís, Skeljungur



Dagsetning	Samskipti um verð	Samskipti um útboð og tilboð	Samskipti um markaðsskiptingu
14.9.2001	Olís, Skeljungur		
18.9.2001	Olís, Skeljungur, OHF		Olís, Skeljungur, OHF
20.9.2001			Olís, Skeljungur, OHF
21.9.2001	Olís, OHF		
24.9.2001			Olís, Skeljungur, OHF
25.9.2001			Olís, OHF
26.9.2001			Olís, OHF
28.9.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
1.10.2001	Skeljungur, OHF		
8.10.2001	Olís, OHF		
9.10.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
17.10.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
18.10.2001	Olís, OHF		
19.10.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
22.10.2001			Olís, Skeljungur, OHF
23.10.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
24.10.2001	Olís, Skeljungur		
31.10.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
8.11.2001	Olís, OHF		
14.11.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
21.11.2001		Olís, Skeljungur, OHF	Olís, Skeljungur, OHF
3.12.2001			Olís, OHF
4.12.2001	Olís, Skeljungur, OHF		
5.12.2001			Olís, Skeljungur, OHF
6.12.2001	Olís, OHF	Olís, Skeljungur, OHF	
7.12.2001			Olís, Skeljungur, OHF
11.12.2001	Olís, OHF		
13.12.2001		Olís, Skeljungur	
14.12.2001	Olís, OHF		

Framangreind tafla sýnir skýrlega reglubundin og umfangsmikil samskipti milli félaganna á árunum 1993–2001 varðandi atriði sem tengjast verðlagningu, markaðsskiptingu og gerð tilboða. Telur samkeppnisráð að í þessu hafi falist áframhaldandi röð athafna sem hafi haft eitt og sama markmið sem var að draga úr samkeppni milli olúfélaganna. Þessi hegðun félaganna og ýmis gögn málsins gefa þannig til kynna að félögin hafi með margvíslegum aðgerðum unnið að framkvæmd sameiginlegrar áætlunar sem var að takmarka samkeppni á sem flestum sviðum milli olúfélaganna í ábataskyni. Hafa verður hér einnig í huga að sú staðreynd að sömu fyrirtæki eigi í reglulegum samskiptum af þessum toga felur í sér ótvíræða vísbendingu um samfelld samráð í skilningi samkeppnisréttarins.<sup>210</sup> Hér hefur einnig þýðingu að regluleg þátttaka fyrirtækja í fundum þar sem rætt er t.d. um verð skapar

<sup>210</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 24. júlí 2002 í máli nr. COMP/36.700 *Industrial and Medical Gases*.

eða styrkir í eðli sínu samfelld samráð. Ef fyrirtæki hefur á þessum fundum ekki gefið keppinautum sínum til kynna að það vilji ekki taka þátt í samráðinu breytir engu um ábyrgð þess á brotinu þó að það hafi ekki farið eftir því sem ákveðið var á fundunum.<sup>211</sup>

Olíufélögin hafa ítrekað í andmælum sínum haldið því fram að dregið hafi úr meintu samráði þeirra á árunum eftir 1997. Taflan sýnir að svo var ekki.

Taflan og gögn málsins gefa skýrt til kynna að olíufélögin unnu með kerfisbundnum og skipulögðum hætti að framgangi hins sameiginlega markmiðs þeirra. Samstarfið fólst m.a. í reglulegum eða tíðum forstjórafundum þar sem fjallað var um hin stærri mál í samskiptum félaganna. Lýsandi fyrir þetta er þegar forstjóri Olís boðaði til fundar í janúar 1999 til að ræða kröfu Skeljungs um hlutdeild í framlegð Olís af viðskiptum við Járblendifélagið á Grundartanga. Í tölvupósti til forstjóra hinna félaganna stingur hann upp á því að forstjórafundurinn verði haldinn hjá Skeljungum „*skv. hefðbundinni hringrás*“, sbr. kafla VI 4.1. Hér má einnig nefna að markaðsstjórn OHF hafa upplýst um reglubundin og tíð samskipti við markaðsstjóra Skeljungs og Olís. Markaðsstjóri OHF sem starfaði hjá félaginu fram á árið 1998 hefur t.d. sagt að „*alltaf*“ þegar fulltrúar olíufélaganna þriggja hittust hafi verið rætt um hvað væri að gerast á markaðnum og hvaða viðskiptavinir væru að bjóða út sín viðskipti. Jafnframt hafi fulltrúar hinna félaganna „*ávallt*“ sóst eftir því að gerður yrði samningur um t.d. afsláttarmál, sbr. m.a. kafla IV. Eftirmaður hans hefur upplýst um að hann hafi átt marga fundi á hverju ári með fulltrúum frá hinum félögunum og umræður á þeim hafi „*oft*“ þróast út í að ræða um verð og verðlagningaráform á olíuvörum, sbr. kafla VI 4.3.

Gögn málsins innihalda einnig skýr dæmi um verklagið í samráðsmálum olíufélaganna. Nefna má að í maí 1997 reyndi Olís að fá hin félögin til að fallast á sérstaka verðhækkun á gasolíu, sbr. kafla VI 2.3. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís gaf þetta heilræði um framkvæmd á þessari verðhækkun í tölvupósti sem hann sendi 2. júní 1997:

*„Reynsla KBÓ<sup>212</sup> í verðlagsmálum og verðbreytingum segir mér að þetta mál verði aldrei leyst í gegnum síma eða með einhverjum skilaboðum. Eina leiðin er að ná viðkomandi aðilum saman á fund og kortleggja lausnina og láta síðan forstjórana samþykkja það á forstjórafundum.“*

<sup>211</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *Zinc Phosphate Cartel* málinu [2003] 5 CMLR 14: „*As the Court of Justice has confirmed in its case law, the participation by undertakings in meetings that have an anti-competitive object has the effect de facto of creating or strengthening a cartel and the fact that an undertaking does not act on the outcomes of those meetings is not such as to relieve it of responsibility for the fact of its participation in the cartel, unless it has publicly distanced itself from what was agreed in them.*“

<sup>212</sup> Kristján B. Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís.

Í gögnum málsins er einnig að finna ummæli og aðgerðir sem miða að því að treysta og tryggja samvinnu félaganna að þessu leyti. Dæmi um þetta er minnisblað frá OHF sem lýsir fundi forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF 11. september 1994. Fundurinn var haldinn m.a. vegna þess að Olís þótti á þessum tíma jafnvel „*einöldustu mál*“ hafa þvælst of lengi og lítill vilji væri hjá OHF til samvinnu „*jafnvel þegar auðveld tækifæri gefast*“, sbr. kafla VI 1.1. Rætt var einnig um „*jákvæð*“ samskipti Olís við Skeljung. Á fundinum mæltist Olís til þess að félögin hringdu í hvert annað þegar viðskiptavinir væru að reyna að fá lægra verð og voru OHF og Olís sammála um að nú „*þyrftu félögin öll að vera mjög vakandi í því að láta ekki egna sig saman í verðstríð í útboðum.*“ Annað dæmi eru samskipti forstjóra Olís og Skeljungs í nóvember 1999 þar sem vísað er til þess „*vinnulags*“ að forstjórnir ræði saman í því skyni að leysa deilur þegar mál „*komast í óefni í samskiptum milli okkar starfsmanna*“, sbr. kafla VI 4.5. Jafnframt er að finna í málinu ýmis ummæli sem vísa til nauðsynjar þess að félögin ræði betur saman, t.d. í þeim tilgangi að láta „*viðskiptavinum ekki komast upp með að ljúga viðskiptatilboðum*“ upp á viðkomandi olíufélag í því skyni að fá afslátt hjá öðru, sbr. t.d. samskipti forstjóra Olís og OHF í júlí 1998 og samskipti forstjóra Olís og forstjóra Skeljungs í september 1999.<sup>213</sup> Ýmis almenn ummæli í málinu gefa einnig til kynna að sérstakt samband hafi ríkt milli félaganna. Þannig sagði t.d. forstjóri Skeljungs í september 2000 þegar hann var að kvarta við forstjóra Olís yfir tiltekinni samkeppni að „*fátt eitt standi eftir af þeim gömlu gildum er áður voru í heiðri höfð á milli félaganna.*“, sbr. kafla VI 5.9. Hluti af samvinnu félaganna voru einnig ítrekaðar kvartanir milli þeirra þegar eitthvert félaganna gerði tilboð til viðskiptavinar annars félags eða bauð að þeirra mati of mikinn afslátt., sbr. t.d. kafla IV 5.7. Jafnframt koma oft fram í gögnum málsins tilmæli um að eyða eða leyna gögnum sem sýna fram á samráð félaganna um framangreind mál. Þar má t.d. nefna samþykkt félaganna í apríl 2001 um ráðstafanir til að dylja samstarf þeirra, sbr. kafla VI 6.2.

Þó aðgerðir olíufélaganna sem lýst er í þessari ákvörðun séu margbreytilegar er alveg ljóst að þær höfðu allar sama markmið og eru þannig tengdar. Skýrt dæmi um þetta eru atvik á árinu 1996. Í kafla IV 2 er því lýst að á árinu 1996 hafi olíufélögin átt í umfangsmiklu samstarfi vegna útboða viðskiptavina þeirra og hafi ákveðið veturinn 1996 að vinna áfram saman í þeim málum. Grunntilgangur þessa samstarf var að verjast auknum kröfum viðskiptavina um afslátt og bæta framlegð félaganna. Í t.d. kafla VI 1.3.1 er sýnt fram á að í tengslum við þetta og versnandi afkomu félaganna á þessum tíma hafi olíufélögin veturinn 1996, auk þess að ákveða að vinna saman í útboðum, ákveðið að grípa til almennra aðgerða til að auka framlegð af eldsneytissölu, m.a. með því að auka álagningu í tengslum við verðbreytingar á eldsneyti. Höfðu félögin í apríl 1996 samstarf um að hætta sölu á 92ja oktana bensíni.

---

<sup>213</sup> Sjá kafla VI 3.5 og IV 4.4.

Á sama tíma varð breyting á verðákvörðunum félaganna á bifreiðaeldsneyti og var verðlistaverð þeirra eftir það nánast undantekningarlaust samhljóða. Augljós tengsl eru einnig milli samvinnu félaganna tengd útboðum og þeirra aðgerða, sem lýst er víða í kafla VI, og ætlað var að minnka afslátt til viðskiptavina félaganna. Þá má geta þess að sumarið 1996 gerðu olíufélögin einnig samkomulag um að draga úr verðsamkeppni í sölu eldsneytis á Keflavíkurflugvelli, sbr. kafla VII 2.2. Enginn vafi getur leikið á því að með þessum hætti voru olíufélögin að beita mismunandi aðgerðum til að ná fram sama markmiði.

Annað mikilvægt dæmi um aðgerðir olíufélaganna sem allar stefndu að sameiginlegu markmiði um að takmarka samkeppni milli þeirra og bæta framlegð þeirra er samkomulag um sölu eldsneytis til erlendra skipa á Íslandi frá árinu 1993, sem framkvæmt var með einungis minni háttar breytingum allt til ársins 2001, en samkvæmt orðum framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF, sem undirritaði samkomulagið fyrir hönd félagsins, var samningurinn „gerður af þeirri ástæðu að verðsamkeppni var orðin hörð og algengt að gefa afslátt upp á kr. 1,70“<sup>214</sup>, sbr. kafla V. Sama eðlis var reglubundið samstarf olíufélaganna um ákvörðun verðlags á fljótandi eldsneyti, sem OHF og Olís hafa staðfest að hafi verið til staðar með óbreyttu sniði fram á árið 1997 og fjöldamörg gögn benda til að varað hafi allt til desember 2001, sbr. kafla VI. Hið sama gildir um samkomulag félaganna um að ræða saman í öllum útboðum og um að takmarka veitingu afsláttá, sbr. kafla IV og VI. Allt eru þetta brot sem stefna að sama marki og eru í eðli sínu samfelld, enda koma þau ítrekað fyrir allt til desember 2001. Sömu sjónarmið eiga einnig við um markaðsskiptingu í sölu t.d. til stærri viðskiptavina sem var í framkvæmd frá 1993 fram á árið 2001, sbr. kafla VIII.

Með hliðsjón m.a. af aðgreiningu í 10. gr. samkeppnislaga og því hve umfangsmikið málið er, þykir rétt í ákvörðun þessari að greina samstarf olíufélaganna í nokkra flokka, s.s. samstarf um gerð tilboða, sölu á flugeldsneyti, sölu á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum, samstarf um verðlagningu eldsneytis, samstarf um verðlagningu á smurolíu, samstarf um verðlagningu á gasi, markaðsskiptingu eftir landsvæðum eða einstökum viðskiptavinum, samrekstur bensínstöðva o.fl. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að þetta samráð olíufélaganna hefur jafnan eitt og sama markmiðið: að draga úr samkeppni milli olíufélaganna og bæta afkomu eða framlegð þeirra. Þessir fjölmörgu samstarfsþættir fléttast gjarnan saman og stundum getur verið álitæfni hvar beri að flokka tiltekin atriði. Þá getur tiltekin háttsemi falið í sér brot sem mætti flokka í fleiri en einn flokk. Þrátt fyrir framangreinda skiptingu, sem eins og fyrr sagði er ætlað að einfalda framsetningu, verður við mat á atvikum málsins að hafa þessa heildarmynd í huga, enda stefnir slíkt samstarf, frá sjónarmiði félaganna, allt að sameiginlegu heildarmarkmiði, sömu millistjórnendur eru þátttakendur á

---

<sup>214</sup> Afritað tölvuskjal OHF. Vistað á gagnasvæði Bjarna Bjarnasonar, SAMSK.XLS, lína 276, dálkur B.

mörgum sviðum og forstjórar félaganna hafa í aðalatriðum komið að þessum málum í heild sinni.

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að oft komu upp deilur milli olúfélaganna og á sumum sviðum gat um hríð ríkt talsverð samkeppni. Jafnframt er ljóst að félögin gerðu oft athugasemdir hvert við annað vegna „brota“ á tilteknu samkomulagi félaganna, t.d. eru kvartanir yfir því að of mikill afsláttur hefði verið veittur. Þetta breytir hins vegar ekki meginniðurstöðu málsins, þar sem ljóst er að þessar deilur leiddu ekki til þess að félögin hættu samstarfi sínu um verðlagsmál, markaðsskiptingu eða samvinnu við gerð tilboða. Þannig er það t.d. ekki staðfesting á því að heildarsamkomulagi olúfélaganna um að ræða saman í öllum útboðum hafi verið lokið, þegar útboð Reykjavíkurborgar vegna Strætó bs. átti sér stað í desember 2001 og ekki varð af því að olúfélögin stilltu saman tilboðum sínum, sbr. kafla IV 13. Þau ræddu ítrekað um þann möguleika, „þó ekki næðist saman“, eins og segir í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís til forstjóra félagsins þann 13. desember 2001. Forstjóranum var ráðlagt að eyða umræddum tölvupósti eftir lestur. Þannig áttu sér stað í þessu tilviki ítrekaðar viðræður um verð og tilboð milli keppinauta. Jafnframt verður að hafa í huga að þótt samkeppni kunni að hafa ríkt á tilteknu sviði eða á tilteknum tíma breytir það engu um lögmæti þess samráðs sem þó átti sér stað. Einnig verður að líta til þess að þótt fyrirtæki fari ekki eftir því sem ákveðið hefur verið í samráði keppinauta breytir það engu um ólögmæti þátttöku þess í samráðinu. Því leiðir slíkt ekki í sjálfu sér til þess að líta eigi með vægari hætti á brotið.<sup>215</sup>

Þegar höfð er hliðsjón af öllu framangreindu og gögnum málsins í heild sinni telur samkeppnisráð að líta verði á aðgerðir olúfélaganna í þessu máli sem samfelld samráð sem hafi varað frá gildistöku samkeppnislaga. Þetta brot felst í þeim samstilltu aðgerðum og/eða samningum sem lýst er í ákvörðun þessari og hefur það að markmiði að raska samkeppni milli félaganna í viðskiptum með aðallega fljótandi eldsneyti, smurolíu og gas. Eins og gerð verður grein fyrir næst eru framkomin sjónarmið olúfélaganna ekki til þess fallin að hnekkja þessu mati ráðsins.

Að mati samkeppnisráðs var Orkan ekki þátttakandi í hinu samfellda samráði OHF, Olís og Skeljungs. Orkan tók hins vegar þátt í samráði um verð á bifreiðaeldsneyti, sbr. nánar kafli VI.

---

<sup>215</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-308/94 [1998] ECR II-925. Þar segir m.a. þetta: „... the fact that an undertaking which has been proved to have participated in collusion on prices with its competitors did not behave on the market in the manner agreed with its competitors is not necessarily a matter which must be taken into account as a mitigating circumstance when determining the amount of the fine to be imposed. An undertaking which despite colluding with its competitors follows a more or less independent policy on the market may simply be trying to exploit the cartel for its own benefit.“

### 2.3. Sjónarmið olíufélaganna

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að brot OHF í málinu séu „*vissulega umtalsverð*“ en þó ekki jafn umfangsmikil og Samkeppnisstofnun telji. Að mati félagsins sé mikilvægt að hafa í huga að öll brotin séu gerólíks eðlis innbyrðis þrátt fyrir að eiga öll við sama lagaákvæðið. Telur OHF því að ekki sé um samfellt samráð að ræða heldur fleiri en eitt meint brot sem skoða beri hvert fyrir sig. Segir félagið að ávallt sé áþekk markmið hjá fyrirtækjum sem brjóta gegn 10. gr. samkeppnislaga. Það sé því „*engar fréttir*“ að meint brot olíufélaganna hafi stefnt að því markmiði, sem öll fyrirtækin stefndu að hvert fyrir sig, að bæta afkomu sína. Þetta þýði hins vegar ekki að heimilt sé að líta á öll brot fyrirtækja yfir tiltekið tímabil sem eitt og sama brotið. Til stuðnings er einnig vísað til sjónarmiða úr refsirétti sem OHF fullyrðir að Samkeppnisstofnun hafi sagt í frumathugun sinni að eigi við í málinu.

Sagt er að brot olíufélaganna geti ekki verið framhaldsbrot í skilningi refsiréttarins. Til að um slíkt brot geti verið að ræða þurfi brot að vera samkynja eða eðlislík, framin í nægjanlegri samfellu og beinast gegn öðrum hagsmunum en persónu manna. Heldur OHF því fram að þó hin meintu brot falli öll undir 10. gr. laganna séu þau svo ólík innbyrðis að vafi leiki á því hvort þau séu af sama meiði. Þessu til stuðnings bendir félagið á fjögur atriði.

Í fyrsta lagi séu tilvikin heimfærð undir mismunandi liði 10. gr., þ.e. verðsamráð, markaðskiptingu og samráð við gerð tilboða. Þannig sé augljós eðlismunur á meintri samvinnu við gerð tilboða og meintu samstarfi í tengslum við verðbreytingar. Í öðru lagi sé aðild að meintum brotum ólík innbyrðis og bendir OHF á nokkur tilvik þar sem félagið á ekki að hafa tekið þátt í viðkomandi broti. Í þriðja lagi séu hin meintu brot framin undir gerólíkum kringumstæðum. Þannig séu sum hinna meintu brota bein afleiðing af ástandi sem mótaðist fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins og önnur meint brot helgist af áratugalöngum samningum sem fylgt var eftir gildistöku samkeppnislaga og svo megi lengi telja. Í fjórða lagi séu brotin framin á mörgum ólíkum vöru- og landfræðilegum mörkuðum.

OHF segir einnig að jafnvel þó talið yrði að hin meintu brot séu öll samkynja eða eðlislík séu þau ekki framin í nægjanlegri samfellu. Hin meintu brot séu sögð hafa átt sér stað á tímabilinu frá 1. mars 1993 til 18. desember 2001. OHF hafi vissulega staðfest að hafa að einhverju marki gerst brotlegt við samkeppnislög, aðallega á fyrri hluta tímabilsins. Hins vegar séu þau brot langt um færri en Samkeppnisstofnun telji. Þau brot sem OHF hafi staðfest hafi ekki slíka samstöðu að unnt sé að líta á þau sem framhaldsbrot. Skilyrði um framhaldandi röð í tíma og rúmi séu ekki uppfyllt. OHF heldur því einnig fram að ekki geti verið um að ræða svonefnt ástandsbrot þar sem meint brot uppfylli ekki þau skilyrði sem gerð séu til slíkra brota í refsirétti. Þessu til viðbótar er sagt að tilgáta Samkeppnisstofnunar um heildarsamstarf gangi ekki upp þar sem arðsemi olíufélaganna hafi verið mjög lítil miðað við það uppgangstímabil í

íslensku viðskiptalífi sem málið varði. Ef um samantekin ráð hefði verið að ræða um að vinna gegn hagsmunum neytenda til að bæta afkomu félaganna hafi það tekist.

Samkeppnisráð tekur hér fyrst fram að það er rangt hjá OHF að Samkeppnisstofnun byggji á því að reglur refsiréttarins eigi hér beint við. Í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar var gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem gilda í samkeppnisrétti um samfellt samráð. Í lok þeirrar umfjöllunar var sagt að hér eigi við ekki ósvipuð sjónarmið og gildi í refsirétti varðandi brotaeindir. Í þessum ummælum felst einungis að gerð var grein fyrir vissum fræðilegum skyldleika milli samfellds samráðs í samkeppnisrétti og brotaeindum í refsirétti. Af þessu leiðir vitaskuld ekki að reglur refsiréttarins gildi hér með beinum hætti, sbr. einnig umfjöllun hér að framan.

Í kafla III 1.2.3 hér að framan var gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem gilda um samfellt samráð í samkeppnisrétti. Í polypropylene málinu dró Cosmas aðallögsögumaður fram kjarnann í þeirri háttsemi sem telst vera samfellt samráð. Hann sagði að í málinu hefðu sömu aðilar brotið sömu lagaregluna með endurteknum og skipulögðum aðgerðum í sama efnahagslega umhverfi. Samkeppnisráð telur engan efa leika á því að hin reglubundna samvinna olíufélaganna í þessu máli falli undir þessa skilgreiningu samkeppnisréttarins. Jafnvel þó að fallist yrði á að framangreind skilyrði í refsiréttinum sem OHF tilgreinir giltu hér myndi það engu breyta. Rétt er að gera stuttlega grein fyrir þessu.

Það að brot olíufélaganna falli undir mismunandi staflíði 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga leiðir ekki til þess að þau séu ósamkynja. Það er til að mynda enginn eðlismunur á samráði keppinauta um gerð tilboða eða um tiltekna verðhækkun. Í báðum tilvikum eru sömu fyrirtækin að grípa til aðgerða sem hafa sama markmið eða áhrif, þ.e. að hækka verð. Jafnframt ber að líta til þess að í þeim málum úr EES/EB-samkeppnisrétti sem vísað var til hér að framan tók hið samfellda samráð til mismunandi tegunda ólögmeðrar samvinnu. Engu breytir hér heldur þótt þátttakendur í hinu samfellda samráði taki ekki þátt í öllum aðgerðum tengdu því, ef þeim mátti vera ljóst að aðrir þátttakendur myndu grípa til slíkra aðgerða. Eins og gerð verður grein fyrir í umfjöllun um viðkomandi atvik málsins er það skilyrði uppfyllt í þessu máli. Að mati samkeppnisráðs fæst ekki séð hvaða þýðingu það hafi að lögum að hugsanlegur sögulegur bakgrunnur brota olíufélaganna sé mismunandi. Ekki verður heldur talið að brot olíufélaganna séu ósamkynja þó þau taki til mismunandi olíuvara og hafi átt sér stað á ýmsum stöðum hér á landi. Sú staðreynd er frekar til vitnis um vilja olíufélaganna til að raska með samráði samkeppni á sem flestum sviðum starfsemi þeirra. Varðandi það að brot olíufélaganna séu ekki áframhaldandi í tíma nægir að vísa til töflunnar hér að framan.

Að endingu varðandi þessi andmæli OHF bendir samkeppnisráð hér á að við mat á því hvort um samfellt samráð sé að ræða hefur ekki þýðingu hvort olíufélögin hafi á

grundvelli þeirrar samvinnu í raun bætt afkomu sína. Þetta leiðir af þeirri reglu 10. gr. samkeppnislaga að ekki er þörf á því að sýna fram á áhrif af samráði á markaði. Um efnahagsleg áhrif af hinu samfellda samráði olíufélaganna er hins vegar fjallað í viðurlagakafla þessarar ákvörðunar.

Í athugasemdum Skeljungs segir að samvinna olíufélaganna hafi verið víðtæk við gildistöku samkeppnislaga, sem hafi m.a. skýrst af samrekstri félaganna sem átt hafi sér stað með vitund samkeppnisyfirvalda. Smám saman hafi samvinna félaganna gliðnað, einkum samvinna Skeljungs annars vegar og Olís og OHF hins vegar. Olís og OHF hafi haft samvinnu sín á milli í samkeppni við Skeljung og því sé fráleitt að halda því fram að Skeljungur hafi verið einhvers konar leiðandi aðili í samstarfi olíufélaganna. Telur Skeljungur gögn málsins sýna harðnandi samkeppni eftir því sem leið á rannsóknartímabilið og heldur því fram að engin ný samvinnutilvik hafi orðið til frá því í desember 2000. Skeljungur bendir einnig á að Samkeppnisstofnun setji í frumathugun sinni fram fullyrðingar um að olíufélögin hafi frá gildistöku samkeppnislaga og allt til ársins 2001 haft með sér samfellt samráð. Undir þetta hugtak fellu stofnunin mjög ólíkar tegundir meintra brota. Þótt inntak hugtaksins sé óljóst þá virðist sem Samkeppnisstofnun telji að olíufélögin hafi með kerfisbundnum hætti unnið að sameiginlegu markmiði um að takmarka samkeppni. Samkomulag hafi tekist um samráð á sem flestum sviðum í rekstri félaganna. Að mati Skeljungs sé þessi framsetning með ólíkindum. Sönnunarfærsla stofnunarinnar sé afar brotakennd og fullyrðingar settar fram sem enga stoð hafi í gögnum málsins. Jafnframt telur félagið að Samkeppnisstofnun hafi í frumathugun II sett fram ótvíræða sönnun um virka samkeppni milli olíufélaganna. Er þar vísað til upplýsinga í kafla II í frumathuguninni um breytingar á markaðshlutdeild. Í þeim kafla er sýnd markaðshlutdeild olíufélaganna á árunum 1991–2001 í fljótandi eldsneyti og einstökum flokkum þess. Þar komi fram að hlutdeild Skeljungs í fljótandi eldsneyti í heild hafi á þessu tímabili vaxið jafnt og þétt úr 27% í 40%, og hafi þessi aukna hlutdeild verið fyrst og fremst á kostnaði Olíufélagsins, en hlutur þess minnkaði úr 47% í 35%. Skeljungur fellst á það með Samkeppnisstofnun að kaup Flugleiða á flugeldsneyti skipti hér miklu máli, en jafnvel þegar horft sé framhjá þeim hafi hlutdeild í bensíni vaxið úr 30% í 34%, í gasolíu úr 24% í 31% og í svartolíu úr 23% í 32%, en félagið hafi hins vegar misst minniháttar hlutdeild í markaði með gas og smurolíur. Heldur Skeljungur því fram að jafn gríðarlegar breytingar á markaðshlutdeild félaganna séu óhugsandi við aðstæður þar sem einhvers konar heildarsamráð um skiptingu og samstarf keppinauta væri við lýði. Hljóti þessi staðreynd að draga mjög úr vægi ályktana Samkeppnisstofnunar um einhvers konar heildarsamráð á markaðnum. Þessu til stuðnings vísar Skeljungur til Wood Pulp málsins fyrir dómstóli EB. Skeljungur segir að það dragi einnig verulega úr gildi fullyrðinga Samkeppnisstofnunar um heildarsamkomulag að ekkert bendi til þess að olíufélögin hafi haft nokkurn ábata af samráðinu. Samskonar sjónarmið koma fram í andmælum Olís, að því undanskildu að ekki er fjallað um meinta samvinnu Olís og OHF gegn Skeljungi.



Varðandi almennar fullyrðingar Skeljungs um óvandaða sönnunarfærslu vísast til umfjöllunar um einstök efnisatriði þessa máls. Eins og eftirfarandi umfjöllun mun gefa til kynna dró ekki úr samráði olíufélaganna á seinni hluta þess tímabils sem hér er til skoðunar. Sú umfjöllun mun einnig leiða í ljós að Skeljungur var virkur þátttakandi í hinu samfellda samráði félaganna.

Samkeppnisráð ítrekar hér að sönnun í þessu máli er ekki reist einungis á samhliða hegðun olíufélaganna heldur á gögnum sem sýna samskipti olíufélaganna um atriði sem falla undir 10. gr. samkeppnislaga. Til að hnekkja því að um samráð hafi verið að ræða dugar ekki fyrir Skeljung að vísa til gagna sem eiga að mati félagsins að staðfesta mikla samkeppni á markaðnum heldur verður félagið að sýna fram á að gögn þau sem samkeppnisyfirvöld byggja á um samskipti olíufélaganna séu ekki traust eða að rangar ályktanir séu dregnar af þeim, sbr. kafla III 1.3.1 hér að framan. Jafnframt verður aftur að rifja hér upp þá grunnreglu 10. gr. samkeppnislaga að ekki er skilyrði fyrir broti á ákvæðinu að sýnt sé fram á áhrif á markaði. Við mat á því hvort um samfelldt samráð sé að ræða hefur heldur ekki þýðingu hvort olíufélögin hafi á grundvelli þeirrar samvinnu í raun bætt afkomu sína. Um efnahagsleg áhrif af hinu samfellda samráði olíufélaganna er hins vegar fjallað í viðurlagakafla þessarar ákvörðunar, eins og áður segir.

Þrátt fyrir að upplýsingar um breytingar á markaðshlutdeild hafi í þessu máli ekki þýðingu varðandi það hvort 10. gr. samkeppnislaga var brotin eða ekki vill samkeppnisráð taka eftirfarandi fram.

Ráðið telur að upplýsingar um breytingar á markaðshlutdeild feli ekki í sér sönnun þess að virk samkeppni hafi verið milli olíufélaganna. Í fyrsta lagi kemur skýrt fram í kafla II að umtalsverðar sviptingar í markaðshlutdeild áttu sér eingöngu stað varðandi flugeldsneyti, sem helgast af sérstöðu þess markaðar, þar sem innkaup eins aðila, sem lengst af fóru fram að undangengnu útboði, eru algjörlega ráðandi. Að öðru leyti verða breytingar á markaðshlutdeild á þessu tiltölulega langa tímabili að teljast hægfara.

Í öðru lagi getur, við þann samanburð sem Skeljungur kys að bregða upp, ekki talist eðlilegt að nota tölur aftur til ársins 1991. Athugunartímabilið hefst þann 1. mars 1993, þegar samkeppnislög tóku gildi. Á því tímabili jókst markaðshlutdeild Skeljungs í bensíni úr 29% í 34%, í gasolíu úr 28% í 31% og í svartolíu úr 27% í 32%. Verður að telja að á níu ára tímabili sé hér um tiltölulega litla og hægfara breytingu að ræða.

Í þriðja lagi skal nefnt að fjölmargt í samstarfi og samskiptum olíufélaganna sýnir með ótvíræðum hætti að þau höfðu komið sér saman um að stunda ekki virka

samkeppni í mikilvægum viðskiptum. Má þar t.d. nefna samráð félaganna um sölu á eldsneyti til erlendra skipa, samstarf félaganna um samrekstur á bensinstöðvum, samráð félaganna um aðra skiptisölu til mikilvægra viðskiptavina s.s. stóriðjufyrirtækja, SR-mjöls o.fl. sem og samstarf félaganna um gerð tilboða í mikilvægum útboðum. Þetta samstarf, sem felst í því að félögin stunda ekki samkeppni um mikilvæg viðskipti heldur ákveða fyrirfram hvernig þau skuli skiptast, hefur augljóslega áhrif á markaðshlutdeild félaganna. Þannig má t.d. benda á að samrekstur bensinstöðva, sem einkum á sér stað utan höfuðborgarsvæðisins, hefur áhrif á markaðshlutdeild félaganna í sölu einkum á bifreiðaeldsneyti. Markaðsstaða OHF hefur yfirleitt verið sterkari úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Hið gagnstæða á almennt við um Skeljung. Frá árinu 1993 til 2001 jókst hlutfall íbúa landsins sem býr á höfuðborgarsvæðinu úr 57,9% í 62,1%. Verður að telja að þessi búsetubreyting hafi getað átt ríkan þátt í þeirri tiltölulega hægfara breytingu sem átt hefur sér stað í markaðshlutdeild olíufélaganna. Loks má vísa hér til skýringa þeirra á markaðshlutdeild olíufélaganna, sem fram koma í skýrslu sérfræðinga hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem Skeljungur hefur lagt fram. Í neðanmálsgrein 18 segir: „*Ekki urðu verulegar breytingar á markaðshlutdeild olíufélaganna á því tímabili sem Samkeppnisstofnun skoðaði, ef undan er skilinn markaður með þotueldsneyti.*“

#### IV. SAMRÁÐ UM GERÐ TILBOÐA

Að mati samkeppnisráðs gefa gögn málsins það til kynna að olúfélögin þrjú hafi frá gildistöku samkeppnislaga haft með sér umfangsmikið samstarf um gerð tilboða í tengslum við formleg útboð eða verðkannanir viðskiptavina þeirra. Þetta samstarf var sérstaklega náð í tengslum við útboð hjá opinberum aðilum og stóriðjuverum. Eins og nánar verður gerð grein fyrir í kafla VIII var í gildi samkomulag milli olúfélaganna um skiptingu á viðskiptum við slíka aðila. Samráð við gerð tilboða í útboðum hjá stóriðjuverum og opinberum aðilum hafði það að markmiði að viðhalda markaðskiptingunni og „*verja framlegðina*“ eins og olúfélögin hafa orðað það, m.ö.o. að halda uppi verði gagnvart viðkomandi viðskiptavinum og treysta afkomu olúfélaganna. Hér skiptir einnig máli að gögn málsins sýna að olúfélögin hafi haft vilja til hvers konar samstarfs og upplýsingaskipta í tengslum við útboð hjá viðskiptavinum þeirra. Jafnframt því hefur verið vilji hjá olúfélögunum til að reyna að koma í veg fyrir að útboð leiddu til verðlækkunar og þar með minni framlegðar félaganna. Forstjóri OHF hefur bent á að þegar eitt verð á olúvörum var lögbundið hafi enginn grundvöllur verið fyrir olúfélögin að keppa sín á milli í útboðum og samið hafi verið um að skipta viðskiptum vegna stærri kaupenda milli olúfélaganna. Eftir að verðlagning var gefin frjáls hafi olúfélögin reynt að halda þessu fyrirkomulagi til streitu.<sup>216</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF, sem starfaði hjá félaginu frá október 1993 fram á mitt ár 1998, hefur upplýst að hann hafi á starfstíma sínum haft talsverð samskipti við starfsbræður sína í hinum olúfélögunum. Hefur hann greint frá því að „*alltaf þegar fulltrúar olúfélaganna þriggja hittust hafi verið rætt hvað væri að gerast á markaðnum, hvaða verktakar og smáútgerðir væru að bjóða út o.fl. Menn hafi verið hræddir við útboð, ekki sist frá opinberum aðilum. Þeim viðskiptum fylgdi oftast en ekki mikil þjónusta og kostnaður, en olúfélögin óttuðust að útboðin færu með framlegð niður úr öllu valdi.*“<sup>217</sup>

Til frekara vitnis um framangreint má horfa til ódagsetts minnisblaðs sem fannst hjá forstjóra Skeljungs. Minnisblaðið ber heitið „*Viðræður olúfélaganna*“ og lýsir tillögum um viðræðugrundvöll í fimm málaflokkum, m.a. verðhækkun á smurolíum.<sup>218</sup> Minnisblað þetta er líklega tekið saman á síðari hluta árs 1993.<sup>219</sup> Í minnisblaðinu segir:

---

<sup>216</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 8.4.2002.

<sup>217</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 2.4.2002.

<sup>218</sup> Hs. nr. 7082.

<sup>219</sup> Í minnisblaðinu er því t.d. velt upp hvort ræða eigi sameiningu afgreiðslustöðva á Keflavíkurlflugvelli. Þessar afgreiðslustöðvar voru sameinaðar með samningi félaganna frá 2.2.1994. Viðræður um þessa aðgerð fóru t.d. fram á fundi félaganna 2. desember 1993.

#### **„4. Sameiginleg stefna í útboðum**

*Er grundvöllur til þess að standa einhvern veginn á móti afleiðingum vaxandi tilhneigingar til útboða, sérstaklega þegar um er að ræða vörur sem enn eru háðar opinberum afskiptum.“*

Forstjóri Skeljungs hefur aðspurður um þetta skjal sagt „að vel mætti vera að á þessum tíma hafi forstjórar olíufélaganna verið að ræða sameiginlega stefnu í útboðum, enda hefði það ekki verið fyrr en 1. september 1994 sem lagaákvæðum var breytt, sem áður skylduð olíufélögin til að selja olíuvörur á sama verði alls staðar á landinu. Við þær aðstæður hefðu útboð verið tilgangslítill.“<sup>220</sup> Svipuð sjónarmið hafa komið fram af hálfu hinna olíufélaganna. Að mati samkeppnisráðs verður hér að hafa í huga að samkvæmt 1. gr. laga nr. 34/1953 var skylt að selja eldsneyti á sama verði hvar sem var á landinu. Þetta ákvæði var hins vegar fellt úr gildi með lögum nr. 81/1985 um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns en þau lög tóku gildi 1. janúar 1986. Samkvæmt 4. gr. þeirra laga skyldi söluverð á eldsneyti<sup>221</sup> „vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu.“<sup>222</sup> Samkvæmt þessu ákvæði gátu olíufélögin veitt afslætti í útboðum en urðu að gæta þess að allir sambærilegir viðskiptavinir, óháð búsetu, gætu keypt eldsneyti á sambærilegum kjörum. Samkeppnisráð bendir hér einnig á að olíufélögin túlkuðu ákvæði 4. gr. laga nr. 81/1985 ekki í raun með þeim hætti að lögin hafi bannað félögunum að veita afslátt af eldsneyti í útboðum. Þannig tóku olíufélögin þátt í og buðu afslátt í útboðum. Sem dæmi má nefna útboð Reykjavíkurborgar í maí 1993, útboð Íslenska járnblendifélagsins í janúar 1994 og útboð vegna innanlandsflugs Flugleiða í apríl 1994. Það var væntanlega ekki heldur túlkun þeirra aðila sem stóðu fyrir útboðum fyrir 1. september 1994 að veiting afsláttar í útboðum væri óheimil. Ekki fæst heldur séð að þessir aðilar hafi talið útboð sín tilgangslítill, ella hefðu þeir ekki lagt út í þann kostnað og fyrirhöfn sem þeim fylgdu.

Í gögnum málsins er einnig að finna minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF til forstjóra OHF.<sup>223</sup> Minnisblaðið lýsir fundi framkvæmdastjórans með forstjóra Olís þann 8. september 1994 og hafa þar margvísleg málefni verið rædd. Í minnisblaðinu segir höfundur að forstjóri Olís „var líka sammála mér þegar ég nefndi að nú þyrftu félögin öll að vera mjög vakandi í því að láta ekki egna sig saman í verðstríð í útboðum.“ Þetta viðhorf til útboða og vilji til samstarfs birtist einnig í tölvupósti frá Skeljungu til Olís og OHF, dags. 24. maí 1995.<sup>224</sup> Tölvupósturinn er merktur trúnaðarmál og í honum er greint frá því að undanfarið hefðu borist óskir um tilboð í gasolíu frá viðskiptavinum sem væru að nota 200–300 þúsund lítra á ári. Það

<sup>220</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>221</sup> Eldsneyti sem notað var í millilandaflugi féll ekki undir lögin.

<sup>222</sup> Lög nr. 81/1985 voru felld úr gildi með lögum nr. 103/1994 sem tóku gildi 1. september 1994.

<sup>223</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Minnisblað Þórólfs Árnasonar til Geirs Magnússonar, dags. 11.9.1994.

<sup>224</sup> Tölvupóstur frá Bjarna S. Jónssyni (Skeljungur) til Þórólfs Árnasonar (OHF) og Thomasar Möller (Olís), dags. 24.5.1995 kl. 9:55 (Hs. nr. 3166).

væru fyrirtæki í verktaka- eða fólksflutningastarfsemi sem væru að biðja um þessi tilboð. Síðan segir:

*„Vilja menn eitthvað ræða mál af þessari stærðargráðu? Ég vildi gjarnan heyra frá ykkur um það í dag ef hægt er. Persónulega finnst mér ekki heppilegt að vera að slást um þessa bita, með einhverjum sérkjörum umfram aðra sambærilega, bara af því að þeim datt í hug að bjóða út viðskiptin. Ef það verður ofaná, fara allir þessir smærri að bjóða út. Við sjáum ekkert fyrir endann á því að mínu mati.“*

Að mati samkeppnisráðs festist samstarf olíufélaganna í tilboðsmálum mjög í sessi á árinu 1996 en á þeim tíma varð nokkur aukning í tíðni útboða, sérstaklega hjá opinberum aðilum. Eins og fram kemur hér á eftir náðu félögin á árinu 1996 samkomulagi um að ræða saman um viðbrögð í öllum útboðum. Var það samkomulag virt allt til desember 2001 en á því ári ræddu félögin um útboð Strætó bs. og Skeljungur gerði tilraun til að fá hin félögin til að hafa samráð vegna þess útboðs. Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir útboðum á árunum 1993–1995, síðan verður fjallað um útboðin og samráðið á árinu 1996 og það samkomulag sem náðist á því ári um samstarf í tengslum við öll útboð. Þar á eftir verður lýst efndum þess samkomulags varðandi útboð á árunum 1996–2001.

## **1. Samráð vegna útboða fram til ársins 1996**

Hér verður gerð grein fyrir því samstarfi eða samskiptum sem olíufélögin höfðu sín á milli vegna útboða sem fóru fram fyrir árið 1996.

### **1.1. Útboð/verðkönnun Reykjavíkurborgar 1993**

Með bréfi frá 4. maí 1993 óskaði Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar eftir tilboðum í sölu á olíuvörum og eldsneyti fyrir SVR, Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar og Slökkvilið Reykjavíkur.<sup>225</sup> Skilafrestur var til kl. 14:00 25. maí 1993. Samkvæmt dagbók forstjóra Olís átti hann, þann 18. maí 1993, fund með forstjóra OHF og fjármálastjóra Skeljungs og daginn eftir átti hann fund með forstjóra Skeljungs.<sup>226</sup> Ekki er hins vegar hægt að ráða af gögnum málsins hvort rætt hafi verið um útboð Reykjavíkurborgar á þessum fundum.

Í tengslum við þetta útboð tók framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís saman minnisblað og er ritað á blaðið að það sé til forstjóra Olís.<sup>227</sup> Í minnisblaðinu eru sett fram rök fyrir því að Olís eigi að gera tilboð í útboði Reykjavíkurborgar. Bent er á það

<sup>225</sup> Bréf Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, dags. 4.5.1993 (Hs. nr. 5857).

<sup>226</sup> Dagbók Einars Benediktssonar (Hs. nr. 4002). Dagbók Kristins Björnssonar (Hs. nr. 7010).

<sup>227</sup> Minnisblað Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 25. maí 1993 (Hs. nr. 5857).

að verið sé að væna olíufélögin um skort á samkeppni og ef allir bjóði sama verð geti það ýtt undir þá umræðu. Síðar segir í minnisblaðinu:

*„Bjarni Bjarnason/ESSO hringdi í undirritaðan í gær ca. kl. 16. BB vildi ekki segja hvað þeir ætla að gera en gaf til kynna að þeir muni ekki teygja sig lengra en gerist gagnvart þeirra bestu kúnum. Töluðum um að tala saman í dag fyrir kl. 10 en þá fer BB út úr húsi.*

*Fleiri atriði hafa komið upp sem ekki verða sett á blað.“*

Í minnisblaðinu er einnig vísað til Skeljungs og sagt að bæði forstjóri og fjármálastjóri þess fyrirtækis hafi enn sama hug til Olís og „óþarft sé að fara nánar í þá hluti.“ Bæði höfundur minnisblaðsins og umræddur starfsmaður OHF (framkvæmdastjóri fjármálasviðs fyrirtækisins) hafa lýst því yfir að þeir muni ekki eftir þessu máli. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís kannast hins vegar ekki við að samstarf hafi verið milli olíufélaganna vegna þessa útboðs.<sup>228</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF var spurður að því hvort ekki væri sennilegt að olíufélögin hefðu rætt um þetta útboð miðað við þær aðstæður sem ríktu á þessum tíma.<sup>229</sup> Starfsmaðurinn treysti sér ekki til að staðfesta þetta eða neita þar sem langt væri um liðið. Aðspurður segist forstjóri Olís ekki minnst þessara samskipta við OHF en hugsanlegt sé að rætt hafi verið við aðstoðarforstjóra eða framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís.<sup>230</sup> Jafnframt hefur forstjórinn upplýst að miðað við aðstæður á þessum tíma hafi enginn vilji verið hjá Olís til að hefja grimma samkeppni um viðskiptin við Reykjavíkurborg.

Í ofangreindu minnisblaði felst að fulltrúar Olís og OHF hafi daginn fyrir opnun tilboða rætt að einhverju leyti um tilboð sín. Jafnframt er ljóst að félögin hafa ákveðið að ræða aftur saman um þetta mál daginn eftir fyrir kl. 10:00 en eins og fram hefur komið voru tilboðin opnuð kl. 14:00 þann dag.

Á þessum tíma voru öll olíuviðskiptin við fyrirtæki Reykjavíkurborgar hjá Skeljungi. Forstjóri Skeljungs kveðst ekki minnst þess að hafa rætt þetta útboð við hin félögin og raunar ekki muna eftir útboðinu.<sup>231</sup> Forstjóri Olís hefur upplýst að Skeljungur hafi skipt sölu til Reykjavíkurborgar milli félaganna og hafi það verið gert upp í gegnum birgðabókhald.<sup>232</sup> Aðspurður um þetta hefur forstjóri Skeljungs sagt að hann hafi aldrei komið að því uppgjöri sem hafi átt sér stað milli olíufélaganna í gegnum birgðabókhald þeirra. Honum hafi ekki verið kynnt slíkt uppgjör þegar hann tók við

<sup>228</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 20. nóvember 2002.

<sup>229</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 20.8.2002.

<sup>230</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>231</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>232</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

starfi forstjóra. Í upplýsingum Olís felst að þegar útboðið hafi átt sér stað hafi verið í gildi samkomulag milli olíufélaganna um markaðsskiptingu gagnvart Reykjavíkurborg. Skeljungur hafði því hvata og umræðugrundvöll til að ræða við hin félögin um samstarf í tengslum við útboðið og áframhaldandi markaðsskiptingu, eins og gert var við útboð Reykjavíkurborgar 1996 og fjallað verður um í kafla IV 2. Innanhússtölvupóstur OHF frá árinu 2000 styður þetta. Í tölvupóstinum eru starfsmenn OHF að velta því fyrir sér hvort þeir geti náð viðskiptum við Orkuveitu Reykjavíkur.<sup>233</sup> Einn þeirra svarar með þessum hætti:

*„Hafa ekki öll eldsneytisviðskipti borgarstofnana verið hjá Shell síðan á ihaldsárunum. Einnig skilst mér að OHF eigi að „bjóða varlega“ í þessi viðskipti, hafi þau komið í útboð.“*

Umræddur starfsmaður starfaði hjá OHF á árinu 1993. Hér verður einnig að hafa í huga að í framangreindu minnisblaði Olís um útboð Reykjavíkurborgar var vísað til Skeljungs. Að mati samkeppnisráðs geta líkur staðið til þess að Skeljungur hafi einnig komið að umræðum félaganna um þetta útboð.

Öll olíufélögin sendu inn tilboð í þetta útboð og buðu afslætti.<sup>234</sup> Niðurstaða útboðsins var að Skeljungur hélt viðskiptunum við SVR og Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Samið var við OHF um viðskiptin við Slökkviliðið.

Í athugasemdum Skeljungs er því haldið fram að ekkert í minnisblaði framkvæmdastjórans hjá Olís veiti vísbendingu um að félagið hafi tekið þátt í samstarfi vegna þessa útboðs. Engin leið sé að halda því fram að skjal þetta geti talist fela í sér fullnægjandi sönnun á broti gegn samkeppnislögum.

Í athugasemdum OHF er á því byggt að óljósar hugleiðingar framkvæmdastjórans hjá Olís geti ekki gefið neina raunhæfa mynd af því sem fram hafi farið í raun og veru og því sé alls ekki hægt að draga ályktanir um ólögmeða hegðun félagsins út frá þeim. OHF telur einnig erfitt að sjá að tölvupóstur félagsins frá árinu 2000 geti stutt tilgátu um samráð um allt annað útboð. OHF hafi því ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga í þessu tilviki. Auk þessa hafi þessi atvik gerst á því tímabili sem samkeppnisráð hafði gefið fyrirtækjum frest til þess að hætta ólögmeðu samráði.

Að mati samkeppnisráðs gefur umrætt minnisblað Olís það til kynna að Olís og OHF hafi rætt saman þann 24. maí 1993 um þetta útboð og ákveðið að ræða nánar um það daginn eftir áður en skilafrestur rann út. Skjal þetta var ritað skömmu eftir að þessi

---

<sup>233</sup> Tölvupóstur frá Herberti Herbertssyni til Ragnars Bogasonar, Kristjáns Kristinssonar, Þorsteins Þorsteinssonar, Friðriks Kristjánssonar og Sæmundar Alfredssonar, dags. 10.8.2000 kl. 10:07 (Hs. nr. 2403).

<sup>234</sup> Sjá t.d. bréf Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar til Olís, dags. 18.6.1993 (Hs. nr. 5857).

samskipti áttu sér stað. Í þessum samskiptum felast ólögsmætar samstilltar aðgerðir um gerð tilboða, sbr. einnig kafla III. Samkeppnisráð mun hins vegar líta framhjá þessu tilviki við ákvörðun viðurlaga í málinu þar sem gögn málsins þykja ekki nægjanlega skýr um hvað hafi nánar falist í þessum samskiptum. Þykir rétt að láta OHF og Olís njóta vafans að þessu leyti. Gegn neitun Skeljungu þykja gögn málsins ekki gefa nægjanlega skýra vísbendingu um þátttöku þess félags í samráðinu og telst hún því ekki sönnuð.

#### 1.2. Útboð Íslenska járnblendifélagsins 1994

Þann 7. ágúst 1975 náðu olíufélagin samkomulagi um að viðskiptum við Málblendiverksmiðjuna að Grundartanga yrði skipt að jöfnu milli olíufélaganna þriggja og að Olís myndi hafa umsjón með viðskiptunum.<sup>235</sup> Í janúar 1994 óskaði Íslenska járnblendifélagið eftir tilboðum í olíu og rekstrarvörur. Samkvæmt gögnum málsins var ágreiningur milli olíufélaganna um hvort þau hafi haft með sér samráð í tengslum við þetta útboð. Fjallað verður um útboð Járnblendifélagsins í janúar 1994 og febrúar 2000 í einu lagi í kafla IV 12 hér á eftir.

#### 1.3. Útboð Flugleiða 1994 vegna innanlandsflugs

Í apríl 1994 óskuðu Flugleiðir hf. eftir tilboðum í þotueldsneyti fyrir flugvélar félagsins á Reykjavíkurlugvelli.<sup>236</sup> Var olíufélagunum þremur boðið að gera tilboð. Samkvæmt útboðslýsingunni skyldi gera samning til 31. maí 1997 um eldsneytissöluna við það olíufélag sem fengi viðskiptin. Útboðsfrestur var til 28. apríl 1994. Samkeppnisráð telur að Skeljungur og Olís hafi haft með sér samráð vegna þessa útboðs. Í kafla IV 10 verður gerð grein fyrir þessu og samstarfinu tengt útboði Flugfélags Íslands árið 1998.

#### 1.4. Útboð Allrahanda 1995

Með bréfi frá 24. apríl 1995 óskaði fólksflutningafyrirtækið Allrahanda hf. eftir tilboðum frá olíufélagunum í m.a. dísilolíu og smurolíu. Fram kemur að ársnotkunin hjá fyrirtækinu væri 300.000 lítrar af dísilolíu og 1000 lítrar af smurolíu.<sup>237</sup> Á þessum tíma var Allrahanda í viðskiptum við Olís. Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að Skeljungur og OHF sendu Allrahanda tilboð. Í tölvupósti framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís til forstjóra og fleiri stjórnenda félagsins, dags. 29. júní 1995, kemur fram að fyrirsvarsmaður Allrahanda hafi upplýst Olís um að Skeljungur og OHF hafi gert tilboð og OHF hafi boðið betur en Skeljungur.<sup>238</sup> Í tölvupóstinum segir að ekki væri hægt að draga lengur að ganga frá þessu máli við Allrahanda og lagt til

<sup>235</sup> Minnisblað frá 7.8.1975 um skiptingu viðskipta við Málblendiverksmiðjuna að Grundartanga, undirritað af forstjórum olíufélaganna (Hs. nr. 4325).

<sup>236</sup> Útboðslýsing Flugleiða hf. *Potueldsneyti fyrir flugvélar á Reykjavíkurlugvelli*, dags. apríl 1994 (Hs. nr. 8867).

<sup>237</sup> Bréf Allrahanda hf., dags. 24. apríl 1995 (Hs. nr. 4323).

<sup>238</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 29. júní 1995 kl. 09:23.



að Olís ræddi við OHF og „finni út hvort þetta sé stefnan, þ.e. ef þeir ætla að bjóða niður okkar kúnna, þá getum við farið í þeirra kúnna og boðið betur.“ Innan Olís hefur verið tekið saman minnisblað sem sýnir að þessi hugmynd hafi verið framkvæmd og fyrirtækið hafi haft samband við OHF út af þessu máli. Minnisblaðið er merkt sem trúnaðarmál og er ódagsett en hefur væntanlega verið ritað skömmu eftir 3. júlí 1995.<sup>239</sup> Í því segir m.a.:

*„Mánudaginn 3. júlí náði KBÓ í Þórólf Árnason hjá Esso og ræddum við nokkuð þessi útboðsmál. KBÓ sagði við ÞÁ að á borðinu væru beiðnir frá 2–3 Esso kúnum um tilboð frá Olís og að Esso hefði gert tilboð í Allrahanda. KBÓ sagði að Olís hefði haldið að sér höndum í nokkrum málum og ekki viljað rugga bátum of mikið. Ræddum þessi mál nokkuð en ljóst er að erfitt getur reynst að eiga við mál eins og Allrahanda, þar sem fyrirtækið sendir út gögn og óskar eftir tilboði. Magnið er það mikið að skiljanlegt er að því þurfi að svara. Síðan ræddum við SD mál og fleira er tengist Shell og óformlegri beiðni Shell til Essó um að þeir láti Reykjavíkurborg í friði ef/þegar til næsta útboðs kemur ... Síðan lauk þessu samtali án þess að neitt markvert kæmi út úr því.“*

Umræddur framkvæmdastjóri hjá OHF kveðst muna eftir þessu samtali og rætt hafi verið um útboð Allrahanda og útboð almennt.<sup>240</sup> Greindi hann einnig frá því að það hafi verið algengt að fulltrúar olíufélaganna hefðu reynt að fá keppinautana til að láta viðskiptavinum hvers annars í friði með misjöfnum árangri. Að sögn hans hafi andrúmsloftið og samskiptin milli félaganna einfaldlega verið þannig. Samkeppnisstofnun hefur óskað eftir því að Skeljungur láti í té gögn um þetta útboð Allrahanda. Skeljungur hefur svarað því til að starfsmenn félagsins muni ekki eftir þessu útboði og engin gögn hafa því borist frá félaginu um þetta.<sup>241</sup>

Samkvæmt minnisblaði Olís varð niðurstaða þessa máls sú að Olís fékk upplýsingar um hvað OHF hefði boðið. Olís bauð Allrahanda sömu kjör og OHF og hélt viðskiptunum.

Í athugasemdum OHF segir að í framangreindu minnisblaði Olís komi fram að starfsmaður Olís segði að magnið sem Allrahanda hafi boðið út hafi verið það mikið að skiljanlegt væri að því þyrfti að svara. Það sé rangt sem fram komi í frumathugun að starfsmaður OHF hafi réttlæt tilboð félagsins vegna þess að um mikið magn hafi verið að ræða. Félagið telji að þau samskipti sem það átti við Olís séu fullkomlega lögleg. Einu gögnin stafi frá Olís og enga vísbendingu sé að finna um samstarfsvilja

<sup>239</sup> Skjalið er merkt Minnispunktur frá KBÓ (Kristján B. Ólafsson) og hefur verið sent forstjóra Olís og fleiri stjórnendum (Hs. nr. 4323).

<sup>240</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna funda með forstjóra og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

<sup>241</sup> Bréf lögmanns Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 8.10.2002.

OHF. OHF hafi keppt að hörku í útboðinu en ekki fengið viðskiptin þar sem Olís hafi átt í samstarfi við Allrahanda gegn OHF.

Að mati samkeppnisráðs benda gögn málsins ekki til þess að olíufélögin hafi haft með sér samstarf varðandi sjálf tilboðin til Allrahanda. Hins vegar er ljóst að Olís hafi ákveðið að hafa samband við OHF til að komast að því hvort tilboð OHF væri í samræmi við „stefnuna“ og benda OHF á að ef félagið fari að bjóða niður verð gagnvart viðskiptavinum Olís þá gæti Olís boðið betur gagnvart viðskiptavinum OHF, sbr. tölvupóstinn frá 29. júní 1996. Varðandi þetta ber og að hafa í huga fund Olís og OHF í september 1994 þar sem ákveðið var að hafa samvinnu gagnvart viðskiptavinum sem væru að reyna að ná verði niður með útboðum. Hér má einnig hafa í huga tölvupóst Skeljungs frá 24. maí 1995 þar sem mælt er gegn að félögin „sláist“ um viðskipti aðila sem séu að bjóða út 200 til 300 þúsund lítra af eldsneyti, sbr. umfjöllun hér að framan. Þegar tölvupósturinn frá 29. júní 1996 er virtur saman með minnisblaði framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís telur samkeppnisráð ljóst að Olís hafi í samtalinu 3. júlí 1995 hótad OHF að fyrirtækið myndi gera atögu að viðskiptavinum OHF ef OHF „byði niður“ þeirra viðskiptavini. Þegar orðalag minnisblaðsins er skoðað í þessu samhengi bendir það einnig til þess að OHF hafi réttlætt tilboð sitt til Allrahanda með því að óskað hafi verið eftir tilboði í mikið magn og slíku hafi orðið að svara. Þessi samskipti sýna þann vilja til samstarfs sem ríkt hefur milli olíufélaganna varðandi útboð viðskiptavina þeirra og eru með engu móti lögmæt. Í þessu tilviki ræddu keppinautar um útboð viðskiptavinar sem ekki var frágengið. Einnig hafa þeir fjallað um mikilvægan þátt í samkeppni sem eru útboðsmál almennt. Jafnframt ræddu félögin um samkeppni við Skeljung í sölu á olíu til skipa<sup>242</sup> og hugmyndir Skeljungs um samráð við næsta útboð Reykjavíkurborgar. Þessi samskipti eru í eðli sínu samkeppnishamlandi og fara gegn kröfu 10. gr. samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta. Þau eru liður í samfelldu samráði olíufélaganna.

#### 1.5. Útboð/verðkannanir Vegagerðarinnar 1994–2001

Í málinu liggur fyrir að Vegagerðin hafi árlega, a.m.k. á tímabilinu 1994–2001, óskað eftir tilboðum frá Olís og Skeljungi í „white spirit“ (WS). Vegagerðin notar WS sem íblöndunarefni í asfalt og er langstærsti kaupandinn að þessu efni. Vegagerðin óskaði í þessum útboðum sínum eftir afhendingu á WS á geyma stofnunarinnar á Ísafirði, Reyðarfirði og Akureyri. Árið 1999 bættist Sauðárkrókur við. Vegagerðin óskaði eftir því að olíufélögin tilgreindu í tilboðum sínum verð á WS komið í geymi á hverjum stað fyrir sig. Var í útboðunum litið á tilboð í afhendingu á sérhvern stað sem sjálfstætt tilboð. Útboð þessi fóru fram að vori til. Samkeppnisráð telur að Olís og Skeljungur hafi haft með sér samráð um gerð tilboða vegna þessara útboða og skipt með sér þessum viðskiptum. Rétt er að gera grein fyrir þessum útboðum í einu lagi.

<sup>242</sup> Nefnt „SD mál“ í minnisblaði framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís. SD olía var eldsneyti sem Skeljungur seldi til skipa, sjá nánar kafla VI 1.2.

Í þessu sambandi verður fyrst að líta þess að samvinna Olís og Skeljungs var á umræddum tíma nán varðandi innkaup á þessari vöru. Þannig voru félögin í samstarfi um innflutning á WS og keyptu það sameiginlega af erlendum birgja Skeljungs.<sup>243</sup> Jafnframt höfðu fyrirtækin samstarf um ákvörðun gjalda fyrir geymslu WS í tönkum.<sup>244</sup> Allt þetta kallaði auðsýnilega á veruleg samskipti milli fyrirtækjanna. Eins og forstjóri Olís hefur upplýst leiddi þetta til þess að verðlagning á WS var mjög gagnsæ þar sem Olís og Skeljungur höfðu nákvæmlega sömu kostnaðarupplýsingar.<sup>245</sup> Vegna þessa hefur að sögn forstjórans „*lengi ríkt eins konar ógnarjafnvægi á markaðnum og þegjandi samkomulag verið um að hvor aðilinn sinnti sínum þætti án þess að berjast um viðskiptin.*“

Þann 4. maí 1995 óskaði Vegagerðin að venju eftir tilboðum í WS. Í gögnum málsins er að finna tölvupóst frá framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís til m.a. forstjóra félagsins.<sup>246</sup> Efni tölvupóstsins er sagt vera WS og í honum segir m.a.:

*„Var að tala við Þorstein Guðnason hjá Shell. Útboð Vegagerðar á morgun og ætlum við að tala saman vegna þess í fyrramálið. Vorum einnig að ræða væntanlegan innflutning á WS. Shell vill nú taka inn skip eins og í fyrra og ætla þeir að vera með um 800 tonn. Í fyrra vorum við með 530 tonn.“*

Aðspurður hefur höfundur tölvupóstsins sagt að Olís og Skeljungur hafi haft með sér mjög náið samstarf vegna viðskipta með WS. Félögin hafi ákveðið saman söluverð á WS og haft með sér samráð um tilboðsgerð í þessum verðkönnunum Vegagerðarinnar.<sup>247</sup> Önnur gögn málsins benda í sömu átt.

Í málinu er þannig að finna í skjölum frá Olís sem tengjast undirbúningi þessara tilboða tilvísanir til Skeljungs og tilboða þess fyrirtækis. Í skjali sem ber heitið „*Útreikningar vegna tilboðs 1995*“ koma fram útreikningar á þeim tilboðsverðum sem Olís síðan bauð vegna útboðsins.<sup>248</sup> Jafnframt eru þar tilgreind „*Tilboð Shell*“. Kemur þar fram sama fjárhæð og Skeljungur bauð í afhendingu WS á Ísafirði. Tilboð Skeljungs var hins vegar tveimur aurum hærra á Akureyri og sex aurum hærra á Reyðarfirði en þær fjárhæðir sem fram koma í skjali Olís. Í gagni frá Olís sem tengist

<sup>243</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>244</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstöðumanni hráefnasviðs Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>245</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>246</sup> Tölvupóstur frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, Gunnars H. Pálssonar, Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 15.5.1995 kl. 15:04 (Hs. nr. 5857).

<sup>247</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>248</sup> Skjal frá Olís með fyrirsögninni „*Útreikningar vegna tilboðs 1995*“ (Hs. nr. 5857).

undirbúningi tilboðsgerðar í maí 1996 koma fram nákvæmlega sömu fjárhæðir og Skeljungur bauð það ár.<sup>249</sup> Í öðru skjali sem tengist undirbúningi tilboða 1996 er skrifað nafn þess starfsmanns Skeljungs sem fer með þessi útboðsmál og settar fram hugmyndir um verðhækkun á WS.<sup>250</sup> Samkeppnisstofnun hefur beðið forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda að útskýra þessi skjöl með verðupplýsingum frá Skeljungum en þeir kveðast ekki geta það.<sup>251</sup> Samkeppnisstofnun hefur jafnframt beðið forstöðumann hráefnisviðs Skeljungs, sem annast hefur þessi tilboð f.h. Skeljungs frá 1994–2002, að skýra það hvers vegna Olís búi yfir þessum upplýsingum frá Skeljungum.<sup>252</sup> Forstöðumaðurinn kveðst ekki geta lagt mat á upplýsingar frá Olís en benti á „að í kjölfar verðtilboða hafi Skeljungur venjulega fengið upphringingu frá Vegagerðinni þar sem félagið fékk að vita hvaða félag bauð lægst. Þar hafi ekkert leyndarmál verið á ferðinni.“ Samkeppnisstofnun hefur hins vegar fengið það staðfest frá Vegagerðinni að „bjóðendum í white-spirit íblöndunarefni í asfalt fyrir Vegagerðina, er ekki tilkynnt um hvaða upphæð hver og einn bjóðandi býður, heldur er einungis tilkynnt um hver er lægstbjóðandi hverju sinni.“<sup>253</sup> Í þessu sambandi má hafa í huga að í tilboðum Skeljungs er yfirleitt krafist trúnaðar um tilboðsfjárhæðir. Útilokað er að mati samkeppnisráðs að Olís hafi getað áætlað þessi tilboð Skeljungs upp á eyri, og forráðamenn félagsins hafa ekki haldið því fram. Ráðið telur því að þessar upplýsingar Olís séu komnar frá Skeljungum og séu til vitnis um samráð félaganna að þessu leyti.

Annað skjal frá Olís styður þetta einnig. Um er að ræða skjal sem lýsir helstu markaðsaðgerðum Olís varðandi efnavörur á árinu 1999.<sup>254</sup> Skjalið skýrir sig sjálft en í umfjöllun um m.a. WS segir:

*„Þessir tveir vöruflokkar eru Sýrur og White spirit [sem] hefur verið unnið mikið í og búið að semja um lágmarksverð við Shell.“*

Samkeppnisráð hefur borið saman tilboð Olís og Skeljungs á árunum 1994–2001. Neðangreind tafla sýnir hvaða olíufélag var lægstbjóðandi á hverjum stað fyrir sig þar sem Vegagerðin óskaði eftir afhendingu á WS á geyma stofnunarinnar:

---

<sup>249</sup> Tilboð Olís til Vegagerðarinnar 1995. Á það eru ritaðar athugasemdir varðandi útboðið 1996 (Hs. nr. 5857).

<sup>250</sup> Handskrifuð skjöl frá Olís sem tengjast útboði Vegagerðarinnar 1996 (Hs. nr. 5857).

<sup>251</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>252</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstöðumanni hráefnasviðs hjá Skeljungum, dags. 8.11.2002.

<sup>253</sup> Símbréf frá forstöðumanni rekstrardeildar Vegagerðinnar til Samkeppnisstofnunar, dags. 28.11.2002.

<sup>254</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís: „Yfirlit yfir helstu aðgerðir“ (Iðnaðarvara 1.1.–1.4.doc).

	<b>Akureyri</b>	<b>Ísafjörður</b>	<b>Reyðarfjörður</b>	<b>Sauðárkrókur</b>
1994	Olís	Skeljungur	Skeljungur	
1995	Olís	Skeljungur	Skeljungur	
1996	Olís	Skeljungur	Skeljungur	
1997	Skeljungur	Olís	Olís	
1998	Olís	Skeljungur	Skeljungur	
1999	Olís	Skeljungur	Skeljungur	Skeljungur
2000	Olís	Skeljungur	Skeljungur	Skeljungur
2001	Olís	Skeljungur	Skeljungur	Skeljungur

Eins og taflan sýnir bauð Olís ávallt, með einni undantekningu, lægst á Akureyri. Á sama tíma bauð Skeljungur, með einni undantekningu, ávallt lægst á Ísafirði og Reyðarfirði og síðan, eftir að Sauðárkrókur bættist við, einnig þar. Í umræddum skjölum frá 1995 og 1996 og fleiri gögnum frá Olís koma einnig fram vísbendingar um markaðsskiptingu milli Skeljungs og Olís. Í fyrrnefndu skjali frá Olís sem ber heitið „Útreikningar vegna tilboðs 1995“ eru hringir dregnir utan um orðin Ísafjörður og Reyðarfjörður en við Akureyri er handskrifað „Olís“.<sup>255</sup> Í annarri útgáfu af því skjali er merkt sérstaklega við Akureyri.<sup>256</sup> Í enn öðru skjali frá Olís sem tengist undirbúningi tilboðsins árið 1995 er skrifað „Olís“ við Akureyri.<sup>257</sup> Í skjali frá Olís sem tengist undirbúningi tilboðsins 1996 er sérstaklega merkt við Akureyri.<sup>258</sup> Sönnunargildi hvers og eins þessara skjal er, að þessu leyti, takmarkað. Þegar þau er hins vegar virt saman og höfð er hliðsjón af því hvernig viðskiptin skiptust milli Olís og Skeljungs veita þau mikilsverða vísbendingu um markaðsskiptingu félaganna. Tölvupóstur sem sendur var innan Olís í aðdragandanum að tilboðinu 1997 hefur hér einnig talsverða þýðingu. Tölvupósturinn, sem sendur var 9. apríl 1997, er frá starfsmanni Olís sem kom þessum tilboðum til framkvæmdastjóra fjármálasviðs og markaðssviðs smásölu hjá félaginu. Efni tölvupóstsins er sagt vera WS og hljóðar hann svo:

*„Það hefur borist útboð frá Vegagerðinni. Ég legg til að við gerum þetta eins og í fyrra þ.e. við fáum Akureyri en þeir rest. Ég held að við höfum rætt það í fyrra að gott væri að víxla þessu en eftir að hafa rætt við Friðrik um flutninginn kemur Akureyri miklu hagstæðara út að öllu leyti fyrir Olís. Ef þið hafið annað í huga látið mig vita.“*

<sup>255</sup> Skjal frá Olís með fyrirsögninni „Útreikningar vegna tilboðs 1995“ (Hs. nr. 5857).

<sup>256</sup> Skjal frá Olís með fyrirsögninni „Útreikningar vegna tilboðs 1995“. Á þetta skjal er m.a. handskrifað „Frestur til fimmtudags“ (Hs. nr. 5857).

<sup>257</sup> Tilboð Olís til Vegagerðarinnar 1994. Á það eru ritaðar athugasemdir varðandi útboðið 1995 (Hs. nr. 5857).

<sup>258</sup> Tilboð Olís til Vegagerðarinnar 1995. Á það eru ritaðar athugasemdir varðandi útboðið 1996 (Hs. nr. 5857).

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu svaraði tölvupóstinum og kvaðst vera sammála þessu.<sup>259</sup> Þessi tölvupóstur sýnir ljóslega samráð Olís og Skeljungar að þessu leyti þar sem beinlínis er vísað til þess að Olís „fái“ Akureyri og Skeljungur hin viðskiptin. Jafnframt sýnir tölvupósturinn að rædd hefur verið sú hugmynd að félögin myndu „víxla þessu“ þannig að Skeljungur fengi viðskiptin á Akureyri en Olís viðskiptin á Ísafirði og Reyðarfirði. Eins og niðurstaða útboðsins 1997 sýnir var sú „víxlun“ framkvæmd.

Gagnlegt er einnig í þessu samhengi að horfa til þess magns af WS sem óskað var eftir á hverju ári fyrir sig. Í útboðslýsingum Vegagerðarinnar er áætlað magn fyrir hvern stað fyrir sig (t.d. 80 þús.–100 þúsund lítrar á Ísafirði). Ef miðað er við efri mörkin í útboðslýsingunni þá hefur magn skipst með þessum hætti á annars vegar Akureyri og hins vegar Ísafirði, Reyðarfirði og á Sauðarkróki eftir að sá staður bættist við:

	<b>Akureyri</b>	<b>Ísafjörður/Reyðarfjörður</b>
1994	250 þúsund lítrar	290 þúsund lítrar
1995	240 þúsund lítrar	240 þúsund lítrar
1996	220 þúsund lítrar	220 þúsund lítrar
1997	300 þúsund lítrar	260 þúsund lítrar
1998	250 þúsund lítrar	260 þúsund lítrar
1999	200 þúsund lítrar	340 þúsund lítrar <sup>260</sup>
2000	250 þúsund lítrar	400 þúsund lítrar
2001	200 þúsund lítrar	400 þúsund lítrar

Þetta sýnir að magnið á þeim stöðum sem Olís bauð lægst var yfirleitt minna en á þeim stöðum þar sem Skeljungur bauð lægst. Í tveimur tilvikum var magnið jafn mikið. Árið 1997 þegar tilboð félaganna breyttust og Skeljungur bauð lægst á Akureyri og Olís lægst á hinum stöðunum þá er boðið út mun meira magn á Akureyri heldur en á Ísafirði og Reyðarfirði til samans. Forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafa aðspurðir um þessa skiptingu í útboðum m.a. sagt að ríkt hafi þegjandi samkomulag um að Olís og Skeljungur sinntu sínum þætti án þess að berjast um viðskiptin.<sup>261</sup> Forstöðumaður hráefnasviðs hjá Skeljungu hefur verið spurður um það sama. Í svari hans segir:

*„ÞG kvaðst skilja það að SKS þætti landfræðileg skipting tilboða vera athyglisverð. Skýringin væri væntanlega sú að Skeljungur hafi fyrst og*

<sup>259</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Almars Eiríkssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Thomasar Möller, dags. 9.4.1997 kl. 9:20 og 10:18.

<sup>260</sup> Frá og með 1999 bættist við Sauðarkrókur.

<sup>261</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

*fremst stefnt að því að ná góðum árangri á Ísafirði og Reyðarfirði. Á Norðurlandi væri staða Olís og Oliufélagsins hins vegar mun sterkari á þessu sviði viðskipta og staða Skeljungu því að sama skapi veikari. Undantekningarárið sem ÁE nefndi sýndi að þá hafi Skeljungur reynt að þoka sér í ákveðna átt og breyta þeirri niðurstöðu sem lengi hafi verið.*<sup>262</sup>

Samkeppnisráð telur þessa skýringu ekki trúverðuga og í ósamræmi við framangreind gögn um samráð félaganna. Ekki fæst heldur séð að mismundi sterk markaðsstaða oliufélaganna í efnavöruviðskiptum á landsbyggðinni skipti máli varðandi þessi útboð Vegagerðarinnar sem fram fara í Reykjavík. Jafnframt er óútskýrt miðað við þessar forsendur Skeljungu hvers vegna allt fór í sama horf eftir undantekningarárið 1997.

Samkeppnisráð telur að framangreind niðurstaða útboðanna, virt með öðrum gögnum málsins, sýni að Skeljungur og Olís hafi skipt með sér þessum viðskiptum þannig að Skeljungur fengi þá staði þar sem yfirleitt voru meiri viðskipti. Þetta hefur væntanlega helgast m.a. af því að Skeljungur var umsvifameiri í WS viðskiptum. Þegar svo bar við árið 1997 að mun meira magn var boðið út á Akureyri hafi Skeljungur fengið þau viðskipti í samræmi við samkomulag félaganna.

Samkeppnisráð telur að þessu samstarfi Skeljungu og Olís hafi lokið seinni hluta árs 2001. Á þeim tíma snéri Olís sér til annars birgja og samstarfi félaganna um innflutning og birgðahald lauk. Afleiðing þessa birtist í útboði Vegagerðarinnar 2002. Þá bauð Olís mun lægra verð og tókst að ná öllum viðskiptum með WS við Vegagerðina. Þessi grundvallarbreyting sem varð við lok samstarfs Skeljungu og Olís um innkaup á WS styður ennfrekar að félögin hafi í útboðunum þar á undan haft með sér samráð.

Í athugasemdum Skeljungu segir að helsta sönnunargagnið sem Samkeppnisstofnun vísi til sé framangreindur tölvupóstur framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís frá 15. maí 1995. Fullyrðir Skeljungur að af þessum tölvupósti dragi Samkeppnisstofnun „þá ályktun að Olís og Skeljungur hafi haft með sér ólöglegt samráð í heil sex ár. Einnig dregur Samkeppnisstofnun viðtækar ályktanir af því að Olís hafði í höndum upplýsingar um það hvað umbjóðandi okkar hafði boðið í útboðinu. Ekkert í gögnum málsins bendir hins vegar til þess að Olís hafi fengið þessi gögn í hendurnar áður en útboðsfrestur rann út. Eftir að útboðinu lýkur eru slíkar upplýsingar ekki lengur viðkvæmar trúnaðarupplýsingar og var því væntanlega auðvelt fyrir Olís að komast yfir upplýsingarnar. Telja verður því líklegast að Olís hafi komist yfir þessar upplýsingar hjá Vegagerðinni. Fulltrúar allra oliufélaganna hafa borið fyrir Samkeppnisstofnun að ekkert samráð hafi átt sér stað á milli þeirra. Þrátt fyrir það heldur Samkeppnisstofnun fast í fullyrðingar um brot gegn samkeppnislögum.“

<sup>262</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstöðumanni hráefnasviðs hjá Skeljungu, dags. 8.11.2002.

Í athugasemdum Skeljungs segir einnig að vegna samstarfs olíufélaganna um innflutning og geymslu á WS hafi félögin haft með sér töluverða samvinnu. Með þessu móti hafi skapast eins konar þegjandi jafnvægi á markaðnum. Skeljungur hafi ekki talið sig hafa hag af því að reyna að ná viðskiptavinum af Olís á Norðurlandi þar sem Olís hafi verið sterkt fyrir, en hafi einbeitt sér þeim mun meira að því að reyna að halda viðskiptavinum sínum annars staðar. Tilraunir Skeljungs til þess að ná hlutdeild á þessum markaði á Norðurlandi hafi verið fálmkenndar og árangurslitlar. Að mati Skeljungs megi ekki horfa framhjá því við mat á hegðun fyrirtækjanna á þessum markaði að þau hafi keypt WS á sama verði og frá sama birgja og kostnaður þeirra væri svipaður. Þetta hafi dregið úr getu olíufélaganna til þess að keppa á markaðnum. Einnig hafi fákeppniseðli markaðarins eflaust haft letjandi áhrif á verðsamkeppni.

Í athugasemdum OHF segir að þessi gögn málsins snerti félagið ekki að neinu marki og það hafi staðið algerlega utan við þetta meinta samráð Olís og Skeljungs.

Að mati samkeppnisráðs dregur Skeljungur í athugasemdum sínum upp mjög einfalda og ósannfærandi mynd af þessum atvikum málsins. Í umræddum tölvupósti framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís er beinlínis vísað til viðræðna við Skeljung um WS og til þess að félögin hafi ákveðið að ræða saman um útboð Vegagerðarinnar árið 1995. Skeljungur nefnir ekki í athugasemdum sínum að þessi framkvæmdastjóri hjá Olís, sem lét að störfum í árslok árið 2000, hefur staðfest að Olís og Skeljungur hafi haft með sér samráð um tilboðsgerð í þessum árlegu útboðum Vegagerðarinnar. Þar sem gögn málsins sýna að þessi yfirmaður hjá Olís hafi komið að þessum viðskiptum og samskiptum við Skeljung verður að telja framburð hans trúverðugan. Jafnframt felur tölvupóstur Olís frá 9. apríl 1997 og skjalið frá Olís varðandi efnavörur á árinu 1999 í sér skýra staðfestingu á þessu samráði félaganna. Varðandi gögnin frá Olís þar sem vísað er til upplýsinga frá Skeljungu getur samkeppnisráð ekki fallist á það að þær upplýsingar hafi Olís fengið frá Vegagerðinni. Hér ber fyrst að hafa í huga að vegna framangreindra gagna, sem sýna með beinum hætti fram á samráð Olís og Skeljungs, er rökrétt að álykta að þessar upplýsingar hafi Olís fengið frá Skeljungu. Allt yfirbragð þessara skjala bendir í sömu átt. Hér skiptir og máli að Vegagerðin hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að stofnunin hafi ekki upplýst um það hvað hver bjóðandi hafi boðið í þessum tilboðum og ekkert í máltilbúnaði Skeljungs leiðir til þess að draga verði þessar upplýsingar Vegagerðarinnar í efa. Fyrirsvarsmenn Olís halda því heldur ekki fram að þessar upplýsingar hafi komið frá Vegagerðinni. Jafnframt verður að hafa í huga að í sumum tilvikum er nokkurra aura munur á annars vegar upplýsingum um tilboð Skeljungs á skjölunum frá Olís og hins vegar tilboði Skeljungs til Vegagerðarinnar. Verður að ætla að ef þessar upplýsingar hefðu komið frá Vegagerðinni þá væru þær í fullkomnu samræmi við tilboð Skeljungs. Að mati samkeppnisráðs dugur heldur ekki fyrir Skeljung að vísa til



fákeppnisgerðar markaðarins þar sem gögn málsins sýna fram á samskipti og samráð milli félaganna vegna þessara útboða, sbr. m.a. kafla III 1.3.1.

Af öllu framangreindu leiðir að Olís og Skeljungur hafa að mati samkeppnisráðs haft með sér samráð frá 1994–2001 í tengslum við nefnd útboð Vegagerðarinnar.

Í kafla III hér að framan er rökstutt að líta beri á aðgerðir olíufélaganna þriggja sem samfelld samráð sem varað hafi frá gildistöku samkeppnislaga. Ekki er skilyrði fyrir því að OHF teljist þátttakandi í slíku broti að fyrirtækið hafi tekið þátt í öllum aðgerðum sem tengdust því.<sup>263</sup> Það dugar að OHF hafi ætlað með aðgerðum sínum að ná fram hinum sameiginlega markmiði olíufélaganna og hafi a.m.k. mátt vera ljóst að hin olíufélögin myndu grípa til aðgerða í sama skyni.<sup>264</sup> Hér að framan var gerð grein fyrir viðræðum olíufélaganna á árinu 1993 um að „*standa einhvern veginn á móti afleiðingum vaxandi tilhneigingar til útboða*“. Því var einnig lýst að OHF og Olís hefðu á fundi 8. september 1994 orðið samála um að olíufélögin þrjú þyrftu að vera „*mjög vakandi í því að láta ekki eigna sig saman í verðstríð í útboðum*.“ Í kafla IV 2.5 verður sýnt fram á að olíufélögin hafi í september 1996 annað hvort náð samkomulagi um að hafa með sér samstarf í tengslum við öll útboð eða tryggt enn frekar í sessi slíkt fyrirkomulag. Fjallað verður einnig um það að OHF hafi tekið virkan þátt í þessu samráði félaganna. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að OHF hafi mátt vera ljóst að Skeljungur og Olís myndu grípa til aðgerða í samræmi við sameiginlega stefnumörkun félaganna um samvinnu vegna útboða. Þessar aðgerðir Olís og Skeljungs varðandi útboð Vegagerðarinnar voru því hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

#### 1.6. Útboð Ístaks 1996

Í gögnum málsins kemur fram að verktakafyrirtækið Ístak hafi óskað eftir tilboðum í eldsneyti frá olíufélögunum í upphafi árs 1996. Í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 6. febrúar 1996 er bókað „*að tala eigi við Olís um að ekki sé skilað inn tilboði nema útboðið væri formlegt*“. Síðan er bókað að það sé verkefni forstjóra OHF að ræða við forstjóra Olís.

Forstjóri OHF hefur staðfest að hann hafi rætt við forstjóra Olís um að félögin myndu ekki skila inn tilboði í útboði Ístaks nema að tryggt væri að útboðið yrði formlegt.<sup>265</sup> Að mati forstjóra OHF er eðlilegt að félögin ræddu þetta til að stuðla að því að farið yrði að lögum um útboð. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hefur greint frá því að ástæðan hafi einnig verið sú að mikil tengsl hafi verið talin milli Skeljungs og

<sup>263</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

<sup>264</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. 204/00P *Aalborg Portland v Commission*.

<sup>265</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

Ístaks. Samkeppnisstofnun hefur óskað eftir frekari gögnum frá olíufélögunum vegna þessa útboðs. Slík gögn munu ekki vera til eða hafa ekki fundist.

Í athugasemdum OHF segir að óumdeilt sé í málinu að OHF hafi rætt við Olís um þetta mál. Félagið bendir hins vegar á að varasamt hafi verið fyrir það að leggja út í vinnu við tilboðsgerð ef hætta hafi verið á að öðrum fyrirtækjum yrði gert viðvart um boð þess og gert kleift að halda viðskiptunum með því að jafna boðið. Í tilviki Ístaks hafi staðan verið sú að mikil tengsl hafi verið talin vera milli Ístaks og Skeljungs sem hafi gert það að verkum að ólíklegt væri að lágt tilboð myndi leiða til annars en að Skeljungur fengi að jafna tilboðið án þess að þurfa að leggja út í vinnu við tilboðsgerð. Af þessu sé ljóst að nauðsynlegt hafi verið að lagareglum um útboð yrði fylgt til þess að tryggja virka samkeppni á markaðnum. Ef OHF og Olís hefðu skilað inn tilboðum án þess að réttur þeirra væri tryggður í formlegu útboði hefði sú vinna líklega ekki þjónað neinum öðrum tilgangi en að hugsanlega lækka það verð sem Skeljungur fengi fyrir viðskiptin. OHF hefði aldrei gert tilboð nema formlegt útboð lægi fyrir og því hefðu fyrrgreindar viðræður við Olís engin áhrif haft á markaðshegðun fyrirtækjanna. Það sé því ekki um ólöglegt samráð að ræða í skilningi 10. gr. samkeppnislaga í þessu tilviki. Ef einhver samvinna hafi verið á ferðinni hafi það verið samvinna fyrirtækja um að efla virka samkeppni. OHF telji auk þess að órökrétt sé að ætla að á markaði þar sem þrjú fyrirtæki starfa að tvö fyrirtæki sammælist um að reyna ekki að fá viðskipti ef þau hafi einhvern möguleika á því. Hafi hvorugt þeirra viljað fá viðskiptin í raun hefði ekki verið þörf á að gera nokkurn skapaðan hlut. Samskipti OHF við Olís í þessu tilviki sýni einungis að OHF hafi viljað ná þessum viðskiptum en félagið ekki talið sig geta það án þess að reglum um útboð væri fylgt. Meiri þrýstingur hafi myndast á Ístak að fylgja lagareglum um útboð ef tvö fyrirtæki hafi gert það að skilyrði heldur en eitt.

Samkvæmt framangreindu er að mati samkeppnisráðs ljóst að Olís og OHF höfðu með sér samráð í tengslum við þetta útboð með viðræðum um að skila ekki inn tilboði í útboði Ístaks nema útboðið væri formlegt. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga banna allt samráð við gerð tilboða og gerir ákvæðið þannig kröfu um fullkomið sjálfstæði keppinauta varðandi alla þætti sem tengjast undirbúningi tilboða eða ákvörðunum um þátttöku í útboðum. Tekur bannið því til samráðs um að skila ekki inn tilboði nema tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Tilgangur eða markmið samráðsins skiptir engu varðandi mat á lögmæti þess. Olís og OHF brutu því gegn 10. gr. samkeppnislaga í þessu tilviki.

## 2. Útboð Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæslunnar og ÚA á árinu 1996. Samkomulag um viðræður í öllum útboðum.

Í upphafi árs 1996 lá fyrir að ýmsir stórir viðskiptavinir olíufélaganna myndu fljótlega standa fyrir útboðum. Þannig kemur fram í fundargerð frá Skeljungu frá janúar 1996 að ljóst sé að Ríkiskaup og Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar myndu fara í útboð með öll sín viðskipti. Fram kemur að ástæða þessa séu skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum og nauðsynlegt sé fyrir Skeljung að „kortleggja“ hagsmuni sína vegna þessa.<sup>266</sup> Þetta gekk eftir og stóðu m.a. opinberir aðilar fyrir umfangsmiklum útboðum á árinu. Þannig var í júní 1996 auglýst útboð Ríkiskaupa fyrir Landhelgisgæsluna og útboð Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar fyrir fyrirtæki Reykjavíkurborgar. Einnig óskaði Útgerðarfélag Akureyringa hf. (ÚA) eftir tilboðum í smurolíur í júní 1996. Eins og fram kemur hér á eftir höfðu olíufélögin með sér samvinnu við tilboðsgerð í útboðum Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar og ræddu á fundum sínum um útboð ÚA. Verður fjallað um þessi útboð hér á eftir ásamt því að gerð verður grein fyrir samkomulagi félaganna um að ræða saman í tengslum við öll útboð. Samhengisins vegna er rétt að geta þess að á árinu 1996 höfðu olíufélögin einnig með sér samstarf um gerð tilboða í eftirfarandi útboðum:

- Útboð Flugleiða í maí 1996. Fjallað verður um það í kafla IV 5.
- Útboð erlendra flugfélaga. Samkomulag náðist sumarið 1996 um markaðsskiptingu í þessum viðskiptum og að draga úr verðsamkeppni í tilboðum vegna þeirra. Fjallað verður um það í kafla VII.
- Útboð dómsmálaráðuneytisins sem auglýst var í október 1996. Fjallað verður um það í kafla IV 3.
- Útboð Ríkiskaupa vegna smurþjónustu sem auglýst var í desember 1996. Fjallað verður um það í kafla IV 4.

### 2.1. Útboðin auglýst

Í útboðslýsingu Ríkiskaupa fyrir Landhelgisgæsluna sagði að óskað væri eftir tilboðum í eldsneyti og smurolíu fyrir skip, þyrlur og flugvél.<sup>267</sup> Fram kemur að Landhelgisgæslan hafi á árinu 1995 keypt tæplega 2 milljónir lítra af skipagasolíu frá Skeljungu. Á sama tíma hafi verið keyptir tæplega 1 millj. lítrar af flugvélaeldsneyti fyrir þyrlur og flugvél og u.þ.b. 25 þús. lítrar af smurolíu. Tilboðsfrestur var til 9. júlí 1996.

Í útboði Reykjavíkurborgar var óskað eftir tilboðum í sölu á gasolíu, 95 okt. bensíni og steinolíu fyrir Strætisvagna Reykjavíkur, Malbikunarstöð Reykjavíkur og

<sup>266</sup> Fundargerð Markaðssviðs beinnar sölu, dags. 25.1.1996 (Hs. nr. 8825).

<sup>267</sup> Útboð Ríkiskaupa nr. 10474 *Eldsneyti og smurolía fyrir Landhelgisgæsluna*, dags. júní 1996 (Hs. m.a. nr. 4325).

Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar.<sup>268</sup> Í útboðslýsingunni sagði að áætlað árlegt magn sem keypt yrði væri 4 milljónir lítra af gasolíu, 250 þús. lítrar af bensíni og 8 þús. lítrar af steinolíu. Fram kemur að samningur um eldsneytiskaup yrði gerður til þriggja ára og hann framlengdist sjálfkrafa um eitt ár í senn ef honum yrði ekki sagt upp. Frestur til að skila tilboðum var til 3. ágúst 1996.

Með bréfi, dags. 24. júní 1996, óskaði ÚA eftir tilboðum í öll kaup félagsins á smurolíum og öðrum olíuvörum.<sup>269</sup> Um var að ræða tæplega 115 þús. lítra fyrir sex skip félagsins. Gerður yrði samningur til rúmlega eins árs og var tilboðsfrestur til 30. júlí 1996.

## 2.2. Skeljungur hvetur til samstarfs

Eins og hér verður rakið þá sýna gögn málsins með skýrum hætti að olíufélögin þrjú höfðu með sér samráð við gerð tilboða í tengslum við útboð Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar. OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að forstjóri Skeljungs hafi átt frumkvæði að því að félögin hefðu með sér samráð vegna útboðs Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar.<sup>270</sup> Forstjóri Olís hefur skýrt frá því að það hafi komið til tals milli olíufélaganna allra, að frumkvæði Skeljungs, að halda ætti áfram skiptisölu og niðurstaðan hefði orðið sú að félögin hefðu haft með sér samráð í því skyni vegna þessara útboða.<sup>271</sup> Hér er rétt að taka fram að skiptisala er hugtak sem olíufélögin nota og lýsir í aðalatriðum þeirri framkvæmd félaganna að skipta á milli sín í ákveðnum hlutföllum sölu til tiltekinna viðskiptavina eða framlegð vegna þeirra. Yfirleitt er þetta gert án vitneskju viðkomandi viðskiptavinar.

Forstjóri Skeljungs kveðst ekki geta fullyrt hver hafi haft frumkvæði að þessum aðgerðum.<sup>272</sup> Gögn frá árunum 1995–1996 staðfesta hins vegar framangreindan framburð Olís og OHF.

Ljóst er að Skeljungur hefur strax á árinu 1995 byrjað að undirbúa samstarf félaganna vegna hugsanlegs útboðs Reykjavíkurborgar. Í ódagsettu minnisblaði frá Olís, sem væntanlega er ritað í júlí 1995, er lýst efni símaviðræðna milli stjórnenda hjá Olís og OHF. Þar segir:

*„Síðan ræddum við SD mál og fleira er tengist Shell og óformlegri beiðni Shell til Essó um að þeir láti Reykjavíkurborg í friði ef/þegar til næsta útboðs kemur.“<sup>273</sup>*

<sup>268</sup> Útboð Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar nr. 96011/ISR *Kaup á Eldsneyti fyrir fyrirtæki Reykjavíkurborgar*, dags. 3. júní 1996 (Hs. nr. 5857).

<sup>269</sup> Bréf ÚA til Olís (Hs. nr. 4052).

<sup>270</sup> Fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna funda með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjórum markaðssviðs OHF, dags. 2.4. og 3.4.2002.

<sup>271</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>272</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

Viðræður olíufélaganna um útboð áttu sér stað í apríl/maí 1996. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF til forstjóra frá 23. maí 1996 er greint frá því að hann hafi settið ýmsa fundi með stjórnendum Skeljungs og Olís til að ræða málefni sem tengjast SR-mjöli.<sup>274</sup> Hjá Skeljungum fannst handskrifuð fundargerð framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta.<sup>275</sup> Með hliðsjón af efni fundargerðarinnar og nefndum tölvupósti telur samkeppnisráð að hún lýsi fundi félaganna á þessum tíma. Samkvæmt fundargerðinni hefur dagskrá fundarins verið þessi:

- „1. SR
2. Opinber útboð
3. Bunkerþjónusta
4. Önnur mál.“

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum kveðst ekki geta útskýrt bókun sína um opinber útboð á þessu skjali hans. Hann hefur hins vegar greint frá því að á þessum tíma hafi fulltrúar olíufélaganna rætt opinber útboð „óformlega“ á fundum sínum.<sup>276</sup> Þegar þetta gagn Skeljungs er skoðað í samhengi við önnur gögn málsins verður að draga þá ályktun að á þessum fundi hafi félögin rætt almennt um opinber útboð og viðbrögð þeirra við þeim. Afrakstur þessa alls varð heildarsamkomulag olíufélaganna um að ræða saman um öll útboð, sbr. umfjöllun í kafla IV 2.5 hér á eftir.

Ljóst er að frekari viðræður áttu sér stað að frumkvæði Skeljungs milli olíufélaganna í júní 1996 eftir að umrædd útboð voru auglýst. Þetta má sjá af tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF til forstjóra:

*„Eftir þreifingar Skeljungsmanna um sameiginlega stefnu í útboðsmálum bað ég um tillögu frá þeim, sem forstjórar geta rætt. Friðrik Stefánsson hjá Skeljungum er ekki tilbúinn með tillögu, hann ræddi við Kristín Björnsson sem vill að forstjórar hittist fyrst til að ræða hvort grundvöllur sé. Getur þú fundað með forstjórunum n.k. þriðjudag, 2. júlí? Mér skilst að bæði Einar og Kristinn geti þá.“<sup>277</sup>*

---

<sup>273</sup> Minnispunktar Kristjáns B. Ólafssonar vegna útboðs Allrahanda hf (Hs. nr. 4323).

<sup>274</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni til Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar, Ragnars Bogasonar og Viðars Viðarssonar, dags. 23.5.1996 kl. 10:22.

<sup>275</sup> Handskrifað blað sem fannst hjá Gunnari Karli Guðmundssyni (HS. nr. 7683). Samkvæmt tölvupósti OHF tók þessi starfsmaður Skeljungs þátt í umræddum fundum.

<sup>276</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2002.

<sup>277</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Þórólfs Árnasonar og Geirs Magnússonar, dags. 27.6.1996 kl. 16:17 og 28.6.1996 kl. 17:11.

Forstjóri OHF svarar og segist „*taka við þessu héðan í frá.*“ Tölvupóstur þessi sýnir að OHF hefur verið tilbúið að skoða þessar hugmyndir Skeljungs um samstarf í útboðunum. Málið hefur einnig verið rætt í framkvæmdastjórn OHF 2. júlí 1996 og er þar bókað að það verði að móta stefnu í útboðsmálum „*þar sem málið er skoðað í heild sinni en ekki einblína eingöngu á þau útboð sem nú eru í gangi þ.e. Strætisvagnar, Landhelgisgæslan og ÚA smurólía.*“<sup>278</sup> Í málinu er að finna minnisblað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís til forstjóra fyrirtækisins.<sup>279</sup> Það er dagsett 2. júlí 1996 og í því er rífað upp samkomulag olíufélaganna varðandi útboð Flugleiða í maí 1996, sbr. umfjöllun í kafla IV 5. Í minnisblaðinu er einnig fjallað um að framlegð Skeljungs vegna viðskipta við Reykjavíkurborg sé mjög góð. Samkeppnisráð telur að þetta gagn tengist umræðum olíufélaganna og hafi verið tekið saman í tengslum við fund forstjóra félaganna 3. júlí 1996.

Þann 3. júlí 1996 hittust forstjórar Skeljungs, OHF og Olís.<sup>280</sup> Með hliðsjón af ofangreindum tölvupósti OHF verður að telja að forstjórnarnir hafi rætt stefnuna í útboðsmálum á þessum fundi. Forstjóri OHF hefur upplýst að hann hafi hitt starfsbræður sína hjá Skeljungu og Olís a.m.k. tvisvar sinnum út af þessu máli.<sup>281</sup> Í fundargerð Samkeppnisstofnunar er haft eftir forstjóra Olís að hann minnti að forstjórnarnir hefðu hist á tveimur fundum vegna þessa máls.<sup>282</sup>

Ljóst er að ekki náðist sameiginleg niðurstaða á fundi forstjórnanna 3. júlí 1996. Í tölvupósti frá OHF frá 11. júlí 1996 eru valkostir fyrirtækisins varðandi stefnu í útboðunum dregnir saman:

*„Tvær leiðir: Stinga djúpt og ná viðskiptunum, eiga þá á hættu að missa framlegð niður ef verð fréttist. Hin leiðin að skoða stærri dæmi í samhengi. Ákveða þarf á næsta fundi verðpólitík miðað við þessar tvær leiðir og eiga báðar í vasanum fram á síðustu stund.*“<sup>283</sup>

OHF hefur greint frá því að á þessum tíma hafi stjórnendur fyrirtækisins talið að í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. vegna tilkomu nýs meirihluta í borgarstjórn, væri tækifæri til þess að keppa um þessi viðskipti Reykjavíkurborgar og hugsanlega ná þeim en þau hafi lengst af verið hjá Skeljungu.<sup>284</sup> Hins vegar hefði einnig legið fyrir að

<sup>278</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 2.7.1996 (Hs. nr. 1360).

<sup>279</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Kristjáns B. Ólafssonar til Einars Benediktssonar, dags. 2.7.1996.

<sup>280</sup> Sjá dagbókarfærslu í dagbók Kristins Björnssonar (Hs. nr. 7007).

<sup>281</sup> Fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna funda með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjórum markaðssviðs OHF, dags. 2.4. og 3.4.2002.

<sup>282</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna funda með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>283</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni til Geirs Magnússonar, Herberts Herbertssonar, Ragnars Bogasonar, Friðriks Kristjánssonar og Þorsteins Þorsteinssonar, dags. 11.7.1996 kl. 9:14.

<sup>284</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með þáverandi forstjóra OHF og þáverandi framkvæmdastjórum markaðssviðs OHF, dags. 2.4. 2002.

mati félagsins að mikill kostnaður yrði við þessi viðskipti vegna aðstöðusköpunar til að þjóna fyrirtækjum borgarinnar.

Gögn málsins sýna að forstjórar olúfélaganna hittust tvívegis seinni hlutann í júlí 1996.<sup>285</sup> Ekki er ljóst hvort útboðsmálin voru rædd á þeim fundum. Hins vegar liggur fyrir að í júlí var óskað eftir frestun á opnun tilboða í útboðum Landhelgisgæslunnar, Reykjavíkurborgar og ÚA. Orðið var við þessum óskum og var opnunartíma í öllum útboðunum frestað til sama dags, 17. september 1996.<sup>286</sup> Samkeppnisráð telur að olúfélögin hafi farið fram á þessa frestun til að hafa frekara ráðrúm til að ná samkomulagi um samráð í útboðunum, sbr. nánari umfjöllun í kafla IV 2.4.

Samkvæmt dagbókum forstjóra Olís og Skeljungu funduðu forstjórar félaganna þriggja 2. ágúst, 7. ágúst og 5. september 1996. Samkeppnisráð telur að á einhverjum þessara funda hafi útboðsmálin verið rædd. Þessi ályktun styðst m.a. við fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 10. september 1996. Þar fjallar forstjóri félagsins um útboð í september og fram kemur að verið sé að vinna að því „að tryggð sé framlegð af viðskiptum við opinbera aðila. Undirbúa þarf tilboð sem standa fyrir dyrum.“<sup>287</sup>

Forstjórnir hittust aftur þann 12. september 1996.<sup>288</sup> Samkeppnisráð telur að á þeim fundi hafi Skeljungur lagt fyrir hin félögin nákvæmar tillögur um hvað hvert félag myndi bjóða vegna útboða Landhelgisgæslunnar og Reykjavíkurborgar og hvernig framlegðin af þessum viðskiptum myndi síðan skiptast milli félaganna. OHF hefur lýst þessu þannig að Skeljungur hafi komið með tillögu sem hafi átt að tryggja góða framlegð af þessum viðskiptum. Tillagan hafi gengið út á það að Skeljungur fengi að halda þessum viðskiptum en hin félögin fengju bætur í formi hlutdeildar í framlegð af viðskiptunum.<sup>289</sup> Forstjóri Olís hefur einnig greint frá því að Skeljungur hafi lagt fram á fundum forstjóra félaganna tillögur í tengslum við umrædd útboð.<sup>290</sup> Hjá forstjóra Skeljungu fannst eftirfarandi skjal:

---

<sup>285</sup> Sjá dagbókarfærslur í vasadagbók Kristins Björnssonar (Hs. nr. 7019) og dagbókarfærslur í dagbók Einars Benediktssonar (Hs. nr. 4002).

<sup>286</sup> Bréf Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar til Olís, dags. 22.7.1996 (Hs. 5857). Bréf Ríkiskaupa til verðandi bjóðenda, dags. 25.7.1996 (Hs. 5857). Bréf ÚA til Olís, dags. 27.7.1996 (Hs. nr. 5857).

<sup>287</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 10.9.1996 (Hs. nr. 1360).

<sup>288</sup> Sjá dagbókafærslu í dagbók Kristins Björnssonar (Hs. nr. 7007).

<sup>289</sup> Fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna funda með þáverandi forstjóra OHF og þáverandi framkvæmdastjórnar markaðssviðs OHF, dags. 2.4. og 3.4.2002.

<sup>290</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna funda með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

## Útboð ríkis og sveitarfélaga<sup>291</sup>

Skilgreining á opinberu fyrirtæki er: **Fyrirtæki í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga**

Uppgjör: Sala verði gerð upp eftir sama fyrirkomulagi og erlend skip. Í júlí fyrir fyrstu 6 mánuði ársins og í janúar fyrir seinni hluta ársins.

Til að tryggja að markmið félaganna náist er eftirfarandi lagt til:

### 1. Útboð landhelgisgæslunnar

Í dag er Skeljungur með öll eldsneytisviðskipti og Olís með smurolíusölu til varðskipanna. Skeljungur á afgreiðslubúnað við flugskýli gæslunnar og á flugvöllum víðsvegar um landið sem þjóna Landhelgisgæslunni sem á bókfærðu verði kosta um 35 milljónir. Þar af eru yfir 10 milljónir einvörðungu vegna Landh.gæslu.

...

Þar sem Olíufélagið er ekki með aðstöðu til að bjóða í Jet A-1 leggjum við til að þeir bjóði ekki í þann hluta.

Við leggjum til að eftirfarandi verði boðið:

	Verðlistaverð 11.09.1996	Skeljungur býður	Olís býður	Olíufélagið býður
Skipagasolía á skip verð pr. ltr. með VSK	20,20	19,45	19,65	19,58
Jet A-1 verð pr. ltr. með VSK	33,00	19,78	20,51	

Skeljungur hf. á allan afgreiðslubúnað, sér um viðhald, endurnýjun og öryggisefirlit með honum og kostar að öllu leyti. Jafnframt ber Skeljungur hf. allan kostnað við að afgreiða og þjónusta gæsluna vegna viðskiptanna. Því leggjum við til að söluskipting pr. ltr. án VSK verði sem hér segir: Olíufélagið hf. og Olís hf. fái hvort um sig 0,31 kr. af hverjum seldum lítra af Skipagasolíu og 0,33 kr. af hverjum seldum lítra af Jet A 1 til gæslunnar. Hvorttveggja án VSK.

Við gerum ráð fyrir að Olís haldi smurolíusölunni. Olís þarf að koma með tillögur að verðum og söluskiptingu.

### 2. Útboð Reykjavíkurborgar

Í dag er Skeljungur hf. með öll þessi viðskipti.

Skeljungur hf. á jafnframt allan búnaðinn til birgðahalds og afgreiðslu hjá SVR, Vélamiðst. og Malbikunarstöð. Þessi búnaður kostar á endurstofnverði um 11 milljónir, en afskrifað bókfært verð er um 8 milljónir.

Óskað er eftir verði á gasolíu í útboðsgögnum og á að gefa upp til samanburðar verð á bensínstöð í miðbæ Reykjavíkur. Á bensínstöðvum er gasolía sem seld diselolía og leggjum við tilboðið (sic) taki mið af bjóða diselolíu og að verðlistaverð er 29,40 kr. með VSK.

<sup>291</sup> Hs. nr. 7072.



Við leggjum til að eftirfarandi verði boðið:

	Verðlistaverð með VSK	Skeljungur býður verð pr. ltr. með VSK	Olís býður verð pr. ltr. með VSK	Olíufélagið býður verð pr. ltr. með VSK
Gasolía (Díselolía), verð pr. ltr. með VSK	29,40	24,09	24,19	24,15
Bensín, verð pr. ltr. með VSK	76,00	71,46	71,90	71,59
Steinolía, verð per ltr.	35,00	30,50	29,40	30,45

Skeljungur hf. á allan afgreiðslubúnað, sér um viðhald, endurnýjun og öryggiseftirlit með honum og kostar að öllu leyti. Skeljungur hf. ber jafnframt allan kostnað við að afgreiða og þjónusta Reykjavíkurborg vegna viðskiptanna. Því leggjum við til að söluskipting pr. ltr. án VSK verði sem hér segir:

Olíufélagið hf. og Olís hf. fái hvort um sig 0,75 kr. af hverjum seldum lítra af Gasolíu og 1,125 kr. af hverjum seldum bensínlítra til Reykjavíkurborgar. Af hverjum lítra af Steinolíu fái félagin kr. 1,125. Allar tölur eru án VSK.<sup>292</sup>

Samkeppnisráð telur að þetta skjal hafi verið lagt fyrir fund forstjóranna 12. september 1996 og efni þess rætt á fundinum. Í því sambandi má líta til þess að verðlistaverðið sem miðað er við í skjalinu var verðið þann 11. september 1996. Í skjali frá Olís frá 14. september 1996, sem gerð verður grein fyrir síðar, er vísað til tillagna Skeljungs um skiptingu framlegðar og eru það sömu fjárhæðir og fram koma á ofangreindu skjali frá Skeljungu. Forstjóri Skeljungs kveðst kannast við þetta skjal og handskrifaðar athugasemdir sínar á það.<sup>293</sup>

Önnur skjöl vegna þessa hafa einnig verið útbúin af hálfu Skeljungs. Forstjóri OHF afhenti Samkeppnisstofnun tvö skjöl sem hann kveður að forstjóri Skeljungs hafi afhent sér á fundi í september 1996.<sup>294</sup> Skjölin eru ódagsett og ómerkt. Í prentuðum texta þeirra kemur ekki fram af hvaða tilefni þau eru rituð og ekki er vísað til neinna fyrirtækja. Fyrri skjalið ber yfirskriftina „1. Útboð“ og á það hefur verið handskrifað Landhelgisgæslan. Á skjalinu koma fram tölur sem nefndar eru framlegð 1, framlegð 2 og framlegð 3. Hér er um að ræða sömu tillögur að skiptingu á framlegð og á skjali Skeljungs sem birt er hér að framan, þ.e. Olís og OHF fái 0,31 kr. af hverjum lítra af skipagasolíu og 0,33 kr. af hverjum lítra af þotueldsneyti. Seinna skjalið ber yfirskriftina „2. Útboð“ og á það er handskrifað SVR. Þar kemur einnig fram sama tillaga að framlegðarskiptingu varðandi Reykjavíkurborg og í ofangreindu skjali. Forstjóri Olís hefur einnig greint frá því að forstjóri Skeljungs hafi á fundi félaganna

<sup>292</sup> Samskonar skjöl fundust einnig hjá aðstoðarforstjóra Skeljungs (Hs. nr. 7622 og 7662).

<sup>293</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>294</sup> Afhent á fundi með Samkeppnisstofnun 4. apríl 2002.

lagt fram blöð með tillögum sínum í þessum útboðum.<sup>295</sup> Önnur gögn málsins staðfesta að forstjóra Olís voru einnig afhent þessi skjöl.<sup>296</sup> Forstjóri Skeljungs hefur sagt að hann muni ekki eftir þessum skjölum, þótt vel geti verið að hann hafi séð þau áður. Vegna hugtakanotkunar á skjölunum telur forstjóri Skeljungs ólíklegt að þau stafi frá Skeljungu. Í ljósi skýrs framburðar OHF, frumkvæðis Skeljungs í þessum aðgerðum og að sömu tillögur um skiptingu á framlegð koma fram á öllum þessum skjölum telur samkeppnisráð að skjölin stafi frá Skeljungu. Ekki er hins vegar ljóst hvort lagðar voru fram tillögur vegna ÚA á þessum fundi.

Á skjalið sem birt er hér að framan og fannst hjá forstjóra Skeljungs er strikað með penna yfir málsgreinina um uppgjörsfyrirkomulag á framlegðarskiptingunni. Við hliðina á málsgreininni er handskrifað með rithönd forstjórans: „*Birgðir? Þjónustugjöld? ODR?*“ Neðst á fremri síðu skjalsins er skrifað með sömu rithönd: „*Leiga á birgðarými í Örfirsey/Laugarnesi 3 mán fresti*“ Að mati samkeppnisráðs gefur þetta til kynna að forstjórunum hafi þótt upphaflega tillagan um uppgjörsfyrirkomulag á framlegðarskiptingunni ófullnægjandi og velt fyrir sér heppilegum aðferðum og heitum sem gefa mætti þessum greiðslum í bókhaldi fyrirtækjanna í því skyni að leyna eðli þeirra. Niðurstaðan á fundinum hafi orðið sú að láta sameiginlegt fyrirtæki Olís og OHF, Olíudreifing ehf. (ODR), hafa milligöngu og kalla greiðslurnar leigu á tilteknu birgðarými ODR. Þetta er staðfest í lokaútgáfu af ofangreindu skjali sem einnig fannst hjá forstjóra Skeljungs en þar segir:

*„Uppgjör: Sala verði gerð upp þannig að Skeljungur hf, gefur hinum félögunum upp sölu til opinberra fyrirtækja á 3ja mánaða fresti og Olíudreifing ehf. gerir Skeljungu hf, reikning fyrir „leigu og afnot af tönkum og birgðarými í Örfirsey og Laugarnesi“ fyrir liðið 3ja mánaða tímabil.“<sup>297</sup>*

Þegar á reyndi virðast olíufélögin ekki hafa notað þessa útfærslu við uppgjör og voru greiðslurnar nefndar „umsamin þjónustugjöld“ í bókhaldi félaganna.

Gögn málsins sýna að tillaga Skeljungs hefur verið skoðuð í víðara samhengi innan Olís. Hjá m.a. forstjóra Olís fundust skjöl þar sem fram koma ýmsir útreikningar varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæsluna, ÚA og Flugleiðir. Skjölin eru samin af framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís og eru ýmist dagsett 14. september eða 16. september 1996.<sup>298</sup> Skjölin sem dagsett eru 16. september 1996

<sup>295</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>296</sup> Í tölvupósti, dags. 26.1.1998, frá Einar Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar segir m.a.: „Ég man að KB afhenti mér og GM blað með nokkrum línun þar sem fram kom tillaga þeirra í málinu og máli LHG.“ Efni póstsins er sagt vera Shell/SVR og LHG en LHG er skammstöfun fyrir Landhelgisgæsluna (Hs. nr. 4333).

<sup>297</sup> Hs. nr. 7072.

<sup>298</sup> Skjölin eru í tveimur heftum. Skjal merkt á fyrstu síðu *Efnisyfirlit og trúnaðarmál*, dags. 14.9. og 16.9.1996 (Hs. nr. 4052). Skjal merkt: *SAMTALS Rvk.borg+LHG+ÚA+Flugleiðir*, dags. 14.9. og 16.9.1996 (Hs. nr. 5857).

hafa verið prentuð út skömmu áður en forstjórafundurinn hófst þann dag. Skjölin vísa til framangreindra tillagna Skeljungs um framlegðarskiptingu varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslu. Þau sýna m.a. að framlegð vegna viðskipta við ÚA verði skipt upp með sama hætti og upphafleg tillaga Skeljungs gerði ráð fyrir varðandi Landhelgisgæsluna, þ.e. að Skeljungur og OHF myndu fá 0,31 kr. af hverjum lítra af skipagasolíu sem Olís seldi til ÚA. Einnig er að finna útreikninga sem sýna hversu mikið félögin myndu fá í sinn hlut miðað við upphaflegar tillögur Skeljungs um framlegðarskiptingu vegna fyrirtækja Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar. Síðan eru útreikningar sem sýna framlegðarskiptingu vegna Flugleiða, sbr. kafla IV 5. Í tölvupósti forstjóra Olís er vísað til þessara skjala sem útreikninga yfir „*heildarútlit þessara mála*“.<sup>299</sup>

### 2.3. Samkomulagið 16. september 1996

Fyrir liggur í málinu að forstjórar OHF og Olís hafi talið að fyrirtæki þeirra fengju ekki nægjanlega háar greiðslur í sinn hlut samkvæmt upphaflegri tillögu Skeljungs um framlegðarskiptingu.<sup>300</sup> Þannig má t.d. sjá í ofangreindum skjölum framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís útreikninga þar sem miðað er við að Skeljungur greiði hinum félögunum meira vegna þessara viðskipta. Sökum þessarar óánægju með upphaflegt tilboð náðist ekki endanlegt samkomulag á forstjórafundinum 12. september 1996. Daginn fyrir opnunartíma í útboðunum, eða 16. september 1996, hittust forstjórar félaganna í höfuðstöðum Skeljungs. Samkvæmt gögnum málsins hafa þeir fyrst hist kl. 10:00 og síðar kl. 15:30.<sup>301</sup> Samkeppnisráð telur að á þessum fundum hafi Skeljungur lagt fram nýja tillögu um skiptingu framlegðar vegna viðskiptanna við Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna sem hin félögin hafi fallist á. Þessi tillaga kemur fram á skjali sem fannst hjá forstjóra Skeljungs og er nánast eins og skjalið sem birt er hér að framan.<sup>302</sup> Skjalið er þó breytt að því leyti að hlutdeild OHF og Olís í framlegð vegna sölu skipagasolíu til Landhelgisgæslunnar hefur verið hækkuð úr 0,31 kr. af hverjum seldum lítra í 0,54 kr. Hlutur OHF og Olís í sölu á flugvélaeldsneyti hefur verið hækkaður úr 0,33 í 0,58 kr. á hvern seldan lítra. Hlutur sömu félaga er einnig hækkaður varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar. Í stað 0,75 kr. af hverjum lítra af gasolíu er það samþykkt að hin félögin fái 1,31 kr. og í stað 1,125 kr. af hverjum lítra af bensíni og steinolíu fái þau 1,97 kr. á lítra. Önnur breyting á þessari útgáfu á skjalinu er varðandi uppgjörsfyrirkomulagið, eins og nefnt var hér að

<sup>299</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar. Dagsettur 26.1.1998 kl. 14:07 (Hs. nr. 4333).

<sup>300</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002. Fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna fundar með þáverandi forstjóra OHF og þáverandi framkvæmdastjórnum markaðssviðs OHF, dags. 2.4. og 3.4.2002.

<sup>301</sup> Sjá dagbókarfærslur í dagbók Kristins Björnssonar (Hs. nr. 7007) og vasadagbók (Hs. nr. 7019). Sjá einnig færslu í dagbók Einars Benediktssonar (Hs. nr. 4002) og fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>302</sup> Hs. nr. 7072.

framan. Aðspurður hefur forstjóri Skeljungs greint frá því að mjög sennilegt sé að þetta skjal hafi verið til umræðu á fundi félaganna 16. september 1996.<sup>303</sup>

Bæði forstjóri OHF og framkvæmdastjóri markaðssviðs hafa lýst því yfir að náðst hafi samkomulag milli olíufélaganna þriggja um samvinnu vegna útboðs Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar og framlegðarskiptingu eftir það.<sup>304</sup> Hið sama hefur forstjóri Olís gert.<sup>305</sup> Forstjóri Skeljungs lýsir samkomulaginu með þessum hætti:

*„Þegar Reykjavíkurborg ákvað að bjóða út oliuinnkaup sín hafi blasað við að fleiri aðilar á vegum ríkis og sveitarfélaga áformuðu slík útboð. Vegna þessa var rætt um það meðal starfsmanna olíufélaganna hvernig við skyldi bregðast. Að því er varðaði viðskipti við Reykjavíkurborg og Landhelgisgæslu, lá fyrir að Skeljungur átti tanka og annan afgreiðslubúnað sem var hjá þessum aðilum. Sá aðili sem hreppti þessi viðskipti þyrfti að fjárfesta í slíkri aðstöðu. Það varð að samkomulagi milli olíufélaganna að Skeljungur hefði áfram viðskipti við Reykjavíkurborg og Landhelgisgæslu og að félagið myndi gera upp framlegð af viðskiptunum við hin félögin.“<sup>306</sup>*

Auk þessa skýra framburðar olíufélaganna þá staðfesta fjölmörg önnur gögn í málinu þetta samkomulag.<sup>307</sup> Í t.d. tölvupósti frá forstjóra Olís, dags. 26. janúar 1998, segir:

*„Mig minnti að þetta hefði verið í maí, en við þessar upplýsingar frá KBÓ finn ég þetta í dagbók minni 18. sept 96<sup>308</sup>, en þá verður endanlegt samkomulag um.*

*1. SVR til Olís og Esso pr. félag.*

*Dísel kr. 1,31*

*Bensín kr. 1,97*

<sup>303</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>304</sup> Fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna funda með þáverandi forstjóra OHF og þáverandi framkvæmdastjórum markaðssviðs OHF, dags. 2.4. og 3.4.2002.

<sup>305</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>306</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>307</sup> Sjá t.d. bréf Friðriks Þ. Stefánssonar hjá Skeljungi til Jóns Halldórssonar hjá Olís (Hs. nr. 4961) og Þórólfs Árnasonar hjá OHF (Hs. nr. 3167), bæði dags. 10.3.1998.

<sup>308</sup> Samkeppnisráð telur hafið yfir allan vafa í málinu að þessi dagsetning sé ranglega tilgreind. Í stað 18. september eigi að vera 16. september. Forstjóri Olís hefur þannig í fundargerð Samkeppnisstofnunar frá 9.8.2002 sagt að seinni fundur forstjóranna út af þessu máli hafi verið haldinn 16.9.1996. Þá eru engir fundir forstjóranna skráðir 18. september 1996 í dagbókum forstjóra Skeljungs og forstjóra Olís. Jafnframt er rökréttara að líta svo á að félögin hafi gengið frá samkomulagi um framlegðarskiptingu fyrir opnun tilboða heldur en eftir það. Engu máli skiptir hins vegar varðandi lögmati framlegðarskiptingarinnar hvort samkomulag um hana er gert fyrir eða eftir opnun tilboða.

*Steinolia kr. 1,97*

*2. LHG til Olís og Esso pr. félag*

*Skipagasolía kr. 0,54*

*Jet kr. 0,58*

*Fleira í sama dúr, en þessu óviðkomandi var samþykkt á sama fundi.*

*JH<sup>309</sup> hringja þetta til FS<sup>310</sup> og segja samkomulagið gert á fundi 18 sept 96. <sup>311</sup>*

Í útreikningum sem fylgdu með ofangreindum skjölum frá forstjóra Skeljungs kemur fram hver hafi verið áætluð fjárhæð framlegðar af árlegum viðskiptum við Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna og hlutdeild olíufélaganna.<sup>312</sup> Samkvæmt þessu var árleg framlegð tæplega 41 millj. kr. og af þeirri fjárhæð kæmu um 24,6 millj. kr. í hlut Skeljungs, 8 millj. kr. í hlut Olís og 7,4 millj. kr. í hlut OHF. Ástæða þess að hlutur Olís var hærri en hlutur OHF í þessum útreikningum er að í þeim er miðað við að 600.000 þús. kr. framlegð af smurólíuviðskiptum við Landhelgisgæsluna rynni óskipt til Olís.

Samkvæmt öllu framangreindu telur samkeppnisráð að Skeljungur, OHF og Olís hafi í tengslum við útboð Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar:

- Ákveðið að samræma aðgerðir sínar og ákveða það verð sem hvert félag myndi bjóða í nefndum útboðum.
- Ákveðið sameiginlega hvaða félag myndi fá umrædd viðskipti og ákveða að skipta á milli sín framlegð af þessum viðskiptum.

Samráð olíufélaganna um gerð tilboða fer gegn c-lið 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaganna. Samkomulagið um að skipta framlegð af þessum viðskiptum fer gegn b-lið 1. mgr. 10. gr. laganna. Í kafla VIII 11 hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmd olíufélaganna á samkomulagi um að skipta framlegð vegna þessara viðskipta og lýst þeim deilum sem upp komu milli félaganna.

Einnig liggur fyrir í málinu að þessu samkomulagi um samvinnu vegna nefndra útboða var hrint í framkvæmd. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hefur upplýst að eftir að forstjórar félaganna hafi ákveðið hvað hvert félag myndi bjóða hafi

<sup>309</sup> Jón Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá Olís.

<sup>310</sup> Friðrik Þ. Stefánsson, framkvæmdastjóri hjá Skeljungu.

<sup>311</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 26.1.1998 kl. 18:13 (Hs. nr. 4333).

<sup>312</sup> Sjá t.d. ómerkt og ódagsett skjal með fyrirsögninni „Áætluð framlegð“ (Hs. nr. 7072). Samskonar skjöl fundust einnig hjá aðstoðarforstjóra Skeljungs (Hs. nr. 7622).

undirmönnum verið falið að senda inn tilboð í samræmi við samkomulagið.<sup>313</sup> Önnur gögn málsins staðfesta þetta. Í samanburðarskrá sem Innkaupastofnun Reykjavíkur sendi olíufélagunum í lok september 1996 kemur fram að félögin hafi boðið nákvæmlega sama verð og þau ákváðu á fundi sínum 16. september 1996.<sup>314</sup> Niðurstaða útboðsins var sú að Skeljungur fékk viðskiptin eins og áætlun olíufélaganna gekk út á.

Gögn vegna útboðs Landhelgisgæslunnar sýna einnig að tilboð félaganna voru í samræmi við það sem ákveðið hafði verið á fundum þeirra.<sup>315</sup> Hins vegar hafnaði Landhelgisgæslan öllum tilboðum og var vísað til þess að lítill munur væri á tilboðunum. Þetta vakti athygli fjölmiðla og liggur fyrir að framkvæmdastjóri hjá Skeljungu reyndi að dylja þessa samvinnu félaganna með röngum yfirlýsingum. Í viðtali við Morgunblaðið er eftirfarandi haft eftir framkvæmdastjóra hjá Skeljungu sem kom að samráðinu:

*„Friðrik Þ. Stefánsson, forstöðumaður markaðssviðs hjá Skeljungu, segir að lítill verðmunur í tilboðunum beri í raun vott um hversu hörð samkeppni olíufélaganna sé. „Það er slegist um sölu á hverjum einasta olíudropa, og við teygðum okkur eins langt og við gátum í þessu útboði.““<sup>316</sup>*

Framangreind fjölmiðlaumfjöllun leiddi til þess að Samkeppnisstofnun ákvað að óska eftir upplýsingum um tilboð olíufélaganna í útboði Landhelgisgæslunnar. Var olíufélagunum þremur sent bréf 18. nóvember 1996 og óskað eftir upplýsingum um forsendur fyrir tilboðunum.<sup>317</sup> Svar barst ekki frá Skeljungu. Í svari OHF segir að félagið hafi tekið þátt í þessu útboði og sent tilboð í samræmi við magn viðskiptanna.<sup>318</sup> Í svari Olís kemur fram að tilboð félagsins hafi verið í samræmi við magn viðskiptanna og markaðsaðstæður. Tilboðið hafi verið samkeppnishæft og tekið er fram í bréfinu að samkeppni milli olíufélaganna sé mjög hörð í sölu eldsneytis til stórnotenda.<sup>319</sup> Samkeppnisstofnun tók þessar skýringar trúanlegar, og var málinu því talið lokið á þeim tíma.

Í athugasemdum OHF segir að félagið gangist við þessum brotum sínum. Fram kemur einnig að Skeljungur hafi hvatt OHF og Olís til samstarfs í tengslum við þessi útboð. Að lokum hafi Skeljungur náð samkomulagi við hin félögin um samvinnu við

<sup>313</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með þáverandi forstjóra OHF og þáverandi framkvæmdastjórum markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

<sup>314</sup> Sjá m.a. bréf Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar til OHF, dags. 25. september 1996 (Hs. nr. 3166).

<sup>315</sup> Sjá t.d. tilboð Olís, dags. 17.9.1996 (Hs. nr. 4325). Sjá einnig fundargerð Ríkiskaupa frá opnun útboðs nr. 10474, dags. 17.9.1996.

<sup>316</sup> Morgunblaðið 30. október 1996.

<sup>317</sup> Samhljóða bréf Samkeppnisstofnunar til Olís, Skeljungs og OHF, dags. 18.11.1996.

<sup>318</sup> Bréf OHF til Samkeppnisstofnunar, dags. 6. desember 1996.

<sup>319</sup> Bréf Olís til Samkeppnisstofnunar, dags. 2. desember 1996.

tilboðsgerð og framlegðarskiptingu eftir það. Varðandi Reykjavíkurborg hafi Skeljungur ekki staðið nema að litlu leyti við samkomulagið og hafi því notið ávinningsins af brotunum umfram OHF og Olís. Varðandi Landhelgisgæsluna megi segja að samkomulagið hafi haft takmörkuð áhrif á viðskiptin þar sem öllum tilboðum hafi verið hafnað og hafi viðskiptin því haldist óbreytt. Telur OHF að áform um ólögmaett samráð hafi því runnið út í sandinn.

Samkeppnisráð bendir hér á að samráð olíufélaganna vegna tilboða til Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar var að fullu framkvæmt og hafði því óhjákvæmilega skaðleg áhrif í útboðum þessara aðila.

#### 2.4. Útboð ÚA

Olíufélögin hafa neitað því að þau hafi haft með sér samstarf í tengslum við útboð ÚA á smurolíu á árinu 1996. Að mati samkeppnisráðs gefa hins vegar gögn frá þessum tíma vísbendingar um a.m.k. viðræður félaganna um þetta útboð.

Fyrir það fyrsta þá liggur fyrir að forstjórar olíufélaganna hafi á fundum sínum rætt um ÚA. Þannig er í dagbók forstjóra Skeljungs bókað að hann hafi átt fund með forstjóra Olís um ÚA þann 10. janúar 1995.<sup>320</sup> Tíu dögum seinna er bókað í dagbók forstjóra Olís að hjá OHF eigi að fara fram umræður milli forstjóra olíufélaganna þriggja um ÚA.<sup>321</sup> Jafnframt ræddu forstjórar Olís og OHF saman um útboð ÚA 21. janúar 1998.<sup>322</sup> Forstjóri OHF hefur greint frá því að hann hafi rætt við starfsbræður sína um útboð ÚA í janúar 1995 og janúar 1998, þ.e. eftir að útboðin fóru fram.<sup>323</sup> Umræður keppinauta um viðskiptavinum sínum eru í eðli sínu samkeppnishamlandi og benda umræðurnar til samráðs keppinautanna.

Eins og áður sagði voru útboð Landhelgisgæslunnar, Reykjavíkurborgar og ÚA kynnt í júní 1996 og í lok þess mánaðar hóf framkvæmdastjóri hjá Skeljungum „*þreifingar um sameiginlega stefnu í útboðsmálum*“, sbr. framangreindan tölvupóst OHF frá 28. júní 1996. Hér verður einnig að rifja upp að samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 2. júlí 1996 var fjallað um útboð ÚA, Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar í einu lagi og sagt að það mætti ekki einblína á einstök útboð heldur yrði að móta stefnu í útboðsmálum þar sem málið yrði skoðað í heild sinni. Eins og fram hefur komið fóru olíufélögin fram á það að opnun tilboða í þessum þremur útboðum yrði frestað. Þann 22. júlí 1996 tilkynnti Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar að komið hafi fram beiðni um frestun og að opnunartími á tilboðum verði 17. september 1996. Þann 25. júlí 1996 tilkynntu Ríkiskaup að komið hafi fram beiðni um frestun og að opnunartími á tilboðum verði 17. september 1996.

<sup>320</sup> Bókun í dagbók forstjóra Skeljungs 10.1.1995 (Hs. nr. 7008).

<sup>321</sup> Bókun í dagbók forstjóra Olís 20.1.1995 (Hs. nr. 4002).

<sup>322</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til m.a. Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 22.1.1998.

<sup>323</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

Með símbréfi frá 27. júlí 1996 tilkynnti ÚA að tilboðsfrestur verði lengdur til 17. september 1996. Samkeppnisráð telur miðað við þetta að olíufélögin hafi gripið til samstilltra aðgerða til að ná fram þessari frestun, sbr. einnig umfjöllun hér að framan. Olís hefur haldið því fram að þessi tímasetning hafi verið tilviljun eða tengst sjávarútvegssýningunni sem þá hafi verið að ljúka.<sup>324</sup> Skeljungur heldur því einnig fram að um tilviljun hafi verið að ræða.<sup>325</sup> Að mati samkeppnisráðs er ósennilegt að hér hafi verið um tilviljun að ræða og þar fyrir utan er það ekki rétt hjá Olís að sjávarútvegssýningunni hafi verið að ljúka á þessum tíma heldur hófst hún 18. september 1996.

Tilgangurinn með þessari frestun útboðanna kemur glögglega í ljós þegar athugaður er tölvupóstur framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu til forstjóra félagsins. Tölvupósturinn er frá 27. júní 1996 og í honum segir framkvæmdastjórinn að hann hafi haft samband við Ríkiskaup til að fara fram á lengri frest í útboði Landhelgisgæslunnar.<sup>326</sup> Ástæða þessa er sögð eftirfarandi:

*„... en þá gefst betri tími til að ræða „fyrirkomulag“ þessara viðskipta auk þess sem tímasetningin helst þá í hendur við vinnu í sambandi við útboð Reykjavíkurborgar og ÚA á smurólíum, sem eru á sama tíma. Eru einhver mótmæli við þessu.“*

Höfundur tölvupóstsins kveðst ekki muna eftir þessu útboði ÚA og ekki geta skýrt hvers vegna ÚA væri nefnt í tölvupóstinum eða hvað átt væri við með orðalaginu „vinnu“ og „að ræða fyrirkomulag“.<sup>327</sup> Að mati samkeppnisráðs vísa orðin „vinnu“ og „að ræða fyrirkomulag“ í tengslum við þessi útboð til undirbúnings að samvinnu olíufélaganna. Hér ber og að hafa í huga að það er daginn eftir að þessi tölvupóstur er sendur sem framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF greinir forstjóra félagsins frá þreifingum þessa framkvæmdastjóra hjá Skeljungu um sameiginlega stefnu í útboðsmálum og að OHF hafi beðið um tillögu frá Skeljungu, sbr. umfjöllun hér að framan. Þetta allt gefur til kynna að útboð ÚA hefur verið hluti af þessari athugun og samvinnu olíufélaganna. Önnur gögn málsins benda í sömu átt.

Hjá m.a. forstjóra Olís fundust skjöl þar sem fram koma ýmsir útreikningar varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæsluna, ÚA og Flugleiðir. Skjölin eru samin af framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís og eru ýmist dagsett 14. september eða

<sup>324</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 16.8.2002.

<sup>325</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 7.11.2002.

<sup>326</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Þ. Stefánssyni til Kristins Björnssonar, Bjarna Snæbjörns Jónssonar, Lúðvíks Björgvinssonar og Þorsteins Péturssonar, dags. 27.6.1996 kl. 17:07.

<sup>327</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 7.11.2002.



16. september 1996.<sup>328</sup> Skjölin sýna m.a. að framlegð vegna eldsneytisviðskipta við ÚA yrði skipt upp með sama hætti og upphafleg tillaga Skeljungs gerði ráð fyrir varðandi Landhelgisgæsluna, þ.e. að Skeljungur og OHF myndu fá 0,31 kr. af hverjum lítra af skipagasolíu sem Olís seldi til ÚA. Á þessum tíma voru eldsneytisviðskipti ÚA hjá Olís. Einnig er að finna útreikninga sem sýna hversu mikið félögin myndu fá í sinn hlut miðað við upphaflegar tillögur Skeljungs um framlegðarskiptingu vegna fyrirtækja Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar. Síðan eru útreikningar sem sýna framlegðarskiptingu vegna Flugleiða, sbr. kafla IV 5. Skjölin bera með sér að forstjóri Olís hafi skoðað efni þeirra með fjármálastjóranum. Lokaútgáfa hluta þessara skjala var prentuð út um það bil hálf tíma áður en forstjórafundurinn hófst kl. 10:00 þann 16. september 1996. Aðspurður um þessi skjöl hefur forstjóri Olís sagt að framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís hafi:

*„farið að stilla upp mismunandi dæmum um hvernig það liti út ef Olís fengi eldsneytisviðskipti við ÚA árið eftir og Esso héldi Flugleiðum gegn því að verja Borgarviðskiptin og Landhelgisgæsluna o.s.frv. Þessir kostir hefðu verið kortlagðir að frumkvæði KBÓ. Ekkert hefði hins vegar verið gert með þá útreikninga.“<sup>329</sup>*

Forstjóri Olís hefur einnig sagt að framkvæmdastjóri fjármálasviðs hafi verið mótfallinn þessu samstarfi olíufélaganna og samið skjölin sem rökstuðning gegn því að Olís tæki þátt í samstarfinu. Framkvæmdastjórinn hjá Olís mótmælir þessu.<sup>330</sup> Hann hafi aldrei tekið þátt í umræðu um hvort þetta samstarf hafi verið æskilegt eða hvort það væri yfirleitt leyfilegt. Hann hafi tekið þessi skjöl saman að beiðni forstjóra Olís sem hafi viljað hafa þessar upplýsingar til staðar vegna viðræðna við forstjóra hinna félaganna. Varðandi það hvers vegna upplýsingar um ÚA kæmu fram í skjalinu hefur framkvæmdastjórinn sagt að hann teldi líklegt að vegna samningaviðræðna við forstjóra hinna félaganna hafi forstjóri Olís einfaldlega viljað hafa hjá sér vitneskju um framlegð af viðskiptum við ÚA. Að mati samkeppnisráðs bendir allt til þess að forstjóri Olís hafi tekið þessi skjöl með sér á forstjórafundinn og þar hafi verið rætt um hugsanlega framlegðarskiptingu vegna ÚA.

Hér verður einnig að horfa til þess að á skjalið frá forstjóra Skeljungs sem lagt var fyrir fund forstjóranna 16. september 1996 eru handskrifaðar athugasemdir sem gefa til kynna að rætt hafi verið um ÚA á fundinum. Forstjóri Skeljungs hefur staðfest að rætt hafi verið um viðskipti við ÚA á þessum fundi forstjóranna.<sup>331</sup> Að sögn

<sup>328</sup> Skjölin eru í tveimur heftum. Skjal merkt á fyrstu síðu *Efnisyfirlit og trúnaðarmál*, dags. 14.9. og 16.9.1996 (Hs. nr. 4052). Skjal merkt: *SAMTALS Rvk.borg+LHG+ÚA+Flugleiðir*, dags. 14.9. og 16.9.1996 (Hs. nr. 5857).

<sup>329</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>330</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>331</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

forstjórans var rætt um ÚA og Samherja vegna oliukaupa dótturfélaga þeirra. Hafi verið ágreiningur milli oliufélaganna hvort viðskipti við þessi félög féllu undir viðskiptasamninga við móðurfélögin. Forstjóri Skeljungs hefur lagt áherslu á að aldrei hafi verið rætt um að skipta framlegð vegna viðskiptanna við ÚA. Hann hefur einnig sagt að hafi „*komið fram hugmyndir um samráð í útboði*“ ÚA, gegn því að framlegð yrði skipt, hafi menn ekki ljáð máls á neinu slíku. Hvað sem þessu lýður er a.m.k. ljóst að daginn fyrir opnun tilboða í útboði ÚA var rætt um málefni fyrirtækisins á forstjórafundinum 16. september 1996.

Í þessu samhengi verður jafnframt að líta til þess að hjá Olís fundust einnig tvö skjöl sem bæði eru dagsett 16. september 1996 og fjalla þau um smurolíuútböð ÚA.<sup>332</sup> Í báðum þeirra er tilgreint verð allra oliufélaganna á þeirri smurolíu sem ÚA hafði óskað eftir í útboðinu. Síðan er tilgreindur tiltekinn afsláttur fyrir aftan verð Olís og þetta sagt sýna „*þann afslátt sem Olís þarf að gefa til að jafna tilboð Shell.*“ Einnig er tilgreint hvaða afslátt Olís þurfi að veita til þess að jafna tilboð OHF.

Samkeppnisstofnun hefur beðið Olís um að útskýra þessi skjöl sem tekin voru saman daginn fyrir skilafrest í útboði ÚA. Í skýrslu forstjóra Olís segir:

*„Kvaðst EB hafa grafið upp hvaða kjör voru í eldri samningi Skeljungs við ÚA. ÚA hefði alltaf óskað eftir að oliufélögin tilgreindu tilboð í formi afsláttar frá listaverði. Þurfti Olís því að framkvæma ýmsa útreikninga til að komast að niðurstöðu um það hvað félagið þyrfti að bjóða til þess að jafna þau kjör sem fólust í samningi Skeljungs við ÚA. Niðurstaðan hefði orðið sú að Olís þyrfti að bjóða ÚA lægra verð en fólst í hagstæðasta viðskiptasamningi Olís við aðra viðskiptamenn. Olís hefði því enga framlegð haft af þessum viðskiptum.“<sup>333</sup>*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hefur sagt að Olís hafi aflað upplýsinga um þágildandi kjör ÚA hjá Skeljungi en þær upplýsingar séu ekki frá Skeljungi komnar heldur hafi þeirra verið aflað „*eftir öðrum leiðum*“.<sup>334</sup> Olís hafi viljað vita hvað félagið þyrfti að bjóða í útboðinu í september 1996 „*til að jafna eða bæta kjörin miðað við eldri samning Skeljungs við ÚA. Tilvísanir í skjölum í verð Skeljungs vísa því til áætlunar Olís um kjör skv. samningi Skeljungs við ÚA sem lauk í árslok 1994.*“

<sup>332</sup> Skjal með yfirskriftinni *Athugun á smurolíu vegna útböðs ÚA í sept. 1996*, dags. 16.9.1996 (Hs. nr. 5857). Skjal merkt *ÚA Jón Halld.*, dags. 16.9.1996 (Hs. nr. 5857).

<sup>333</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

<sup>334</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

ÚA og Skeljungur gerðu með sér samning um smurolíuviðskipti 18. júní 1993 og var honum sagt upp í mars 1996 og skyldi hann falla úr gildi 1. júlí 1996.<sup>335</sup> Skeljungur seldi hins vegar ÚA smurolíu á sömu kjörum þar til gerður var nýr samningur á grundvelli útboðsins. Samkvæmt samningnum frá 1993 fékk ÚA 10% afslátt af heildsöluverðlista Skeljungs á smurolíum og olíuhreinsiefnum. Í nefndum skjölum frá Olís kemur fram að ÚA njóti 10% afsláttar hjá Skeljungu. Síðan segir að Olís þurfi að veita 23,39% afslátt til að jafna tilboð Skeljungs í vélarolíu. Til að jafna tilboð OHF í vélarolíu þurfi að gefa 19,1% afslátt. Síðan segir að til að jafna tilboð Skeljungs í vökvakerfisolíur þurfi að gefa 22,14% afslátt og 16% afslátt til að jafna tilboð OHF. Loks kemur fram að til að jafna tilboð Skeljungs í gír- og drifolíur verði að veita 21,03% afslátt og 13,74% til að mæta tilboði OHF.

Þessi afsláttur sem nefndur er í skjölum Olís er í samræmi við það sem Olís og OHF þurftu að bjóða til að jafna þau kjör sem ÚA naut á þessum tíma hjá Skeljungu. Skýring Olís á þessum skjölum getur því að þessu leyti staðist. Hins vegar byggir þessi skýring Olís á því að fyrirtækið hafi talið að Skeljungur myndi í útboðinu 1996 bjóða sömu kjör og giltu samkvæmt samningnum frá 1993. Slíkt gefur til kynna að Olís hafi verið fullvissað um þetta af Skeljungu en Olís heldur því hins vegar fram að ekkert samstarf hafi verið um smurolíutilboðið til ÚA. Gögn málsins eru hins vegar ekki nægjanlega skýr um þetta atriði.

Þegar allt framangreint er virt telur samkeppnisráð ljóst að forstjórar olíufélaganna þriggja hafi rætt um viðskipti við ÚA í janúar 1995. Jafnframt gefa gögn málsins það skýrlega til kynna að olíufélögin hafi rætt um að hafa með sér samvinnu vegna útboðs ÚA á árinu 1996 og rætt um það að skipta framlegð af viðskiptum við ÚA með sama hætti og ákveðið var varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar. Gegn afdráttarlausri neitun olíufélaganna og þar sem gögn eru að þessu leyti ekki nægjanlega skýr er ekki hægt að leggja það til grundvallar í málinu að olíufélögin hafi stillt saman tilboð sín vegna útboðsins eða ákveðið að skipta framlegð vegna viðskiptanna við ÚA. Einnig liggur fyrir að forstjórar olíufélaganna hafi rætt um viðskipti við ÚA á fundi sínum í janúar 1998.

Í athugasemdum OHF segir að „*fallist sé á þá niðurstöðu Samkeppnisstofnunar að ekkert ólöglegt samráð hafi verið haft í tengslum við útboð ÚA á olíuvörum 1996.*“

Eins og nefnt var er samkeppnisráð sammála því mati Samkeppnisstofnunar að ekki sé sannað að olíufélögin hafi stillt saman tilboð sín vegna útboðs ÚA 1996 og náð samkomulagi um framlegðarskiptingu. Af því leiðir hins vegar ekki að samskipti olíufélaganna vegna ÚA hafi verið löglegt og eðlileg. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga banna m.a. allar samstilltar aðgerðir sem lúta að eða ætlað er að hafa áhrif á gerð

<sup>335</sup> Samningur ÚA og Skeljungs um smurolíuviðskipti, dags. 18.6.1993. Bréf ÚA til Skeljungs, dags. 26.3.1996 (gögn afhent af Skeljungu).

tilboða. Í þessu felst bann við viðræðum um að stilla saman tilboðum, jafnvel þótt samningur náist ekki milli viðkomandi fyrirtækja um slíkar aðgerðir. Hefur og komið skýrt fram hjá dómstólum EB að umræður á fundum og tilraunir til að gera samning feli í sér ólögmætar samstilltar aðgerðir jafnvel þótt ekki náist saman.<sup>336</sup> Ástæða þessa er m.a. sú að slík samskipti milli keppinauta draga úr viðskiptalegu sjálfstæði þeirra og minnka óvissu á markaðnum og eru þar með til þess fallinn að raska samkeppni. Telur samkeppnisráð að þessi samskipti olíufélaganna varðandi ÚA hafi verið ólögmæt og liður í samfelldu samráði þeirra.

## 2.5. Heildarsamkomulag

Auk þess að ná samkomulagi vegna útboða Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar telur samkeppnisráð að gögn málsins sýni að á fundinum 16. september 1996 hafi olíufélagin annað hvort náð heildarsamkomulagi um að hafa með sér samstarf í tengslum við öll útboð eða tryggt enn frekar í sessi slíkt gildandi fyrirkomulag. Hér verður í fyrsta lagi að horfa til þess að forstjóri OHF hefur upplýst að á forstjórafundum hafi verið rætt almennt um að hafa samráð vegna útboða. Jafnframt hefðu forstjórnarnir þrír haustið 1996 ákveðið að ræða saman um öll útboð.<sup>337</sup> Í öðru lagi verður að horfa til þess að á skjalið frá forstjóra Skeljungs sem lagt var fyrir fundinn 16. september 1996 er eftirfarandi handskrifað:

*„Skl. um að ræða saman um öll útboð“*

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Skeljungs hvort þessi bókun hans staðfesti ekki að félagin hafi á fundinum 16. september 1996 náð samkomulagi um að ræða saman vegna allra útboða. Forstjórinn hefur til svars sagt að á fundum forstjóra félaganna hafi margt verið rætt, en fátt hafi hins vegar staðist. Þessi bókun lýsti sennilega einhverjum hughrifum hans. Hann gæti hins vegar ekki skýrt hana frekar.<sup>338</sup>

Með hliðsjón af framburði forstjóra OHF og skýru orðalagi bókunar forstjóra Skeljungs verður þetta ekki skilið öðruvísi en svo að forstjóri Skeljungs hafi ritað hjá sér það sem forstjórnarnir hafi ákveðið á fundi sínum, þ.e. að samkomulag hafi verið um að ræða saman um öll útboð. Þetta styrkist enn frekar þegar horft er til þess samstarfs vegna útboða sem átti sér stað eftir september 1996 og lýst verður hér á eftir. Forstjóri Olís kveðst hins vegar ekki minnast þess að „*einhver sérstök lína hafi verið lögð í þessum efnum milli félaganna*“.<sup>339</sup> Þegar forstjóri Olís var spurður hvort samráð olíufélaganna vegna útboða eftir september 1996 bendi ekki til þess að heildarsamkomulag hefði náðst svaraði hann með þessum hætti:

<sup>336</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. í sameinuðum málum nr. m.a. T-305/94 *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CLMR 303.

<sup>337</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

<sup>338</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>339</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

*„EB sagði að svo kynni að vera að einhver óformleg umræða hafi átt sér stað um hugsanlega samvinnu ef til annarra opinberra eða hálfopinberra útboða kæmi. Ekkert samkomulag hafi þó verið gert í þá veru.“<sup>340</sup>*

Í þessu samhengi er vert að benda á tölvupóst forstjóra Olís frá 26. janúar 1998 til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu.<sup>341</sup> Í þessum tölvupósti rifjaði forstjórinn upp samkomulagið sem gert var varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæsluna 16. september 1996. Síðan sagði í tölvupóstinum: *„Fleira í sama dúr, en þessu óviðkomandi var samþykkt á sama fundi.“* Forstjóri Olís hefur sagt að hann muni ekki eftir því hvað hann hafi átt við með þessu orðalagi.<sup>342</sup> Eftir að hafa reynt að rifja þetta upp hefur forstjórinn greint frá því að það *„lægi þó fyrir að menn hefðu verið að ræða um opinber og hálfopinber útboð. Trúlega væri hann í tölvupóstinum að vísa til þess að menn hefðu á fundinum rætt um viðskipti við Ísal og Kísiliðjuna, en þá hefði verið gert ráð fyrir að ári síðar mundi Ísal bjóða út viðskipti sín.“<sup>343</sup>* Þegar gögn málsins eru virt saman telur samkeppnisráð að orðalagið *„fleira í sama dúr“* vísi til samkomulagsins um að ræða saman í öllum útboðum.

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís kveðst ekki muna eftir neinni tilkynningu um að olíufélögin myndu ræða saman um öll útboð og kveðst ekki vita hvað forstjóri Olís hafi átt við með orðalaginu *„fleira í sama dúr“* í tölvupóstinum frá janúar 1998. Framkvæmdastjórinn segir hins vegar að honum hafi *„fljótlega orðið ljóst hvaða hefðir voru ríkjandi í samskiptum olíufélaganna varðandi opinber og hálfopinber viðskipti.“<sup>344</sup>*

Til stuðnings framangreindu má einnig horfa til þess að gögnin sem reifuð voru í kafla IV 2.2 hér að framan gefa til kynna að olíufélögin hafi ekki aðeins verið að ræða um útboð Landhelgisgæslunnar, Reykjavíkurborgar og ÚA heldur hafi þau einnig verið að fjalla um þessi mál í víðara samhengi. Þannig var t.d. á fundi félaganna í maí 1996 fjallað almennt um opinber útboð. Í fundargerð OHF frá 2. júlí 1996 er rætt um að skoða málið í heild sinni og í tölvupósti félagsins frá 11. júlí 1996 þar sem rætt er um að skoða *„stærri dæmi í samhengi.“*

<sup>340</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>341</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 26.1.1998 kl. 18:13 (Hs. nr. 4333).

<sup>342</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>343</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

<sup>344</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

Samkeppnisráð telur að olíufélögin hafi með þessu heildarsamkomulagi verið að bregðast við aukinni tíðni útboða sem þau hafi óttast að myndu minnka framlegð þeirra af viðskiptum með olíuvörur.<sup>345</sup> Olíufélögin hafi því ákveðið að vinna saman til framtíðar gegn tilraunum viðskiptavina þeirra til að fá aukinn afslátt með útboðum og reyna með þeim hætti að halda uppi verði á olíuvörum. Í þessu samhengi má árétta það sem haft er eftir forstjóra OHF í fundargerð framkvæmdastjórnar 10. september 1996 „að verið sé að vinna að því að tryggð sé framlegð af viðskiptum við opinbera aðila“ í tengslum við útboðin í september það ár. Hér skiptir einnig máli að forstjóri Olís hefur greint frá því að Olís hafi á þessum tíma haft „miklar efasemdir að skynsamlegt hafi verið að láta draga félagið í samstarf með hinum olíufélagunum um að verja framlegð í opinberum útboðum, enda hefði Olís þar haft takmarkaðra hagsmuna að gæta, þar sem stofnanir og fyrirtæki hins opinbera voru almennt ekki í viðskiptum hjá Olís.“<sup>346</sup>

Draga má þá ályktun af gögnum málsins að olíufélögin hafi talið að með því að hafa samráð vegna allra útboða myndi slök niðurstaða slíkra útboða fyrir viðkomandi viðskiptavini fæla aðra viðskiptavini frá því að standa fyrir útboðum. Framlegðin yrði að því leyti varin. Þetta markmið olíufélaganna virðist að einhverju leyti hafa tekist að mati þeirra sjálfra. Hér má vísa til minnisblaðs aðstoðarforstjóra Skeljungs sem ritað var í tengslum við deilur olíufélaganna um uppgjör á framlegðarskiptingu sem upp kom á árinu 1998, sbr. nánar kafli VIII. Minnisblaðið er andsvar við minnisblaði forstjóra Olís og fannst hjá báðum fyrirtækjunum.<sup>347</sup> Í minnisblaðinu setur Skeljungur fram mótrök við þeirri tillögu Olís að uppgjör á skiptisölu vegna Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga miðist við sömu hlutfallstölu og um var samið í samkomulaginu um Landhelgisgæsluna. Þar segir:

*„Samkomulag um Landhelgisgæsluna tók aldrei gildi þar sem öllum tilboðum var hafnað. Sú viðmiðun sem vísað er til byggist á öðrum tegundum þ.e. jet og skipagasolíu með mun lægri álagningu. Í þeim tilvikum þar sem öllum tilboðum er hafnað, gildir óbreytt fyrirkomulag sbr. Dómsmálaráðuneytið og Grandi. Litið er á að hér gildi það sama og varðar önnur opinber fyrirtæki sem ekki hafa farið í útboð s.s. Vegagerðin, Landsvirkjun og Rarik enda hafa þau afráðið að fara ekki í útboð í ljósi þessarar niðurstöðu (framlegðin hefur verið varin)“*

Samkeppnisráð telur einnig mikilvægt að hafa í huga hér að veturinn 1996 ákváðu olíufélögin að vinna saman að því að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti, sbr. m.a. kafla VI 1.3.1. Í þessu skyni höfðu olíufélögin m.a. samráð í því

<sup>345</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með þáverandi forstjóra OHF og þáverandi framkvæmdastjórum markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

<sup>346</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>347</sup> Ódagsett skjal með fyrirsögninni Grundartangi Athugasemdir við minnispunkta EB (Hs. nr. 7620 og 4961). Skjalið er líklega ritað í lok desember 1998 eða janúar 1999.

skyni að vinna gegn óskum viðskiptavina um afslátt. Ljóst er að samkomulag olíufélaganna um að ræða saman vegna allra útboða var í fullu samræmi við þessa stefnumörkun um að bæta framlegð, sbr. og framangreint minnisblað Skeljungs.

Samkeppnisráð telur að ofangreindu samkomulagi hafi verið hrundið í framkvæmd strax í október 1996 í tengslum við útboð dómsmálaráðuneytisins en fjallað verður um það útboð í næsta kafla.

Í athugasemdum OHF segir að á árunum 1996–1997 hafi komið hrina af opinberum útboðum og haustið 1996 hafi forstjórar olíufélaganna ákveðið að ræða saman um þau útboð sem eftir voru í þessari hrinu útboða. OHF telur hins vegar að varast beri að draga of víðtækar ályktanir af þeim upplýsingum frá forstjóra félagsins að olíufélögin hafi ákveðið að ræða saman um öll útboð. Forstjórinn hafi einungis talið að ákveðið hafi verið að ræða saman um þau opinberu útboð sem eftir voru í þeirri hrinu sem farin var af stað og stóð fram á árið 1997. Ólíkur skilningur forstjóra Olís á því sem fram fór bendi hins vegar til þess að ekkert samkomulag hafi náðst. Hafi samkomulag náðst bendi ekkert til þess að það hafi átt að endast um aldur og ævi, enda megi ætla að lítið hald sé í slíku óljósu og óformlegu samkomulagi til lengri tíma. OHF fær ekki séð að tölvupóstur forstjóra Olís frá október 1998 tengist meintu heildarsamkomulagi. Það að ákveða að tala saman um eitthvað síðar sé ekki það sama og að ákveða framlegðarskiptingu. OHF efist um að þetta samkomulag hafi náðst í raun. Verði talið að það hafi náðst bendi gögn málsins ekki til þess að það hafi verið víðtækara en að ræða um opinber útboð 1996–1997. Einnig bendir félagið á að meint samkomulag skipti ekki máli nema það hafi verið framkvæmt í raun. Sýna verði fram á ólögmetar viðræður í tengslum við hvert útboð sem um ræðir. Margskonar loforð, fyrirheit og yfirlýsingar hafi farið á milli olíufélaganna en aðeins hafi mark verið takandi á broti af því. Því þýði samkomulag um að ræða saman ekki að menn hafi rætt saman síðar, og því síður að slíkar viðræður hafi haft nokkur áhrif á markaðshæðun fyrirtækjanna.

Samkeppnisráð bendir hér í fyrsta lagi á að vandséð er hvernig OHF telur sig geta dregið þá ályktun af ummælum forstjóra félagsins að olíufélögin hafi ákveðið að ræða saman einungis um þau opinberu útboð sem myndu standa fram á árið 1997. Aðspurður um það hvort olíufélögin hefðu gert samkomulag á árinu 1996 um að ræða saman í öllum útboðum veitti forstjórinn þessar upplýsingar á fundi með Samkeppnisstofnun 2. apríl 2002:

*„GM kveðst minnast þess að rætt hafi verið á forstjórafundum að hafa samráð í útboðum og staðfesti að forstjórar olíufélaganna þriggja hefðu haustið 1996 ákveðið að ræða saman um öll útboð. Ástæða þessa hafi verið sú að menn hafi einfaldlega verið hræddir við útboð. GM taldi að þetta samstarf hefði ekki verið óeðlilegt miðað við aðstæður, m.a. vegna framgöngu hinna opinberu fyrirtækja og innkaupaaðila þeirra í slíkum*

*málum. Hins vegar hefði samstarf olíufélaganna haft takmörkuð áhrif þar sem t.d. tilboðum í útboði Landhelgisgæslu og dómsmálaráðuneytis hefði verið hafnað og engin breyting orðið á viðskiptum.“*

Þessi framburður er skýr og hvorki er á það minnst að þetta samkomulag hafi aðeins átt að gilda fram á árið 1997 né að það hafi aðeins átt að gilda gagnvart opinberum aðilum. Eftirfarandi umfjöllun sýnir að samkomulagið var í framkvæmd eftir það tímamark, þ.m.t. gagnvart einkaaðilum. Varðandi framburð forstjóra Olís verður að hafa í huga að hann hefur sagt að fyrir liggi að olíufélögin hafi verið að ræða um „opinber og hálfopinber útboð“ og að það kynni að vera að óformleg umræða hafi átt sér stað um samvinnu tengda slíkum útboðum. Þegar þetta er virt með skjali forstjóra Skeljungs og upplýsingum frá forstjóra OHF, ásamt samráði olíufélaganna vegna útboða eftir 16. september 1996 og öðrum gögnum sem tilgreind voru hér að framan, telur samkeppnisráð alveg ótvírætt að umrætt samkomulag hafi náðst. Það að forstjóri Olís fullyrði að ekkert samkomulag hafi verið gert getur ekki breytt þessu. Eins og gerð var grein fyrir í kafla III 1 hér að framan er brot á 10. gr. samkeppnislaga ekki háð því að sýnt sé fram á áhrif á markaði. Samkomulagið um að ræða saman um öll útboð fer því gegn 10. gr. laganna alveg án tillits til þess hvort það var framkvæmt eða ekki. Gögn málsins sýna hins vegar að það var framkvæmt og eftir 16. september 1996 ræddu olíufélögin saman m.a. í tengslum við eftirfarandi útboð/verðkannanir:

- Útboð dómsmálaráðuneytisins í október 1996, sbr. næsta kafla.
- Útboð Ríkiskaupa á smurþjónustu í nóvember 1996, sbr. kafla IV 4.
- Útboð Granda í mars/apríl 1997, sbr. kafla VI 3.10 (Olís og Skeljungur).
- Útboð Flugleiða í apríl 1997, sbr. kafla IV 5.
- Útboð Vestmannaeyjabæjar í apríl 1997, sbr. kafla IV 6.
- Útboð Ísals í september 1997, sbr. kafla IV 7.
- Útboð/verðkönnun vegna fyrirhugaðrar magnesíumverksmiðju í september 1997, sbr. kafla IV 8.
- Útboð Norðuráls 1997, sbr. kafla IV 9.
- Útboð Flugfélags Íslands í apríl 1998, sbr. kafla IV 10 (Olís og Skeljungur).
- Fyrirhugað útboð dómsmálaráðuneytisins 1998, sbr. næsta kafla.
- Útboð/verðkönnun Landssímans í október 1998, sbr. kafla IV 11.
- Útboð Skanska Dredging í apríl 1999, sbr. kafla VI 4.3.
- Útboð Íslenska járnblendifélagsins í febrúar 2000, sbr. kafla IV 12.
- Útboð Reykjavíkurborgar í október 2001, sbr. kafla IV 13.

Jafnframt verður hér að hafa í huga að það er innbyrðis ósamræmi í málflutningi OHF. Í umfjöllun um framangreind atvik virðist OHF mótmæla því að umrætt samkomulag hafi náðst eða a.m.k. telja mjög vafasamt að það hafi náðst. Á öðrum stað í athugasemdum félagsins kveðst það hins vegar staðfesta „að einhvers konar samkomulag hafi verið í gangi meðal olíufélaganna um að ræða saman varðandi



ákveðna hrinu útboða árin 1996–1997.“ Gerir þetta málflutning félagsins óskýran og ótraustvekjandi.

### 3. Útboð dómsmálaráðuneytisins í október 1996 og samráð á fundi í október 1998.

Í október 1996 óskuðu Ríkiskaup fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins eftir tilboðum í eldsneyti fyrir ökutæki. Var óskað eftir afslætti frá gildandi verði bjóðenda. Um var að ræða bensín og dísilolíu fyrir lögreglu og önnur embætti sem heyra undir ráðuneytið.<sup>348</sup> Í útboðsgögnum kemur fram að á árinu 1994 hafi undirstofnanir ráðuneytisins rekið 174 bifreiðar og keypt rúmlega 740 þúsund lítra af eldsneyti. Einnig kemur fram að heimilt væri að bjóða afslátt af verði á rekstrarvörum bifreiða. Tilboðsfrestur var til 12. desember 1996.

Daginn fyrir opnunartíma tilboða héldu yfirmenn hjá olíufélögunum fund til þess að stilla saman tilboð sín vegna útboðsins. Hjá Olís og Skeljungu fannst eftirfarandi minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF sem lýsir því sem fram fór á fundinum.<sup>349</sup>

11.12.1996

Til: JH<sup>350</sup>/GKG<sup>351</sup>

Trúnaðarmál

Til staðfestingar á fundi okkar þriggja í dag set ég þetta á blað.

Mikil sérstaða, ekki sambærilegt við “einn kúnna”.

Mjög háð þjónustu undanfarið.

---

Aðaltilb:

1 -20

2 -32

3 -40

---

Frávik:

Höfuðb.svæði:

1 ca. 60–70

2 ca. 80–90

3 núverandi kjör

Landið:

Allir listaverð.

<sup>348</sup> Útboð Ríkiskaupa nr. 10661 *Eldsneyti fyrir dómsmálaráðuneytið*, dags. í október 1996 (Hs. nr. 3166).

<sup>349</sup> Hjá Skeljungu fannst minnisblaðið hjá Þorsteini V. Péturssyni sem undirritaði tilboðið til dómsmálaráðuneytisins (Hs. nr. 8839). Hjá Olís fannst minnisblaðið hjá Jóni Halldórssyni framkvæmdastjóra (Hs. nr. 4323).

<sup>350</sup> Jón Halldórsson framkvæmdastjóri hjá Olís.

<sup>351</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungu.

---

Ákv. að funda “eftir samninga” og skipta því sem breytist. Það væntanlega lítið magn, úti á landi.

ÞÁ

Framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF var sýnt þetta minnisblað á fundi með Samkeppnisstofnun og hann spurður um tildrög þess. Í fundargerð Samkeppnisstofnunar er þetta m.a. haft eftir honum:

*„ÞÁ kannaðist við minnisblaðið og staðfesti að olíufélögin hefðu á þessum fundi ákveðið hvað hvert félag myndi bjóða í útboðinu. Þetta hafi verið gert í því skyni að tryggja að OHF héldi viðskiptunum en OHF hefði á þessum tíma haft lögregluna í Reykjavík í viðskiptum. ... ÞÁ greindi frá því að hin félögin hefðu talið að gert hefði verið samkomulag um að þau myndu fá hlutdeild í framlegð OHF af þessum viðskiptum. Það var sá hvati sem bjó að baki þátttöku þeirra í samráðinu um gerð tilboða í útboðinu.“<sup>352</sup>*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hefur greint frá því að OHF hafi falast eftir samstarfi í þessu útboði.<sup>353</sup> Framkvæmdastjórinn hefur staðfest að hann hafi tekið þátt í fundinum 11. desember 1996 með hinum olíufélagunum. Á fundinum hafi Olís fallist á að hafa samstarf um tilboðsgerðina vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins. Gegn þessu myndi OHF skipta framlegð vegna þeirra viðskipta sem færðust milli félaganna. Greindi framkvæmdastjórinn frá því að Olís hefði hins vegar boðið hærri afslátt en OHF lagði til. Framkvæmdastjórinn kvaðst ekki minnst þess að framlegð vegna þessara viðskipta hafi nokkru sinni verið skipt milli olíufélaganna. Þessi framburður Olís um samráð í útboðinu er í samræmi við gögn málsins frá þessum tíma. Til stuðnings því má vísa til yfirlits framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís frá maí 1997. Yfirlitið er um samninga milli olíufélaganna en þar er vísað til dómsmálaráðuneytisins og útboðs þess.<sup>354</sup>

Olíufélögin þrjú skiluðu inn tilboðum sínum á tilsettum tíma.<sup>355</sup> Samkvæmt tilboðunum bauð OHF 0,95 kr. afsátt á lítra, Olís bauð 0,85 kr. afslátt á lítra og Skeljungur 0,77 kr. Ekkert félaganna bauð afslátt á verði rekstrarvara fyrir bifreiðar. Öllum tilboðum olíufélaganna var hafnað og héldust viðskiptin við undirstofnanir dómsmálaráðuneytisins óbreytt hjá hverju félagi fyrir sig.<sup>356</sup>

<sup>352</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

<sup>353</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

<sup>354</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar framkvæmdastjóra hjá Olís, dags. 2.5.1997 (Hs. nr. 4320b).

<sup>355</sup> Tilboð Olís undirritað af Jóni Halldórssyni (Hs. nr. 4323). Tilboð Skeljungs undirritað af Þorsteini V. Péturssyni (Hs. nr. 8839). Tilboð OHF undirritað af Þórólfi Árnasyni (Hs. nr. 3166).

<sup>356</sup> Sjá símbréf Ríkiskaupa til bjóðenda í útboði 10661, dags. 2.1.1997 (Hs. nr. 3166).

Aðspurður um hvort olíufélögin hafi haft með sér samráð vegna þessa útboðs hefur forstjóri Skeljungs sagt að olíufélögin hafi ekki gert neinn samning vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins heldur „*bara talað*“ um það mál.<sup>357</sup> Framangreint minnisblað frá OHF er stílað á aðstoðarforstjóra Skeljungs, auk umrædds framkvæmdastjóra hjá Olís. Það var sent honum með tölvupósti frá OHF sama dag og fundurinn var haldinn og aðstoðarforstjórinn framsendi það til þess starfsmanns Skeljungs sem gekk frá tilboði Skeljungs.<sup>358</sup> Aðspurður kveðst aðstoðarforstjóri Skeljungs ekki muna eftir því að hafa séð þetta skjal.<sup>359</sup> Hann kveðst hins vegar kannast við að hafa rætt við umrædda starfsmenn Olís og OHF um þetta útboð en segist „*ekki minnst þess að neinar tillögur hafi verið settar fram á þessum fundum eða ákvarðanir teknar.*“ Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungum hefur í þessu sambandi sagt að „*[n]okkur önnur opinber útboð voru rædd meðal félaganna en ekki varð niðurstaða í þeim viðræðum*“.<sup>360</sup> Þessi framburður Skeljungs er ekki í samræmi við gögn fyrirtækisins. Hér má vísa til gagna sem stafa frá Skeljungum og tengjast deilum milli félaganna á árunum 1998 og 1999 um uppgjör á skiptisölu. Þannig segir t.d. í bréfi forstjóra Skeljungs til forstjóra Olís og OHF, dags. 4. febrúar 1999, að óeðlilegt sé að tengja uppgjórið á skiptisölu vegna Járnblendifélagsins hf. við önnur mál:

*„s.s. útboðs Landhelgisgæslunnar, Dómsmálaráðuneytisins og Norðuráli þar sem samningar eru ófrágengnir enda forsendur allt aðrar þar sem tilboðum var hafnað“.*

Olís hafði krafist þess að fá sína umsömdu hlutdeild í þessum viðskiptum áður en fyrirtækið gerði upp skiptisöluna vegna Járnblendisins. Í bréfi þessu vísar forstjóri Skeljungs beinlínis til þess að samningur hafi verið við hin félögin vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins, sbr. nánar kafla VIII 11. Í bréfi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungum til Olís og OHF, dags. 10. mars 1998, er vísað til „*samkomulagsins*“ og m.a. Reykjavíkurborg, Vestmannaeyjabær, Landhelgisgæslan og dómsmálaráðuneytið nefnd í því samhengi.<sup>361</sup> Í tveimur skjölum frá Skeljungum er ráð fyrir því gert að OHF greiði Skeljungum hlutdeild í framlegð vegna viðskipta við dómsmálaráðuneytið.<sup>362</sup>

<sup>357</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>358</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungum. Frá Þórólfi Árnasyni til Gunnars Karls Guðmundssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 11.12.1996 kl. 12:12. Efni tölvupóstsins er sagt vera „*Fundur okkar þriggja í dag.*“ Tölvupóstur frá Gunnari K. Guðmundssyni til Þorsteins Péturssonar, dags. 11.12.1996 kl. 13:16.

<sup>359</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>360</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra stórvíðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2002.

<sup>361</sup> Bréf Friðriks Þ. Stefánssonar til OHF og Olís, dags. 10.3.1998 (M.a. Hs. nr. 3167).

<sup>362</sup> Ódagsett skjal með fyrirsögninni „*Opinber útboð (áætlaðar magntölur í útboðsgögnum+Grundartangi)*“ (Hs. nr. 7619). Fylgiskjal með afriti af bréfi Skeljungs til OHF og Olís, dags. 10.3.1998 (Hs. nr. 7621).

Eins og áður sagði heldur Skeljungur því fram að þrátt fyrir þetta orðalag hafi ekki verið samkomulag um m.a. dómsmálaráðuneytið. Útskýringar Skeljungs eru hins vegar ótrúverðugar og í mótsögn við skýr gögn fyrirtækisins og önnur gögn málsins. Ekkert í framburði Skeljungs breytir því þeirri skoðun samkeppnisráðs að samráð hafi átt sér stað vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins 1996. Sú staðreynd að Skeljungur viðurkennir samræður við keppinauta sína um þetta útboð styrkir þessa skoðun. Nánar verður fjallað um deilur vegna skiptisölu eða framlegðarskiptingar í kafla VIII 11.

Í athugasemdum OHF segir að samkomulag hafi náðst með olíufélögunum um að stilla saman strengi í vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins frá 1996. Aðrar ávirðingar telur félagið rangar og ósannaðar. Fullyrðir OHF að ekkert samkomulag hafi náðst um skiptingu á framlegð heldur hafi átt eftir að ræða þau mál, kæmi til þess að viðskipti ykjust.

Samkeppnisráð telur gögn málsins sýna með ótvíræðum hætti að auk samráðs um gerð tilboða í tilefni af útboði dómsmálaráðuneytisins 1996 hafi félögin samið um að Olís og Skeljungur fengju hluta af framlegð OHF af þessum viðskiptum. Lítur ráðið svo á að hér hafi legið til grundvallar áþekk hugmyndafræði og í tengslum við útboð Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar. Samráðið varðandi gerð tilboðanna hafi gengið út á það að OHF myndi halda viðskiptunum. Ef ekki hafi verið um það samið að Olís og Skeljungur fengju hluta í framlegð er vandséð hvaða hvata þau hafi haft til að taka þátt í ráðagerð sem átti að tryggja OHF tiltekin viðskipti. Jafnframt verður að líta til þess að í minnisblaði OHF um fundinn 11. desember 1996 er tekið fram að félögin hafi ákveðið að hittast síðar og „*skipta því sem breytist.*“ Jafnframt hefur hér verulega þýðingu að í gögnum frá öllum olíufélögunum er að finna ummæli sem gefa þetta samkomulag um framlegðarskiptingu til kynna, sbr. m.a. umfjöllun hér að framan. Þannig er t.d. að finna í gögnum málsins yfirlit frá framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF frá 1. ágúst 1997 þar sem hann listar upp skiptisölu olíufélaganna. Á þetta yfirlit hefur forstjóri OHF ritað að félagið eigi að annast skipti vegna dómsmálaráðuneytisins. Nánar verður fjallað um þetta samkomulag um framlegðarskiptingu og deilur m.a. vegna þess í kafla VIII 11.

Í málinu liggur einnig fyrir að 29. október 1998 hafi fulltrúar olíufélaganna hist á fundi hjá Skeljungu. Á þeim fundi var m.a. ákveðið að bjóða Landssímanum 3 kr. afslátt af eldsneyti en fyrirtækið hafði á þeim tíma óskað eftir tilboðum frá olíufélögunum. Nánar verður fjallað um þetta í kafla IV 11, sbr. einnig kafla VI 3.7. Samkvæmt tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til forstjóra og helstu stjórnenda fyrirtækisins er ljóst að á fundinum hafi verið fjallað um

hugsanlegt nýtt útboð dómsmálaráðuneytisins (lögreglan).<sup>363</sup> Í upphafi tölvupóstsins segir:

*„ákv að bjóða 3kr m vsk.  
Síðan fóru í gang viðræður sem skiluðu þessu:  
pósturinn fái sama, skipt upp um áramót þó að samn gildi til 2000  
lögreglan rædd, eðlilegt að hún endi í sama farvegi, hún er 95% esso í dag,  
líklegt að þeir bjóði út bráðlega“*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu kveðst ekki muna eftir viðræðum um dómsmálaráðuneytið á þessum fundi.<sup>364</sup> Í athugasemdum OHF er mótmælt þeirri niðurstöðu í frumathugun I að þetta gagn gefi til kynna samráð varðandi næsta útboð dómsmálaráðuneytisins. OHF telur að framangreindur tölvupóstur Olís frá 30. október 1998 sé engin sönnun fyrir því að félögin þrjú hafi ákveðið á fundi sínum 29. október 1998 hvaða afslátt ætti að bjóða dómsmálaráðuneytinu í nýju útboði. Í fyrsta lagi sé efni bréfsins óljóst og það þurfi að geta í eyðurnar til að gefa sér að efnið sé skráning á niðurstöðu tiltekins meints fundar fremur en hugleiðingar starfsmanns Olís. Í öðru lagi hafi tölvupóstur sem sendur sé manna á milli innan eins fyrirtækis ekki sama sönnunargildi og fundargerð sem rituð er á fundi eða rétt eftir fund. Það mæli einnig gegn því að um nokkuð samkomulag hafi verið að ræða að gögn málsins bendi alls ekki til þess að meint samkomulag hafi verið framkvæmt.

Samkeppnisráð nefnir hér fyrst að það vekur eftirtekt að OHF tali um „meintan“ fund olíufélaganna 29. október 1998. Samkeppnisráð hefur undir höndum fundargerð starfsmanns OHF frá þeim fundi og hann hefur staðfest að fundurinn átti sér stað. Í athugasemdum sínum við önnur atvik þessa máls hefur OHF ítrekað viðurkennt að þessi fundur hafi átt sér stað, sbr. t.d. kafla IV 10 og VI 3.7. Að mati ráðsins getur enginn vafi leikið á því að þessi fundur var haldinn.

Samkeppnisráð bendir næst á að fulltrúar olíufélaganna hittust kl. 15:30 þann 29. október 1998. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu, sem sat fundinn f.h. Olís, sendi kl. 9:15 morguninn eftir umræddan tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og greindi frá niðurstöðum fundarins. Tölvupósturinn er því ekki „hugleiðingar“ viðkomandi framkvæmdastjóra hjá Olís heldur upplýsingagjöf til yfirmanns hans og samstarfsmanna um hvað fram hafi farið á þessum fundi olíufélaganna. Forstjóri Olís svaraði nokkrum mínútum síðar og sagðist lítast „mjög vel á þetta allt. Vona bara að mönnum takist að koma þessu fram.“ Af þessu má ljóst vera að forstjóri Olís bæði

<sup>363</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller, Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Kristján B. Ólafssonar, dags. 30.10.1998 kl. 9:15 og 9:24.

<sup>364</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu, dags. 8.11.2002.

skildi fullkomlega efni tölvupóstsins og hafði velþóknun á þeim ákvörðunum sem teknar voru á fundinum. Ekki er unnt að fallast á að orðlag tölvupóstsins sé að þessu leyti óskýrt. Í honum kemur efnislega fram að viðræður olíufélaganna hafi m.a. „skilað því“ að eðlilegt væri að dómsmálaráðuneytinu/lögreglu yrði boðinn 3 kr. afsláttur vegna næsta útboðs. Að mati samkeppnisráðs verður og að horfa til þess að þetta gagn frá Olís er ritað daginn eftir að umræddur fundur fór fram og í því skyni að kynna æðstu stjórnendum fyrirtækisins hvað fram fór á fundinum. Í þessu samhengi, og í málinu almennt, má horfa til þess að í samkeppnisrétti er t.d. fundargerð talin hafa mikið sönnunargildi ef hún er rituð skömmu eftir að viðkomandi fundur er haldinn og höfundur hefur ekki leitt hugann að því að fundargerðin kynni að falla í hendur þriðja aðila.<sup>365</sup> Jafnframt hefur verið bent á að þegar fyrirtæki fela starfsmönnum að rita fundargerðir verði að ætla að valdir séu starfsmenn sem færir séu um að halda fundargerð eða skrá með réttum hætti hvað fram fer. Því beri almennt að taka gögn frá slíkum aðilum trúanleg nema eitthvað sérstakt bendi til annars, t.d. að fyrirtæki geti sýnt fram á að fundargerð sé fölsuð. Samkeppnisráð telur því að þetta gagn Olís sé trúverðugt og verði ekki túlkað öðruvísi en að olíufélagin hafi á þessum fundi ákveðið að dómsmálaráðuneytinu/lögreglu yrði boðið 3. kr. í afslátt þegar boðið yrði út næst. Ekkert liggur hins vegar fyrir um það í gögnum málsins að þetta samkomulag hafi verið framkvæmt.

Af framangreindu má ljóst vera að olíufélagin þrjú höfðu með sér samvinnu um gerð tilboða vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins 1996. Samkeppnisráð telur að þetta hafi verið liður í framkvæmd á samkomulagi félaganna um samstarf vegna allra útboða. Jafnframt telur ráðið ljóst að félagin hafi ákveðið að skipta með sér framlegð í þeim viðskiptum við undirstofnanir ráðuneytisins sem myndu færast milli félaganna. Jafnframt er ljóst að félagin hafi ákveðið á fundi sínum 29. október 1998 hvaða afsláttur dómsmálaráðuneytinu/lögreglu yrði boðinn við nýtt útboð. Voru þessar aðgerðir hluti af hinu samfellda samráði félaganna.

Samráð olíufélaganna um gerð tilboða fer gegn c-lið 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaganna. Samkomulagið um að skipta framlegð af þessum viðskiptum fer gegn b-lið 1. mgr. 10. gr. laganna. Eins og áður segir verður í kafla VIII 11 hér á eftir gerð grein fyrir samningum olíufélaganna um að skipta framlegð og deilum sem upp komu í tengslum við það.

#### **4. Útboð Ríkiskaupa á smurþjónustu bifreiða 1996**

Í nóvember 1996 stóðu Ríkiskaup, fyrir hönd þeirra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem eru aðilar að rammasamningakerfi Ríkiskaupa, fyrir útboði á smurþjónustu og

<sup>365</sup> Sjá hér t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Sjá einnig álit Vesterdorf aðallögmans undirréttar EB í máli nr. T-7/89, *Hercules v Commission* [1992] ECR II-1711.

annarri hefðbundinni þjónustu smurstöðva.<sup>366</sup> Fram kemur í útboðslýsingu að um 300 opinberir aðilar væru aðilar að rammamarkaðskerfinu. Þessir aðilar gætu keypt vörur og þjónustu samkvæmt rammamarkaðum en væru ekki skuldbundnir til þess. Sem dæmi um hugsanlegt umfang viðskipta á grundvelli útboðsins var tekið fram í útboðslýsingu að heildarfjöldi bifreiða í eigu ríkisins í ársbyrjun 1996 væri 1004 bifreiðar og áætlað væri að hver þeirra færi 4–5 sinnum á smurstöð á ári. Óskað var eftir því að bjóðendur myndu veita afslátt frá verðlista, bæði af verði á vinnu við smurningu og á smurolíu og tengdum vörum. Áætlað var að gera samning til tveggja ára á grundvelli útboðsins. Gögn málsins sýna að olúfélögin þrjú sóttu útboðsgögn.<sup>367</sup>

Með símbréfi OHF til Ríkiskaupa, sem sent var 23. desember 1996, var óskað eftir því að frestur til að skila inn tilboði yrði framlengdur en Ríkiskaup féllust ekki á það.<sup>368</sup> Með bréfi, dags. 30. desember 1996, svöruðu Ríkiskaup ýmsum fyrirspurnum vegna skilmála útboðsins. Bréfið var sent til olúfélaganna þriggja.<sup>369</sup>

Innan Olís og OHF var hafinn undirbúningur að tilboðsgerð vegna þessa útboðs. Olís hefur upplýst að fyrirtækið hafi ekki rekið smurþjónustu en það hafi kallað til fundar aðila sem rækju smurstöðvar í samvinnu við Olís og sá möguleiki ræddur að Olís myndi senda inn heildartilboð fyrir þeirra hönd.<sup>370</sup> Þann 2. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF tölvupóst til forstjóra félagsins. Þar kemur fram að OHF gæti ekki gert tilboð samkvæmt útboðsgögnunum þar sem beðið væri um verðskrá fyrir alla þjónustuaðila um allt land.<sup>371</sup> Í þessu sambandi verður að hafa í huga að OHF rak á þessum tíma aðeins eina smurstöð (á Akureyri) en sjálfstæðir rekstraraðilar ráku aðrar smurstöðvar sem seldu smurolíur frá OHF. Í umræddum tölvupósti kemur hins vegar fram að væntanlega myndi OHF gera frávikstilboð og bjóða 8% afslátt af vinnu á smurstöð félagsins á Akureyri. Skeljungur rak á þessum tíma eina smurstöð í Reykjavík og var fyrirtækið því í stakk búið að gera a.m.k. frávikstilboð en samkvæmt útboðslýsingu var heimilt að gera frávikstilboð.<sup>372</sup> Niðurstaðan var hins vegar sú að ekkert olúfélögin sendi inn tilboð.<sup>373</sup> Olís heldur því fram að ástæða þess að félagið og tengdar smurstöðvar hafi ekki gert tilboð hafi verið sú að smurstöðvarnar hafi verið bundnar áður gerðum samningum við ýmsar

<sup>366</sup> Útboðslýsing Ríkiskaupa, útboð nr. 10692 (Gagn frá Ríkiskaupum).

<sup>367</sup> Yfirlit Ríkiskaupa um keypt útboðsgögn í útboði 10692, dags. 30.12.1996 (Gagn frá Ríkiskaupum).

<sup>368</sup> Bréf Þorsteins J. Þorsteinssonar til Ríkiskaupa, sent 23.12.1996 (Gagn frá Ríkiskaupum).

<sup>369</sup> Bréf Ríkiskaupa, dags. 30.12.1996 ásamt yfirliti sem sýnir til hverra bréfið var sent með faxi (Gögn frá Ríkiskaupum).

<sup>370</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 16.8.2002.

<sup>371</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnassyni til Geirs Magnússonar o.fl., dags. 2.1.1997 kl. 13:56 (Viðhengi við tölvupóst milli sömu manna frá 3.1.1997).

<sup>372</sup> Bréf lögmanns Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 8.10.2002. Í bréfinu kemur einnig fram að Skeljungur leigi út aðstöðu fyrir smurstöðvar í fasteignum félagsins við Skógarhlíð í Reykjavík og í Garðabæ.

<sup>373</sup> Fundargerð Ríkiskaupa um opnun tilboða 7.1.1997 í útboði 10692 (Gagn frá Ríkiskaupum).

stofnanir.<sup>374</sup> Skeljungur kveðst ekki minnst þess að olíufélögin hafi komist að neinni sameiginlegri niðurstöðu vegna þessa útboðs og ástæða þess að fyrirtækið hafi ekki boðið hafi verið sú að fyrirtækið stundaði almennt ekki þennan rekstur.<sup>375</sup>

Samkeppnisráð telur að olíufélögin hafi ákveðið sameiginlega að taka ekki þátt í þessu útboði. Hér verður fyrst að líta til tölvupósts sem framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF sendi forstjóra félagsins þann 3. janúar 1997. Tölvupósturinn lýsir fundi sem haldinn var með þeim smurstöðvum sem voru í viðskiptum eða samvinnu við OHF. Í honum er gerð grein fyrir þeirri ákvörðun að gera ekki tilboð vegna þessa útboðs og gefur tölvupósturinn til kynna að olíufélögin hafi rætt sín á milli þetta útboð og OHF hafi verið fullvissað um að Skeljungur og Olís myndu ekki bjóða.<sup>376</sup> Í tölvupóstinum segir m.a.:

*„Niðurstaðan er: Ákveðið er að senda ekki neitt inn, ekki heldur frávíkstilboð. Miðað við njósnir smurstöðvarmanna og mín, þá tel ég öruggt að enginn sendi inn tilboð.“*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís annaðist undirbúning að hugsanlegri tilboðsgerð félagsins vegna þessa útboðs. Í gögnum málsins er að finna lista eða minnisblað hans frá 2. maí 1997 um samráð olíufélaganna í tengslum við útboð viðskiptavina þeirra.<sup>377</sup> Efni þess er sagt vera „samkomulög“ og kemur eftirfarandi fram í því:

*„Eftirfarandi þau samkomulög sem eru í gildi milli olíufélaganna og JH sér um að viðhalda. Hér eru tilgreind þau mál sem viðræður hafa átt sér stað um.*

- 1. Reykjavíkurborg, vélamiðstöð og SVR. Shell skiptir framlegð.*
- 2. Landhelgisgæslan, fór í útboð en gæslan hafnaði öllum tilboðum. Viðskiptin hafa haldist óbreytt þ.e. smurolían hjá Olís en eldsneytið hjá Shell.*
- 3. Dómsmálaráðuneytið, fór í útboð en ráðuneytið hafnaði öllum tilboðum. Viðskiptin eru eins og þau voru fyrir útboðið en Esso hefur stærstan hluta viðskiptanna.*
- 4. Vestmannaeyjabær, fór í útboð en engin niðurstaða er komin í það mál sem komið er. Verður sennilega óbreytt þar sem Esso er með*

<sup>374</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

<sup>375</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi, dags. 7.11.2002.

<sup>376</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni til Geirs Magnússonar o.fl., dags. 3.1.1997 kl. 16:44.

<sup>377</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar framkvæmdastjóra hjá Olís, dags. 2.5.1997 (Hs. nr. 4320 b).



*ca. 8 milljónir, Olís 2 milljónir og Shell er óþekkt stærð (lóðsinn í eyjum)*

5. *Flugleiðir. Esso skiptir framlegð.*

6. *Ríkiskaup smurþjónusta. Fór í útboð en ekki hefur verið samið við neinn sérstakan aðila.*“

Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjórann hjá Olís um ástæðu þess að tilgreint er í þessu skjali hans að samkomulag væri milli olíufélaganna varðandi smurþjónustuna. Í svari hans segir þetta:

*„Þessu til svars sagði JH að einn sjálfstæður þjónustuaðili sem seldi smurolíu frá Skeljungu hefði sent inn tilboð. JH kvaðst ekki getað útilokað að viðræður hafi átt sér stað milli olíufélaganna um þetta útboð. Hann hafi oft hitt starfsbræður sína hjá hinum félögunum, t.d. á stjórnarfundum í sameignarfélögum. Þar hefði vissulega ýmsu verið kastað fram með óformlegum hætti.“<sup>378</sup>*

Hér verður einnig að líta til þess að olíufélögin voru á þessum tíma nýlega búin að sammælast um að ræða saman vegna allra útboða. Samráð vegna þessa útboðs var í samræmi við markmið þess samkomulags.

Einungis eitt fyrirtæki, Gúmmívinnustofan hf., sendi inn tilboð en því var hafnað þar sem Ríkiskaup töldu að ekki hefði náðst sú hagkvæmni með útboðinu sem að var stefnt.<sup>379</sup>

Að mati samkeppnisráðs er ástæða til að taka fram að bann 10. gr. samkeppnislaga tekur bæði til hvers konar samráðs milli keppnauta varðandi efni tilboða og varðandi það hvort yfir höfuð eigi að gera tilboð. Það er augljóslega samkeppnishamlandi ef keppnautar koma sér saman um að veita ekki afslátt með því að senda ekki inn tilboð. Ekki skiptir hér höfuðmáli að olíufélögin hafi að takmörkuðu leyti staðið í smurstöðvarekstri sjálf. Félögin gátu sent inn frávikstilboð, eins og OHF íhugaði, eða jafnvel hafið smurstöðvarekstur eða aukið við hann ef umfang viðskiptanna hefði gefið tilefni til þess. Aðalatriðið er að félögunum bar að taka sjálfstæðar ákvarðanir vegna þessa útboðs sem þau gerðu ekki. Jafnframt verður ekki framhjá því horft að olíufélögin þrjú höfðu af því augljósa hagsmuni að vinna gegn því að útboðið myndi leiða til þess að verð á smurolíu lækkaði. Ber í því sambandi að hafa í huga að bæði fyrir og eftir þetta útboð stóðu olíufélögin þrjú í samræmdum aðgerðum til að reyna að hækka verð á smurolíu, sbr. nánari umfjöllun í t.d. kafla VI 7.1. Í dæmaskyni má

<sup>378</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 16.8.2002.

<sup>379</sup> Fundargerð Ríkiskaupa um opnun tilboða 7.1.1997 í útboði 10692 og bréf Ríkiskaupa til Gúmmívinnustofunnar, dags. 14.1.1997 (Gögn frá Ríkiskaupum).

nefna að í þeim kafla er greint frá því að þann 6. janúar 1997 hafi framkvæmdastjóri hjá Olís sent tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF. Í tölvupóstinum er stungið upp á fundi til að ræða m.a. „smurolíuframlegðina“ og vísað til fyrri viðræðna félaganna um það málefni. Jafnframt átti að ræða um aðgerðir til að fá tiltekinn keppinaut olíufélaganna til að hætta að selja smurolíu og skapa þannig grundvöll til verðhækkana. Þessum tölvupósti var svarað af Skeljungu og OHF og var fundur haldinn 13. janúar 1997.

Í athugasemdum Skeljungs er því mótmælt að olíufélögin hafi haft með sér samráð vegna þessa útboðs. Því til stuðnings fullyrðir félagið að Samkeppnisstofnun hafi dregið rangar ályktanir af tölvupósti OHF frá 3. janúar 1997 og slitið hann úr öllu samhengi. Vísar Skeljungur einnig til nefnds tölvupósts sem framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF sendi forstjóra félagsins þann 2. janúar 1997. Telur félagið að þessir tveir tölvupóstar sýni að OHF hafi tekið sjálfstæða viðskiptalega ákvörðun um að senda ekki inn tilboð og ástæða hennar hafi eingöngu verið rekstrarleg. Ekki sé hægt að útiloka að starfsmenn OHF eða rekstraraðilar smurstöðvanna hafi haft einhverjar spurnir af fyrirætlunum hinna félaganna. Hvort og þá hvernig það hafi atvikast verði ekki fullyrt út frá þessum tölvupóstsamskiptum innan OHF. Þá sé ekki með nokkru móti unnt að draga þá ályktun af þessum innanhússpósti hjá OHF að félögin þrjú hafi komist að samkomulagi um að senda ekki inn tilboð.

Í athugasemdum OHF er því einnig mótmælt að samráð hafi átt sér stað í þessu tilviki. OHF telur að tölvupósturinn frá 2. janúar 1997 sýni ekki fram á samráð. Í honum séu hin olíufélögin ekki nefnd á nafn. Jafnframt merki það að hafa njósnir af einhverju ekki að menn hafi spurt keppinauta hvað þeir hugðust gera, heldur þvert á móti að ályktanir hafi verið dregnar af öðrum upplýsingum. Á samkeppnismarkaði reyni aðilar stöðugt að komast að því hvernig keppinautar muni haga sér í framtíðinni. Slíkar upplýsingar vilji fyrirtæki eðlilega ekki gefa. Þess vegna reyna fyrirtæki að afla vísbendinga til að geta spáð fyrir um hegðun keppinauta. Þetta kallist að hafa njósnir af fyrirhugaðri hegðun og væri óþarft ef samstarf væri á milli viðkomandi fyrirtækja. OHF bendir einnig á að hagsmunir fyrirtækisins vegna útboðsins hafi verið hverfandi vegna þess að það hafi einungis rekið eina smurstöð. Svigrúm á markaðnum til að fjölga smurstöðvum hafi verið afar takmarkað og því ekki óeðlilegt að félagið hafi séð kröftum sínum betur varið í önnur mál. Sú fullyrðing Samkeppnisstofnunar sem komið hafi fram í frumathugun I að ekki skipti máli að félagið hafi ekki verið í smurstöðvarekstri sé rökleysa. Svigrúm til verðlækkana hafi verið lítið og félagið hafi ekki getað byggt nýjar smurstöðvar til að ná til sín auknum viðskiptum. OHF telur einnig að ekki hafi verið um neitt heildarsamkomulag að ræða. Ef slíkt samkomulag hafi verið fyrir hendi sé vandséð hvers vegna félögin hafi verið í óvissu um fyrirhugaða hegðun keppinautanna.

Til svars við þessu bendir samkeppnisráð á að hvorki OHF né Skeljungur fjalla um minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís frá 2. maí 1997. Minnisblaðið tilgreinir útboð þar sem olúfélögin hafa sannanlega haft með sér samráð um gerð tilboða og telur samkeppnisráð að það hafi verulega þýðingu í málinu að tekið sé fram í minnisblaðinu að samkomulag hafi verið milli félaganna varðandi smurþjónustuútboð Ríkiskaupa. Dregur það úr trúverðugleika málflutnings OHF og Skeljungs að þessu leyti að félögin líti framhjá þessu mikilvæga gagni. Varðandi mótmæli Olís og Skeljungs að öðru leyti telur samkeppnisráð rétt að áréttta eftirfarandi:

- Olúfélögin þrjú sóttu öll útboðsgögn.
- Framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF sagði forstjóra sínum 2. janúar 1997 að félagið myndi væntanlega skila inn frávíkstilboði.
- Þann 3. janúar 1997, fjórum dögum áður en skilafrestur rann út, taldi framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF „öruggt“ að hin félögin myndu ekki senda inn tilboð. Í þessu felst ekki spá framkvæmdastjórans heldur vissa um aðgerðir m.a. Olís og Skeljungs.
- Þann 6. janúar 1997 átti framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF í samskiptum við hin félögin varðandi verðlagningu á smurolíu og er í þeim samskiptum einnig vísað til fyrri samskipta um sama efni.
- Ekkert olúfélaganna gerði tilboð.
- Á minnisblaði frá Olís þar sem tilgreint er samráð olúfélaganna vegna útboða er þetta útboð nefnt.

Þessi atriði virt saman leiða óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu að olúfélögin þrjú hafi haft með sér samráð vegna útboðs Ríkiskaupa nr. 10692. Samkeppnisráð telur að þessar athafnir hafi verið liður í samkomulagi félaganna um að ræða saman um öll útboð og verið hluti af samfelldu samráði félaganna. Hér er einnig rétt að taka fram að sjónarmið OHF um að þetta útboð hafi skipt litlu fyrir félagið eru ekki í samræmi við gögn málsins. OHF sótti útboðsgögn, óskaði eftir því að Ríkiskaup veittu lengri skilafrest, íhugaði alvarlega að senda inn frávíkstilboð og fjórir starfsmenn OHF funduðu með aðilum sem ráku smurstöðvar og notuðu smurolíu frá OHF. Þetta sýnir að OHF tók útboðið alvarlega.

## **5. Útboð Flugleiða 1996 og 1997 vegna eldsneytiskaupa á Keflavíkurflugvelli**

### **5.1. Almennt**

Áður en vikið er að útboðum Flugleiða vegna eldsneytiskaupa á Keflavíkurflugvelli 1996 og 1997 er rétt að hafa í huga að í málinu er að finna ýmis gögn sem gefa til kynna samráð olúfélaganna vegna viðskipta við Flugleiðir. Til stuðnings þessu má

vísa til minnisblaðs forstjóra Skeljungs frá 11. september 1991.<sup>380</sup> Minnisblaðið lýsir fundi hans með forstjórum OHF og Olís og sá síðastnefndi er sagður hafa nefnt hvort hugsanlegt sé að ná samkomulagi um flugviðskipti, bæði í Keflavík og Reykjavík. Minnisblaðið lýsir atvikum sem gerðust fyrir gildistöku samkeppnislaga en gildi þess er að það sýnir að lengi hefur verið vilji til þess af hálfu olíufélaganna að ræða um samstarf vegna þessara viðskipta. Þá hefur hér þýðingu að á árinu 1994 voru sameinaðar afgreiðslustöðvar olíufélaganna á Keflavíkurflugvelli. Olís rak um nokkurra ára skeið eigin afgreiðslustöð á flugvellingnum en Skeljungur og OHF ráku saman stöð. Ljóst er að einn hvatinn fyrir þessari sameiningu var að draga úr samkeppni milli olíufélaganna í sölu á eldsneyti til flugfélaga. Fjallað verður um þetta nánar í kafla VII. Samhengisins vegna er þó rétt að geta þess hér að í gögnum málsins er að finna minnisblað frá árinu 1993 sem lýsir undirbúningsviðræðum olíufélaganna um sameiningu afgreiðslustöðvanna.<sup>381</sup> Í minnisblaðinu kemur fram að fulltrúar Olís og Skeljungs hafi verið sammála um að „*eftir sameininguna væri hægt að innheimta mun herra gjald af Flugleiðum en ef Flugleiðir færi í útboð og pressuðu niður verðið.*“

Líta má einnig til þess að á árinu 1993 skiptust olíufélögin á upplýsingum um uppbyggingu tilboða sinna eftir að útboði Flugleiða lauk í maí 1993. Þannig kemur fram á minnisblaði forstjóra Olís að bæði fulltrúar Skeljungs og OHF hafi greint frá því að afgreiðslugjald hafi verið inni í tilboði þeirra til Flugleiða en gjald þetta var ekki inn í tilboði Olís.<sup>382</sup>

Ljóst er að í tengslum við útboð Flugleiða á þotueldsneyti í apríl 1995 hafi olíufélögin a.m.k. skipst á upplýsingum um verð. Hjá Skeljungu fannst skjal sem ber heitið „*Útreikningar vegna Flugleiða Keflavík*“, dags. 28. apríl 1995.<sup>383</sup> Tilboðsfrestur í útboðinu var til 5. maí 1995. Á skjalinu er farið yfir forsendur útboðs Flugleiða 1994 og reynt að meta hvað þyrfti að bjóða til að ná samningi vegna útboðsins 1995. Í skjalinu er áætlað hvernig tilboð Olís og OHF til Flugleiða á árinu 1994 hafi verið sundurliðað. Fyrir aftan áætlunina er síðan handskrifað hvernig tilboð keppinautanna hafi í raun verið sundurliðuð vegna útboðsins 1994. Á tilboð Skeljungs vegna útboðsins 1995 er handskrifað hvernig tilboð OHF hafi verið sundurliðað.<sup>384</sup> Eins og nánar verður fjallað um hér á eftir er einungis samtala tilboðs viðkomandi olíufélags lesin upp við opnun tilboða hjá Flugleiðum. Útilokað er fyrir aðra að reikna út fjárhæð allra þátta tilboðs þó viðkomandi þekki heildarfjárhæðina.

<sup>380</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar nr. 25/91, dags. 11.9.1991 (Hs. nr. 7082).

<sup>381</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Harðar Helgasonar, dags. 3.12.1993, sem lýsir fundi hans með Bjarna S. Jónssyni (Skeljungur) og Bjarna Bjarnasyni (OHF).

<sup>382</sup> Minnispunktur Einars Benediktssonar vegna opunar útboðs Flugleiða, dags. 15.5.1993. Á seinni síðu eru handskrifaðir minnispunktur, dags. 21.5.1993, sem lýsa samtölunum við OHF og Skeljung (Hs. nr. 5857).

<sup>383</sup> Skjal frá Skeljungu með fyrirsögninni „*Útreikningar vegna Flugleiða Keflavík*“, dags. 28.4.1995 (Hs. nr. 8867).

<sup>384</sup> Tilboð Skeljungs í útboði Flugleiða, dags. 5.5.1995 (Hs. nr. 8867).

Í athugasemdum OHF segir að félagið hafi ekki vitneskju um það hvernig upplýsingar um sundurliðað tilboð félagsins til Flugleiða 1994 og 1995 hafi borist í hendur Skeljung. Tveir kostir komi til greina. Annað hvort hafi tölurnar borist Skeljung frá OHF eða frá Flugleiðum. Telur OHF að líklega sé um að ræða lögbrot í báðum tilvikum. Það sé því með ólíkindum að Samkeppnisstofnun skuli sjálfkrafa gefa sér að OHF hafi brotið af sér en ekki Flugleiðir. Þessi ásökun Samkeppnisstofnunar sé með öllu ósönnuð og er harðlega mótmælt.

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að ekkert í málinu gefur til kynna að þessar upplýsingar séu komnar frá Flugleiðum. Samkeppnisráð telur reyndar mjög ósennilegt að Flugleiðir hafi dreift slíkum viðskiptaleyndarmálum enda hefur t.d. Skeljungur lýst því yfir að mjög fagmannlega hafi verið staðið að þessum útboðum Flugleiða.<sup>385</sup> Með hliðsjón af upplýsingamiðlun olíufélaganna að þessu leyti árið 1993 verður að telja líklegast að Skeljungur hafi fengið þessar upplýsingar frá keppinautum sínum. Samráð félaganna gagnvart Flugleiðum á árunum 1996 og 1997 styður þetta einnig. Upplýsingar af þessum toga teljast skýrlega til viðkvæmra viðskiptalegra upplýsinga. Fela þessi upplýsingaskipti í sér vísbendingu um samvinnu félaganna varðandi viðskipti við Flugleiðir. Ekki þykir hins vegar eðlilegt að horfa til þessara upplýsingaskipta við beitingu viðurlaga þar sem gögn málsins eru óljós um eðli þeirra og aðdraganda, það er t.d. ekki ljóst hvort upplýsingarnar hafi verið veittar fyrir eða eftir að tilboð voru afhent.

## 5.2. Útboð Flugleiða 1996

Í apríl 1996 óskuðu Flugleiðir eftir tilboðum í þotueldsneyti afhent á eldsneytistanka flugvéla félagsins á Keflavíkurflugvelli. Útboðið var lokað og var olíufélögunum þremur boðið að gera tilboð. Samkvæmt útboðslýsingu yrði gerður samningur til eins árs við það olíufélag sem hlyti verkið.<sup>386</sup> Fram kemur að áætluð eldsneytisþörf Flugleiða fyrir þetta tímabil væri 4.470.000 gallon eða 16.920.434 lítrar. Skilafrestur á tilboðum var til kl. 11:00 9. maí 1996. Að mati samkeppnisráðs sýna gögn málsins með ótvíræðum hætti að olíufélögin hafi haft með sér samráð m.a. um að hækka verð í tengslum við þetta útboð.

Í gögnum málsins liggur fyrir tölvupóstur frá Olís sem sendur var 6. maí 1996.<sup>387</sup> Tölvupósturinn er til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís frá ritara forstjóra félagsins. Efni tölvupóstsins er sagt vera „*Flugmál*“. Í honum er að finna eftirfarandi skilaboð frá forstjóra Olís:

<sup>385</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>386</sup> Útboðslýsing Flugleiða hf., *Þotueldsneyti fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli*, dags. apríl 1996 (Hs. nr. 8867).

<sup>387</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Erlu Leifsdóttur til Jóns Halldórssonar, dags. 6.5.1996 kl. 12:33.

„Ekki staðfest að þessi fundur verði uppi í Esso kl. 14:30. Tel rétt að fara undirbúa tilboðsgerð v/Flugleiða.“

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um hvað olúfélögin hugðust ræða á þessum fundi. Forstjórinn hefur svarað því til að „því hafi hugsanlega verið kastað fram hvort olúfélögin ættu að hafa samstarf í þessu útboði.“<sup>388</sup> Ekki er ljóst hvort olúfélögin hittust á fundi 6. maí 1996. Hins vegar liggur fyrir að daginn eftir tók deildarstjóri flugþjónustu OHF saman eftirfarandi skjal sem tengist þessu útboði Flugleiða.<sup>389</sup>

#### Skilgreiningar:

EE= Eldsneytisverð Esso (í IKR en \$-gengis- og Plattstengt)  
EA= Afgreiðsluverð Esso (innlendir kostnaður í IKR tengt byggingarvísitölu)  
ET= EE+EA (heildarverð Esso án marginu)

Samsvarandi skilgreiningar fyrir Olís og Skeljung með „O“ og „S“ fyrir framan

#### Módel:

Esso	Olís	Shell
EE	OE	SE
+EA	+OA	+SA
<hr/>		
ET	OT	ST
+M	+M	+M
<hr/>		
GET	GOT	GST

M= margina sem ákvarðast sem föst krónutala á ltr (tengd b-vísitölu eins og annar innlendir kostnaður). Verður hluti af afgreiðsluverði.

GET= Heildarverð Esso með marginu og samsvarandi hjá hinum.

- \* Til að gera módel sem trúverðugst þá verði röðin svona GET<GOT<GST m.a. vegna aðstöðumunar hér innanlands (þ.e. EA<OA<SA).
- \* Reiknað er með að skipst verði á upplýsingum um ET, OT og ST.
- \* Gert er ráð fyrir að ET, OT og ST séu slétt kostnaðarverð.
- \* Ákvarða þarf M milli aðila
- \* Heildarafgreitt magn á samningstímanum er áætlað 16.900.000 ltr.

#### Þáttur EAK sf.<sup>390</sup>:

- \* Esso greiðir álag á afnotagjald í EAK af umræddu magni sem samsvarar 2/3 M.
- \* Þannig myndast “púlía” í EAK.

<sup>388</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna funda með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 16.8.2002.

<sup>389</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Skjal með fyrirsögninni *Skilgreiningar*., höfundur Smári Þ. Sigurðsson (Model.doc, samið 7.5.1996. Síðast vistað 8.5.1996 kl. 8:17.).

<sup>390</sup> Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli, fyrirtæki í eigu olúfélaganna þriggja.

- \* Við lok uppgjörárs greiðir EAK O og S út púliuna til helminga, sem hluta af hagnaði.
- \* Slíkt uppgjör yrði algjört innanhúsmál hjá EAK, sem ákveður ein og sér hvernig þessum hluta hagnaðarins er varið.
- \* Gert er ráð fyrir að hagnaði EAK umfram púliu verði skipt með hefðbundnum hætti.

Sérstakt gjald á flugeldsneyti er ekki inni í ofangreindu módeli enda gert ráð fyrir því sem sérstökum lið á tilboðsblaði.

Höfundur skjalsins hefur staðfest að það tengist umræddu útboði Flugleiða. Eins og efni þess ber með sér er í skjalinu sett fram aðferð til að hafa samráð við gerð tilboða í þessu útboði Flugleiða. Í því skyni að „*módel*“ verði sem „*trúverðugst*“ er lagt til að OHF bjóði lægst. Í skjalinu er í því sambandi vísað til aðstöðumunar félaganna. Hér er væntanlega vísað til þess að OHF átti birgðastöð fyrir eldsneyti í Hafnarfirði sem gerði það að verkum að kostnaður OHF vegna aksturs á eldsneyti til Keflavíkurflugvallar var á þessum tíma lægri en hjá hinum félögunum. Jafnframt er í skjalinu fjallað um hvernig beri að skipta ágóðanum af samráðinu á milli olíufélaganna. Skjalið sýnir þannig greinilega að gert hafi verið ráð fyrir því að OHF myndi hljóta viðskiptin við Flugleiðir og skipta síðan verðhækkuninni með hinum félögunum á vettvangi sameiginlegrar afgreiðslustöðvar olíufélaganna á Keflavíkurflugvelli. Aðspurður um þetta skjal hefur höfundur þess upplýst að á þessum tíma hafi olíufélögin haft vilja til þess að hækka verð gagnvart Flugleiðum. Olíufélögin ættu og rækju Eldsneytisafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, EAK.<sup>391</sup> Flugleiðir væru stærsti viðskiptavinur EAK sem hafi stöðu sinnar vegna getað náð fram óeðlilega lágu afgreiðslugjaldi. Olíufélögin hafi í þessu útboði viljað rétta hlut EAK gagnvart Flugleiðum. Flugleiðir hafi haft mikla þekkingu á viðskiptum með eldsneyti og það hafi orðið að „*búa þannig um hnútana að Flugleiðir sæju ekki að verið væri að hækka afgreiðslugjaldið í EAK*“. Í skjalinu séu þannig settar fram hugmyndir um aðferðir til að dulbúa þessa hækkun, eins og það er orðað. Höfundur skjalsins hefur jafnframt upplýst að hann hafi rætt efni þess við starfsbræður sína hjá Olís og Skeljungu.

Samkvæmt dagbókum forstjóra Skeljungs og Olís var haldinn fundur forstjóra félaganna þriggja kl. 10, 8. maí 1996 eða daginn áður en tilboðsfrestur rann út í framangreindu útboði Flugleiða.<sup>392</sup> Jafnframt er ljóst að ofangreindu skjali deildarstjóra flugþjónustu OHF var seinast breytt kl. 8:17 þennan sama dag eða tæpum tveimur tímum áður en forstjórafundurinn hófst. Deildarstjórinn kveðst ekki vita til þess að þetta skjal hafi verið rætt á forstjórafundinum og forstjóri OHF kveðst hvorki muna eftir þessum fundi né skjalinu.<sup>393</sup> Þegar hins vegar efni skjalsins er virt

<sup>391</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>392</sup> Dagbók Einar Benediktssonar fyrir árið 1996 (Hs. nr. 4002). Vasadagbók Kristins Björnssonar fyrir árið 1996 (Hs. nr. 7019). Dagbók Kristins Björnssonar (Hs. nr. 7007).

<sup>393</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

og horft er til þeirrar staðreyndar að seinasta breyting á skjalinu var gerð skömmu fyrir forstjórafundinn telur samkeppnisráð allar líkur standa til þess að skjalið hafi verið rætt á fundinum.

Umræddur deildarstjóri hjá OHF hefur upplýst að olíufélögin hafi í tengslum við þetta útboð Flugleiða ákveðið að hækka tilboðsverð sitt um 30 aura á hvern lítra af eldsneyti til að bæta afkomu EAK.<sup>394</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF hefur upplýst að hann minnst þess að forstjóri OHF hafi tilkynnt honum vorið 1996 að náðst hefði samkomulag um að skipta framlegð af viðskiptum OHF við Flugleiðir með hinum félögunum.<sup>395</sup> Þegar þessi framburður OHF er virtur í samhengi við gögn málsins frá 1996 og 1997 er það mat samkeppnisráðs að á fundi forstjóra olíufélaganna 8. maí 1996 hafi náðst um það samkomulag að olíufélögin myndu hafa samstarf um gerð tilboða sem miðaði að því að hækka verð til Flugleiða um 30 aura á lítra. Ákveðið hafi verið að OHF héldi viðskiptunum við Flugleiðir og gegn því myndi OHF skipta á milli olíufélaganna þriggja umsamdri hækkun á verði til Flugleiða. Þetta er orðað í gögnum málsins á þann hátt að OHF skipti framlegð vegna þessara viðskipta. Niðurstaða útboðsins var í samræmi við þetta og OHF hélt viðskiptunum. Verður nú gerð grein fyrir öðrum gögnum málsins sem styðja þetta.

Í málinu er að finna yfirlit frá OHF sem sýna að fyrirtækið hafi frá júní 1996 til maí 1997 greitt mánaðarlega til EAK 30 aura af hverjum seldum lítra til Flugleiða.<sup>396</sup> Jafnframt kemur fram að í árslok 1996 og 1997 hafi þessum greiðslum verið skipt jafnt milli olíufélaganna þriggja. Frá og með júní 1997 hækkaði þessi greiðsla eftir samstarf olíufélaganna í tengslum við útboð Flugleiða í apríl 1997, sbr. nánar hér á eftir. OHF hefur staðfest að þessi yfirlit sýni framkvæmd á samkomulagi olíufélaganna um að skipta þessari hækkun með sér.<sup>397</sup>

Hjá forstjóra Skeljungs fannst ódagsett handskrifað minnisblað sem líkur benda til að hafi verið ritað á árinu 1996, eins og sýnt verður fram á hér á eftir.<sup>398</sup> Á minnisblaðið er fyrst skrifað að „*utan skipta*“ séu erlend skip Samherja og Mecklenburger (dótturfyrirtæki ÚA á árinu 1996). Þessi athugasemd vísar til samstarfs olíufélaganna varðandi sölu til erlendra skipa hér á landi, sem nánar verður gerð grein fyrir í kafla V. Samherji og ÚA voru á árinu 1996 í viðskiptum við Olís. Í tölvupósti frá forstjóra OHF til undirmanna hans í febrúar 1997 er vísað til þess að það hafi verið samþykkt á

<sup>394</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>395</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 20.8.2002.

<sup>396</sup> Afrituð tölvuskjöl frá OHF. Excelskjál Smára Þ. Sigurðssonar með fyrirsögninni „*Skipting hagnaðar í EAK sf. 1996*“ (PROFIT96.XLSSHEET1). Excelskjöl Smára Þ. Sigurðssonar með fyrirsögninni „*1997–8*“ (KGB.XLS1997–8 og KGB.XLS1998).

<sup>397</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>398</sup> Ódagsett handskrifað minnisblað Kristins Björnssonar (Hs. nr. 7072).



forstjórafundum að sala Olís til dótturfyrirtækja Samherja og ÚA sé utan skipta ef hún sé á þeim kjörum sem móðurfyrirtækin njóta.<sup>399</sup> Þegar þessi tölvupóstur OHF er skoðaður í samhengi við önnur gögn málsins verður að telja líklegt að þessi samþykkt forstjóranna varðandi dótturfyrirtæki Samherja og ÚA hafi verið gerð á fundi 1996 og umrætt minnisblað forstjóra Skeljungs sé því frá þeim tíma. Í minnisblaði forstjóra Skeljungs segir síðan:

„*ESSO* - *OLÍS* - *SHELL*  
*0,10* *0,10*

*0,50*

*0,70* *Flugleiðir*“

Minnisblaðið fannst með gögnum forstjóra Skeljungs frá árinu 1996 og tengjast samvinnu olíufélaganna vegna útboða Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar. Þegar öll þessi atriði tengd minnisblaðinu eru virt heildstætt telur samkeppnisráð allar líkur á því að minnisblaðið sé ritað á árinu 1996, væntanlega á forstjórafundinum 8. maí 1996 eða í tengslum við þann fund. Að mati samkeppnisráðs hefur minnisblaðið verið tekið saman vegna umræðna olíufélaganna um samvinnu og skiptingu framlegðar vegna umrædds útboðs Flugleiða. Minnisblaðið sýnist gera ráð fyrir því að OHF héldi viðskiptunum og greiddi Olís og Skeljungi 10 aura af hverjum seldum lítra af eldsneyti. Minnisblaðið virðist einnig gera ráð fyrir að framlegð OHF af viðskiptunum yrði 50 aurar af hverjum seldum lítra til Flugleiða. Þessi skipting er í aðalatriðum í samræmi við önnur gögn málsins, sbr. umfjöllun hér á eftir. Jafnframt ber að líta til þess að það tíðkaðist í þessu samstarfi olíufélaganna að það olíufélag sem ákveðið var að fengi viðskipti eftir útboð hefði hærrí framlegð en hin félögin sem voru aðilar að samkomulagi um framlegðarskiptingu, sbr. t.d. samkomulag olíufélaganna varðandi útboð Reykjavíkurborgar 1996. Hefur þetta væntanlega þótt eðlilegt út af kostnaði og umstangi vegna viðskiptanna. Aðspurður um þetta minnisblað hefur forstjóri Skeljungs sagt að það tengist ákvörðun olíufélaganna um að hækka afgreiðslugjald til EAK.<sup>400</sup> Nánari grein verður gerð fyrir skýringum forstjóra Skeljungs hér á eftir.

Minnisblað sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tók saman vegna fyrirspurnar forstjóra félagsins sýnir einnig fram á þetta samkomulag olíufélaganna.<sup>401</sup> Minnisblaðið er frá 2. júlí 1996 og hljóðar svo:

<sup>399</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Geir Magnússyni til Þórólfs Árnasonar, Garðars Steindórssonar og Herberts Herbertssonar, dags. 20.2.1997 kl. 9:13.

<sup>400</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>401</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Kristjáns B. Ólafssonar til Einars Benediktssonar, dags. 2.7.1996.

## OLÍS

Memó 2. júlí 1996 frá KBÓ til EB.

### Varðar: Fyrirspurn um útboð Flugleiða

f/ebflugl

Magn í gallonum: 4.470.000  
**Magn í lítrum: 16.920.434**

Tilboð OLÍS: 14,64 kr/ltr án vsk  
Heildarvelta 247,7 milljónir  
Áætluð framlegð 0,49 kr/ltr  
Áætluð framlegð 8,3 milljónir  
Hverjar 0,10 kr/ltr = 1,7 millj. í framlegð

Ca. tilboð Skeljungs 14,54

Ca. tilboð Esso 14,44  
Essó greiðir síðan til OLÍS og Skeljungs ákveðna upphæð á ári.

Framlegð Esso út úr þessum pakka er því \_\_\_\_\_ milljónir. Að teknu tilliti til gengismála og áætlaðra kostnaðarliða má ætla að nettó framlegð Essó sé ekki mikil og þekkir EB það mál jafnvel eða betur en KBÓ.

Framlegð Skeljungs er mjög góð úr Reykjavíkurborg því veittur afsláttur er, ef ég man rétt, nálægt 0,50 kr/ltr.

Minnisblaðið fjallar um útboð Flugleiða í maí 1996. Það tiltekur hvað hverjir 10 aurar af seldu magni til Flugleiða þýði í framlegð og síðan segir beinlínis í minnisblaðinu að OHF greiði Olís og Skeljungi ákveðna upphæð á ári. Eins og áður sagði verður minnisblað forstjóra Skeljungs ekki skilið öðruvísi en að Olís og Skeljungur ættu að fá í sinn hlut 10 aura per lítra vegna þessara viðskipta. Annað gagn framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís bendir einnig í sömu átt. Í september 1996 tók hann saman skýrslu sem tengist samráði olúfélaganna varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar.<sup>402</sup> Einnig er í skýrslunni fjallað um ÚA og Flugleiðir og settir fram útreikningar sem sýna framlegðarskiptingu milli olúfélaganna varðandi viðskipti við alla þessa aðila. Varðandi Flugleiðir er í skýrslunni tiltekið það magn eldsneytisviðskipta við Flugleiðir sem útboðið í maí 1996 gerði ráð fyrir og síðan er tiltekið hver framlegðarskiptingin væri milli olúfélaganna og er miðað við að Olís og Skeljungur fengju í sinn hlut 10 aura á lítra hvort félag. Styðja öll þessi gögn hvert annað. Aðspurður um þessi skjöl hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís sagt að forstjóri fyrirtækisins hafi oft falið honum að framkvæma ýmsa útreikninga um

<sup>402</sup> Skjöl frá Olís í tveimur heftum. Skjal merkt á fyrstu síðu „Efnisyfirlit og trúnaðarmál“, dags. 14.9. og 16.9.1996 (Hs. nr. 4052). Skjal merkt „Samtals Rvk.borg+LHG+UA+Flugleiðir“, dags. 14.9. og 16.9.1996 (Hs. nr. 5857).

verð og framlegð og þessi skjöl séu dæmi um það.<sup>403</sup> Kvaðst framkvæmdastjórinn vita að olíufélögin hafi rætt um samstarf varðandi Flugleiðir og hann teldi að þau hafi haft samstarf í tengslum við útboð Flugleiða í maí 1996 og apríl 1997 og skipt með sér framlegð vegna viðskiptanna.

Önnur gögn frá Skeljungu frá árinu 1996 benda einnig eindregið til samráðs vegna útboðs Flugleiða. Í skjali frá Skeljungu sem dagsett er 9. maí 1996, eða sama dag og skila átti inn tilboðum til Flugleiða, koma fram sundurliðaðar upplýsingar um tilboð Olís og OHF.<sup>404</sup> Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að á tilboðseyðublaði Flugleiða átti að sundurliða tilboðsfjárhæðina með eftirfarandi hætti:

1. Eldsneytisverð í krónum á lítra
2. Afgreiðslugjald í krónum á lítra
3. Flugvallargjald í krónum á lítra
4. Samtals krónur á lítra án VSK.

Samkvæmt tilboðseyðublaðinu var einungis liður 4 lesinn upp við opnun tilboða. Samkeppnisstofnun hefur spurt aðstoðarforstjóra Skeljungs hvaðan fyrirtækið hafi fengið sundurgreindar upplýsingar um tilboð keppinauta sinna. Hann kveðst ekki vita það. Þær gætu hafa lekið frá Flugleiðum en hann geti ekki staðfest það.<sup>405</sup> Aðstoðarforstjórinn hefur í þessu sambandi haldið því fram að flestir kostnaðarliðir væru þekktir, olíufélögin hafi þekkt t.d. eldsneytisverðið, gjald í birgðastöð og fjárhæð flugvallarskatts. Þannig væri unnt að áætla þetta nánast til enda.

Að mati samkeppnisráðs var ekki unnt fyrir Skeljung að reikna út hvert væri eldsneytisverðið og afgreiðslugjald hjá keppinautum þó fyrirtækið hefði vitneskju um samtöluna. Í því sambandi skiptir máli að forstjóri OHF hefur greint frá því að í útboðslýsingu Flugleiða væru gefnar upp fastar forsendur um innkaupsverð og gengi. Á grundvelli þeirra upplýsinga væri mögulegt að áætla tiltekna þætti í tilboðinu. Hins vegar væri að mati forstjórans ekki unnt fyrir utanaðkomandi aðila að reikna upp á eyri t.d. fjárhæð liðsins afgreiðslugjald í tilboðinu þó viðkomandi þekkti heildartöluna.<sup>406</sup> Í því sambandi má að mati samkeppnisráðs einnig hafa í huga að samkvæmt útboðslýsingu skyldi afgreiðslugjaldið innifela kostnað vegna áhættu, hagnað og allan annan kostnað sem liðir 1 og 3 tækju ekki til. Útilokað er að Skeljungur hafi getað áætlað upp á eyri hver þessi kostnaður hinna félaganna hafi verið. Þrátt fyrir að aðstoðarforstjóri Skeljungs fullyrði að olíufélögin hafi þekkt eldsneytisverð hvers annars þá er það engu að síður staðreynd að liðurinn

<sup>403</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrirverandi framkvæmdatjóra fjármálasviðs hjá Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>404</sup> Skjal með heitinu *Tilboð 1996*, dags. 9.5.1996 (Hs. nr. 8867). Sjá einnig tilboð olíufélaganna til Flugleiða: Tilboð Skeljungs, dags. 9.5.1996 (Hs. nr. 8867). Tilboð Olís, dags. 9.5.1996 (Hs. nr. 4961). Tilboð OHF, dags. 9.5.1996 (Gagn afhent af OHF).

<sup>405</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>406</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

eldsneytisverð í tilboðum hvers félags fyrir sig er mismunandi. Því getur ekki staðist að Skeljungur hafi getað áætlað upp á eyri eldsneytisverð hinna félaganna í þessu útboði þó fyrirtækið hefði almennt greinargóðar upplýsingar um uppbyggingu eldsneytisverðs og gæti reynt að áætla kostnaðarþætti keppinautanna. Samt sem áður koma þessar upplýsingar fram í skjalinu frá Skeljungu. Í útboðslýsingu Flugleiða er því heitið að einungis samtalan sé lesin upp við opnun tilboða, enda teljast sundurgreindar upplýsingar um uppbyggingu tilboða almennt til viðskiptaleyndarmála. Ekkert í málinu gefur til kynna að Flugleiðir hafi rofið trúnað og þessar upplýsingar borist Skeljungu frá Flugleiðum. Þegar horft er til annarra gagna um samstillt átak olíufélaganna um að hækka verð gagnvart Flugleiðum og upplýsingaskipta milli félaganna um tilboðsfjárhæðir, sem sú áætlun gerði ráð fyrir, telur samkeppnisráð að þessar upplýsingar séu komnar frá hinum félögum og þetta sé enn ein vísbending um samstarf félaganna að þessu leyti.

Annað skjal frá Skeljungu styður þetta enn frekar. Þetta skjal er ódagsett en það fjallar um útboð Flugleiða 1996.<sup>407</sup> Neðst á skjalið er hins vegar handskrifuð dagsetningin 9. september 1996 og nöfn tveggja stjórnenda hjá Skeljungu. Á skjalinu koma fram sömu sundurliðuðu upplýsingar um tilboð Olís og OHF í umræddu útboði og á framangreindu skjali. Síðan koma fram sundurliðuðar upplýsingar um hvaða kostnaður standi á bak við liðinn afgreiðslugjald í tilboði OHF vegna útboðsins 1996. Einn liðurinn er sagður vera:

„2 x 0,10“

Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur að mati samkeppnisráðs ekki getað útskýrt hvað felst í þessum lið.<sup>408</sup> Að mati ráðsins var Skeljungur augljóslega í þessu skjali að vísa til þess að í tilboði OHF hafi fyrirtækið þurft að gera ráð fyrir því að greiða bæði Olís og Skeljungu 10 auru af hverjum seldum lítra af eldsneyti, sbr. umfjöllun hér að framan um samkomulag um framlegðarskiptingu.

### 5.3. Útboð Flugleiða í apríl 1997

Í apríl 1997 óskuðu Flugleiðir á ný eftir tilboðum í þotuelsneyti sem afhent skyldi á eldsneytistanka flugvéla félagsins á Keflavíkurflugvelli. Útboðið var lokað og var olíufélagunum þremur boðið að gera tilboð. Samkvæmt útboðslýsingu yrði gerður samningur til eins árs við það olíufélag sem hlyti verkið. Fram kom að áætluð eldsneytisþörf Flugleiða fyrir þetta tímabil væri 5.330.000 gallon eða 16.920.434 lítrar. Skilafrestur á tilboðum var til kl. 11:00 30. apríl 1997.

<sup>407</sup> Skjal sem fjallar um útboð Flugleiða 1996, dags. 9.9.1996 (Hs. nr. 8867).

<sup>408</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

OHF hefur upplýst í að í tengslum við þetta útbod Flugleiða hafi olíufélögin ákveðið að hækka tilboðsfjárhæðir um 45 aura til að bæta stöðu EAK.<sup>409</sup> Í málinu er að finna yfirlit frá OHF sem sýna að fyrirtækið hafi frá júní 1997 til maí 1998 greitt mánaðarlega til EAK 0,45 aura af hverjum seldum lítra til Flugleiða.<sup>410</sup> Jafnframt kemur fram að í árslok 1997 og 1998 hafi þessum greiðslum verið skipt jafnt milli olíufélaganna þriggja. OHF hefur staðfest að þessi yfirlit sýni framkvæmd á samkomulagi olíufélaganna um að skipta þessari hækkun á milli sín.<sup>411</sup> Í ljósi gagna málsins verður því að líta svo á að olíufélögin hafi einnig haft með sér samvinnu vegna útbods Flugleiða í apríl 1997. Félögin hafi ákveðið hvað hvert þeirra myndi bjóða til að tryggja að OHF héldi viðskiptunum gegn því að greiða hinum félögunum umsamda hlutdeild í framlegð. Niðurstaða útbodsins var enda sú að OHF fékk aftur viðskiptin við Flugleiðir. Hafa verður einnig í huga að á þessum tíma hafði tekið gildi samkomulag olíufélaganna um að ræða saman vegna allra útboða, sbr. kafla IV 2 hér að framan. Önnur gögn málsins staðfesta að samráð var milli olíufélaganna vegna útbods Flugleiða 1997.

Hjá Skeljungi fundust skjöl sem hafa verið liður í undirbúningi félagsins við gerð tilboðs vegna útbods Flugleiða í apríl 1997. Eftirfarandi er skrifað á eitt þessara skjala<sup>412</sup>:

	„E	O	S
<i>Eldsn.</i>	11,53	11,57	11,63
<i>afgrgj.</i>	<u>2.12</u>	<u>2.13</u>	<u>2.19</u>
	13,65	13,70	13,82
	0	0,05	0,17,,

Framangreindar fjárhæðir eru þær sömu og það eldsneytisverð og afgreiðslugjald sem olíufélögin buðu í tilefni af nefndu útbodi Flugleiða.<sup>413</sup> Eins og áður var nefnt hefur einungis samtalan verið lesin upp þegar tilboð hafa verið opnuð vegna útboða Flugleiða og því ómögulegt fyrir olíufélögin að vita nákvæmlega hvernig tilboð keppinautanna hafa verið samansett að þessu leyti. Samkeppnisráð vísar hér til skjals OHF sem tekið var saman vegna útbodsins 1996 og birt var hér að framan. Í því skjali er gerð grein fyrir aðferðum við tilboðsgerð vegna útbods Flugleiða þannig að fyrirtækið verði þessi ekki vart að olíufélögin hafi sammælst um að hækka verð. Að

<sup>409</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>410</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Excelskjöl Smára Þ. Sigurðssonar með fyrirsögninni „1997–8“. (KGB.XLS1997–8 og KGB.XLS1998).

<sup>411</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>412</sup> Skjal með yfirskriftinni „*Innifalið í eldsneytisverði: CIF+Leki+bankavextir, bankakostnaður*“ (Hs. nr. 8867).

<sup>413</sup> Tilboð Skeljungs til Flugleiða, dags. 30.4.1997 (Hs. nr. 8867). Tilboð OHF til Flugleiða, dags. 30.4.1997 (Gagn afhent af OHF). Tilboð Skeljungs til Flugleiða, dags. 30.4.1997 (Gagn afhent af Olís).

mati samkeppnisráðs eru allar líkur á því að ofangreind tafla á skjali Skeljungs grundvallist á slíkri aðferðafræði og sé niðurstaða af samvinnu olíufélaganna um gerð tilboða til að fela umrædda verðhækkun gagnvart Flugleiðum. Í öðru skjali frá Skeljungu sem er handskrifað og virðist vera uppkast að fyrrgreinda skjalinu er vísað til þess hvert hafi verið afgreiðslugjaldið sem OHF bauð vegna útboðsins 1996 og sagt að inni í því sé „3 x 0,10“.<sup>414</sup> Hér er án efa verið að vísa til umsaminnar skiptingar á framlegð olíufélaganna vegna viðskiptanna við Flugleiðir sem þau sömdu um á árinu 1996. Þessi gögn benda ótvírætt til samvinnu milli olíufélaganna í tengslum við útboð Flugleiða í apríl 1997.

Hér skiptir og verulegu máli að tveimur dögum eftir opnun tilboða eða 2. maí 1997 tók framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís saman, að beiðni forstjóra fyrirtækisins, minnisblað þar sem tilgreind „*eru þau samkomulög sem eru í gildi milli olíufélaganna og JH sér um að viðhalda.*“<sup>415</sup> Fimmti liðurinn á minnisblaðinu er eftirfarandi:

„5. *Flugleiðir. Esso skiptir framlegð.*“

Þessi framkvæmdastjóri hjá Olís hafði umsjón með flugviðskiptum félagsins og sat í stjórn EAK og OHF hefur upplýst að hann hafi tekið þátt í viðræðum olíufélaganna um framangreinda hækkun til Flugleiða.<sup>416</sup> Telja verður að þessi starfsmaður Olís hafi tekið saman þetta minnisblað á grundvelli beinnar vitneskju hans á þessum tíma. Minnisblaðið var tekið saman að beiðni forstjóra Olís og sent honum. Forstjórinn svaraði með tölvupósti og gerði engar athugasemdir varðandi liðinn um Flugleiðir.<sup>417</sup> Forstjórinn gerði hins vegar athugasemdir varðandi Landhelgisgæsluna og tók fram að forstjórar olíufélaganna hefðu ákveðið að samkomulag um skiptingu framlegðar gildi áfram þó Landhelgisgæslan hefði hafnað öllum tilboðum. Sú staðreynd að forstjóri Olís minnist ekkert á Flugleiðir í þessum tölvupósti gefur ótvírætt til kynna að forstjórinn hafi talið upplýsingarnar á minnisblaðinu um samkomulag olíufélaganna um Flugleiðir réttar og að samkomulagið væri í framkvæmd.

Þá er einnig þýðingarmikið að hjá framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF fannst yfirlit sem ber heitið „*Skiptisala olíufélaganna*“.<sup>418</sup> Yfirlitið er dagsett 1. ágúst 1997 og á því er tiltekið hvernig sölu til tiltekinna viðskiptavina eða á tilteknum stöðum hafi verið skipt milli olíufélaganna. Yfirlitið er tvískipt. Annars vegar er tilgreind sú skiptisala sem þegar átti sér stað og síðan eru tilgreindir ýmsir viðskiptavinir þar sem eftir væri „*að ganga frá skiptum*“, t.d. Íslenska járnblendifélagið, SVR og Grandi. Á

<sup>414</sup> Skjal með yfirskriftinni „*CIF+Leki, bankavextir, bankakostn*“ (Hs. nr. 8867).

<sup>415</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar, dags. 2.5.1997 (Hs. nr. 4320 b).

<sup>416</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>417</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 5.5.1997 kl. 14:35 (Hs. nr. 4320).

<sup>418</sup> Yfirlit Bjarna Bjarnasonar „*Skiptisala Olíufélaganna*“, dags. 1.8.1997 (Hs. nr. 1013).

þeim hluta yfirlitsins sem lýsir skiptisölu sem þegar átti sér stað eru Flugleiðir tilgreindir og sagt að OHF hefði umsjón með skiptingunni til Olís og Skeljungs. Forstjóri OHF hefur sagt að hann kannist við þetta yfirlit.<sup>419</sup> Jafnframt hefur forstjórinn á sínum tíma handskrifað á yfirlitið og bætt inn aðilum á þeim hluta þess sem fjallar um ófrágengin skipti. Hefur hann bætt við Landhelgisgæslunni, dómsmálaráðuneytinu og Stykkishólmi. Forstjórinn hefur ekkert skrifað við færsluna um Flugleiðir. Þetta sýnir ótvírætt að forstjóranum var á þessum tíma fullkunnugt um samkomulagið um Flugleiðir og bæði hann og framkvæmdastjóri fjármálasviðs fyrirtækisins hafi talið það vera í framkvæmd. OHF hefur einnig staðfest að þetta yfirlit vísi til samstarfs olíufélaganna vegna umræddrar verðhækkunar til að bæta stöðu í tengslum við útboð Flugleiða 1996 og 1997.<sup>420</sup>

Hér má loks líta til þess að í málinu er að finna ódagsett handskrifað minnisblað frá forstjóra Skeljungs.<sup>421</sup> Minnisblaðið er að öllum líkindum ritað eftir 1996, hugsanlega í upphafi árs 1998.<sup>422</sup> Yfirskrift minnisblaðsins er „*Samskipti við Olís/Esso*“ og síðan eru taldir upp fjölmargir málaflokkar og einn þeirra er Flugleiðir. Samskonar skjal fannst hjá aðstoðarforstjóra Skeljungs. Í minnisbók hans er eftirfarandi ritað:

„*Reykjavíkurborg*  
*1996–1997*                      *1998–1999*  
*lok árs '95*  
*Flugið –Flugleiðir-*  
*LHG ekki skilað*                      *SVR+Malb+Vélam*  
*(Hafnarsj Vestmanna)*  
*Vegagerðin án útboðs*“<sup>423</sup>

Höfundur þessara minnispunkta kveðst ekki geta útskýrt þetta skjal. Í hans huga sé þetta órætt og óskiljanlegt.<sup>424</sup> Þessir minnispunktar eru ódagsettir en miðað við aðrar bókanir í minnisbókinni er líklegt að þetta sé ritað í janúar eða febrúar 2000. Í þessum minnispunktum eru nefndir viðskiptavinir þar sem olíufélögin höfðu haft með sér samráð vegna útboða þeirra og/eða samið um framlegðarskiptingu. Sú staðreynd ein og sér að nafn Flugleiða kemur fram í þessu samhengi í skjali frá stjórnanda hjá Skeljungi styður að mati samkeppnisráðs það sem að framan greinir.

<sup>419</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

<sup>420</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>421</sup> Handskrifað minnisblað ritað á bréfsefni Kristins Björnssonar, „*Samskipti við Olís/Esso*“ (Hs. nr. 7080).

<sup>422</sup> Í minnisblaðinu er minnst á Landhelgisgæsluna. Samráð vegna útboðs hennar var í september 1996 og deilur voru um efndir á samkomulagi um framlegðarskiptingu á árunum 1997–1999. Einnig segir í minnisblaðinu: „*ÚA-Skagstrendingur-Síldarvinnslan. Hvað gerum við?*“ Hér er hugsanlega verið að vísa til þess þegar Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað keypti 22% hlut í Skagstrendingi hf. í febrúar 1998. Stærsti hluti þessara bréfa var keyptur af Útgerðarfélagi Akureyringa.

<sup>423</sup> Minnisbók Gunnars Karls Guðmundssonar (Hs. nr. 7605).

<sup>424</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

#### 5.4. Skýringar Olís

Olís hefur neitað því að olíufélögin hafi nokkru sinni haft með sér samráð varðandi gerð tilboða vegna útboða Flugleiða eða samið um framlegðarskiptingu í tengslum við þau. Þegar viðkomandi stjórnendur Olís hafa verið spurðir um skýringar á ofangreindum gögnum frá fyrirtækinu hafa þeir hins vegar sagt að olíufélögin hafi haft með sér samstarf um ákvörðun afgreiðslugjalds EAK í tengslum við útboð Flugleiða.<sup>425</sup> Forstjóri Olís hefur jafnframt sagt þetta:

*„Kvaðst EB ekki minnst þess að nokkru sinni hafi verið samið um skiptisölu vegna viðskipta við Flugleiðir. Það eina sem hann kannaðist við, sem hugsanlega gæti skýrt athugasemdir í gögnum málsins í þessa veru, væri að einu sinni, líklega vorið 1996, hafi verið rætt um að hækka afgreiðslugjald hjá Eldsneytisafgreiðslunni á Keflavíkflugvelli (EAK), sérstaklega hjá Flugleiðum, en hagnaður af starfsemi þess félags skiptist á milli olíufélaganna þriggja sem að því standa.“<sup>426</sup>*

Hins vegar segjast stjórnendur Olís ekki geta séð það í gögnum félagsins að slík hækkun hafi náð fram að ganga eða hún komið til skipta milli olíufélaganna. Forstjóri Olís hefur í þessu samhengi einnig sagt þetta:

*„EB kvaðst ekki minnst þess að olíufélögin hafi nokkru sinni rætt um að skipta framlegð vegna viðskipta við Flugleiðir, en vísaði að öðru leyti í áður fram komnar skýringar um afgreiðslugjald. Sá „kúltúr“ hafi þó verið ríkjandi í samskiptum félaganna á árinu 1996 að menn ræddu býsna margt. Hugsanlega hafi framlegðarskipting gagnvart Flugleiðum þá einhvern tíma borist í tal, og þá væntanlega að frumkvæði Esso, sem þá hafði þessi viðskipti. EB sagði að sér væri hins vegar ekki kunnugt um að slík framlegðarskipting hafi nokkru sinni verið framkvæmd.“<sup>427</sup>*

Samkvæmt framansögðu andmælir því Olís að samkomulag hafi verið gert um samráð olíufélaganna vegna útboðs Flugleiða 1996 og framlegðarskiptingu eftir það. Fyrirtækið segir þó að hugsanlegt sé að því hafi „verið kastað fram“ að samráð yrði haft vegna útboðs Flugleiða<sup>428</sup> og hugsanlegt sé að framlegðarskipting gagnvart Flugleiðum hafi „borist í tal“, sbr. ummælin hér að ofan. Ljóst er samkvæmt þessu að

<sup>425</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar um fund með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

<sup>426</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar um fund með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>427</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar um fund með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>428</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar um fund með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.



Olís kveðst a.m.k. hugsanlega hafa rætt við keppinauta sína um málefni sem falla undir það samkomulag sem samkeppnisráð telur að náðst hafi. Hins vegar hefur Olís greint frá því að olíufélögin hafi á árinu 1996 rætt um að hækka afgreiðslugjald EAK, sérstaklega hjá Flugleiðum í tengslum við útboð fyrirtækisins vorið 1996. Þessar viðræður telur Olís hugsanlega geta skýrt athugasemdir í gögnum málsins um framlegðarskiptingu vegna Flugleiða. Í því sambandi bendir Olís á að hagnaður af starfsemi EAK skiptist milli olíufélaganna þriggja og að það megi orða það svo „að *Esso skipti framlegð*“ af starfsemi EAK.<sup>429</sup>

Að mati samkeppnisráðs er ekki fullkomið samræmi milli annars vegar neitunar Olís á því að samráð hafi verið viðhaft vegna útboðs Flugleiða og um framlegðarskiptingu eftir það og hins vegar lýsingu fyrirtækisins á viðræðum um afgreiðslugjald vegna EAK. Hvað sem þessu líður telur ráðið að ekkert hafi komið fram af hálfu Olís sem breyti niðurstöðu ráðsins um þennan þátt málsins.

#### 5.5. Skýringar Skeljungs

Forstjóri Skeljungs neitar því að fyrirtækið hafi haft samráð við hin félögin í tengslum við útboð Flugleiða 1996 og 1997.<sup>430</sup> Forstjórinn hefur hins vegar greint frá því að olíufélögin hafi ákveðið á þessum tíma að hækka afgreiðslugjald til EAK. Í skýrslu forstjórans segir m.a.:

*„Varðandi umræður olíufélaganna sem um var spurt sagði KB að um tíma hafi staðan hjá EAK verið orðin mjög erfið og töldu olíufélögin að óhjákvæmilegt væri að hækka afgreiðslugjald stöðvarinnar. KB endurtók að Flugleiðir væru mjög fagmannlegir í eldsneytisinnkaupum sínum. Útboð hefðu verið í höndum virtrar verkfræðistofu og auk þess mikil sérfræðipækking hjá félaginu sjálfu. Flugleiðir voru langstærsti viðskiptavinur EAK, með milli 70–80% af afgreiddu eldsneytismagni, og fengu Flugleiðir því mikinn afslátt af afgreiðslugjaldi. Töldu olíufélögin að nauðsynlegt hafi verið að hækka afgreiðslugjaldið. Í útboði Flugleiða árið 1996 fékk Olíufélagið áframhaldandi viðskipti við Flugleiðir. Var því ákveðið af olíufélagunum að Olíufélagið þyrfti að sjá um að hækka afgreiðslugjaldið hjá EAK, enda annaðist félagið umsjón með rekstri EAK.“*

Forstjórinn kveðst telja að hér hafi verið um að ræða almenna hækkun á afgreiðslugjaldinu en man ekki hvort hún hafi verið í tengslum við útboð Flugleiða 1996. Forstjóri Skeljungs taldi að aðstoðarforstjóri Skeljungs gæti gefið nánari skýringar um þetta atriði. Hann hefur hins vegar sagt að hann viti ekkert um þetta

<sup>429</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar um fund með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

<sup>430</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

atriði.<sup>431</sup> Forstjórinn heldur því fram að þessi hækkun á afgreiðslugjaldinu hafi ekki verið gerð án vitundar Flugleiða. OHF, sem umsjónaraðili EAK, hafi þurft að kynna hana fyrir Flugleiðum. Einnig er því haldið fram að engri framlegð hafi verið skipt eða engar greiðslur farið á milli olíufélaganna vegna Flugleiða. Jafnframt hefur forstjóri Skeljungs bent á það að sérstök tengsl séu á milli Skeljungs og Flugleiða. Sökum þessa „*hafi aldrei komið til álita hjá Skeljungu að semja við hin félögin um verð vegna viðskipta við Flugleiðir.*“

Af þessu er a.m.k. ljóst að Skeljungur kannast við samstarf við hin félögin um að hækka afgreiðslugjald á þessum tíma. Sú yfirlýsing Skeljungs að um hafi verið að ræða almenna hækkun á afgreiðslugjaldi EAK sem Flugleiðum hafi verið kunnugt um er ekki í samræmi við gögn málsins. Í því sambandi má benda á að með bréfi 26. apríl 1996 tilkynnti EAK Flugleiðum um lækkun á afgreiðslugjaldinu.<sup>432</sup> Þetta er í beinni andstöðu við þá staðhæfingu Skeljungs að um hafi verið að ræða almenna hækkun sem Flugleiðum hafi verið kunnugt um. Jafnframt skal hér áréttað að OHF hefur upplýst að um hafi verið að ræða leynilegar aðgerðir gegn Flugleiðum og gögn málsins styðja það, sbr. umfjöllun hér að framan. Því verður að telja að Flugleiðum hafi ekki verið kunnugt um þetta samstillta átak olíufélaganna um að hækka verð gagnvart fyrirtækinu. Það hefur hins vegar engin áhrif á lögmæti þessara aðgerða hvort Flugleiðum var kunnugt um þetta eða ekki þar sem leynd er ekki skilyrði fyrir broti á 10. gr. samkeppnislaga. Ekki fæst heldur séð að afkoma EAK hafi kallað á þessar aðgerðir olíufélaganna. Samkvæmt skýrslum stjórnar EAK varð hagnaður af rekstri EAK 1995, 1996 og 1997<sup>433</sup> enda voru aukagreiðslur OHF til EAK samkvæmt samkomulagi félaganna í tengslum við útboð Flugleiða 1996 og 1997 (30 aurar og síðar 45 aurar) endurgreiddar í lok hvers árs með jafnri skiptingu til allra olíufélaganna. Skeljungur hefur því eins og hin félögin mótttekið slíkar greiðslur sem voru utan venjulegs uppgjörs EAK. Vitneskja Flugleiða eða afkoma EAK skipta hins vegar engu máli varðandi lögmæti þessa samkomulags olíufélaganna.

Skeljungur hefur eins og áður sagði bent á að vegna tengsla Skeljungs og Flugleiða hafi ekki komið til álita að semja við hin olíufélögin um verð vegna viðskipta við Flugleiðir. Samkeppnisráð tekur hér fram að gögn málsins eru skýr um þetta atriði málsins. Jafnframt verður að hafa í huga að Skeljungur hafði frá miðju ári 1995 farið fram á það við hin félögin að láta Reykjavíkurborg í friði þegar til næsta útboðs kæmi. Þegar útboð Flugleiða fór fram í maí 1996 var Skeljungu ljóst að útboð Reykjavíkurborgar yrði auglýst innan tíðar. Hugsanlegt er því að samstarf Skeljungs við OHF vegna útboðs Flugleiða hafi tengst samstarfi OHF við Skeljung vegna útboðs

<sup>431</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>432</sup> Bréf EAK sf. til Flugleiða hf., dags. 26.4.1996 (Hs. nr. 4562). Afgreiðslusamningur milli EAK og Flugleiða, dags. 3.5.1996 (Hs. nr. 4562). Til samanburðar má hafa í huga afgreiðslusamning milli EAK og Flugleiða frá 1995 (Hs. nr. 4620).

<sup>433</sup> Afrituð tölvuskjöl frá OHF. Skýrsla stjórnar EAK fyrir árið 1995, dags. 20.3.1996. Skýrsla stjórnar EAK fyrir árið 1996, dags. 20.3.1997. Skýrsla stjórnar EAK fyrir árið 1997, dags. 25.5.1998.

Reykjavíkurborgar. Væri það í samræmi við viðtæka samvinnu olúfélaganna um útboðsmál sem var í burðarliðnum fyrri hluta árs 1996.

Eins og áður sagði eru gögn málsins mjög skýr varðandi samráð olúfélaganna vegna umræddra útboða Flugleiða. Yfirlýsingar Skeljungs um annað eru ekki trúverðugar.

#### 5.6. Athugasemdir OHF

Í athugasemdum OHF segir að félagið gangist við ásökunum um samráð vegna útboða Flugleiða 1996 og 1997. Ágreiningslaust sé að olúfélögin hafi komið sér saman um að hækka afgreiðslugjald til EAK um 30 aura á hvern lítra af eldsneyti í tengslum við útboð Flugleiða 1996 og um 45 aura í tengslum við útboðið 1997. Hækkuninni hafi verið leynt fyrir Flugleiðum með skipulögðum og samræmdum hætti. OHF telur hins vegar að í þessum tilvikum hafi verið orðin veruleg þörf fyrir verðhækkunir og hefði mátt búast við því að verðið hefði hækkað umtalsvert hvort sem samráð hefði verið haft um það eður ei. Hafi samráðið annað hvort engin eða mjög óveruleg áhrif haft á markaðinn.

OHF mótmælir því hins vegar að í samkomulagi olúfélaganna hafi falist að OHF fengi viðskiptin gegn greiðslu gagngjalds til hinna félaganna. Ekki hafi því verið um að ræða samráð um gerð tilboða í þessum tilvikum fyrir utan það að olúfélögunum bæri að gera ráð fyrir herra gjaldi til EAK í tilboðum sínum. Upphaflega hafi verið hugmyndir um að það félag sem fengi viðskiptin greiddi þriðjung hækkunar gjaldsins til hvors keppinautar sinna, en endanleg útfærsla hafi orðið sú að hækkunin hafi runnið óskipt til EAK. Vangaveltum um annað sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Að mati OHF sé eðlismunur á því að fela óhjákvæmilega hækkun á afgreiðslugjaldi EAK og því að ákveða saman tilboð vegna útboðs.

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að gögn málsins sýna ótvírætt að í tengslum við útboð Flugleiða 1996 og 1997 hafi olúfélögin sameiginlega ákveðið að hækka tilboðsverð sín. Þetta hefur OHF viðurkennt og þessar aðgerðir fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samráðið var framkvæmt og hafði því áhrif á markaðnum. Engu máli skiptir í því sambandi hver var tilgangur þessara aðgerða eða hvort verð hefði hugsanlega hækkað þótt samráð hefði ekki verið fyrir hendi. Í öðru lagi áréttar ráðið að gögn málsins gefa það skýrt til kynna að um það hafi verið samið að OHF myndi hljóta þessi viðskipti við Flugleiðir gegn því að skipta framlegð af þeim viðskiptum. Í skjali deildarstjóra flugþjónustu hjá OHF frá maí 1996 er lagt til að OHF bjóði lægst og önnur gögn sem gerð hefur verið grein fyrir benda í sömu átt. Það varð og niðurstaðan í útboðunum 1996 og 1997 að OHF hlaut viðskiptin og „skipti framlegðinni“ með hinum olúfélögunum, eins og það er orðað í gögnum málsins.

### 5.7. Niðurstaða

Þegar öll framangreind gögn málsins eru virt saman telur samkeppnisráð ljóst að olíufélögin hafi á fundi sínum 8. maí 1996 ákveðið að hafa samráð vegna útboðs Flugleiða og skipta framlegð af viðskiptunum á milli sín. Hið sama var ákveðið í tengslum við útboð Flugleiða í apríl 1997. Þetta samkomulag olíufélaganna var framkvæmt og samráð haft um tilboðsgerðina í tengslum við útboðin. Framlegðarskiptingin fór fram með þeim hætti að frá júní 1996 til maí 1997 greiddi OHF 30 aura til EAK af hverjum seldum lítra til Flugleiða. Frá júní 1997 til júní 1998 greiddi OHF 45 aura. Þessum fjármunum var síðan á vettvangi EAK skipt jafnt milli olíufélaganna. Þessar aðgerðir olíufélaganna fara gegn 10. gr. samkeppnislega og eru hluti af samfelldu samráði þeirra.

## 6. **Útboð Vestmannaeyjabæjar 1997**

Þann 14. apríl 1997 barst olíufélagunum ósk um tilboð í eldsneyti og olíuvörur frá Vestmannaeyjabæ. Í útboðslýsingu kemur fram að óskað væri eftir tilboðum vegna eldsneytiskaupa Bæjarveitna, Áhaldahúss og Hafnarsjóðs.<sup>434</sup> Jafnframt er farið fram á afslátt af öðrum olíuvörum. Útboðsfrestur var til 23. apríl 1997. Samkvæmt yfirliti frá OHF seldi félagið Vestmannaeyjabæ rúmlega 12 þúsund lítra af bensíni, tæplega 109 þúsund lítra af gasolíu, tæplega 56 þúsund lítra af flotaolíu, 108 þúsund kg af svartolíu og smurolíu fyrir tæplega 500 þúsund kr. frá desember 1995 til nóvember 1996,<sup>435</sup> Fram kemur á yfirlitinu að Olís seldi bænum árlega 80–100 þúsund lítra af eldsneyti.

Gögn málsins bera það með sér að olíufélögin þrjú hafi haft með sér samvinnu við gerð tilboða vegna þessa útboðs. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hefur greint Samkeppnisstofnun frá því að hann hafi rætt þetta útboð við fulltrúa Olís og Skeljungs. Á fundinum hafi komið fram sú sameiginlega afstaða félaganna að erfitt væri að bjóða annað en listaverð þar sem magn viðskiptanna væri ekki mikið.<sup>436</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís segist muna eftir því að olíufélögin þrjú hafi rætt saman um útboðið. Félögin hafi orðið sammála um að ekki væru forsendur til annars en að selja bænum á listaverði.<sup>437</sup>

Þessar yfirlýsingar um samstarf olíufélaganna eru í samræmi við gögn málsins frá 1997. Þannig er eftirfarandi haft eftir fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá OHF í fundargerð framkvæmdstjórnar OHF daginn áður en tilboðsfrestur í útboði Vestmannaeyjabæjar rann út:

<sup>434</sup> Ódagsett útboðslýsing frá Bæjarstjórn Vestmannaeyja (Hs. nr. 4326).

<sup>435</sup> *Olíunotkun Vestmannaeyjabæjar*, dags. 27.12.1996 (Hs. nr. 3166).

<sup>436</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

<sup>437</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.8.2002.

„Þá sagði frá útbóði Vestmannaeyjabæjar og að olíufélagin ættu erfitt með að gefa afslátt frá lista verðum vegna þess fordæmis sem því fylgdi.“<sup>438</sup>

Jafnframt skiptir hér máli að í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís til forstjóra fyrirtækisins er útböðinu lýst með þessum hætti: „Í apríl 1997 sóttist Vestmannaeyjabær eftir tilboðum í allan sinn rekstur. Tilboð komu á listaverði frá öllum aðilum þannig að ljóst var að hver héldi sínu.“<sup>439</sup> Einnig hefur hér þýðingu að tilboð Olís hefur verið sent með símbréfi til OHF klukkutíma áður en opnun á tilboðum átti sér stað.<sup>440</sup> Jafnframt fannst hjá OHF afrit af tilboði Skeljungs.<sup>441</sup> Hjá Olís fannst afrit af tilboði OHF og virðist það hafa verið sent Olís áður en opnun tilboða átti sér stað.<sup>442</sup> Einnig fannst hjá Olís afrit af tilboði Skeljungs.<sup>443</sup>

Í tilboðum olíufélaganna kemur í aðalatriðum fram að þau hafi boðið Vestmannaeyjabæ verðlistaverð.<sup>444</sup> Skeljungur bauð hins vegar 20 aura afslátt á lítra af eldsneyti fyrir báta Hafnarsjóðs Vestmannaeyja og 8% afslátt af smurefnum fyrir Hafnarsjóðinn. Samkomulagi félaganna um að bjóða bænum verðlistaverð var því í meginráttum hrint í framkvæmd. Hér má einnig horfa til þess að í málinu er að finna minnisblað frá Olís sem dagsett er 2. maí 1997. Í því eru tiltekin ýmis „samkomulög“ milli olíufélaganna, þ.m.t. varðandi Vestmannaeyjabæ. Orðrétt segir um þetta atriði: „Vestmannaeyjabær, fór í útböð en engin niðurstaða er komin í það mál sem komið er. Verður sennilega óbreytt þar sem Esso er með ca. 8 milljónir, Olís 2 milljónir og Shell er óþekkt stærð (lóðsinn í eyjum).“<sup>445</sup> Ljóst er af þessu að viðskiptin við Vestmannaeyjabæ og tilboðin voru hluti af samkomulagi milli olíufélaganna.<sup>446</sup>

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum kveðst ekki muna eftir því að hafa átt fund með OHF og Olís vegna þessa útböðs. Skeljungur hafi farið til þessa útböðs án nokkurs samkomulags og viðskiptalegar forsendur hefðu legið því til grundvallar að fyrirtækið bauð takmarkaðan afslátt.<sup>447</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur ekki getað útskýrt hvers vegna vísað er til m.a. samkomulags varðandi Vestmannaeyjabæ í skjölum Skeljungs sem fundust hjá honum.<sup>448</sup> Samkeppnisráð

<sup>438</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 22.4.1997 (Hs. nr. 1360).

<sup>439</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, dags. 17.2.2000.

<sup>440</sup> Sjá tilboð Olís til Vestmannaeyjabæjar, dags. 23.4.1997 (Hs. nr. 3166).

<sup>441</sup> Tilboð Skeljungs til Vestmannaeyjabæjar, dags. 23.4.1997 (Hs. nr. 3166).

<sup>442</sup> Tilboð OHF til Vestmannaeyjabæjar, dags. 23.4.1997 (Hs. nr. 4326).

<sup>443</sup> Hs. nr. 4326.

<sup>444</sup> Hafa má hér í huga eftirfarandi ummæli Þórólfs Árnasonar í tölvupósti til Geirs Magnússonar o.fl. hjá OHF „Enginn bauð afslætti í útböðinu, nema Skeljungur bauð 20 aura á lóðsinn og 8% í smuroliu.“. Afritaður tölvupóstur frá OHF, dags. 25.4.1997 kl. 13:31.

<sup>445</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar framkvæmdastjóra hjá Olís, dags. 2.5.1997 (Hs. nr. 4320 b).

<sup>446</sup> Sjá hér einnig bréf Skeljungs til OHF og Olís, dags. 10.3.1998 (Hs. nr. 3167 og 4961).

<sup>447</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2002.

<sup>448</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

telur þennan framburð Skeljungs ekki trúverðugan né í samræmi við m.a. gögn frá fyrirtækinu sjálfu. Eins og gerð var grein fyrir í umfjöllun um útboð dómsmálaráðuneytisins í kafla IV 3 sendi framkvæmdastjóri markssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu bréf til Olís og OHF, dags. 10. mars 1998.<sup>449</sup> Í bréfinu er vísað til „samkomulagsins“ og m.a. Reykjavíkurborg, Vestmannaeyjabær, Landhelgisgæslan og dómsmálaráðuneytið nefnd í því samhengi. Varðandi Vestmannaeyjabæ býðst Skeljungur í bréfinu til að greiða OHF og Olís hluta af framlegð vegna viðskipta við Hafnarsjód Vestmannaeyja. Jafnframt er í bréfinu þess krafist að OHF greiði Olís og Skeljungu hlutdeild í framlegð vegna annarra viðskipta við Vestmannaeyjabæ. Er við það miðað að uppgjörin eigi sér stað frá og með maí 1997 en eins og fram hefur komið var tilboðsfrestur í útboði Vestmannaeyjabæjar til 23. apríl 1997. Aðspurður um þetta bréf hefur þessi starfsmaður sagst „*muna eftir að sótt hafi verið að Skeljungu um uppgjör vegna annarra mála*“ en Reykjavíkurborgar.<sup>450</sup> Umrætt bréf lýsi viðbrögðum hans við þessum kröfum. Hann hefur einnig sagt þetta:

*„FS sagði ljóst að í bréfinu væri m.a. fjallað um uppgjör á málum sem Skeljungur teldi að ekkert samkomulag hafi verið um. Nokkur önnur opinber útboð voru rædd meðal félaganna en ekki varð niðurstaða í þeim viðræðum. Uppsetning Skeljungs í umræddu bréfi varðandi Vestmannaeyjabæ var til þess að skapa félaginu samningsstöðu og búa til aðlaðandi pakka til að fallist yrði á uppgjörið.“*

Samkeppnisráð telur mjög ósennilegt að Skeljungur hafi í formlegu bréfi til keppinauta sinna bæði krafist uppgjors vegna Vestmannaeyjabæjar og lýst sig reiðubúinn að greiða hinum félögunum hlutdeild í framlegð af þessum viðskiptum án þess að baki slíku hafi legið samkomulag félaganna. Þessar útskýringar Skeljungs eru ótrúverðugar og í mótsögn við skýr gögn fyrirtækisins og önnur gögn málsins. Framburður Skeljungs breytir því ekki þeirri skoðun samkeppnisráðs að samstarf milli olíufélaganna hafi átt sér stað vegna útboðs Vestmannaeyjabæjar 1997. Nánar verður fjallað um deilur vegna skiptisölu eða framlegðaskiptingar í kafla VIII 11.

Í athugasemdum OHF segir að félagið gangist við því að hafa haft samráð við hin olíufélögin vegna þessa útboðs og að þau hafi samið um að skipta viðskiptum Vestmannaeyjabæjar á milli sín. Rök skorti hins vegar fyrir þeirri staðhæfingu að þetta hafi verið hluti af heildarsamkomulagi. Síðar segir í athugasemdunum: „*Samkomulag var einungis á milli olíufélaganna um að ræða opinber útboð 1996–1997. Þetta samkomulag var ekki alltaf virt en leiddi þó til viðræðna um þetta útboð. Þessar viðræður skiluðu sér síðan í samstarfi um gerð tilboða í þessu ákveðna tilviki.*“

<sup>449</sup> Bréf Friðriks Þ. Stefánssonar til OHF og Olís, dags. 10.3.1998 (M.a. Hs. nr. 3167).

<sup>450</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

Þegar framangreind gögn eru öll virt telur samkeppnisráð að Olís, OHF og Skeljungur hafi haft með sér samráð um gerð tilboða í framangreindu útboði Vestmannaeyjabæjar. Samvinna þessi var að mati samkeppnisráðs liður í áður greindu heildarsamkomulagi olíufélaganna um samstarf vegna allra útboða og hluti af samfelldu samráði þeirra. Jafnframt þykir ljóst að olíufélögin hafi í tengslum við útboðið gert með sér samkomulag um að skipta viðskiptum Vestmannaeyjabæjar sín á milli. Eins og áður sagði verður nánar fjallað um það og tengd atriði í kafla VIII 11.

## 7. Útboð ÍSALS 1997

Olíufélögin hafa um áratugaskeið skipt með sér sölu Skeljungs til Íslenska álfélagsins hf. (ÍSAL). Gerð verður grein fyrir þeim þætti málsins í kafla VIII 9. Eins og lýst verður hér á eftir liggur jafnframt fyrir að mati samkeppnisráðs að félögin þrjú hafi haft með sér samráð vegna útboðs ÍSAL í september 1997.

Samkvæmt gögnum málsins óskaði ÍSAL, með bréfum, dags. 20. ágúst 1997, eftir tilboðum olíufélaganna í svartolíu, gasolíu og 95 oktana blýlaust bensín.<sup>451</sup> Fram kemur í útboðsgögnum að árlegt magn eldsneytisnotkunar fyrirtækisins væri 5000 tonn af svartolíu, 300 þúsund lítrar af gasolíu og 30 þúsund lítrar af bensíni. Frestur til að skila tilboðum var til kl. 15:00 15. september 1997. Við það var miðað að gerður yrði samningur til eins árs við seljanda sem myndi endurnýjast sjálfkrafa ef honum yrði ekki sagt upp með tilskildum fyrirvara.

Allt frá stofnun ÍSAL höfðu öll eldsneytis-, gas- og olíuvöruviðskipti verksmiðjunnar verið við Skeljung og hefur verið um umtalsverð viðskipti að ræða. Gögn málsins sýna að innan Skeljungs hafi á þessum tíma verið skoðaðir ýmsir möguleikar til að bregðast við útboði ÍSAL. Þann 1. september 1997 hittust forstjóri Skeljungs og sá framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem annaðist viðskiptin við ÍSAL og ræddu um útboðið og skiptingu viðskiptanna með hinum félögunum.<sup>452</sup> Þann 3. september s.á. var tekið saman eftirfarandi minnisblað um málið innan Skeljungs:<sup>453</sup>

---

<sup>451</sup> Bréf Ísals til OHF, dags. 20.8.1997 (Hs. nr. 3166).

<sup>452</sup> Sjá dagbókarfærslu í dagbók Friðriks Stefánssonar: „KB/Útboð Ísal/Skipting“ (Hs. nr. 8211).

<sup>453</sup> Minnisblað Eignaumsýslu Skeljungs varðandi viðskiptasamninga við Íslenska álfélagið hf., dags. 3.9.1997 (Hs. nr. 7964).

**Minnisblað varðandi viðskiptasamninga við Íslenska álfélagið hf.**

Í framhaldi af því að ÍSAL hefur nú látið í það skína að þeir ætli í almennt útboð vegna eldsneytiskaupa að gasi undanskildu, vaknar sú spurning hvort rifta megi viðskiptasamningnum okkar við þá um gasið. Ástæðan fyrir þessari spurningu er sú að gassamningurinn gefur okkur litla sem enga framlegð en framlegð okkar liggur hinsvegar í eldsneytissamningnum.

Í dag eru í gildi tveir viðskiptasamningar milli ÍSAL og Skeljungur hf. Um er að ræða eftirfarandi samninga:

„**Samning um própangas frá 28. apríl 1993**“. Samningi þessum var breytt að hluta með viðaukum frá 14. okt. 1994 og 3. júní 1996.

„**Samningur um almenn viðskipti annað en gas frá 3. júní 1996 (hér eftir kallaður almenni viðskiptasamningurinn)**“ Samningi þessum var breytt að hluta með viðauka frá 21. mars 1997.

...

Þrátt fyrir að almenni viðskiptasamningurinn sé á milli ÍSAL og okkar hefur allri eldsneytissölu skv. honum verið skipt jafnt á milli olíufélaganna þriggja. (smurólía og smávara er hins vegar okkar) Það er gert á grundvelli samkomulags olíufélaganna þriggja frá 4. sept. 1961. Forsagan er víst sú að á móti skiptir ESSO sölu sinni vegna Kísilgúrverksmiðjunnar og Olís átti að skipta sölu sinni vegna Járnblendifélagsins en það hafa þeir hins vegar vanefnt.

**Niðurstaða:**

Hinir tveir umræddu viðskiptasamningar eru sjálfstæðir hvor gagnvart öðrum. Ef ÍSAL segir upp almenna viðskiptasamningnum gefur það okkur engan rétt til að segja upp gassamningnum. Hinsvegar virðist mun einfaldara fyrir ÍSAL að rifta gassamningnum á hvaða tíma sem er á grundvelli vanefnda okkar.

Ef Ísal fer í útboð með viðskiptin kemur til greina fyrir okkur að hafa samráð við hin olíufélögin um tilboðsfjárhæðir og semja einnig um að sá aðili sem fái viðskiptin skipti þeim bróðurlega með hinum félögunum. Slíkt samráð er hinsvegar litið hornauga af löggjafanum, sbr. samkeppnislögin.

Þeirri hugmynd sem fram kemur í minnisblaðinu um samráð við hin félögin var hrint í framkvæmd. Þann 12. september 1997 sendi Skeljungur eftirfarandi símbréf til Olís. Símbréfið fannst hjá forstjóra Olís.<sup>454</sup>

12/09/97	14:15	Skeljungur hf.	001
<b>Skeljungur hf.</b>			
<b><u>Efni: ÍSAL útboð.</u></b>			
Núverandi kjör án VSK:			
*	Svartolía: 0,30 kr. pr. kg. afsláttur frá verðlistaverði. Fá aukaafslátt upp á 0,20 kr. pr. kg. í lok árs sé samningi ekki sagt upp fyrir 1. október 1996.		
*	Dieselolía: 3,14 kr. pr. ltr. afsláttur frá verðlistaverði.		
*	Bensín: 3,11 kr. pr. ltr. afsláttur frá verðlistaverði.		

<sup>454</sup> Símbréf frá Skeljungu til Olís, dags. 12.9.1997 (Hs. nr. 4029).



Tillaga að kjörum:			
	Skeljungur hf.	Oliuverslun Íslands hf.	Oliufélagið hf.
Svartolía afsláttur pr. kg.	0,55	0,45	0,48
Díselolía afsláttur pr. ltr.	4,00	3,90	3,80
Bensín afsláttur pr. ltr.	3,50	3,46	3,35
Svartolíu, 0,05 kr. pr. kg. í aukin afslátt. (0,05x5.000.000 = 250.000 kr.) Díselolíu, 0,86 kr. pr. ltr. í aukin afslátt. (0,86x3000.000 = 258.000 kr.) Bensín, 0,36 kr. pr. ltr. í aukin afslátt. (0,36x30.000 = 10.800 kr.)			
Samtals fá þeir um 518.800 kr. lækkun fyrir ÍSAL.			

Efst á símbrefið er handskrifað: „*JH+ÞÁ<sup>455</sup> tala saman mán. morgun um framhald. Getum við hist f.h. á mán. skila kl. 15:00*“. Neðst á símbrefið hefur forstjóri Olís skrifað: „*JH. Segir samkl. um að tilboðið miðist við áframh. skiptisölu.*“ Sýnir þetta að Olís og OHF hafi rætt saman um þessa tillögu Skeljungs um samráð við gerð tilboða og að framkvæmdastjóri hjá Olís hafi greint forstjóra fyrirtækisins frá því að í tillögu Skeljungs um samráð fælist einnig að Olís myndi halda áfram að fá hlutdeild í viðskiptunum. Forstjóri Olís hefur staðfest að oliufélögin hafi haft samráð um tilboðsfjárhæðir vegna þessa útboðs og ákveðið áframhaldandi skiptisölu.<sup>456</sup> Telur forstjórinn að kjörin sem félögin hafi ákveðið að veita ÍSAL með þessum hætti hafi verið eðlileg miðað við aðra stórnotendur. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Skeljungi hefur staðfest „*að samráð hafi verið milli oliufélaganna um gerð tilboða í þessu útboði ÍSAL í anda þess samstarfs sem gildi um ÍSAL.*“<sup>457</sup>

OHF hefur einnig staðfest að samráð hafi verið haft við tilboðsgerð í þessu útboði ÍSAL. Sá starfsmaður sem gerði ÍSAL tilboð hafi vitað að samráð væri milli félaganna og að tilboð OHF væri ekki lægst.<sup>458</sup> Í gögnum málsins kemur fram að Olís hafi boðið ÍSAL það sama og fram kemur í tillögum Skeljungs með þeirri undantekningu að afsláttur Olís á díselolíu var 10 aurum hærri en fram kemur í tillögunum.<sup>459</sup> Skeljungur bauð nákvæmlega sama afslátt og fram kom í framangreindum tillögum fyrirtækisins til keppinauta sinna.<sup>460</sup>

Af framansögðu telur samkeppnisráð ljóst að oliufélögin hafi, að frumkvæði Skeljungs, náð samkomulagi um samráð um tilboðsgerð í útboði ÍSAL. Samkomulagið hafi líka gengið út á það að félögin myndu bjóða með þeim hætti að Skeljungur héldi viðskiptunum gegn því að Skeljungur héldi áfram að skipta framlegð

<sup>455</sup> Jón Halldórsson Olís og Þórólfur Árnason OHF.

<sup>456</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>457</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi, dags. 7.11.2002.

<sup>458</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF, dags. 3.4.2002.

<sup>459</sup> Tilboð Olís til ÍSAL, dags. 15. 9.1997 (Hs. nr. 4029).

<sup>460</sup> Tilboð Skeljungs til ÍSAL, dags. 12.9.1997 (Gagn sent frá Skeljungi).

af viðskiptunum með Olís og OHF. Ráðagerð olíufélaganna gekk upp þar sem Skeljungur hlaut viðskiptin og skiptisalan hélt áfram. Minnisblað Skeljungs frá 3. september 1997 sýnir svo ekki verður um villst að stjórnendum félagsins var ljóst að aðgerðir þeirra væru ólögmætar. Til enn frekari vitnis um það fannst hjá Skeljungu eintak af ofangreindu skjali sem sent var Olís með símbréfi 12. september 1997. Því skjali hefur hins vegar verið breytt með þeim hætti að dálkunum í töflunni þar sem tilgreindur er sá afsláttur sem Skeljungur vildi að Olís og OHF byðu hefur verið eytt. Á þessari útgáfu skjalsins eru þannig engar tilvísanir til OHF eða Olís, ólíkt frumútgáfunni sem send var Olís. Þetta bendir til þess að innan Skeljungs hafi farið fram „gagnahreinsun“ í því skyni að eyða sönnunargögnum um þátttöku félagsins í þessu samstarfi olíufélaganna. Stjórnendum Olís hefur einnig verið ljóst um hversu óeðlilegt athæfi hafi verið að ræða og nauðsyn þess að leyna því. Þremur stundarfjórðungum eftir að Olís barst símbréfið frá Skeljungu sendi fjármálastjóri Olís eftirfarandi tölvupóst til forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra hjá fyrirtækinu:

*„Fékk inn á borð fax frá Shell vegna Ísal-útboðs. Skil ekki að Shell sendi fax út af verðum í þessu útboði, það er allt of varasamt.“<sup>461</sup>*

Forstjóri Olís svarar með þessum hætti:

*„Tek heilshugar undir þetta. Óþolandi glannaskapur, svona á að afhenda yfir borð eða í mestafalli boðsent til JH.“<sup>462</sup>*

Í athugasemdum OHF segir að félagið gangist að mestu við þessum brotum. OHF bendir á að olíufélögin hafi um áratugaskeið skipt með sér sölu Skeljungs til Ísal og OHF hafi ekki nokkru sinni leitt hugann sérstaklega að þessum samningum eða að þeir kynnu að vera ólögmætir. Í máli þessu hafi í rauninni ekki verið gert annað en það að framlengja gildandi fyrirkomulag. Skeljungur hafi haft frumkvæði í málinu og OHF sætt sig við þetta. Það sé fyrst og fremst gáleysi OHF að kenna að samkomulag hafi náðst við hin olíufélögin sem kann að brjóta gegn samkeppnislögum. Til þess verði að líta komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.

Samkeppnisráð bendir á að gögn málsins sýna að OHF tók um það meðvitaða ákvörðun að taka þátt í samráði við tilboðsgerð tengda þessu útboði. Fyrirtæki eins og OHF mátti vera það ljóst að slík samvinna við keppinauta raskar samkeppni og fer gegn samkeppnislögum. Eins og áður sagði er fjallað um skiptisöluna varðandi Ísal í kafla VIII 9.

<sup>461</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Thomas Möller, dags. 12. september 1997 kl. 14:59.

<sup>462</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, Thomasar Möller og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 12. september 1997 kl. 17:15.

## 8. Útboð/verðkönnun vegna fyrirhugaðrar magnesíumverksmiðju

Á árinu 1997 stóð Hitaveita Suðurnesja ásamt fleiri aðilum fyrir könnun á hagkvæmni þess að reisa verksmiðju nálægt Sandvík á Reykjanesi til að framleiða léttmálminn magnesíum. Magnesíum er léttara en ál og hefur verið notað í bíla- og hergagnaiðnaði. Fyrirhugaðir kaupendur á afurðum verksmiðjunnar voru erlendir bílaframleiðendur. Stofnað var hlutafélag um þetta verkefni, Íslenska magnesíumfélagið. Það félag samdi við þýskt fyrirtæki, Salzgitter Anlagenbau GmbH, um að stjórna hagkvæmniskönnun tækniþáttarins við uppbyggingu verksmiðjunnar og að framkvæma mat á hagkvæmni þessa verkefnis.<sup>463</sup> Kanadískt fyrirtæki annaðist markaðskönnun og söluskipulagningu.

Í innanhússtölvupósti hjá Olís, sem sendur var 24. september 1997, kemur fram að von væri á ósk um tilboð í svartolíu frá þýska fyrirtækinu sem ynni að undirbúningi magnesíumverksmiðjunnar.<sup>464</sup> Fram kemur í tölvupóstinum að hin olíufélögin hafi þegar gert tilboð í þessa olíu. Síðar sama dag sendi Salzgitter Anlagenbau símbref til Olís þar sem óskað var eftir tilboði í 80 þúsund tonn af svartolíu en það var fyrirhuguð árleg eldsneytisnotkun verksmiðjunnar.<sup>465</sup> Í svari forstjóra Olís sama dag við nefndum tölvupósti segir:

*„Hef litið svo á að JH væri að fylgjast með þessu máli ma með þátttöku í kynningarfundum og í gegnum forstjóra Hitaveitu Suðurnesja. ... Hins vegar er þetta mál af þeirri stærðargráðu að mér finnst það falla undir samkomulag sem er í gangi um ríki o.fl. Þótt hér sé aðeins um óformlegt erindi að ræða og því ætti kannski ekki að vera nein áhætta í að svara þessu á okkar forsendum tel ég rétt að fara að öllu með gát því að það svar sem gefið er nú gæti leitt til þess að gengið yrði síðar beint til viðræðna við þann sem besta svar gefur nú. Legg því til að JH taki málið upp við ÞÁ<sup>466</sup> og FS<sup>467</sup> áður en svarað, en vinni að öðru leyti að svari í samvinnu við Samúel.“<sup>468</sup>*

Forstjóri Olís hefur sagt að hann hafi í þessum tölvupósti verið að vísa til „óformlegs samkomulags olíufélaganna um viðskipti við stóriðjur.“<sup>469</sup> Ekki er hægt að draga aðra ályktun af þessum gögnum en að Olís hafi talið að olíuviðskipti við þessa fyrirhuguðu verksmiðju myndu falla undir samkomulag olíufélaganna um samráð í tilboðum og

<sup>463</sup> Sjá t.d. frétt Morgunblaðsins 11. apríl 1997.

<sup>464</sup> Tölvupóstur frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 24. september 1997 kl. 11:49 (Hs. nr. 4029).

<sup>465</sup> Símbref frá Salzgitter Anlagenbau til Olís, dags. 24.9.1997 (Hs. nr. 4029)

<sup>466</sup> Þórólfur Árnason OHF.

<sup>467</sup> Friðrik Þ. Stefánsson Skeljungu.

<sup>468</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 24.9.1997 (Hs. nr. 4029).

<sup>469</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

markaðsskiptingu. Sökum þessa hafi félagið ekki getað boðið verð á eigin forsendum og þurft „að fara að öllu með gát“. Af þessu leiddi einnig að forstjórinn fól framkvæmdastjóra sínum að hafa samband við starfsbræður hans hjá Skeljungu og OHF út af þessu máli. Þetta gerði framkvæmdastjórinn. Í minnisblaði hans frá 29. september 1997 um hugsanleg viðskipti við magnesíumverksmiðjuna segir:

*„JH og SG munu á næstu dögum fara ofan í með hvaða hætti tilboð verður sent inn. JH hefur haft samband við FS og ÞÁ um þetta mál og menn eru í grundvallar atriðum sammála um að þetta mál falli undir skilgreiningu á viðskiptum við stóriðjur.“<sup>470</sup>*

Gögn frá OHF staðfesta að samvinna hafi verið milli félaganna í þessu tilviki. Í mars 1998 hafði starfsmaður OHF samband við Salzgitter Anlagenbau til að kanna stöðu mála. Hann framsendi svar þýska fyrirtækisins til framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF með tölvupósti. Í svari framkvæmdastjórans kemur fram að hin olíufélögin hafi rætt um að þetta „sé sameiginlegt verkefni“ vegna stærðar og spyr forstjóra OHF hvort málið hafi verið rætt á „forstjóralevel“. Forstjóri OHF svarar að málið hafi ekki verið rætt á þeim vettvangi „ennþá“.<sup>471</sup> Þessi fyrirhuguðu viðskipti voru síðar rædd meðal forstjóra félaganna.

Forstjóri OHF hefur greint frá því að fyrir hafi legið að þessi verksmiðja hefði orðið mjög stór kaupandi á eldsneyti. Forstjórinn hefur jafnframt upplýst að það hafi verið gagnkvæmur skilningur olíufélaganna að viðskiptum af þessari stærðargráðu ætti að skipta milli þeirra og forstjórar félaganna „hefðu rætt um að þessi verksmiðja kæmi til skipta“.<sup>472</sup> Hins vegar heldur forstjórinn því fram að ekki hafi verið ákveðin sameiginlega þau kjör sem þessum væntanlega kaupanda yrði boðið. Forstjóri Skeljungs kannast ekki við að hafa rætt við hin félögin vegna þessa máls. Hann hefur þó sagt að hafi „mál þetta verið rætt milli félaganna, hefur það trúlega aðeins verið rætt í flimtingum, þar sem menn hafi talið að um óraunhæfar hugmyndir væri að ræða“.<sup>473</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, sem samkvæmt ofangreindum gögnum er sagður hafa í átt í samskiptum við hin félögin í þessu máli, kveðst ekki muna eftir þessu máli.<sup>474</sup> Hafi hann átt samtöl við Olís og OHF hafi það einungis verið til þess að hlýða á skilaboð þeirra eða tilmæli.

---

<sup>470</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar, dags. 29.9.1997 (Hs. nr. 4029).

<sup>471</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur frá Jürgen Schulze til Kristjáns Kristinssonar, dags. 19.3.1998 kl. 13:15. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristinssyni til Þórólfs Árnasonar o.fl., 19.3.1998 kl. 15:17. Tölvupóstur frá Þórólfi Árnasyni til Kristjáns Kristinssonar og Geirs Magnússonar, dags. 20.3.1998 kl. 9:27. Tölvupóstur frá Geir Magnússyni til Þórólfs Árnasonar og Kristjáns Kristinssonar, dags. 20.3.1998 kl. 11:33.

<sup>472</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda OHF, dags. 8.5.2002.

<sup>473</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>474</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

Framkvæmdastjórinn hefur einnig sagt að „*hugsanlega hafi starfsbræður hans hjá hinum olíufélögunum litið svo á að viðskipti við þetta væntanlega fyrirtæki yrðu sambærileg við fyrirkomulagið sem var hjá Ísal.*“ Framkvæmdastjórinn vísaði að öðru leyti til aðstoðarforstjóra Skeljungs sem hafi haft umsjón með þessu máli. Hann kveðst ekki muna eftir samskiptum við hin félögin og fyrir honum hafi þetta verkefni verið fjarlæggt.<sup>475</sup>

Gögn málsins sýna að aðstandendur magnesíumverksmiðjunnar hafi einnig óskað eftir verðhugmyndum á gasi. Olíufélögin ákváðu sameiginlega í nafni Gasfélagsins hvaða verð yrði gefið upp, sbr. tölvupóst aðstoðarforstjóra Skeljungs frá 6. mars 1998 til OHF og Olís.<sup>476</sup> Aðstoðarforstjórinn hefur sagt að hér hafi einungis verið um lauslega áætlun að ræða.<sup>477</sup>

Í athugasemdum OHF er vísað til framangreinds tölvupóst framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá félaginu frá 20. mars 1998 og sagt að í honum „*kemur fram að „hin félögin“ hafi „talað um að þetta sé sameiginlegt“ ef að verði. Samkeppnisstofnun heldur því hins vegar fram að „olíufélögin hafi rætt um að þetta sé sameiginlegt verkefni.*“ Þó umbj. okkar kannist við það að það kunni að vera sameiginlegur skilningur olíufélaganna að skynsamlegt væri að viðskiptum af slíkri stærðagráðu væri skipt á milli þeirra var ekki samið um neitt slíkt í þessu máli og ræddi umbj. okkar aldrei neitt slíkt við hin félögin.“ OHF vísar einnig til verðhugmyndar sem félagið sendi aðstandendum þessarar fyrirhuguðu verksmiðju þann 24. nóvember 1998. Segir félagið að í þessu bréfi hafi ekki falist verðtilboð heldur frekar aðstoð við kostnaðarútreikning. Málið hafi einfaldlega ekki verið komið á það stig að ólögmaett verðsamráð væri mögulegt. Að mati félagsins hafi það ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga í þessu tilviki. Engu breyti þó það kunni að vera minnst á fyrirspurnir Íslenska magnesíumfélagsins í viðræðum milli olíufélaganna. Verksmiðjan hafi aldrei verið byggð og óraunhæft væri að halda því fram að samráð hafi verið haft um viðskipti sem óvíst er að myndu fara fram. Verði eitthvað ólögmaett talið hafa falist í háttsemi OHF ber að líta til þess, komi til viðurlaga, að háttsemin hafði engin áhrif haft á markaði þar sem verksmiðjan hafi ekki verið reist.

Í athugasemdum Skeljungs er fullyrt að þau gögn sem fyrir liggi í málinu nægi ekki til þess að sýna að samráð hafi verið milli olíufélaganna um ákvörðun verðs í þessu tilviki. Skeljungur vísar til þess að í nefndum tölvupósti frá Olís, dags. 24. september 1997, komi fram að Skeljungur og OHF hafi án alls samráðs við Olís sent inn hugmyndir um verð á svartolíu til þýska fyrirtækisins Salzgitter. Það sé því illskiljanlegt að Samkeppnisstofnun skuli, þrátt fyrir framangreindan tölvupóst, telja

<sup>475</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>476</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Thomasar Möller (Olís) og Þórólfs Árnasonar (OHF), dags. 6.3.1998 kl. 15:07.

<sup>477</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

að samráð hafi átt sér stað um verðhugmyndir olíufélaganna og vitna í þennan tölvupóst til að styðja þá skoðun sína. Skeljungur segir einnig að Samkeppnisstofnun haldi því jafnframt fram að olíufélögin hafi ákveðið að þessum viðskiptum yrði skipt milli félaganna ef af þeim yrði. Skeljungur vísar til tölvupósts OHF frá 20. mars 1998 og segir að engin gögn bendi til þess að málið hafi verið rætt á „forstjóralevel“. Það eina sem Samkeppnisstofnun hafi í höndunum sé að starfsmenn Olís og hugsanlega einhverjir starfsmanna OHF hafi verið þeirrar skoðunar að yrði af viðskiptunum ætti að skipta framlegðinni á milli olíufélaganna. Af gögnum málsins sé ekki hægt að draga þá ályktun að Skeljungur hafi nokkurn tímann lýst yfir slíkri skoðun. Engin merki séu um viðræður milli olíufélaganna um slíka skiptingu, hvað þá að samkomulag hafi tekist.

Samkeppnisráð áréttar hér að forstjóri Olís bað framkvæmdastjóra sinn í tölvupóstinum frá 24. september 1997 að ræða við OHF og Skeljung áður en umræddum undirbúningsaðilum yrði gefið tilboð eða verðhugmynd. Forstjórinn lýsti því einnig að hann teldi þetta mál falla undir samkomulag milli olíufélaganna um ríki o.fl. Framkvæmdastjórinn upplýsti í minnisblaði frá 29. september 1997 að hann væri búinn að ræða við OHF og Skeljung og að félögin væri í aðalatriðum sammála um að þetta verkefni félli undir „*skilgreiningu á viðskiptum við stóriðjur*“. Í þessu felst óhjákvæmilega að félögin hafi þarna orðið sammála um að skipta þessum viðskiptum ef af yrði. Þann 24. nóvember 1997 sendi OHF óbindandi verðtilboð til Íslenska magnesíumfélagsins.<sup>478</sup> Það er því rangt hjá Skeljungu að bæði OHF og Skeljungur hafi fyrir 24. september 1997 verið búin að veita þessum undirbúningsaðilum loka verðhugmyndir sínar. Olís sendi sínar verðhugmyndir með bréfi, dags. 19. febrúar 1998, og tók fram að þetta væri ekki bindandi tilboð.<sup>479</sup> Þann 6. mars 1998 höfðu félögin samráð um óbindandi verðtilboð á gasi til þessa aðila. Þann 20. mars 1998 greindi framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF í tölvupósti frá viðræðum við hin félögin um þetta mál og sagði að þau litu á þetta sem sameiginlegt verkefni. Auk þessa spurði hann forstjóra sinn hvort hann hefði rætt málið við forstjóra hinn félaganna. Forstjórinn svaraði og kvaðst ekki hafa gert það ennþá. Forstjóri OHF hefur síðan upplýst að forstjórarnir hefðu rætt um að þessi verksmiðja ætti að koma til skipta og jafnframt upplýst að það hafi verið gagnkvæmur skilningur olíufélaganna að viðskiptum af þessari stærðargráðu ætti að skipta milli félaganna. Fæst því ekki séð á hvaða grunni OHF treystir sér til að fullyrða í athugasemdum sínum að félagið hafi aldrei rætt við hin félögin um að skipta þessum viðskiptum.

Með hliðsjón af framangreindu og þrátt fyrir athugasemdir OHF og Skeljungs telur samkeppnisráð ótvírætt að olíufélögin hafi rætt saman um óskir þessa aðila um verðtilboð á eldsneyti og ákveðið að þessum viðskiptum yrði skipt á milli félaganna, ef af þeim yrði. Ekki liggja fyrir í málinu skýr gögn um það að hve miklu leyti

<sup>478</sup> Sjá bréf Olíufélagsins, dags. 24.11.1997 (Gagn afhent af OHF).

<sup>479</sup> Símbref Olís frá 19.2.1998 (Gagn afhent af Olís).

olíufélögin hafi framkvæmt þetta samkomulag sitt og stillt t.d. saman verðtilboðum sínum. Í þessu sambandi verður hins vegar að hafa í huga að áætlanir um þessa verksmiðju hafa enn ekki gengið eftir. Olíufélögin sendu á sínum tíma ekki bindandi verðtilboð heldur óbindandi verðhugmyndir.<sup>480</sup> Þörfin á því að framkvæma samkomulagið til hlítar kom því ekki upp. Jafnframt liggur fyrir að olíufélögin hafi gefið sameiginlegt verðtilboð/verðhugmynd á gasi til umræddra aðila. Þessar aðgerðir fara gegn 10. gr. samkeppnislaga og engu máli skiptir í því samhengi þótt ekki hafi verið um að ræða bindandi verðtilboð þar sem ákvæðið bannar allt samráð um verð.

## 9. Útboð Norðuráls 1997

Á árinu 1997 stóð yfir undirbúningur að byggingu og rekstri Norðuráls á álveri á Grundartanga en rekstur álversins hófst í júní 1998. Verkfræðistofan Hönnun hf. annaðist undirbúning þessara framkvæmda. Í júní 1997 óskaði Hönnun eftir því að olíufélögin staðfestu með viljayfirlýsingu að þau hefðu áhuga á að taka þátt í fyrirhuguðu útboði á kaupum á gasi sem notað yrði í álverinu. Á þessum tíma var gert ráð fyrir því að gasnotkun verksmiðjunnar yrði umtalsverð.

Olís svaraði þessu erindi með bréfi, dags. 11. júlí 1997. Þar lýsir fyrirtækið yfir fullum vilja til þess að selja Norðuráli gas.<sup>481</sup> Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Skeljungu, dags. 27. júní 1997, til forstjóra félagsins og aðstoðarforstjóra kemur fram að Skeljungur hafi munnlega staðfest áhuga sinn á þessum viðskiptum og greint Hönnun frá því að Skeljungur myndi nota tímamann til undirbúnings og útreikninga.<sup>482</sup> Í tölvupóstinum er velt upp ýmsum atriðum sem aðstoðarforstjórinn telur að taka þurfi afstöðu til vegna þessa fyrirhugaða útboðs. Eitt þessara atriða er þetta:

*„Ætlum við að keppa um þetta við hin félögin eða er Gasfélagið sá vettvangur sem þessu yrði sameiginlega beint inná til að fá betri nýtingu á fjárfestingu okkar þar?“*

Í svari aðstoðarforstjóra Skeljungs er vakin athygli á að fyrirhugað magn sem Norðurál myndi kaupa sé svipað og allur gasinnflutningur olíufélaganna á þessum tíma. Í tölvupóstinum segir einnig að heppilegast sé að Gasfélagið komi að þessu máli.<sup>483</sup>

<sup>480</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur upplýst að fyrirtækið hafi ekki sent tilboð heldur „lauslega áætlun“, sbr. fundargerð Samkeppnisstofnunar frá 8.11.2002.

<sup>481</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Bréf Olís til Hönnunar hf., dags. 11.7.1997.

<sup>482</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Þ. Stefánssyni til Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar, Lúðvíks Björgvinssonar og Þóris Haraldssonar, dags. 27.6.1997, kl. 16:51.

<sup>483</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Friðriks Þ. Stefánssonar Kristins Björnssonar, Lúðvíks Björgvinssonar og Þóris Haraldssonar, dags. 30.6.1997, kl. 16:21.

Í málinu liggur fyrir að olíufélögin lýstu hvert og eitt í upphafi yfir áhuga sínum að bjóða í þessi viðskipti. Hins vegar hættu félögin síðan við að bjóða sjálfstætt og sendu þess í stað inn sameiginlegt tilboð í nafni Gasfélagsins. Samkeppnisstofnun hefur spurt olíufélögin um ástæður og aðdraganda þessa.

OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að fyrirtækið hafi frá upphafi stefnt að því að bjóða sjálfstætt í gasviðskipti Norðuráls en „*hin olíufélögin hafi þrýst á OHF að fara inn í sameiginlegt tilboð olíufélaganna í gegnum Gasfélagið og OHF fallist á það.*“<sup>484</sup> OHF hefur einnig upplýst að tekin hafi verið ákvörðun um að þessari gassölu yrði skipt milli olíufélaganna. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu hefur sagt að þetta hafi verið stórt verkefni og það hafi vissulega freistað að ná þessum viðskiptum til Skeljungs.<sup>485</sup> Skynsemisviðbrögðin hafi hins vegar verið þau að eðlilegt væri að Gasfélagið annaðist þessi viðskipti. Hann kveðst hins vegar ekki muna með hvaða hætti málið hafi þróast þannig að Gasfélagið tæki það að sér. Hann kvaðst þó ekki kannast við að Skeljungur hafi beitt OHF þrýstingi í þessu máli. Aðstoðarforstjóri Skeljungs segir að þetta hafi verið risavaxið verkefni og af hagkvæmnisástæðum hefði augljóslega verið hagstæðast fyrir Norðurál að eiga gasviðskipti sín við Gasfélagið.<sup>486</sup> Það hafi verið fullkomlega eðlileg nálgun að beina þessum viðskiptum til Gasfélagsins. Olís hefur bent á miklar öryggiskröfur vegna meðferðar gass og sagt að Norðuráli hafi verið gefinn kostur á að semja beint við heildsöluaðila og ná fram hagstæðara verði.<sup>487</sup>

Að mati samkeppnisráðs sýna gögn málsins að Olís og Skeljungur hafi komist að þeirri niðurstöðu, væntanlega í júlí/ágúst 1997, að olíufélögin ættu ekki að keppa um þessi viðskipti heldur beina þeim til Gasfélagsins. Eins og áður sagði hefur OHF upplýst að hin félögin hafi þrýst á OHF að hætta við sjálfstætt tilboð. Þessi framburður OHF er í samræmi við gögn málsins frá þessum tíma.

Í málinu liggur fyrir minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til m.a. forstjóra félagsins.<sup>488</sup> Minnisblaðið er dagsett 5. september 1997 og í því segir m.a.:

*„Esso ætlar að bjóða í gasið eitt og sér. Leggur inn í gömlu gasstöðina við Holtagarða. Sameiginlegt tilboð myndi þýða betri framlegð.“*

<sup>484</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

<sup>485</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

<sup>486</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>487</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>488</sup> Minnisblað Thomasar Möller, dags. 5.9.1997 (Hs. nr. 4317).



Í öðru minnisblaði sama framkvæmdastjóra hjá Olís, einnig dagsett 5. september 1997, er lýst fundi í stjórn Gasfélagsins sem haldinn var 3. september 1997.<sup>489</sup> Þar segir m.a.:

*„Á fundinum voru Esso menn hvattir til að hætta við tilboð sitt í Norðurál og fara inn í sameiginlegt tilboð í staðinn. Reynt verður að tengja þetta við Shell söluna til Ísals.“*

Samkvæmt þessu er að mati samkeppnisráðs ljóst að Olís og Skeljungur þrýstu á OHF um að keppa ekki í gassölu til Norðuráls og taka þess í stað þátt í sameiginlegu tilboði olíufélaganna í gegnum Gasfélagið. Tilgangur þessa hefur m.a. verið sá að koma í veg fyrir samkeppni og stuðla þannig að „betri framlegð“ fyrir olíufélögin í þessum viðskiptum. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hefur hins vegar haldið því fram að það hafi verið að frumkvæði OHF að salan til Norðuráls hafi farið í gegnum Gasfélagið.<sup>490</sup> Ekkert í gögnum málsins styður þessa fullyrðingu og er hún reyndar í andstöðu við framangreind gögn frá Olís frá árinu 1997.

Samhengisins vegna er nauðsynlegt að taka hér fram að á árinu 1996 hófu olíufélögin formlegt samstarf um innflutning og birgðahald á gasi. Í því skyni stofnuðu félögin einkahlutafélagið Gasfélagið. Er félagið í jafnri eigu olíufélaganna. Samkvæmt 2. gr. stofnsamnings Gasfélagsins, dags. 25. mars 1996, er tilgangur félagsins kaup, innflutningur, móttaka, geymsla og dreifing á fljótandi gasi og rekstur gasstöðvar, en gasstöð var reist í Straumsvík og hóf hún starfsemi 1996.<sup>491</sup> Starfsmenn olíufélaganna sitja í stjórn Gasfélagsins. Olíufélögin hafa lagt áherslu á að þessi samvinna sé nauðsynleg til að efla öryggi við meðferð gass og til að stuðla að hagkvæmni við innkaup á gasi til landsins. Er í því sambandi vísað til þess að markaður fyrir gas hér á landi sé smár. Olíufélögin hafa einnig lagt á það áherslu, m.a. þegar starfsemi Gasfélagsins var á sínum tíma kynnt samkeppnisyfirvöldum, að félagið kæmi ekkert að endursöllumálum á gasi.<sup>492</sup> Forstjórar Olís og OHF hafa staðfest þetta. Forstjóri OHF hefur í því sambandi sagt að engin „samvinna ætti að vera um sölu og markaðsmál og olíufélögin ættu að keppa í verði og viðskiptakjörum í endursölu á gasi.“<sup>493</sup> OHF hefur einnig greint frá því að þrýstingur hafi verið frá hinum félögum, aðallega Skeljungu, að breyta Gasfélaginu í markaðsfyrirtæki en OHF hafi ávallt verið á móti því.<sup>494</sup> Forstjóri Olís hefur staðfest að það hafi frá upphafi verið hugmyndin að Gasfélagið myndi annast innflutning og birgðahald á gasi fyrir

<sup>489</sup> Minnisblað Thomasar Möller „Fundur í stjórn Gasfélagsins 3/9“, dags. 5.9.1997 (Hs. nr. 5820).

<sup>490</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>491</sup> Stofnsamningur Gasfélagsins ehf., dags. 25.3.1996 (Hs. nr. 4032).

<sup>492</sup> Sjá bréf Olís, dags. 8.12.1996, bréf OHF, dags. 12.12.1996, og bréf Skeljungs, dags. 23.12.1996, til Samkeppnisstofnunar.

<sup>493</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

<sup>494</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

eigendur sína en að olíufélögin myndu keppa í verði og öðrum viðskiptakjörum við endursölu á gasi.<sup>495</sup> Forstjórinn hefur einnig sagt að Olís hafi ávallt verið mótfallið þeirri hugmynd að breyta Gasfélaginu í markaðsfyrirtæki. Samkvæmt framansögðu er ljóst að sú hugmynd að olíufélögin myndu á vettvangi Gasfélagsins gera sameiginlegt tilboð í sölu á gasi til Norðuráls var í ósamræmi við yfirlýstan tilgang Gasfélagsins. OHF hefur staðfest þetta og sagt „að sala Gasfélagsins til Norðuráls væri frávik frá upphaflegum áformum um starfsemi félagsins.“<sup>496</sup> Forstjóri Olís hefur tekið í sama streng og sagt að samvinna olíufélaganna vegna Norðuráls væri stílbrot í rekstri Gasfélagsins.<sup>497</sup>

Gögn málsins sýna að a.m.k. þann 23. september 1997 hafði OHF fallist á óskir hinna félaganna um að keppa ekki í þessum viðskiptum og hætta við sjálfstætt tilboð sitt til Norðuráls. Þetta má ráða af tölvupósti sem framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís sendi m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs og sölustjóra hjá OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og aðstoðarforstjóra hjá Skeljungu.<sup>498</sup> Í tölvupóstinum er lýst því sem framkvæmdastjórinn taldi að ákveðið hefði verið á fundi olíufélaganna 23. september 1997 og í honum segir m.a.:

*„Á fundi 23. sept var ákv:*

*Norðurál verði boðið landed price NWE + 199,3 usd ...  
400 tonn á ári x 44,3=17720 usd á ári=5900 usd pr félag  
Langtímasamningur amk 10 ár.*

*Norðurál byggir gasstöðina og rekur, stöðin tekur við gasi úr stút við bryggju. Shell/Esso reyna að selja þeim sína tanka, sem Norðurál telur að hægt sé að koma upp. Þeir telja sig eiga betri möguleika á að koma upp notuðum tönkum en olíufélögin. Ef þeir óska erum við tilb að fjármagna nýja gasstöð.*

*Ísalsamningur Shell verði tekinn upp á næstu mánuðum með það að markmiði að hann verði 3ja félaga samningur, frontaður af gasfélaginu. Allir samningar um gassölu við álver í framtíðinni verði 3ja félagasamningar með Gasfélagið sem front.“*

---

<sup>495</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>496</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

<sup>497</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>498</sup> Tölvupóstur frá Thomasi Möller til m.a. Jóns Halldórssonar (Olís), Þórólfs Árnasonar (OHF), Kristjáns Kristinssonar (OHF), Gunnar Karls Guðmundssonar (Skeljungur) og Friðriks Þ. Stefánssonar (Skeljungur), dags. 24.9.1997 kl. 9:36 (Hs. nr. 4324).

Samkvæmt þessu hafa olúfélögin ákveðið á þessum fundi hvaða verð ætti að bjóða Norðuráli á gasi og ákveðið hvað hvert félag myndi hafa í framlegð af þessum viðskiptum. Jafnframt hefur þessi framkvæmdastjóri Olís talið að ákveðið hafi verið að skipta ætti gasviðskiptum Skeljungs við ÍSAL milli olúfélaganna. Einnig hafi verið ákveðið að öll gasviðskipti við álver í framtíðinni ættu að skiptast milli olúfélaganna.

Í bréfi Hönnunar sem sent var olúfélögunum í júní 1997 var við það miðað að það olúfélag sem fengi gassviðskiptin við Norðurál skyldi reisa og reka gasstöð á Grundartanga. Viðkomandi olúfélag myndi eiga gasbirgðirnar og selja gasið frá þessari gasstöð. Af ofangreindum tölvupósti Olís má ráða að olúfélögin hafi ákveðið sameiginlega að vinna gegn þessum áætlunum Norðuráls og reynt að selja fyrirtækinu tanka frá OHF og Skeljungu. Þessi skilningur er staðfestur þegar kannaðir eru eftirfarandi tölvupóstar frá Skeljungu og OHF, en þeir eru ritaðir í framhaldi af fyrrgreindum tölvupósti Olís.

Í tölvupósti aðstoðarforstjóra Skeljungs kemur fram að á fundinum 23. september 1997 hafi verið gerð tillaga um að bjóða Norðuráli \$199,30 en það væri hins vegar stjórn Gasfélagsins sem ákvæði verð til Norðuráls og hún yrði að koma saman og ákveða verðið.<sup>499</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt höfund tölvupóstsins, sem ekki sat í stjórn Gasfélagsins á þessum tíma, hvers vegna hann hafi komið að ákvörðun á verði til Norðuráls. Hann kveðst hafa litið á þetta mál sem „supply“ samning en hann hafi á þessum tíma haft umsjón með innkaupum fyrir Gasfélagið.<sup>500</sup> Innkaup fyrir Norðurál hefðu leitt til stóraukinnar hagkvæmni í flutningum til landsins og hefði því þurft að taka afstöðu til þess hvernig þeim ávinningi yrði ráðstafað milli Gasfélagsins og Norðuráls. Á fundinum hafi félögin verið að ákvarða hæfilegt gasverð til Norðuráls. Einnig segir í tölvupóstinum:

*„Vegna bókunar um Ísal samninginn var á það bent að Ísal samningurinn er ekki í útboði og var frá genginn áður en til stofnunar Gasfélagsins kom. Það er því grundvallarmunur á þessum samningum. Öðru máli gegnir þegar Ísal samningur rennur út. Skeljungur lýsir sig samt reiðubúin til viðræðna um þann samning en telur að þessa tvo samninga megi ekki tengja að nokkru leyti.“*

Ljóst er samkvæmt þessu að Skeljungur hefur talið að Olís hefði oftúlkað niðurstöður fundarins 23. september 1997, a.m.k. hvað ÍSAL samninginn áhrærir. Hins vegar verður ekki önnur ályktun dregin af þessum orðum Skeljungs en að samráð kæmi vel

<sup>499</sup> Tölvupóstur frá Gunnari Karli Guðmundssyni til m.a. Thomasar Möller (Olís), Jóns Halldórssonar (Olís), Þórólfs Árnasonar (OHF), Kristjáns Kristinssonar (OHF) og Friðriks Þ. Stefánssonar (Skeljungur), dags. 24.9.1997 kl. 11:05 (Hs. nr. 4324).

<sup>500</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

til greina þegar samningurinn um gassölu til ÍSALS falli úr gildi og viðskiptin yrðu hugsanlega boðin út.

Um þau áform Norðurláls að viðkomandi olíufélag myndi reisa gasstöð segir m.a. þetta í tölvupóstinum um viðræður olíufélaganna á fundinum 23. september 1997: „*Skoðun fundarmanna var að reyna, ef hægt væri, að komast hjá allri þátttöku í byggingu gasstöð Norðurláls en sjálfsagt að selja þeim geyma.*“

Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF taldi ástæðu til að gera athugasemdir við framangreindan tölvupóst Skeljungs. Í tölvupósti OHF segir m.a.:

*„Þakka fundarmemo Thomasar<sup>501</sup> og viðbót GKG<sup>502</sup>.*

*Verð þó að segja, í sambandi við viðbót GKG, að mér þykja fyrirvarar Skeljungs óþarfir, mér nægir sú yfirlýsing Skeljungs að taka eigi upp það mál að Ísal samningurinn fari inn í Gasfélagið ehf., eins og aðrir væntanlegir gassamningar á stóriðju, punktur og basta! Að öðrum kosti verður verðlagning Gasfélagsins ehf. á sinni þjónustu til slíks stórnotenda alltaf bitbein félaganna. Þetta er sú röksemd sem Skeljungur kom á framfæri í sambandi við Norðurlál og við höfum gengið að.*“<sup>503</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt Skeljung hvernig fyrirtækið hafi skilið þau orð OHF að ef viðskipti Norðurláls færu ekki inn Gasfélagið yrði verðlagning til slíks stórnotenda alltaf bitbein olíufélaganna. Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur til svars sagt „*að ef upp kæmi ný stóriðja sem notaði mikið gas og keypti það í gegnum Gasfélagið, þá yrðu innkaup og flutningar í heild hagkvæmari en áður var. Kæmi þá upp spurning um hver ætti að njóta hagræðisins.*“<sup>504</sup>

Af framangreindum tölvupósti OHF og öðrum gögnum málsins dregur samkeppnisráð hins vegar þá ályktun að olíufélögin hafi viljað koma í veg fyrir deilur um verðlagningu sem gætu stafað af því að Gasfélagið og olíufélögin ættu í samkeppni um sölu á gasi til stórnotenda. Sýnir þetta glöggt áhrif af samstarfi olíufélaganna að þessu leyti. Þegar framangreindir tölvupóstar Olís, Skeljungs og OHF eru virtir saman telur samkeppnisráð ljóst að olíufélögin hafi auk þess að fjalla um verð á gasi til Norðurláls náð um það samkomulagi að öll gassala til a.m.k. nýrra stórnotenda skuli fara í gegnum Gasfélagið. Sú skoðun styrkist þegar haft er í huga að þegar aðstandendur fyrirhugaðrar magnesíumverksmiðju óskuðu eftir verðhugmyndum á

<sup>501</sup> Thomas Möller (Olís).

<sup>502</sup> Gunnar Karl Guðmundsson (Skeljungur).

<sup>503</sup> Tölvupóstur frá Þórólfi Árnasyni til m.a. Thomasar Möller (Olís), Kristjáns Kristinssonar (OHF), Friðriks Þ. Stefánssonar (Skeljungur) og Gunnars Karls Guðmundssonar (Skeljungur), dags. 24.9.1997 kl. 17:24 (Hs. nr. 4324).

<sup>504</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

gasi ákváðu olíufélögin sameiginlega í nafni Gasfélagsins hvaða verð yrði gefið upp, sbr. kafla IV 8 hér að framan.

Í framangreindum tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF til Olís og Skeljung er einnig greint frá því að OHF hafi farið á fund Norðuráls þennan sama dag, eða 24. september 1997. Um þetta segir í tölvupóstinum:

*„Við Kristján fórum á fund með Norðuráli í dag:*

*Norðurálsmenn segjast hafa vissu fyrir því að þeir komist upp með að byggja ofanjarðargasstöð á Grundartanga.*

*Við upplýstum að við ráðlegðum Norðuráli að byggja og eiga búnað á Grundartanga.*

*ESSO hefði áhuga að selja gas, cif á Grundartanga. Verðlagning væri skv. LPG. skráningu NWE sea going, plús álag vegna fraktar og marginu. Stærðargráður ræddar: Skráningarverð væri um 170–180 USD og reikna þyrfti með USD 200 til viðbótar (per MT).*

*Þessir útreikningar og væntanlegt tilboð, yrðu að byggjast á tölum frá Gasfélaginu ehf. og þar af leiðandi myndu þeir væntanlega fá samhljóða tilboð frá Shell og Olís. Ef Norðurál kysi gætu þeir fengið slíkt tilboð frá Gasfélaginu ehf.*

*Gasfélagsstjórnin gæti hitt Norðurál ef þess væri óskað.*

*Gasfélagið gæti selt ráðgjafartíma. Norðurál gæti keypt þann búnað sem til væri í landinu í þessum tilgangi, fyrst ofanjarðarstöð yrði leyfð. Við upplýstum að okkar estimate væru: Ofanjarðarstöð: 20–30 millj. króna, neðanjarðarstöð: 50+ millj. kr.*

*Augljóst væri að ef við ættum að taka slíkan kostnað yrðum við að leggja háa marginu ofan á gasverðið, þannig að ódýrara væri fyrir Norðurál að eiga og reka stöðina*

*Norðurálsmenn þökkðu upplýsingarnar og segjast vera að velta fyrir sér möguleikunum, þeir muni koma til baka til okkar innan þessarar viku, til að upplýsa hvað þeir vilji.“*

Í þessum tölvupósti hefur OHF upplýst Olís og Skeljung um málefni sem almennt teljast til viðskiptaleyndarmála. Ástæða þessa er sú að olíufélögin höfðu, eins og lýst

hefur verið, ákveðið að keppa ekki um þessi viðskipti heldur beina þeim inn í Gasfélagið. Ljóst er einnig af þessum tölvupósti að Norðurál hefur ekki á þessum tíma vitað um þessa ákvörðun olíufélaganna. Jafnframt er ljóst að OHF hefur, gegn betri vitund, gefið Norðuráli til kynna að OHF væri tilbúið að gera sjálfstætt tilboð í þessi viðskipti. Jafnframt hefur OHF reynt að sannfæra Norðurál um að slík samkeppni myndi skila litlu og reynt að beina viðskiptunum til Gasfélagsins. Það gekk eftir og Norðurál ákvað að semja við Gasfélagið. Fram kemur einnig að OHF hafi reynt að sannfæra Norðurál um að byggja og eiga eigin búnað vegna gass. Hefur OHF augljóslega verið að framfylgja þeirri ákvörðun olíufélaganna að vinna gegn því að olíufélagin myndu reisa og reka gasstöð á Grundartanga.

Samkeppnisstofnun hefur beðið fulltrúa Skeljungs að útskýra hvernig tölvupóstur OHF horfði við þeim og hvers vegna OHF hafi gefið til kynna að Norðurál mætti eiga von á sjálfstæðu tilboði frá OHF þrátt fyrir að olíufélagin hafi verið búin að ákveða tilboðsverð til Norðuráls. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta kveðst ekki geta útskýrt þetta.<sup>505</sup> Í svari núverandi aðstoðarforstjóra Skeljungs segir að „*fulltrúar OHF hefðu átt að sjá að engin skynsemi hafi verið í öðru en að GF kæmi að þessum viðskiptum. Þá sagðist GKG ekki geta skýrt hvers vegna OHF væri að kynna einhverjar hugmyndir fyrir Norðuráli.*“<sup>506</sup>

Í lok árs 1997 sendi Gasfélagið Norðuráli tilboð í sölu á gasi. Fjallað var um þetta málefni í stjórn Gasfélagsins 15. janúar 1998 og sagt að það ætti eftir að ganga frá samkomulagi við Norðurál.<sup>507</sup> Í fundargerð vegna stjórnarfundar Gasfélagsins 15. júní 1998 kemur fram að endurnýjað tilboð lægi hjá Norðuráli og „*skv. samkomulagi sé Norðurál beinn viðskiptavinur Gasfélagsins ehf.*“<sup>508</sup> Í fundargerð stjórnar Gasfélagsins frá 14. desember 1998 segir að Norðurál hafi óskað eftir endurskoðun á verði á gasi. Fyrirtækið borgi tvöfalt meira en ÍSAL og ástæðan sögð sú að gasinu sé ekið til Norðuráls. Fyrir liggur í málinu að Norðurál hafi frá árinu 1998 verið í viðskiptum við Gasfélagið.

OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að Bandaríkjamenn séu vanir að nota gas í álverum.<sup>509</sup> Eigendur Norðuráls hafi í upphafi ekki áttað sig á því að hér á landi væri gas ekki samkeppnisfært við gasolíu vegna mikils kostnaðar. Sökum þessa hafi þeir stefnt að því að nota gas í talsverðum mæli í álveri sínu á Grundartanga. Eftir að Norðurál hafi fengið ráðgjöf um þetta efni hafi fyrirtækið breytt hönnun verksmiðju sinnar þannig að gasnotkun hafi orðið minni en upphaflega hafi verið áætlað. Þess í stað var ákveðið að nota gasolíu og hafi þann 17. apríl 1998 verið gerður samningur

<sup>505</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

<sup>506</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>507</sup> Minnisblað um stjórnarfund Gasfélagsins hf. 15.1.1998 (Hs. nr. 4347).

<sup>508</sup> Fundargerð 13. stjórnarfundar Gasfélagsins hf., dags. 15.6.1998 (Hs. nr. 4032).

<sup>509</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

milli Norðuráls og OHF um sölu á gasolíu og fleiri vörum. Í kjölfar þessa samnings sendi sölustjóri stórnotenda hjá OHF tölvupóst til m.a. forstjóra OHF. Tölvupósturinn er frá 27. maí 1998 og er í honum greint frá því að Norðurál hafi ætlað að nota gas í steypuskálanum og hafi verið í viðræðum við Gasfélagið út af því. Síðan segir:

*„Hins vegar finnst þeim verði það hátt að þeir ákveða líklega í dag að skipta yfir í gasolíu. Þetta þýðir hátt í milljón lítra af gasolíu á ári. ... Gassalan í gegnum Gasfélagið var skiptisala milli félaganna. Nú erum við með samning við Norðurál hf. til 5 ára, m.a. um gasolíu, og þessi sala gengur inn í þann samning. Hin félögin munu sjálfsagt krefjast þess að þessu verði skipt en við munum alfarið hafna því.“*

Þessi grunur um kröfu Skeljungs og Olís um skiptisölu reyndist á rökum reistur. Höfundur tölvupóstsins og forstjóri OHF hafa upplýst að hin félögin hafi krafist þess að gasolíusölnunni til Norðuráls yrði skipt milli félaganna.<sup>510</sup> Þeir fullyrða hins vegar að slík skipting hafi aldrei komið til framkvæmda. Þessi krafa Olís og Skeljungs var m.a. rædd á fundi forstjóra félaganna þriggja sem haldinn var 16. desember 1998. Til að undirbúa forstjóra OHF fyrir þann fund tók framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF saman minnisblað sem lýsti viðræðum hans við fyrrum framkvæmdastjóra markaðssviðs, en hann hafði fyrr á árinu 1998 látið af störfum hjá fyrirtækinu.<sup>511</sup> Um Norðurál segir þetta:

*„Olíuviðskiptin fengum við með útboði án samráðs sem byggðust ekki endilega á verðum heldur á góðri þjónustu frá Kristjáni á Akranesi. Samráð um gas en síðar sá Norðurál að gasið var dýrari kostur en gasolían. Viðbótar gasolíukaup í stað gass féll eðlilega undir okkar olíuviðskiptasamning og hefur ekkert með skipti að gera. Ekki skipti.“*

Þetta skjal staðfestir að Olís og Skeljungur hafa krafist þess að gasolíuviðskiptunum við Norðurál yrði skipt. Það staðfestir einnig að samráð hafi verið haft varðandi gasviðskiptin við Norðurál.

Í athugasemdum OHF segir að félagið mótmæli því ekki að hafa farið í sameiginlegt tilboð með hinum félögunum í gegnum Gasfélagið og það sé líklega andstætt 10. gr. samkeppnislaga. OHF mótmæli því hins vegar að þetta atvik hafi verið liður í meintu samstarfi um að ræða saman vegna allra útboða. Engin gögn bendi til þess. Þvert á móti sýni gögnin að OHF hafi farið eigin leiðir varðandi Norðurál og barist fyrir viðskiptunum. Einnig sé ósönnuð sú staðhæfing Samkeppnisstofnunar að OHF hafi náð samkomulagi við hin félögin um að öll gassala til a.m.k. nýrra stórnotenda færi í

<sup>510</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

<sup>511</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Minnisblað Bjarna Bjarnasonar með yfirskriftinni „Skv. viðtali við ÞÁ“, dags. 14.12.1998.

gegnum Gasfélagið. Komi til ákvörðunar viðurlaga verði að hafa í huga að OHF hefði ekki haft frumkvæði að þessu heldur hafi félagið látið undan þrýstingi annarra aðila á markaðnum.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi ákveðið sameiginlega að félögin byðu ekki sjálfstætt í gassölu til Norðuráls. Jafnframt hafi olíufélögin ákveðið sameiginlega verð á gasi til Norðuráls í tengslum við útboð fyrirtækisins. Í kafla IV 2 var gerð grein fyrir því að olíufélögin hafi náð samkomulagi um að ræða saman um öll útboð á fundi sínum 16. september 1996. Samráð í þessu útboði sem hér um ræðir var því óhjákvæmilega liður í því samkomulagi olíufélaganna. Þrátt fyrir mótmæli OHF telur samkeppnisráð að framangreind gögn málsins sýni að olíufélögin hafi einnig náð samkomulagi á fundi sínum 23. september 1997 um að öll gassala til a.m.k. nýrra stórnotenda skyldi fara í gegnum Gasfélagið. Þetta leiðir m.a. skýrlega af tölvupóstum Olís og OHF frá 24. september 1997. Olíufélögin hafa síðan á vettvangi Gasfélagsins haft með sér samstarf um sölu og verðlagningu á gasi til Norðuráls. Öll þessi atriði fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Olís og OHF hafa bent á að Norðuráli hafi verið fullkunnugt um þetta fyrirkomulag á viðskiptunum. Samkeppnisráð vekur í því sambandi athygli á að engu breytir varðandi lögmati aðgerða sem falla undir 10. gr. samkeppnislaga hvort þær fara fram með leynd eða ekki. Jafnframt er ljóst samkvæmt gögnum málsins að Norðurál hefur ekki verið kunnugt um það að olíufélögin hafi tekið um það sameiginlega ákvörðun að bjóða ekki sjálfstætt í þessi viðskipti.

## 10. Útboð Flugleiða 1994 og Flugfélags Íslands 1998 (Innanlandsflug)

Gögn málsins sýna að olíufélögin hafi lengi rætt sín á milli um að hafa með sér samstarf varðandi viðskipti við flugfélög. Þannig kemur fram í minnisblaði forstjóra Skeljungs að á fundi hans með forstjórum Olís og OHF 11. september 1991 hafi forstjóri Olís nefnt „...*hvort hugsanlegt væri að ná samkomulagi um flugviðskipti, bæði í Keflavík og Reykjavík* ...“.<sup>512</sup> Samkomulag um markaðsskiptingu á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli náðist á árinu 1994 og verður nánar fjallað um það í kafla VII. Í þessum kafla verður hins vegar fjallað um samstarf Skeljungs og Olís vegna útboða innanlandsdeildar Flugleiða 1994 og Flugfélags Íslands 1998.

### 10.1. Útboð Flugleiða 1994

Í apríl 1994 óskuðu Flugleiðir eftir tilboðum í potueldsneyti fyrir flugvélar félagsins á Reykjavíkurflugvelli.<sup>513</sup> Var olíufélagunum þremur boðið að gera tilboð. Í

<sup>512</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar nr. 25/91, dags. 11.9.1991 (Hs. nr. 7082).

<sup>513</sup> Útboðslýsing Flugleiða hf. *Potueldsneyti fyrir flugvélar á Reykjavíkurflugvelli*, dags. apríl 1994 (Hs. nr. 8867).



útboðslýsingunni kemur fram að árleg eldsneytisnotkun flugvéla Flugleiða á Reykjavíkflugvelli sé 1.383.000 gallon (rúmlega 5,2 milljónir lítra). Samkvæmt útboðslýsingunni skyldi gera samning til 31. maí 1997 um eldsneytissöluna við það olúfélag sem fengi viðskiptin. Útboðsfrestur var til 28. apríl 1994.

Skeljungur og Olís skiluðu inn tilboðum vegna þessa útboðs. Skeljungur bauð 17,01 kr. á lítra með vsk.<sup>514</sup> Olís bauð 17,40 kr. á lítra með vsk.<sup>515</sup> Samkeppnisráð telur að gögn málsins bendi eindregið til þess að Skeljungur og Olís hafi haft með sér samstarf um tilboðsgerðina. Samstarfið hafi m.a. miðað að því að Skeljungur fengi þessi viðskipti. Í fyrsta lagi er í málinu að finna minnisblað til forstjóra Olís frá tveimur framkvæmdastjórum félagsins.<sup>516</sup> Minnisblaðið var tekið saman í tengslum við útboð Flugfélags Íslands í apríl 1998 og í því er fullyrt að „samstarf“ hafi verið um tilboð Olís vegna útboðsins 1994. Annar höfundur minnisblaðsins hefur aðspurður sagt að hann telji að Olís og Skeljungur hafi haft með sér samráð vegna þessa útboðs.<sup>517</sup> Nánari grein verður gerð fyrir minnisblaðinu í umfjöllun um útboð Flugfélags Íslands. Jafnframt hefur forstjóri Olís upplýst að hann hafi heyrt að undirmenn hans hjá Olís hafi rætt þetta útboð við Skeljung og umræðurnar hafi að hans sögn fyrst og fremst snúist um afgreiðslugjald vegna fyrirhugaðrar samvinnu félaganna um eldsneytisafgreiðslu á Reykjavíkflugvelli.<sup>518</sup> Samkvæmt þessu útboði Flugleiða þurftu bjóðendur að tilgreina afgreiðslugjald á lítra í tilboðum sínum. Í þessu samhengi vekur samkeppnisráð athygli á því að ákvæði 10. gr. samkeppnislaga banna hvers konar samninga og samstilltar aðgerðir við gerð tilboða. Í því felst að keppinautum er með öllu óheimilt að eiga fundi og fjalla um gerð tilboða sinna í heild eða að hluta. Ekki skiptir því höfuðmáli að skera úr um það hvort Skeljungur og Olís hafi haft með sér samvinnu einungis um þann þátt tilboða sinna sem tengist afgreiðslugjaldinu eða um tilboðið í heild sinni.

Hér verður hins vegar að líta til þess að hjá forstjóra Olís fannst afrit af tilboðsblaði vegna framangreinds útboðs.<sup>519</sup> Á tilboðsblaðið er rituð sú fjárhæð sem Olís bauð (17,40 kr.) og fyrir ofan þessa tölu er eftirfarandi skrifað: „*Tala frá Shell*“. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo að Skeljungur hafi gert tillögu um hvaða fjárhæð Olís myndi bjóða vegna útboðsins. Eins og fram hefur komið eru önnur fordæmi um að Skeljungur hafi haft þann hátt á að gera tillögur til keppinauta sinna um tilboðsverð

---

<sup>514</sup> Tilboð Skeljungs vegna útboðs Flugleiða hf. í þotueldsneyti fyrir flugvélar á Reykjavíkflugvelli, apríl 1994 (Hs. nr. 8867).

<sup>515</sup> Tilboð Olís vegna útboðs Flugleiða hf. í þotueldsneyti fyrir flugvélar á Reykjavíkflugvelli, apríl 1994 (Hs. nr. 4029).

<sup>516</sup> Minnisblað með heitinu „*KBÓ og JH. Copy EB: Trínaðarmál: Minnispunktur vegna útboðs Flugfélags Íslands 1998.*“ Kristján B. Ólafsson og Jón Halldórsson hafa undirritað minnisblaðið með upphafsstöfum sínum (Hs. nr. 4029).

<sup>517</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>518</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>519</sup> Hs. nr. 4029.

vegna þeirra útboða þar sem fyrirtækið fór fram á samráð til að tryggja að það fengi eða héldi tilteknum viðskiptum, sbr. umfjöllum um útboð Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar 1996 og ÍSAL 1997 í kafla IV 2 og 7.

Forstjóri Skeljungs segist ekki kannast við að samráð hafi verið milli Olís og Skeljungs vegna framangreinds útboðs.<sup>520</sup> Þegar gögn málsins eru hins vegar virt í samhengi telur samkeppnisráð að Olís og Skeljungur hafi haft samstarf um alla þætti í tilboðum sínum vegna þessa útboðs, sbr. einnig umfjöllun hér á eftir.

Samkeppnisráð telur, eins og áður sagði, að samstarfið sem hér um ræðir hafi m.a. miðað að því að Skeljungur héldi þessum viðskiptum við Flugleiðir. Gegn því myndi Skeljungur taka upp samstarf við Olís í afgreiðslu á eldsneyti á Reykjavíkflugvelli. Hér skiptir máli að forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafa fullyrt að sú aðstaða sem Olís hafi haft á Reykjavíkflugvelli á þessum tíma hafi verið bágborin og óhagkvæm en aðstaða Skeljungs mun betri.<sup>521</sup> Olís hafi sökum þessa sóst eftir því að taka upp þetta samstarf við Skeljung. Hið sama hefur komið fram af hálfu forstjóra Skeljungs.<sup>522</sup> Forstjóri Olís hefur einnig greint frá því að Olís hafi talið það skipta meira máli í útboðinu „að halda samstöðu um sameiginlega afgreiðslu fremur en að ná viðskiptunum af Skeljungu með mjög lítilli álagningu. Olís hefði þannig tekið sjálfstæða viðskiptaákvörðun um að keppa ekki á síðustu aurunum um þjónustu á Reykjavíkflugvelli, enda hefði það stofnað í hættu árangri um sameiginlega afgreiðslustöð.“<sup>523</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís hefur greint frá því að Olís hafi verið beitt þrýstingi af Skeljungu til að hafa samstarf í tengslum við útboðið, ella hefði samvinna félaganna á Reykjavíkflugvelli verið í hættu.<sup>524</sup> Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að benda á að sama dag og útboðsfrestur rann út skrifuðu Olís og Skeljungur undir samkomulag um samstarf við afgreiðslu flugeldsneytis á Reykjavíkflugvelli.<sup>525</sup> Í 1. gr. samkomulagsins segir að aðilar séu sammála um að stofnað verði rekstrarfélag um þessa starfsemi með jafnri hlutdeild beggja, eigi síðar en 1. júlí 1994. Í 2. gr. segir að rekstrarfélagið muni annast afgreiðslu á flugeldsneyti fyrir báða aðila gegn afgreiðslugjaldi sem aðilar eru sammála um og gildi jafnt fyrir báða. Í 5. gr. samkomulagsins segir síðan:

*„Samkomulag er um að gerður verði samningur, eigi síðar en 1. júní 1994 er tekur til skiptingar viðskipta á flugvellingum milli aðila. Með þeim*

<sup>520</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>521</sup> Fundargerðir Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 9.8., 16.8 og 22.8.2002.

<sup>522</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>523</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>524</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>525</sup> Samkomulag milli Olís og Skeljungs um samstarf við afgreiðslu flugeldsneytis á Reykjavíkflugvelli, dags. 28. apríl 1994 (Hs. nr. 5219).

*samningi skal reynt að tryggja að það mynstur fastra viðskipta sem nú er á sölu flugeldsneytis á vellinum haldist áfram þar til annað verður ákveðið.*“

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Skeljungs hvort fallist hafi verið á beiðni Olís um samstarf við eldsneytisafgreiðslu á Reykjavíkurlflugvelli gegn samráði vegna umrædds útboðs. Forstjóri Skeljungs kannast ekki við þetta og telur að engin tengsl hafi verið milli útboðsins og umrædds samkomulags.<sup>526</sup> Hann hefur hins vegar bent á að á þessum tíma hafi starfsemi Olís á flugvellinum farið vaxandi. „*Vel mætti vera að Olís hafi metið stöðuna þannig að félagið hafi tengt saman þessi tvö mál. Skeljungur hafi vissulega ekki getað fallist á að eiga samstarf við Olís um afgreiðslu á flugvellinum og leggja til 90% af þeim eignum sem til þess þurfti, án þess að hafa eitthvað um málið að segja.*“

Samkeppnisráð telur að framangreint samkomulag um samstarf á Reykjavíkurlflugvelli styðji það að Olís og Skeljungur hafi haft samstarf í þessu útboði Flugleiða. Efni samkomulagsins, tímasetning þess og framburður Olís sýnir hver tilgangur Olís og Skeljungs hafi verið að þessu leyti með samstarfinu.

Skeljungur hlaut ofangreind viðskipti við Flugleiðir. Á árinu 1997 hóf Flugfélag Íslands rekstur en það félag varð til við samruna innanlandsdeildar Flugleiða og Flugfélags Norðurlands hf. Í júní 1997 gerði Flugfélag Íslands samning við Skeljung um kaup á eldsneyti og gildi sá samningur til 31. mars 1998.

## 10.2. Útboð Flugfélags Íslands 1998

Í apríl 1998 óskaði Flugfélag Íslands eftir tilboðum í eldsneyti afhent á eldsneytistanka flugvéla félagsins á Reykjavíkurlflugvelli. Olúfélögunum þremur var boðið að gera tilboð og kemur fram í útboðsgögnum að áætluð árleg eldsneytisþörf Flugfélagsins á Reykjavíkurlflugvelli væri rúmlega 7,1 milljónir lítra.<sup>527</sup> Samningur sem gerður yrði á grundvelli útboðsins skyldi gilda til 31. maí 2001. Útboðsfrestur var til 21. apríl 1998. Útboðslýsingin var boðsend til Olís 8. apríl 1998. Samkeppnisráð telur að samráð hafi einnig verið milli Olís og Skeljungs vegna þessa útboðs.

Hér verður fyrst að hafa í huga að á árunum 1997 og 1998 voru uppi deilur milli olúfélaganna um uppgjör á „samkomulögum“ um skiptingu framlegðar vegna viðskipta við tiltekin fyrirtæki. Ítarlega verður farið yfir þessi atvik í kafla VIII 11. Hér nægir að nefna að á árinu 1997 hafði Olís krafist þess að Skeljungur stæði við samkomulag varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæsluna og greiddi umsamda hlutdeild af framlegð þessara viðskipta. Skeljungur krafðist hins vegar uppgjors á hlutdeild í framlegð af viðskiptum við Íslenska járnblendifélagið á

<sup>526</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>527</sup> Útboðslýsing Flugfélags Íslands hf. *Dotueldsneyti fyrir flugvélar Flugfélags Íslands hf. á Reykjavíkurlflugvelli* (Hs. nr. 4029).

Grundartanga. Í febrúar 1998 færðist aukinn þungi í innheimtutilraunir Olís og fyrirtækið ritaði bréf til Skeljungs og krafðist þess að hlutdeild þess í framlegð af viðskiptum Skeljungs við fyrirtæki Reykjavíkurborgar yrði greidd, eins og samið hefði verið um í september 1996.<sup>528</sup> Jafnframt var minnt á að uppgjöri vegna Landhelgisgæslunnar væri ólokið. Í mars 1998 sendi Skeljungur bréf til OHF og Olís og krafðist m.a. tæplega 20 millj. kr. greiðslu frá Olís vegna Járnblendifélagsins.<sup>529</sup> Það sem hér skiptir máli er að þegar útboð Flugfélags Íslands var kynnt hafði Olís hafið aðgerðir til að knýja fram efndir á samkomulagi olíufélaganna um framlegðarskiptingu. Þann 17. apríl 1998 er eftirfarandi bókað í dagbók forstjóra Olís:

*„KB-niðurstaða í SVR áður en afgr. Flugfélag“<sup>530</sup>*

Þessi dagbókarfærsla verður ekki skilin öðruvísi en svo að forstjóri Olís hafi viljað ná niðurstöðu gagnvart forstjóra Skeljungs (KB) varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar (SVR)<sup>531</sup> áður en að mál Flugfélagsins yrði afgreitt. Aðspurður um þessa dagbókarfærslu hefur forstjóri Olís sagt að vel megi vera að hann hafi „*hugað þessa hugsun*“. Hann hafi þann sið að bóka mikið hjá sér í dagbók en hann gæti ekki fullyrt hvort athugasemdir sem þar birtust hefðu nokkru sinni komið fram í viðtölum við aðra.<sup>532</sup> Af skýringum forstjóra Skeljungs má ráða að hann telji að engin tengsl hafi verið milli uppgjörs vegna Reykjavíkurborgar og útboðs Flugfélagsins.<sup>533</sup> Þegar framangreind atriði eru hins vegar metin í samhengi við önnur gögn málsins dregur samkeppnisráð þá ályktun að Skeljungur hafi á grundvelli m.a. samráðsins tengt útboðinu 1994 og samkomulagsins um markaðsskiptingu á Reykjavíkflugvelli farið þess á leit við Olís að samráð yrði haft vegna útboðs Flugfélagsins. Slík hegðun er einnig í samræmi við samkomulag olíufélaganna um að ræða saman í öllum útboðum. Forstjóri Olís hafi hins vegar ekki verið tilbúinn að fallast á það nema Skeljungur myndi gera upp framlegðina varðandi viðskiptin við fyrirtæki Reykjavíkurborgar. Í þessu sambandi verður að líta til þess að ekki var unnt fyrir Olís að krefjast efnda fyrir dómstólum á samkomulaginu um Reykjavíkurborg. Sökum þess er eðlilegt að álykta að Olís hafi nýtt sér það tækifæri sem fólst í útboði Flugfélagsins til að knýja á um efndir Skeljungs. Eins og rakið verður hér á eftir benda önnur gögn málsins einnig til samvinnu um gerð tilboða vegna þessa útboðs.

<sup>528</sup> Sjá bréf Jóns Halldórssonar hjá Olís til Friðriks Stefánssonar Skeljungu, dags. 27.2.1998 (Hs. nr. 7622).

<sup>529</sup> Bréf Friðriks Stefánssonar til Olís og OHF, dags. 10.3.1998 (Hs. nr. 3167 og 4961).

<sup>530</sup> Dagbók Einars Benediktssonar (Hs. nr. 4002).

<sup>531</sup> Það athugast að í gögnum málsins er oft vísað í einu lagi til fyrirtækja Reykjavíkurborgar sem fóru í útboð 1996 sem SVR. Hefur það væntanlega verið gert til styttingar eða einföldunar en af viðskiptum við fyrirtæki Reykjavíkurborgar voru innkaup SVR af eldsneyti umfangsmest.

<sup>532</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>533</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

Daginn áður en tilboðsfrestur Flugfélagsins rann út sendi ritari forstjóra Olís símbréf heim til forstjórans.<sup>534</sup> Í símbréfinu segir að meðfylgjandi því séu gögn sem tveir framkvæmdastjórar hjá Olís hafi tekið saman og annar þeirra muni hringja til forstjórans. Jafnframt koma fram þau skilaboð frá öðrum framkvæmdastjóranum að „*Skeljungarnir, þ.e. Gunnar Karl og Gunnlaugur Helgason, hafa óskað eftir fundi kl. 15:00 í dag.*“. Með símbréfinu fylgdi þetta minnisblað:

<b>KBÓ og JH. Copy EB:</b>	<b>Trúnaðarmál:</b>
<b>Minnispunktur vegna útboðs Flugfélags Íslands 1998:</b>	
1. Opnun verður 21. apríl 1998 kl. 11. Útboðið nær yfir viðskipti til þriggja ára, þ.e. frá 1. júní 1998 til 31. maí 2001.	
2. Útboðið þar á undan var 28. apríl 1994 og undirritað af HH f.h. Olís.	
<b>Tilboðið var eftirfarandi í kr/ltr.:</b>	
<b>Eldsneytisverð</b>	<b>9,54</b>
<b>Afgreiðslugjald</b>	<b>3,23</b>
<b>Flugvallar og flutn.jöfn.gjald</b>	<b>1,20</b>
<b>VSK</b>	<b>3,43</b>
<b>Samtals</b>	<b>17,40</b>
3. Samstarf var um tilboðið. Nú þarf að ákveða hvort áframhaldandi samstarf verður um málið (JH og EB).	
Ef ekki kemur til samstarfs er rétt að rifja upp samstarfssamninginn á Reykjavíkflugvelli frá 31. mars 1995.	
Þar segir í grein 11. að samningur taki gildi 1.4.95 og gildi til 31.12.98 en framlengist síðan um eitt ár í senn verði honum ekki sagt upp með a.m.k. 6 mán fyrirvara og miðast uppsögnin m.v. áramót. Samningsaðilar geta þannig sagt upp samningi 1. júlí 1998 og verið lausir úr samstarfinu um næstu áramót.	
Olís útboðið mun Skeljungur e.t.v. segja upp samstarfinu. Komi til slita á samstarfssamningi gæti Olís þurft að útbúa aðstöðu fyrir starfsemi vestantil á flugvellinginum en starfsemi Olís er annars austantil á vellinginum. Ekki hefur náðst að áætla fjárbindingu og rekstrarkostnað ef til slíks kemur en miða verður við að raunkostnaður verði ekki langt frá núverandi afgreiðslugjaldi. Í mars 1998 er afgreiðslugjald vegna Flugfélags Íslands kr. <b>2,59</b> per lítra	
Komi til þess að Olís bjóði í þessi viðskipti á eigin forsendum þarf að miða við eftirfarandi grunntölu kostnaðar og bæta þarf við álagningu, sjá næstu bls.	
...	
4. JH faxar þetta á EB og hringir. Þá verður strategían í málinu ákveðin	
KBÓ og JH	

<sup>534</sup> Símbréf frá Erlu Leifsdóttur til Einars Benediktssonar, dags. 20.4.1998 (Hs. nr. 4029).

Með símbrefinu fylgdi einnig skjal sem nefnist „Útreikningur vegna útboðs FÍ í apríl 1998“. Þar koma fram útreikningar og sett fram tilboðsverð sem miðast við að Olís geri tilboðið „á eigin forsendum“, sbr. ummælin í ofangreindu minnisblaði. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda hjá Olís hefur staðfest að fundur hafi verið haldinn með Skeljungu 20. apríl 1998, eins og ráð hafi verið gert fyrir í ofangreindu símbrefi.<sup>535</sup> Heldur hann því fram að á fundinum hafi verið ræddar forsendur fyrir afgreiðslugjaldi sem átti hafi að bjóða vegna útboðsins. Annar tilgreindra starfsmanna Skeljungs hefur sagt að sig minni að á þessum fundi hafi menn rætt þann þátt í útboði Flugfélagsins sem lyti að afgreiðslugjaldinu.<sup>536</sup>

Samkvæmt þessu er ljóst að daginn fyrir opnun tilboða vegna útboðs Flugfélags Íslands hafi stjórnendur Olís talið að vel kæmi til greina að samráð yrði haft við Skeljung um tilboðsgerð. Olís hafi hins vegar talið að hætta kynni að vera á því að ekki næðist saman með Skeljungu á fundinum kl. 15:00 og því undirbúið að félagið gæti einnig boðið sjálfstætt. Hefur Olís að öllum líkindum m.a. talið á þessum tíma að ekki væri öruggt að Skeljungur myndi fallast á uppgjör vegna Reykjavíkurborgar gegn samráði vegna útboðsins. Af umræddum útreikningum má ráða að tvö tilboðsverð hafi komið til álita ef félagið byði ekki í samráði við Skeljung. Hið lægra virðist miðast við sömu kjör og Íslandsflug naut hjá Olís:

	Verð 1.(kr./ltr.)	Verð 2.
Eldsneytisverð	8,29	8,29
Afgreiðslugjald	3,69	2,59
Flugvallar og verðjöfnunargjald	0,85	0,85
Samtals með vsk.	15,98	14,6

Tilboð Olís og Skeljungs vegna útboðs Flugfélags Íslands voru hins vegar þessi:

	Skeljungur <sup>537</sup>	Olís <sup>538</sup>
Eldsneytisverð	8,85	8,82
Afgreiðslugjald	3,60	3,75
Flugvallar og verðjöfnunargjald	0,85	0,85
Samtals með vsk.	16,56	16,71

Miðað við ofangreint skjal Olís sýnir þessi niðurstaða í útboðinu að fyrirtækið hafi ekki boðið á „eigin forsendum“ vegna þessa útboðs þar sem raunverulegt tilboðsverð þess var hærra heldur en það verð sem fram kemur í útreikningum fyrirtækisins sem fylgdu símbrefinu frá 20. apríl 1998.

<sup>535</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 16.8.2002.

<sup>536</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>537</sup> Tilboð Skeljungs í útboði Flugfélags Íslands, dags. 21.4.1998 (Hs. nr. 8867).

<sup>538</sup> Tilboð Olís í útboði Flugfélags Íslands, dags. 21.4.1998 (Hs. nr. 5857).

Í málinu liggur einnig fyrir að forstjóri Olís hefur átt samtali við forstjóra Skeljungs og forstjóra OHF 20. apríl 1998. Þetta kemur fram í tölvupósti hans til keppinauta sinna sem sendur var um kvöldið 20. apríl 1998 en þar segir:<sup>539</sup>

*„Sælir herra menn. Með tilvísun í samtali okkar í dag sting ég upp á fundi um málið hjá mér miðvikudaginn 29. apríl nk. kl. 10. Vinsamlegast staðfestið að þessi tími henti. Legg auk þess til að JH<sup>540</sup>, ÞÓ<sup>541</sup> og FK<sup>542</sup> mæti síðan stutt í fundarlok t.d kl 11 til að tryggja að útfærsla mála og framkvæmd, sem er í þeirra umsjón, verði án nokkurs misskilnings.“*

Forstjóri OHF kveðst ekki muna eftir þessu samtali við forstjóra Olís eða hvert hafi verið tilefni fundar forstjóranna.<sup>543</sup> Umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís man ekki eftir þessum fundi. Framkvæmdastjórinn hjá OHF hefur upplýst að í dagbók hans hafi verið bókaður fundur hjá Olís kl. 11:30 29. apríl 1998 en hann muni ekki eftir honum.<sup>544</sup> Forstjóri Olís heldur því fram að þessi fundur hafi verið framhald af viðræðum um málefni Íslenska járnblendifélagsins.<sup>545</sup> Forstjóri Skeljungs kveðst ekki muna eftir þessum fundi en telur að hann hafi líklega fjallað um málefni Úthafsolíu.<sup>546</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum kveðst heldur ekki muna eftir þessum fundi, en honum „dytti helst í hug að þarna hafi verið rætt um samstarf olúfélaganna á vettvangi Úthafsolíu, en því miður ætti Skeljungur í samstarfi við hin félögin um sölu á olíu á hafi úti í gegnum þetta sameignarfélag olúfélaganna.“<sup>547</sup>

Samkeppnisráð telur að skýringar Olís og Skeljungs geti ekki staðist. Hvað sjónarmið Olís áhrærir þá gefur texti tölvupóstsins það skýrlega til kynna að eitthvað hafi verið ákveðið af forstjórunum og undirmenn hafi átt að mæta í fundarlok til að tryggja yrði að það sem ákveðið hafi verið yrði framkvæmt. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að náðst hafi samkomulag um einhver málefni Járnblendifélagsins á þessum tíma. Í því sambandi má horfa til þess að fyrsta tilboð Olís um uppgjör á

<sup>539</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar og Kristins Björnssonar, dags. 20. apríl 1998 kl. 19:46.

<sup>540</sup> Jón Halldórsson framkvæmdastjóri hjá Olís.

<sup>541</sup> Að mati samkeppnisráðs er hér um misritun að ræða. Í stað ÞÓ ætti að standa ÞÁ (Þórólfur Árnason fyrrum starfsmaður OHF). Enginn af yfirmönnum olúfélaganna sem hugsanlega gætu átt erindi á fund forstjóra hefur upphafsstafina ÞÓ. Forstjóri Olís telur að það sé trúlega rétt að verið sé að vísa til ÞÁ. Sjá fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>542</sup> Að mati samkeppnisráðs er hér um misritun að ræða. Í stað FK ætti að standa FS (Friðrik Stefánsson hjá Skeljungum). Dagbókarfærsla forstjóra Olís frá 29.4.1998 tekur af öll tvímæli en þar er vísað til FS (Hs. nr. 4002). Sjá einnig fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>543</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

<sup>544</sup> Tölvupóstur Þórólfs Árnasonar til Samkeppnisstofnunar, dags. 6.11.2002.

<sup>545</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>546</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>547</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2002.

framlegðarskiptingu vegna Járnblendifélagsins var lagt fyrir hin félögin í desember 1998.<sup>548</sup> Varðandi þá skýringu Skeljungs að málefni Úthafsolíu kunni að hafa verið rædd þá hefur samkeppnisráð kannað gögn málsins sem snerta þá samvinnu olíufélaganna. Ekkert bendir til þess að það málefni hafi verið rætt milli félaganna 20. eða 29. apríl 1998.

Í málinu liggur fyrir að Skeljungur hafi greitt Olís og OHF hlutdeild í framlegð vegna viðskipta við fyrirtæki Reykjavíkurborgar í júlí 1998.<sup>549</sup> Uppgjör þetta átti að fara fram í maí 1998 en dróst vegna sumarleyfa aðstoðarforstjóra Skeljungs.<sup>550</sup> Eins og getið var um hafði Skeljungur uppi á þessum tíma kröfur gagnvart Olís um uppgjör á framlegð vegna Íslenska Járnblendifélagsins. Þrátt fyrir þetta greiddi Skeljungur Olís vegna Reykjavíkurborgar án þess að fá á sama tíma uppgjör vegna Járnblendifélagsins. Eitthvað hlýtur að hafa breytt þeirri afstöðu Skeljungs að gera ekki upp við Olís vegna Reykjavíkurborgar nema að fá sinn skerf af viðskiptunum við Járnblendifélagið. Eins og áður sagði voru hér umtalsverðir hagsmunir í húfi en Skeljungur hafði krafist Olís um tæpar 20 milljónir kr. Samkeppnisstofnun hefur beðið fyrirsvarsmenn Skeljungs að gera grein fyrir þessari breytingu á afstöðu félagsins. Forstjóri félagsins hefur sagt að Skeljungur hafi fært hlutdeild Olís og OHF í framlegð af viðskiptum við Reykjavíkurborg til gjalda í bókhaldi félagsins jafnharðan, áður en til uppgjors hafi komið. Síðan segir í skýrslu forstjórans:

*„Þar sem þessi greiðsla féll utan hefðbundins uppgjors milli olíufélaganna hefði verið leitað álits hjá endurskoðanda félagsins. Hefði hann talið að þar sem greiðslur þessar hefðu þegar verið færðar til gjalda hjá félaginu, ætti uppgjör að fara fram við hin félögin. Skeljungi hefði í sjálfu sér ekki þótt erfitt að gefa eftir kröfu sína á hendur Olís um uppgjör vegna viðskipta á Grundartanga, enda hefði hún náð langt aftur fyrir þann tíma, þegar lagarammi um starfsemi fyrirtækjanna breyttist. Eftir uppgjör Skeljungs vegna Reykjavíkurborgar þótti mönnum ástæða til að endurskoða mál í ljósi m.a. ákvæða samkeppnislaga.“*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungi, sem annaðist kröfugerð og hagsmunagæslu gagnvart Olís í þessu máli, kveðst ekki vita hvers vegna Skeljungur hafi fallist á uppgjör vegna Reykjavíkurborgar án þess að fá upp gert

<sup>548</sup> Tilboð Olís vegna Íslenska Járnblendifélagsins, dags. 19.11.1998. Á það er handskrifað: „Lagt fram til KB og GM 9/12 '98“ (Hs. nr. 4961).

<sup>549</sup> Reikningur OHF til Skeljungs, dags. 7.7.1998, vegna „Þjónustugjalda skv. samkomulagi“. Tvö eintök, annað lagt fram af OHF. Hitt fannst hjá Skeljungi og á það er ritað „Rétt“ (Hs. nr. 7618). Reikningur Olís til Skeljungs, dags. 31.7.1998 og á hann er ritað „Sp“ (Hs. nr. 7617).

<sup>550</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 20.5.1998 kl. 14:07. Einnig tölvupóstur frá Kristjáni B. Ólafssyni (Olís) til Gunnars Karls Guðmundssonar (Skeljungur) og Jóns Halldórssonar (Olís), dags. 12.6.1998 kl. 11:24.



vegna Járblendisfélagsins.<sup>551</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur sagt til skýringar „að honum hafi verið falið að ljúka þessu uppgjöri vegna Reykjavíkurborgar án nokkurra skilyrða, og þar með yrði þessi fortíðarvandi úr sögunni. Skeljungur hafi ekkert fengið í staðinn fyrir þetta uppgjör.“<sup>552</sup>

Þessar skýringar Skeljungs eru að mati samkeppnisráðs ekki trúverðugar. Ráðið telur ósennilegt að uppgjör á ólögumætri framlegðarskiptingu olíufélaganna hafi farið fram vegna ábendinga endurskoðanda Skeljungs. Jafnframt er það rangt hjá Skeljungum að eftir uppgjörið vegna Reykjavíkurborgar sumarið 1998 hafi Skeljungur viljað endurskoða þessi mál í ljósi m.a. ákvæða samkeppnislaga og eyða þessum „fortíðarvanda“. Í því sambandi nægir að nefna að í lok árs 1998 og byrjun árs 1999 gerði Skeljungur ítrekaðar kröfur um að Olís léti Skeljungum í té hlutdeild í framlegð vegna viðskipta við Íslenska járnblendisfélagsins.<sup>553</sup> Þá telur samkeppnisráð ekki trúverðugt að umræddur framkvæmdastjóri hjá Skeljungum sem ábyrgð bar á viðskiptum við Reykjavíkurborg og var í fyrirsvari fyrir Skeljungum í deilum um uppgjör á framlegðarskiptingu, hafi ekki vitað um ástæður þess að uppgjör hafi farið fram vegna Reykjavíkurborgar.

Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís um þessi atvik málsins en hann er annar höfundur framangreinds minnisblaðs Olís frá 20. apríl 1998 og var falið í maí 1998 að ganga eftir uppgjöri við Skeljungum vegna Reykjavíkurborgar. Hann hefur staðfest að samráð hafi verið milli Skeljungs og Olís í tengslum við útboð Flugfélags Íslands 1998.<sup>554</sup> Í skýrslu hans segir að hann telji að Olís hafi verið beitt þrýstingi til að hafa samstarf við Skeljungum, ella hefði samstarf félaganna á Reykjavíkflugvelli komist í uppnám en Olís hafi verið háð því samstarfi við Skeljungum. Hann teldi einnig líklegt að samstarf tengt útboðinu hafi einnig verið tengt uppgjöri á framlegð vegna viðskipta Skeljungs við Reykjavíkurborg.

Þegar öll framangreind efnisatriði málsins eru skoðuð í samhengi telur samkeppnisráð að Skeljungum og Olís hafi, þann 20. apríl 1998, komist að samkomulagi um samráð um gerð tilboða vegna útboðs Flugfélagsins gegn því að Skeljungum myndi standa við samkomulagið um framlegðarskiptingu vegna viðskipta við fyrirtæki Reykjavíkurborgar. Ákveðið hafi verið að ganga endanlega frá því máli á forstjórafundinum 29. apríl 1998 og að tilteknir undirmenn yrðu síðan kallaðir inn á fundinn til þess að enginn misskilningur ætti sér stað um það sem ákveðið yrði. Ástæða þess að forstjóri Olís hafi einnig rætt við forstjóra OHF er að öllum líkindum

<sup>551</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2002.

<sup>552</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>553</sup> Sjá t.d. bréf forstjóra Skeljungs til forstjóra Olís (samrit til forstjóra OHF), dags. 4.2.1999 (Hs. nr. 7080).

<sup>554</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 20.11.2002.

sú að OHF hafi verið aðili að umræddu samkomulagi um framlegðarskiptingu vegna fyrirtækja Reykjavíkurborgar. Hafa ber í huga að þessir menn sem vísað er til í tölvupósti forstjóra Olís eru þeir sömu og voru í fyrirsvari fyrir félögin í deilum um uppgjör vegna fyrirtækja Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæslunnar, Járnblendiverksmiðjunnar o.fl. Forstjórafundur var einnig haldinn 20. maí 1998 og þann sama dag sendir forstjóri Olís fjármálastjóra fyrirtækisins tölvupóst og sagði að aðstoðarforstjóra Skeljungs hafi verið falið að ganga frá Reykjavíkurmálinu.<sup>555</sup> Hugsanlegt er að forstjórnir hafi ekki náð að ganga endanlega frá þessu máli á fundinum 29. apríl og því hafi málinu verið frestað til forstjórafundar sem haldinn var 20. maí 1998. Það breytir hins vegar engu um framangreinda niðurstöðu.

Samkvæmt framansögðu telur samkeppnisráð það upplýst að Olís og Skeljungur hafi haft með sér samvinnu við tilboðsgerð vegna útboðs Flugfélags Íslands. Sú samvinna hafi einnig það að markmiði að tryggja að Skeljungur héldi viðskiptunum við Flugfélag Íslands og að vernda þá markaðsskiptingu sem ríkt hafi á Reykjavíkurflogvelli. Eins og gerð verður nánar grein fyrir í kafla VII er að finna í viðauka við samning félaganna frá 1995 um afgreiðslustöð á Reykjavíkurflogvelli ákvæði sem mælir fyrir um að „núverandi og föst samningsbundin viðskipti hvors rekstraraðila við innlenda aðila verði með óbreyttum hætti á gildistíma samningsins.“ Jafnframt kemur fram að verði ákvæði viðaukans brotin falli samningurinn úr gildi. Segja má því að samráðið vegna þessa útboðs hafi verið í samræmi við markmið þessa samnings. Eins og áður sagði halda Olís og Skeljungur því fram að Olís hafi aðeins rætt um afgreiðslugjaldið við Skeljung á fundinum 20. apríl 1998. Eins og ofangreind umfjöllun ber með sér telur samkeppnisráð það ekki sennilega skýringu, enda hefur Olís einnig sagt að meiru máli hafi skipt að halda samstöðu um sameiginlega afgreiðslu á Reykjavíkurflogvelli en að ná þessum viðskiptum af Skeljungi. Tilboð frá Olís sem leiða mundi til þess að viðskiptum Flugfélags Íslands yrði beint til félagsins fæli í sér að samningur Skeljungs og Olís um eldsneytisafgreiðslu félli úr gildi.

Þann 23. maí 2001 gerði Flugfélag Íslands nýjan samning við Skeljung um kaup á eldsneyti. Samningurinn var til þriggja ára og var gerður án þess að útboð færi fram. Olís gagnrýndi það opinberlega að þessi viðskipti hefðu ekki verið boðin út.

### 10.3. Niðurstaða

Af framansögðu leiðir að Olís og Skeljungur hafa haft með sér samráð um gerð tilboða í útboði Flugleiða í apríl 1994. Hið sama gildir um útboð Flugfélags Íslands í apríl 1998.

---

<sup>555</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 20.5.1998 kl. 14:07.

Í athugasemdum OHF segir að þessi gögn málsins snerti ekki félagið að neinu marki. Óumdeilt sé að félagið hafi staðið algerlega fyrir utan þetta meinta samráð keppinauta þess.

Í kafla III hér að framan er rökstutt að líta ber á aðgerðir olíufélaganna þriggja í málinu sem samfellt samráð sem varað hafi frá gildistöku samkeppnislaga. Ekki er skilyrði fyrir því að OHF teljist þátttakandi í slíku broti að fyrirtækið hafi tekið þátt í öllum aðgerðum sem tengdust því.<sup>556</sup> Það dugar að OHF hafi ætlað með aðgerðum sínum að ná fram hinu sameiginlega markmiði olíufélaganna og hafi a.m.k. mátt vera ljóst að hin olíufélögin myndu grípa til aðgerða í sama skyni.<sup>557</sup> Hér að framan var gerð grein fyrir viðræðum olíufélaganna á árinu 1993 um að „*standa einhvern veginn á móti afleiðingum vaxandi tilhneigingar til útboða*“. Jafnframt var gerð grein fyrir viðræðum OHF og Olís um útboð Reykjavíkurborgar í maí 1993. Því var einnig lýst að OHF og Olís hefðu á fundi 8. september 1994 orðið samála um að olíufélögin þrjú þyrftu að vera „*mjög vakandi í því að láta ekki eigna sig saman í verðstríð í útboðum*.“ Í kafla IV 2.5 var sýnt fram á að olíufélögin hafi í september 1996 annað hvort náð samkomulagi um að hafa með sér samstarf vegna allra útboða eða tryggt enn frekar í sessi slíkt fyrirkomulag. Í umfjöllun hér að framan hefur komið fram að OHF hefur tekið virkan þátt í þessu samráði félaganna. Hér verður líka að horfa til þess að OHF tók þátt í fundi olíufélaganna 29. apríl 1998 þar sem fjallað var um að Skeljungur myndi standa við samkomulagið um framlegðarskiptingu vegna viðskipta við Reykjavíkurborg þar sem Olís hafði haft samráð vegna útboðs Flugfélagsins. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að OHF hafi a.m.k. mátt vera ljóst að Skeljungur og Olís myndu grípa til aðgerða í samræmi við sameiginlega stefnumörkun félaganna um samvinnu tengda útboðum. Þessar aðgerðir Olís og Skeljungs varðandi útboð Flugleiða 1994 og Flugfélags Íslands 1998 voru því hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

## 11. Útboð/verðkönnun Landssímans 1998 og samráð vegna Íslandspósts

Á árinu 1998 tók Landssími Íslands hf. þá ákvörðun að skipta innkaupum fyrirtækisins á olíuvörum vegna bílafloata þess á milli olíufélaganna þriggja.<sup>558</sup> Áður höfðu viðskiptin verið við OHF og Skeljung. Ástæða þessa var, að sögn Olís, tilkoma samkeppni á fjarskiptamarkaðnum og sala olíufélaganna á GSM-kortum.<sup>559</sup> Í kjölfar þessa átti Landssíminn fund með hverju olíufélagi fyrir sig í lok október 1998. Á

<sup>556</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

<sup>557</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. 204/00P *Aalborg Portland v Commission*.

<sup>558</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra OHF, dags. 15.4.2002.

<sup>559</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

fundunum fór Landssíminn fram á það að viðkomandi olíufélag myndi gera fyrirtækinu tilboð og bjóða afslátt af þessum vörum. Eftir þessa fundi með Landssímanum ákváðu olíufélögin að hittast á fundi og stilla saman tilboð sín til Landssímans.

Samkvæmt dagbók framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu átti hún fund kl. 15:30 þann 29. október 1998 með framkvæmdastjóra markaðssviðs Olís og sölustjóra stórnotendasviðs hjá OHF.<sup>560</sup> Hjá OHF fannst fundargerð þessa sölustjóra. Hún er merkt trúnaðarmál og dagsett 30. október s.á. og lýsir umræddum fundi hans með framkvæmdastjórum markaðssviða smásölu hjá Olís og Skeljungu.<sup>561</sup> Í henni segir m.a.:

*„Ég átti fund með þessu fólki út af málefnum Landssímans hf. Samningur við þetta fyrirtæki er að renna út og það er vilji Landssímans hf. að deila viðskiptum jafnt niður á þessi 3 fyrirtæki. Fundað var með fulltrúum félaganna hverjum fyrir sig. Ég hafði nú vit á því að nefna engar tölur á þeim fundi en því miður gerðu fulltrúar hinna það og gáfu upp að þeir væru tilbúnir að veita 2,40 kr/l, eða 3 kr/l, með vsk í afslátt. Við höfum veitt þeim samkvæmt núgildandi samningi 3,40 kr/l, án vsk, á höfuðborgarsvæði en 0,50 kr/l, á landsbyggðinni. Ég hefði því viljað fara lægra en það er ekki hægt þar sem búið er að leggja línurnar, við neyðumst til að fylgja þeirri línu sem lögð hefur verið, annars er hætt við að við fengjum minna í okkar hlut. Líklegt er að sama verði með Póstinn en þar kemur þetta okkur til góða þar sem nánast öll þeirra viðskipti eru í bænum. Olís býður hins vegar heildsöluverð á vörum á bensínstöðvum sem hvorki við né Skeljungur bjóðum upp á. Þess var farið á leit að Olís byði þetta ekki.“*

Umræddur starfsmaður OHF hefur staðfest að þessi fundur hafi verið haldinn og að á honum hafi verið ákveðið hvaða viðskiptakjör Landssímanum yrðu boðin í þessu óformlega útboði/verðkönnun fyrirtækisins.<sup>562</sup> Að hans mati hafi málsmeðferð Landssímans kallað á þessi viðbrögð olíufélaganna. Gögn frá Olís sýna einnig fram á þetta samráð olíufélaganna.

Morguninn eftir að umræddur fundur félaganna var haldinn sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til forstjóra og helstu stjórnenda fyrirtækisins.<sup>563</sup> Efni tölvupóstsins er sagt vera fundur um Landssímann og er efni

<sup>560</sup> Dagbók Margétar Guðmundsdóttur, færsla 29.9.1998 (Afhent af Skeljungu).

<sup>561</sup> Fundargerð Kristjáns Kristinssonar „Fundur með Thomasi Möller og Margréti Guðmundsdóttur“, dags. 30.10.1998.

<sup>562</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra OHF (fyrrum sölustjóra stórnotendasviðs), dags. 15.4.2002.

<sup>563</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller, Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 30.10.1998 kl. 9:15 og 9:24.

hans í samræmi við ofangreinda fundargerð starfsmanns OHF. Þannig segir í upphafi tölvupóstsins:

*„ákv að bjóða 3kr m vsk.  
Síðan fóru í gang viðræður sem skiluðu þessu:  
pósturinn fái sama, skipt upp um áramót þó að samn gildi til 2000  
lögreglan rædd, eðlilegt að hún endi í sama farvegi, hún er 95% esso í dag,  
líklegt að þeir bjóði út bráðlega“*

Mörg önnur atriði eru tilgreind í þessum tölvupósti sem varða alvarlegt samráð olíufélaganna og verður gerð grein fyrir þeim í m.a. kafla VI 3.7. Forstjóri Olís svaraði þessum tölvupósti og sagðist lítast mjög vel á þetta allt og vonaðist til þess að „*mönnum takist að koma þessu fram.*“ Höfundur tölvupóstsins hefur staðfest að hafa setið þennan fund með OHF og Skeljungu og að á honum hafi verið ákveðið hvaða afslátt ætti að veita Landssímanum og Íslandspósti.<sup>564</sup> Aðspurður um þetta mál hefur forstjóri Olís sagt að ljóst væri að fulltrúar olíufélaganna hafi hist til að ræða viðbrögð sín við verðkönnun Landssímans.<sup>565</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu staðfestir að umræddur fundur hafi verið haldinn 29. október 1998 og hefur greint frá því að hann hafi verið haldinn hjá Skeljungu. Framkvæmdastjórinn kveðst hins vegar ekki muna hvað rætt hafi verið á fundinum.<sup>566</sup>

Eftir að fundinum lauk þann 30. október 1998 sendi OHF bréf til Landssímans.<sup>567</sup> Í bréfinu bauð OHF Landssímanum þau kjör sem ákveðin höfðu verið sameiginlega af fulltrúum olíufélaganna á nefndum fundi.<sup>568</sup> Landssíminn gerði samninga við olíufélögin í nóvember 1998 og giltu þeir til ársloka 2001. Í samningi OHF við Landssímamann veitti OHF 3 kr. í afslátt.<sup>569</sup> Hið sama gerði Olís í sínum samningi.<sup>570</sup> Samkvæmt samningi Skeljungs við Landssímamann var veittur 3,10 kr. afsláttur.<sup>571</sup> Þetta er skýrt í síðast nefnda samningnum þannig að samningsaðilar væru sammála um að starfsmenn Landssímans gætu ekki nýtt Frikortið við kaup hjá Skeljungu og sökum þessa hækkaði afsláttur Landssímans um 10 aura. Af þessu má ljóst vera að olíufélögin framkvæmdu samkomulag sitt og buðu Landssímanum í aðalatriðum þau kjör sem ákveðin höfðu verið á fundinum hjá Skeljungu.

<sup>564</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>565</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>566</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu, dags. 8.11.2002.

<sup>567</sup> Bréf Kristjáns Kristinssonar OHF til Landssíma Íslands hf., dags. 30.10.1998 (Lagt fram af OHF).

<sup>568</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra OHF (fyrrum sölustjóra stórnotendasviðs), dags. 15.4.2002.

<sup>569</sup> Samningur OHF við Landssíma Íslands hf., dags. 24.11.1998 (Gagn lagt fram af OHF).

<sup>570</sup> Samningur Olís við Landssíma Íslands hf., dags. 3.12.1998 (Gagn lagt fram af Olís).

<sup>571</sup> Samningur Skeljungs við Landssíma Íslands hf., dags. 3.12.1998 (Gagn lagt fram af Skeljungu).

Í athugasemdum OHF segir að því sé ekki mótmælt að olíufélögin þrjú hafi ákveðið sameiginlega hvaða kjör Landssímanum yrðu boðin. Hins vegar sé ágreiningur um hvort Landssíminn hafi viljað fá eitt verð yfir allt landið eða mismunandi verð frá hverju olíufélagi. OHF telji að málsmeðferð Landssímans bendi eindregið til þess að ætlunin hafi verið að kanna hvaða verðhugmyndir olíufélögin hefðu hvert fyrir sig og semja síðan við þau öll á grundvelli hæsta afsláttartilboðsins, ella að hótta að minnka viðskipti við það félag sem byði minna. Þannig hafi OHF upphaflega ekki hugsað sér að bjóða eins mikinn afslátt og raunin hafi orðið. Þetta komi fram í fundargerð starfsmanns OHF frá fundinum 29. október 1998. Af þessu megi vera ljóst að jafnvel þó talið verði að um brot gegn 10. gr. samkeppnislaga hafi verið að ræða hafi meint brot ekki haft áhrif til hækkunar heldur þvert á móti til lækkunar verðs til Landssímans. OHF heldur því fram að Landssíminn hafi þannig ekki verið á höttunum eftir lægsta olíuverði frá einu olíufélagi heldur leitast við að ná sem bestu heildarverði sem myndi ná yfir öll viðskipti hvar sem væri á landinu. Því telji OHF að ekki sé um ólögmeitt samráð að ræða þó félögin hafi komið sér saman um að bjóða öll mesta afslátt sem einstakt félag hafi boðið Landssíma Íslands í þeim þreifingum sem hefðu átt sér stað um hugsanlegt verð. Hafi samskipti olíufélaganna brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga hafi það verið af einskæru gáleysi og hefði engin áhrif á hagsmuni Landssímans, nema síður væri.

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís hefur haldið því fram að það hafi verið vilji Landssímans að semja um sömu kjör við öll olíufélögin í ofangreindum viðskiptum.<sup>572</sup> Skeljungur virðist hafa uppi sambærileg sjónarmið.<sup>573</sup>

Með vísan til framangreindra gagna er það að mati samkeppnisráðs skýrt að Olís, OHF og Skeljungur hafi sameiginlega ákveðið hvaða afslátt félögin byðu Landssímanum í verðkönnun fyrirtækisins 1998. Það samráð félaganna fer ótvírætt gegn 10. gr. samkeppnislaga. Jafnvel þó fallist yrði á það að Landssíminn hafi óskað eftir sama verði frá öllum olíufélagunum þá hefur það engin áhrif á lögmæti samráðsins þar sem 10. gr. samkeppnislaga bannar alla samvinnu keppinauta um verð eða gerð tilboða og geta óskir eða viðhorf viðskiptavina engu breytt þar um. Jafnframt er ljóst að sú ákvörðun Landssímans að kjósa að eiga viðskipti við öll olíufélögin gat ekki á nokkurn hátt heimilað olíufélagunum að ákveða sameiginlega verð til fyrirtækisins. Sjónarmið OHF um að samráðið hafi leitt til verðlækkunar hafa hér heldur ekki þýðingu. Eins og sýnt hefur verið fram er brot á 10. gr. laganna ekki háð því að sýnt sé fram á áhrif af samráðinu á markaðnum. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga banna því allt samráð keppinauta um verð alveg án tillits til þess

---

<sup>572</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>573</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu, dags. 8.11.2002.

hvort samráðið miðar að verðhækkun, verðlækkun eða að því að verð standi í stað.<sup>574</sup> Í samkeppnisrétti er ástæða þessa sú að sjálfstæðar verðákvarðanir keppinauta eru taldar það mikilvægar virkri samkeppni að ekki megi heimila neins konar samvinnu um þessi atriði.<sup>575</sup>

Staðhæfingar um að Landssíminn hafi viljað sömu kjör frá öllum olíufélögum eru ekki studdar neinum gögnum. Þvert á móti sýna gögn málsins að Landssíminn hafi átt fund með hverju félagi fyrir sig og óskaði eftir sjálfstæðu tilboði frá viðkomandi félagi. Á grundvelli tilboða frá olíufélögum gerði Landssíminn sjálfstæðan viðskiptasamning við hvert félag fyrir sig. Hvergi er á það minnst að líta beri á þessi tilboð eða samninga í einu lagi eða að Landssíminn hafi óskað eftir sömu kjörum frá olíufélögum þremur. Samkeppnisráð telur því gögn málsins benda til þess að Landssíminn hafi óskað eftir að öllu leyti sjálfstæðu tilboði frá hverju félagi fyrir sig.

Auk þess að ákveða hvaða verð Landssímanum yrði boðið fóru OHF og Skeljungur fram á það að Olís myndi ekki bjóða Landssímanum heildsöluverð á vörum sem seldar væru á bensínstöðvum. Ljóst er einnig að olíufélögin ákváðu hvaða afsláttarkjör Íslandspóstur skyldi njóta hjá félögum. Öll þessi atriði fara gegn 10. gr. samkeppnislaga og eru liður í hinu samfellda samráði félaganna.

## 12. Útboð Íslenska járnblendifélagsins 1994 og 2000

### 12.1. Útboðið 1994

Þann 7. ágúst 1975 náðu olíufélögin samkomulagi um að viðskiptum við Málblendiverksmiðjuna að Grundartanga yrði skipt að jöfnu milli olíufélaganna þriggja og að Olís myndi hafa umsjón með viðskiptunum, sbr. nánar kafli VIII 11.<sup>576</sup> Í janúar 1994 óskaði Íslenska járnblendifélagið (ÍJ) eftir tilboðum í olíu- og rekstrarvörur.<sup>577</sup> Öll olíufélögin gerðu tilboð í þessi viðskipti.<sup>578</sup> Samkvæmt gögnum málsins er ágreiningur milli olíufélaganna um hvort þau hafi haft með sér samráð um tilboðsgerð tengda þessu útboði.

<sup>574</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v. Commission* [1999] 4 CMLR. 810.

<sup>575</sup> Ejjallað var t.d. um þessi atriði í dómi Hæstaréttar Bandaríkjanna frá 1940 um verðsamráð á olíumarkaði: *United States v. Socony-Vacuum Oil Co*, 310 U.S. 150. Í dómnum var allri samvinnu um verð lýst sem ógnun við miðtaugakerfi efnahagslífsins (*threat to the central nervous system of the economy*). Í dómnum segir einnig þetta: „*Any combination which tampers with price structures is engaged in an unlawful activity. Even though the members of the price-fixing group were in no position to control the market, to the extent that they raised, lowered, or stabilized prices they would be directly interfering with the free play of market forces. The [Sherman] Act places all such schemes beyond the pale and protects that vital part of our economy against any degree of interference.*“

<sup>576</sup> Minnisblað frá 7.8.1975 um skiptingu viðskipta við Málblendiverksmiðjuna að Grundartanga, undirritað af forstjórum olíufélaganna (Hs. nr. 4325).

<sup>577</sup> Sjá bréf Íslenska Járnblendifélagsins frá 13.1.1994 (Lagt fram af OHF).

<sup>578</sup> Sjá t.d. tilboð OHF, dags. 24.1.1994 (Lagt fram af OHF) og tilboð Skeljungs (Hs. nr. 7080).

Á árunum 1997–2000 áttu sér stað umræður og bréfaskriftir milli olíufélaganna sem snérist um meintar vanefndir Olís á því að láta hinum félögunum í té hlutdeild í framlegð af sölunni til ÍJ. Gerð er heildstæð grein fyrir þeim og tengdum atvikum í kafla VIII 11. Í þessum kafla er fjallað um þessi gögn málsins að því marki sem þau tengjast útboðum ÍJ.

Í tilboði Olís til hinna félaganna, dags. 19. nóvember 1998 sem lagt var fyrir fund forstjóra félaganna 9. desember 1998, bauðst Olís til að greiða hinum félögunum tiltekna upphæð fyrir árin 1978<sup>579</sup>–1993.<sup>580</sup> Í tilboði Olís er því haldið fram að olíufélagin hafi ekki rætt um söluskiptingu eða samstarf í tengslum við útboð ÍJ í janúar 1994 og því ættu Skeljungur og OHF ekki rétt á greiðslum eftir það tímamark. Af tilboðinu má ráða að Olís hafi hins vegar lýst sig reiðubúið að greiða hinum félögunum hlutdeild í þessari framlegð eftir 1994 ef samkomulag „*tekst um óleyst mál af sama toga, svo sem Landhelgisgæsluna, Dómsmálaráðuneytið og Póst- og síma. Einnig vaknar spurning um Norðurál.*“

Hjá Skeljungi var tekið saman minnisblað þar sem tillögum Olís um uppgjör var mótmælt.<sup>581</sup> Í minnisblaðinu er því haldið fram að olíufélagin hafi í útboðinu ákveðið að halda óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. að Olís héldi viðskiptunum en myndi láta hinum félögunum í té hlutdeild í framlegð af viðskiptunum. Í kjölfar þessa lagði Olís þann 18. janúar 1999 fram nýtt tilboð og hafði hækkað þá fjárhæð sem fyrirtækið var reiðubúið að greiða fyrir árin fram að 1994. Eins og í fyrra tilboðinu var Olís reiðubúið að ræða uppgjör eftir 1994 ef samkomulag næðist um önnur mál.

Viðbrögð Skeljungs við nýja tilboðinu voru þau að forstjóri fyrirtækisins ritaði forstjóra Olís bréf, dags. 4. febrúar 1999.<sup>582</sup> Samrit af bréfinu var sent forstjóra OHF. Í bréfinu er mótmælt þeim forsendum sem fram koma í tilboði Olís. Varðandi útboðið 1994 segir í bréfinu:

*„Í bréfi Íslenska Járblendifélagsins hf. dagsett 13. janúar 1994, er óskað tilboða í eldsneyti, sem og smurolíur og aðrar tilgreindar rekstrarvörur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrrverandi starfsmenn Skeljungs hafa veitt, var óformlegt samkomulag um óbreytt fyrirkomulag á Grundartanga, þ.e. áframhaldandi rekstur Olís með skiptingu framlegðar. Það er í fullu samræmi við venjur og hefðir sem skapast hafa í sambærilegum málum.*

<sup>579</sup> Ekki er ljóst hvers vegna er miðað við árið 1978 en væntanlega hefur verið ætlunin að miða við þann tíma er framleiðsla verksmiðjunnar hæfist. Bygging verksmiðjunnar hófst 1977 og fyrsti bræðsluofninn var tekin í notkun 1979 og annar 1980 (Sjá [www.alloys.is](http://www.alloys.is)).

<sup>580</sup> Tilboð Olís, dags. 19.11.1998. Fannst hjá Olís (Hs. nr. 4961) og Skeljungi (Hs. nr. 7620 og 7080).

<sup>581</sup> Minnisblað með yfirskriftinni „*Grundartangi Athugasemdir við minnispunkta EB*“. Fannst hjá Olís (Hs. nr. 4961) og Skeljungi (Hs. nr. 7620).

<sup>582</sup> Bréf Kristins Björnssonar, dags. 4.2.1999 (Hs. nr. 7080).



*Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að kalla til þá aðila sem að þessu máli komu þar sem málið er að sjálfsögðu mjög viðkvæmt. Eftir stendur, jafnvel þótt túlkun útbóðs sé umdeild, að undirrituðu samkomulagi frá 7. ágúst 1975 hefur aldrei verið rift af Olís hálfu og verður að líta svo á að samkomulag um skiptingu framlegðar sé enn í fullu gildi. Því er óeðlilegt að tengja lúkningu þessa máls öðrum málum, s.s. útbóðs Landhelgisgæslunnar, Dómsmálaráðuneytisins og Norðuráli þar sem samningar eru ófrágengnir enda forsendur allt aðrar þar sem tilboðum var hafnað. “*

Þetta bréf Skeljungs gefur það skýrt til kynna að fyrirtækið hafi á þessum tíma eindregið verið þeirrar skoðunar að olúfélögin hafi haft með sér samráð vegna útbóðs ÍJ 1994. Forstjóri Skeljungs hefur staðfest þetta. Forstjórinn hefur hins vegar greint Samkeppnisstofnun frá því að honum hafi síðar orðið ljóst að hann hafi haft rangt fyrir sér og ekkert samráð hafi verið vegna útbóðsins 1994.<sup>583</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur sagt hið sama.<sup>584</sup> Ekkert í gögnum málsins bendir til slíkrar breyttrar afstöðu Skeljungs fyrr en nú í tengslum við rannsókn samkeppnisyfirvalda. Á fundum með OHF hefur komið fram að fyrirtækið kannist ekki við að samráð hafi verið haft í tilefni þessa útbóðs.<sup>585</sup> Jafnframt hefur fyrirtækið lagt fram minnisblað frá 11. febrúar 1994 sem lýsir niðurstöðu umrædds útbóðs.<sup>586</sup> Efni þess minnisblaðs bendir ekki til samráðs milli félaganna að þessu leyti. Forstjóri Olís hefur fullyrt að ekkert samkomulag hafi náðst milli félaganna í tengslum við útbóðið.<sup>587</sup> Í gögnum málsins er einnig að finna tölvupóst milli framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís, forstjóra o.fl., dags. 16. apríl 1998. Þar er greint frá því að rætt hafi verið við fyrrum starfsmann Olís sem kannist ekki við neitt samkomulag varðandi ÍJ í útbóðinu 1994.<sup>588</sup>

Í athugasemdum OHF segir að ekki sé ástæða til að fjalla ítarlega um meint sönnunargögn endi varði þau gögn hin félögin en ekki OHF. OHF hafi aldrei rætt samstarf við keppinauta sína í tengslum við útbóðið. Þar fyrir utan sé hvergi minnst á OHF í þessum gögnum. OHF hafi því ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og ekkert liggi fyrir um samskipti í tengslum við þetta útbóð sem bendi til heildarsamstarfs OHF og hinna olúfélaganna.

<sup>583</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>584</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>585</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með þáverandi forstjóra OHF og þáverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF, dags. 2.4.2002.

<sup>586</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar, dags. 11.2.1994 (Lagt fram af OHF).

<sup>587</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>588</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 16.4.1998 kl. 17:23.

Samkeppnisráð bendir á að samkvæmt gögnum frá 1999 fullyrði Skeljungur að samráð hafi verið viðhaft vegna nefnds útboðs. Sú staðreynd að Olís gerði í febrúar 2000 tilraun til að fá OHF og Skeljung til að stilla saman strengi í tilefni af útboði ÍJ gæti bent til þess að hið sama hafi verið gert 1994, sbr. umfjöllun hér á eftir. Samkeppnisráð telur hins vegar að þegar m.a. framangreind gögn frá OHF og Olís eru virt sé ekki sannað að samráð hafi átt sér stað vegna útboðsins 1994. Ofangreind gögn sýna á hinn bóginn að Olís hefur verið viljugt að skipta framlegð vegna viðskiptanna við ÍJ gegn því að Skeljungur og OHF myndu efna samkomulag vegna m.a. Landhelgisgæslunnar og dómsmálaráðuneytisins. Samskipti olíufélaganna vegna uppgjors á framlegðarskiptingu vegna ÍJ hafa verið liður í að knýja fram efndir á markaðsskiptingu olíufélaganna þriggja og hluti af samfelldu samráði þeirra á markaðnum, sbr. nánar kafli VIII 11.

## 12.2. Útboðið 2000

Með bréfi til olíufélaganna, dags. 4. febrúar 2000, óskaði ÍJ eftir tilboðum í eldsneyti og aðrar olíuvörur.<sup>589</sup> Skilafrestur var til 22. febrúar 2000. Þann 4. febrúar 2000 sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF forstjóra fyrirtækisins tölvupóst og greindi frá þessari verðkönnun Járblendifélagsins.<sup>590</sup> Fram kemur að fyrirtækið hafi verið í viðskiptum við Olís frá upphafi og Olís muni örugglega reyna að biðja OHF „*að vera ekki að bjóða nema listaverð til þeirra*“. Í tölvupóstinum segir viðkomandi starfsmaður OHF að hann muni gera allt til þess að reyna að ná þessum viðskiptum. Þessi grunur OHF um tilraunir Olís reyndist á rökum reistur. Jafnframt er ljóst að Skeljungur hafði áhuga á að ræða þetta útboð við keppinauta sína.

Þann 5. febrúar 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi tölvupóst til forstjóra félagsins og aðstoðarforstjóra og greindi frá nefndu útboði. Í tölvupósti hans kemur einnig fram að skoða þyrfti þetta „*í sögulegu samhengi og spurning hvort ekki er hægt að klára ýmis eldri mál, þar sem loks skapast aðgengi að þessu ágæta félagi*.“ Forstjóri Skeljungs svaraði og spurði hvort Olís hefði „*rætt málið*“. <sup>591</sup> Forstöðumaður á markaðssviði stórviðskipta svaraði einnig og sagði að skilafrestur væri til 22. febrúar 2000. Síðan spurði hann að þessu:

„*Eigum við ekki að reyna ná þessu eða .....*“<sup>592</sup>

Ljóst er að í kjölfar þessara samskipta innan Skeljungs hafði forstjóri félagsins samband við Olís út af útboði ÍJ. Þetta má ráða af tölvupósti sem forstjóri Olís sendi

<sup>589</sup> Bréf Íslenska járnblendifélagsins hf., dags. 4.2.2000 (Hs. nr. 2403).

<sup>590</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 4.2.2000 kl. 11:57.

<sup>591</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Friðriks Stefánssonar, Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 5.2.2000 kl. 11:02 og 7.2.2000 kl. 16:54.

<sup>592</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Lúðvík Björgvinssyni til Friðriks Stefánssonar, dags. 14.2.2000 kl. 14:37.

þann 14. febrúar 2000 til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá fyrirtækinu.<sup>593</sup> Í tölvupóstinum segir m.a.:

*„Í mig hringdi áðan Kristinn Björnsson og var erindið að ræða útboð Grundartanga, sem þeim hafði borist fyrir ca 10 dögum og svara ætti nú þessa dagana. Ég kom að fjöllum og sagðist ekkert hafa heyrt um slíkt og fyndist ótrúlegt að okkur hefði borist slíkt bréf án þess að hafa fengið afrit af því eða verið látinn vita um það.*

*Kannast þú við að hafa heyrt um þetta útboð.“*

Gögn málsins sýna að Olís hafi viljað ræða þetta útboð frekar við Skeljung. Í dagbók forstjóra Olís er að finna bókun sem gefur til kynna frekari samtöl eða fundi um ÍJ með Skeljungi. Þann 16. febrúar 2000 er bókað í dagbók forstjórans “*KB Grundart.*”<sup>594</sup> Þann sama dag er bókaður fundur hjá Olís í dagbók forstjóra Skeljungs.<sup>595</sup> Forstjórar félaganna þriggja hittust einnig 18. febrúar 2000 og ræddu m.a. málefni ÍJ. Þannig er í dagbók forstjóra Olís að finna færslu sem gefur til kynna fund með forstjóra OHF þann 18. febrúar 2000. Hér skiptir og máli að þann 17. febrúar 2000 sendi forstjóri OHF tölvupóst til forstjóra Skeljungs og var efni hans „*fundur 18.2.2000 kl. 8.00*“. Í tölvupóstinum segir þetta:

*„Ég geri það að tillögu minni að við tökum aðeins fyrir uppgjörsmál á fundinum og frestum öðru. Óuppgerð er: Grundartangi, SVR, Raufarhöfn og Kísiliðjan. Ef ég gleymi einhverju þá bætið þið við.*

*Málefnið fyrir annan fund eru: Nýr samningur um Örfirsey milli ODR og Skeljungs. Hagsmunafélag olíufélaganna??*

*Vinsamlegast eyðið þessari orðsendingu þegar þið hafið lesið hana.*“<sup>596</sup>

Forstjóri Skeljungs framsendi þennan tölvupóst til aðstoðarforstjóra síns og spurði hvort þetta væru einu málin sem óuppgerð væru, sbr. nánar kafla VIII 11. Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF og Skeljungs um þessar viðræður félaganna. Forstjóri OHF kveðst ekki muna hvort hann hafi átt samtöl eða fund með forstjóra Olís um þetta efni.<sup>597</sup> Hinu sama gegnir um forstjóra Skeljungs.<sup>598</sup>

<sup>593</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 14.2.2000 kl. 11:25.

<sup>594</sup> Dagbók Einars Benediktssonar fyrir árið 2000 (Hs. nr. 4002).

<sup>595</sup> Dagbók Kristins Björnssonar fyrir árið 2000 (Hs. nr. 7003).

<sup>596</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Geir Magnússyni til Kristins Björnssonar, dags. 17.2.2000 kl. 10:52.

<sup>597</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra félagsins, dags. 6.9.2002.

<sup>598</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

Þann 22. febrúar 2000 eða sama dag og tilboðsfrestur rann út í þessu útboði ÍJ sendi forstjóri Olís forstjóra OHF tölvupóst.<sup>599</sup> Í tölvupóstinum kemur fram að forstjóri Olís hafi verið að reyna að ná símasambandi við forstjóra OHF 21. og 22. febrúar 2000. Kemur fram að „aðalástæðan fyrir því að ég var að reyna að ná á þig var mál Grundartanga, en nú er það líklega orðið of seint þar sem því máli átti að ljúka síðdegis í dag. Vildi sjálfur skýra þér okkar afstöðu.“

Fjórum dögum eftir að tilboðsfrestur rann út eða þann 26. febrúar 2000 sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu og er í honum fjallað um þetta útboð:

*„Málið fer mjög í taugarnar á mér. Hef í því sambandi skrifað niður nokkra punkta sem ég vil bera undir þig. Hef ekki mikla þolinmæði til að fresta lengi að taka umræðu við GM<sup>600</sup> um tengslin almennt ekki síst með tilliti til afgreiðslu þeirra á þessu máli og alla framgöngu Kristjáns.<sup>601</sup>*

*Legg því til að þú skreppir strax í byrjun viku, mánudag eða þriðjudag upp á Grundartanga til að afhenda þeim nýtt tilboð og undirrita við þá samning í okkar standard formi til 3ja ára með framlenginga ákvæði. Því strax og það er í höfn vil ég hitta GM.<sup>602</sup>*

Að mati samkeppnisráðs er ekki unnt að draga aðra ályktun af þessum tölvupósti en að Olís hafi verið óánægt með að sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF hafi ekki verið tilbúinn til samstarfs vegna útboðsins. Sökum þessa ætlaði forstjóri Olís að ræða við forstjóra OHF. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að í kafla VI 5.7 er gerð grein fyrir tölvupósti sem forstjóri Olís sendi forstjóra OHF 20. mars 2000. Í honum er vísað til samtals forstjóranna „fyrir skömmu“ varðandi „framgöngu“ sölustjórans hjá OHF og gefur tölvupósturinn ótvírætt til kynna að forstjórarinn hafi orðið sammála um hver framgangin hafi átt að vera. Með vísan til þess sameiginlega skilnings kvartaði forstjóri Olís yfir tilboðum sölustjórans til fyrirtækja í Þorlákshöfn og gögn málsins sýna að sölustjóranum var gerð grein fyrir þessari kvörtun Olís og að hann þurfti að verja þessar eðlilegu samkeppnisaðgerðir sínar. Gefur umfjöllunin í kafla VI 5.7 því skýrt til kynna að forstjóri Olís hafi framkvæmt hugmyndir sínar sem hann setti fram í tölvupóstinum frá 26. febrúar 2000. Jafnframt er ljóst samkvæmt þeim tölvupósti að Olís hafi hugleitt aðgerðir til að tryggja viðskiptin við ÍJ. Önnur gögn málsins staðfesta óánægju Olís varðandi afstöðu OHF.

<sup>599</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 22.2.2000 kl. 19:33.

<sup>600</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>601</sup> Kristján Kristinsson (KK) sölustjóri á stórnotendasviði OHF.

<sup>602</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 26.2.2000 kl. 12:40.

Þann 1. mars 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til forstjóra fyrirtækisins.<sup>603</sup> Þar kemur fram að framkvæmdastjórinn hafi frétt það hjá starfsbróður sínum hjá Skeljungu að forstjóri Olís hafi rætt útboð ÍJ við aðstoðarforstjóra Skeljungs. Síðan segir í tölvupóstinum:

*„Þar á að hafa komið fram að FS<sup>604</sup> hefði það eftir KK<sup>605</sup> að 2,0 kr/ltr yrði boðið en svo var ekki. FS sagði mér að KK hefði látið í það skína að hann myndi fara í þetta til að ná þessu og FS bætti síðan við að hann hefði alveg eins átt von á 2,0 kr. ltr. Það var hins vegar ekki rætt þeirra á milli hvað KK ætlaði að bjóða. Kannski einhver misskilningur milli mín og þín eftir okkar spjall um þetta mál. Hefði sjálfsagt geta verið skýrar af minni hálfu en þetta er hið rétta.*

*Er búinn að ganga frá því við FS að það er í lagi hans vegna að við notum á GM<sup>606</sup> að FS hefði borið mér skilaboð í samtali sem ég átti við hann sjálfan tilboðsdaginn þegar ég var að kanna hvort þetta yrði varið að KK myndi reyna að ná þessu á þeirri forsendu að hann teldi engar líkur á því að það næðist um þessi mál samstaða.*

*Við ræðum þetta betur þegar ég fæ samninginn undirritaðan sem ég á ekki von á öðru en gerist í vikunni“*

Höfundur tölvupóstsins kveðst ekki geta skýrt hann frekar.<sup>607</sup> Samkeppnisstofnun hefur beðið framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu að skýra þessi samskipti við keppinauta sína, t.d. hvort hann hafi fallist á að „verja“ þessi viðskipti og hvað hafi átt að „nota“ á forstjóra OHF. Framkvæmdastjórinn kveðst ekki muna eftir samskiptum við OHF vegna þessa útboðs og hann geti „*ekki staðfest að hann hafi leitað eftir eða boðið samkomulag um þetta mál.*“<sup>608</sup> Framkvæmdastjórinn kveðst hins vegar muna það skýrt að „*ekkert samráð hafi verið í þessu máli*“. Aðstoðarforstjóri Skeljungs kveðst ekki muna eftir þessu samtali við forstjóra Olís.<sup>609</sup>

<sup>603</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, dags. 1.3.2000 kl. 16:39.

<sup>604</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markassviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>605</sup> Kristján Kristinsson sölustjóri á stórnotendasviði OHF.

<sup>606</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>607</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>608</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

<sup>609</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

Forstjóri Olís hefur hins vegar staðfest að viðræður hafi átt sér stað milli olíufélaganna í tengslum við útboð ÍJ í febrúar 2000. Segir í skýrslu hans að á „þessum tíma hefði ennþá verið til staðar óleystur ágreiningur félaganna vegna uppgjörs á skiptisölu frá fyrri árum. Hefði hann gefið til kynna að ef samkomulag næðist um þau mál, kæmi til greina samstarf um ÍJ í anda samkomulags um Ísal og Kísiliðjuna. Kvaðst EB þarna hafa reynt að knýja KB til að gera skil á óuppgerðri skiptisölu, sem einkum tengdist viðskiptum við SVR. Þessi samtöl hefðu hins vegar ekkert leitt af sér og var ekkert samkomulag gert hvorki um þátttöku í útboðinu né annað.“<sup>610</sup>

Sölustjóri á stórnotendasviði OHF hefur greint frá því að umræddur framkvæmdastjóri hjá Skeljungu hafi hringt í hann til að spyrjast fyrir um hvernig OHF ætlaði að bjóða vegna útboðsins.<sup>611</sup> Samkvæmt sölustjóránum hafi þeir „rætt útboðið og hugmyndir Olís um samstarf í útboðinu“. Hann hafi sagt Skeljungu að OHF myndi reyna að ná þessum viðskiptum. Sölustjórinn kannast hins vegar ekki við að hafa látið hinum félögunum í té neinar upplýsingar um hvað OHF hygðist bjóða í þessu útboði. OHF hafi boðið á eigin forsendum. Forstjóri OHF og sölustjórinn segjast ekki muna eftir því að hin félögin hafi eftir útboðið gert athugasemdir við það hvernig OHF bauð.

Samkvæmt tilboðum félaganna þá bauð Olís ÍJ 1,30 kr./ltr. afslátt af listaverði gasolíu.<sup>612</sup> OHF bauð 1 kr./ltr. í afslátt af gasolíu og Skeljungur 0,35 kr./ltr. í afslátt.<sup>613</sup> Niðurstaða útboðsins var að Olís hélt viðskiptunum. Athygli vekur að hjá Olís fannst afrit af bréfi ÍJ til OHF þar sem tilkynnt er um það að Olís hafi fengið þessi viðskipti.<sup>614</sup>

Samkvæmt öllu framangreindu er ljóst að samskipti olíufélaganna vegna útboðsins hófust 14. febrúar 2000 þegar Skeljungur hafði samband við Olís til að ræða útboðið. Þann 16. febrúar 2000 hittust Skeljungur og Olís og ræddu málefni ÍJ. Félögin þrjú hittust 18. febrúar 2000 og fjölluðu um ÍJ. Þann 22. febrúar 2000 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra OHF út af útboði ÍJ og annars vegar Olís og Skeljungur og hins vegar OHF og Skeljungur ræddu um útboðið þann dag. Frekari viðræður áttu sér síðan stað eftir útboðið. Jafnframt er ljóst að Olís gerði tilraun til að fá hin félögin til að hafa samráð vegna þessa útboðs ÍJ. Einnig liggur fyrir að félögin öll hafi skipst á upplýsingum um fyrirhugaðar aðgerðir þeirra vegna útboðsins. Þannig er að mati

<sup>610</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>611</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra félagsins, dags. 6.9.2002.

<sup>612</sup> Tilboð Olís til Íslenska járnblendifélagsins, dags. 21.2.2000 (Hs. nr. 4325).

<sup>613</sup> Tilboð OHF til Íslenska járnblendifélagsins, dags. 20.2.2000 (Hs. nr. 2403). Tilboð Skeljungs til Íslenska járnblendifélagsins, dags. 22.2.2000 (Gagn afhent af Skeljungu).

<sup>614</sup> Símbref Íslenska járnblendifélagsins til OHF, dags. 29.2.2000 (Hs. nr. 4325).

samkeppnisráðs ljóst að OHF hafi greint Skeljungu frá því að fyrirtækið myndi reyna að ná þessum viðskiptum. Jafnframt þykir það upplýst að í þessu samtali hafi OHF og Skeljungur rætt hugmyndir Olís um að stilla saman tilboð félaganna og skiptingu framlegðar eftir það. Síðan bendir allt til þess að Skeljungur hafi upplýst Olís um þessar viðræður við OHF og fyrirtækin rætt saman um fyrirhuguð viðbrögð OHF í útboðinu. Af þessum viðræðum leiðir eðlilega einnig að hvert olúfélag fyrir sig hafi einnig öðlast vitneskju um að keppinautar þeirra myndu taka þátt í útboðinu. Ennfremur liggur fyrir að Olís hafi, að höfðu samráði við Skeljung, ætlað að gera athugasemdir við framgöngu OHF í þessu máli.

Niðurstaða samkeppnisráðs um þennan þátt málsins er að OHF hafi ekki fallist á samstarf við hin félögin um að stilla saman tilboð vegna þessa útboðs. Hins vegar telur ráðið að gögn málsins bendi eindregið til þess að Skeljungur hafi fallist á það gagnvart Olís að reyna ekki að ná þessum viðskiptum af Olís í útboðinu. Hér skiptir máli að Skeljungur og Olís ræddu a.m.k. þrisvar sinnum um útboð þetta áður en tilboðsfrestur rann út og einu sinni eftir það. Daginn sem tilboðsfrestur rann út fór Olís fram á það við Skeljung að „þetta yrði varið“, þ.e.a.s. að Skeljungur myndi ekki bjóða til að reyna að ná viðskiptunum af Olís. Í tilboði sínu bauð Skeljungur 0,35 kr./ltr. í afslátt þrátt fyrir að fram komi í gögnum að fyrirtækið hafi talið að OHF myndi jafnvel bjóða 2 kr. í afslátt, sbr. tölvupóst Olís frá 1. mars 2000. Hér hefur og þýðingu að framangreind gögn sýna að óánægja Olís sneri eingöngu að OHF. Hefði Skeljungur ekki fallist á beiðni Olís um samstarf verður að gera ráð fyrir því að samskonar umkvörtunarefni gagnvart Skeljungu hefðu komið fram í framangreindum gögnum Olís. Þvert á móti er ljóst að Skeljungur og Olís hafi rætt saman um að OHF hafi ekki viljað þetta samstarf og ákveðið að Olís mætti „nota á“ forstjóra OHF tiltekna upplýsingar frá Skeljungu. Olís og Skeljungur höfðu því samráð um gerð tilboða í þessu útboði og brutu þannig gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Í athugasemdum OHF segir að þau gögn sem Samkeppnisstofnun tengi félagið við útboðið séu ummæli sölustjóra félagsins þar sem hann greini frá samtalinu við Skeljung. Segir OHF að sölustjórinn hafi þvertekið fyrir að gefa nokkuð upp hvað OHF hygðist bjóða í þessu útboði. OHF telur að gögn málsins sýndi eindreginn vilja fyrirtækisins til þess að keppa um viðskiptin í stað þess að vinna með keppinautum. Sé því ljóst að félagið hafi ekki tekið þátt í ólögmaetu samráði í tengslum við útboðið. OHF mótmæli því að félagið hafi gefið keppinautum sínum nokkrar upplýsingar, hvað þá upplýsingar sem ekki sé heimilt að gefa samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga. Ennfremur séu tilraunir hinna olúfélaganna til þess að fá OHF til samstarfs ekki þáttur í heildarsamvinnu olúfélaganna á olúmarkaðnum. Þau samskipti sem OHF hafi haft bendi eindregið til þess að OHF hafi ekki átt í neinu slíku heildarsamstarfi yfir höfuð, enda hefðu þá verið hæg heimatökin fyrir félagið að ganga til samstarfs í stað þess að keppa.

Samkeppnisráð áréttar hér að nokkrum dögum fyrir skilafrest í útboði ÍJ sendi forstjóri OHF tölvupóst til Skeljungs og vildi m.a. ræða málefni ÍJ og bað forstjóra Skeljungs um að eyða tölvupóstinum eftir að hann væri búinn að lesa hann. Sá fundur var haldinn 18. febrúar 2000 og sátu hann forstjórar olíufélaganna þriggja. Fyrir skilafrest í útboðinu ræddi sölustjórinn hjá OHF við framkvæmdastjóra hjá Skeljungu um útboðið og upplýsti OHF um þá viðskiptalegu ákvörðun félagsins að það myndi með tilboði sínu reyna að ná þessum viðskiptum. Jafnframt ræddu OHF og Skeljungur um hugmyndir Olís um samráð vegna útboðsins. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að umræddar viðræður milli olíufélaganna um útboðið og upplýsingaskipti í tengslum við þær ganga gegn kröfu 10. gr. samkeppnislaga um viðskiptalegt sjálfstæði keppnauta varðandi þau efnisatriði sem falla undir ákvæðið. Upplýsingaskipti af þessum toga milli keppnauta eru til þess fallin að draga úr samkeppni þar sem upplýsingarnar gefa fyrirtækjum möguleika á að sjá fyrir umfang samkeppninnar í útboðinu og hegða sér í samræmi við það.<sup>615</sup> Jafnframt verður að hafa í huga að baki viðræðum af þessum toga geta ekki búið nein eðlileg viðskiptaleg sjónarmið heldur eru þær í mótsögn við markmið samkeppnislaga. Viðræðurnar sem slíkar voru liður í samkomulagi olíufélaganna um að ræða saman í öllum útboðum og þáttur í samfelldu samráði á olíumarkaðnum. Engu máli skiptir í því samhengi þó OHF hafi á endanum ekki verið reiðubúið að stilla saman tilboðum þar sem þátttakan í slíkum viðræðum felur í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir.<sup>616</sup>

### 13. Útboð Reykjavíkurborgar 2001

Í október 2001 óskaði Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar eftir tilboðum í kaup á gasolíu og 95 okt. bensíni fyrir Strætó bs. og Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Í útboðslýsingu kemur fram að áætlað árlegt eldsneytismagn sem óskað sé tilboða í séu 3,5 milljónir lítra af gasolíu og 200 þúsund lítrar af bensíni.<sup>617</sup> Tilboðsfrestur var til kl. 11:00 þann 6. desember 2001 og fram kemur að gerður yrði þriggja ára samningur um þessi viðskipti við það fyrirtæki sem hlutskarpast yrði í útboðinu.

Eins og nánari grein verður gerð fyrir í kafla VIII 11 áttu sér stað á árinu 2001 margir viðræðufundir milli olíufélaganna um skiptingu olíufélaganna á viðskiptum við tiltekna viðskiptavini. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim viðræðum að því marki sem þær tengjast þessu útboði Reykjavíkurborgar. Að sögn OHF og Olís hófust þessar viðræður að frumkvæði Skeljungs og hafi fyrirtækið lagt til að þágildandi fyrirkomulagi á skiptisölu eða skiptingu framlegðar yrði hætt. Þess í stað myndu olíufélögin ná nýju samkomulagi sem í myndi felast að olíufélögin héldu hvert um sig

<sup>615</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-29/92 *SPO v Commission* [1995] ECR II-289.

<sup>616</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/95 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CLMR 303.

<sup>617</sup> Útboðslýsing Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar í útboði nr. ISR/0126/VMS, dags. október 2001.



tilteknum viðskiptavinum. Að mati OHF og Olís hafi tilgangur Skeljungs verið að reyna að sannfæra hin félögin um að Skeljungur gæti haft viðskiptin við ÍSAL og Reykjavíkurborg í friði þrátt fyrir að skiptisölu yrði hætt.<sup>618</sup>

Samkeppnisstofnun hefur beðið þá starfsmenn Skeljungs sem sátu þessa fundi að gera grein fyrir þeim. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hefur sagt að á árinu 2001 hafi farið fram viðræður vegna „gamalla samstarfsmála“ olíufélaganna. Á þessum fundum hafi menn leitað leiða til þess að félögin gætu „*hætt því samkrulli sem tíðkast hefði*.“<sup>619</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs segist kannast við samtöl við hin félögin um „*ýmis fortíðarmál*“, einkum ÍSAL. Skeljungur hafi viljað hætta allri skiptisölu og um það hafi allir verið sammála.<sup>620</sup>

Ljóst er að útboð Reykjavíkurborgar hafi komið til umræðu í þessu samhengi. Þann 21. nóvember 2001 hittust framkvæmdastjórar stórnotendaviðskipta olíufélaganna þriggja ásamt aðstoðarforstjóra Skeljungs.<sup>621</sup> Hjá Olís fannst yfirlit frá Skeljungum þar sem búið var „*að kortleggja mikilvæg fyrirtæki á markaðnum*“.<sup>622</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum hefur staðfest að hann hafi tekið þetta skjal með sér á fund með Olís og OHF og sennilega skilið eftir eintak af því.<sup>623</sup> Á yfirlitinu eru taldir upp þessir aðilar:

Landsvirkjun, Rarik, Vegagerðin, Norðurál, dómsmálaráðuneytið, Kísiliðjan, Vestmannaeyjabær, ÍSAL, Hafrannsóknarstofnun, Landhelgisgæslan, Strætó, Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar, Íslenska Járblendifélagið, erlend sala til skipa og erlent flug í Leifsstöð.

Á fundinum var farið yfir þetta yfirlit. Á öftustu síðu yfirlitsins hefur framkvæmdastjóri stórnotendaviðskipta hjá Olís ritað eftirfarandi:

„*Tillaga RB*<sup>624</sup>  
*x Knútsstöð*<sup>625</sup> *tekin út og restin jöfnuð.*  
*xx Olís fær SVR í útboði*  
*xxx (ólæsilegt) rest í gegnum erlenda sölu.*“

<sup>618</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 8.5.2002. Einnig fundargerð með sömu aðilum, dags. 3.4.2002. Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>619</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2002.

<sup>620</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 7.11.2002.

<sup>621</sup> Sjá t.d. dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 21.11.2001 (Hs. nr. 8219)

<sup>622</sup> Ódagsett yfirlit sem fannst hjá Jóni Halldórssyni (Hs. nr. 4300). Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>623</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2002.

<sup>624</sup> Ragnar Bogason fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF.

<sup>625</sup> Afgreiðslustöð OHF á varnarsvæðinu á Keflavíkflugvelli.

Ljóst er af samhenginu að með þessari tillögu hefur verið ætlað að ná fram sem jafnastri skiptingu milli olúfélaganna á viðskiptum við ofangreinda aðila og í því skyni hafi OHF lagt til að Olís fengi viðskipti við Strætó bs. í kjölfar útboðsins. Viðkomandi framkvæmdastjóri hjá Olís hefur aðspurður sagt að hann hafi einfaldlega ritað hjá sér þessa tillögu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF. Hafi hann skilið þessa tillögu sem „*einvers konar málamiðlun til að halda jafnvægi og koma í veg fyrir að allt færi í upp nám*“.<sup>626</sup> Að mati framkvæmdastjórans hafi þessi fulltrúi OHF tekið tillögum Skeljungs betur en Olís og sýnt vilja til að miðla málum. Samkeppnisstofnun hefur tvívegis spurt umræddan starfsmann OHF um þessar tillögur sem sagðar eru stafa frá honum. Svör hans hafa verið þau að hann kveðst ekki muna eftir þessu eða kannist við að þær séu frá honum komnar. Hann hafi þó hugsanlega „*í hálfkæringi í viðræðum félaganna um þessi efni nefnt Knútsstöð á nafn og þá átt við að ekki kæmi til umræðu að gera þar breytingar*“.<sup>627</sup> Knútsstöð er heiti á afgreiðslustöð OHF á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu kveðst ekki minnst þessarar tillögu OHF.<sup>628</sup> Aðstoðarforstjóri fyrirtækisins kannast ekki við þessa tillögu og segir að slíkt hefði verið fráleitt og að Skeljungur hefði aldrei tekið þátt í slíku.<sup>629</sup>

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að umrætt skjal sé engin sönnun fyrir því að framkvæmdastjórinn hjá OHF hafi sett þessa tillögu fram heldur lýsi í besta falli hugrenningum starfsmanns Olís. Skjalið sé ódagsett og lýsi ekki öðru en því sem starfsmaður Olís hafi hripað niður í flýti. Ef um raunverulega sáttatillögu af hálfu OHF hefði verið að ræða hefði mátt búast við því að fleiri gögn hefðu fundist um slíkt.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á þetta. Í fyrsta lagi liggur fyrir og hefur ekki verið mótmælt að starfsmaður Skeljungs hafi tekið umrætt skjal með sér á fund olúfélaganna þriggja. Á skjalið hefur framkvæmdastjóri hjá Olís ritað á fundinum umrædda tillögu OHF og hefur framkvæmdastjórinn staðfest þetta. Bókun hans er því rituð þegar þessi atvik áttu sér stað og án tengsla við síðari rannsókn. Er ljóst að gagnið hefur ríkt sönnunargildi, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Ekki skiptir máli þótt gagnið sé ódagsett þar sem ljóst er að bókunin var rituð eftir að útboð Reykjavíkurborgar var kynnt og áður en skilafrestur í því rann út. Það dregur ekki úr trúverðugleika þessa gagns að ekki hafi fundist fleiri gögn um

<sup>626</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>627</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 8.5.2002. Einnig fundargerð með sömu aðilum, dags. 3.4.2002.

<sup>628</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

<sup>629</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

Þessa tillögu OHF þar sem tillagan birtist með skýrum hætti í bókuninni. Jafnframt hefur hér þýðingu að á þessum tíma höfðu olíufélögin gripið til ráðstafana til að eyða gögnum sem tengdust samráði þeirra og settu ítrekað fram tilmæli um að leyna eða eyða gögnum, sbr. m.a. kafli VI 6.2. Samkeppnisráð telur því að OHF hafi m.a. lagt til að samráð yrði haft vegna umrædds útboðs og Olís fengi viðskiptin við Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar og Strætó bs.

Samkvæmt framangreindum gögnum er einnig óhætt að ganga út frá að Skeljungur hafi ekki verið sammála þessari tillögu OHF. Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að Skeljungur vildi halda viðskiptunum við Reykjavíkurborg. Bæði Olís og OHF hafa upplýst Samkeppnisstofnun um að Skeljungur hafi ítrekað gert tilraunir til þess að fá félögin til þess að hafa samráð vegna framangreinds útboðs Reykjavíkurborgar. Fulltrúi OHF í þessum viðræðum hefur lýst þessu svona:

*„RB sagði að FS<sup>630</sup> hefði farið fram á að Olís og Esso myndu aðstoða Skeljung við að verja framlegð vegna viðskipta við SVR með samráði í tilboðum í útboði fyrirtækisins. RB kvaðst ekki minnst þess að nein sérstök rök hefðu komið fram, aðeins hefði verið vísað til þess að Skeljungur hefði lengi þjónustað SVR og óskað eftir stuðningi hinna félaganna við að svo yrði áfram.“<sup>631</sup>*

Forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafa lýst því yfir að Olís hafi verið undir miklum þrýstingi frá Skeljungi sem farið hafi fram á samráð í tengslum við þetta útboð. Fulltrúi Skeljungs hafi lagt á það áherslu að Olís myndi bjóða „af skynsemi“ í þessu útboði þar sem „það væri gott fyrir olíubransann.“

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi kveðst ekki muna eftir því hvort hann hafi fært rök að því við fulltrúa hinna félaganna að Skeljungur héldi viðskiptunum við Reykjavíkurborg.<sup>632</sup> Hann hefur einnig sagt að í viðræðum um þessi gömlu samstarfsmál hafi gengið illa að finna lausn sem allir gætu sætt sig við. Síðan segir í skýrslu hans:

*„Þegar styttist í útboð Reykjavíkurborgar hafi menn talið mikilvægt að komast að niðurstöðu um málið, enda talið að ekki yrði auðveldara að finna þessum gömlu málum farveg eftir að viðskipti við Strætó yrðu til lykta leidd. Af hálfu Skeljungs hafi það hins vegar verið ljóst frá upphafi að ætlunin var að gera mjög ákveðið tilboð og að samstarf við hin félögin um það mál kæmi ekki til greina.“*

<sup>630</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri hjá Skeljungi.

<sup>631</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 8.5.2002.

<sup>632</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi, dags. 7.11.2002.

Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur sagt að vel geti verið að olíufélögin hafi rætt þetta útboð. Skeljungur hafi hins vegar talið öruggt að félagið næði að halda þeim viðskiptum.<sup>633</sup> Aðspurður hefur forstjóri Skeljungs sagt að honum væri ekki kunnugt um að nokkur samskipti hafi verið við Olís eða OHF vegna þessa útboðs.<sup>634</sup>

Þegar framburður OHF og Olís er virtur í samræmi við gögn málsins sem stafa frá þessum tíma, sérstaklega minnisþuntar framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís sem hann ritaði 5. desember 2001 og tölvupóstur hans til forstjóra Olís sem sendur var 13. desember 2001, telur samkeppnisráð að Skeljungur hafi farið fram á það við hin félögin að samráð yrði viðhaft vegna þessa útboðs. Gerð verður grein fyrir þessum gögnum Olís hér á eftir.

Ljóst er því samkvæmt framansögðu að olíufélögin hafa á fundum rætt um hugsanlegt samráð vegna þessa útboðs Reykjavíkurborgar. OHF og Olís hafa greint frá því að aldrei hafi komið til álita að verða við ósk Skeljungs um samráð. Olís hefur í því sambandi lagt áherslu á að fyrirtækið hafi um árabil lagt á það áherslu að ná þessum viðskiptum í útboði, m.a. með því að knýja á um að viðskiptin yrðu boðin út. OHF og Olís gefa þannig til kynna að félögin hafi aldrei íhugað eða rætt í alvöru framangreinda hugmynd Skeljungs. Þetta er áréttað í athugasemdum OHF og sagt að það sé rangt að olíufélögin hafi ítrekað rætt í alvöru um samráð tengt þessu útboði. Raunin hafi enda verið sú að ekkert samráð hafi verið haft um tilboðsgerð vegna útboðsins. Þá mótmælir OHF því að fyrirtækið hafi í þessum viðræðum látið í té viðskiptalegar upplýsingar og hvorki móttekið né óskað eftir slíkum upplýsingum frá keppinautum félagsins. Samkeppnisráð telur að gögn málsins bendi til annars.

Bæði Olís og OHF hafa upplýst að félögin hafi setið fundi þar sem hugmyndir Skeljungs um útboðið hafi verið ræddar og hefur Olís lýst þessu sem „*stöðugu áreiti*“. Í því sambandi sýna gögn málsins að viðkomandi fulltrúar olíufélaganna hafi hist 5–6 sinnum á tímabilinu frá því í lok september til 6. desember 2001. Þessir fundir hafa að öllum líkindum einnig tekið til annars samstarfs félaganna t.d. í tengslum við O.W.Icebunker. OHF hefur sagt að í tengslum við framangreindar hugmyndir Skeljungs hafi félögin á fundum „*velt fyrir sér ýmsum málum*“ og „*þátttakendur á umræddum fundum hefðu eflaust stillt upp ýmsum möguleikum heima hjá sér og reiknað eitt og annað út*“.<sup>635</sup> Jafnframt er ljóst að OHF hefur á þessum fundum sett fram tillögur. Olís hefur sagst hafa „*tekið þátt í fundum og punktað*

<sup>633</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>634</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>635</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 8.5.2002. Einnig fundargerð með sömu aðilum, dags. 3.4.2002.

*ýmislegt niður hjá sér*“.<sup>636</sup> Af þessu leiðir óhjákvæmilega að félögin hafa skipst á upplýsingum um afstöðu sína til útboðsins. Jafnframt liggur fyrir að forstjórar félaganna voru upplýstir um þessar umræður.<sup>637</sup>

Daginn áður en tilboðsfrestur rann út ritaði umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís eftirfarandi minnispunkta:<sup>638</sup>

„...> Þýðir ekki að semja eftirá.

*Hvernig ætla menn að skila?*

> *erlenda salan dugar ekki*

*Shell mun ekki bakka*

> *Ísal er það stórt*

> + *Strætó =>*

*LHG => samkomulag frá sept 96: Aldrei verið eftir*

*40–50 milljónir/ári*

*ca 4.0 -"-*

*Munnlegt skv. ?? gengur ekki“*

Umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís hefur ekki getað skýrt þessa minnispunkta að öðru leyti en því að þarna hafi hann trúlega punktað niður eigin hugrenningar eða þá að hann hafi skrifað eitthvað eftir öðrum.<sup>639</sup> Jafnframt hefur hann sagt til skýringar að Olís hafi á þessum tíma verið undir miklum þrýstingi frá Skeljungum sem hafi farið fram á að samráð yrði viðhaft vegna umrædds útboðs. Þetta hafi þó engu breytt um þá endanlegu afstöðu félagsins.

Samkeppnisráð telur að sú staðreynd ein og sér að OHF og Olís hafi setið fleiri en einn fund þar sem rætt var um hugmynd Skeljungs um samráð vegna útboðsins sýni ótvírætt að félögin hafi öll rætt og velt fyrir sér í alvöru að hafa samstarf vegna útboðsins, sbr. einnig ofangreind ummæli um að ýmislegt hafi verið skoðað í tengslum við þessa fundi. Ella hefði verið tilgangslaust að halda fleiri en einn fund. Jafnframt hefur hér þýðingu að forstjórum OHF og Olís var sérstaklega gerð grein fyrir þessum umræðum. Ofangreindir minnispunktar frá Olís sýna einnig, að mati samkeppnisráðs, að fyrirtækið hefur verið að skoða rétt fyrir lok tilboðsfrests hvort forsendur væru fyrir samráði vegna útboðs Reykjavíkurborgar. Minnispunktarnir vísa t.d. til samkomulagsins um framlegðarskiptingu vegna Landhelgisgæslunnar í

<sup>636</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

<sup>637</sup> Sjá t.d. minnispunkta Jóns Halldórssonar frá 29.11.2001 „*Kynna fyrir EB umræðu á milli félaga*.“ (Hs. nr. 4301). Sjá einnig fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 8.5.2002.

<sup>638</sup> Hs. nr. 4301.

<sup>639</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

tengslum við útboðið 1996 og tiltekið er að það hafi aldrei verið efnt. Minnispunktarnir gefa til kynna að Olís hafi á endanum ekki verið tilbúið að treysta því að Skeljungur myndi efna samkomulag sem gert yrði í tengslum við samráð um tilboðsgerð í útboðinu og hefur höfundur minnispunktanna upplýst að hann hafi aldrei getað treyst Skeljungu.<sup>640</sup>

Gögn málsins sýna einnig að olíufélögin hafi rætt saman um útboðið eftir að tilboðum var skilað. Í tölvupósti frá 6. desember 2001 til forstjóra Skeljungs greinir starfsmaður fyrirtækisins frá fundi með starfsmönnum Olís og OHF:

*„Þeir voru á fundi hjá mér áðan Thomas frá Olís og Kristján K. frá ESSO vegna Gasfélagsins. Kristján skaut því að Thomasi að þeir Olísmenn hafi verið svo lágir í verðtilboði til Strætó að það líti út fyrir að þeir hefðu gleymt virðisaukaskattinum ofan á verðið. Það skrytna var að Thomas varð allur hinn undarlegasti í framan og velti því greinilega fyrir sér hvort þetta væri rétt hjá Kristjáni. Ég held nú að Kristján hafi verið að stríða Tomma.“<sup>641</sup>*

Í tölvupósti forstjóra Skeljungs til aðstoðarforstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu greinir forstjórinn frá því að tiltekinn starfsmaður Skeljungs hafi sagt honum að fjármálastjóri Olís „segði að við hefðum boðið sama verð, svo gott sem, og þeir í Strætó. Nydelige unge mænd!“. Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu segir að það sé pirrandi að Skeljungur hafi ekki „leiðrétt vitlaust verð í útboði, því þarna lítum við út eins og sömu hálfvitarnir.“<sup>642</sup>

Samkvæmt öllu framansögðu liggur fyrir að olíufélögin hafi ítrekað rætt í fullri alvöru um að hafa með sér samráð vegna útboðs Reykjavíkurborgar. Jafnframt hafi félögin skipst á upplýsingum um viðskiptastefnu sína vegna þessa útboðs. Gögn málsins gefa hins vegar ekki til kynna að félögin hafi ákveðið sameiginlega tilboð sín í málinu. Þetta má sjá af tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís til forstjóra fyrirtækisins.<sup>643</sup> Í tölvupóstinum lýsir framkvæmdastjórinn samtali við starfsbróður sinn hjá Skeljungu en þar segir:

*„ATH eyða eftir lestur!!“*

---

<sup>640</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>641</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Sigurði Kr. Sigurðssyni til Kristins Björnssonar, dags. 6.12.2001 kl. 14:06.

<sup>642</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Kristins Björnssonar, Gunnars Karl Guðmundssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 10.12.2001 kl. 21:44 og 11.12.2001 kl. 09:05.

<sup>643</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, dags. 13.12.2001 kl. 15:56.

*Hringdi út af öðru en það kom smá spjall í lokin um Strætó. Hann sagði reyndar að hann hefði þurft að gera athugasemd við fundargerðina hjá Innkaupastofnun þar sem þeir hefðu lesið upp töluna 32,02 en rétt hefði við 35 í frávíkstilboðinu. Það lá ágætlega á honum og hann var ekki með neitt skítkast út af þessu. Vildi þó gera eitthvað úr því að þeir hefðu ekki lesið út úr rökræðum síðustu dagana að menn yrðu á þessum nótum þó ekki næðist saman. Ég ákvað að rökræða þetta ekki mikið við hann heldur sagði einungis að fullkominn ágreiningur hefði verið um þetta og við hefðum alla tíð lýst því yfir að við myndum fara í þetta mál til að ná því. Því gat ekki mikið komið á óvart í þessu. Allt á rólegu nótonum.*

*Segi þér betur frá þessu við tækifæri.“*

Þessi tölvupóstur staðfestir að Skeljungur hafi farið fram á samráð um gerð tilboða og að félögin hafi rætt það samstarf. Tölvupósturinn sýnir líka vilja Olís til að eyða gögnum um samráð olíufélaganna.

Í athugasemdum OHF segir að ekki sé unnt að brjóta 10. gr. samkeppnislaga með því einu að mótmæla ekki því þegar viðmælendur ljá máls á atriðum sem ekki er heimilt að ræða um samkvæmt samkeppnislögum. Allt að einu sé ekki unnt að leggja sönnunarbyrðina fyrir því að hafa ekki mótmælt á herðar OHF. Verði þrátt fyrir framangreint talið að OHF hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga verði að líta til þess að meint brot hefði engin áhrif haft á markaðshegðun neins aðila, komi til ákvörðunar viðurlaga. Þar fyrir utan sé þessi þáttur málsins upplýstur af hálfu OHF þannig að samkvæmt samkomulagi Samkeppnisstofnunar og OHF geti ekki komið til viðurlaga vegna þessa meinta brots.

Niðurstaða samkeppnisráðs um þennan þátt málsins er sú að olíufélögin hafi ekki náð samkomulagi sín á milli um að stilla saman tilboð vegna þessa útboðs. Hins vegar fara þessar viðræður milli félaganna um útboðið og upplýsingaskipti í tengslum við þær gegn kröfu 10. gr. samkeppnislaga um fullkomið viðskiptalegt sjálfstæði keppinauta varðandi þau efnisatriði sem falla undir ákvæðið. Upplýsingaskipti af þessum toga milli keppinauta eru til þess fallin að draga úr þeirri samkeppni sem stefnt er að með útboðinu þar sem upplýsingarnar gefa fyrirtækjum möguleika að sjá fyrir umfang samkeppninnar og haga sér í samræmi við það.<sup>644</sup> Þessar viðræður olíufélaganna höfðu það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga og þátttaka í slíkum viðræðum felur í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir.<sup>645</sup> Jafnframt verður að hafa í huga að ekki geta búið að baki viðræðum af þessum toga nein eðlileg viðskiptaleg sjónarmið heldur eru þær í mótsögn við markmið samkeppnislaga.

<sup>644</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-29/92 SPO v. Commission [1995] ECR II-289.

<sup>645</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/95 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CLMR 303.

Viðræðurnar sem slíkar eru liður í samkomulagi olíufélaganna um að ræða saman um öll útboð og þáttur í samfelldu samráði á markaðnum. Í haldlögðum gögnum málsins var að finna upplýsingar um framangreind ólögmat samskipti. Ekki er því um það að ræða að í upplýsingagjöf OHF vegna þessara atvika hafi falist að félagið hafi upplýst um áður óþekktar staðreyndir í málinu. Hins vegar vörpuðu upplýsingar félagsins nánari ljósi á efni þessara samskipta.



## V.

### SAMRÁÐ UM SÖLU TIL ERLENDRA SKIPA

Samkeppnisráð telur ljóst af gögnum málsins að olíufélögin hafi frá maí 1993 til ársloka 2001 haft með sér umfangsmikið og skipulagt ólögmætt samráð um sölu á eldsneyti<sup>646</sup> til erlendra skipa í íslenskum höfnum. Samstarfið fól meðal annars í sér að fyrirtækin sammæltust um verð og skiptu með sér sölu til erlendra skipa en nánar verður fjallað um einstaka þætti samstarfsins hér á eftir. Gerð verður stutt grein fyrir stöðu mála fram til ársins 1993. Verður þar fjallað um samkomulag olíufélaganna frá árinu 1990 og samkeppni í sölu til erlendra skipa árin 1992–1993. Síðan verður fjallað um samkomulagið sem gert var á árinu 1993, endurnýjun samkomulagsins á árinu 1995 og framkvæmd til ársloka 2001.

Áður en hin efnislega umfjöllun hefst er þó rétt að geta þess að Olís heldur því fram í athugasemdum sínum að þessi atvik falli utan gildissviðs samkeppnislaga. Er í því sambandi vísað til 2. mgr. 3. gr. samkeppnislaga og til ummæla í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til samkeppnislaga. Heldur Olís því fram að útflutningur falli ekki undir samkeppnislögin og sala til erlendra skipa hér á landi sé útflutningur. Þessu til stuðnings leggur Olís fram bréf frá tollayfirvöldum þar sem óskað er eftir því að fyrirtækið skili útflutningsskýrslum vegna sölu til erlendra skipa.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samkeppnislaga taka lögin ekki til samninga, skilmála og athafna sem „*aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands ...*“. Samkeppnisráð telur ljóst að samráð olíufélaganna varðandi sölu til erlendra skipa hafi ekki aðeins verið ætlað að hafa áhrif utan Íslands í skilningi þessa ákvæðis. Hér ber fyrst að líta til þess að sala og afhending á þessari olíu fer fram hér á landi. Þessi viðskipti eiga sér því stað að öllu leyti á Íslandi og hafa því óhjákvæmilega áhrif hér á landi. Falla því þessar aðgerðir undir gildissvið samkeppnislaga samkvæmt skýru ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna. Þessu til stuðnings má og hafa í huga að í gögnum málsins koma fram áhyggjur olíufélaganna af því að samráð þeirra um verð til erlendra skipa hefði þau áhrif að útgerðir þeirra forðist að kaupa eldsneyti hér á landi, sbr. t.d. kafli V 3.8 hér á eftir. Jafnframt liggur fyrir að erlendar útgerðir hafa hætt við að landa fiski á Íslandi vegna of hás olíuverðs, sbr. umfjöllun í kafla VI. 6.5. Umfjöllun í þessum kafla sýnir jafnframt að í samráðinu varðandi erlend skip fólst einnig að olíufélögin reyndu að tryggja að íslenskar útgerðir sem háðar voru félögunum, þ.e. höfðu ekki möguleika að taka olíu á hafi úti, myndu ekki njóta lægra verðs sem olíufélögin neyddust til að bjóða þeim útgerðum sem val höfðu um hvort þau keyptu olíu hér landi eða á hafi úti. Öll þessi atvik sýna að samráð olíufélaganna varðandi erlend skip hafði augljós áhrif á Íslandi. Í því sambandi verður og að líta til þess að banni samkeppnislaga við ólögmætu samráði er ætlað að stuðla að efnahagslegri velferð allra sem viðskipti eiga á Íslandi, enda gera samkeppnislögin ekki ráð fyrir neinni mismunun á grundvelli

<sup>646</sup> Nema annað sé tekið fram er með eldsneyti hér átt við allar tegundir skipaolíu, þ.m.t. svartolíu.

ríkisfangs á milli þeirra sem kaupa vöru eða þjónustu hér á landi. Slík túlkun er og í samræmi við markmið samkeppnislaga því öndverð niðurstaða myndi leiða til þess að veruleg hætta væri á því að draga myndi úr viðskiptum erlendra aðila hér á landi með tilheyrandi skaða fyrir íslenskt efnahagslíf. Samkeppnisráð telur að það hafi enga sérstaka þýðingu í málinu þó tollayfirvöld kunni að líta á sölu til erlendra skipa sem útflutning í skilningi tollalaga. Eins og skýrt orðalag 2. mgr. 3. gr. ber með sér hefur það enga þýðingu hvort viðkomandi aðgerð sé skilgreind sem útflutningur eða ekki, heldur ræður það úrslitum hvort aðgerðin hafi áhrif hér á landi í skilningi samkeppnislaga. Jafnframt má hafa hér í huga að olúfélögin litu í reynd ekki þannig á að þetta samráð þeirra félli utan samkeppnislaga, sbr. umfjöllun hér eftir um aðgerðir olúfélaganna til að leyna m.a. þessu samráði.

Hér verður einnig að líta til þess að ráða má af lögskýringagögnum að 3. gr. samkeppnislaga sé byggð á samskonar sjónarmiðum og gilda t.d. í EB/EES-samkeppnisrétti varðandi gildissvið samkeppnisreglna. Lagaframkvæmd í þeim rétti er ekki í samræmi við túlkun Olís á 2. mgr. 3. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisreglur EB/EES-réttar eru þannig ekki túlkaðar á þann veg að allur útflutningur falli utan gildissviðs þeirra. Dómaframkvæmd dómstóla EB sýnir með skýrum hætti að samráð keppinauta um útflutning til ríkja sem ekki eru aðilar að EB/EES fellur undir gildissvið samkeppnisreglna ef samráðið hefur eða getur haft bein eða óbein áhrif á viðskipti á EB/EES-svæðinu.<sup>647</sup> Í málum þessum hafa samkeppnisreglurnar tekið til samráðs þó sala og afhending viðkomandi vöru hafi átt sér stað utan EB/EES-svæðisins.

## 1. Atvik fram til 1993

Samhengisins vegna er rétt að gera stutta grein fyrir forsögu þessa samstarfs olúfélaganna. Gögn málsins sýna að fyrir árið 1990 hafi ríkt nokkur samkeppni milli olúfélaganna í sölu eldsneytis til erlendra skipa í íslenskum höfnum. Þessi saga er rakin í minnisblaði sem fannst hjá Olís.<sup>648</sup> Þar segir meðal annars:

*„Árið 1987 komu lönduðu (sic) hér á landi um 30 skip mánaðarlega frá október til maí. Var þetta búið að vera svipaður fjöldi í nokkur ár. Flest þessara skipa komu framan af til Ísafjarðar en síðan færðu þau sig smám saman til Hafnarfjarðar. Skipin voru flest grænensk eða 20–25 og restin norsk. Esso seldi öllum grænlensku skipunum olíu en fáein norsk voru í viðskiptum við Olís. Engu var líkara en að viðskiptin við grænendingana*

<sup>647</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. 40–48/73 *Suiker Unie and others v Commission* [1975] ECR 1663. Sjá einnig dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491.

<sup>648</sup> Minnisblað Ingólfs Kristmundssonar, dags. 17.2.1995 (Hs. nr. 6119 og 4330).

*væru lokuð bók fyrir öðrum en Esso. Áætla má að Esso hafi á þessum árum selt um 35–40 milljónir lítra árlega til útlendinga aðallega Grænlandinga. Verðmæti þess á núvirði er um eða yfir hálfur milljarður. Snemma á árinu 1988 var farið að vinna í þessum málum af Olís hálfu [...]. Skriður komst á sölumálin hjá Olís í maí 1988 þegar undirritaður og Jón Atli Kristjánsson, þáverandi forstjóri Olís fóru til Grænlands og sömdu við Anders Bröns um sölu á gasolíu til 6 togara sem byrjuðu að kaupa í okt. sama ár. Fljótlega náðist samningur við aðra 5 togara og síðan við einn í viðbót þannig að þegar hæst stóð voru 12 togarar í beinum viðskiptum við Olís“*

Í sama skjali er næst fjallað um smurolíuviðskipti við ofangreinda togara. Síðan segir:

*„Í fyrstu voru viðskiptasamböndin við Grænlandinga beint og var barist um gasolíuviðskiptin með verðum sem leiddi fljótlega til þess að hagnaður varð nánast enginn af þessum viðskiptum. [...] Þeir afslættir sem gefnir voru fóru fljótlega úr böndunum og leiddi það til þess að samkomulag var gert milli olíufélaganna um að selt yrði á verðskrárverði og sölunni skipt milli félaganna eftir % skiptingu sem gerður var sérstakur samningur um og gildir enn.“*

Af þessum ummælum má m.a. ráða að samkeppni hafi ríkt í sölu til erlendra skipa á tímabilinu 1988 til 1990 en á þessu tímabili réðu Olís og Skeljungur til sín menn til þess að sinna viðskiptum við erlend skip í samkeppni við OHF.<sup>649</sup>

Á árinu 1990 lauk hins vegar tímabundið þessari samkeppni en þá var undirritað samkomulag milli olíufélaganna um skiptingu á sölu til erlendra skipa.<sup>650</sup> Í samningnum segir að hann taki gildi við undirskrift en skipting á sölu hefjist 15. maí 1990.

Í 1. gr. samkomulagsins kom fram að um samstarfssamning milli olíufélaganna var að ræða sem fól í sér að öllum tekjum félaganna vegna sölu á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum skyldi skipta á milli félaganna í eftirfarandi hlutföllum: OHF fékk 44,33% af sölunni í sinn hlut, Olís fékk 28,67% og Skeljungur 27%. Ástæðan fyrir því að skiptaprósenta samkomulagsins var á þennan hátt var sú að OHF hafði fyrir gerð samkomulagsins haft mestan hluta þessara viðskipta. Því hafi þótt eðlilegt að

<sup>649</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrirverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

<sup>650</sup> Samkomulag um sölu á eldsneyti (gasolíu og svartolíu) til erlendra skipa á Íslandi, dags. 1990 og undirritað af Vilhjálmi Jónssyni (OHF), Herði Helgasyni (Olís) og Indriða Pálssyni (Skeljungi) (Gagn afhent af OHF).

OHF nyti þess í hærra hlutfalli.<sup>651</sup> Með þessu skiptu félögin öllum tekjum vegna ofangreindrar sölu sín í milli. Í raun skipti þá engu máli hversu mörg skip hvert félag afgreiddi þar sem skiptaprósentan var sú sama á samningstímabilinu. Hins vegar var samningurinn tímabundinn og viðbúið að við endurnýjun hans yrðu skiptahlutföll ákveðin í ljósi fyrri árangurs. Framkvæmd samkomulagsins var í höndum framkvæmdanefndar sem skipuð var einum fulltrúa frá hverju félagi, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Ljóst er af 3. gr. samkomulagsins að því var jafnframt ætlað að samræma verð milli olíufélaganna. Gefið var út verð í a.m.k. þremur erlendum myntum einu sinni í viku. Það myndaði svo verð fyrirtækjanna til viðskiptavina þeirra þá vikuna. Í framkvæmd þýddi þetta að erlend skip sem óskuðu eftir að taka eldsneyti í íslenskum höfnum fengu uppgefið sama verðið hjá öllum olíufélagunum. Jafnframt voru greiðslukjör samræmd milli félaganna, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Samningur olíufélaganna gildi í tvö ár, sbr. 10. gr. samkomulagsins, þ.e. til maí 1992. Eftir að samningurinn rann úr gildi virðist aftur hafa myndast töluverð samkeppni milli félaganna í þessum viðskiptum.

Í minnisblaði sem fannst hjá Skeljungum og dagsett er 8. september 1992<sup>652</sup> segir m.a. um samkomulag olíufélaganna varðandi sölu til erlendra skipa:

*„Allar horfur eru á því að sá samningur sé úr sögunni og er Olís þegar byrjað að bjóða í erlend skip á allt öðrum grundvelli en verið hefur. T.d. fréttist að tonnið hefði verið boðið á 250 dollara í austur-þýska togarann frá RFFR á sama tíma og það verð sem venjulega er boðið til erlendra skipa og er í samræmi við innlend verð er um 300 dollarar. Nokkuð er ljóst að ekki eru líkur til þess að þetta samkomulag haldi áfram, þó gæti verið að grundvöllur væri fyrir áframhaldi, ef Skeljungur vildi makka með í sambandi við SD olíuna. Af okkar hálfu hefur slíkt ekki verið í myndinni, m.a. vegna þess að hinir hafa ekki sambærilega vöru og birgðamillifærsla því ekki möguleg.“*

Fleiri gögn styðja þetta. Í minnisblaði sem fannst á skrifstofu forstjóra Skeljunga og líklega var tekið saman árið 1993 segir undir liðnum *erlend viðskipti*:<sup>653</sup>

*„Núverandi aðstæður bæði í sölu til erlendra skipa og flugvéla algerlega óviðunandi og má helst líkja við útflutningsbætur. Spurning hvort hægt sé að ræða skiptingu aftur í skipunum og með einhverjum hætti taka á erlendu flugvélunum, t.d. með því að aðilar hafi í friði einhver tiltekin föst viðskipti þannig að hægt verði að ná betri verðum við endurnýjun samninga. ...“*

<sup>651</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrirverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002. Sbr. einnig minnisblað Ingólfs Kristmundssonar, dags. 17.2.1995 (Hs. nr. 6119 og 4330).

<sup>652</sup> Minnisblað Bjarna S. Jónssonar, dags. 8.9.1992 (Hs. nr. 7080).

<sup>653</sup> Ódagsett minnisblað frá forstjóra Skeljunga (Hs. nr. 7082).

Ljóst er af þessum gögnum að olíufélögin hafa haft vilja til þess að draga úr þeirri samkeppni sem myndaðist þegar samningurinn frá 1990 féll úr gildi. Um þetta hafa olíufélögin náð saman sem leiddi til þess að félögin undirrituðu þann 30. júlí 1993 nýjan samning varðandi sölu til erlendra skipa, en samkomulagið var afturvirkð frá 1. maí 1993. Í athugasemdum OHF við frumathugun II eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við framangreint.

## 2. Samkomulagið frá 1993 og endurnýjun þess 1995

### 2.1. Samkomulagið 1993

Olíufélögin undirrituðu aftur samkomulag um sölu til erlendra skipa þann 30. júlí 1993.<sup>654</sup> Sá samningur var að mestu leyti samhljóða þeim samningi sem undirritaður var á árinu 1990. Samkomulagið hljóðar svo:

<p>Olíufélagið h.f., Olíuverslun Íslands h.f. og Skeljungur h.f. gera með sér svohljóðandi</p> <p style="text-align: center;">S A M K O M U L A G</p> <p>um sölu á eldsneyti (gasolíu og svartolíu) til erlendra skipa á Íslandi.</p> <ol style="list-style-type: none"><li><b>Söluskipting.</b> Á gildistíma samkomulagsins verður allri sölu til erlendra skipa skipt mánaðarlega milli félaganna í eftirfarandi hlutföllum: Skeljungur hf. 30,5%, Olíuverslun Íslands hf. 30,5%, Olíufélagið hf. 39%. Skipt skal á sama hátt og að því er varðar sameignarstöðvar félaganna, þ.e. eftir söluverðmæti í fjárhagsbókhaldi en eftir magni í birgðabókhaldi, í sömu hlutföllum og að ofan greinir.</li><li><b>Framkvæmd.</b> Félögin tilnefna einn fulltrúa hvert til þess að annast framkvæmd þessa samkomulags. Skulu fulltrúar félaganna hittast mánaðarlega og skiptast á umræddum sölutölum og kostnaði samkvæmt nánari skilgreiningu í þessu samkomulagi.</li><li><b>Söluverð.</b> Söluverð á eldsneyti byggist á gildandi útsöluverði hér á landi hverju sinni umreiknað til viðkomandi gjaldmiðils á kaupgengi afgreiðsludags. Séu verð á gasolíu gefin upp í tonnum, skal nota umreikningsstuðul 0.845 við útreikning verðanna, en 0,86 vegna Flotaolíu/Útgerðarolíu/Skipagasolíu. Svartolíuverð skulu ávallt gefin upp miðað við tonn, í samræmi við útsöluverð hverju sinni. Vikulega skulu gefin út verð í ofangreindum einingum, í DKK, NOK og USD, og fleiri gjaldmiðlum ef þörf krefur. Verði breyting á útsöluverði, eða veruleg breyting á gengisskráningu skulu verð endurskoðuð við þær breytingar. Skipting fer fram á grundvelli útsöluverðs í íslenskum krónum hverju sinni og ber því hver aðili um sig gengisáhættu.</li><li><b>Greiðslukjör.</b> Miða skal við að greiðslur fari fram eigi síðar en 30 dögum eftir afgreiðslu. Hver aðili ber áhættu af útstandandi skuldum vegna afgreiðslna til viðkomandi kaupanda. Jafnan skal krefjast bankaábyrgðar, nema önnur gild trygging liggi fyrir.</li></ol>
--

<sup>654</sup> Samkomulag um sölu á eldsneyti (gasolíu og svartolíu) til erlendra skipa á Íslandi undirritað af Bjarna Bjarnasyni (OHF), Herði Helgasyni (Olís) og Bjarna S. Jónssyni (Skeljungi). Fannst hjá Skeljungi (Hs. nr. 8862) og Olís, dags. 30.7.1993 (Hs. nr. 4614).

5. **Samskipti við kaupendur.** Gert er ráð fyrir að framkvæmd sölunnar verði með sama hætti og nú, þ.e. að hvert félag hafi samband við viðkomandi kaupendur eins og verið hefur. Hins vegar má gera ráð fyrir samnýtingu afgreiðslutækja eftir því sem hentar hverju sinni.
6. **Afgreiðslugjald.** Fyrir hvern lítra afgreiddan reiknast afgreiðslugjald kr. 0.40 per lítra og sendir hvert félag reikning fyrir slíku í lok hvers mánaðar. Afgreiðslugjald breytist í samræmi við breytingar á byggingavísitölu.
7. Við gerð þessa samkomulags eru enn í gildi afgreiðslusamningar samkvæmt eftirfarandi:
- |                   |                    |                       |
|-------------------|--------------------|-----------------------|
| Danski sjóherinn  | 0.25 kr. pr. ltr.  | gildir til 31.12. '93 |
| Tassilaq          | 0.12 kr. pr. ltr.  | gildir til 31.12. '93 |
| Franski sjóherinn | 18.00 USD pr. tonn | gildir til 31.03. '96 |
- Aðilar hafa skipst á upplýsingum um áætlað magn vegna þessara samninga og samningstíma. Samkomulag er um að afslættir, sem samið hefur verið um vegna þessara samninga, skiptist milli félaganna í þeim hlutföllum sem að ofan greinir. Afslættir skulu gerðir upp jafnóðum á greiðslugengi viðkomandi afgreiðslu.
8. **Tilkynningar.** Við hverja pöntun og afgreiðslu til erlendra aðila skal samningsaðilum tilkynnt um kaupanda, magn og verð sem um er að ræða.
9. Við það er miðað í samkomulagi þessu, að utan þess sem greinir í grein 7 um núgildandi samninga, verði ekki veittir afslættir frá gildandi útsöluverði hér á landi. Ef hins vegar er nauðsynlegt að veita einhverja magnafslætti vegna utanaðkomandi aðstæðna (samkeppni), verður slíkt rætt meðal fulltrúa félaganna sbr. að ofan og ákvörðun um það tekin sérstaklega.
10. Samningur tekur gildi 1. maí 1993 og gildir í tvö ár. Skipting sölu hefst frá og með 1. maí.

Reykjavík 30.07. 1993

F.h. Olíufélagsins hf.  
Bjarni Bjarnason

-----  
F.h. Olíuverslunar Íslands hf.  
Hörður Helgason

-----  
F.h. Skeljungs hf.  
Bjarni S. Jónsson

Af þessu skjali má sjá að skiptihlutföll félaganna samkvæmt 1. gr. samkomulagsins breyttust frá samningnum 1990 á þá leið að nú fékk OHF 39% tekna vegna sölu til erlendra skipa, en Skeljungur og Olís hvort um sig 30,5%. Hin nýju skiptihlutföll helguðust meðal annars af því að hlutdeild Olís og Skeljungs hafði smám saman hækkað, auk þess sem það var að sögn OHF mikið kappsmál hjá þessum fyrirtækjum að ná fram skiptingu sölu til þriðjunga.<sup>655</sup> Jafnframt breyttist 3. gr. um söluverð að einhverju leyti varðandi umreikningsstuðul í tonnum. Ákvæði 6. gr. breyttist einnig en afgreiðslugjald hækkaði úr kr. 0,35 í kr. 0,40 á lítra. Afgreiðslusamningum samkvæmt 7. gr. fækkaði úr 6 í 3 en afslættir samkvæmt þeim skiptust áfram á milli félaganna. OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að samningar þeir sem getið er um í 7. gr. hafi almennt ekki verið mikið notaðir. Samningar olíufélaganna við erlenda sjóheri

<sup>655</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrrverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

voru t.d. mjög sjaldan virkir þar sem flotarnir sem hingað komu nýttu sér oft eigin birgðir í Hvalfirði.<sup>656</sup> Þrátt fyrir að samkomulagið hafi verið undirritað 30. júlí 1993 er ljóst af ákvæðum þess að það tók gildi 1. maí 1993 og var gert ráð fyrir því að skipting á sölu hæfist þann dag. Gildistími samkomulagsins var tvö ár.

Samkeppnislög tóku gildi 1. mars 1993. Af ofangreindu er því ljóst að við gildistöku samkeppnislaga ríkti samkeppni milli olíufélaganna í sölu til erlendra skipa í íslenskum höfnum. Tveimur mánuðum síðar, þ.e. 1. maí 1993, tók samkomulag þeirra um ofangreinda sölu gildi.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að þessi málsatvik séu að mestu óumdeild. Félagið hafi skrifað undir samning sem kunni að brjóta gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hins vegar verði að horfa til þess að þetta samkomulag hafi verið gert skömmu eftir gildistöku samkeppnislaga og í raun aðeins framlenging á áður lögmætu samkomulagi. Hafi verið um gáleysi að ræða hjá OHF vegna skorts á kynningu samkeppnislaga. Einnig skipti máli að Samkeppnisstofnun hafi lýst því yfir í Lögbirtingablaðinu að ekki yrði beitt viðurlögum vegna brota sem ættu sér stað fyrir 1. nóvember 1993.

Samkeppnisráð bendir hér á að það er ekki rétt hjá OHF að eldra samkomulagið sem gildi fyrir gildistöku samkeppnislaga hafi verið lögmætt. Það samkomulag fól í sér verðsamráð. Ítreka verður að í 21. gr. laga nr. 56/1978 var almennt bann við verðsamráði milli fyrirtækja þegar verðlagning var frjáls. Í upphafi árs 1992 tók þetta ákvæði að fullu gildi varðandi verðlagningu á eldsneyti, sbr. umfjöllun í kafla III. Jafnframt er það ekki rétt að samkomulagið frá 1993 hafi aðeins verið framlenging á eldra samkomulagi. Í samkomulaginu frá 1993 sömdu olíufélögin upp á nýtt um ýmsa mikilvæga hluti eins og t.d. nýtt skiptihlutfall og afgreiðslugjald. Að mati samkeppnisráðs er óviðeigandi fyrir OHF að vísa hér til tilkynningar Samkeppnisstofnunar sem birtist í Lögbirtingablaðinu 19. maí 1993. Tilgangur hennar var að veita umþóttunartíma til 1. nóvember 1993 fyrir aðila til að hætta ólögmætu samráði. Olíufélögin gerðu hins vegar hinn ólögmæta samning tveimur mánuðum eftir birtingu þessarar tilkynningar. Þau felldu samninginn ekki úr gildi 1. nóvember 1993 heldur framkvæmdu hann fram á árið 1995.

Við mat á lögmæti þessarar hegðunar skiptir engu máli meintur ókunnugleiki OHF um efni laga. Samkvæmt öllu framansögðu er ljóst að samkomulagið frá 30. júlí 1993 fól í sér skiptingu á sölu olíufélaganna til erlendra skipa og samráð um verð í þeim viðskiptum. Samkomulagið fór því gegn 10. gr. samkeppnislaga.

---

<sup>656</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrrverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

## 2.2. Deilur um skilgreiningu á erlendum skipum

Eftir að samkomulagið frá árinu 1993 tók gildi virðist hafa komið upp ágreiningur milli olíufélaganna sem snérist einkum um það hvaða skip heyrðu undir samkomulagið og hvaða skip stæðu utan þess. Þessi ágreiningur leiddi til þess að næstu ár var unnið að því að skilgreina nánar hvaða skip teldust erlend í skilningi samkomulagsins. Fyrstu vísbendingar um þessa vinnu birtust rúmu ári eftir undirritun samkomulagsins. Á handrituðu minnisblaði OHF sem ritað var í tilefni fundar olíufélaganna 10. ágúst 1994 segir undir liðnum „*Erlend skip*“ að þeir starfsmenn olíufélaganna sem skipuðu framkvæmdanefndina samkvæmt 2. gr. samkomulagsins skyldu gera viðauka við samkomulagið vegna ágreinings um leiguskip.<sup>657</sup> Hjá OHF fannst einnig handritað minnisblað frá upphafi árs 1995 sem gefur til kynna að jafnframt hafi verið til skoðunar hvort félögin gætu fallist á lægra verð en listaverð, en þar segir m.a.:<sup>658</sup>

*„Olís leggur til eftirfarandi:*

*Ekki lækka verð til erl. skipa.*

*Nota eitt verð allsstaðar á landinu kr. 14/30 fyrir flotaolíu og kr. 15/50 fyrir gasolíu.*

*Shell:*

*Hafa ekki gert upp sinn hug hvernig verðlagningu til erl. skipa verður háttad.*

**Esso: Hver er okkar stefna?**

Á þessum tíma var einnig rætt um hugsanlegar breytingar á samkomulaginu innan Olís. Í tölvupósti hjá Olís frá deildarstjóra skipaþjónustudeildar til forstjóra Olís sem sendur var í janúar 1995 segir:<sup>659</sup>

*„Svo sem kunnugt er hefur verið í gildi samningur milli félaganna um sölu til erl. skipa. Shell hefur minnst viðskipti fært inn í þann sameiginlega pakka en hins vegar notið góðs af sölu hinna. Vegna þeirra hræringa sem hafa átt sér stað rýrnar óhjákvæmilega það viðskiptatraust sem ríkt hefur milli félaganna og er því ekki óeðlilegt að ræða það innanhúss hvort skuli gera breytingar á gildandi samningi.“*

<sup>657</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar framkvæmdastjóra hjá OHF, dags. 10.8.1994 (Hs. nr. 3167).

<sup>658</sup> Minnisblað Garðars Steindórssonar (OHF) til Þórólfs Árnasonar og Ragnars Bogasonar (OHF), dags. 17.1.1995 (Hs. nr. 2404).

<sup>659</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni (Olís) til Einar Benediktssonar, dags. 24.1.1995 kl. 17:04.



Á þessu tímabili virðast nokkrir fundir hafa verið haldnir hjá forstjórum olíufélaganna m.a. vegna sölu til erlendra skipa. Á minnisblaði sem fannst hjá Olís vegna fundar forstjóranna þann 22. mars 1995<sup>660</sup> segir um sölu til erlendra skipa:

*„Fram kom að samningurinn rennur út í vor, GM<sup>661</sup> lagði til að félögin héldu samstarfinu áfram og að Gardari, Ingólfi og Þorsteini<sup>662</sup> yrði falið að gera tillögur að nýjum samningi, með þeim breytingum sem æskilegar væru taldar. Fram kom að nauðsynlegt væri í nýjum samningi að skilgreina betur hvað væri erlent skip. Af hálfu EB<sup>663</sup> kom jafnframt fram að nauðsynlegt væri að hækka afgreiðslubóknun vegna afgreiðslna til erlendra skipa.“*

Í sama minnisblaði segir að forstjórnarnir hafi ákveðið að hittast aftur 30. mars 1995, rúmri viku síðar.<sup>664</sup> Hjá Skeljungi fannst minnisblað frá Olís þar sem fjallað er um sölu til erlendra skipa.<sup>665</sup> Hefur minnisblað þetta væntanlega verið ritað til að undirbúa viðræður forstjóranna á fundinum 30. mars 1995. Í minnisblaðinu eru lagðar til breytingar á samkomulagi olíufélaganna um erlend skip. Lagt er til að bætt verði í samkomulagið skilgreiningu á erlendum skipum, að afgreiðslugjald verði hækkað þannig að það sé hvetjandi fyrir félögin að ná til sín viðskiptum og að skiptahlutfalli verði breytt þannig að hlutfallið miðist við reynslutölur síðustu tveggja ára. Á fundi forstjóranna 30. mars 1995 voru breytingar á samkomulagi félaganna frá 30. júlí 1993 ræddar. Hjá Skeljungi fannst skjal með forsíðunni „Fundur forstjóra olíufélaganna 30. mars 1995“.<sup>666</sup> Í skjalinu er að finna afrit af samkomulagi olíufélaganna frá 30. júlí 1993 ásamt endurskoðuðu en óundirrituðu og ódagsettu afriti sama samnings. Í síðarnefnda skjalinu er búið að bæta við í 1. gr. skilgreiningu á hugtakinu erlend skip.

Af þessu dregur samkeppnisráð þá ályktun að lögð hafi verið fyrir þennan fund forstjóranna drög að endurskoðuðu samkomulagi um erlend skip þar sem m.a. hafi verið reynt að leysa ágreining um hvaða skip féllu undir samninginn. Að mati ráðsins fékkst hins vegar ekki niðurstaða í þetta mál á fundi forstjóranna 30. mars 1995.

### 2.3. Samkomulagið 1995

Ljóst er að drög að nýjum samningi hafa verið til skoðunar í apríl 1995. Þannig segir t.d. í fundargerð Olís frá 24. apríl 1995 að áfram sé unnið að skilgreiningu á erlendum skipum.<sup>667</sup> Samkeppnisráð telur að í lok apríl 1995 hafi náðst samkomulag um efni nýs samnings um sölu til erlendra skipa.

<sup>660</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Einars Benediktssonar, dags. 22.3.1995.

<sup>661</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>662</sup> Framkvæmdanefndin.

<sup>663</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>664</sup> Sbr. einnig afritaðan tölvupóst frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Einars Benediktssonar, dags. 24.3.1995 kl. 11:29.

<sup>665</sup> Minnisblað Olís, sent með faxi til Skeljungs, dags. 24.3.1995 (Hs. nr. 8862).

<sup>666</sup> Skjal með forsíðunni „Fundur forstjóra olíufélaganna 30. mars 1995“ (Hs. nr. 7082).

<sup>667</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar (Olís), dags. 24.4.1995 (Hs. nr. 4315).

Í málinu er að finna eintak af samningsdrögum sem lögð voru fyrir forstjórafundinn 30. mars 1995.<sup>668</sup> Skjalið fannst hjá Skeljungi. Á þetta eintak hefur orðið „*samb.*“ verið handritað við hlið einstakra greina og dagsetningin 1.5.95 verið rituð í 10. gr. samkomulagsins. Jafnframt hefur verið strikað yfir tiltekin orð í 1. og 7. gr. Hjá Olís hefur verið tekin saman skýrsla sem ber heitið „*Samantekt um skiptingu sölu milli olíufélaganna.*“ Skýrslan lýsir þannig tiltekinni skiptisölu milli olíufélaganna og hefur væntanlega verið rituð í árslok 1995 eða byrjun árs 1996.<sup>669</sup> Í kafla 2 í skýrslunni er lýst framkvæmdinni á skiptingu sölu til erlendra skipa. Þar segir að í fylgiskjali sé að finna samning sem félögin hafa gert með sér um þetta efni. Í þessu eintaki hafa verið færðar inn þær breytingar sem handskrifaðar voru á fyrrgreint eintak sem fannst hjá Skeljungi. Þessi samningur er óundirritaður en samkeppnisráð telur ljóst að þessi samningur hafi verið í gildi og eftir honum farið frá 1. maí 1995 til og með 2001. Samkeppnisstofnun hefur sýnt fulltrúum OHF þetta eintak af samningnum og hafa þeir staðfest að unnið hafi verið eftir þessum samningi frá því samningurinn frá 1993 féll úr gildi í maí 1995 til ársloka 2001.<sup>670</sup> OHF hefur nánar tiltekið greint frá þessu:

*„KK og GS staðfestu að fulltrúar olíufélaganna hafi hist á fyrri hluta árs 1995 til þess að undirbúa endurskoðun á samningnum frá 1993, sem m.a. fól í sér að taka inn skilgreiningu á erlendum skipum. Samkomulag náðist um efni nýs samnings í apríl 1995. Endurskoðaður samningur hafi að vísu aldrei verið undirritaður. Hins vegar hafi verið starfað eftir samningnum til og með árinu 2001, og héldust skiptihlutföll olíufélaganna óbreytt frá því sem ákveðið var 1993. KK og GS staðfestu að umrætt skjal væri eintak af samningnum sem gilt hefði frá maí 1995–2001.“*

Forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafa staðfest að unnið hafi verið eftir samkomulaginu frá maí 1993 til maí 1995.<sup>671</sup> Einnig hafa þeir staðfest að olíufélögin hafi reynt á árinu 1995 að ná samstöðu um endurnýjun þess samkomulags en vegna ágreinings um skiptihlutföll hafi engin niðurstaða fengist. Engu að síður hafi félögin allt til ársloka 2001 haft með sér samstarf í anda samkomulagsins. Öll félögin hafi þó brotið þetta samkomulag að einhverju leyti. Samkeppnisráð bendir hér á að ekki er fullkomið samræmi milli þessara ummæla Olís um að ekki hafi náðst samstaða um nýtt samkomulag á árinu 1995 og ofangreindrar skýrslu félagsins frá 1995 um skiptisölu milli olíufélaganna. Í skýrslunni sem tekin er

<sup>668</sup> Samkomulag um sölu eldsneytis til erlendra skipa á Íslandi (drög), ódagsett en gildistaka 1.5.1995 (Hs. nr. 8862).

<sup>669</sup> Ódagsett skýrsla frá Olís „*Samantekt um skiptingu sölu milli Olíufélaganna.*“ (Hs. nr. 4324). Með skýrslunni eru ýmis fylgiskjöl t.d. reikningar og eru þeir dagsettir seinni hluta árs 1995. Af þessu m.a. dregur Samkeppnisstofnun þá ályktun að skýrslan sé frá árslokum 1995 eða upphafi árs 1996.

<sup>670</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrirverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

<sup>671</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 13.11.2002.

saman eftir maí 1995 er vísað til samnings milli olíufélaganna vegna skiptisölu á þessu sviði en forstjóri Olís hefur sagt að höfundar skýrslunnar hafi verið bókhaldsfólk sem ekki hafi vitað betur. Hvað sem þessu líður er aðalatriðið að Olís hefur staðfest að olíufélögin hafi unnið í anda þessa samkomulags frá 1995–2001.

Helsta breytingin frá samkomulaginu frá 1993 er að í 1. gr. nýja samkomulagsins hefur verið bætt inn eftirfarandi skilgreiningu á skipum sem falla undir gildissvið samkomulagsins:

*„Þau skip sem ekki hafa íslenskan rekstraraðila teljast vera erlend. Þau skip teljast vera íslensk sem hafa íslenskan rekstraraðila og eru gerð út frá Íslandi. Gildir þá einu hvort skipin eru í eigu erlendra aðila og eru leigð af íslenskum aðilum eða skipin eru í eigu íslenskra aðila og skráð erlendis.“*

Af öllu framansögðu leiðir að olíufélögin hafa frá maí 1993 til ársloka 2001 haft með sér umfangsmikið samstarf í sölu á eldsneyti til erlendra skipa. Af samkomulaginu frá 1993 og 1995 leiðir að kjarni þessa samstarfs hefur falist í þessu:

**1. Skipting á sölu**

Á tímabilinu frá 1. maí 1993 til loka árs 2001 skiptu olíufélögin sín á milli sölu á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum þannig að OHF fékk 39,0% en Olís og Skeljungur 30,5% hvort félag.

**2. Samræming á verði**

Á sama tímabili samræmdu olíufélögin verð til erlendra skipa þannig að sama verð var gefið upp til allra þeirra er leituðu tilboða hjá félögunum á hverjum tíma. Fyrir kom að olíufélögin brutu ákvæði samkomulagsins um þetta.

**3. Samræming greiðslukjara**

Á ofangreindu tímabili samræmdu olíufélögin greiðslukjör sín á þann hátt að sömu eða a.m.k. svipuð greiðslukjör fengust hjá þeim öllum.

**4. Samræming afsláttar**

Olíufélögin sammæltust um að veita almennt ekki afslátt frá því verði sem þau sammæltust um (sbr. liður 2). Ef einhvert olíufélaganna taldi nauðsynlegt að veita afslátt átti að ræða slíkt innan framkvæmdahópsins.

**5. Miðlun upplýsinga**

Á tímabilinu miðluðu olíufélögin sín á milli ítarlegum upplýsingum um viðskiptavini, viðskiptasamninga, magntölur, söluverð, afslætti o.fl. Miðlun upplýsinga fór einkum fram á fundum, í símtölum og með

tölvupóstsendingum milli meðlima framkvæmdanefndarinnar, en einnig á fundum framkvæmdastjóra og forstjóra olíufélaganna.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að ná samkomulagi við keppinauta sína árið 1995 um að skipta sölu á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum og samræma verð í þessum viðskiptum.

Samkeppnisráð telur ljóst að þessi atriði fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Mikill fjöldi gagna í málinu staðfestir að olíufélögin hafi haft með sér þetta samstarf á umræddu tímabili. Verður nú gerð grein fyrir ýmsum gögnum sem sýna fram á þetta.

### 3. Framkvæmdin 1993–2001

Samkeppnisstofnun hefur verið upplýst um að framkvæmdanefndin samkvæmt 2. gr. samkomulagsins hafi verið í reglulegu sambandi og ýmist hist mánaðarlega eða verið í símasambandi.<sup>672</sup> Í málinu er að finna ýmis yfirlit sem staðfesta að sölu til erlendra skipa var í raun skipt á árunum 1993–2001.<sup>673</sup> Yfirlit yfir skiptingu á þessari sölu sem OHF hefur lagt fram sýnir þetta einnig glögg.<sup>674</sup>

Skipting sölunnar samkvæmt 1. gr. samkomulagsins fór þannig fram að félögin sendu mánaðarlega upplýsingar um sölu sína til hvers annars. Þetta gerðist með bréfum af þessum toga:<sup>675</sup>

---

<sup>672</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs gæðastjóra og fyrrverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

<sup>673</sup> Sjá t.d. skjal frá Skeljungu „Sala í ltr. til erlendra skipa 1999“ (Hs. nr. 8851). Einnig yfirlit yfir skiptingu á sölu til erlendra skipa árið 1995 (Hs. nr. 8862).

<sup>674</sup> Yfirlit OHF yfir skiptingu á sölu vegna erlendra skipa á tímabilinu 1993–2001, afhent á fundi Samkeppnisstofnunar og OHF þann 8.10.2002.

<sup>675</sup> Minnisblað Ingólfs Kristmundssonar hjá Olís, dags. 3.10.1995 (Hs. 4629).

Sendist Garðar Steindórsson Esso 560 3325  
Þorsteinn Pétursson Skeljungu 560 3888

Sala til erlendra skipa september 1995

1.	Grunningur	Vestm.	3027 ltr/go	DKK 1.35
29.	Khair	Hafn.	22.668 ltr/út	USD 238
27.	Kap Farvel	Ísaf.	70.000 ltr/út	NOK 1.27
26.	Auriga	Hafn.	175.511 ltr/út	USD 238
28.	Gemini	Hafn	189.384 ltr/út	USD 238

Samtals Go 3027 ltr.  
Út. 457.563 ltr.

Með Irving-kveðju  
Ingólfur

Á því tímabili sem hér er til umræðu virðist sem Skeljungur hafi haft það hlutverk að útbúa heildaryfirlit yfir sölu mánaðarins frá öllum félögum. Á grundvelli yfirlitsins var salan gerð upp á milli félaganna.<sup>676</sup> Einnig liggur fyrir að hinir vikulegu verðútreikningar samkvæmt 3. gr. samkomulagsins hafi verið framkvæmdir. Hin síðustu ár hafði Skeljungur þetta verkefni með höndum, en hin félögin höfðu áður haft þetta hlutverk.<sup>677</sup> Þessu er að öðru leyti lýst nokkuð vel í minnisblaði sem fannst hjá Olís:

*„Fyrirkomulagið á verðlagningu til erl. skipa er þannig að verð er ákveðið á mánudegi fyrir vikuna með því kaupgengi sem þá gildir. Síðan er kannski pantað á föstudegi til afgreiðslu á þriðjudegi í vikunni á eftir, nótan er e.t.v. ekki skrifuð fyrir en 10 dögum seinna og þá fyrst má segja að hin eiginlega sala fari fram og greiðslan kemur síðan ca. 35 dögum seinna.“<sup>678</sup>*

Dæmi um slíkan verðútreikning er eftirfarandi símbréf frá Skeljungu.<sup>679</sup>

<sup>676</sup> Sjá t.d. ódagsetta skýrslu frá Olís „Samantekt um skiptingu sölu milli Olíufélaganna.“ (Hs. nr. 4324). Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Gunnars H. Pálssonar, dags. 22.10.1998 kl. 14:38.

<sup>677</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrirverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

<sup>678</sup> Minnisblað Ingólfs Kristmundssonar til Einars Benediktssonar, dags. 15.8.1996 (Hs. nr. 4315).

<sup>679</sup> Fax frá Þorsteini Péturssyni til framkvæmdanefndarinnar, ódags (Hs. nr. 4629).

Skeljungur hf.				
Esso – Garðar		Fax: 5603325		
Olís – Ingólfur		Fax: 5151010		
<b>Verð til erlendra skipa</b>				
Gildir frá 02.10 – 08.10. 1995				
Verð pr. ltr. kr.		Gasolía	Skipaolía	Svartolía
Eðlisþyngd		16,22	13,57	11,22
		0,845	0,85	0,924
	Kaupgengi			
USD pr. m/tonn	64,79	296	246	187
DKK pr. ltr.	11,6494	1,39	1,16	0,96
NOK pr. ltr.	10,28	1,58	1,32	1,09
<b>ÞORSTEINN</b>				

Framangreint sýnir að framkvæmdin á samkomulaginu var almennt séð í föstum skorðum. Hér á eftir verða rakin ýmis tilvik sem, auk þess að staðfesta tilvist og framkvæmd samkomulagsins, sýna að stundum kom upp ágreiningur milli olíufélaganna um efndir á samkomulaginu.

### 3.1. Sala til togarans Vydunas 1994

Fyrstu vísbendingar í gögnum málsins um deilur milli olíufélaganna vegna sölu til erlendra skipa er að finna frá árinu 1994. Um mitt ár 1994 komu upp deilur milli OHF og Skeljungs vegna sölu OHF til litháenska togarans Vydunas. Í minnisblaði sem fannst hjá OHF<sup>680</sup> segir m.a.:

*„Á fundi sem Þ.Á.<sup>681</sup> átti með starfsm. Skeljungs h.f. nýlega kom fram óánægja með að Olíufélagið h.f. neitaði að skipta olíusölu til litháenska togarans VYDUNAS sem Úthafsafurðir h.f. á Egilsstöðum hafa tekið á leigu til 5. ára skv. samningi við eigendur. Togarinn er gerður út af Úthafsafurðum h.f. og ber það alla ábyrgð á rekstri hans.*

*Þetta mál hefur nokkrum sinnum komið til tals í samtölum mínum við Lúðvík hjá Skeljungi og Ingólf hjá Olís. Hafa þeir látið í ljós þá skoðun sína að eðlilegt væri að þessi viðskipti kæmu til skipta eins og hver önnur erlend sala. Þessu hefi ég ætíð hafnað og notað eftirfarandi rök:“*

Því næst eru tíunduð rök starfsmanns OHF í 4 liðum. Í 3. og 4. lið segir:

<sup>680</sup> Minnisblað Garðars Steindórssonar til Þórólfs Árnasonar, dags. 3.8.1994 (Hs. nr. 3167).

<sup>681</sup> Þórólfur Árnason OHF.

„3. Ekkert ákvæði er í samningi olíufélaganna um skiptingu sölu til erlendra leiguskipa.

4. Íslenskir umboðsmenn erlendra skipa greiða mjög oft olíureikninga þessara skipa, að beiðni eigenda, og hefur slíkum sölum ætíð verið skipt, eðli málsins samkvæmt, þar sem ekki er um leiguskip að ræða.“

Hugsanlegt er að deila Skeljungs og OHF um söluna til Vydunas hafi m.a. leitt til þess að vinna að breytingu á samkomulagi olíufélaganna hófst á þessu tímabili, sbr. umfjöllun hér að framan.

### 3.2. Ágreiningur vegna Akrabergssins 1995

Á árinu 1995 komu fyrst upp deilur vegna Akrabergssins, skips Samherja. Í tölvupósti sem fannst hjá Olís segir m.a..<sup>682</sup>

„Umræða hefur komið upp um túlkun samnings olíufélaganna um hvað teljist vera erl.skip aðallega vegna Akrabergss nýja skipsins hjá Samherja. Samstaða er um að skip sem séu í leigu hér eða að hluta gerð út hérlendis teljist íslensk og hefur verið litið til Hágang skipanna svo og leiguskipa skipafélaganna. Hins vegar hafa skip sem eru skráð erlendis en eru að hluta til í eigu íslendinga talist erlend og er þar litið til Mecklenburgerskipanna. Nú er Akraberg að öllu leyti erlent skip í eigu Íslendinga að hluta og ætti því samkvæmt þeirri skilgreiningu að teljast erlent skip og koma til skipta en því viljum við ekki kyngja. Eða hvað?“

Eins og gerð verður grein fyrir ákvað Olís að skipta ekki sölunni til Akrabergss.

### 3.3. Atvik á árinu 1996

Á árinu 1996 fjölluðu olíufélögin um ýmis málefni sem tengdust samkomulaginu um erlend skip. Þrátt fyrir að gengið hefði verið frá samkomulaginu í maí 1995 og tekin upp ný skilgreining á erlendu skipi hefst í upphafi árs 1996 aftur umræða um skilgreiningu á þeim skipum sem falla undir samkomulagið. Í símbréfi Olís til Skeljungs og OHF sem sent var 8. mars 1996 segir eftirfarandi:

„Viðbót sem kemur aftan við núverandi texta í grein no 1 verði svona:

*Fari íslenskt útgerðarfyrirtæki, sem að hluta eða öllu leyti hefur eignarhald á erlendu skipi/skipafélagi fram á, að viðskiptasamningur sem fyrirtækið hefur gert við viðskiptaolíufélag sitt gildi einnig fyrir*

<sup>682</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Thomasar Möller, dags. 18.4.1995 kl. 13:42.

*dótturfélagið og olíufélagið telur sér ekki gerlegt að hafna því, munu þær afgangslur ekki koma til skipta og verða í samræmi við önnur viðskipti útgerðafélagsins.*

*Vinsamlegast commentera á þetta*

*Kveðja Ingólfur*<sup>683</sup>

OHF hefur hins vegar á þessum tíma íhugað að hætta þessu samstarfi og kann það að hafa stafað m.a. af óánægju með að Akraberginu hafi ekki verið skipt. Fjallað er um þetta í tölvupósti frá Olís sem sendur var 18. mars 1996 en þar segir:

*„Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá ESSO munu þeir gera tillögu um að hætta því samstarfi sem verið hefur á milli félaganna um verðlagningu á eldsneyti til erl. skipa. Bíð eftir að heyra formlega frá þeim.“*<sup>684</sup>

Þann 27. mars 1996 var haldinn fundur olíufélaganna þriggja til að ræða samkomulagið um sölu til erlendra skipa.<sup>685</sup> Í tölvupósti frá Olís er umræðu á fundinum lýst þannig:

*„Rætt um framkvæmd sölunnar á síðasta ári. Lögð fram skýrsla um samantekt sölu 95. Félögin mjög nálægt umsaminni prósentuskiptingu. Akraberg kom til umræðu og lýstu Shell og Esso óánægju sinni með að sú sala kæmi ekki til skipta þar sem um erl. útg. væri að ræða. Útskýrt að Samherji ætti í raun skipið þó ekki væri um leigu að ræða en skipið væri í raun gert út frá Akureyri að öllu leyti. Voru menn sammála um að láta kyrrt liggja þó ekki væri samstaða um málið. Viðbótargrein Olís við samning fékk neikvæðan hljómgrunn. Esso kom með tillögu um að skipta þessari sölu en það yrði á nettó verði eða sem næst því ?? Ákveðið að setja saman texta sem skýrði málið og hann tekinn til skoðunar og samræmingar. Greinilegt að Esso vildi alls ekki gefa kost á undanskoti undan skiptingu. [...] Ákveðið að starfa eftir samningi óbreyttum áfram þar til annað yrði ákveðið.“*<sup>686</sup>

Þessi fundargerð gefur til kynna að olíufélögin hafi ákveðið að breyta ekki samkomulaginu frá 1995 og starfa eftir því áfram. Tæpum mánuði síðar er friðurinn

---

<sup>683</sup> Minnisblað Ingólfs Kristmundssonar sent á faxi til Garðars Steindórssonar hjá OHF og Þorsteins V. Péturssonar hjá Skeljungu (framkvæmdanefndin), dags. 8.3.1996 (Hs. nr. 8862).

<sup>684</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Einars Benediktssonar, dags. 18.3.1996 kl. 16:25.

<sup>685</sup> Fundarboð Olís, sent með símbréfi, dags. 20.3.1996 (Hs. nr. 8862).

<sup>686</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 27.3.1996 kl. 16:47.



hins vegar rofinn og þá virðist Olís íhuga að rifta samkomulaginu. Í minnisblað Olís frá 22. apríl 1996 segir:<sup>687</sup>

*„Mér sýnist full þörf á að kalla saman neyðarfund strax með Esso og Olís vegna:*

- 1. Nýjustu fregna um lengri lánstíma Shell á olíu í hafi, þeir hafa þá þegar fengið fyrirtækið PIROFISH í viðskipti og eru að reyna til við Mecklenburger.*
- 2. Líkur eru á að Shell hafi tengt viðskipti í landi við viðskipti í hafi þannig að þeir munu afgreiða til Pirofish og Mecklenburger skipanna.*
- 3. Hvort ástæða er til að segja upp gildandi samningum milli félaganna um sölu til erlendra skipa á grundvelli ofangreindra mála  
...“*

Þessi mál virðast hins vegar hafa verið leyst friðsamlega á þessum tíma og samkomulagið var áfram í framkvæmd 1996. Deilur komu hins vegar aftur upp á árinu 1997.

#### 3.4. Sala til Ocean Castle 1997

Árið 1997 áttu sér stað eftirfarandi samskipti milli forstjóra Olís og deildarstjóra skipaþjónustudeildar. Deildarstjórinn skrifar:<sup>688</sup>

*„Útgerðarfélag færeyska togarans Ocean Castle leitaði eftir verði hér í dag í gegnum Færeyska Olíufélagið. Var þeim gefið verð á skipagasolíu og marine olíu samkvæmt samningum olíufélaganna. Verð marine olíunnar var gefið upp 0.05 DKK lægra en skipagasolíunnar þ.e. 17,79 per ltr. Fax var að berast frá útgerðinni um að þeir hafi fengið betra tilboð frá Esso.“*

Forstjórinn svarar:<sup>689</sup>

*„Hef þegar rætt þetta ítarlega við Geir í þrígang. Legg til að Jón ræði málið við Þórólf og geri honum ljóst, að ef þessu fari ekki að linna þá sé fjandinn laus og við förum að beita okkur í þessari samkeppni á okkar forsendum.“*

<sup>687</sup> Minnisblað Ingólfs Kristmundssonar til Jóns Halldórssonar, dags. 22.4.1996.

<sup>688</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Einars Benediktssonar, dags. 12.2.1997 kl. 15:35.

<sup>689</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Ingólfs Kristmundssonar, dags. 12.2.1997 kl. 16:52.

Ljóst er að í þessu tilviki hefur Olís talið að OHF hafi brotið samkomulagið og boðið lægra verð en samkomulagið mælti fyrir um. Nánar verður fjallað um þessi „undirboð“ hér á eftir. Ekki kom hins vegar til þess að Olís hætti þessu samstarfi á árinu 1997 og færi að keppa á eigin forsendum.

### 3.5. Afgreiðsla til Nanoq Trawl 1998

Í mars 1998 kom upp tilvik vegna afgreiðslu Skeljungs til grænenska togarans Nanoq Trawl. Hjá Olís fannst eftirfarandi tölvupóstur frá deildarstjóra skipaþjónustudeildar til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og forstjóra vegna þessa.<sup>690</sup>

*„Nanoq Trawl fékk besta verðið frá Shell í 560.000 ltr skipagas DKK 1,36 gegnum Dan Bunkering !!!!???? Verðskrár verð hér er í dag DKK 1,41 þannig að hér er um að ræða umtalsverðan afslátt og einnig verður að hafa í huga að þetta er boðið af erlendum aðila sem lána kúnnanum í ca 60 daga hann hlýtur því að hafa fengið enn meiri afslátt hjá Skeljungi. Upplýsingar um verð hef ég í fyrstu frá Malik en síðar staðfest af Skeljungi að Dan Bunk hafi boðið 1,36. Talverður titringur er í Esso út af þessu máli og telja þeir að traustið á Shell hafi rýrnað svo mjög að erfitt sé að hafa við þá samstarf. Tek undir að mikilvægt er að staðan sé endurmetin og menn verði að gera það upp við sig hvort halda beri áfram samstarfi í þessum geira og hverjar reglur skuli gilda.“*

Forstjórinn svarar á eftirfarandi hátt:

*„Kemur þetta ekki til skipta? Ef svo er sé ég ekki annað en að það sem Shell hefur upp úr þessu sé bara minni framlegð af þeirra hluta sölunnar.“<sup>691</sup>*

### 3.6. Málefni ÚA og Meklenburger Hochseefischerei 1998–1999

Á árinu 1996 var það samþykkt á fundi forstjóra olíufélaganna að ef Útgerðarfélag Akureyringa (ÚA) og Samherji myndu óska eftir því að sala til dótturfyrirtækja yrði á kjörum móðurfyrirtækja kæmi sú sala ekki til skipta.<sup>692</sup> Þetta gekk eftir. Í júní 1997 sendir starfsmaður OHF tölvupóst til forstjóra OHF og greinir frá því að Olís hafi upplýst um það að togarar dótturfyrirtækis ÚA, Meklenburger Hochseefischerei GmbH (MHF), komi ekki til skipta frá og með febrúar 1997. Ástæðan er sögð sú að MHF skipin fái nú sama verð og skip ÚA. Forstjóri OHF svarar og kveðst kannast við að hafa samþykkt þetta.<sup>693</sup>

<sup>690</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar og Einars Benediktssonar, dags. 5.3.1998 kl. 17:06.

<sup>691</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Ingólfs Kristmundssonar, dags. 5.3.1997 kl. 18:29.

<sup>692</sup> Sjá m.a. afritaðan tölvupóst frá OHF. Frá Geir Magnússyni til Þórólfs Árnasonar, Garðars Steindórssonar og Herberts Herbertssonar, dags. 20.2.1997 kl. 9:13.

<sup>693</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Geirs Magnússonar og Garðars Steindórssonar, dags. 11.6.1997 kl. 16:47 og 17:32.

Í maí 1998 ákvað ÚA að selja hlut sinn í MHF til hollenska fyrirtækisins Parlevliet & van der Plas B.V. og var salan frágengin í október sama ár.<sup>694</sup> Ljóst er að OHF hefur viljað bregðast við þessari breyttu stöðu með samstilltu átaki olíufélaganna. Þannig sendi starfsmaður OHF tölvupóst til Olís og Skeljungu og stakk upp á samvinnu varðandi útboð MHF. Skeljungur svaraði og kvaðst vilja ræða þessa hugmynd „*undir jákvæðum formerkjum*“.<sup>695</sup> Innan Olís var á þessum tíma greint frá því að OHF sé með þá hugmynd „*að öll félögin bjóði saman í Meklenburgerdæmið*“.<sup>696</sup> Þessi samvinna virðist hins vegar ekki hafa gengið eftir og Olís hélt á þessum tíma viðskiptunum við MHF.

Þar sem ÚA var ekki lengur eigandi að MHF töldu hin félögin að þessi sala ætti að falla undir samkomulagið um erlend skip og koma því til skipta. Gögn málsins sýna að t.d. OHF hefur farið fram á þetta í desember 1998.<sup>697</sup> OHF hefur einnig krafist þessa í upphafi árs 1999. Þann 7. janúar 1999 sendi deildarstjóri skipaþjónustudeildar Olís tölvupóst til forstjóra félagsins vegna þessa.<sup>698</sup>

*„Esso hefur nú enn einu sinni fengið Mecklenburger-kippi sem aðallega birtast í því að nú vilja þeir fá skiptingu á allri landsölu á skipagasolíu frá þeim tíma sem eignarhaldi ÚA á félaginu lauk. Samkvæmt skilningi „samningsins“ er þetta rétt þar sem hér er nú um að ræða „hreint“ erlent skip. Þurfum að skoða þetta.“*

Svar forstjórans var eftirfarandi:<sup>699</sup>

*„Þetta þarf ekkert að skoða, aðeins hafna og vísa allri umræðu um þetta til forstjóra félaganna, sem séu með málið á sínum borðum.“*

Samkvæmt þessu var Olís ekki tilbúið að skipta viðskiptunum við MHF. Þrátt fyrir þetta benda gögn málsins til þess að olíufélögin hafi stillt saman aðgerðir sínar til þess að vinna gegn því að MHF fengi lægra verð á eldsneyti. Þann 7. janúar 1999 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins:

---

<sup>694</sup> Sjá Morgunblaðið 20.5.1998 og 21.10.1998.

<sup>695</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Garðars Steindórssonar, Þorsteins Péturssonar og Ingólfs Kristmundssonar, dags. 14.10.1998 kl. 15:07 og 21:08.

<sup>696</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 14.10.1998 kl. 11:58.

<sup>697</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Geirs Magnússonar og Garðars Steindórssonar, dags. 3.12.1998 kl. 12:46 og 14:42.

<sup>698</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 7.1.1999 kl. 13:35.

<sup>699</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Ingólfs Kristmundssonar, dags. 7.1.1999 kl. 14:13.

„Ræddi við RB<sup>700</sup> í dag. Niðurstaðan af þeirra samtölum við MHF<sup>701</sup> er sú að Guðmundur sótti fast að fá sama verð og í gegnum úthafsolíu. RB sagði þá að það væri ekki inni myndinni og taldi því ekki frekari grundvöll til viðskipta. MHF fékk því ekki verð frá Esso.

Næst mun MHF tala við Shell eða snúa sér beint til okkar. Reikna má með að þeir sjái núna að þeir fá ekki þessi verð hér í landi.“<sup>702</sup>

Forstjóri Olís svarar daginn eftir:

„Er ekki nauðsynlegt að vara Friðrik<sup>703</sup> strax við og láta hann vita hvernig þetta gekk fyrir sig hjá Esso.“<sup>704</sup>

### 3.7. Ásakanir á hendur OHF 1999

Gögn málsins sýna að Olís hefur verið ósátt við að OHF og Skeljungur hafi í vissum tilvikum boðið erlendum skipum lægra verð en samkomulagið mælti fyrir um. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda til forstjóra Olís 20. janúar 1999 er þannig rætt um að bæði „Esso og Shell hafa verið staðnir að lágverðstilboðum“ og greint frá því að framkvæmdastjórinn muni taka það mál upp við hin félögin.<sup>705</sup> Tilraunir Olís til að stöðva þetta í upphafi árs 1999 virðast ekki hafa borið árangur. Þann 15. júlí 1999 sendi forstjóri Olís eftirfarandi tölvupóst til forstjóra OHF:<sup>706</sup>

„Hér er allt að springa vegna ítrekaðra undirboða Garðars<sup>707</sup> til erlendra skipa. Síðasta dæmið er danskt fyrirtæki sem við höfum séð um í þrjú ár og er í fullum skiptum. Fyrstu veiðiferð nú nýlega tóku þeir eins og áður hjá okkur með 3ja aura danska í afslátt eins og um hafði verið talað milli félaganna. Næstu veiðiferð buðum við sama afslátt, en þá tóku þeir hjá ykkur þar sem þeir sögðust hafa fengið betra boð. Allt samt áfram í skiptum. Ég verð að segja að ég skil ekki slíka vitleysu. Og nú eru þeir enn á ferð og mínir menn vita ekki hvað gera skal því Garðar býður ítrekað undir. JH hefur ítrekað rætt málið við Ragnar Boga, sem tekur hans athugasemdum vel, virðist ekkert gera í málinu. Bið þig vinsamlegast að

<sup>700</sup> Ragnar Bogason hjá OHF.

<sup>701</sup> Mecklenburger Hochfischerei GmbH.

<sup>702</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, dags. 7.1.1999 kl. 18:26.

<sup>703</sup> Friðrik Þ. Stefánsson hjá Skeljungu.

<sup>704</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 8.1.1999 kl. 9:17.

<sup>705</sup> Tölvupóstur Jóns Halldórssonar til Einars Benediktssonar, dags. 20.1.1999 kl. 16:28 (Hs. nr. 4006).

<sup>706</sup> Afritaður tölvupóstur frá Esso. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 15.7.1999 kl. 14:55.

<sup>707</sup> Garðar Steindórsson, fyrrv. starfsmaður á sviði sölu til erlendra skipa hjá OHF.

*taka í taumana, því annars er greinilegt að stutt verður í slit á samvinnu um erlend skip öllum til bölvunar og taps.“*

Samkeppnisstofnun hefur spurt OHF um þessar kvartanir. Starfsmaður sem annaðist þessi viðskipti hefur staðfest að ásakanir um að OHF væri að bjóða of lágt verð hafi komið fram.<sup>708</sup> Kvaðst starfsmaðurinn hafa gert sér far um að mynda góð tengsl við erlenda útvegsmenn, m.a. með því að gera sér ferð í skipin um leið og þau komu til hafnar. Aðilar sem skipt höfðu við hann áður hefðu stundum kynnt fyrir honum að þeir hefðu í höndum tiltekið tilboð frá öðrum aðila og boðið honum að jafna það, vegna þess að þeir vildu gjarnan eiga viðskipti við OHF. Þetta skýrði margar þeirra kvartana sem forstjóra OHF hefðu borist frá forstjórum hinna félaganna, með ásökunum um undirboð.

Starfsmaðurinn var spurður hvaða hvata olúfélögin hafi haft til þess að bjóða stundum lægra en verðlistaverð, þegar viðskiptunum var skipt milli olúfélaganna í föstum hlutföllum hvort sem var. Sagði hann að smurolúviðskiptin hafi vegið þar þungt, en þau komu ekki til skipta. Hið sama gildi um ýmsar rekstrarvörur sem skipin keyptu. Einnig hefði skipt máli að félögin héldu sínum hlut í þessum viðskiptum og helst gott betur, til þess að réttlæta hugsanlega endurskoðun á skiptihlutföllum. Þá skipti almennt máli að treysta viðskiptavild gagnvart útgerðaraðilum. Annar starfsmaður OHF hefur upplýst að í þeim tilvikum þegar selt var undir verðlistaverði, hafi samt verið gert upp milli félaganna á verðlistaverði, þ.e. sú aðgerð að bjóða verð undir verðlistaverði fól greinilega í sér tap fyrir viðkomandi félag. Þurftu því að koma til önnur viðskipti til þess að bæta það upp.

### 3.8. Atvik á árunum 2000 og 2001

Í málinu er að finna ýmis gögn um þetta samráð félaganna á árinu 2000. Í t.d. júlí 2000 sendi OHF tölvupóst til Olís og sagði að félagið væri að fá verðfyrirspurnir um svartolíu og spurði hvaða verð Olís gæfi upp. Olís svaraði og veitti þær upplýsingar.<sup>709</sup> Síðar í júlí 2000 voru sendar upplýsingar milli félaganna þriggja um erlenda sölu og voru þessar upplýsingar grundvöllur að uppgjöri skiptisölnunar.<sup>710</sup> Þann 6. september 2000 sendi Skeljungur tölvupóst til Olís og spurði hvort félagið væri tilbúið með skiptisölnuna og sagði að OHF væri að „trompast“ yfir seinagangi í Olís og Skeljungi.<sup>711</sup> Þann 28. september 2000 var sendur innanhússtölvupóstur hjá Olís og velt upp þeim möguleika að ná samkomulagi við OHF og Skeljung um nýja aðferð til

<sup>708</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrirverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

<sup>709</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Kristjáns Kristinssonar og Ingólfs Kristmundssonar, dags. 5.7.2000 kl. 9:05 og 14:12.

<sup>710</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Kristjáni Kristinssyni til Ingólfs Kristmundssonar og Þorsteins Péturssonar, dags. 27.7.2000 kl. 10:01.

<sup>711</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Þorsteini Péturssyni til Ingólfs Kristmundssonar, dags. 6.9.2000 kl. 14:37.

að reikna út verð sem félögin notuðu í þessum viðskiptum.<sup>712</sup> Daginn eftir sendi OHF tölvupóst til Olís og Skeljungs og gerði tillögu um nýtt verð og Olís svaraði og samþykkti það.<sup>713</sup> Í nóvember 2000 sendi Olís tölvupóst til Skeljungs og upplýsti um erlenda sölu félagsins í október það ár.<sup>714</sup>

Í gögnum málsins er að finna nokkur skjöl sem hafa að geyma athugasemdir starfsmanna olíufélaganna um að það verð sem olíufélögin bjóði erlendum skipum sé of hátt og leiði til þess að erlendar útgerðir hætti við að eiga olíuviðskipti hér á landi. Dæmi um þetta er minnisblað sem fannst hjá OHF.<sup>715</sup> Þar er greint frá ferð tveggja starfsmanna OHF til Danmerkur og Noregs í mars árið 2000. Undir liðnum „Útgerðir togara sem sigla á fjarlæg mið“ segir m.a.:

*„Við hittum fjölmarga útgerðarmenn sem eru með togara við Grænland og taka olíu hér á landi þegar þeir eru að skipa rækju á land. Samdóma álit þeirra var að olíuverð á Íslandi væri fjaránlega hátt og í engu samræmi við það sem gerðist í öðrum löndum. Því reyndu þeir að taka sem minnst á Íslandi og taka frekar úti á sjó. ... Það er því ljóst að það mun frekar verða minnkun á því en hitt að togarar þessara útgerða taki olíu hér á landi miðað við óbreytta stefnu í verðlagsmálum en olíusala gæti aukist í úthafinu í staðinn.“*

Hjá OHF ræddi annar höfunda minnisblaðsins einnig um ferðina í tölvupósti innan húss tæpum mánuði eftir ferðina.<sup>716</sup> Í tölvupóstinum segir m.a.:

*„Ég átti langar viðræður við norska útgerðarmenn í ferðinni til Noregs. Það þýðir ekkert að segja þeim að á Íslandi sé bara eitt verð hjá þremur félögum í samkeppni. Þetta eru engir kjánar.“*

Sama umræða átti sér svo stað innan nefndar starfsmanna olíufélaganna sem annaðist framkvæmd á samkomulaginu. Í tölvupósti frá starfsmanni Skeljungs til hinna í nefndinni segir m.a.:

*„Nú er mál að linni varðandi verð til erlendra skipa. Okkar verð policy gengur ekki lengur í harðnandi heimi viðskipta og aukinnar samkeppni á*

---

<sup>712</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 20.9.2000 kl. 9:55.

<sup>713</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Ingólfs Kristmundssonar, Þorsteins Péturssonar og Kristjáns Kristinssonar, dags. 21.9.2000 kl. 13:58 og 14:26.

<sup>714</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Þorsteins Péturssonar, dags. 3.11.2000 kl. 9:19.

<sup>715</sup> Minnisblað Kristjáns Kristinssonar þáverandi deildarstjóra stórnótendasviðs og Garðars Steindórssonar fyrrv. starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa hjá OHF, ódags (Hs. nr. 2403).

<sup>716</sup> Tölvupóstur frá Kristjáni Kristinssyni til Geirs Magnússonar forstjóra og Ragnars Bogasonar framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs, dags. 7.4.2000 kl. 12:20 (Hs. nr. 2403).

*miðunum. Við erum að missa af hverri sölunni til þessara skipa, þau koma hingað til lands til löndunar og áhafnaskipta en taka ekki bunkers vegna þess að verðin eru út úr myndinni hjá okkur. Dæmin eru mörg og bara það sem snýr að Skeljungu í þessum mánuði eru eftirfarandi ....“<sup>717</sup>*

Svo eru talin upp þrjú dæmi um skip sem ákváðu að taka frekar olíu í hafi, þar sem verð þar var mun betra. Jafnframt er í tölvupóstinum lögð til ný aðferð til að ákveða verð. Í staðinn fyrir listaverð verði notað „meðal plattsverð cargoes CIF NWE/ARA high síðustu viku“ og lagt verði álag (premia) ofan á það verð að upphæð 80 USD/tonn. „Platts“ er söluverð á eldsneyti á Rotterdam markaði. Fram kemur að samkvæmt þessum nýja útreikningi myndi verðið á þessum tíma vera um 325 USD/tonn en 360 USD/tonn samkvæmt listaverði. Bent er á að þegar árið verði gert upp muni félögin ekki verða svo langt frá listaverði með þessari nýju aðferð því sveiflurnar séu svo miklar á markaðnum. Lagt er til að framkvæmdanefndin hittist og ræði málin. Sama dag er eftirfarandi póstur sendur innanhúss hjá OHF:

*„Enn og aftur kemur upp sú staða að við, með okkar listaverð á olíu, erum algjörlega ósamkeppnisfærir við verð á olíu úti á sjó, hvað þá í löndunum í kringum okkur. Þau erlendu skip sem koma hér taka ekki dropa af olíu ef þau komast hjá því. Félögin hafa vegna þessa misst af sölu í febrúar upp á einhverjar milljónir lítra. Ef við ætlum að fá einhverja sölu til okkar verðum við að binda verðið við Platts með premíu, t.d. 80 USD/tonn. Það er nóg að gefa út verð í byrjun viku sem miðast við Platts í vikunni á undan. Ef þetta verður tekið upp, þá verður þetta að gilda í báðar áttir, líka í hækkandi heimsmarkaðsverði.“<sup>718</sup>*

Forstjóri OHF svarar þessu og óskar eftir því að hin nýja aðferð verði skoðuð nánar. Svar starfsmanns OHF er eftirfarandi:

*„Það er engin spurning að við verðum að taka þetta upp. Það er einnig vilji fyrir því hjá hinum félögunum og við munum hafa þann hátt á að fá uppgefið Platts meðaltal vikunnar á undan og bætum ofan á það 80 USD. Við gerðum til gamans að skoða mánaðarmeðaltöl Platts frá því í maí 1998 til janúar 2001. Munur á listaverði okkar og Platts er rúmir 96 USD að meðaltali. Munurinn hefur aðeins tvisvar farið niður fyrir 80 USD á öllu þessu tímabili og er núna í janúar 2001, 129 USD. Það þýðir einfaldlega að ekkert erlent skip tekur olíu í íslenskum höfnum.“<sup>719</sup>*

<sup>717</sup> Tölvupóstur frá Þorsteini Péturssyni (Skeljungur) til Ingólfs Kristmundssonar (Olís) og Kristjáns Kristinssonar (OHF), dags. 21.2. 2001 kl. 11:45 (Hs. nr. 8862).

<sup>718</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til Geirs Magnússonar forstjóra, Ragnars Bogasonar framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs o.fl., dags. 21.2. 2001 kl. 15:23.

<sup>719</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni gæðastjóra OHF til Geirs Magnússonar forstjóra, Ragnars Bogasonar framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs o.fl., dags. 23.2. 2001 kl. 15:26.

Ofangreind gögn sýna fram á að olíufélögin hafa lent í vandræðum og misst viðskipti vegna ákvæða samkomulagsins að selja erlendum skipum á listaverði og banni við að gefa afslátt. Starfsmaður OHF hefur tekið undir þetta og sagt „*að samstarf olíufélaganna gagnvart erlendum skipum hefði að hans mati stundum komið félögunum í koll, en menn hafi því miður verið hræddir við að breyta þessu fyrirkomulagi.*“<sup>720</sup> Varðandi þær athugasemdir sem fram koma í ofangreindum gögnum um hátt olíuverð á Íslandi hefur OHF og Olís haldið því fram að það hafi ekki alltaf verið þannig að verðið á Íslandi væri hærra en í nágrannalöndum eða á hafi úti. Verð íslensku olíufélaganna hafi, vegna opinberra krafna um lágmarksbirgðir, verið ákvarðað út frá innkaupsverði undanfarinna mánaða. Þannig hafi verð stundum verið lægst hér á landi þegar heimsmarkaðsverð á olíu fór hækkandi þar sem verð annarra miðaðist við heimsmarkaðsverð á söludegi. Þróunin hafi hins vegar verið öndverð þegar heimsmarkaðsverð fór lækkandi.<sup>721</sup>

Að mati samkeppnisráðs náðu olíufélögin samkomulagi í lok febrúar eða byrjun mars 2001 um framangreinda nýja verðlagningaraðferð varðandi sölu til erlendra skipa. Það sést m.a. af eftirfarandi tölvupósti sem starfsmaður OHF sendir öðrum meðlimum í framkvæmdanefndinni:

*„Annar hvor ykkar hefur farið heldur illa með mig núna. Þið hafið gefið verð í Merike sem er í Hafnarfjarðarhöfn skv. s.k. samkomulagi, en ég gaf þeim listaverð – afslátt, sem er nokkuð vel fyrir ofan hitt verðið.*

*Þegar talað var um samkomulag þá var aldrei meiningin að þau verð væru látin til Íslendinga, sem eru ekkert með skipin hér í höfnum, nema í kringum áramótin áður en þau fara á fjarlæg mið. ... Það er nóg að þurfa að búa við það að erlendir útgerðamenn fari að leka í kollega sína hér þótt við séum ekki að veifa þessu framan í Íslendinga.*

*Nú sit ég uppi með það að vera hinn mesti okrari og veit ekki alveg hvernig ég á að snúa mér út úr þessu. Mér er skapi næst að hætta nú þegar þessu sk. samkomulagi fyrst byrjunin lofar ekki betra en þetta.*“<sup>722</sup>

Í svari Olís segir að ekki hafi verið gefið upp verð í þetta skip og fyrirtækið leggi sömu „*merkingu í s.k. samkomulag þ.e. að það eigi einungis við um skip sem eru*

<sup>720</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrrverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

<sup>721</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, gæðastjóra og fyrrverandi starfsmanni á sviði sölu til erlendra skipa, dags. 22.10.2002.

<sup>722</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Kristjáni Kristinssyni (OHF) til Þorsteins Péturssonar (Skeljungu) og Ingólfs Kristmundssonar (Olís), dags. 8.3.2001 kl. 12:49.



erlend og hafa möguleika á að taka í hafi. <sup>723</sup> Í svari Skeljungs segir að fyrirtækið hafi heldur ekki gefið neitt verð og hvatt er til að félögin haldi sig við samkomulagið. <sup>724</sup> Tölvupóstur milli framkvæmdanefndarinnar 2. apríl 2001 gefur þetta einnig til kynna en þar segir fulltrúi Skeljungs að hann hafi ekki fengið „Platts“ frá fulltrúa Olís. <sup>725</sup> Auk þess að sýna fram á tilvist þessa samkomulags um nýtt verð sýna gögnin frá mars 2001 að olíufélögin höfðu samráð um að tryggja að íslenskar og aðrar útgerðir sem háðar voru félögunum, þ.e. höfðu ekki möguleika að taka olíu á hafi úti, myndu ekki njóta lægra verðsins sem olíufélögin neyddust til að bjóða þeim útgerðum sem val höfðu um hvort þau keyptu olíu hér landi eða á hafi úti.

Ljóst er að framkvæmdanefndin taldi ástæðu í byrjun apríl 2001 til að huga að aðgerðum til að leyna samskiptum olíufélaganna varðandi m.a. sölu til erlendra skipa. Þetta sést m.a. af eftirfarandi tölvupósti OHF til hinna félaganna:

*„Í framhaldi af þeirri fjölmiðlaumræðu sem verið hefur þá óska ég eftir að þið gerið eftirfarandi:*

- 1. Vinsamlegast eyðið öllum skeytum sem farið hafa á milli okkar varðandi erlenda sölu eða annað sem kann að flokkast sem samkeppnismál, þar á meðal þetta skeyti.*
- 2. Hér eftir notum við ekki tölvupóst til að gefa upp erlendu sölu heldur venjulegan póst.*
- 3. Við gefum upp platts í gegnum síma, ekki með tölvupósti.*

*Vinsamlegast staðfestið og eyðið. <sup>726</sup>*

Olís svarar: *„Sýnist að eyða verði eða geyma á sérstakan hátt allan póst og gögn sem þetta mál varðar. Staðfestið og eyðið. <sup>727</sup> Í svari Skeljungs segir: „Staðfesti og eyði hér með. <sup>728</sup> Nánar er fjallað um aðdraganda þessara aðgerða til að eyða og leyna gögnum vegna samráðs olíufélaganna í kafla VI 6.2. Í kafla VI er að finna ýmis önnur dæmi þar sem olíufélögin áréttu mikilvægi þess að leyna hinu ólögumlega samstarfi þeirra. Eins og nefnt var í upphafi þessa kafla heldur Olís því fram að samráð olíufélaganna varðandi erlendu söluna falli utan gildissviðs samkeppnislaga.*

<sup>723</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Ingólfi Kristmundssyni (Olís) til Þorsteins Péturssonar (Skeljungi) og Kristjáns Kristinssonar (OHF), dags. 8.3.2001 kl. 13:32.

<sup>724</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Þorsteini Péturssyni (Skeljungi) til Kristjáns Kristinssonar (OHF) og Ingólfs Kristmundssonar (Olís), dags. 8.3.2001 kl. 13:44.

<sup>725</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Þorsteins Péturssonar, Kristjáns Kristinssonar og Ingólfs Kristmundssonar, dags. 2.4.2001 kl. 10:58, 13:22 og 13:45.

<sup>726</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Kristjáni Kristinssyni (OHF) til Þorsteins Péturssonar (Skeljungi) og Ingólfs Kristmundssonar (Olís), dags. 5.4.2001 kl. 17:02.

<sup>727</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Ingólfi Kristmundssyni (Olís) til Þorsteins Péturssonar (Skeljungi) og Kristjáns Kristinssonar (OHF), dags. 5.4.2001 kl. 17:07.

<sup>728</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Þorsteini Péturssyni (Skeljungi) til Kristjáns Kristinssonar (OHF) og Ingólfs Kristmundssonar (Olís), dags. 8.3.2001 kl. 13:44.

Framangreind samskipti olíufélaganna eru ekki í samræmi við þetta viðhorf Olís heldur gefa til kynna áhyggjur af því að upp muni komast um þetta samráð þeirra.

Í júlí árið 2001 gerðist það að Olís neitaði að skipta sölu vegna erlendra skipa. Ýmis gögn sem fundust hjá olíufélögunum vísa til þessa, m.a. eftirfarandi minnisblað sem fannst hjá OHF:

*„Erlendri sölu var ekki skipt í júlí þar sem OLÍS neitaði að gera það og staðhæfði, að olíufélögin hefðu samþykkt það og þegar rætt var við Ingólf Kristmundsson hjá OLÍS sagðist hann hafa um það fyrirmæli frá forstjóra OLÍS og hann hefði komið í [OHF] fyrir mörgum vikum og tilkynnt IS.<sup>729</sup> Eins og eðlilegt var sagðist IS myndu láta IK<sup>730</sup> vita ef á þetta yrði fallist, sem ekki var. Ég benti IK á, að menn ynnu ekki svona hluti aftur fyrir sig og það væru forstjórar allra félaganna sem réðu sameiginlega, engir undirmenn tækju ákvörðun í þessu máli. IK sagði það vera hugmynd sína og JÓH<sup>731</sup> að skipta ekki erlendri sölu og þeir hefðu borið það undir forstjóra OLÍS, sem hefði ekki gert athugasemdir. Ég sagði að [OHF] hefði ekki samþykkt neina breytingu á þessum málum ....“<sup>732</sup>*

Undir lok ágúst mánaðar sama ár virðist vandamálið enn ekki hafa verið úr sögunni. Í tölvupósti frá yfirmanni innkaupadeildar eldsneytis hjá OHF til framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs segir:

*„Þegar sölutölur í júlí liggja fyrir er ljóst að það er farið að taka verulega í vegna þess, að erlendu sölunni hefur ekki verið skilað. OLÍS hefur verið með kjaft og beðist afsökunar á ská, en hér er búið að neita að skila erlendu sölunni vegna fyrirsparna frá RB, IS, MÁ, KK, HBF – að minnsta kosti þessara. Ef félagar okkar komast upp með þetta mun það þýða að við kaupum dýrari olíu og verðum ósamkeppnishæfari í haust. Nú var RB lofað skilum fyrir nokkrum vikum og IS er búinn að standa við okkar hluta en hinir svíkja og það bara gengur ekki. Það bólar ekki á neinum tölum og við megum alls ekki láta þá komast upp með að skila með ágústtölum, þetta verður að gerast fyrir mánaðarmót. **Ég vil að þau skili erlendu sölunni strax** og það þarf að gera eitthvað enn róttækara en við erum búnir að gera fram að þessu.“<sup>733</sup>*

<sup>729</sup> Ingvar Stefánsson hjá OHF.

<sup>730</sup> Ingólfur Kristmundsson hjá Olís.

<sup>731</sup> Jón Halldórsson hjá Olís.

<sup>732</sup> Minnisblað Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 24.7.2001 (Hs. nr. 3149).

<sup>733</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til Ragnars Bogasonar og Ingvars Stefánssonar, dags. 23.8.2001 kl. 11:17.

Olís hefur upplýst að þessi ágreiningur hafi stafað af því að félagið hafi á þessum tíma verið að „stela“ viðskiptum undan ákvæðum sammingsins en öll félögin hafi stundað slíkt.<sup>734</sup>

Þann 15. ágúst 2001 er innan OHF fjallað um verð til erlendra skipa og vísað til fundar félaganna þriggja þá um morguninn.<sup>735</sup> Síðar í sama mánuði voru sendir tölvupóstar milli OHF og Skeljungs með það að markmiði að skipuleggja fund um erlendu sölu.<sup>736</sup> Í september 2001 voru tekin saman skjöl hjá Skeljungi sem sýna uppgjör milli félaganna þriggja vegna sölu til erlendra skipa í ágúst.<sup>737</sup> Þann 18. september 2001 hittist framkvæmdanefndin á fundi hjá Skeljungi.<sup>738</sup> Virðist sem framangreindur ágreiningur hafi verið leystur.

#### 4. Niðurstaða

Eins og fram hefur komið sýna gögn málsins á skýran hátt að olúfélögin hafa vegna sölu eldsneytis til erlendra skipa starfað á grundvelli samkomulags frá því í maí 1993 til loka árs 2001. Í þessu tilliti er m.a. unnt að vísa til fundargerða Samkeppnisstofnunar vegna funda með OHF og Olís þar sem fyrirtækin hafa staðfest þetta samráð félaganna á ofangreindu tímabili. Jafnframt er meðal gagna málsins að finna yfirlit yfir skiptingu sölunnar milli félaganna fyrir allt tímabilið.<sup>739</sup> Að lokum eru meðal gagna málsins tölvupóstar, minnisblöð og önnur gögn sem sýna á skýran hátt samráð olúfélaganna á þessu sviði.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að ekki sé umdeilt í málinu að olúfélögin hafi haft með sér samstarf í tengslum við sölu á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum. Hins vegar beri við ákvörðun viðurlaga að líta framhjá þeim brotum sem hafi átt sér stað á umþóttunartímanum fyrir 1. nóvember 1993. Athuga beri einnig að samkomulagið hafi ekki verið virt nema að nokkru leyti og hafi skaðleg áhrif þess verið mun minni en efni þess gefur til kynna. Ennfremur verði að líta til þess að um takmarkaðan fjölda tilvika hafi verið að ræða þar sem erlend skip hafi ekki

---

<sup>734</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 13.11.2002.

<sup>735</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Ingvari Stefánssyni til Herberts Herbertssonar, dags. 15.8.2001 kl. 13:04.

<sup>736</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Ingvars Stefánssonar og Þorsteins Péturssonar, dags. 23.8.2001 kl. 11:36 og 27.9.2001 kl. 15:18.

<sup>737</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Þorsteini Péturssyni til Írisar Bragadóttir, dags. 4.9.2001 kl. 13:27 og fylgiskjal „*Skipagasolía til erlendra skipa ágúst 2001*“.

<sup>738</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Þorsteini Péturssyni til Kristins Björnssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 17.9.2001 kl. 11:17.

<sup>739</sup> Yfirlit yfir skiptingu á sölu milli olúfélaganna á tímabilinu 1993–2001, afhent á fundi Samkeppnisstofnunar og OHF þann 8.10.2002. Einnig er unnt að vísa til einstakra yfirlita sem fundust hjá Skeljungi, sbr. yfirlit fyrir árin 1995 og 1997–2001 (Hs. nr. 8862), og Olís, sbr. yfirlit yfir árin 1997–2001 (Hs. nr. 6119 og 4006).

séð hag í því að kaupa eldsneyti hérlendis nema heimsmarkaðsverð væri hærra en eldsneytisverð á Íslandi. Þá verði að líta til þess að félögunum hafi ekki verið mögulegt að hækka verðið hér upp úr öllu valdi þar sem samkeppni að utan hafi hamlað því mjög. Þannig „urðu íslensku olíufélögin oft undir í samkeppni við eldsneyti frá Færeyjum þar sem verðið hafi oft verið lægra en innkaupsverð íslensku olíufélaganna. Verður því að ætla að umrætt samráð hafi haft mjög takmörkuð áhrif á markaðinn.“ Ber að líta til allra þessara atriða komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að olíufélögin hafa frá maí 1993 og a.m.k. út árið 2001 haft með sér verðsamráð og markaðsskiptingu varðandi sölu á eldsneyti til erlendra skipa. Er hér um að ræða áframhaldandi skipulagt brot gegn 10. gr. samkeppnislaga á þessu tímabili og er brotið hluti af hinu samfellda samráði félaganna. Samkeppnisráð getur ekki fallist á að þetta brot hafi verið óverulegt. Í því sambandi nægir að nefna á þessu tímabili var heildarandvirði þeirra sölu sem olíufélögin skiptu með sér um 1.322 milljónir króna. Að öðru leyti verður fjallað um viðurlög í kafla X.

## VI. SAMRÁÐ UM VERÐLAGNINGU Á OLÍUVÖRUM

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, eins og ákvæðið hljóðaði fyrir breytinguna sem gerð var með lögum nr. 107/2000, segir að samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi séu bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á m.a. verð, afslætti eða álagningu. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikning á verði, afslætti og álagningu sé bönnuð. Núgildandi ákvæði 10. gr. laganna leggja einnig skýrt bann við hvers konar samvinnu keppinauta um verðlagsmálefni. Verðsamkeppni er kjarni samkeppnisréttarins og gerir 10. gr. kröfu um fullkomið sjálfstæði keppinauta varðandi alla þætti verðlagningar. Bann 10. gr. samkeppnislaga telst því t.d. brotið við:

- Samráð um endanlegt verð á vöru eða þjónustu.<sup>740</sup>
- Samráð um ákveðna þætti sem mynda verð viðkomandi vöru eða þjónustu.<sup>741</sup>
- Samráð um útreikning á verði, sérstaklega kostnaðarþætti.<sup>742</sup>
- Samráð um veitingu afsláttar.<sup>743</sup>
- Samráð um atriði sem áhrif hafa á framboð vöru eða þjónustu.<sup>744</sup>
- Upplýsingaskipti um atriði sem tengjast verðlagningu.<sup>745</sup>

Gögn málsins gefa skýrlega til kynna að olíufélögin hafi haft með sér reglulegt og mjög umfangsmikið samráð varðandi verðlagsmál. Þetta samstarf hefur varað frá 1993 og í aðalatriðum falist í eftirfarandi:

- Samvinnu um verðbreytingu á fljótandi eldsneyti, gasi, smurolíu og tengdum vörum.
- Samvinnu um að auka álagningu og bæta framlegð.
- Samvinnu um að takmarka afslátt.
- Samvinnu um að leggja gjöld á viðskiptavinum.
- Samvinnu um að draga úr framboði eða takmarka þjónustu.
- Upplýsingaskiptum um atriði er tengjast verðlagningu olíuvara og samkeppni á því sviði.

OHF og Olís hafa í málinu með almennum hætti gert grein fyrir samstarfi olíufélaganna þriggja um verðlagningu á eldsneyti. Í skýrslu framkvæmdastjóra

---

<sup>740</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T13/89 *ICI v. Commission* [1992] ECR II-1021.

<sup>741</sup> Sjá t.d. XXIV. skýrslu framkvæmdastjórnar EB um samkeppnismál.

<sup>742</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 1994 í Far Eastern Freight Conference OJ L378/17.

<sup>743</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 209/78 *Van Landewyck v. Commission* [1980] ECR 3125.

<sup>744</sup> Sjá t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001.

<sup>745</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-305/94 *LVM and others v. Commission* [1999] 5 CMLR 303.

fjármálasviðs OHF, sem ábyrgð bar á verðlagningu félagsins á eldsneyti, segir m.a. þetta:

*„Vegna þess óöryggis sem gætti fyrstu árin eftir að frjáls verðlagning var tekin upp hafi það verið meginreglan fram á árið 1997 að félögin báru saman bækur sínar áður en verðbreytingar voru ákveðnar. Oliufélagið hafi þó verið íhaldssamt og fastheldið í sambandi við verðlagsmál og ekki nýtt sér samstarf við hin félögin til óhóflegrar álagningar. Upp frá þessum tíma hafi dregið úr slíku samstarfi og oliufélögin ekki ræðst eins oft saman og áður um þetta málefni. BB<sup>746</sup> tók fram að samkvæmt beiðni EB<sup>747</sup> forstjóra Olís hafi GM<sup>748</sup> heimilað sér að upplýsa Olís um ákvarðanir OHF um verðbreytingar, áður en þær voru birtar opinberlega. Olís hafi hins vegar engin áhrif haft á ákvarðanir OHF um þetta efni.“<sup>749</sup>*

Í þessum samskiptum hafi að sögn OHF falist að þeir starfsmenn oliufélaganna sem höfðu með verðlagningu á eldsneyti að gera hafi hist á fundum eða haft samband í síma. Starfsmennirnir hafi kynnt hver fyrir öðrum niðurstöður sínar um þörf verðbreytinga og oliufélögin komist að sameiginlegri niðurstöðu um hver verðbreytingin ætti að vera.<sup>750</sup> Svipað kemur fram í skýrslu forstjóra Olís:

*„EB sagði að sér væri kunnugt um að sá vani hafi viðhaldið að oliufélögin héldu áfram samtölum sínum í tengslum við verðbreytingar fyrstu árin eftir að verðlagning var gefin frjáls. Sömu menn hafi borið ábyrgð á verðlagningu eldsneytis fyrir og eftir þessa breytingu. Staðfesti EB að sér væri kunnugt um að þessir starfsmenn oliufélaganna hafi áfram átt með sér samvinnu um verðlagningu fyrstu árin eftir að verðlagning var gefin frjáls. Skýringin hafi m.a. verið sú að menn voru óöruggir og ragir við að taka algjörlega sjálfstæðar ákvarðanir. Hafi þessir starfsmenn ýtt undir hvern annan um þörf á verðbreytingum. EB sagði að sér væri þó ekki kunnugt um það nákvæmlega hvernig þessi mál þróuðust, enda hafi hann ekki verið þátttakandi í slíku samstarfi. Vætanlega hafi samstarfið mótast af því að innflutningsmynstur, kostnaðarsamsetning og verðmyndun félaganna þriggja var svipuð, auk þess sem félögin héldu áfram að reikna verð með sama hætti og áður hafði verið gert undir forsjá Verðlagsstofnunar. Hvað varðaði Olís sérstaklega hafi félagið haldið áfram samtölum við hin oliufélögin um verðlagningu eldsneytis fram á árið 1997. Vorið 1997 hafi*

<sup>746</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>747</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>748</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>749</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>750</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

*orðið sú breyting að Samúel Guðmundsson tók við umsjón með verðlagningu eldsneytis af Kristjáni B. Ólafssyni. ... Í stuttu máli mætti því segja að frá 1993 og fram á mitt ár 1997 hafi Olís tekið þátt í skoðanaskiptum við hin olíufélögin um verðlagningu á eldsneyti, en eftir það hafi slíkum samskiptum að mestu verið hætt.*<sup>751</sup>

Forstjóri Olís hefur einnig sagt að ekki sé ósennilegt að fram á árið 1997 hafi meginreglan verið sú að olíufélögin hafi ræðst við í tengslum við hverja verðbreytingu, borið saman útreikninga sína og komist að sameiginlegri niðurstöðu. Olíufélögin hafi til skiptis ýtt hvert við öðru með verðbreytingar. Í skýrslu forstjóra Olís kemur jafnframt fram að eftir 1997 hafi sá starfsmaður félagsins sem ábyrgð bar á verðlagningarmálum eldsneytis haft mikil samskipti við OHF og Skeljung vegna samstarfs félaganna um innkaup á eldsneyti. Á þeim fundum hafi félögin yfirleitt reynt að „fiska“ hvert annað um verðlagningaráform.

Af framangreindu leiðir að OHF og Olís ber saman um það að olíufélögin hafi að meginreglu haft með sér samvinnu um verðlagningu á eldsneyti frá gildistöku samkeppnislaga og fram á árið 1997. Eftir þann tíma hafi olíufélögin að sögn OHF „ekki ræðst eins oft saman og áður“ um það málefni. Sambandið við Olís hafi hins vegar verið nánara en við Skeljung að þessu leyti eftir 1997 þar sem forstjóri OHF hafi að beiðni forstjóra Olís heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa Olís um verðákvarðanir OHF áður en þær voru birtar opinberlegar. Samkvæmt OHF hafi Olís eftir 1997 jafnframt gegnt vissu milliliðahlutverki milli OHF og Skeljungs. Þannig hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF upplýst að honum væri kunnugt um dæmi þess að upplýsingar sem Olís fékk frá OHF um fyrirhugaðar verðbreytingar hafi borist til Skeljungs.

Samkvæmt Olís hefur þessari samvinnu að mestu verið hætt frá 1997. Eftir 1997 hafi þó samskipti félaganna verið mikil og þau hafi yfirleitt reynt að „fiska“ hvert annað um verðlagningaráform. Forstjóri Olís kveðst ekki kannast við að hafa óskað eftir því við OHF að fá að vita um fyrirhugaðar verðbreytingar þess félags og kveðst ekki skilja hvaða gagn Olís ætti að hafa af því.

Samkeppnisráð telur að gögn málsins styðji með skýrum hætti þær upplýsingar frá OHF og Olís að olíufélögin hafi haft með sér umrætt samstarf fram á árið 1997. Eins og eftirfarandi umfjöllun ber með sér sýna gögn málsins jafnframt að engin eðlisbreyting varð á þessu samstarfi eftir 1997. Þvert á móti hafa olíufélögin eftir árið 1997 haft með sér víðtækt samráð um verð. Var þetta mikilvægur þáttur í hinu samfellda samráði olíufélaganna.

---

<sup>751</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir samstarfi olíufélaganna í verðlagsmálum olíuvara á árunum 1993–2001. Fyrst verður gerð grein fyrir þessu samstarfi varðandi verðlagningu fljótandi eldsneytis og á tengdum vörum, s.s. frostlegi. Síðan verður vikið að samstarfi varðandi smurolíu og í lokin verður fjallað um samvinnu um verðlagningu á gasi. Í þessum kafla verður einnig gerð grein fyrir tilteknum gögnum sem sýna með almennum hætti fram á nána samvinnu olíufélaganna á þessum tíma. Í eftirfarandi umfjöllun verður í aðalatriðum gerð grein fyrir gögnum og atvikum málsins í tímaröð nema annað þyki horfa til betri skýringa.

## 1. Samráð um verðlagningu á eldsneyti 1993–1996

### 1.1. Atvik á árunum 1993–1995

Samkeppnislög tóku gildi 1. mars 1993. Þann 22. mars 1993 fjölluðu forstjóri Skeljungs og fjórir aðrir starfsmenn félagsins um m.a. verðlagsmál á fundi hjá félaginu. Í fundargerð er þetta bókað:

„Útsöluverð. *BSJ*<sup>752</sup> ræði við aðila hinna olíufélaganna um útsöluverð.“<sup>753</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að þessi bókun sé fráleitt til sönnunar um samráð olíufélaganna um verðlagningu á eldsneyti. Ekkert sé tiltekið um hvaða vöru sé að ræða og ekkert bendi til þess að OHF hafi rætt við þennan starfsmann Skeljungs af þessu tilefni. Samkeppnisráð vísar hér til þess að fyrirsvarsmenn OHF og Olís hafa upplýst Samkeppnisstofnun um að olíufélagin hafi haft með sér reglubundið og umfangsmikið samráð um verðlagningu á eldsneyti á m.a. árinu 1993, sbr. umfjöllun hér að framan. Eins og gerð verður grein fyrir staðfesta önnur gögn málsins þennan framburð. Sá starfsmaður Skeljungs sem vitnað er til í fundargerð kom að verðlagningu fyrirtækisins á eldsneyti og átti í samskiptum við hin olíufélagin um það málefni, sbr. t.d. fundargerð forstjóra Olís vegna fundar olíufélaganna í mars 1995 sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Jafnframt er ljóst að meginstarfsemi olíufélaganna felst í sölu á eldsneyti. Því er að mati ráðsins sennilegast að bókun þessi vísi til verðlagningar á eldsneyti. Samkeppnisráð fær því ekki betur séð en að bókunin sé í samræmi við framangreindar yfirlýsingar Olís og OHF um samvinnu félaganna í verðlagsmálum á þessum tíma.

Ný samkeppnislög komu fljótt til athugunar hjá olíufélagunum. Nokkrum dögum eftir gildistöku laganna eða 9. mars 1993 var bókað í fundargerð hjá Olís að nýjum samkeppnislögum hafi verið dreift.<sup>754</sup> Eins og gerð hefur verið grein fyrir birtist 19. maí 1993 í Lögbirtingablaðinu tilkynning frá Samkeppnisstofnun þar sem vakin var

<sup>752</sup> Bjarni Snæbjörn Jónsson framkvæmdastjóri hjá Skeljungu.

<sup>753</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 22.3.1993 (Hs. nr. 8216).

<sup>754</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Fundargerð framkvæmdaráðsfundar, dags. 9.3.1993.



athygli á bannákvæðum samkeppnislaga og hlutaðeigandi veittur frestur til að hætta samkeppnishamlandi samstarfi eða sækja um undanþágu. Þann 26. maí 1993 sendi Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) kvörtun til Samkeppnisstofnunar þar sem því var haldið fram að olíufélögin hefðu haft með sér ólöglegt samráð við ákvörðun bensínverðs.<sup>755</sup> Með bréfum dags. 16. júní 1993 sendi Samkeppnisstofnun erindi FÍB til olíufélaganna og óskaði eftir umsögn þeirra. Með bréfunum voru félögunum send eintök af samkeppnislögum.<sup>756</sup> Svar barst frá OHF 22. júlí 1993.<sup>757</sup> Í bréfi félagsins var því mótmælt að olíufélögin hafi haft með sér verðsamráð og lögð áhersla á að samkeppni milli olíufélaganna væri mikil á öllum sviðum. Olís svaraði með bréfi dags. 11. ágúst 1993. Í bréfi félagsins var því einnig mótmælt að samráð hafi verið milli félaganna og fullyrt að verðákvörðun félagsins hafi ávallt byggst á eðlilegum verðlagsforsendum.<sup>758</sup> Bréf Skeljungs var dags. 17. ágúst og var því þar alfarið mótmælt að samráð væri milli félaganna, gagnrýni FÍB var sögð byggð á misskilningi og jafnvel vanþekkingu og olíufélögin sögð vera í mikilli samkeppni.<sup>759</sup> Að fengnum skýringum olíufélaganna ákváðu samkeppnisyfirvöld að hafast ekkert frekar að. Í fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs 23. ágúst 1993 er að finna eftirfarandi bókun:

*„Olíufélögin og FÍB. Svarbréf olíufélaganna til Samkeppnisráðs var til umræðu.“<sup>760</sup>*

Í frumathugun II dró Samkeppnisstofnun þá ályktun af framangreindum gögnum að olíufélögin hafi haft samvinnu um að veita samkeppnisyfirvöldum rangar upplýsingar varðandi samstarf félaganna í verðlagningarmálum. Í athugasemdum OHF er þessu mótmælt. Telur OHF að nefnd bókun frá Skeljungu sýni ekkert annað en að innan Skeljungs hafi menn rætt þetta mál, þ. á m. hver viðbrögð keppinautanna kynnu að hafa verið enda bókunin gerð stuttu eftir að öll olíufélögin höfðu skilað inn athugasemdum til Samkeppnisstofnunar. Ekkert bendi til þess að hér hafi verið átt við að eitt samræmt svar hafi verið gefið, enda bera ólík svarbréf félaganna þriggja ekki þess merki að þau hafi verið unnin í samstarfi. Þó orðið „var“ hafi verið notað í þessu sambandi gefur það ekki tilefni til svo langsótttra og víðtækra ályktana, enda eru bersýnilega fleiri villur í texta þessarar sömu bókunar sem benda til þess að hún hafi verið rituð í flýti. Af þessu sé ljóst að OHF hafi hvorki gefið rangar upplýsingar til Samkeppnisstofnunar í umræddu svarbréfi, né hafði félagið nokkurt samstarf við keppinauta sína við gerð svarbréfsins. Aukinheldur falli það utan þessa máls að fjalla

<sup>755</sup> Bréf Félags íslenskra bifreiðaeigenda til Samkeppnisstofnunar, dags. 26.5.1993.

<sup>756</sup> Bréf Samkeppnisstofnunar til OHF, dags. 16.5.1993. Bréf Samkeppnisstofnunar til Olís, dags. 16.5.1993. Bréf Samkeppnisstofnunar til Skeljungs, dags. 16.5.1993.

<sup>757</sup> Bréf OHF til Samkeppnisstofnunar, dags. 22.7.1993.

<sup>758</sup> Bréf Olís til Samkeppnisstofnunar, dags. 11.8.1993.

<sup>759</sup> Bréf Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 17.8.1993.

<sup>760</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 23.8.1993 (Hs. nr. 8216).

um meintan rangan framburð fyrir stjórnvöldum og vísar OHF öllum slíkum ásökunum á bug.

Samkeppnisráð ítrekar hér að OHF hefur upplýst um þátttöku sína í umfangsmiklu verðsamráði á þessum tíma og önnur gögn málsins styðja þann framburð. Í bréfi fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar frá júlí 1993 er á hinn bóginn fullyrt að fyrirtækið taki ekki þátt í slíku samráði. Augljóst er því að fyrirtækið gaf á sínum tíma rangar yfirlýsingar. Sama gerðu hin félögin. Þegar orðalag umræddrar bókunar frá Skeljungu er virt með hliðsjón af þessum upplýsingum um samráð og horft er til þess að öll félögin veittu rangar upplýsingar telur samkeppnisráð að félögin hafi haft samvinnu um að svara erindi FÍB. Þetta er nefnt í ákvörðun þessari samhengisins vegna og til að sýna fram á að frá upphafi fólst í samráði olíufélaganna samvinna um að halda því leyndu. Hefur slíkt þýðingu við mat á eðli samráðs olíufélaganna. Gerð verður í málinu grein fyrir öðrum aðgerðum sem höfðu sama markmið. Ekki er hins vegar um það að ræða að í máli þessu verði olíufélögin beitt viðurlögum fyrir að veita stjórnvöldum rangar upplýsingar, enda fellur slíkt utan valdssviðs samkeppnisyfirvalda.

Í fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 15. september 1993 er greint frá því að FÍB óski eftir tilboðum eða afsláttarkjörum fyrir félagsmenn.<sup>761</sup> Rætt er aftur um málið í fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 11. nóvember 1993. Þar er bókað að möguleg afsláttarkjör á bensínstöðvum félagsins fyrir félagsmenn FÍB hafi verið til skoðunar að undanfögnu. Síðan er bókað að framkvæmdastjóri hjá Skeljungu „ræði málið við fulltrúa hinna olíufélaganna.“<sup>762</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að þessi bókun bendi ekki til neins brots af hálfu félagsins. Það felli enga sekt á félagið þó Skeljungur hafi viljað ræða við það. Ekkert bendi til þess að Skeljungur hafi reynt að ræða þetta mál við OHF eða að OHF hafi tekið vel í slíkar viðræður, hafi á annað borð verið leitað eftir þeim. Samkeppnisráð áréttar enn að OHF og Olís hafa upplýst um umfangsmikið verðsamráð á þessum tíma. Jafnframt hefur OHF greint frá því að á þessum tíma hafi verið umtalsvert samráð við hin félögin varðandi hvers konar beiðni viðskiptavina um tilboð, sbr. umfjöllun í kafla IV. Þannig hefur t.d. framkvæmdastjóri markaðssviðs félagsins lýst því að hann hafi haft talsverð samskipti við hin olíufélögin og „alltaf“ þegar fulltrúar félaganna hafi hist hafi verið rætt um ósk viðskiptavina um tilboð. OHF heldur því ekki fram í málinu að þessar upplýsingar frá félaginu séu rangar. Að mati samkeppnisráðs er umrædd bókun í samræmi við þessar lýsingar á samstarfi olíufélaganna. Jafnframt verður að líta til þess að Skeljungu hlaut að vera ljóst að samskipti við keppinauta um beiðni viðskiptavinar um afslátt væri óeðlileg og ólögmat aðgerð. Því verður að telja mjög ólíklegt að bókað hafi verið með þessum

<sup>761</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 15.9.1993 (Hs. nr. 8216).

<sup>762</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 11.11.1993 (Hs. nr. 8216).

hætti í fundargerð framkvæmdastjórnar félagsins, án nokkurra skýringa eða fyrirvara, að framkvæmdastjóri hjá félaginu skuli ræða afsláttarmál við hin olíufélögin nema til grundvallar hafi legið almennt samstarf félaganna um verðlagsmál.

Í fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 26. október 1993 er bókað að ákveðið hafi verið að fá fund með fulltrúum Olís sem fyrst þar sem farið verði yfir ýmis samstarfsmálefni.<sup>763</sup> Er sagt að forstjóri Skeljungs og framkvæmdastjóri hjá félaginu beri ábyrgð á þessu. Tengt þessu er fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 26. apríl 1993 þar sem greint er frá umræðu nefnds framkvæmdastjóra hjá Skeljungum við forstjóra Olís, t.d. um sölu til erlendra skipa og olíuafgreiðslu á Sauðárkróki.<sup>764</sup>

Þann 17. desember 1993 var haldinn hjá Skeljungum fundur forstjóra olíufélaganna.<sup>765</sup> Samkvæmt tillögu forstjóra Skeljungs um dagskrá átti að ræða afstöðu til útistandandi skulda viðskiptavina hjá félögunum. Jafnframt átti að ræða „[a]lmenna meðferð innheimtumála. Afstaða til beiðni um veðleyfi og fl. og fl.“ Jafnframt átti að ræða um gasmál, eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli og önnur sameiginleg mál félaganna.<sup>766</sup>

Þann 3. mars 1994 tók framkvæmdastjóri fjármálsviðs hjá Olís saman minnisblað til forstjóra félagsins og lýsti ýmsum málum sem hann þyrfti að fara yfir með forstjóranum. Þrjú þessara mála vörðuðu Skeljung og er m.a. greint frá því að starfsmaður Skeljungs hafi haft samband „varðandi samræmingu í uppstillingu uppgjors.“ Sagðist framkvæmdastjórinn hafa tekið undir þetta og það hafi verið ákveðið að Skeljungur og Olís myndu hittast með endurskoðendum félaganna.<sup>767</sup> Síðar í marsmánuði sendi þessi framkvæmdastjóri hjá Olís símbref til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum. Með símbrefinu fylgdu tvö bréf Olís til umboðsmanna fyrirtækisins. Yfirskrift fyrra bréfsins er „Innheimtumál í upphafi árs 1994“ og yfirskrift seinna bréfsins er „Innheimtumál“. Í þeim bréfum gerir Olís þá kröfu að innheimta gagnvart viðskiptavinum verði hert og í því skyni geti t.d. þurft að hætta lánsviðskiptum og taka upp staðgreiðslu gagnvart fleiri viðskiptavinum. Í öðru bréfinu er þess getið að Olís sé „kunnugt um að hin olíufélögin séu að vinna á svipuðum nótum í innheimtumálum.“ Í símbrefinu til Skeljungs þakkar framkvæmdastjórinn hjá Olís fyrir símbref frá Skeljungum og segir að þessi meðfylgjandi bréf Olís séu á „mjög svipuðum nótum og bréf Skeljungs og Olíufélagsins.“<sup>768</sup> Sýnir þetta að mati samkeppnisráðs samvinnu olíufélaganna um viðskiptakjör.

<sup>763</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 26.10.1993 (Hs. nr. 8216).

<sup>764</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 26.4.1993 (Hs. nr. 8216).

<sup>765</sup> Sjá t.d. dagbók Einars Benediktssonar, færsla 17.12.1993 (Hs. nr. 4002).

<sup>766</sup> Símbref Kristins Björnssonar til Geirs Magnússonar, dags. 17.12.1993 (Hs. nr. 7079).

<sup>767</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 3.3.1994.

<sup>768</sup> Símbref frá Kristjáni B. Ólafssyni (Olís) til Friðriks Þ. Stefánssonar (Skeljungum), dags. 30.3.1994 (Hs. nr. 7074).

Í athugasemdum OHF er því mótmælt að félagið hafi haft framangreinda samvinnu við hin félögin um viðskiptakjör. Telur félagið það langsótt að unnt sé að draga þá ályktun af nefndu bréfi Olís að OHF hafi rætt innheimtumál við Olís. Telur félagið að í fyrsta lagi sé ekki ljóst af orðalagi bréfsins að Olís hafi haft „fulla vitneskju“ um innheimtumál OHF. Vel geti verið að Olís hafi ekki haft neina vissu um þetta en ákveðið að orða þetta svona af einhverjum ástæðum. Jafnframt verði að líta til þess að á einsleitum fákeppnismarkaði séu líkur til þess að fyrirtæki beiti svipuðum innheimtuaðferðum. Í öðru lagi sé til þess að líta að jafnvel þó Olís hafi haft einhverja raunverulega vitneskju um innheimtuaðferðir OHF geti sú vitneskja verið fengin frá öðrum en félaginu, t.d. þeim sem innheimtan beinist að. Í þriðja lagi verði að telja að jafnvel þó svo talið verði að OHF hafi látið Olís í té umræddar upplýsingar sé það engin sönnun um samvinnu olíufélaganna um viðskiptakjör.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á þessar athugasemdir OHF. Hér nægir að nefna að fyrir liggur að þann 17. desember 1993 hittust forstjórar olíufélaganna þriggja og ræddu „*almenna meðferð innheimtumála*“, sbr. umfjöllun hér að framan. Jafnframt voru tiltekin viðskiptakjör félaganna samræmd á þessum fundi, sbr. umfjöllun í kafla VIII 12. Þegar tilvitnanir Olís í umræddum gögnum frá mars 1994 til hinna olíufélaganna eru virtar í þessu samhengi telur samkeppnisráð alveg ljóst að þær sýni fram á samráð félaganna að þessu leyti.

Þann 10. ágúst 1994 hittust fulltrúar olíufélaganna og ræddu ýmis samráðsmál. Í minnispunktum framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF segir m.a. þetta:

„*Bensínhækkun*            *allt að 3kr.*“

Samkvæmt þessari bókun hefur verið rætt um eða ákveðið á fundinum að hækka verð á bensíni um allt að 3 kr. á lítra.<sup>769</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjórann um þessa fundargerð. Hann kvaðst kannast við rithönd sína á blaðinu en efaðist um að hann hefði rætt við hin félögin um þessa verðhækkun þar sem hann hafi ekki borið ábyrgð innan OHF á verðlagsmálum bensíns. Hann hafi því trúlega heyrt þessi sjónarmið frá Olís og Skeljungu og bókað þetta hjá sér.<sup>770</sup> Að mati samkeppnisráðs staðfestir þetta gagn framangreinda lýsingu OHF og Olís á samvinnu olíufélaganna þriggja í verðlagsmálum á þessum tíma.

Í gögnum málsins er að finna minnisblað til forstjóra OHF sem framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF tók saman og lýsir fundi hans með forstjóra Olís 11. september

<sup>769</sup> Minnispunktar Þórólfs Árnasonar með yfirskriftinni „*Fundur Skelj./Olís/Esso*“, dags. 10.8.1994 (Hs. nr. 3167).

<sup>770</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

1994. Fundurinn var haldinn að frumkvæði forstjóra Olís og er augljóst af minnisblaðinu að tilgangur hans hefur verið að efla samvinnu og samband milli Olís og OHF. Sagt er að Olís hafi á fundinum lýst yfir vonbrigðum með samskiptin við OHF og sagt að Olís fyndist jafnvel „*einöldustu mál*“ hafa þvælst lengi og „*lítill vilji til samvinnu, jafnvel þegar auðveld tækifæri gefast.*“ Jafnframt hafi komið fram á fundinum að tiltekinn starfsmaður Olís sé pirraður yfir því að framkvæmdastjórinn hjá OHF þegi og láti lítið í ljós á sameiginlegum fundum með Skeljungu. Á fundinum hefur forstjóri Olís sagt frá því „*að öll jákvæðu samskiptin við Skeljungu*“ séu við tiltekinn starfsmann þess fyrirtækis og forstjórinn setti einnig fram tillögur um bættu samvinnu félaganna:

*„E.B. kom einnig inn á það að fyrirtækin lentu í því að vera stillt upp við vegg, af verstu kúnnunum eða aðilum með markaðstengd verkefni. Hann mæltist til þess að við hringdum okkur saman í slíkum málum, frekar en að fá sögurnar frá öðrum. ... Hann var líka sammála mér þegar ég nefndi að nú þyrftu félögin öll að vera mjög vakandi í því að láta ekki egna sig saman í verðstrið í útboðum. Hann sagði þá vera að vinna upp taktík í afsláttarkjörum, sem byggðust á magni.“<sup>771</sup>*

Ljóst er af þessum orðum að forstjóri Olís hefur lagt til að félögin myndu vinna saman gegn tilraunum viðskiptavina þeirra til að fá lægra verð. Í lok minnisblaðsins segir framkvæmdastjórinn hjá OHF að niðurstaðan sé sú að OHF þurfi að „*opna dyrnar til Olís*“ og hann sjálfur þurfi að ná betri tengslum við stjórnendur þess félags. Annars lendi OHF í því að Olís og Skeljungur „*komi sér of mikið saman.*“ Í ljósi þessa verður að telja að OHF hafi tekið vel í málaleitan Olís um aukna samvinnu. Önnur gögn málsins sem reifuð verða hér á eftir og sýna umfangsmikla samvinnu félaganna staðfesta þetta. Hér má t.d. nefna bréf sem Olís sendi OHF og Skeljungu þann 31. janúar 1995. Í bréfinu er gerð grein fyrir hugmyndum um að olúfélögin hætti t.d. að lána viðskiptavinum tæki og selji tanka og búnað með ákveðinni álagningu. Sagt er að fyrir nokkrum árum hafi verið reynt að ná samstöðu um þetta en síðan hafi „*ýmislegt breyst og samvinna félaganna aukist.*“ Nánar er fjallað um þetta bréf hér á eftir.

Í athugasemdum OHF við frumniðurstöðu II segir að félagið hafi „*ekki talið fráleitt að hugleiða hugmyndir Olís um samvinnu.*“ Olís hafi viðrað hugmyndir sínar um samstarf og OHF virðist hafa ákveðið að hugleiða hugmyndir Olís. Að mati félagsins séu þessi atvik þó „*ekki til marks um neitt samráð, heldur einungis hugleiðingar um hugsanlega samvinnu í framtíðinni. Fela þessi samskipti því ekki í sjálfu sér ekki brot á samkeppnislögum.*“

---

<sup>771</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Minnisblað Þórólfs Árnasonar til Geirs Magnússonar, dags. 11.9.1994.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir gerir 10. gr. samkeppnislaga kröfu um fullkomið sjálfstæði keppinauta um þau atriði sem falla undir ákvæðið. Bannar ákvæði því öll bein eða óbein samskipti milli keppinauta sem lúta að verði. Ofangreint minnisblað framkvæmdastjórans hjá OHF sýnir með ótvíræðum hætti að Olís og OHF hafi rætt um að taka upp samráð þegar viðskiptavinir óska eftir verðtilboðum. Jafnframt sýnir minnisblaðið að OHF og Olís hafi verið sammála um láta ekki „egna sig saman í verðstríð“ í útboðum. Ennfremur kemur fram í minnisblaðinu að Olís hafi upplýst um „taktík“ fyrirtækisins í afsláttarmálum. Að mati samkeppnisráðs getur engin vafi leikið á því að þessi samskipti fyrirtækja fólu í sér skýrt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Einnig voru samskipti þessi hluti af samfelldu samráði olíufélaganna þriggja á þessum tíma, sbr. tilvísanir til Skeljungs í nefndu minnisblaði.

Þann 20. desember 1994 sendi starfsmaður OHF minnisblað til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF. Í minnisblaðinu er greint frá því að nýtt verð á frostlegi taki gildi daginn eftir. Síðan er sagt að Skeljungur hafi þegar hækkað verð á frostlegi og að Olís muni hækka í dag. Verð OHF sé á svipuðu róli og keppinautanna.<sup>772</sup> Um ári síðar sendi starfsmaðurinn aftur minnisblað um verð á frostlegi til sömu manna hjá OHF. Minnisblaðið er frá 16. október 1995.<sup>773</sup> Í því er þágildandi verð olíufélaganna talið upp og síðan er tilgreind „verðtillaga“ frá Olís sem fólst í hækkun á verði þessarar vöru. Á minnisblaðið er einnig handskrifuð verðtillaga frá Skeljungi en í henni fólst enn meiri verðhækkun á frostlegi. Jafnframt kemur fram að OHF geti bærilega unað við 75% smásöluálagningu. Spurði höfundur orðsendingarinnar hvort samstarfsmenn hans gætu litið á þetta í vikunni. Höfundurinn sendi síðan annað minnisblað 23. október 1995 en þar kemur fram að Olís hafi hækkað verð sitt 19. október og tillaga Skeljungs um hækkun er áréttuð.<sup>774</sup> Ítrekaði starfsmaðurinn ósk sína um að yfirmenn tækju afstöðu til þessa máls. Þessi starfsmaður OHF hefur greint Samkeppnisstofnun frá því að þegar fyrstu sendingar á frostlegi komu á hverju ári hefðu olíufélögin hringt sín á milli og kannað hugsanlegar verðbreytingar hvert hjá öðru. Hafi OHF yfirleitt verið kunnugt um viðhorf hinna félaganna þegar félagið tók ákvarðanir um verð á frostlegi.<sup>775</sup> Að sögn starfsmannsins vísa þessar tillögur hinna félaganna til innri tillagna þeirra en hann hafi leitast við að fá fram hjá starfsbræðrum sínum hjá Olís og Skeljungi hvaða breytingar á verði þeir gætu hugsað sér. Í þessum framburði felst að olíufélögin hafi haft samvinnu um verðlagningu á frostlegi á árunum 1993–2001. Framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF hefur sagt að hann þekki ekki vel til þessara mála en honum virtist þó ljóst af þessum gögnum að olíufélögin hefðu rætt saman um verðhækkunir á frostlegi.<sup>776</sup>

<sup>772</sup> Minnisblað Sigurgeirs Þorkelssonar hjá OHF um verð á frostlegi, dags. 20.12.1994 (Hs. nr. 3165).

<sup>773</sup> Minnisblað Sigurgeirs Þorkelssonar hjá OHF um verð á frostlegi, dags. 16.10.1995 (Hs. nr. 3165).

<sup>774</sup> Minnisblað Sigurgeirs Þorkelssonar hjá OHF um verð á frostlegi, dags. 23.10.1995 (Hs. nr. 3165).

<sup>775</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu, sérfræðingi í smurolíu og innkaupastarfsmanni, dags. 17.4.2002.

<sup>776</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF sem tók við starfi sínu um mitt ár 1998 hefur staðfest að „*olíufélögin hefðu haft samráð um verð á frostlegi, en breyting hafi orðið á því haustið 1998, þegar OHF bauð út innkaup sín á frostlegi.*“ Aðspurður kvaðst hann „*muna eftir skeytum frá starfsfólki sínu þar sem fram kæmu upplýsingar um áform eða vangaveltur hinna félaganna varðandi verðbreytingar á frostlegi.*“<sup>777</sup> Olís hefur upplýst að viðkomandi starfsmenn félagsins hafi stundum hringt í hin félögin til að kanna verð á frostlegi en félagið kannist ekki við að félögin hafi rætt um fyrirhugaðar verðbreytingar eða þess háttar.<sup>778</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er vísað til upplýsinga frá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu og því lýst yfir að félagið hafi átt í samstarfi við Olís og Skeljung varðandi verðlagningu á frostlegi allt til haustsins 1998.

Að mati samkeppnisráðs leiða fyrrgreind gögn til þeirrar niðurstöðu að olíufélögin hafi haft samráð um verðhækkanir á frostlegi. Upplýsingum frá OHF ber hins vegar ekki saman um hvort þessu tiltekna samráði lauk haustið 1998. Sá starfsmaður OHF sem hefur með innkaup á þessari vöru að gera og hefur gert tillögur um verðlagningu hennar fullyrðir að árlega frá 1993 hafi olíufélögin haft samband sín á milli og kannað verð og hugsanlegar verðbreytingar á frostlegi. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá félaginu fullyrðir hins vegar að breyting hafi orðið 1998. Samkvæmt þessu er ljóst að þetta samráð varði a.m.k. fram á haustið 1998. Samkeppnisráð telur hins vegar að önnur gögn málsins styðji framburð innkaupastarfsmanns OHF um að samráð þetta hafi haldið áfram. Hér má líta til þess að þann 12. október 2001 sendi starfsmaður OHF tölvupóst til m.a. umrædds framkvæmdastjóra hjá félaginu og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda. Í tölvupóstinum er greint frá því að Olís sé að bjóða lægra verð á frostlegi til tiltekinnna viðskiptavina. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda svaraði þessum tölvupósti og beindi þessari ósk til starfsmanns OHF:

*„Getur þú skoðað hvað er um vera þarna hjá þeim. Skv. því sem mér skilst er þetta verð sem Olís er að bjóða nálægt okkar innkaupsverði!“<sup>779</sup>*

Sú staðreynd að framkvæmdastjóri hjá OHF hafi falið undirmanni sínum að hafa samband við keppinaut varðandi verðlagningu hans á frostlegi er í beinni mótsögn við þá fullyrðingu OHF að öllu samstarfi á þessu sviði hafi lokið 1998.

<sup>777</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 9.4.2002.

<sup>778</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>779</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Ragnars Bogasonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 12.10.2001 kl. 11:59 og 14:02.

Í málinu er að finna handskrifað minnisblað eða fundargerð frá framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF. Minnisblaðið er dagsett 3. janúar 1995 og lýsir fundi framkvæmdastjóra markaðssviða olíufélaganna þriggja.<sup>780</sup> Undir fyrsta lið er bókað:

*„Ath. Breyta 92 okt „upp“ um ca. 1. kr. 15. jan.“*

Þetta verður ekki túlkað öðruvísi en að á fundinum hafi verið ákveðið að hækka 92 oktana bensín um eina krónu. Aðspurður hefur umræddur framkvæmdastjóri hjá OHF kannast við þetta minnisblað og sagt að þarna hafi félögin rætt um verðlagningu á bensíni. Þetta hafi tengst sameiginlegum aðgerðum olíufélaganna um að taka 92 oktana bensín út af markaðnum og olíufélögin hafi „sjálfsagt ákveðið að hækka verð á 92ja oktana bensíni meðan breytingin gengi yfir.“ Framkvæmdastjórinn sagði einnig að fulltrúar hinna félaganna hefðu gjarnan hvatt OHF til verðhækkunar en kvaðst þá hafa bent þeim á að þeir gætu sjálfir hækkað verð sitt.<sup>781</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið hafi haft samstarf við hin félögin um að taka 92ja oktana bensín af markaðnum og meðan þær breytingar hafi staðið yfir hafi verið samstaða um að hækka verðið. Síðan segir að þó framangreint kunni að brjóta gegn samkeppnislögum verði að horfa á þetta mál mildum augum. Stafir það af því að framleiðslu hafði verið hætt á 92ja oktana bensíni fyrir norska markaðinn, þaðan sem félögin keyptu sitt bensín og því þurfti að sérframleiða það fyrir íslenska markaðinn. Þetta hafði í för með sér stórákinn kostnað fyrir félögin og því eðlilegt að fylgja þeirri þróun sem átti sér stað í nágrannalöndunum og hætta sölu á slíku eldsneyti.

Að mati samkeppnisráðs fela framangreindar aðgerðir vegna 92ja oktana bensíns í sér skýrt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Varðandi það skiptir engu máli að lögum þó breytingar hafi orðið varðandi innkaup á þeirri vöru. Olíufélagunum var í lófa lagið að leita eftir undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga ef þau töldu ytri aðstæður kalla á samvinnu en það gerðu þau ekki.

Þann 31. janúar 1995 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís bréf til OHF og Skeljungs. Í bréfinu er vísað til þess að olíufélögin afhendi viðskiptamönnum sínum tanka og tengdan búnað í miklum mæli. Ástæða sé til þess að skoða nú hvort hægt sé að sporna við fótum og draga úr eða jafnvel hætta tanka- og tækjaútlánnum. Í bréfinu eru settar fram tillögur um þetta, t.d. að félögin selji tanka með ákveðinni álagningu. Óskað er eftir samstarfi um gerð samræmdra reglna um þetta og er vísað til þess að þetta hafi verið rætt fyrir nokkrum árum en þá hafi ekki náðst samstaða. Síðan

<sup>780</sup> Handskrifað minnisblað Þórólfs Árnasonar með yfirskriftinni „*Thomas Möller, Margrét Guðm.d., ÞÁ*“, dags. 3.1.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>781</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.



segir: „Síðan þessir fundir voru haldnir hefur ýmislegt breyst og samvinna félaganna aukist.“<sup>782</sup>

Þann 21. febrúar 1995 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís símbref til OHF og Skeljungs. Í bréfinu til Skeljungs er sendur listi yfir 18 „verkefni sem gætu leitt til sparnaðar hjá báðum félögum“ og sagt að sum verkefnanna hafi áður verið á dagskrá. Meðal verkefna er að leggja niður bensínstöð á Þórshöfn, fækka bensínstöðvum á Barðaströnd og taka upp vinnureglur varðandi dreifingu á tönkum og dælum til viðskiptavina olíufélaganna og hugsanlega gjaldtöku fyrir hana.<sup>783</sup> Í bréfinu til OHF eru 13 verkefni reifuð og þ. á m. umrædd gjaldtaka gagnvart viðskiptavinum.<sup>784</sup>

Síðar í febrúar 1995 hittust forstjórar Olís og OHF á fundi og ræddu m.a. um verðmyndun.<sup>785</sup> Einnig var fjallað um verðmyndun á eldsneyti á fundi forstjóra olíufélaganna þriggja þann 22. mars 1995 en þar voru mörg samráðsmál til umfjöllunar. Í fundargerð forstjóra Olís segir m.a. þetta:

„5. Verðmyndun á gasolíu til landnotkunar:

*Fyrir liggur tillaga að umræðugrundvelli frá okkur um málið. Ákveðið var að Þórólfur<sup>786</sup>, Bjarni Snæbjörn<sup>787</sup> og Thomas<sup>788</sup> tækju umræðu um málið og tækju með þá af samstarfsfélögum sínum sem þeir teldu þurfa þykja. Af minni hálfu kom fram að KBÓ<sup>789</sup> myndi taka þátt í málinu með Thomasi eftir því sem þurfa þykir og að hálfu GM<sup>790</sup> kom fram að líklega myndi Bjarni Bjarna<sup>791</sup> verða að einhverju leyti með Þórólfi í málinu. Ákveðið var að Thomas myndi hafa frumkvæði að boðun fundar um málið.“<sup>792</sup>*

Bókun þessi sýnir markvisst samstarf olíufélaganna í verðlagsmálum en síðar verður gerð nánari grein fyrir því hvað fólst í þessari samvinnu.

Á þessum fundi forstjóranna var einnig rætt um hugsanlega samkeppni frá kanadíska olíufélaginu Irving Oil en á þessum tíma var það fyrirtæki að kanna möguleika á því að hefja starfsemi hér á landi. Í fundargerð forstjóra Olís er sagt frá því að rætt hafi verið vítt og breytt um áform Irving Oil og að Skeljungur hafi gert grein fyrir athugun

<sup>782</sup> Bréf Thomasar Möller til Skeljungs og OHF, dags. 31.1.1995 (Hs. nr. 4556).

<sup>783</sup> Símbref Thomasar Möller til Skeljungs, dags. 21.2.1995 (Hs. nr. 7080).

<sup>784</sup> Símbref Thomasar Möller til OHF, dags. 21.2.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>785</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 27.2.1995 (Hs. nr. 4002).

<sup>786</sup> Þórólfur Árnason framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF.

<sup>787</sup> Bjarni Snæbjörn Jónsson framkvæmdastjóri hjá Skeljungi.

<sup>788</sup> Thomas Möller framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>789</sup> Kristján B. Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís.

<sup>790</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>791</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>792</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís: Minnisblað forstjóra Olís „Fundur EB, KB og GM í dag“, dags. 22.3.1995

á bensínverði á New York markaði. Tengt þessu er bókun í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 17. janúar 1995. Þar segir að forstjóri Olís hafi sent bréf þar sem hvatt er til þess að olíufélögin hafi undirskriftalista liggjandi frammi á bensínstöðvum sínum þar sem mótmælt yrði byggingu fyrirhugaðra Irving bensínstöðva. Í fundargerðinni segir að þetta sé ekki talið þjóna hagsmunum OHF, t.d. vegna þess að þá væri verið að mótmæla byggingu á lóð við Stekkjarbakka sem OHF hafi sóst eftir því að fá úthlutað. Síðan segir að í bréfi Olís „*kemur fram að frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða landnotkun sé að renna út. Þetta þarf að kanna strax og vekja athygli íbúasamtaka á framvindu mála.*“<sup>793</sup> Í mars 1996 lá fyrir að Irving Oil myndi hætta við að koma inn á íslenska markaðinn og 10. apríl 1996 sendi OHF þakkarbréf til erlends olíufélags og sendar voru „*our warmest thanks for your assistance in the battle we fought here to keep Irving out of Iceland*“<sup>794</sup> Í þessu sambandi má einnig hafa í huga bréf framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu Olís, dags. 28. ágúst 1996, til framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu. Í bréfinu er sagt að með því fylgi afrit að beiðni tiltekins manns um að fá að opna bensínstöð á Reykjanesi og síðan segir: „*Vona að þið verðið líka á verði um að hindra þetta.*“<sup>795</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fjallað um þessa samvinnu og sagt að gögn málsins varði umræður olíufélaganna um að vekja athygli íbúasamtaka á rétti þeirra til að koma fram athugasemdum við fyrirhugaða landnotkun. OHF fallist ekki á það að eitthvað ólöglegt felist í því að huga að því að nýta sér eða benda öðrum á að nýta sér lögvarinn andmælarétt vegna fyrirhugaðrar landnotkunar. Skipti engu máli í því sambandi hvort einstaka aðilar hafi sérstaka hagsmuni af því hvernig notkun landsins sé varið eða ekki varið. Aldrei hafi komið til greina að beita ólöglegum leiðum til að takmarka samkeppni. Ef þar til bært stjórnvald hefði tekið þá ákvörðun að Irving Oil fengi ekki að reisa bensínstöð á tilteknum stað, verður að ætla að slík ákvörðun hefði verið tekin á löglegum grunni. Skipti engu þar um þó olíufélögin hafi rætt málið sín á milli. Hafi OHF ekki verið brotlegt við samkeppnislög í þessu máli.

Samkeppnisráð fellst ekki á þá skoðun OHF að framangreind gögn varði einungis umræður um rétt til andmæla vegna skipulagsmála. Gögnin sýna að forstjórar olíufélaganna ræddu ítarlega á fundi sínum í mars 1995 um væntanlega samkeppni frá erlendu olíufélagi. Jafnframt liggur fyrir að Olís sendi OHF bréf þar sem hvatt var til aðgerða sem sannanlega var ætlað að torvela innkomu hins erlenda félags. Einnig ber að líta til bréfs Olís frá ágúst 1996 vegna hugsanlegrar samkeppni á Reykjanesi. Af þessum gögnum er ljóst að á árunum 1995–1996 hafi olíufélögin fjallað sameiginlega um mögulega samkeppni frá nýjum keppinautum og sett fram tillögur til

<sup>793</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 17.1.1995 (Hs. nr. 2405).

<sup>794</sup> Símbref OHF til Imperial Oil, dags. 10.4.1996 (Hs. nr. 3135).

<sup>795</sup> Bréf Thomasar Möller til Margrétar Guðmundsdóttur og Þórólfs Árnasonar, dags. 28.8.1996 (Hs. nr. 3166).

að takmarka hana. Samvinna milli keppinauta sem miðar að því að hindra innkomu nýrra keppinauta felur í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1998 *Erindi Íslandspóstis hf. um aðgang að RÁS-þjónustu banka og sparisjóða*. Jafnframt eru fundir og umræður keppinauta um hugsanlega nýja keppinauta í beinni andstöðu við kröfu 10. gr. laganna um viðskiptalegt sjálfstæði fyrirtækja.

Þann 3. maí 1995 átti framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís fund með framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórans hjá Olís hafa átta mál verið rædd og flest tengjast þau verðlagningu. Þannig hefur t.d. verið rætt um að setja afgreiðslugjald á viðskiptavini vegna olíudreifingar og Olís hefur gert athugasemdir við afslátt á eldsneyti sem OHF hafði veitt til bílstjóra hjá vörubifreiðastöðinni Þrótti.<sup>796</sup> Jafnframt er sagt frá því að OHF hafi tekið vel í það að bensínstöðvar á Búðardal og Þórshöfn yrðu lagðar niður gegn því að OHF legði af rekstur bensínstöðva á Neskaupstað og Reyðarfirði. Fjallað hefur verið um þessi málefni nokkrum dögum síðar í framkvæmdastjórn Olís en þar er bókað: „*Verðstefna/verðlagsmál. TM og JH fá fund með Esso um afgreiðslugjald, þjónustugjald og viðskiptamannatanka. ...*“<sup>797</sup>

Í september 1995 áttu fund saman framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís og framkvæmdastjóri hjá Skeljungu. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórans hjá Olís hafa þrettán málefni verið rædd. Þannig hefur t.d. verið rætt um að gasverðlagning sé of lág, gjaldtöku fyrir viðskiptamannatanka og „*10 punkta til hagræðingu í bensínstöðvarrekstri.*“ Í því sambandi er sagt frá því að Skeljungur muni leggja áherslu á að OHF loki á Reyðarfirði og Eskifirði. Í fundargerðinni segir einnig að ákveðið hafi verið að félögin myndu hittast einu sinni í mánuði til að fara yfir þessi verkefni.<sup>798</sup> Ljóst er að forstjórar olíufélaganna hafa einnig hist í september 1995 og rætt um vandamál tengd einkatönkum viðskiptavina þeirra. Þannig var bókað í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF að forstjórar hafi „*rætt um að koma böndum á útbreiðslu einkatanka*“ og var framkvæmdastjóra markaðssviðs falin úrvinnsla málsins.<sup>799</sup>

Þann 9. október 1995 átti framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF fund með starfsbræðrum sínum hjá Olís og Skeljungu. Framkvæmdastjórinn hjá OHF gerði grein fyrir umræðunum á fundinum í tölvupósti til m.a. forstjóra félagsins.<sup>800</sup> Samkvæmt

---

<sup>796</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Thomasar Möller með yfirskriftinni „*Heimsókn TM til Þórólfs í Esso 3/5*“, dags. 5.5.1995.

<sup>797</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Fundargerð framkvæmdastjórnar Olís, dags. 18.5.1995.

<sup>798</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís: Minnisblað Thomasar Möller með yfirskriftinni „*Fundur TM/BSJ*“, dags. 7.9.1995.

<sup>799</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 26.9.1995 (Hs. nr. 1360 II)

<sup>800</sup> Tölvupóstur Þórólfs Árnasonar til m.a. Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar og Ragnars Bogasonar, dags. 9.10.1995 (Hs. nr. 3166).

tölvupóstinum hafa a.m.k. 11 málefni verið á dagskrá. Rætt hefur verið m.a. um gjaldtöku vegna tanka og upptöku afgreiðslugjalda á viðskiptavini og beiðni SR-mjòls um afslátt á svartolíu.

Framangreind gögn frá maí, september og október 1995 lýsa að mati samkeppnisráðs markvissu ólögmaetu samráði olíufélaganna um ýmis atriði sem til þess eru fallin að takmarka verðsamkeppni þeirra.

Hjá OHF fundust tvö skjöl framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís sem bæði stafa frá árinu 1995 og virðist annað þeirra hafa verið búið til 20. september 1995. Samkeppnisráð telur ljóst að þessi skjöl tengist framgreindum viðræðum félaganna um tanka og afgreiðslugjöld. Jafnframt bera skjölin með sér að Olís hefur sett fram tillögur um afslátt og gjaldtöku til viðskiptavina. Fyrri skjalið ber heitið „*Verð og þjónustustefna dísilolía/gasolía –Tillaga-*“.<sup>801</sup> Í skjalinu er gerð tillaga um 2000 kr. afgreiðslugjald og 1000 kr. þjónustugjald. Síðan er gerð tillaga um að viðskiptavinir kaupí tanka og í seinna skjalinu er sett fram verðskrá á tönkum og öðrum viðskiptamannabúnaði.<sup>802</sup> Í síðasta lið fyrrnefnda skjalsins segir:

*„Sama grunnverð (engin sölu-eða umboðslaun). Afsláttur veittur fyrir sjálfsafgreiðslu. Afsláttur veittur fyrir stórviðskipti, greitt eftir á í árslok ... eftir umfangi viðskipta. Afsl. skali t.d. –10% af 200.000 ltr., 7,5% af 100.000–200.000 ltr., 5% af 50.000–100.000 ltr. o.s.frv.“*

Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF og forstjóra Olís um þessar viðræður. Framkvæmdastjórinn hjá OHF hefur sagt að það væri ábyrgðarhluti að stunda rekstur með þeim hætti að tiltekin þjónusta væri greidd niður. Það hefði því verið fullur vilji hjá öllum olíufélögunum að draga úr notkun heimatanka, sem væru dýrir í rekstri og ekki hefði verið tekið samsvarandi gjald fyrir. „*Væri ljóst að félögin hefðu sammælt um að grípa til slíkra ráða. Hins vegar hefði ekkert komið til framkvæmda hjá OHF, en lítilsháttar hjá Olís.*“<sup>803</sup> Forstjóri Olís hefur skýrt ýmis gögn sem fjalla um samvinnu olíufélaganna varðandi heimatanka viðskiptavina og tengd atriði í verðstefnu olíufélaganna. Í skýrslu hans segir að á afmörkuðu tímabili hafi stöðugt verið í gangi umræður um:

*„eitt það vitlausasta sem fyrirfyndist í rekstri olíufélaganna, sem væri það, að olíufélögin hafi skaffað bændum, verktökum, vörubilstjórum og öðrum miðlungsstórum og smærri notendum heimatanka við ærinn tilkostnað, en til*

<sup>801</sup> Skjal Thomasar Möller með yfirskriftinni „*Verð og þjónustustefna dísilolía/gasolía –Tillaga-*“. Fannst hjá OHF (Hs. nr. 3166)

<sup>802</sup> Skjal Thomasar Möller með yfirskriftinni „*Viðskiptamannabúnaður-Verðskrá*“. Fannst hjá OHF (Hs. nr. 3166).

<sup>803</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

*viðbótar við þjónustu vegna stofnkostnaðar og reksturs tankanna ásamt heimkeyrslu eldsneytis á þá, væri þessum aðilum veittur verulegur afsláttur. Þetta vandamál í verðstefnu olíufélaganna sagði EB að hafi blasað við sér strax þegar hann hóf störf hjá Olís á árinu 1993. Öllum helstu stjórnendum olíufélaganna hafi lengi verið þetta vandamál ljóst og miklar umræður og skeytasendingar átt sér stað milli félaganna um leiðir til þess að vinna ofan af þessu máli.*<sup>804</sup>

Að sögn forstjórans hafi þrátt fyrir öll samtöl og fundi olíufélaganna engar af fjölmörgum hugmyndum eða tillögum komist til framkvæmda.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að óumdeilt sé að olíufélögin hafi rætt um heimatanka og varpað sín á milli hugmyndum um gjöld þeim tengdum. Hins vegar telji OHF að þessar umræður hafi ekki skilað sér í neinu samstarfi og hafi engin áhrif haft á markaðinn. Verði að horfa til þess við ákvörðun viðurlaga. Samkeppnisráð bendir hér á að ólögmati verðsamráðs ræðst ekki af því hvort samráðið hafi haft áhrif á markaðnum, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Framangreind gögn lýsa umfangsmiklu ólögmetu verðsamráði milli olíufélaganna um tiltekinn þátt í verðstefnu þeirra.

#### 1.2. Samkomulag 1995–1998 um að takmarka framboð á SD olíu Skeljungs

Á árinu 1992 hóf Skeljungur innflutning á sk. SD skipaolíu frá olíuhreinsunarstöð Shell við Stavanger í Noregi. Þessi olía var seld á lægra verði en annað skipaeldsneyti og sýna gögn málsins að þessi aðgerð Skeljungs vakti litla hrifningu hinna olíufélaganna. Ljóst er að strax á árinu 1992 hófu þau viðræður um að draga úr þessari nýju samkeppni. Framkvæmdastjóri hjá Skeljungi tók í september 1992 saman minnisblað um ýmis samstarfsmál félagsins við OHF. Kemur m.a. fram að möguleiki geti verið á því að ná nýjum samningi um að skipta sölu til erlendra skipa ef Skeljungur „*makki með í sambandi við SD olíuna*“.<sup>805</sup> Um samstarf vegna erlendra skipa er fjallað í kafla V. Í nóvember 1993 var tekið saman minnisblað innan Olís þar sem lýst er yfir áhyggjum af markaðssókn Skeljungs á SD olíu og lagt er til að rætt verði við Skeljung um að hætta með olíuna. Ef svar Skeljungs yrði neikvætt væri gerð sú tillaga að Olís og OHF lækkuðu verð á svartolíu þannig að Skeljungur hrökklaðist út af markaðnum með SD olíuna.<sup>806</sup>

Ekki er ljóst hvort Olís og OHF gripu til framangreindra aðgerða á árinu 1993 eða 1994. Á árinu 1995 er hins vegar ljóst að félögin hafa ákveðið að hóta Skeljungi með

<sup>804</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>805</sup> Minnisblað Bjarna S. Jónssonar til Kristins Björnssonar forstjóra Skeljungs, dags. 8.9.1992 (Hs. nr. 7080).

<sup>806</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Harðar Helgasonar „*Nokkrir punktar um gasolíu, útgerðarolíu og special distillate*“, dags. 23.11.1993.

því að hætta samvinnu um innflutning á svartolíu í því skyni að minnka þessa samkeppni frá félaginu. Þann 29. ágúst 1995 hittust á fundi forstjórar OHF og Olís ásamt tveimur framkvæmdastjórum félaganna. Eftirfarandi er bókað varðandi Skeljung í minnispunktum framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF:

*„Ef svartolíusamstarf <> þá S.D. samstarf“.*<sup>807</sup>

Samkvæmt minnisblaði forstjóra OHF áttu forstjórar olíufélaganna þriggja fund 17. nóvember 1995.<sup>808</sup> Í minnisblaðinu kemur fram að Olís og OHF séu ekki tilbúin í samstarf um innflutning á svartolíu nema „samstarf náist um sölu á SD olíu sem Skeljungur hefur verið að selja“. Á fundinum hefur forstjóri Skeljungs mótmælt því að fyrirtæki hans hafi selt þessa olíu á svartolíuverði og haldið því fram að Skeljungur hefði ekki frumkvæði að því að bjóða viðskiptavinum sínum þessa olíu. Greint er frá þessum fundi í framkvæmdastjórn OHF og virðist koma fram að Skeljungi hafi verið sagt að skilyrði fyrir samstarfi um innflutning á svartolíu sé að Skeljungur „ráðist“ ekki á kúnna hinna olíufélaganna með SD olíu.<sup>809</sup> Samkeppnisráð telur að á þessum tíma hafi olíufélögin náð samkomulagi um það að Skeljungur takmarki framboð sitt á SD olíu gegn áframhaldandi samvinnu um innflutning á svartolíu. Forstjóri OHF og framkvæmdastjórar fjármálasviðs og markaðssviðs hafa staðfest þetta.<sup>810</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er þetta staðfest. Í athugasemdum Skeljungs segir um þetta að gögn málsins bendi til að á árinu 1995 hafi átt sér stað „óeðlileg samskipti á milli olíufélaganna.“

Í lok árs 1995 hóf OHF innflutning á svonefndri MD olíu frá Statoil í Noregi. Er þessi olía sambærileg SD olíu Skeljungs. Ljóst er að þessar aðgerðir settu strik í reikninginn varðandi umrætt samkomulag olíufélaganna. Þann 9. janúar 1996 ritaði forstjóri Skeljungs minnisblað til forstjóra OHF og Olís.<sup>811</sup> Í því er vísað til samkomulags sem náðist milli olíufélaganna varðandi SD olíu og svartolíuinnflutning. Síðan segir að OHF hafi nú hafið auglýsingar á MD olíu sem ætlað sé að vera í beinni samkeppni við SD olíuna. Síðan er þetta tekið fram:

*„Það er skoðun mín, að það sé með öllu óeðlilegt að Skeljungur takmarki framboð á SD-olíu til viðskiptavina sinna og bjóði hana ekki nýjum aðilum,*

<sup>807</sup> Minnispunktar Þórólfs Árnasonar með yfirskriftinni „GM, ÞÁ, Einar Ben., Th. Möller“, dags. 29.8.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>808</sup> Minnisblað Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „Fundur með Kristni Björnssyni og Einari Benediktssyni“, dags. 17.11.1995 (Hs. nr. 3164).

<sup>809</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 21.11.1995 (Hs. nr. 1360)

<sup>810</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002. Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>811</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar til Geirs Magnússonar og Einars Benediktssonar, dags. 9.1.1996 (Hs. nr. 7080).

*á meðan einn af samkeppnisaðilum Skeljungs hf. býður hverjum sem er olíu með svipuðum eiginleikum, án takmarkana.*

*Skeljungur telur, að þar sem önnur svipuð olía sé nú boðin á markaðnum, muni áðurnefnt samkomulag hamla eðlilegri og sjálfsagðri samkeppni. Það getur alls ekki talist sanngjarnt og eðlilegt, að Skeljungur takmarki framboð sitt á olíutegund, sem samkeppnisaðili býður hindrunarlaust. Því getur Skeljungur hf. ekki talið sig bundinn af áðurnefndu samkomulagi um framboð á SD-olíu.“*

Samkeppnisráð telur að þrátt fyrir þessi ummæli forstjóra Skeljungs hafi samkomulag félaganna haldið. Þetta má m.a. ráða af tölvupósti milli forstjóra OHF og undirmanna hans í mars 1997. Forstjóranum var greint frá því að erlendur aðili vilji hitta fulltrúa olíufélaganna og sagt frá því hverjir verði fulltrúar Olís og Skeljungs á þeim fundi. Í svari forstjóra OHF segir m.a. þetta:

*„Það verður að hafa í huga að ekki hefur verið ákveðið að kaupa svartolíu með Skeljungu næsta tímabil. Mér finnst markaðsmál SD olíu ekki vera í takt við það sem KB lagði fram með EB og mér fyrir ári. Forstjórar þurfa að ræða það mál áður en svartolíusamstarf verður fyrir næsta ár.“<sup>812</sup>*

Samkvæmt þessu hefur forstjóri Skeljungs á fyrri hluta árs 1996 gefið yfirlýsingar til OHF og Olís um markaðsmál SD olíu. Í kjölfar þess fluttu olíufélögin saman inn svartolíu á árinu 1996. Þegar þetta er virt og höfð er hliðsjón af eldri samskiptum félaganna um þetta efni telur samkeppnisráð ljóst að umrætt samkomulag félaganna hafi verið framkvæmt á árinu 1996.

Framangreind ummæli forstjóra OHF í tölvupóstinum frá mars 1997 sýna einnig að hann hefur talið að Skeljungur hafi ekki að öllu leyti staðið við sitt og þetta hafi þurft að ræða. Ljóst er að forstjórar Olís og OHF ræddu saman um innflutning Skeljungs á SD olíu í júní 1997. Þetta kemur fram í eftirfarandi tölvupósti sem forstjóri Olís sendi framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá félaginu þann 12. júní 1997:

*„Vinsamlegast hafðu samband við Magnús hjá Esso og vitnaðu í samtal mitt og Geirs um athugun á innflutningsmagni Shell á SD olíu. Fáðu uppgæfið hjá honum hvort tala Geirs um innflutning Shell á SD olíu byggist á innflutningi undir tollskrárnúmeri ....“<sup>813</sup>*

<sup>812</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar, Þórólfs Árnasonar og Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 7.3.1997 kl. 10:27 og 13:59.

<sup>813</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Samúels Guðmundssonar, dags. 12.6.1997 kl. 16:30 (Hs. nr. 4906).

Telja verður að forstjórar Olís og OHF hafi að þessu leyti verið að undirbúa sig fyrir að fara yfir þetta mál með forstjóra Skeljungu. Forstjórar olíufélaganna þriggja hittust síðan á fundi 18. júní 1997, og á þeim fundi fjallaði forstjóri Skeljungu um SD olíu. Forstjóri OHF hefur lýst þessum umræðum með eftirfarandi hætti:

*„SD olía/svartolía: Skeljungur upplýsti að hann hefði aðgöngu að takmörkuðu magni af SD olíu á árinu 1997 eða 12.000 tonn. Það væri sama magn og þeir væru að selja til ákveðinna viðskiptavina. Þeir töldu sig ekki hafa neitt magn til að keppa á svartolíumarkaði og óskuðu eftir áframhaldandi samkaupum á svartolíu.“<sup>814</sup>*

Samkvæmt þessu hefur Skeljungur upplýst keppinauta sína um takmarkað framboð félagsins á umræddri olíu og gefið til kynna að samkeppni frá félaginu á tilteknu sviði yrði takmörkuð. Í því samhengi óskaði forstjórinn eftir frekara samstarfi varðandi svartolíu. Rétt er taka fram að upplýsingagjöf af þessum toga á fundi keppinauta felur sem slík í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir allra viðstaddra þar sem hún dregur verulega úr óvissu á markaðnum og takmarkar þar með t.d. verðsamkeppni.<sup>815</sup> Samkeppnisráð telur að með þessum yfirlýsingum forstjóra Skeljungu um SD olíu á fundi forstjóra félaganna í júní 1997 hafi Skeljungur enn á ný verið að heita takmarkaðri samkeppni varðandi SD olíu í því skyni að tryggja sameiginlegan innflutning á svartolíu. Olíufélögin fluttu inn svartolíu saman árið 1997 og samkeppnisráð telur að sú staðreynd virt með framangreindum gögnum sýni að umrætt samkomulag félaganna var framkvæmt á árinu 1997. Olíufélögin fluttu einnig inn svartolíu saman árið 1998 en Skeljungur hætti innflutningi á SD olíu í upphafi árs 1999 þar sem varan fékkst ekki lengur. Í ljósi efnis samkomulags félaganna um SD olíu frá 1995 og þeirra yfirlýsinga sem Skeljungur gaf OHF og Olís á árunum 1996 og 1997 um framboð á SD olíu telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi starfað eftir umræddu samkomulagi á árinu 1998. Í ljósi forsögunnar verður að teljast líklegt að til hefðu orðið gögn ef OHF og Olís hefðu á árinu 1998 breytt um stefnu og hætt að setja það skilyrði fyrir samstarfi um svartolíu að Skeljungur takmarkaði framboð sitt á SD olíu. Engin slík gögn hafa fundist né hafa olíufélögin lagt þau fram. Að mati ráðsins var því umrætt samkomulag félaganna í framkvæmd frá 1995–1998.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að samkomulagið frá 1995 hafi ekki verið framkvæmt. Bendir félagið í fyrsta lagi á að í nefndu minnisblaði forstjóra Skeljungu frá janúar 1996 segi að Skeljungur telji sig ekki bundinn af samkomulaginu. Að mati samkeppnisráðs fær það með engu móti staðist að líta einangrað á þessi ummæli og telja að þau sanni að samkomulaginu hafi ekki verið

<sup>814</sup> Minnispunktar Geirs Magnússonar um fund hans með Kristni Björnssyni og Einari Benediktssyni, dags. 18.6.1997 (Gagn afhent af OHF).

<sup>815</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v. Commission* [2000] ECR II-491.



fylgt. Nægir hér að vísa til ofangreindar umfjöllunar um tölvupóst forstjóra OHF frá mars 1997 og áframhaldandi sameiginlegan innflutning á svartolíu. Í öðru lagi heldur OHF því fram að þessi tölvupóstur forstjóra OHF sanni að samkomulaginu hafi ekki verið framfylgt. Er því haldið fram að í „*tölvupóstinum kemur skýrt fram að framangreindu samkomulagi hafi ekki verið fylgt eftir að hálfu SKEL og því ekki enn verið tekin ákvörðun um sameiginlegan innflutning fyrir næsta ár.*“ Samkeppnisráð telur þetta á misskilningi byggt hjá OHF. Tölvupósturinn sýnir að eftir að forstjóri Skeljungs lýsti því yfir í janúar 1996 að hann teldi sig ekki bundinn af samkomulaginu hitti hann forstjóra OHF og Olís og gaf yfirlýsingar um markaðsmál SD olíu. Í kjölfar þess fékk Skeljungur að flytja inn svartolíu með hinum félögunum. Sýnir þetta eins og áður sagði framkvæmd á samkomulaginu á árinu 1996. Tölvupósturinn sýnir einnig að OHF hefur á árinu 1997 talið að Skeljungur hafi ekki staðið við yfirlýsingarnar frá 1996 og því hafi ekki verið sjálfgefið að halda áfram svartolíusamstarfinu. Í kjölfar yfirlýsinga forstjóra Skeljungs á forstjórafundinum í júní 1997 var samstarfinu haldið áfram. Gefur þetta ótvírætt til kynna framkvæmd á samkomulaginu.

Í athugasemdum Skeljungs er því haldið fram að umrætt minnisblað forstjóra Skeljungs gefi sterkar líkur fyrir því að samkomulagið hafi ekki verið í framkvæmd eftir janúar 1996. Til svars við þessu vísar samkeppnisráð til framangreindrar umfjöllunar. Jafnframt heldur Skeljungur því fram að engin gögn bendi til þess að félögin hafi ákveðið áframhaldandi samkomulag um SD olíu. Samkeppnisráð getur ekki fallist á þetta og telur þvert á móti að framangreind atriði sýni með skýrum hætti fram á framkvæmd samkomulagsins eftir janúar 1996.

### 1.3. Atvik á árinu 1996

Þann 4. janúar 1996 hittust framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF og framkvæmdastjórar markaðssviðs smásölu hjá Olís og Skeljungu. Samkvæmt fundarboði framkvæmdastjórans hjá Olís, sem fannst hjá OHF, átti að ræða um bensíntegundir, bensínstöðvar, opnunartíma og önnur mál.<sup>816</sup> Hér verður að líta til þess að í lok ársins 1995 ákváðu olíufélögin sameiginlega að hætta að flytja inn 92 oktana bensín og 98 oktana blýbensín. Þetta má t.d. ráða af minnisblaði forstjóra OHF um fund sem forstjórar olíufélaganna þriggja áttu 17. nóvember 1995.<sup>817</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hefur einnig staðfest þetta.<sup>818</sup> Samkeppnisráð telur að á fundinum 4. janúar 1996 hafi félögin rætt um framkvæmd á þessari aðgerð og rætt m.a. um að breyta verðmun milli 92 og 95 oktana bensíns. Þann 11. janúar

<sup>816</sup> Fundarboð Thomasar Möller, dags. 4.1.1996 (Hs. nr. 3166).

<sup>817</sup> Minnisblað Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „Fundur með Kristni Björnssyni og Einari Benediktssyni“, dags. 17.11.1995 (Hs. nr. 3164). Sjá einnig fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>818</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

1996 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs. Í tölvupóstinum er vísað til hugmynda um að minnka verðmun á 92 og 95 oktana bensíni og settar fram hugmyndir því tengdar. Höfundur tölvupóstsins hefur upplýst að tölvupósturinn tengist aðgerðum olíufélaganna um að minnka umræddan verðmun.<sup>819</sup> Þann 18. janúar 1996 hittust aftur framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF og framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá Olís og Skeljungu. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórans hjá OHF var rætt um verð á 92, 95 og 98 oktana bensíni og ákveðið að lækka verð á 95 oktana bensíni um 1–1,20 kr./ltr. þann 1. febrúar 1996.<sup>820</sup> Jafnframt ákváðu framkvæmdastjórnir að hittast aftur 25. janúar 1996. Samkvæmt dagbók framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF hefur hann setið fund hjá Olís 24. janúar 1996 þar sem verðbreytingar virðast hafa verið ræddar.<sup>821</sup> Þann 1. febrúar 1996 hækkuðu olíufélögin verð á 92 oktana bensíni og lækkuðu verð á 95 oktana bensíni. Telja verður að þetta hafi verið liður í framgreindu verðsamráði olíufélaganna.

Þann 13. febrúar 1996 hittust framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Skeljungu og innkaupastjóri OHF á eldsneyti. Tilgangur fundarins var að undirbúa kynningu á þeirri ákvörðun félaganna að hætta að flytja inn 92 oktana bensín. Samkvæmt fundargerð hefur OHF verið mótfallið sameiginlegum kynningarfundum forstjóra, „þar sem erfitt verði að svara fyrir fullyrðingar um samráð“. OHF var hins vegar tilbúið að senda út sameiginlega fréttatilkynningu.<sup>822</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir um framangreint að ekki sé ástæða til að fjalla ítarlega um þessi gögn þar sem staðreyndir séu lítt umdeildar. OHF bendir þó á að það hafi verið orðið mun dýrara að flytja inn 92 oktana bensín og 98 oktana blýbensín en annað bensín og salan hafi verið orðin lítil. Mikil uppgufun og birgðarýrnun hafi kallað á verðhækkun. Af þessu sé ljóst að mati OHF að niðurstaðan hefði „*langlíklegast verið sú sama þó olíufélögin hefðu ekki rætt um þessi mál. Auk þess skiptir hér máli að verð á 95 oktana bensíni var lækkað samhliða.*“ Telur OHF að líta verði til takmarkaðra áhrifa samstarfsins við ákvörðun viðurlaga. Samkeppnisráð fær ekki séð að áhrif þessa ólögmeta samráðs hafi verið takmörkuð. Olíufélögin ákváðu saman að hætta að selja tilteknar tegundir eldsneytis og drógu þannig úr framboði á markaðnum og takmörkuðu valkosti neytenda. Jafnframt takmörkuðu þau með alvarlegum hætti samkeppni sín á milli með samráði um verð á bensíni. Þessar aðgerðir olíufélaganna voru framkvæmdar og höfðu þannig áhrif á markaðnum. Hugsanleg áhrif ytri aðstæðna breyta hér engu. Bann 10. gr.

<sup>819</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>820</sup> Fundargerð Þorólfs Árnasonar með yfirskriftinni „*Fundur, Esso, Olís, Skeljungur*“, dags. 18.1.1996 (Hs. nr. 3166).

<sup>821</sup> Dagbók Bjarna Bjarnasonar, færsla 24.1.1996 (Hs. nr. 1304).

<sup>822</sup> Fundargerð Magnúsar Ásgeirssonar hjá OHF, dags. 13.2.1996 (Hs. nr. 4348).

samkeppnislaga er skýrt og heimilar ekki samráð þótt keppinautar telji einhver atvik kalla á það. Fyrirtæki geta hins vegar látið reyna á undanþáguákvæði 16. gr. laganna en það var ekki gert í þessu tilviki. Ekki er unnt að fallast á það með OHF að niðurstaðan hefði hér orðið sú sama ef olíufélögin hefðu ekki haft með sér samráð og lögmál frjálsrar samkeppni hefði að þessu leyti gilt milli olíufélaganna. Við slíkar aðstæður hefði hvert og eitt olíufélaganna tekið viðskiptalega sjálfstæða ákvörðun sem allt eins hefði getað orðið hagfelldari fyrir neytendur.

Þann 30. apríl 1996 fór framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu í „ferð“ með starfsbróður sínum hjá Olís. Greindi hún frá ferðinni og viðræðum við Olís í tölvupósti sama dag til forstjóra Skeljungu. Þetta kemur m.a. fram:

*„Verðumræður. Þeirra tillaga var, að acceptera að Esso væri price leader og við hin fylgdu. Ég sagði að ég sæi annmarka á því vegna mjög gamaldags hugsunarháttar, en þeir eru mjög uggandi út af þessu slæma publicity sem við höfum fengið.“<sup>823</sup>*

Aðspurður um þetta hefur forstjóri Olís sagt að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hafi aldrei komið að ákvörðunum um verð á eldsneyti. „*Vera kynni að hugmyndum um hver ætti að leiða verðmyndun hafi einhvern tíma verið kastað fram í samtölum starfsmanna olíufélaganna, en slík umræða hafi aldrei farið fram á vettvangi forstjóra félaganna.*“<sup>824</sup> Að mati samkeppnisráðs er það ekki í samræmi við fjölmörg gögn málsins að umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís hafi ekki komið að ákvörðunum um verð á eldsneyti. Gögn málsins sýna þvert á móti að hann hefur á þessum tíma verið einn lykilmanna Olís á þessu sviði. Til viðbótar þeim fjölmörgu gögnum málsins sem koma fram í þessari ákvörðun og gefa til kynna að viðkomandi framkvæmdastjóri hafi tekið virkan þátt í verðlagsmálum má t.d. benda á að samkvæmt lista yfir mál frá framkvæmdastjóranum sem átti að ræða á framkvæmdastjórnarfundum félagsins 16. apríl 1996 var einn liður verðhækkun á bensíni.<sup>825</sup> Auk þessa hefur Samkeppnisstofnun spurt forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs um þetta. Framkvæmdastjórinn kveðst ekki getað neitað því að slík umræða hafi átt sér stað milli olíufélaganna. Hann sagði einnig að OHF hefði tekið ákvörðun um að verða „*price leader*“. Forstjóri OHF kveðst muna eftir því að forstjóri Olís hafi lýst þeirri skoðun við sig að OHF yrði viðurkennt sem „*price leader*“<sup>826</sup>. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF kveðst einnig muna eftir viðræðum milli olíufélaganna um þetta efni. Hann hefur þó sagt að ekki hafi „*verið*

<sup>823</sup> Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur til Kristins Björnssonar, dags. 30.4.1996 (Hs. nr. 7080)

<sup>824</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>825</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað frá Thomasi Möller með yfirskriftinni „*Framkvæmdastjórnarfundur 16/4*“.

<sup>826</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

*algilt að fulltrúar íslensku olíufélaganna litu á OHF sem „price leader“, og hefðu t.d. umræður milli stjórnenda hjá Skeljungu og Olís, sem hann hefði orðið vitni að án þess að taka þátt í, stundum borið vitni um annað“.*<sup>827</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að gögn málsins bendi til þess að umræða hafi verið milli starfsmanna olíufélaganna, einkum Skeljungs og Olís, um hvaða félag ætti að leiða verðbreytingar.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð ljóst að olíufélögin þrjú hafi átt í viðræðum um það hvert þeirra ætti að leiða verðmyndun á eldsneyti. Að mati ráðsins getur enginn vafi leikið á því að slíkar viðræður milli keppinauta um mikilvægan þátt sem varðar verðsamkeppni fela í sér ólögsmætar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Viðræðurnar eru í beinni andstöðu við kröfu 10. gr. laganna um viðskiptalegt sjálfstæði varðandi m.a. öll atriði sem tengjast verðsamkeppni.<sup>828</sup> Þar sem olíufélögin voru starfandi á markaðnum á meðan og eftir að þessar viðræður áttu sér stað verður að ganga út frá því að félögin hafi við aðgerðir sínar á markaðnum haft hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram komu í viðræðunum, enda hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til annars.<sup>829</sup>

Einnig er rétt að virða framangreind gögn um viðræður olíufélaganna um það hvort eitthvert þeirra ætti að vera leiðandi í verðmyndun í ljósi staðreynda um verðbreytingar félaganna á fljótandi eldsneyti. Í lok umfjöllunar um atvik á hverju ári er í ákvörðun þessari sýnt yfirlit verðbreytinga á eldsneyti á viðkomandi ári. Athugun á þessum yfirlitum fyrir árin 1993–2001 leiðir í ljós að allt fram til apríl 1996 kom ávallt fram örlítill munur eftir félögum á verði hvers lítra af 92ja og 98 oktana bensíni og oftast einnig á 95 oktana bensíni (oftast 10 til 20 aura mismunur). Frá og með verðákvörðunum í apríl 1996 hverfur þessi munur milli félaga á verði bensíns algjörlega. Ef undan er skilið frávik sem varð í maí 2001 vegna sk. verðstríðs<sup>830</sup>, ákváðu félögin á tímabilinu apríl 1996 til desember 2001 ávallt sama bensínverð upp á eyri. Sú staðreynd að þessi breyting á mynstri verðbreytinga hjá félögunum átti sér stað vorið 1996 styður þá niðurstöðu samkeppnisráðs að félögin hafi þá rætt sín á milli um að samráð þeirra um verðbreytingar tæki breytingum og yrði með þeim hætti að eitt félaganna leiddi verðmyndun. Benda þessi gögn til þess að Skeljungur og Olís hafi í aðalatriðum fallist á þessa niðurstöðu, þótt hugsanlega hafi gætt óánægju með hana. Þessu til frekari stuðnings má benda á tölvupóst innan Skeljungs frá 30. nóvember 2000 frá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta til m.a. forstjóra félagsins, en þar segir að á heimasíðu OHF komi fram að félagið muni lækka bensín

<sup>827</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>828</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. 40–48/73 *Suiker Unie and others v Commission* [1975] ECR 1663.

<sup>829</sup> Sjá hér t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92P *Commission v Anic Participazioni* [2001] 4 CMLR 17.

<sup>830</sup> Sbr. umfjöllun um viðkomandi atvik í kafla VI 6.2.

um tvær krónur, gasolíur breytist ekki en svartolía hækki um 0,70 krónur. Síðan segir: „Þá er línan lögð eða hvað? Við getum ekki lækkað minna. Ég taldi ekki forsendur til breytinga á svartolíu. [...] og [...] munu hrökkva við.“<sup>831</sup>

Framangreindu til frekari staðfestingar má einnig vísa til atvika sem áttu sér stað í tengslum við verðbreytingu olíufélaganna 1. apríl 1999 og lýst er í kafla VI 4.1. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF, sem bar ábyrgð á verðlagningu, var þá í orlofi og var framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda falið að leysa hann af í verðlagsmálum. Í tölvupósti síðarnefnda framkvæmdastjórans til forstjóra félagsins frá 31. mars 1999 með yfirskriftinni verðbreyting er þessari framkvæmd lýst með eftirfarandi hætti: „Ég lét Samúel<sup>832</sup> og Gunnar Karl<sup>833</sup> vita. Gunnar var sáttur við þetta en Samúel varð arfafiull yfir þessu og sagði að hann væri ekki viss um hvort þeir hættu við að hækka!!! Ég sagði að við myndum fullkomlega setta okkur við að þeir hækkuðu hjá sér strax ef það væri það sem þeir vildu.“ Forstjóri OHF svaraði þessum tölvupósti svo: „Mér finnst Samúel sýna stundum á sér fýlda hlið, sem ég held að sé ekki endilega stefna Einars Ben.“ Forstjóri OHF framsendi síðan þennan tölvupóst framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu til forstjóra Olís.

Eins og áður sagði viðurkennir OHF í athugasemdum sínum að viðræður hafi átt sér stað milli olíufélaganna um þetta verðlagsmálefni. Félagið heldur því hins vegar fram í athugasemdunum að gögn málsins bendi ekki til þess að OHF hafi samið við hin félögin um fyrirkomulag verðbreytinga. Því til stuðnings vísar félagið til kenninga um hegðun fyrirtækja á fákeppnismarkaði. Einnig er fullyrt að OHF hafi kosið sér það „hlutverk að leiða fremur verðbreytingar en að neyðast til þess að fylgja keppinautunum eftir. Einstaka umræður og hugmyndir einstaka starfsmanna olíufélaganna breyta því ekki að um sjálfstæða ákvörðun var að ræða af hálfu umbj. okkar. Samstaða meðal hinna olíufélaganna að láta undan þessari ákvörðun umbj. okkar gerir ákvörðunina ekki ólögmeta.“

Samkeppnisráð skilur tilvísun OHF til hegðunar fyrirtækja á fákeppnismarkaði þannig að sú breyting sem varð á mynstri verðbreytinga olíufélaganna vorið 1996, og hélst nánast undantekningalaust út árið 2001, skýrist af því tilliti sem fyrirtæki á slíkum mörkuðum geti tekið til hvers annars en ekki af samráði félaganna. Í þessu sambandi verður fyrst að benda á að sönnun samráðs getur byggst á því að engin önnur sennileg skýring sé á samskonar hegðun fyrirtækja á markaði en samstilltar aðgerðir eða samningur þessara fyrirtækja, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Til að hnekkja þessu dugar hins vegar fyrir viðkomandi fyrirtæki að sýna

<sup>831</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til m.a. Kristins Björnssonar, dags. 30.11.2000 kl. 13:18.

<sup>832</sup> Samúel Guðmundsson framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.

<sup>833</sup> Gunnar Karl Guðmundsson starfsmaður Skeljungs. Þessi starfsmaður Skeljungs hefur á starfstíma sínum hjá fyrirtækinu haft a.m.k. fjögur starfsheiti. Til einföldunar verður í ákvörðun þessari vísað til þess starfsheitis sem hann hafði á árinu 2001, þ.e. aðstoðarforstjóri Skeljungs.

fram á atriði sem varpa öðru ljósi á hegðun þeirra og gefa þannig til kynna að önnur skýring sé á aðgerðum fyrirtækjanna en ólöglegt samráð.<sup>834</sup> Þessi regla á hins vegar ekki við þegar sönnun byggist ekki eingöngu á samskonar hegðun á markaði heldur einnig á gögnum sem gefa til kynna að hegðunin sé afleiðing af samstilltum aðgerðum.<sup>835</sup> Í slíkum tilvikum verða viðkomandi fyrirtæki ekki einungis að sýna fram á aðra skýringu á samskonar hegðun á markaði heldur einnig að hnekkja þeim staðreyndum sem leiða má af málsskjölum.<sup>836</sup>

Framangreind gögn málsins sýna með skýrum hætti að vorið 1996 ræddu olíufélögin um breytingu á verðmyndun eldsneytis og sett var fram tillaga um að OHF myndi leiða verðmyndunina. Þessar staðreyndir eru ekki dregnar í efa af OHF. Í kjölfar þessara viðræðna urðu eins og áður sagði breytingar á verðmynstri félaganna sem fólst í aðalatriðum í því að OHF leiddi verðbreytingar og verðmunur milli félaganna á bensíni hvarf. Þessu mynstri var framhaldið a.m.k. út árið 2001. Jafnframt hafa verið reifuð gögn sem sýna að OHF hafi tilkynnt keppinautum sínum fyrirfram um verðlagningaráform sín og að innan Skeljungs hafi verið rætt um að OHF „leggði línuna“ í verðbreytingum. Af framangreindu er ljóst að sú ályktun samkeppnisyfirvalda að olíufélögin hafi orðið sammála um að gera breytingar á fyrirkomulagi verðbreytinga styðst ekki einungis við samhliða hegðun olíufélaganna á markaðnum heldur byggir hún einnig á gögnum sem sýna ólöglegt samskipti milli félaganna. Efni eða tilvist þessara gagn hefur ekki verið mótmælt. Þegar þetta er virt dugar ekki fyrir OHF að vísa til hegðunar fyrirtækja á fákeppnismarkaði. Með vísan til framangreindra sjónarmiða getur samkeppnisráð heldur ekki fallist á þá fullyrðingu OHF að breyting félagsins á framkvæmd verðbreytinga hafi byggst á sjálfstæðri ákvörðun félagsins.

Í lok maí 1996 fór fram umræða innan Skeljungs um samvinnu við hin félögin í verðlagningarmálum eldsneytis. Þann 29. maí s.á. sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi tölvupóst til forstjóra félagsins og gerði honum grein fyrir þeim afslætti sem Þormóði Ramma hf. hefði verið veittur á árinu 1995 af viðskiptum með skipagasolíu og smurolíu. Forstjórinn svaraði daginn eftir og taldi að verið væri að veita mjög mikinn afslátt og skoða yrði málið. Síðan segir forstjóri Skeljungs:

*„Annað dæmi: Ef við værum nú að gefa afslátt frá einhverju hámarksverðlistaverði liti málið kannski öðruvísi við. GKG<sup>837</sup> segir mér t.d.*

<sup>834</sup> Sjá m.a. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. 89/95, 104/85, 114/85, 116/85, 117/85 og 125/85 til 129/85 *Ahlström v Commission* [1993] ECR 1307.

<sup>835</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.

<sup>836</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.

<sup>837</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungs.

*að við séum með dæluverð til hvers einasta svartolíukúnna hjá okkur! Og síðan dælum við út afslætti til þessara andskota! Þá er eins gott að ræða við hin félögin um, að svartolíuverð sé viðunandi! Til hvers erum við að birta einhver akstursverð í okkar verðskrá? Skv. þessu er það algjör óþarfi. Þetta á ekki við um Ramman, en er til umhugsunar. Afsláttur er réttlætanlegur, ef við erum að gefa hann frá verðlistaverði, en að kasta einhverjum tveimuroghálfrimillu hist og her eins og okkur muni ekki um það er ekki rétt aðgerð. Mér finnst að þú, FPS<sup>838</sup>, eigir að ræða þessi mál strategískt við hin félögin.*

*Mín tillaga varðandi Rammann er sú, að við sjáum til eftir að reiknað hefur út hver framlegð viðskiptanna raunverulega er. Síðan á náttúrulega að tala við Olís og fá þá til að sjá skynsemi í þessum málum.* <sup>839</sup>

Samkeppnisráð telur að fyrirmælum forstjóra Skeljungs hafi verið fylgt og viðræður farið fram milli olíufélaganna um að tryggja hærra verð á eldsneyti, sbr. m.a. kafla VI 2. Jafnframt hafi Olís og Skeljungur haft með sér samvinnu vegna afsláttar til Þormóðs Ramma en það fyrirtæki hefur verið í viðskiptum við bæði olíufélögin, sbr. nánar kafla VI 3.10.

Í júní 1996 var sagt frá því í tölvupósti innan OHF að Olís hafi „álpast“ til að bjóða fimm kr. afslátt á bensíni á nýrri bensínstöð á Akureyri og það verði að reyna að „stoppa Olís menn í svona rugli“. Jafnframt var fjallað um aðgerðir Orkunnar á markaðnum. Forstjóri OHF svaraði og sagðist ekki kunna að stöðva þá. Jafnframt vísaði forstjórinn í tölvupóstinum í viðræður við stjórnarmann hjá Olís um viðbrögð við samkeppni frá Orkunni.<sup>840</sup> Síðar í júnímánuði 1996 ritaði framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís minnisblað til forstjóra félagsins og greindi frá símtali við framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF. Í samtalinu hafi framkvæmdastjórinn hjá OHF m.a. sagt „að skoða þyrfti verðlagsmálin m.t.t. hækkunar á bensíngjaldi. BB lagði til að KBÓ og BB töluðu saman síðar í dag en BB sagði að skoða þyrfti allar tegundir“. Í minnisblaðinu er síðan farið yfir verðlagsforsendur varðandi einstakar tegundir af eldsneyti. Kemur fram að framkvæmdastjórinn hjá Olís viti ekki hvað OHF er að hugsa en bendir þó á „að framundan eru stærstu bensínsöluvikur ársins og því Esso mest í hag að hafa framlegð háa“.<sup>841</sup> Þann 11. september 1996 hittust framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF og framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá Olís og Skeljungu. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórans hjá Skeljungu var

<sup>838</sup> Friðrik Þ. Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>839</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Kristni Björnssyni til m.a. Friðriks Stefánssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 31.5.1996 kl. 10:00.

<sup>840</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar og Þórólfs Árnasonar, dags. 6.6.1996 kl. 9:23 og 9:39.

<sup>841</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Kristjáns B. Ólafssonar um verðlagsmál, dags. 27.6.1996.

fjallað um verðhækkun á 92 og 98 oktana bensíni.<sup>842</sup> Framkvæmdastjórinn hjá OHF hefur upplýst að þetta hafi verið liður í sameiginlegum aðgerðum olíufélaganna um að taka þessar bensíntegundir út af markaðnum.<sup>843</sup> Að mati samkeppnisráðs sýna þessi gögn með skýrum hætti fram á ólöglegt samráð olíufélaganna á þessum tíma.

Skeljungur stofnaði á árinu 1995 ásamt eignarhaldsfélögum Hagkaups og Bónuss félagið Bensínorkuna ehf. (Orkan). Átti Skeljungur 1/3 í félaginu og verður að telja að Orkan hafi ekki verið undir virkum yfirráðum Skeljungs á þessum tíma. Skeljungur eignaðist hins vegar meirihluta í félaginu á árinu 2000. Þann 3. október 1996 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu tölvupóst til forstjóra félagsins og fjallaði um verðlagningu Skeljungs og Orkunnar.<sup>844</sup> Er sett fram sú tillaga að hækka verð Orkunnar áður en Olís byrjar með svonefndar ÓB stöðvar til þess að tryggja hærri framlegð. Tengt þessu er tölvupóstur milli framkvæmdastjóra Orkunnar og Skeljungs frá nóvember 1995. Sá tölvupóstur sýnir einnig að Skeljungur hefur komið að ákvörðunum um verðstefnu Orkunnar.<sup>845</sup> Það er því ljóst að Skeljungur og Orkan hafa haft með sér samráð um verðlagningu bifreiðaeldsneytis og gögn sem rakin verða í kafla VI 2 sýna að Orkan átti í slíku samstarfi einnig við a.m.k. Olís.

Þann 23. október 1996 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu. Í tölvupóstinum boðar hann og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís nefnda starfsmenn hinna félaganna til fundar hjá Olís til þess að „*ræða þau mál sem hafa verið til umræðu sl. daga varðandi rútur og gröfur, viðskiptakort og dætur- vinsamlega staðfesta hve margir koma.*“ Framkvæmdastjórnarnir svöruðu og fundartími var ákveðinn. Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til hinna félaganna um að tiltekinn fundartími henti honum segir einnig:

*„Vil benda á að við erum búnir að taka saman kostnað við dreifingu á dýrustu kúnnana. Hlýtur að vera sama vandamál hjá esso og shell. Dýrasta dreifingin á 100 dýrustu er allt að 60 kr. pr. lítra. Hvað ætlum við að láta þetta viðgangast lengi án afgr gjalds. Svo er verið að tala um meiri afslætti.“*<sup>846</sup>

<sup>842</sup> Handrituð fundargerð með yfirskriftinni „*Olís/Esso/Shell 11.9.96*“ (Hs. nr. 3166).

<sup>843</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>844</sup> Tölvupóstur frá Margræti Guðmundsdóttur til Kristins Björnssonar, dags. 3.10.1996 kl. 9:16 (Hs. nr. 7071).

<sup>845</sup> Tölvupóstur milli Bjarna S. Jónssonar og Harðar Helgasonar, dags. 21.11.1995 (Hs. nr. 7071).

<sup>846</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller, Jóns Halldórssonar, Þórólfs Árnasonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 23.10.1996 kl. 17:24, 24.10.1996 kl. 9:29, 28.10.1996 kl. 8:45 og 29.10.1996 kl. 12:02.



Í þessu samhengi verður að líta til þess að í dagbók framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi er bókað að hann eigi fund með Olís og OHF þann 31. október 1996 og samkvæmt færslu hans í dagbókinni átti að ræða um (1) fyrirspurn um sölutölur, (2) afsláttarmál og (3) „ferð“ forstjóra Olís og OHF.<sup>847</sup> Samkvæmt þessu er ljóst að fulltrúar olíufélaganna hafa rætt um ýmis verðlagsmál á þessum tíma, m.a. á fundi hjá Olís í október 1996. Í þessu samhengi má líta til þess að samkvæmt dagbók forstjóra Skeljungs átti hann fund 16. desember 1996 hjá félagi í sameign OHF og Olís, Olíudreifingu, og hefur fundarefnið verið verðlagsmál, þ.e. svonefnd heimsendingargjöld.<sup>848</sup> Lýsir þetta allt umfangsmiklu og skipulögðu samráði olíufélaganna um verðlagsmál eldsneytis.

Í nóvember 1996 áttu sér stað samskipti milli Olís og Skeljungs varðandi verðlagningu flugvélabensíns. Í tölvupósti frá 13. nóvember 1996 bað framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu að „endilega“ hækka verð á flugvélabensíni um u.þ.b. 5 kr./ltr. „í samráði við bestu vini okkar.“<sup>849</sup> Daginn eftir sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til Skeljungs og kveðst hafa verið að fara aftur í gegnum útreikninga á flugvélabensíni og leggur til að verðið á eldsneytinu verði hækkað um allt að 5 kr./ltr. Jafnframt bendir hann á að þetta sé lítið magn en mikill kostnaður og nauðsynlegt sé að hafa viðunandi framlegð.<sup>850</sup> Aðspurður um þetta hefur forstjóri Olís sagt að Olís og Skeljungur hafi haft með sér samstarf um innflutning á flugvélabensíni. Engin leynd hafi hvílt yfir þessu samstarfi, enda talið nauðsynlegt af hagkvæmnisástæðum. Forstjórinn kvaðst hins vegar ekki hafa komið að ákvörðunum um verðlagningu og ekki þekkja framangreint samstarf um verðlagningu. Hann kvaðst þó ekki geta neitað því að gögn málsins virtust staðfesta að félögin hafi rætt saman um þessi mál.<sup>851</sup>

Síðar í nóvembermánuði 1996 var rætt innan OHF um samskipti við hin félögin varðandi verðlagningu á bensíni. Í tölvupósti frá 29. nóvember 1996 velti framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF því fyrir sér hver ætti að vera áætlun félagsins um verðbreytingar á þessum tíma. Í tölvupóstinum segir m.a. þetta:

*„Af reynslu okkar í Hafnarfirði sést að við komumst upp með að vera með lágt lókal verð sem ekki spyrst út. Verðið hefur sett skrekk í Olís vegna ÓB og örugglega slæft áhrif þess að þeir muni opna þar með miklum árangri.“*

<sup>847</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar Skeljungi, færsla 31.10.1996 (Hs. nr. 8211c).

<sup>848</sup> Dagbók Kristins Björnssonar, færsla 16.12.1996 (Hs. nr. 7007).

<sup>849</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 13.11.1996 kl. 18:33.

<sup>850</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til m.a. Gunnars Karls Guðmundssonar og Gunnlaugs Helgasonar, dags. 14.11.1996 kl. 11:52.

<sup>851</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

*„Þögn“ mín við fyrirspurnum og beiðnum Olís og Skeljungs að hætta þessu hefur verkað mjög illa á þá og gert þá óörugga um hvað við hyggjumst fyrir.*

*Ég legg því til að nú séum við alls ekki tilbúnir til að ræða verðbreytingar við hin félögin og okkar svör séu að við séum að skoða málin. Skella síðan á verðlækkun á einstaka stöð, þar sem við myndum hitta samkeppnisaðilana verst“*

Forstjóri OHF svaraði og sagði að þegar komi að verðlækkunum sé Skeljungur ekki vanur að bíða eftir OHF.<sup>852</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að þetta gagn bendi ekki félagið við samráð heldur sýni þvert á móti að OHF hafi verið sá „aðili sem best stóð vörð um samkeppnina af olíufélagunum þremur.“ Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að tölvupóstur þessi er til stuðnings öðrum gögnum málsins sem sýna áframhaldandi samskipti milli olíufélaganna um verðlagsmál, enda er beinlínis í honum vísað til „fyrirspurna og beiðna“ Skeljungs og Olís um að OHF hætti að selja á lágu verði í Hafnarfirði. Jafnframt verður að hafa í huga að í tölvupóstinum er niðurstaða viðkomandi framkvæmdastjóra m.a. sú að „nú“ sé OHF ekki tilbúið til að ræða verðbreytingar við hin félögin og „okkar svör séu að við séu að skoða málin.“ Þetta orðalag sýnir ótvírætt að umrædd samskipti voru ekki einangrað fyrirbæri heldur hluti af viðtækara samstarfi. Önnur gögn málsins sýna það einnig og að mati samkeppnisráðs ber að virða gögn málsins heildstætt. Í öðru lagi breytir það engu um þá niðurstöðu samkeppnisráðs að olíufélagin hafi haft með sér áframhaldandi verðsamráð þó lagt hafi verið til í tölvupóstinum að OHF myndi á þessum tímapunkti ekki gefa skýr svör við fyrirspurnum hinna félaganna um verðbreytingar og þess í stað grípa til verðlækkunar á einstökum bensinstöðvum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að lengi hefur verið þekkt í samkeppnisrétti að mikill hvati er fyrir einstaka þátttakendur í verðsamráði að „svindla“, sbr. m.a. umfjöllun í kafla III og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001.<sup>853</sup> Í því getur t.d. falist að viðkomandi fyrirtæki selur einstaka sinnum á lægra verði en ákveðið hefur verið af aðilum samráðsins. Með þessu getur viðkomandi fyrirtæki aukið sölu sína og þar með hagnað sinn, t.d. með því að ná til viðskiptavina sem ekki voru tilbúnir að greiða það verð sem ákveðið hafði verið milli aðila samráðsins. Getur jafnvel brotist út hörð samkeppni öðru hverju milli aðila að samráðinu. Eins og fram kemur í ákvörðun

<sup>852</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Geirs Magnússonar, Þórólfs Árnasonar, Bjarna Bjarnasonar og Ragnars Bogasonar, dags. 29.11.1996 kl. 17.00 og 17:09.

<sup>853</sup> Hér má einnig vísa til t.d. ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB frá 21. desember 1994 í máli nr. IV/33.218 *Far Eastern Freight Conference*. Í málinu var bent á að það sé almenn regla að þátttakendur í verðsamráði hafi tilhneigingu til þess að svindla („general rule that all cartels are susceptible to 'cheating' or secret discounting ...“) Síðan segir: „This is a perfectly normal consequence of cartel behaviour. The members of the cartel seek not only to maximize profits by agreeing prices between themselves but also to maximize revenues by gaining market share from one another. Such behaviour normally results in a degree of instability even in the most disciplined cartel. Cartels also suffer the inevitable instability due to the fact that it always pays to be the one company operating outside the cartel.“

samkeppnisráðs nr. 13/2001 hefur slíkt engin áhrif á ólögmati samráðsins ef viðkomandi fyrirtæki halda áfram að hafa samvinnu.<sup>854</sup> Gögn þessa máls sýna svo ekki verður um villst að olíufélögin héldu áfram samvinnu sinni í verðlagsmálum þrátt fyrir framangreint.

Tölvupóstur til forstjóra OHF frá 20. nóvember 1996 sýnir hversu margþætt og náð samstarf olíufélaganna var. Í honum kemur fram að Olís og Skeljungur ætli að greiða starfsmönnum sínum kr. 19.000 í jólagjöf og gjöfin hafi áður verið kr. 18.000. Síðan segir að olíufélögin hafi verið samstíga í þessu og er forstjórinn beðinn um að samþykkja þetta sem hann og gerði.<sup>855</sup>

### 1.3.1. Olíufélögin ákveða að auka álagningu og bæta framlegð

Að mati samkeppnisráðs sýnir eftirfarandi umfjöllun og umfjöllun í kafla VI 2 hér á eftir að olíufélögin ákváðu að vinna saman að því að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti.

Hér verður fyrst að líta til þess að á árunum 1996 og 1997 höfðu olíufélögin áhyggjur af afkomu félaganna. Forstjóri Olís hefur upplýst að á þessum tíma hafi afkoma félaganna verið slök og fulltrúar allra félaganna verið að þrýsta hver á annan með hugmyndum og tillögum um verðhækkunar. Kvaðst forstjórinn sjálfur ekki hafa tekið þátt í þessum samskiptum við hin félögin en hann hafi þrýst á þann starfsmann Olís sem annaðist verðlagningu félagsins „*að beita sér í hópi starfsfélaga hans frá hinum félögum fyrir verðhækkun veturinn 1996–97, í ljósi óviðunandi afkomu Olís.*“ Forstjóri Olís hefur einnig sagt að hafi hann á þessum tíma átt kost á því að ræða við forstjóra hinna félaganna um slaka afkomu félaganna og lága framlegð, hafi hann væntanlega gert það. Hann muni þó ekki hvort svo hafi verið. Forstjóri Olís kvaðst aldrei minnst þess að forstjórar olíufélaganna hafi rætt saman um framlegðarkröfur.<sup>856</sup> Samkeppnisráð telur að gögn málsins sýni ótvírætt að olíufélögin hafi rætt um og ákveðið á þessum tíma að grípa til aðgerða til að auka framlegð félaganna af sölu eldsneytis. Í því skyni hafi aðallega verið fjallað um verðhækkunar, takmörkun á afslætti og gjaldtöku á viðskiptavini. Sum þessara atriða höfðu áður verið til umræðu en ljóst er að a.m.k. frá árinu 1997 var hert á öllum aðgerðum.

Samkeppnisráð telur að hér verði að hafa í huga að á árinu 1996 áttu olíufélögin í umfangsmiklu samstarfi vegna útboða viðskiptavina þeirra og ákváðu að vinna áfram

---

<sup>854</sup> Sjá einnig t.d. ákvörðun framkvæmdstjórnar EB í *Pre-Insulated Pipe Cartel* málinu, [1999] OJ L241/1: „*Even cheating or occasional outbreaks of fierce competition do not prevent an arrangement from constituting an agreement for the purposes of Article 81(1) where there is a common and continuing objective to co-operate*“, sbr. einnig t.d. dóm undirréttar EB frá 20. mars 2002 í máli nr. T-23/99.

<sup>855</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar og Ingvars Stefánssonar, dags. 20.11.1996.

<sup>856</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

saman í þeim málum, sbr. m.a. kafla IV 2. Grunntilgangur þessa samstarfs var að verjast auknum kröfum viðskiptavina um afslátt og tryggja framlegð félaganna. Í tengslum við þetta og versnandi afkomu félaganna á þessum tíma telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi, auk þess að ákveða að vinna saman í útboðum, ákveðið eins og áður sagði að grípa til almennra aðgerða til að auka framlegð af eldsneytissölu. Í þessu samhengi má hafa í huga framangreind ummæli forstjóra Skeljungs frá 31. maí 1996 þar sem hann kvartar yfir háum afslætti og vill að undirmenn hans ræði málin „strategískt“ við hin félögin. Hér má jafnframt líta til minnisblaðs sölustjóra sjávarútvegs og sérfræðings OHF í smurolíu sem tekið var saman vegna útboðanna á árinu 1996.<sup>857</sup> Þar er gerð tillaga um stefnumörkun OHF í þessum útboðum og sagt að ef OHF fái aukin viðskipti á grundvelli útboðanna sé það „góður byrjunarreitir, ef reyna á að semja um betri álagningu á eldsneyti við hin félögin.“<sup>858</sup> Hér má einnig hafa í huga minnisblað aðstoðarforstjóra Skeljungs til forstjóra félagsins sem gefur til kynna viðræður milli félaganna um að bæta framlegð. Í minnisblaðinu, dags. 8. október 1996, er fjallað um samning olíufélaganna um sölu á svartolíu til SR-mjöls og sagt frá því að verð á svartolíunni sé samkvæmt „verðlista olíufélaganna“ að frádregnum tilteknum afslætti. Síðar segir:

*„Á meðan félögin standa sameiginlega að innflutningi verður vart um breytilegt verð að ræða milli félaga. Leiðsluverð er almennt verð í dag, en ekkert félaganna selur á bílverði. Þetta hefur það í för með sér að framlegð lækkar, en á síðustu mánuðum hefur tekist að bæta framlegðina lítilsháttar og almennur skilningur virðist vera á því að gera þarf enn betur. Sú staðreynd að bæði Esso/Olís eru farin að selja „flotadisel“ gerir þetta auðveldara ...“<sup>859</sup>*

Hér verður einnig að hafa í huga fund félaganna þriggja 31. október 1996 um afsláttarmál og fund forstjóra Skeljungs hjá Olíudreifingu 16. desember 1996 um gjöld á viðskiptavini, sbr. umfjöllun hér að framan.

Forstjórar olíufélaganna hittust á fundum 10. og 19. desember 1996.<sup>860</sup> Samkeppnisráð telur líklegt að á þessum fundum hafi framangreind ákvörðun um aðgerðir til að bæta framlegð verið tekin. Þetta má ráða m.a. af tölvupósti frá framkvæmdastjóra Olís sem sendur var 7. janúar 1997 og gerð verður grein fyrir hér á eftir. Þessi framkvæmdastjóri hjá Olís hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að í upphafi árs 1997 hafi forstjórar félaganna falið honum og starfsbræðrum hans hjá OHF og

<sup>857</sup> Tölvupóstur Þórólfs Árnasonar frá 19.1.1997 sýnir að Herbert Herbertsson gegndi á þessum tíma starfi sölustjóra sjávarútvegs hjá OHF.

<sup>858</sup> Ódagsett minnisblað Herberts Herbertssonar með yfirskriftinni „Ályktun undirritaðs um yfirstandandi útboð“ (Hs. nr. 1932)

<sup>859</sup> Minnisblað Gunnars Karls Guðmundssonar til Kristins Björnssonar, dags. 8.10.1996 (Hs. nr. 7632).

<sup>860</sup> Sjá t.d. dagbók forstjóra Olís, færslur 10. og 19.12.1996 (Hs. nr. 4002).

Skeljungu að vinna í því að auka álagningu og bæta framlegð af sölu eldsneytis, sbr. umfjöllun í kafla VI 2.1 hér á eftir.

Í athugasemdum OHF segir að félagið hafi hvorki ákveðið né tekið þátt í sameiginlegum aðgerðum sem miðuðu að því að auka framlegð af sölu eldsneytis. Ef talið verði að OHF hafi komið að slíku verði við ákvörðun viðurlaga að horfa til þess að meintar aðgerðir hafi ekki verið framkvæmdar og aðeins varðað svartolíu. Til stuðnings þessu bendir OHF á að framangreindur tölvupóstur forstjóra Skeljungs frá 31. maí 1996 sýni hvorki fram á að reynt hafi verið að tala við félagið né um hvað þær viðræður hafi snúist, hafi þær yfirhöfuð átt sér stað. Samkeppnisráð fellst ekki á þetta. Ekki er rétt að mati ráðsins að túlka þetta gagn með þeim einangraða hætti sem OHF gerir heldur verður að virða það í samhengi við önnur gögn málsins. Í tölvupóstinum hefur forstjóri Skeljungs áhyggjur af háum afslætti. Hann lýsir yfir vilja til þess að rætt sé við hin félögin um að hækka verð á svartolíu og felur einum framkvæmdastjóra sínum að ræða þessi mál „strategískt“ við OHF og Olís. Gögn málsins sýna að í kjölfar þessa eiga olíufélögin í umfangsmiklu samráði í útboðum til að verja framlegð af eldsneytissölu, hittast á fundum til að ræða afslátt og gjaldtöku á viðskiptavini og stjórnandi hjá Olís hefur upplýst að honum og starfsbræðrum hans hjá OHF og Skeljungu hafi verið falið að vinna í því að auka framlegð. Önnur gögn sem reifuð verða í m.a. kafla VI 2 hér á eftir eru einnig ótvíræð varðandi samvinnu um að auka framlegð af eldsneytissölu. Að mati samkeppnisráðs styðja þessi gögn hvert annað og framangreinda niðurstöðu.

OHF heldur því einnig fram að framangreint minnisblað sölustjóra sjávarútvegs hjá félaginu hafi enga þýðingu. Þessi starfsmaður hafi ekki komið að verðlagningu eldsneytis og vangaveltur hans hafi enga þýðingu. Samkeppnisráð telur ljóst að þessi starfsmaður OHF hafi ekki borið ábyrgð á verðlagningu eldsneytis hjá fyrirtækinu. Ráðið fær hins vegar ekki séð aðra sennilega skýringu á þessum ummælum sölustjórans en þau hljóti að endurspegla þá umræðu sem hafi verið innan OHF á þessum tíma. Fyrir utan að nefna þessi ummæli „vangaveltur“ hefur OHF ekki sett fram neina aðra sennilega skýringu á þeim. Hér skiptir og máli að þessi ummæli eru í samræmi við önnur gögn málsins, sem gerð hefur verið grein fyrir. Hér hefur og þýðingu að gögn málsins sýna að umræddum starfsmanni OHF var kunnugt um annað ólögmaett samráð olíufélaganna, sbr. m.a. kafla VI 6.5 og 7.

OHF byggir einnig á því að nefnt minnisblað aðstoðarforstjóra Skeljungs frá 8. október 1996 bendi ekki á nokkurn hátt til þess að félagið hafi tekið þátt í því að bæta framlegð. Jafnvel þó slíkt verði talið hafi einungis svartolíu verið til skoðunar. Að mati samkeppnisráðs bendir orðalag minnisblaðsins ótvírætt til framangreindrar samvinnu og er í samræmi við önnur gögn málsins. Gögn málsins styðja heldur ekki þá fullyrðingu OHF að þessi samvinna hafi aðeins tekið til svartolíu, þetta kemur m.a. fram í þeim gögnum sem reifuð verða í kafla VI 2 hér á eftir.

#### 1.4. Niðurstaða

Neðangreind yfirlit sýna verðbreytingar olíufélaganna á eldsneyti á árunum 1993–1996. Í töflunni eru aðeins sýndar verðbreytingar. Auður reitur merkir því að verð viðkomandi félags á viðkomandi eldsneytistegund er óbreytt frá því að það breyttist síðast.

### **Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1993**

*(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttar)*

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.01.1993	Olíufélagið	65,30	68,40	71,60	22,90	19,50	18,05	13.900
01.01.1993	Skeljungur	65,40	68,30	71,60	22,90	19,50	18,05	13.900
01.01.1993	Olís	65,40	68,40	71,50	22,90	19,50	18,05	13.900
20.02.1993	Olíufélagið	64,60	67,30	70,50				
20.02.1993	Skeljungur	64,70	67,20	70,40				
20.02.1993	Olís	64,70	67,40	70,30				
06.05.1993	Olíufélagið	66,10	68,70	72,00				
06.05.1993	Skeljungur	66,20	68,50	72,10				
06.05.1993	Olís	66,20	68,70	71,90				
25.06.1993	Olíufélagið	65,60	68,10	71,50				
25.06.1993	Olís	65,70	68,10	71,30				
01.07.1993	Olíufélagið	67,80	70,30	73,80	24,30	20,80	19,25	14.500
01.07.1993	Skeljungur	67,70	70,30	73,70	24,30	20,80	19,25	14.500
01.07.1993	Olís	67,90	70,30	73,70	24,30	20,80	19,25	14.500
01.08.1993	Olíufélagið				23,90	20,40	18,85	
01.08.1993	Olís				23,90	20,40	18,85	
03.08.1993	Skeljungur				23,90	20,40	18,85	
08.09.1993	Olíufélagið	66,90	69,20	72,60				
08.09.1993	Skeljungur	66,90	69,20	72,70				
08.09.1993	Olís	66,80	69,30	72,70				
09.10.1993	Olíufélagið	66,20	68,60	72,00				
09.10.1993	Skeljungur	66,20	68,50	72,10				
09.10.1993	Olís	66,10	68,60	72,10				
06.11.1993	Olíufélagið	65,60	68,00	71,40				
06.11.1993	Skeljungur	65,60	67,90	71,50				

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1993

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afslátta)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil- olía	Gasolía	Skipa- gasolía/ flotaolía	Svart- olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
06.11.1993	Olís	65,50	68,00	71,50				
27.11.1993	Olíufélagið	64,50	66,90	70,40				
27.11.1993	Skeljungur	64,50	66,90	70,50				
27.11.1993	Olís	64,40	66,90	70,50				

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1994

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afslátta)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil- olía	Gasolía	Skipa- gasolía/ flotaolía	Svart- olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.01.1994	Olíufélagið				23,30	19,80	18,30	13.900
01.01.1994	Skeljungur				23,30	19,80	18,30	13.900
01.01.1994	Olís				23,30	19,80	18,30	13.900
01.04.1994	Olíufélagið				22,90	19,30	17,80	
01.04.1994	Skeljungur				22,90	19,30	17,80	
01.04.1994	Olís				22,90	19,30	17,80	
01.05.1994	Olíufélagið	65,50	67,90	71,40				
01.05.1994	Skeljungur	65,50	67,90	71,40				
01.05.1994	Olís	65,40	67,90	71,50				
01.08.1994	Olíufélagið							15.700
01.08.1994	Skeljungur							15.700
01.08.1994	Olís							15.700
18.08.1994	Olíufélagið	67,50	69,90	73,40				
18.08.1994	Skeljungur	67,50	69,90	73,40				
18.08.1994	Olís	67,40	69,90	73,50				
19.09.1994	Skeljungur	65,30	68,20	71,90				
20.09.1994	Olíufélagið	65,20	68,10	71,80				
20.09.1994	Olís	65,10	68,20	71,80				
01.10.1994	Olíufélagið							15.100
01.10.1994	Skeljungur							15.100
01.10.1994	Olís							15.100

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1994

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttar)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil- olía	Gasolía	Skipa- gasolía/ flotaolía	Svart- olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
02.12.1994	Olíufélagið	66,90	69,80	73,60				
02.12.1994	Skeljungur	67,00	69,90	73,70				
02.12.1994	Olís	66,80	69,90	73,60				

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1995

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttar)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil- olía	Gasolía	Skipa- gasolía/ flotaolía	Svart- olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
19.01.1995	Olíufélagið	65,80	68,60	72,30			16,30	14.230
19.01.1995	Skeljungur	65,70	68,70	72,20			16,30	14.230
19.01.1995	Olís	65,90	68,80	72,20				
20.01.1995	Olís						16,30	14.230
01.04.1995	Olíufélagið							15.600
01.04.1995	Skeljungur							15.600
01.04.1995	Olís							15.600
11.04.1995	Olíufélagið							15.100
05.05.1995	Olíufélagið	67,70	70,50	74,20				
05.05.1995	Skeljungur	67,60	70,60	74,10				
05.05.1995	Olís	67,80	70,70	74,10				
27.06.1995	Skeljungur	66,50	68,70	72,10				
28.06.1995	Olíufélagið	66,60	68,60	72,10				
28.06.1995	Olís	66,20	68,50	72,00				
01.07.1995	Olíufélagið	66,20						
01.08.1995	Olíufélagið							14.400
01.08.1995	Skeljungur							14.400
01.08.1995	Olís							14.400
16.09.1995	Olís	67,70	70,00	73,50	24,40			
18.09.1995	Skeljungur	67,70	69,90	73,60	24,40			



## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1995

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttar)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
19.09.1995	Olíufélagið	67,60	70,10	73,50	24,40			
01.10.1995	Olíufélagið				24,90	20,20	16,90	15.100
01.10.1995	Skeljungur				24,90	20,20	16,90	15.100
01.10.1995	Olís					20,20	16,90	15.100

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1996

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttar)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.01.1996	Olíufélagið				26,50	21,40	17,60	
01.01.1996	Olís				26,50	20,50	17,00	14.400
01.02.1996	Olíufélagið	68,20	69,50	74,10				
01.02.1996	Skeljungur	68,30	69,30	74,20	26,50	21,40	17,60	
01.02.1996	Olís	68,20	69,40	74,20		21,40	17,60	14.400
01.03.1996	Olíufélagið				27,90	22,90	18,80	16.100
01.03.1996	Skeljungur				27,90	22,90	18,80	16.100
01.03.1996	Olís				27,90	22,90	18,80	16.100
01.04.1996	Olíufélagið							16.700
03.04.1996	Olíufélagið	úr sölu*	71,40	76,10	28,50	23,50	19,30	
03.04.1996	Skeljungur	úr sölu*	71,40	76,10	28,50	23,50	19,30	16.700
03.04.1996	Olís	úr sölu*	71,40	76,10	28,50	23,50	19,30	16.700
20.04.1996	Olíufélagið		73,40	78,10				
20.04.1996	Skeljungur		73,40	78,10				
20.04.1996	Olís		73,40	78,10				
10.05.1996	Olíufélagið		75,30	80,00				
10.05.1996	Skeljungur		75,30	80,00				
10.05.1996	Olís		75,30	80,00				
29.05.1996	Skeljungur		74,30	79,00				
29.05.1996	Olís		74,30	79,00				

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1996

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttá)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 92 oktan	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
30.05.1996	Olíufélagið		74,30	79,00				
01.07.1996	Olíufélagið		73,70	78,40				
01.07.1996	Skeljungur		73,70	78,40				
01.07.1996	Olís		73,70	78,40				
17.07.1996	Olíufélagið		74,50	79,20				
17.07.1996	Skeljungur		74,50	79,20				
19.07.1996	Olís		74,50	79,20				
01.08.1996	Olíufélagið		75,10	79,80				
01.08.1996	Skeljungur		75,10	79,80				
01.08.1996	Olís		75,10	79,80				
11.09.1996	Skeljungur		76,00	80,70	29,40	24,40	20,20	17.200
11.09.1996	Olís		76,00	80,70	29,40	24,40	20,20	17.200
12.09.1996	Olíufélagið		76,00	80,70	29,40	24,40	20,20	17.200
01.10.1996	Olíufélagið				30,30	25,30	21,10	
01.10.1996	Skeljungur				30,30	25,30	21,10	
01.10.1996	Olís				30,30	25,30	21,10	
12.10.1996	Skeljungur					26,20	22,00	
14.10.1996	Olíufélagið				31,20	26,20	22,00	
14.10.1996	Olís				31,20	26,20	22,00	
16.10.1996	Skeljungur				31,20			
01.11.1996	Olís		77,00	81,70	31,50	26,50	22,30	
02.11.1996	Olíufélagið		77,00	81,70	31,50	26,50	22,30	
02.11.1996	Skeljungur		77,00	81,70	31,50	26,50	22,30	

OHF og Olís ber saman um það að á árunum 1993–1996 hafi olíufélögin að meginreglu haft samvinnu um allar verðbreytingar á eldsneyti og gögn málsins styðja þann framburð. Framangreint yfirlit styður þetta einnig og sýnir mikið samræmi í verðbreytingum félaganna. Til viðbótar þessu hefur samkeppnisráð hér að framan gert grein fyrir margskonar samvinnu og samskiptum olíufélaganna í verðlagsmálum eldsneytis á árunum 1993–1996. Jafnframt má líta til þess að þær dagbækur

stjórnenda olíufélaganna sem Samkeppnisstofnun hefur kannað sýna mikil samskipti félaganna á þessu tímabili. Þessi miklu samskipti milli olíufélaganna og samræmi í verðbreytingum styðja framangreinda lýsingu Olís og OHF á samstarfi olíufélaganna í verðlagsmálum á þessum árum. Í ljósi þessa er það mat samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft víðtækt ólögmeitt samráð um verðbreytingar á eldsneyti á árunum 1993–1996.

Auk þessarar reglubundnu samvinnu í tengslum við verðbreytingar eldsneytis sýnir framangreind umfjöllun um tímabilið 1993–1996 m.a. þetta:

- Olíufélögin gerðu samkomulag um að draga úr framboði Skeljungar á SD olíu og framfylgdu því.
- Olíufélögin ákváðu að hætta að flytja inn 92 og 98 oktana blýbensín og framkvæmdu þá ákvörðun sína.
- Olíufélögin fjölluðu sameiginlega um það hvert þeirra ætti að leiða verðmyndun á eldsneyti.
- Orkan og Skeljungur höfðu með sér samstarf um verðlagningu á eldsneyti.
- Olíufélögin ákváðu að grípa til aðgerða í því skyni að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu eldsneytis.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fjallað um framangreint. Fram kemur að olíumarkaðurinn sé fákeppnismarkaður og aðstæður á honum séu með þeim hætti að samhliða verðbreytingar séu meginreglan, burtséð frá því hvort nokkuð samráð sé milli félaganna. Heldur OHF því fram að samræmi í verðbreytingum sé engin vísibending um að samráð hafi verið haft. Í þessu felst grundvallarmisskilningur hjá OHF. Sönnun á ólögmeitu verðsamráði í þessu máli er ekki eingöngu reist á samhliða hegðun olíufélaganna á markaðnum. Þess í stað byggir sönnunin á skýrum samtímagögnum sem rituð voru án tengsla við eftirfarandi rannsókn og hafa því ríkt sönnunargildi, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Jafnframt byggir hún á ótvíræðum efnislega samhliða framburði æðstu stjórnenda OHF og Olís. Hin samhliða hegðun olíufélaganna í verðbreytingum er í fullu samræmi við þessi gögn og upplýsingar. Í slíkum tilvikum verða viðkomandi fyrirtæki ekki einungis að sýna fram á aðra skýringu á samskonar hegðun á markaði heldur einnig að hnekkja þeim staðreyndum sem leiða má af málsskjölum.<sup>861</sup> Það hefur OHF ekki gert.

OHF nefnir einnig að í frumathugun II sé vísað til þess að mikil samskipti hafi verið milli olíufélaganna. Að mati OHF skipti magn samskiptanna ekki máli heldur innihald samskiptanna. Að sögn OHF hafi samskiptin oftast varðað „*allt önnur málefni en ólögmeita samvinnu. Stundum fór þó svo að menn þjörkuðu um mál sem ekki má sammælast um skv. samkeppnislögum. Umbj. okkar vill þó benda á að hann hafi oft*

---

<sup>861</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.

*en ekki verið í þeirri stöðu að þurfa að bregðast við umleitunum keppinautanna um samstarf og kemur það fram í gögnum málsins.*“ Í umfjöllun hér að framan hafa verið rakin gögn og upplýsingar sem lýsa umfangsmiklum samskiptum og samvinnu olíufélaganna um verðlagsmál á tímabilinu 1993–1996. Tilvist gagna þessara hefur ekki verið mótmælt né sýnt fram á að samkeppnisyfirvöld dragi af þeim rangar ályktanir.

Í athugasemdum OHF er einnig varað við því að draga of víðtækar ályktanir af skýrslu framkvæmdastjóra fjármálasviðs félagsins. Það sé staðreynd að hin olíufélögin hafi haft samband við OHF út af verðbreytingum og OHF hafi stundum svarað slíkum fyrirspurnum. Þetta þýði ekki að OHF hafi að meginreglu átt í samstarfi við keppinauta sína um verðbreytingar. Ekki er um það að ræða að samkeppnisyfirvöld hafi dregið of víðtæka ályktun af þessum upplýsingum. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF, sem ábyrgð bar á verðlagsmálum fyrirtækisins, hefur greint frá því að fram á árið 1997 hafi það verið meginreglan að olíufélögin „*báru saman bækur sínar áður en verðbreytingar voru ákveðnar.*“ Í þessu hafi samkvæmt framkvæmdastjóranum falist að viðkomandi starfsmenn félaganna hafi hist á fundum eða haft samband í síma. Starfsmennirnir hafi kynnt hver öðrum niðurstöður sínar um þörf á verðbreytingum og komist að sameiginlegri niðurstöðu um hver verðbreytingin ætti að vera. OHF heldur því ekki fram að þessi lýsing framkvæmdastjórans sé röng. Að mati samkeppnisráðs er þessi lýsing afar skýr og efnislega samhljóða upplýsingum frá Olís og í samræmi við önnur gögn málsins. Af þessu dregur samkeppnisráð þá sjálfgefnu ályktun að olíufélögin hafi að meginreglu á þessu tímabili haft með sér ólægmætt samráð um verðbreytingar á eldsneyti.

OHF telur að meint brot félagsins séu verulega ofmetin. Háttsemi félagsins kunni vissulega að hafa verið að einhverju leyti í ósamræmi við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Ákvæðið hafi hins vegar verið ný tilkomið þegar atvik málsins áttu sér stað. Almennur ókunnugleiki hafi verið í þjóðfélaginu um efni 10. gr. laganna og hin meintu brot afleiðing áratuga venju í samskiptum olíufélaganna. OHF mótmælir því að líta á þessi meintu brot sem hluta af stærri heild.

Í framangreindri umfjöllun hefur verið rökstutt með ýtarlegum hætti að olíufélögin hafi haft með sér umfangsmikið verðsamráð og fæst ekki séð að hvaða leyti þau brot séu ofmetin. Við mat á lögmæti þessarar hegðunar skiptir engu máli meintur ókunnugleiki OHF um efni laga né sú fullyrðing að brot þessi skýrist af venju í samskiptum þessara fyrirtækja. Í þessu samhengi er þó rétt að árétta að í 21. gr. laga nr. 56/1978 var almennt bann við verðsamráði milli fyrirtækja þegar verðlagning er frjáls. Í upphafi árs 1992 tók þetta ákvæði að fullu gildi varðandi verðlagningu á eldsneyti, sbr. umfjöllun í kafla III. Framangreind staðhæfing OHF fær því ekki staðist. Að mati samkeppnisráðs er alveg ljóst að líta ber á þessi brot sem hluta af hinu samfellda samráði olíufélaganna.

## 2. Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 1997

### 2.1. Samráð um verðbreytingar og aukningu álagningar í janúar til apríl 1997

Þann 6. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF. Í tölvupóstinum var stungið upp á fundi til að ræða m.a. „5 kr. afslátturinn í gasolíu og kortaafsláttur til stórkúnna“ og afgreiðslugjöld á viðskiptavini. Eru þetta málefni sem rædd höfðu verið m.a. á fundum í október og desember 1996, sbr. umfjöllun hér að framan. Jafnframt átti að ræða verð og framlegð af sölu smurolíu og aðgerðir til að minnka samkeppni í sölu smurolíu með því að koma keppinautum Bílanausti út af smurolíumarkaðnum, sbr. nánar kafla VI 7.1. Þessum tölvupósti var svarað af Skeljungu og OHF og ákveðið að halda fund 13. janúar 1997.<sup>862</sup> Ljóst er að tilgangur þessa fundar hefur m.a. verið að draga úr afslætti í eldsneytisviðskiptum. Eru þessi gögn til vitnis um áframhaldandi viðtækt og skipulagt verðsamráð olíufélaganna.

Þann 7. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF og var efni hans sagt vera gasolía. Í honum segir:

*„EB<sup>863</sup> var að spyrja hvort við hefðum haldið fund um tiltekin mál, þ.e. ákveðið var á forstjórufundi að við færum í málið. Þú hefur væntanlega fengið það verkefni að boða til fundarins. Bið þig að hafa samband við hentugleika.“<sup>864</sup>*

Daginn eftir sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og greindi honum frá samtali við umræddan framkvæmdastjóra hjá OHF. Hann hafi verið reiður út í Skeljung vegna gassölu til Ísaga og ekki í „*neinu stuði*“ til þess að ræða gasolíumál við Skeljung. Framkvæmdastjórinn hjá OHF segði einnig að skilaboðin frá forstjóra OHF hafi ekki verið eins sterk og framkvæmdastjórinn hjá Olís hefði haft eftir sínum forstjóra. Fram kemur að framkvæmdastjórarnir hafi ákveðið „*að ræða verðlagsmálin um eða eftir helgi en sjá aðeins til með hitt málið*“.<sup>865</sup> Eins og gerð var grein fyrir í kafla VI 1.3.1 hér að framan telur samkeppnisráð að í desember 1996 hafi forstjórar félaganna tekið ákvörðun um

<sup>862</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu: Milli Friðriks Stefánssonar, Thomasar Möller og Þórólfs Árnasonar, dags. 6.1.1997 kl. 17:40 og 17:50 og 7.1.1997 kl. 11:57.

<sup>863</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>864</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 7.1.1997 kl. 14:00.

<sup>865</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 8.1.1997 kl. 15:59.

aðgerðir til að auka álagningu á eldsneyti og bæta þar með framlegð. Að mati samkeppnisráðs er vísað til þeirrar ákvörðunar forstjóra félaganna í ofangreindum tölvupósti frá 7. janúar 1997. Höfundur tölvupóstsins hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að forstjórar félaganna hafi falið honum og starfsbræðrum hans hjá OHF og Skeljungu að vinna í því að auka álagningu og bæta framlegð af sölu eldsneytis, sbr. nánar hér á eftir.

Þann 15. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu. Þar greinir hann frá því að hann muni hitta framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF kl. 11:30 16. janúar 1997 til þess að ræða verðlagsmálin. Jafnframt segir hann að það virðist vera hækkunarþörf á svartolíu.<sup>866</sup>

Þann 16. janúar 1997 kl. 13:04 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF eftirfarandi tölvupóst um svartolíu til forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs:

*„Hækkar um kr. 1000 á tonn eða um 0.93 aura. Hjá Olís á morgun en hinum á laugardag.“<sup>867</sup>*

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís sendi einnig tölvupóst 16. janúar 1997 og greindi tilteknum starfsmönnum Olís frá því að hækka ætti verð á svartolíu.<sup>868</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF hefur staðfest að OHF hafi haft samráð við Skeljung og Olís um þessa verðhækkun.<sup>869</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er þetta einnig staðfest.

Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF svaraði ofangreindum tölvupósti og var ósáttur við að hafa ekki fengið að vita fyrir um þessa verðhækkun. Síðan segir í tölvupósti hans:

*„Mér er ljóst að forstjórar hafa rætt um það að vinna að hækkaðri álagningu. Ekki fór heldur framhjá mér að EB<sup>870</sup> taldi að BB<sup>871</sup> ætti að hafa frumkvæðið að því að menn hittust og EB var óánægður með að það hefði dregist. (EB lét falla nokkur orð um þetta sl. miðvikudag, 15. jan.). Við sama*

---

<sup>866</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 15.1.1997 kl. 13:47.

<sup>867</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnasyni til Geirs Magnússonar og Þórólfs Árnasonar, dags. 16.1.1997 kl. 13:04 (Hs. nr. 1044).

<sup>868</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til m.a. Jóns Halldórssonar, dags. 16.1.1997 kl. 16:26.

<sup>869</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>870</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>871</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF.

*tækifæri kom fram að EB taldi álagningu lakari á MD olíu heldur en á flotaolíu og svartolíu. Ég man eftir því að minnst var á þetta hér uppi á 5. hæð sl. fimmtudagsmorgun.*<sup>872</sup>

Aðspurður um þennan tölvupóst hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF sagt að hann hafi verið í vinnuhópi um verðlagsmál ásamt forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs og hann hafi í þessum tölvupósti verið pirraður yfir hversu seint verðbreytingar væru ákveðnar. Framkvæmdastjórinn staðfesti að honum hafi verið kunnugt um að forstjórar olíufélaganna hefðu rætt sín á milli um að afkoma félaganna væri slæm og að við því yrði að bregðast með því að vinna að hækkaðri álagningu.<sup>873</sup> Framkvæmdastjórinn hefur í þessu samhengi einnig greint frá því að framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF hafi í einhverjum tilvikum sagt honum frá því að hin olíufélögin hafi viljað tiltekna verðbreytingar. Stundum hafi OHF tekið tillit til þessa og stundum ekki. Forstjóri OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að hann kannist við að hann og forstjórar Olís og Skeljungs hefðu rætt um álagningarmál í tengslum við slæma afkomu félaganna.<sup>874</sup>

Þann 23. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins. Með tölvupóstinum fylgdu verðútreikningar á eldsneyti. Í tölvupóstinum segir m.a. þetta:

*„Meðfylgjandi eru verðreikningar m.v. skráningu í janúar, þ.e. meðaltal 1–22 jan, að viðbættri premíu. Áður en komið er að útreikningi skal þess getið að ég var að tala við Bjarna Bjarnason<sup>875</sup>. Það sem gerir okkur erfitt fyrir um að ræða nýtt verð er að við höfum aldrei talað okkur saman um framlegðarkröfu. Vorum báðir sammála um að einfaldast væri að ákveða framlegðarkröfuna þannig að við tölum sama tungumál við verðbreytingarþörf. KBÓ<sup>876</sup> lagði til að EB<sup>877</sup> og GM<sup>878</sup> ræddu þetta mál. Ef um þetta næst einhver vinnuregla verður mun auðveldara að ákveða verðin. Í samtalinu áðan vorum við með mjög svipaðar væntingar um framlegðarkröfu í bensíni en hvorugur vildi tjá sig um skipagasolíu eða svartolíu. BB sagðist t.d. vera með framlegðarkröfu rúmar 10 krónur í*

<sup>872</sup> Tölvupóstur frá Þórólfi Árnasyni til Geirs Magnússonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 19.1.1997 kl. 16:33 (Hs. nr. 1044).

<sup>873</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>874</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>875</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF.

<sup>876</sup> Kristján B. Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís.

<sup>877</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>878</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

*bensíni en KBÓ sagðist vera með rúmar 11 krónur. Ákveðið að tala saman aftur á morgun.* <sup>879</sup>

Samkvæmt dagbók forstjóra Skeljungs hittust forstjórar félaganna 24. janúar 1997.<sup>880</sup> Aðspurður um ummælin í tölvupóstinum hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF sagt að hann muni ekki nákvæmlega eftir því hvað honum og framkvæmdastjóranum hjá Olís fór á milli á þessum tíma. Hann hafi e.t.v. fallist á að einfaldast væri ef menn skiptust á upplýsingum um framlegðarkröfu. Ekki er þar með sagt að það hafi verið framkvæmt og kvaðst framkvæmdastjórinn ekki minnst þess að til þess hafi komið.<sup>881</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís hvort olíufélögin hafi ákveðið einhverjar vinnureglur varðandi framlegðarkröfur. Í skýrslu hans segir:

*„EB endurtók, að hafi hann á þessum tíma átt kost á því að ræða við forstjóra hinna félaganna um slaka afkomu félaganna og lága framlegð, hafi hann væntanlega gert það. Hann muni þó ekki hvort svo hafi verið. Hins vegar kvaðst EB aldrei minnst þess að forstjórar olíufélaganna hafi rætt saman um framlegðarkröfur. Sagði EB að það hafi verið skoðun sín að félögin ættu ekki að ræða sín á milli um framlegðarkröfu. Liti hann svo á að hér væri um að ræða mikilvægan þátt í samkeppni félaganna, sem Olís ætti ekki að deila með öðrum. Eina skiptið sem hann hafi blandað sér í umræður um þessi mál meðal forstjóra félaganna hafi verið hugmyndir um aðgerðir til að stuðla að hækkun framlegðar. Hann hafi aldrei nefnt beinar fjárhæðir eða hlutfallstölur um framlegð. Slíkar tölur ættu að vera málefni hvers félags.* <sup>882</sup>

Forstjóri Olís hefur einnig sagt að það hafi verið vilji hjá olíufélagunum að stuðla að því í verðlagssamstarfi sínu að bæta afkomu og framlegð en það hafi ekki tekist. Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís um þessa samvinnu félaganna. Hann hefur sagt að sér hafi „*alla tíð fundist óþægilegt að annast verðlagningarmál, ekki síst vegna þess að hann og starfsmenn hinna félaganna, sem sinnu þessum málaflökki, voru undir stöðugum þrýstingi frá yfirmönnum sínum um að bæta framlegð félaganna, enda var þeim kunnugt um að forstjórar félaganna hittust reglulega og ræddu m.a. um að bæta þyrfti framlegð félaganna.*“ Framkvæmdastjórinn hefur staðfest að í upphafi árs 1997 hafi forstjórar félaganna

<sup>879</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, dags. 23.1.1997 kl. 13:41.

<sup>880</sup> Dagbók Kristins Björnssonar, færsla 24.1.1997 (Hs. nr. 7006)

<sup>881</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>882</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.



falið honum og starfsbræðrum hans hjá OHF og Skeljungu að vinna í því að auka álagningu og bæta framlegð af sölu eldsneytis.<sup>883</sup>

Þegar framangreind gögn og skýrslur stjórnenda Olís og OHF eru virt saman sýna þau að olíufélögin hafi ákveðið að vinna saman í því skyni að bæta framlegð félaganna í sölu á eldsneyti. Þessi samvinna var til viðbótar reglubundnu samráði félaganna um verðbreytingar á eldsneyti. Önnur gögn frá árinu 1997 sýna einnig fram á þetta og ítarlega samvinnu félaganna í verðlagsmálum.

Þann 27. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra fyrirtækisins. Var efni tölvupóstsins sagt vera verðlagsmál og greindi framkvæmdastjórinn frá viðræðum við OHF og Skeljung. Nánar tiltekið segir þetta í tölvupóstinum:

*„Hringdi í BB.<sup>884</sup> Hann ætlar að skoða málið betur og tala við mig fyrir kl. 16 á morgun. KBÓ<sup>885</sup> vill hækka sem fyrst. BB sagðist ætla að leggja málið fyrir fund (hvað sem það nú þýðir).*

*Hringdi í Shell. Gunnar Karl<sup>886</sup> erlendis þessa viku!!! Þegar KBÓ og BB hafa rætt saman tala ég væntanlega við Árna Lár.<sup>887</sup>“<sup>888</sup>*

Öll olíufélögin hækkuðu verð á eldsneyti þann 1. febrúar 1997. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fullyrt að þessi tölvupóstur sanni ekki að samráð hafi verið milli olíufélaganna varðandi umrædda verðbreytingu. Tölvupósturinn hafi verið sendur fimm dögum áður en verðbreytingin átti sér og OHF hafi hvorki samþykkt né hafnað tillögu Olís um verðhækkun. Ekkert annað komi fram um viðbrögð OHF og meint samráð teljist því ekki sannað.

Samkeppnisráð bendir hér í fyrsta lagi á að samkvæmt framansögðu er a.m.k. ótvírætt að Olís hafði samband við OHF og greindi frá vilja sínum til að hækka verð á eldsneyti. Til að komast hjá því að þessi samskipti teldust ólöglegt þurfti OHF að mótmæla þessari upplýsingagjöf og gefa skýrt til kynna að fyrirtækið tæki ekki þátt í slíkri samvinnu, sbr. m.a. umfjöllun í kafla III. OHF hins vegar hvorki mótmælti þessari upplýsingagjöf né setti fram neina fyrirvara. Þess í stað tók OHF við þessum upplýsingum og upplýsti Olís um að málið yrði skoðað á fundi. Þessi samskipti milli

<sup>883</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>884</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>885</sup> Kristján B. Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís.

<sup>886</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs.

<sup>887</sup> Árni Ólafur Lárusson framkvæmdastjóri hjá Skeljungu.

<sup>888</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, dags. 27.1.1997 kl. 11:59.

keppinauta um verðlagsmál fela ótvírætt í sér ólögmaetar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.<sup>889</sup> Í öðru lagi felur tölvupóstur þessi í sér staðfestingu á þeim upplýsingum sem OHF og Olís hafa gefið um reglubundið verðsamráð olíufélaganna þriggja á þessum tíma og verklagi þess. Þannig er í tölvupóstinum greint frá því, án nokkurra skýringa, að hringt hafi verið í OHF og félagið hvatt til að hækka verð og sagt að væntanlega verði rætt við Skeljung þegar OHF hafi haft samband eftir að hafa skoðað beiðnina á fundi. Orðalag og efni tölvupóstsins gefur ekki til kynna að verið sé að lýsa einhverju óvenjulegu heldur gefur hann frekar til kynna reglubundna framkvæmd, eins og Olís og höfundur tölvupóstsins hafa staðfest.

Þann 25. febrúar 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til m.a. forstjóra Olís. Efni hans var sagt vera verðlagsmál. Þar kemur fram að framkvæmdastjórinn hjá Olís hafi talað við framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF og að sá starfsmaður OHF ætli að tala við framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF um að hitta framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar (sem á þessum tíma var að taka yfir verðlagsmálin hjá Olís). Einnig er greint frá því að OHF hafi „*varðandi gasolíuverðin*“ ekki áhyggjur af verðmuni milli afgreiðsluforma og að vonast sé til að þessi fundur verði haldinn fyrir helgi.<sup>890</sup> Samkeppnisráð telur ljóst að þessi fundur hafi verið liður í aðgerðum félaganna til að auka framlegð. Þann 24. febrúar 1997 greinir forstjóri Olís frá því að forstjóri Skeljungs hafi hringt í hann og boðað til forstjórafundar til þess að ræða samvinnu félaganna við sölu á eldsneyti í úthafinu og fleira.<sup>891</sup> Sá fundur var haldinn 27. febrúar 1997.<sup>892</sup> Í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 25. febrúar 1997 er greint frá því að forstjóri Skeljungs hafi „*gladur í bragði*“ upplýst forstjóra OHF um innkaup Skeljungs á eldsneyti.<sup>893</sup>

Í byrjun mars 1997 var innan Olís rætt um framlegð á eldsneyti og vísað til viðræðna við framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF um það efni.<sup>894</sup> Þann 21. mars 1997

---

<sup>889</sup> Hér má hafa til hliðsjónar dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491: „*The concept of concerted practices implies the existence of reciprocal contacts. That condition is met where one competitor discloses its future intentions or conduct on the market to another when the latter requests it or, at the very least, accepts it. Thus, a failure by an applicant to object to or express reservations where a competitor reveals its position regarding the relevant market will deny the former the defence of being a purely passive recipient of information unilaterally passed on without any request on the part of the applicant.*“

<sup>890</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, Samúels Guðmundssonar og Thomasar Möller, dags. 25.2.1997 kl. 17:31.

<sup>891</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 24.2.1997 kl. 17:31.

<sup>892</sup> Dagbók Kristins Björnssonar, færsla 27.2.1997 (Hs. nr. 7006).

<sup>893</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 25.3.1997 (Hs. nr. 1360).

<sup>894</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Kristjáns B. Ólafssonar, Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar, Samúels Guðmundssonar og Thomasar Möller, dags. 4.3.1997 kl. 12:16 og 5.3.1997 kl. 11:19 og 12:01.

sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins, framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu. Í tölvupóstinum segir að framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF hafi hringt vegna gasolíuverðs sem hann vilji lækka um allt að einni krónu. Framkvæmdastjórinn hjá OHF sé „*helst að spá í*“ útgerðina og þá sem hafi fengið upplýsingar um verð erlendis. Einnig er greint frá því að höfundur tölvupóstsins og framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís hafi talað við framkvæmdastjóran hjá OHF, fengið hann til að bíða með þetta og stefna heldur að verðbreytingu um mánaðamótin. Sýnir tölvupóstur þessi fram á ólögmett verðsamráð.

Forstjóri Olís svaraði tölvupóstinum með þessum hætti:

*„Minni á umræðuna um að ná framlegð upp um ca 0,70 per líter í öllum tegundum, sem „allir“ hafa tekið undir. Megum ekki missa þetta fina tækifæri til lagfæringa, sem varla skapast aftur í bráð. Látið mig vita ef þið fáið ekki undirtektir svo ég geti þá tekið málið upp á öðrum vettvangi áður en endanleg ákvörðun er tekin.“<sup>895</sup>*

Varðandi þessi ummæli forstjóra Olís um að auka framlegð er gagnlegt að rifja hér upp eftirfarandi:

- Forstjóri Olís hefur gefið þá skýringu á umræddum samskiptum félaganna að hafi hann átt kost á því að ræða við forstjóra hinna félaganna um slaka afkomu og lága framlegð hafi hann gert það. Hann muni hins vegar ekki eftir því. Hann hafi jafnframt hvatt þann starfsmann sinn sem bar ábyrgð á verðlagningu til að beita sér í hópi starfsfélaga sinna hjá OHF og Skeljungu fyrir verðhækkun á eldsneyti.
- Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís, sem á þessum tíma bar ábyrgð á verðlagningu eldsneytis, kveðst hafa vitað af því að forstjórar félaganna hafi rætt á fundum sínum um að bæta þyrfti framlegð félaganna. Jafnframt hafi forstjórar félaganna falið honum og starfsbræðrum hans hjá OHF og Skeljungu að vinna í því að auka álagningu og bæta framlegð af sölu eldsneytis.
- Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF sem sendur var 19. janúar 1997 er vísað til þess að forstjórar félaganna hafi rætt um að vinna að hækkaðri álagningu og að framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF ætti að boða til fundar um þetta.
- Í tölvupósti framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís sem sendur var 23. janúar 1997 er greint frá viðræðum við fjármálastjóra OHF um framlegð og lagt til að forstjórar ræði saman um framlegðarkröfu.

---

<sup>895</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Kristjáns B. Ólafssonar, Samúels Guðmundssonar, Einars Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 21.3.1997 kl. 12:20 og 15:11.

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF um skýringu á þeim ummælum sem koma fram í þessum tölvupósti forstjóra Olís frá 21. mars 1997. Í skýrslu hans segir:

*„Aðspurður um það hvort hann gæti varpað ljósi á þetta mál kvaðst GM minnst þess að EB hefði á fundi forstjóra félaganna þriggja um þetta leyti gefið yfirlit um framlegðarmál og látið ummæli falla um að bæta þyrfti framlegð. Þeim hafi ekki verið mótmælt. Þar með væri þó ekki sagt að eitthvað hafi verið samþykkt um það efni og þaðan af síður að einhverjum aðgerðum hafi verið hrint í framkvæmd. Hjá OHF hafi menn á þessum tíma og raunar oftast haft áhyggjur af slakri arðsemi félagsins og gagnrýni frá hlutabréfamarkaðnum í þá veru. Hafi hjá félaginu verið hugað að aðgerðum til að bæta þar úr. Ekki hafi hins vegar verið um það að ræða að einhver vinnuhópur hafi verið settur í gang með hinum olíufélögunum um þetta efni.“<sup>896</sup>*

Orðalag framangreinds tölvupósts forstjóra Olís er skýrt. Það vísar til þess að olíufélögin þrjú hafi orðið sammála um að hækka álagningu á öllum tegundum eldsneytis um 70 aura á lítra til að bæta framlegð. Í tölvupóstinum var forstjóri Olís að beina því til undirmanna sinna að framkvæma þetta í samráði við starfsbræður sína hjá hinum félögunum. Ef þeir fái ekki „undirtektir“ eigi þeir að láta hann vita svo hann geti „tekið málið upp á öðrum vettvangi“, sem verður ekki túlkað öðruvísi en að forstjóri Olís muni þá ræða við forstjóra hinna félaganna. Jafnframt liggur fyrir að forstjóri OHF hefur staðfest að forstjórar félaganna hafi rætt um að bæta framlegð og greint frá því að hvatningu forstjóra Olís um að bæta þyrfti framlegð hafi ekki verið mótmælt. Forstjórinn heldur því hins vegar fram að ekkert hafi verið samþykkt um það efni. Samkeppnisráð telur hins vegar að umrætt orðalag forstjóra Olís í tölvupósti til undirmanna sinna hafi mjög ríkt sönnunargildi. Tölvupósturinn er ritaður í kjölfar þessara samskipta olíufélaganna og telja verður að forstjórinn myndi ekki beina tilmælum af þessum toga til undirmanna nema til grundvallar lægi ákvörðun forstjóra félaganna. Jafnframt verður að skoða í þessu samhengi önnur gögn sem reifuð hafa verið og sýna fram á samvinnu um að auka álagningu og bæta framlegð. Þegar framangreint er virt saman telur samkeppnisráð að þessi gögn styðji með skýrum hætti þá ályktun stofnunarinnar að olíufélögin hafi á þessum tíma náð samkomulagi um að auka álagningu á öllum tegundum eldsneytis. Hafa ber einnig í huga að framangreind lýsing forstjóra OHF felur a.m.k. í sér að olíufélögin höfðu með sér ólögmætar samstilltar aðgerðir um þetta efni.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt að gögn málsins bendi til þess að olíufélögin hafi á árinu 1997 ákveðið að ræða saman um slæma afkomu og þörf á

<sup>896</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

hækkaðri álagningu. Jafnframt segist OHF geta staðfest að „*málefni á borð við slaka afkomu, lága framlegð og þörf á úrbótum í rekstri hafi borið á góma milli einstakra starfsmanna olíufélaganna á þann hátt að hin olíufélögin hafi leitað til umbj. okkar og viðrað ýmsar hugmyndir sínar í þessum efnum. Þessum hugmyndum hafi ekki alltaf verið mótmælt.*“ Að mati samkeppnisráðs felst í þessu viðurkenning á ólögmætum samstilltum aðgerðum varðandi samvinnu um að auka framlegð.

Í athugasemdum OHF segir hins vegar að þrátt fyrir framangreint sé ekki þar með sagt að eitthvað hafi verið framkvæmt og því síður að einhverjum aðgerðum hafi verið hrint í framkvæmt. Enginn vinnuhópur hafi verið settur í gang með hinum félögunum um þetta efni. Einnig er því mótmælt að olíufélögin hafi ákveðið að hækka framlegð um 0,7 kr./ltr. og sú niðurstaða samkeppnisyfirvalda sögð einungis byggja á umræddum tölvupósti forstjóra Olís. Því til stuðnings er í fyrsta lagi bent á að í tölvupóstinum komi fram að engin ákvörðun hafi verið tekin um að hækka framlegð. Þetta leiði af því að í tölvupóstinum sé einungis vísað til umræðu um að hækka framlegð. Jafnframt kannist OHF ekki við þessa umræðu og óvíst sé um undirtektir hinna félaganna við tillögu Olís, hafi hún verið borin undir þau.

Eins og framangreind umfjöllun ber með sér er það ekki rétt hjá OHF að samkeppnisráð byggi þá niðurstöðu sína að olíufélögin hafi náð samkomulagi um að hækka framlegð um nefnda fjárhæð einungis á framangreindum tölvupósti forstjóra Olís. Þvert á móti er tölvupósturinn virtur í samhengi við ýmis önnur gögn málsins sem fjalla um samvinnu félaganna um að auka framlegð. Sú skýring OHF á tölvupóstinum að hann sýni að félögin hafi ekki náð umræddu samkomulagi fær ekki staðist. Hér ber að hafa í huga að til þess að um samning sé að ræða í skilningi samkeppnisréttar dugar að viðkomandi fyrirtæki hafi lýst yfir sameiginlegum vilja til að hegða sér með tilteknum hætti á markaðnum.<sup>897</sup> Í tölvupóstinum er skýrlega vísað til umræðu um að hækka framlegð sem „*allir*“ hafi tekið undir.“ Þessi ummæli lýsa þannig samningi í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Það kemur á óvart að OHF kannist ekki við nefnda umræðu um að hækka framlegð. Gögn málsins frá 1997, upplýsingar frá starfsmönnum OHF og frá félaginu sjálfu sýna með skýrum hætti að félagið tók á þessum tíma ítrekað þátt í slíkum ólögmætum umræðum með keppinautum sínum. Þetta ásamt trúverðugum tölvupósti forstjóra Olís staðfestir framangreinda niðurstöðu ráðsins.

Þann 3. apríl 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF eftirfarandi tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins:

---

<sup>897</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli T-56/99 frá 11. desember 2003, *Marlines SA v. Commission*: „*According to consistent case-law, in order for there to be an agreement within the meaning of Article 85(1) of the Treaty, it is sufficient for the undertakings in question to have expressed their joint intention to conduct themselves in the market in a particular way ...*“.

*„Í auðlindinni kom fram upplýsing frá Olís um að þeir hafi lækkað verð á gasolíu og skipaolíu um 1. kr. Þetta stríðir gegn því samkomulagi að vera ekki að auglýsa verðbreytingar óforspurðir.“*

Forstjóri OHF svaraði og spurði framkvæmdastjórann hvort hann myndi ekki hafa samband við starfsbróður sinn hjá Olís.<sup>898</sup> Þessi tölvupóstur og viðbrögð forstjóra OHF við honum sýnir nána samvinnu félaganna í verðlagsmálum á þessum tíma.

## 2.2. Olís og Orkan hækka verð o.fl.

Ljóst er að Orkan hefur á þessum tíma einnig tekið þátt í samvinnu olíufélaganna um verðbreytingar á eldsneyti. Þannig sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís þann 16. janúar 1997 tölvupóst til forstjóra Olís og framkvæmdastjóra fjármálasviðs og greindi frá því að framkvæmdastjóri Orkunnar hafi hringt og vilji hækka verð á bensíni. Jafnframt hafi framkvæmdastjóri Orkunnar lýst sig viljugan til að minnka verðmun á milli verðs á mannlausum stöðvum og verðs á bensínstöðvum með fulla þjónustu úr 4,90 í 4,50. Þetta væri þó háð því að bensínstöð OHF í Hafnarfirði „spili með“. Framkvæmdastjórinn hjá Olís segir síðan að það þýði ekki að ræða þetta „lengur“ við framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF og spyr forstjóra Olís hvort ekki sé rétt að hann ræði við forstjóra OHF.<sup>899</sup> Tölvupósturinn sýnir samkvæmt orðalagi sínu viðræður um verðlagsmál milli annars vegar Olís og Orkunnar og hins vegar Olís og OHF. Tölvupóst þennan ber einnig að skoða í samhengi við gögn frá apríl og maí 1997, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Í byrjun febrúar 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís eftirfarandi tölvupóst sem lýsir samtali hans við framkvæmdastjóra Orkunnar. Efni póstsins var sagt vera Orkan og ÓB (ÓB er heiti á ómönnuðum bensínstöðvum Olís):

*„Ræddi við Gunnar Skapta áðan. Niðurstaðan var sú að hann ætlar að ná upp 90 og 60 aurum í 3 áföngum í vikunni, síðasta hækkun fimmtudag, föstudag. Geri það sama ef engar aths.“<sup>900</sup>*

Samkeppnisráð telur ljóst að Olís og Orkan hafi þarna ákveðið að hækka verð á bensíni á mannlausum þjónustustöðvum. Orkan hækkaði síðan verð á 95 oktana bensíni 5. febrúar, 7. febrúar og 9. febrúar 1997.

Þann 23. apríl 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins og greindi frá því að um næstu helgi myndi verð hjá

<sup>898</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar og Þórólfs Árnasonar, dags. 3.4.1997 kl. 14:41.

<sup>899</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 16.1.1997 kl. 18:23.

<sup>900</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 3.2.1997 kl. 10:32.

ÓB stöðvum Olís hækka þannig að afsláttur lækkaði úr 4,60 kr. í 4 kr. Síðan segir. „Geri ráð fyrir að Orkan muni fylgja og að ESSO fari úr 4 kr. afsl í 3 kr. afsl., einnig í dísel.“<sup>901</sup> Verð hjá Orkunni á bensíni hækkaði sunnudaginn 27. apríl 1997. Í apríl 1997 var sjálfsafgreiðsluafsláttur á bensínstöð OHF í Hafnarfirði lækkaður úr 4 kr. í 2 kr. (eða 3 kr.).<sup>902</sup> Hér skal rifjað upp að í tölvupósti framkvæmdastjórans hjá Olís frá 16. janúar 1997 greindi hann frá viðræðum við Orkuna um lækkun á þessum afslætti á verði bensíns. Jafnframt verður ráðið af honum að Olís hafi farið fram á það við OHF að félagið myndi minnka afslátt í Hafnarfirði. Þegar þessi tölvupóstur Olís frá 23. apríl 1997 er virtur í samhengi við framangreinda tölvupósta framkvæmdastjórans sem varða samskipti við Orkuna og OHF telur samkeppnisráð að ummæli framkvæmdastjórans um væntanlegar aðgerðir OHF og Orkunnar byggji á samræðum við þessa keppinauta. Gögn þessi sýna því ólögmett verðsamráð þessara keppinauta. Í þessu samhengi þykja og skipta máli neðangreind tvö skjöl umrædds framkvæmdastjóra hjá Olís sem fundust hjá OHF.

Fyrra skjalið frá Olís sem fannst hjá OHF er dagsett 20. maí 1997, og fram kemur í því verð olíufélaganna á bensíni og dísilolíu og sá afsláttur sem félögin þrjú og Orkan veittu í sjálfsafgreiðslu og á ómönnuðum stöðvum.<sup>903</sup> Í skjalinu er m.a. gerð sú tillaga að afsláttur OHF og Skeljungs á dísilolíu í Hafnarfirði verði minnkaður. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hefur sagt að þetta skjal tengist opnun Olís á ÓB bensínstöð í Hafnarfirði. Olís hafi verið óánægt með afslátt OHF og Skeljungs í Hafnarfirði og viljað „skipuleggja hlutina“ en OHF hefði ekki hlustað á það.<sup>904</sup>

Seinna skjalið sem fannst hjá OHF er merkt Olís og ber heitið „Söluverð eldsneytis 20.5.1997“.<sup>905</sup> Á það hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF skrifað „Hugmynd? 21/5'97“. Í skjalinu er tilgreint verð Olís á eldsneyti. Jafnframt er sagt að afsláttur Olís á ÓB stöð eigi að vera u.þ.b. 4 kr. og er það í samræmi við ofangreindan tölvupóst framkvæmdastjórans hjá Olís frá 23. apríl 1997. Einnig er í skjalinu rætt um 1 kr./ltr. smáafgreiðslugjald fyrir dísilolíu sem afhent er á viðskiptamannatanka eða seld frá lykkladælu. Hér má líka líta til þess að þann 20. maí 1997 er eftirfarandi bókað í fundargerð framkvæmdastjórnar Olís:

---

<sup>901</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar, dags. 23.4.1997 kl. 05:54.

<sup>902</sup> Heimildum ber ekki saman hvort lækkað var í 3 eða 2 kr. Samkvæmt yfirliti sem OHF hefur afhent Samkeppnisstofnun var lækkað í 2 kr. Af skjali framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís, sem fannst hjá OHF, má ráða að lækkað hafi verið í 3 kr.: Skjal með yfirskriftinni „20. maí 1997“ (HS. nr. 3166).

<sup>903</sup> Skjal sem fannst hjá OHF með yfirskriftinni „20. maí 1997“ (HS. nr. 3166).

<sup>904</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>905</sup> Skjal merkt Olís með yfirskriftinni „Söluverð eldsneytis 20.5.1997“ (HS. nr. 3166).

*„Afsláttur. Fjallað um afslátt til verktaka í stað vskm.tanka. Haldið verður áfram að vinna að máli við hin olíufélögin, sérstaklega Ohf.“<sup>906</sup>*

Eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir sýna gögn málsins að nefndur framkvæmdastjóri hjá Olís átti fund þann 30. maí 1997 með Skeljungu og m.a. ítrekaði þá ósk sína að Skeljungur myndi hækka verð í Hafnarfirði.

Samkeppnisráð telur að framangreind gögn og ummæli staðfesti samvinnu um verð og afslætti olíufélaganna á þessum tíma.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fjallað um tölvupósta Olís frá 16. janúar og 23. apríl 1997. Því er haldið fram að ummælin um OHF í tölvupóstinum bendi ekki til þess að félagið hafi haft samvinnu við keppinauta sína um verðbreytingar í apríl 1997. Þvert á móti bendi gögn málsins til þess að OHF hafi hafnað samstarfi við hin olíufélögin og styrki þetta þá skoðun félagsins að það hafi almennt reynt að sporna við samráði milli olíufélaganna. Síðan er sagt að sú staðreynd að verð allra félaganna lækkaði í sama mánuðinum sé ekki vísbending um samráð heldur um harða samkeppni. OHF mótmælir því einnig að umrædd gögn Olís frá maí 1997 sem fundust hjá OHF sýni samvinnu um verð. Gögnin bendi ekki til þess að OHF hafi verið fús til samvinnu, þrátt fyrir umleitanir Olís.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á þessi sjónarmið OHF. Hér er rétt að draga það saman að framangreind gögn sýna í fyrsta lagi að viðræður voru á milli Olís, OHF og Orkunnar um eldsneytisverð í janúar 1997. Orkan lýsti yfir vilja til að hækka bensínverð og minnka afslátt. Þessi takmörkun á afslætti hafi þó verið háð því að OHF í Hafnarfirði tæki þátt og lýsti umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís því yfir að ekki þýddi lengur að ræða þetta við framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF og beindi því til forstjóra síns að ræða við forstjóra OHF. Í apríl 1997 greindi framkvæmdastjórinn hjá Olís frá því að OHF og Orkan myndu minnka afslátt. Það gerði Orkan í kjölfarið og fyrir liggur að OHF lækkaði afslátt í Hafnarfirði, eins Olís og Orkan höfðu óskað eftir. Síðan er ljóst að í maí 1997 hefur Olís látið OHF í té gögn þar sem m.a. eru gerðar tillögur um að OHF og Skeljungur minnki afslátt á eldsneyti og settar eru fram hugmyndir um afgreiðslugjald á viðskiptavini. Einnig er í maí 1997 bókað í fundargerð hjá æðstu stjórnendum Olís á þessum tíma að halda eigi áfram að vinna með hinum félögunum í afsláttarmálum. Þessi gögn lýsa ekki harðri samkeppni eins og OHF fullyrðir heldur víðtæku ólögmetu verðsamráði.

---

<sup>906</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Olís, dags. 20.5.1997 (Hs. nr. 4316).



### 2.3. Umræður um sérstaka hækkun á gasolíu og önnur samvinna um verð frá maí til ágúst 1997

Frekari samvinna átti sér stað í verðlagsmálum milli olíufélaganna í maí 1997. Þann 27. maí 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins og benti á að samkvæmt upplýsingum í Morgunblaðinu væri verð á gasolíu að hækka og nú væri tækifærið til að hækka verð á dísilolíu í tönkum vegna landnotkunar en láta bátaverð vera óbreytt. Með því móti yrði unnt að festa herra verð á dísilolíu til landnotkunar í sessi. Þetta væri búið að „undirbúa á öðrum vettvangi“ og ætti að ganga í gegn núna.<sup>907</sup> Forstjóri Olís svaraði þessu og spurði hvort „umræða“ væri um hækkun um mánaðamótin. Framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís svaraði þeim tölvupósti og greindi frá því að eftir innflutningsfund olíufélaganna í liðinni viku hefði hann rætt við aðstoðarforstjóra Skeljungs um að skoða þyrfti hækkun á eldsneyti um mánaðamótin.<sup>908</sup> Síðar sama dag sendi þessi framkvæmdastjóri hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til forstjóra félagsins:

*„Skv. verðútreikningi er ekki hækkunarþörf miðað við vegið meðaltal birgða, þar sem við keyptum auka magn á lágu verði. Ef skoðað er verð eins og það er í dag óháð birgðastöðu, þá er hækkunarþörf á bensíni 84 aurar og á gasolíu 19 aurar.*

*GK<sup>909</sup> styður hækkun á bensíni um 50–100 aura og 30–40 aura á gasolíutegundum. BB<sup>910</sup> ætlar að skoða málið og hafa samband á fimmtudag. ...“<sup>911</sup>*

Forstjóri Olís svaraði þessum tölvupósti samdægurs og bað framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar um að ræða málið við framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu sem hafi rætt „1 kr. sérhækkun á landnotkun“ við framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF og bæði aðstoðarforstjóra Skeljungs og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá félaginu sem „allir hafa tekið vel í málið“.<sup>912</sup> Daginn eftir sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til m.a. forstjóra Olís og sagði að línuritið í Morgunblaðinu segði að verðið væri á uppleið og það sé það eina sem almenningur sjái.<sup>913</sup> Síðar sama dag sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til forstjóra

<sup>907</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar, dags. 27.5.1997 kl. 07:48.

<sup>908</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 27.5.1997 kl. 9:18 og 10:37.

<sup>909</sup> Gunnar Karl Guðmundssonar aðstoðarforstjóri Skeljungs.

<sup>910</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>911</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar, , dags. 27.5.1997 kl. 13:05.

<sup>912</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Samúels Guðmundssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Thomasar Möller, dags. 27.5.1997 kl. 12:11.

<sup>913</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Samúels Guðmundssonar, Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 28.5.1997 kl. 08:27.

félagsins og fleiri starfsmanna þar sem hann sagðist hafa kannað grunninn fyrir einnar kr. hækkun á dísilolíu til landnotkunar. Niðurstaðan hafi verið sú að skoðanir væru skiptar og málið þyrfti meiri undirbúning til þess að þetta gæti gengið í gegn um mánaðamótin.<sup>914</sup> Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís sagði að þetta mál þyrfti umfjöllun hjá forstjórum olíufélaganna.<sup>915</sup>

Þann 30. maí 1997 átti framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís samtali við aðstoðarforstjóra Skeljungs í því skyni m.a. að fá Skeljung til að fallast á umrædda hugmynd um sérstaka hækkun á gasolíu til landnotkunar. Hann gerði forstjóra Olís og fleiri starfsmönnum fyrirtækisins grein fyrir samtalinu við Skeljung í tölvupósti sem hann sendi 1. júní 1997. Þar kemur fram að hann hafi spurt Skeljung hvort „*ekki væri lag að koma á mun milli sjávarverðs og landverðs, ein króna skipti tugum milljóna á ári.*“ Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefði sagt að engin umræða hefði átt sér stað innan Skeljungs um þetta, framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta væri farinn í veiði og því ekkert hægt að gera um þessi mánaðamót. Skeljungur væri „*einungis*“ að hugsa um 50 aura verðhækkun á bensíni. Kvaðst framkvæmdastjórinn hjá Olís hafa ítrekað í samtalinu þá ósk að Skeljungur myndi „*skoða það*“ að þeir væru með lægra verð á dísilolíu heldur en ÓB á Skeljungsstöð í Hafnarfirði, eins og það var orðað. Af hálfu Skeljungs var því svarað að ekki hefði verið fjallað um þessa ósk og taldi framkvæmdastjórinn í tölvupóstinum að Olís yrði að lækka verðið á dísilolíu í Hafnarfirði.<sup>916</sup>

Strax eftir samtalið við Skeljung sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til forstjóra Olís og kvaðst hafa heyrt um 50 aura verðhækkun á bensíni. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís svaraði og kvaðst hafa verið að ræða við starfsfélag hjá OHF og hann ætli að fresta þessari hækkun fram yfir helgi þar sem hann náði ekki í forstjóra OHF. Forstjóri Olís svaraði með þessum hætti:

„Ótrúlegt hvað þetta ferli er alltaf þungt hjá þeim.“<sup>917</sup>

Þann 2. júní 1997 svaraði framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís framangreindum tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís sem lýsti samtali hans við Skeljung um m.a. hækkun á dísilverði til landnotkunar. Byggt á reynslu hans á þessu sviði gaf hann þetta heilræði:

<sup>914</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Thomasar Möller, dags. 28.5.1997 kl. 22:01.

<sup>915</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, Samúels Guðmundssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 29.5.1997 kl. 05:52.

<sup>916</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Samúels Guðmundssonar, Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 1.6.1997 kl.23:48.

<sup>917</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar, Samúels Guðmundssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Thomasar Möller, dags. 30.5.1997 kl. 13:36, 13:45 og 14:21.

*„Reynsla KBÓ<sup>918</sup> í verðlagsmálum og verðbreytingum segir mér að þetta mál verði aldrei leyst í gegnum síma eða með einhverjum skilaboðum. Eina leiðin er að ná viðkomandi aðilum saman á fund og kortleggja lausnina og láta síðan forstjórana samþykkja það á forstjórafundi.“<sup>919</sup>*

Þann 6. júní 1997 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til undirmanna sinna og lýsti yfir áhyggjum af dvínandi framlegð í sölu á einkum gasolíu, skipagasolíu og SD olíu. Aðstoðarforstjóri félagsins svaraði og benti m.a. á þetta:

*„Frá Esso/Olís hefur komið þrýstingur um lækkun á gasolíu/skipagasolíu en ég hef reynt að eyða slíkum hugleiðingum vegna lélegrar afkomu tegundanna fyrstu mánuði ársins sem gildir að sjálfsögðu einnig fyrir hin félögin. Aftur á móti er ég orðinn afar óhress með tregðu félaganna að hækka bensín og virðist sem gott tækifæri hafi farið forgörðum því nú hraðlækkar bensínverð.“<sup>920</sup>*

Framangreind gögn og orðalag þeirra fela í sér skýra staðfestingu á upplýsingum OHF og Olís um reglubundið og víðtækt verðsamráð olíufélaganna þriggja á þessum tíma. Jafnframt sýna þau áframhaldandi samvinnu í því skyni að auka álagningu og bæta þar með framlegð af eldsneytissölu.

Eins og þessi umfjöllun ber með sér náðist ekki samstaða um þá hugmynd Olís að hækka almennt verð á gasolíu til landnotkunar 1. júní 1997. Áfram var hins vegar unnið í málinu í júnímánuði. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF tók þann 12. júní 1997 saman minnisblað um gasolíuverð.<sup>921</sup> Minnisblaðið tengist m.a. umræddri hugmynd Olís um sérstaka hækkun á gasolíuverði. Höfundur þess hefur þannig upplýst að það tengist viðræðum olíufélaganna um verðhækkanir og aðrar aðgerðir til að reyna að fá viðskiptavinum til að hætta að nota eigin tanka og snúa sér að bensínstöðvum.<sup>922</sup> Í minnisblaðinu er leitast við að svara tveimur spurningum. Annars vegar hvort verðmunur á almennu gasolíuverði og gasolíuverði frá dælu sé of mikill og hins vegar hvort álagning í gasolíuverði frá dælu sé orðin sambærileg við bensín. Þessi atriði eru sögð tengjast hvort öðru því „ef hækka þarf verð frá dælu til að ná sambærilegri álagningu og á bensíni verður verðmunur milli dæluverðs og almenns verðs enn meiri.“ Síðan segir að fram hafi komið hjá „ákveðnum aðilum“ að verðmunur milli almenns gasolíuverðs og gasolíuverðs á dælu sé of mikill og

<sup>918</sup> Kristján B. Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís.

<sup>919</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, Samúels Guðmundssonar, og Thomasar Möller, dags. 2.6.1997 kl. 8:47.

<sup>920</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli m.a. Kristins Björnssonar, Gunnar Karls Guðmundssonar og Friðriks P. Stefánssonar, dags. 6.6.1997 kl. 10:14 og 10:43.

<sup>921</sup> Minnisblað Bjarna Bjarnasonar með yfirskriftinni „Gasolíuverð“, dags. 12.6.1997 (Hs. nr. 1327).

<sup>922</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

markvisst hafi verið unnið að því að fá viðskiptavinum sem hafa eigin tanka að dælum bensínstöðva til að losna við þann kostnað sem fylgir tönkunum og þá jafnframt að nýta fasta kostnaðinn sem er á bensínstöðvunum. Þá segir að enginn efist um að þetta sé rétt stefna en hins vegar fáist þessir viðskiptavinir ekki að dælu nema að fá sama verð og þeir höfðu, þ.e. almennt gasolíuverð. Mismunur á þessu verði sé 5 kr. Síðan segir:

*„Þeir sem telja mismuninn of mikinn finnst blóðugt að þurfa að gefa 5. kr. afslátt á lítra. Þeirra lausn er að hækka almennt verð um eina krónu án þess að hækka verð frá dælu og ná þannig verðmuninum og afslættinum niður í 4 krónur á lítra. Þannig hækkaði álagningin á almennu verði sem hefur mestu söluna en stæði í stað frá dælu.*

*Ég tel hins vegar að ef hægt er að hækka almennt verð um eina krónu þá er einnig hægt að hækka verð frá dælu um sömu upphæð. Hvort afslátturinn er 4 eða 5 kr á lítra skiptir ekki máli í sjálfu sér heldur álagningin sem fæst úr heildinni og þar af leiðandi finnst mér óþarfi að gefa eftir álagningu á dælu sem getur numið fyrir OHF hátt í 20 mkr. ári ...“*

Þetta minnisblað sýnir að þessi stjórnandi hjá OHF vildi fara aðra leið en Olís og reyna frekar að ná fram almennri hækkun á gasolíuverði. Minnisblaðið endurspeglar einnig að mati samkeppnisráðs nána samvinnu olíufélaganna á þessum tíma um að auka framlegð.

Forstjórar olíufélaganna hittust þrisvar sinnum í júní 1997. Voru fundir haldnir 9., 18. og 24. júní 1997.<sup>923</sup> Í fundargerðum framkvæmdastjórnar OHF kemur fram að á fundinum 18. júní 1997 hafi átt að ræða um afkomu olíufélaganna sem væri ekki góð.<sup>924</sup> Jafnframt kemur fram að ræða eigi við forstjóra Texaco, sem átti hlut í Olís, um verðlagningu á bensíni. Forstjóri OHF hefur staðfest að hafa rætt tvívegis á þessum tíma við forstjóra Olís og Skeljungs um afkomu olíufélaganna.<sup>925</sup> Í framangreindum gögnum Olís kom fram að eftir að það lá ljóst fyrir að umrædd sérhækkun á gasolíu myndi ekki nást fram í byrjun júní 1997 þyrftu forstjórar félaganna að ræða málið. Það gekk eftir. Í handskrifuðum minnispunktum forstjóra OHF frá fundinum 18. júní 1997 er þetta m.a. bókað:

*„1. Hækka landverð um 1 kr.=minnka mun úr 5 -í 4 kr. Síðan sigi bensínverð upp án hækkunar á afslætti“<sup>926</sup>*

<sup>923</sup> Sjá t.d. dagbók Kristins Björnssonar, færslur 9., 18. og 24.6.1997 (Hs. nr. 7006).

<sup>924</sup> Handskrifuð fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 16.6.1997 (Hs. nr. 3109). Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 18.6.1997 (Hs. nr. 1360).

<sup>925</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>926</sup> Gagn afhent af OHF. Minnisblað Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „Forstj.fundur 18.06.97“.

Í minnispunktunum er einnig fjallað um svartolíu og bókað að það þurfi að auka álagningu. Tölvupóstur forstjóra Skeljungu frá 25. júní 1997 sýnir að á fundi forstjóranna 24. júní 1997 hafi einnig verið rætt um verð á eldsneyti, sbr. nánar kafla VI 4.2.<sup>927</sup>

Þegar orðalag bókar forstjóra OHF á fundinum 18. júní 1997 er skoðað með hliðsjón af m.a. gögnum málsins frá maí og júní 1997 telur samkeppnisráð að forstjórnarnir hafi náð samstöðu um tillögu Olís um einnar krónu sérhækkun á gasolíu til landnotkunar og jafnframt ákveðið að hækka verð á bensíni og takmarka afslátt. Gögn málsins sýna hins vegar að þessi sérhækkun á gasolíu var ekki framkvæmd á þessum tíma. Þessi ákvörðun var hins vegar áréttuð á fundi olíufélaganna í nóvember 1998 og hrint í framkvæmd í febrúar 2000, sbr. kafla VI 3.7 og 5.3.

Varðandi öll nefnd gögn frá maí til júní 1997 segir í athugasemdum OHF við frumathugun II að þau bendi til þess að OHF hafi rætt við Olís og Skeljung um verðhækkanir á bensíni og gasolíu í júní 1997. Þessar verðhækkanir hafi hins vegar ekki verið framkvæmdar, a.m.k. ekki á árinu 1997. Samkeppnisráð bendir hér á að þessar viðræður áttu sér einnig stað í maí 1997, sbr. fyrri umfjöllun.

Þann 12. júní 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins. Greinir hann frá því að útgerðarfyrirtækið Pétur Stefánsson eigi von á nýju skipi. Segir framkvæmdastjórinn að Skeljungur hafi gert honum hagstætt tilboð í eldsneyti á skipið. Síðan segir:

*„Það barst okkur til eyrna og var haft eftir Jóni Halldórssyni<sup>928</sup>, að Olís ætlaði sér að hefna fyrir Ármann Ármannsson á Helgunni frá því að hún var að koma ný og meint var að Skeljungur hefði boðið honum ókeypis áfyllingu á skipið. Þarna ætti Olís óhefnt og myndi láta til skara skriða gegn PS er nálgadist nýja skipið.*

*Það er eins og mig minni að menn hafi orðið sammála um að slík vinnubrögð yrðu ekki viðhöfð. Enda er fróðlegt að rifja upp balansinn á reikningi okkar og Olís:*

*-Við vorum búnir að fylla á Snorra Sturluson eftir pöntun Granda er hann var í breytingum úti. Olís hringdi og bauð ókeypis fyllingu. Þetta kostaði okkur tæpar 3 milljónir. Þetta hefur aldrei verið dregið upp á borðið gv. Olís.*

<sup>927</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Kristni Björnssyni til Friðriks Stefánssonar, Lúðvíks Björgvinssonar og Þorsteins Péturssonar, dags. 25.6.1997 kl. 13:16.

<sup>928</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.

*-Atgangur Olís á Eskifirði kostaði okkur nokkrar milljónir.*

*-Kvótamál Samherja.*

*Þarna hefur Olís gengið mun lengra í hryðjuverkastarfseminni.*

*Það er spurning hvort ekki eigi að taka það upp við EB<sup>929</sup> að láta PS í friði eða hafa verra af. Ertu sammála?“*

Forstjóri Skeljungs svaraði og beindi því til framkvæmdastjórans að ræða þessi mál við framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.<sup>930</sup> Þessi tölvupóstur sýnir glögg samskiptin milli félaganna á þessum tíma. Stjórnendur Skeljungs töldu rétt að mæta fyrirhugaðri verðsamkeppni frá Olís með því að ræða við keppinautinn og beita hótunum til að fá hann til að hætta við að keppa. Vísað var til viðræðna um að „menn“ hafi orðið sammála um að keppa ekki með þessum hætti og talin upp tilvik sem virðast vera brot á þessum sameiginlega skilningi og jafnvel vísað til samkeppni milli félaganna sem hryðjuverkastarfsemi.

Þann 27. júlí 1997 birtist heilsíðugrein í Morgunblaðinu eftir forstjóra Skeljungs. Fram kemur m.a. í greininni að sennilega hafi verðsamkeppni milli olúfélaganna á höfuðborgarsvæðinu aldrei verið harðari en á þessum tíma.

Þann 29. júlí 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá félaginu. Tölvupósturinn sýnir greinilega að a.m.k. Olís og OHF hafi á þessum tíma haft samvinnu um ákvörðun sölulauna sem umboðsmenn félaganna fá fyrir sölu á eldsneyti.<sup>931</sup> Í tölvupóstinum er tekið fram að ákvörðun þessara sölulauna sé hluti af verðlagsmálum eldsneytis. Ljóst er að mati samkeppnisráðs að þessi samvinna fari gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Þann 13. ágúst 1997 var sendur tölvupóstur til m.a. forstjóra Olís og þeim skilaboðum komið á framfæri að framkvæmdastjóri Orkunnar hefði látið starfsmann Olís vita að hann myndi svara tilteknu tilboði Olís á eldsneyti og er forstjórinn spurður hvort Olís eigi að svara þessu.<sup>932</sup> Daginn eftir sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar. Í honum er greint frá því að aðstoðarforstjóri Skeljungs hefði haft samband til að ræða

---

<sup>929</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>930</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli m.a. Kristins Björnssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 12.6.1997 kl. 21:14 og 13.6.1997 kl. 15:13.

<sup>931</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Samúels Guðmundssonar, dags. 29.7.1997 kl. 14:35.

<sup>932</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Erlu Leifsdóttir til Einars Benediktssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 13.8.1997 kl. 11:58.

innflutning og verðlagningu á flugvélabensíni og honum hafi verið sagt að tala við framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís næsta mánudag. Síðan segir:

*„GK<sup>933</sup> finnst BB<sup>934</sup> vera seinni í verðlagsmálum og spurði hvort ég hafi reynt að hafa áhrif á hann. Sagði svo ekki vera.*

*KBÓ og EB töluðu um það fyrir nokkrum dögum að hafa EKKI frumkvæði að sinni að tala við BB. Plattsið<sup>935</sup> hefur hækkað, lækkað og aftur frekar hækkað. Dollar hefur hækkað og smálækkað. Þannig getur verið heppilegt að skoða málið í næstu viku. ...“<sup>936</sup>*

Í vikunni eftir að þessi tölvupóstur var sendur hækkuðu olíufélögin verð á bensíni. Skeljungur hækkaði 22. ágúst og hin félögin 23. ágúst 1997.

Framangreind gögn frá ágúst 1997 sýna í fyrsta lagi samskipti milli Olís og Orkunnar um eldsneytisverð. Í öðru lagi sýna þau samstarf milli Olís og Skeljungs um verðlagningu á flugvélabensíni. Í þriðja lagi vísar tölvupósturinn frá Olís til umræðna og samskipta varðandi verðbreytingar á eldsneyti milli þeirra starfsmanna olíufélaganna þriggja sem ábyrgð báru á þeirri verðlagningu á þessum tíma. Rétt er að áréttta hér að höfundur tölvupóstsins hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að olíufélögin hafi á þessum tíma haft með sér reglubundið samráð um verðbreytingar á eldsneyti, sbr. einnig samskonar upplýsingar frá forstjóra Olís og OHF. Telur samkeppnisráð að tölvupósturinn feli í sér staðfestingu á þessu.

Í athugasemdum OHF er mótmælt þeirri ályktun sem fram kom í frumathugun II að OHF hafi haft samráð við keppinauta sína um verðbreytinguna 22. og 23. ágúst 1997. Er því haldið fram að nefndur tölvupóstur varði fyrst og fremst hugleiðingar Skeljungs og Olís og bendi ekki til samstarfs af hálfu OHF. Samkeppnisráð vísar hér til þess að af tölvupóstinum leiði að Skeljungur og Olís hafi rætt saman um verðlagsmál með tilvísun til OHF. Jafnframt segi í tölvupóstinum að Olís hafi ákveðið að hafa ekki frumkvæðið „að sinni“ um að ræða við yfirmann verðlagsmála hjá OHF. Síðan segir að heppilegt geti verið að skoða málið í næstu viku og af heildarsamhengi tölvupóstsins verður sú setning ekki skilin öðruvísi en að Olís ætli að skoða það að hafa samband við OHF vegna þessara verðlagsmála. Eins og áður sagði er því ljóst að tölvupósturinn staðfestir upplýsingar frá OHF um samstarf olíufélaganna í

<sup>933</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungs.

<sup>934</sup> Bjarni Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>935</sup> Skráð heimsmarkaðsverð eða verð í ákveðnum heimshlutum hjá skráningarfyrirtækinu Platts, sem sérhæfir sig í upplýsingagiöf m.a. um olíuverð.

<sup>936</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 14.8.1997 kl. 14:39.

verðlagsmálum. Í ljósi mótmæla OHF telst það hins vegar ekki sannað að Olís hafi haft samband við OHF í þessu tiltekna tilvik, eins og rætt var um í tölvupóstinum.

Í athugasemdum Skeljungs er því haldið fram að framangreind ályktun í frumathugun II um verðsamráð við verðbreytingarnar 22. og 23. ágúst 1997 uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gera verði til sönnunar brota gegn samkeppnislögum. Samkeppnisráð bendir hér á að tölvupóstur Olís sýnir greinilega að Olís og Skeljungur hafi rætt saman um væntanlegar verðbreytingar og um þátttöku OHF í samráðinu. Af þessu leiðir að félögin hafa a.m.k. dregið úr óvissu um viðbrögð hvers annars við verðbreytingunni sem varð í kjölfarið. Slík samskipti milli keppinauta fela í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir.<sup>937</sup>

#### 2.4. Samvinna um að minnka sjálfsafgreiðsluafslátt o.fl. í september 1997

Í gögnum málsins er að finna minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til forstjóra félagsins, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjármálasviðs.<sup>938</sup> Lýsir minnisblaðið niðurstöðu fundar hans með OHF og Skeljungi og er það dagsett 5. september 1997. Samkvæmt minnisblaðinu hafa 13 mál verið á dagskrá og kveðst framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF kannast við þessar viðræður olíufélaganna.<sup>939</sup> Rætt hefur verið m.a. um hvort bæta ætti 2–5 kr. ofan á verð eldsneytis sem selt er á háfjallastöðvum, og framkvæmdastjórinn hjá OHF hefur upplýst að það hafi verið sameiginlegur vilji olíufélaganna og viðleitni til þess að aðlaga að einhverju leyti eldsneytisverð á háfjallastöðvum og í strjálbýlustu byggðunum að dreifingarkostnaði. Fátt eða ekkert af slíkum vangaveltum félaganna hafi þó komist í framkvæmd. Samkvæmt minnisblaðinu hefur einnig verið rætt um hvort taka ætti upp sjálfsafgreiðsluafslátt á Akureyri eða hafa fulla þjónustu og tiltekinn afslátt. Bókað er að forðast eigi verðstríð vegna gasgrilla sumarið 1998. Einnig hefur samkvæmt minnisblaðinu verið á fundinum haft samráð um verð á gasi og rætt um að taka upp tiltekna markaðsskiptingu.

Samkvæmt orðalagi minnisblaðsins virðist hafa verið ákveðið að allar bensínstöðvar „*utan stór-Reykjavíkursvæðis og Akureyrar verða með fullt verð í sjálfsafgreiðslu á næstu mánuðum. Bréf verður sent til bæjarbúa.*“ Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hefur hins vegar greint Samkeppnisstofnun frá því að í þessum umræðum hafi OHF lýst því yfir að ekki kæmi til greina að olíufélögin samræmdu afstöðu sína varðandi sjálfsafgreiðsluafslátt.<sup>940</sup> Aðspurðir um þetta hafa forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta sagt að hér væri um að ræða eitt af

<sup>937</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491.

<sup>938</sup> Minnisblað Thomasar Möller með yfirskriftinni „*Minnisblað: TM 5/9/97*“ (Hs. nr. 4317).

<sup>939</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>940</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.



mörgum dæmum um „að menn hafi því miður hugsað upphátt og látið uppi hugmyndir sínar á fundum með hinum félögum.“ Oftar en ekki hafi slíkum hugmyndum aldrei verið hrint í framkvæmd.<sup>941</sup> Samkeppnisráð telur að í þessu samhengi verði að hafa í huga tölvupóst framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til framkvæmdastjórnar fyrirtækisins. Tölvupósturinn var sendur 8. september 1997 eða nokkrum dögum eftir að umrætt minnisblað var ritað. Í honum er sagt að vegna „*umræðu*“ um sjálfsafgreiðslu á fullu verði þá hafi framkvæmdastjórinn haft samband við Olís bensínstöðinna á Kjalarnesi. Þar hafi hann fengið þær upplýsingar að nánast enginn kvartaði og salan hefði ekkert minnkað og stöðvarstjórinn segðist „*loksins farinn að hafa eitthvað upp úr þessu*“. Í ljósi þessa taldi framkvæmdastjórinn um ekkert annað að ræða en að hætta sjálfsafgreiðsluafslætti sem víðast. Forstjóri Olís svaraði þessum tölvupósti og sagði að áður en hafist yrði handa yrði gerður listi yfir viðkomandi staði og ákveðið eftir listanum hvernig staðið yrði að málinu og í hvaða röð staðirnir yrðu teknir. Framkvæmdastjórinn svaraði með þessum hætti:

*„Þessi listi hefur verið í vinnslu í samstarfi við hin félögin og verður tilb í næstu viku.“<sup>942</sup>*

Þessu tengt er tölvupóstur umrædds framkvæmdastjóra hjá Olís sem sendur var 20. nóvember 1997.<sup>943</sup> Þar er framkvæmdastjórn Olís greint frá því að framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF hafi haft samband og m.a. greint frá því að bensínstöð OHF á Hellisandi hafi verið í sjálfsafgreiðslu „*á fullu verði allan daginn í des.*“ Orðalag umræddra minnispunkta framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís og efni þessara tölvupósta leiða til þeirrar niðurstöðu að olíufélögin hafi sammælt á fundi sínum um að hætta eða draga úr sjálfsafgreiðsluafslætti á bensínstöðvum utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið staðfesti „*að olíufélögin hafi haft sameiginlegan vilja til þess að aðlaga að einhverju leyti eldsneytisverð á háfjallastöðvum og í strjálbýlustu byggðunum að dreifingarkostnaði. Ekkert af slíkum vangaveltum félaganna hafi þó komist í framkvæmd. Ekki eru efni til að draga viðtækari ályktanir af gögnum málsins.*“ Samkeppnisráð bendir hér á að ofangreind gögn sýna ótvírætt að olíufélögin framkvæmdu á þessum tíma áætlun sína um að takmarka eldsneytisafslátt á landsbyggðinni. Jafnframt er með engu móti unnt að fallast á þá skoðun OHF að líta eigi einangrað á þessi gögn. Gögn Olís um fundinn 5. september 1997 sýna hversu víðtækt og skipulagt samráð olíufélaganna var. Þrettán málefni tengd verði og öðrum viðkvæmum samkeppnislegum málum voru rætt á

<sup>941</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>942</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller, Einars Benediktssonar og framkvæmdastjórnar Olís, dags. 8.9.1997 kl. 16:07 og 19:05 og 9.9.1997 kl. 06:29.

<sup>943</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 20.11.1997 kl. 16:13.

fundinum. Sum þessara málefna hafa bæði verið rætt fyrir og eftir þennan fund. Er alveg ljóst að framangreind gögn eru til vitnis um áframhaldandi víðtækt samráð olíufélaganna.

## 2.5. Samvinna um veitingu afsláttar til björgunarbáts á Ísafirði

Í fundargerð framkvæmdastjórnar Olís 18. nóvember 1997 er eftirfarandi bókað: „*Verðlagsmál. Áhyggjur af hvernig afsláttarmál eru að þróast – bent á aðgerðir Skeljungs sérstaklega varðandi félagssamtök. Nauðsyn að spyrna við áður en gengur lengra.*“<sup>944</sup> Samkeppnisráð telur að í kjölfar þessa hafi olíufélögin rætt um og gripið til aðgerða í því skyni að draga úr afsláttum til viðskiptavina sinna. Þetta hafi verið liður í sameiginlegum aðgerðum félaganna til þess að auka framlegð af eldsneytisviðskiptum. Þessar aðgerðir voru m.a. áberandi á árinu 1998 og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir. Hér má þó nefna að í desember 1997 höfðu Olís og Skeljungur með sér samstarf varðandi beiðni frá Björgunarbatasjóði Slysavarnarfélags Íslands (SVFÍ) á Vestfjörðum um afslátt á eldsneyti fyrir björgunarbátinn Gunnar Friðriksson.

Þann 16. desember 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og spurði hvort menn könnuðust við þetta erindi frá SVFÍ um afslátt vegna björgunarbátsins. Síðan segir að Olís hafi fengið samskonar bréf og óski eftir „*samfloti*“ við afgreiðsluna og spyr hvort forstöðumaður kynningarviðs afgreiði ekki málið.<sup>945</sup> Forstöðumaður kynningarviðs hjá Skeljungi svaraði daginn eftir og sagðist hafa rætt við framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís sem geri tillögu um að hvort félag fyrir sig veiti tiltekinn afslátt. Bar hann þá hugmynd undir framkvæmdastjórnann.<sup>946</sup> Forstöðumaðurinn sendi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi einnig þennan tölvupóst sama dag: „*Ég tók að mér að gera tillögu að bréfi vegna afgreiðslu björgunarbatamálsins fyrir félögin sem hér fylgir til yfirlesturs. Ég tel rétt að við sendum sitt hvort bréfið en þau verði samhljóða.*“<sup>947</sup> Með tölvupóstinum fylgdu drög að bréfi Skeljungs til SVFÍ. Forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafa haldið því fram við Samkeppnisstofnun að um einstakt tilvik hafi verið að ræða. Eiginkona sameiginlegs umboðsmanns Olís og Skeljungs á Ísafirði, sem tengst hafi SVFÍ, hafi sótt um styrk til félaganna.<sup>948</sup> Samkeppnisráð bendir hér á að umrædd kona skrifaði ekki undir þetta bréf SVFÍ. Hvað sem því líður telur ráðið

<sup>944</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Olís, dags. 18.11.1997 (Hs. nr. 4316).

<sup>945</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Friðriki Þ. Stefánssyni til Kristins Björnssonar og Gunnars E. Kvaran, dags. 16.12.1997 kl. 14:05.

<sup>946</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Gunnari E. Kvaran til Friðriks Stefánssonar, dags. 17.12.1997 kl. 10:10.

<sup>947</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Gunnari E. Kvaran til Friðriks Stefánssonar, dags. 17.12.1997 kl. 10:52.

<sup>948</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002 (bls. 34)

engu að síður ljóst að Olís og Skeljungur hafi ákveðið sameiginlega hvaða afslátt á eldsneyti ætti að veita þessum aðila.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félaginu sé ókunnugt um þetta og ekki sé ástæða til að gera athugasemdir. Meint náði samstarf Olís og Skeljungs sé ekki á ábyrgð OHF. Í kafla III hér að framan er rökstutt að líta ber á aðgerðir olíufélaganna þriggja sem samfellt samráð sem varað hefur frá gildistöku samkeppnislag. Ekki er skilyrði fyrir því að OHF teljist þátttakandi í slíku broti að fyrirtækið hafi tekið þátt í öllum aðgerðum sem tengdust því.<sup>949</sup> Það dugar að OHF hafi ætlað með aðgerðum sínum að ná fram hinu sameiginlega markmiði olíufélaganna og hafi a.m.k. mátt vera ljóst að hin olíufélögin myndu grípa til aðgerða í sama skyni.<sup>950</sup> Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir ákvörðun olíufélaganna um að vinna saman í því skyni að hækka álagningu og auka framlegð. Þessu átti að ná fram m.a. með því að hækka verð og minnka afslætti. Hér má einnig t.d. hafa í huga fundargerð Olís frá 20. maí 1997, sem gerð var grein fyrir hér að framan, þar sem vísað er til áframhaldandi samvinnu við OHF og Skeljungs varðandi tiltekin afsláttarmál. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að OHF hafi mátt vera ljóst að Skeljungur og Olís myndu grípa til aðgerða í samræmi við sameiginlega stefnumörkun félaganna um að takmarka afslætti. Þessar aðgerðir Olís og Skeljungs varðandi afslátt til björgunarbáts á Ísafirði voru því hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

## 2.6. Álagning gjalda á viðskiptavini á árunum 1997–1998

Gögn málsins frá árunum 1995 og 1996 sem rakin hafa verið hér að framan sýna talsverða samvinnu olíufélaganna í því skyni að leggja m.a. á afgangslugjöld á viðskiptavini vegna dreifingar á eldsneyti og taka upp gjöld vegna tanka og annars búnaðar í eigu olíufélaganna. Þetta var liður í sameiginlegum aðgerðum olíufélaganna sem höfðu það að markmiði að draga úr notkun heimatanka viðskiptavina. Framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF hefur upplýst að olíufélögin hafi sammælt um að grípa til slíkra aðgerða en ekkert hafi komist til framkvæmda hjá OHF.<sup>951</sup> Forstjóri Olís hefur tekið í sama streng og sagt að olíufélögin hafi tekið ákvarðanir um þessi málefni en framkvæmdin strandað á OHF sem hafði langflesta aðila í viðskiptum með heimatanka.<sup>952</sup>

Umræður um þessi mál héldu áfram á árinu 1997. Þann 6. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá

<sup>949</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

<sup>950</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. 204/00P *Aalborg Portland v Commission*.

<sup>951</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>952</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

OHF. Í tölvupóstinum er stungið upp á fundi til að ræða ýmis málefni, sbr. umfjöllun hér að framan. Eitt þessara mála var afgreiðslugjöld á dýrar afgreiðslur, eins og það er orðað. Þessum tölvupósti var svarað af Skeljungu og OHF og ákveðið að halda fund 13. janúar 1997.<sup>953</sup>

Þann 18. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til fjölmarga starfsmanna Olís þar sem greint var frá því að stefnt væri að því að taka upp flutningsgjald á allar pantanir viðskiptavina sem væru undir 5000 kr. frá og með 1. febrúar 1997. Gjaldið yrði 295 kr. fyrir hverja pöntun. Síðar segir: „Frést hefur að samkeppnisaðilar okkar séu að undirbúa að taka upp þetta gjald á næstu mánuðum.“ Síðar sama dag framsendi framkvæmdastjórinn hjá Olís þennan tölvupóst sinn til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF með þessum orðum: „HVENÆR BYRJID ÞIÐ?“<sup>954</sup>

Fjallað var um þetta mál í framkvæmdastjórn OHF 21. janúar 1997. Eftirfarandi er bókað í fundargerð:

„3. Flutningsgjald fyrir smáar sendingar. Olís hefur tekið upp kr. 295 lágmarksgjald fyrir smásendingar undir kr. 5000 og hvetur hin oliufélögin til að gera slíkt hið sama. Undirtektir OHF jákvæðar og væri slíkt hvatning til viðskiptavina að panta fyrir a.m.k. lágmarksupphæð og þar af leiðandi myndi sendingum fækka. ÞÁ skoðar málið með solumönnum.“<sup>955</sup>

Skeljungur tók upp flutningsgjald í nóvember 1997, sbr. nánar hér á eftir. Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF um framangreindan tölvupóst frá Olís. Í skýrslu hans segir:

„ÞÁ endurtók að oliufélögin hefðu rætt um og orðið sammála um nauðsyn þess að hefja gjaldtöku fyrir þjónustu sem þau veittu en ekki var greitt fyrir, rétt eins og þau voru sammála um að draga úr notkun heimatanka. Margar tillögur hefðu komið um þetta efni, ekki síst frá Olís. Ekki hefði staðið á OHF að fallast á þær, enda skynsamlegar. Þá hefði í innri stefnumörkunarvinnu OHF árlega verið sett markmið í þessa veru. Ekkert hefði þó gerst í þessu máli af hálfu OHF. Samsinnti ÞÁ því að oliufélögin hefðu náð sameiginlegri niðurstöðu um að reyna að leysa það sem félögin

<sup>953</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu: Milli Friðriks Stefánssonar, Thomasar Möller og Þórólfs Árnasonar, dags. 6.1.1997 kl. 17:40 og 17:50 og 7.1.1997 kl. 11:57.

<sup>954</sup> Tölvupóstur Thomasar Möller til Friðriks Stefánssonar og Þórólfs Árnasonar, dags. 18.1.1997 kl. 20:20 (Hs. nr. 3151).

<sup>955</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 21.1.1997 (Hs. nr. 1360).

*töldu sameiginlegt vandamál, en að a.m.k. hjá OHF hefði ekki náðst að koma breytingu í framkvæmd.*<sup>956</sup>

Aðspurður hefur forstjóri Olís hins vegar sagt að umræddur tölvupóstur sé lýsandi dæmi um „frjálsleg“ vinnubrögð viðkomandi framkvæmdastjóra hjá Olís. Hann „slengdi“ því oft fram þegar mál hefðu verið rædd milli félaganna að hann liti svo á að sameiginleg ákvörðun hafi verið tekin um þau. Olís hafi ákveðið án samráðs við hin félögin að taka upp þetta flutningsgjald.<sup>957</sup> Samkeppnisráð telur hins vegar ljóst að þegar virt eru saman umrædd gögn frá 1997 og upplýsingar frá framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF að olíufélögin hafi í upphafi árs 1997, hugsanlega á fundinum 13. janúar 1997, ákveðið að taka upp umrætt flutningsgjald. Í trausti þessarar ákvörðunar hafi Olís og Skeljungur tekið upp umrædd gjöld en OHF hafi hins vegar ekki náð að framkvæma þessa ákvörðun. Ljóst má vera að samráð keppinauta um að leggja gjöld á viðskiptavinum sína felur í sér hækkun á verði viðkomandi vöru eða þjónustu. Þessar aðgerðir olíufélaganna fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Sumarið 1997 hófst umræða um nýtt gjald á viðskiptavinum olíufélaganna, svonefnt útskriftar- eða færslugjald til að mæta kostnaði við sendingu reikninga eða giróseðla. Þann 9. júlí 1997 sendu tveir starfsmenn Olís tillögur til forstjóra félagsins um reikningagerð og yfirlit. Forstjóri Olís svaraði daginn eftir og spurði m.a. um þetta.

*„Eru hin olíufélögin farin að nota A giró. Tel mig amk hafa séð slíka útfærslu hjá Shell. Bið ykkur að afla upplýsinga hvað er í gangi og hvað í vændum hjá keppinautunum í þessu efni. Svo sem reynslan sýnir þarf að fara að öllu með gát í slíkum breytingum og það væri til bóta og til að létta málið ef svipaðar aðgerðir væru upp á teningnum á sama tíma hjá samkeppninni, án þess þó að láta það hafa áhrif á okkar framkvæmd.*<sup>958</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um þessi ummæli. Hann hefur sagt að ekki bæri að skilja þetta með þeim hætti að hann hafi gefið fyrirmæli um að samráð yrði haft við hin félögin um þetta mál. Um hafi verið að ræða lausráðna starfsmenn Olís með litla starfsreynslu, sem ekkert þekktu til hjá hinum félögunum. Hann hafi aðeins mælst til þess að menn hleruðu t.d. hjá viðskiptavinum olíufélaganna hver staða þessara mála væri. Hjá Olís hefðu verið miklar vangaveltur um það hvort rétt væri að taka upp þetta gjald, en ekkert samráð hafi verið haft við hin félögin.<sup>959</sup>

<sup>956</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>957</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>958</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Eiríks Aðalsteinssonar, Halldórs Arnarssonar og framkvæmdastjórnar, dags. 10.7.1997 kl. 16:22.

<sup>959</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Samkeppnisráð telur þessa skýringu ekki trúverðuga. Orðalag tölvupóstsins gefur það skýrt til kynna að viðkomandi starfsmenn Olís áttu m.a. að kanna hverjar væru fyrirhugaðar aðgerðir á þessu sviði hjá OHF og Skeljungu. Ekki er sennilegt að viðskiptavinir búi almennt séð yfir slíkum upplýsingum. Þar fyrir utan segir forstjórinn í tölvupóstinum að það sé „til bóta“ ef keppinautarnir taki upp svipaðar aðgerðir á sama tíma. Önnur gögn málsins benda einnig til samvinnu olúfélaganna að þessu leyti.

Olís hefur bæði bréflega og munnlega lýst því yfir gagnvart Samkeppnisstofnun að fyrirtækið hafi tekið upp umrætt færslugjald á reikninga 1. október 1997. Forstjóri Olís hefur einnig haldið því fram að Skeljungur hafi tekið upp samskonar gjald fáeinum mánuðum á eftir Olís.<sup>960</sup> Gögn málsins sýna að hvorugt er rétt. Föstudaginn 31. október 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og greindi frá fundi ýmissa starfsmanna Olís fyrir um morguninn. Á fundinum hafi verið ákveðið að taka upp 130 kr. færslugjald gagnvart viðskiptavinum Olís. Jafnframt hafi verið ákveðið að taka upp 300 kr. vanskilagjald.<sup>961</sup> Þriðjudaginn 4. nóvember 1997 var haldinn forstöðumannafundur hjá Skeljungu. Í fundargerð segir að ákveðið hafi verið að innheimta sérstakt útskriftargjald fyrir reikninga og gíróseðla. Byrjað yrði að innheimta 130 kr. af hverjum útsendum gíróseðli frá og með 1. desember 1997. Síðan segir að ákveðið hafi verið að tekið yrði upp sendingargjald af öllum pöntunum undir ákveðnu verðmæti. Jafnframt kemur fram að til athugunar væri að taka leigugjald af búnaði og lausafé sem lánað hafi verið viðskiptavinum.<sup>962</sup> Samkvæmt þessu er ljóst að einungis einn heill virkur dagur hefur liðið milli þess að Olís og Skeljungur ákváðu að taka upp 130 kr. útskriftar-/færslugjald.

Þann 10.–14. nóvember 1997 fóru fram innan Skeljungs umræður um að hrinda í framkvæmd álagningu flutningsgjalds og útskriftargjalds. Var m.a. rætt um fyrirkomulag og upphæð flutningsgjaldsins. Einn starfsmanna Skeljungs lýsti yfir ánægju sinni með upplýsingar um að unnt væri að taka upp flutningsgjaldið bráðlega og spurði um útfærslu á útskriftargjaldinu. Síðan segir í tölvupósti hans:

*„Þórólfur<sup>963</sup> og Tommi<sup>964</sup> voru hér í hádeginu. Notaði ég tækifærið og sagði þeim frá þessum fyrirætlunum okkar. Olís hefur nú þegar tekið upp lágmarkssendingjald í þurrvörum, kr. 495 fyrir verðmæti innan 5000 kr. og vinnur að frekari útfærslu, nefndi smáskammtasendingar í gasolíu. Þórólfur*

<sup>960</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>961</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, 31.10.1997 kl. 10:22.

<sup>962</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu. Fundargerð þriðjudagsfundar, dags. 4.11.1997.

<sup>963</sup> Þórólfur Árnason framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF.

<sup>964</sup> Thomas Möller framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís

*staðfesti það, sem áður hafði heyrst úr þeirra herbúðum að umræða hefði verið í gangi, og kvaðst myndu herða á henni að þessari vitneskju fenginni.“*

Forstjóri Skeljungs svaraði og taldi enga þörf á frekari bið í málinu og hrinda ætti því í framkvæmd.<sup>965</sup> Þann 10. desember 1997 greindi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís m.a. framkvæmdastjórn Olís, og þeim starfsmönnum sem gerðu tillögu til forstjóra Olís um útskriftargjald í júlí 1997, frá samtali sínu við starfsmann Skeljungs:

*„ÁÓL<sup>966</sup> sagði að Shell væri búíð að taka upp útskriftargjald og hafi byrjað nú með útgáfu nóvemberreikninga. ÁÓL spurði hvernig þetta hafi gengið hjá Olís og sagði KBÓ<sup>967</sup> að við hefðum fengið færri umkvartanir en við áttum von á.*

*ÁÓL sagðist rukka útskriftargjald, með vsk 163, sem passar m.v. okkar 130 kr. án vsk. ... ÁÓL sagðist taka upp nýjar reglur á næsta ári, verið væri að undirbúa það. Í stórum dráttum ættu viðsk.menn með kort að greiða 10. dag næsta mánaðar, 20. dag næsta mánaðar reiknist dr. vextir og vanskilagjald (x krónur) og síðar innheimtubríf rukkaði 900 kr. vanskilagjald. Þetta hefði dregist að koma í framkvæmd þar [sem] birta þarf viðskiptamönnum þessa skilmála eins og ÁÓL orðaði það. ÁÓL sagðist einnig vera að vinna í að taka upp dagvexti. Var þá komið að aðalspurningu ÁÓL sem var að reyna að fiska upp hver yrði afkoma Olís 1997 ...“<sup>968</sup>*

Þessi tölvupóstur gefur til kynna nána samvinnu félaganna á þessu sviði. Þannig spyr Skeljungur Olís um reynslu fyrirtækisins af álagningu umrædds gjalds og Skeljungur greinir þessum keppinauti sínum frá fyrirhuguðum breytingum á viðskiptakjörum fyrirtækisins. Þá talar framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís um að það „passi“ þegar fyrir liggur að Skeljungur leggur útskriftargjald á viðskiptavini sína að sömu fjárhæð og Olís gerir.

Fjallað var einnig um álagningu gjalda í upphafi ársins 1998. Hjá forstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF fundust þrjú samskonar skjöl sem merkt eru Olís og eitt þeirra er til viðbótar merkt framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís.<sup>969</sup> Skjölin bera heitið „Afgreiðslugjöld hjá Olís“ og í þeim koma fram bæði gjöld sem Olís var á þessum tíma búíð að leggja á eins og t.d. flutningsgjald og útskriftar/færslugjald og tillögur að gjöldum sem Olís var að hugleiða á þessum tíma,

<sup>965</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Árna Ólafs Lárussonar, Kristins Björnssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 14.11.1997 kl. 13:01 og 13:12.

<sup>966</sup> Árni Ólafur Lárusson hjá Skeljungu.

<sup>967</sup> Kristján B. Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís.

<sup>968</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til m.a. framkvæmdastjórnar, Eiríks Aðalsteinssonar og Halldórs Árnasonar, dags. 10.12.1997 kl. 19:40.

<sup>969</sup> Þrjú skjöl sem fundust hjá OHF merkt „Afgreiðslugjöld hjá Olís“ (Hs. nr. 1013 og 3166).

t.d. smáafgreiðslugjald á eldsneytisþöntun undir 500 lítrum. Forstjóri OHF hefur skrifað á eintak sitt dagsetninguna 3. febrúar 1998. Þann sama dag var haldinn framkvæmdastjórnarfundur hjá OHF og var eftirfarandi bókað í fundargerð:

*„Borist hafa óskir frá Olís og Skeljungu um að taka upp afgreiðslu- og útskriftargjöld. Menn sammála um að ekki væri við komið útskriftargjöldum vegna OHF-korta. Ákveðið að setja á stofn vinnuhóp til að skoða afgreiðslu-/sendingargjöld.“<sup>970</sup>*

Aðspurður um framangreind skjöl Olís sem fundust hjá OHF hefur forstjóri Olís sagt að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá fyrirtækinu hafi ekkert haft með þessi mál að gera hjá Olís. Ítrekaði hann að Olís hafi tekið upp þessi gjöld án samráðs við hin félögin.<sup>971</sup> Samkeppnisráð telur þvert á móti að gögn málsins frá 1995–1998 sýni ótvírætt að umræddur framkvæmdastjóri Olís hafi gegnt hér lykilllutverki og að meginstefnu annast umfangsmikil samskipti við hin olíufélögin um hugsanlega álagningu gjalda á viðskiptavini þeirra.

Hér ber einnig að líta til þess að framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF lét af störfum um mitt ár 1998. Þá voru gerðar skipulagsbreytingar innan OHF og við tók m.a. starfsmaður sem varð framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda. Sá starfsmaður hafði gegnt starfi fjármálastjóra hjá OHF frá 1994. Þessi framkvæmdastjóri hefur upplýst að þegar hann tók við þessu nýja starfi 1998 hefði *„honum verið kunnugt um að fulltrúar olíufélaganna hefðu rætt um að taka upp gjöld fyrir þjónustu. Olíufélögin þrjú hefðu verið sammála um að slíkt væri nauðsynlegt.“<sup>972</sup>*

Framangreind gögn, sem sýna samskipti olíufélaganna bæði fyrir og eftir upptöku Skeljungs og Olís á útskriftargjöldum, benda eindregið til þess að olíufélögin hafi haft samvinnu um álagningu þeirra. Eins og framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hefur upplýst og greint er frá hér að framan komst OHF að sameiginlegri niðurstöðu með hinum félögunum um þörf á þessari gjaldtöku en félagið náði ekki að hrinda þessu í framkvæmd. Eins og gögnin frá OHF sýna reyndu Skeljungur og Olís í febrúar 1998 að fá OHF til þess að hefja þessa gjaldtöku og tók fyrirtækið það til skoðunar. Engin gjöld voru hins vegar tekin upp hjá OHF á árinu 1998 en umfjöllun um frekari gjaldtöku hélt áfram milli félaganna, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Að mati samkeppnisráðs sýna framangreind gögn umtalsvert samráð milli olíufélaganna um tiltekið form verðhækkunar, þ.e. um að leggja gjöld á viðskiptavini sína. Er þetta hluti af víðtækara verðsamráði olíufélaganna.

<sup>970</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 3.2.1998 (Hs. nr. 1360).

<sup>971</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>972</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.



Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið staðfesti að olíufélögin hafi verið sammála um að leggja á flutningsgjöld. OHF hafi hins vegar ekki verið tilbúið til að leggja á slík gjöld og „*komst samkomulagið því aldrei á.*“ OHF kannist hins vegar ekki við neitt samstarf við hin félögin um útskriftargjöld. Samkeppnisráð bendir hér hins vegar á að gögn málsins sýna, þvert gegn staðhæfingum OHF, fram á samráð olíufélaganna þriggja varðandi útskriftargjald. Nægir hér að vísa til tölvupósts Skeljungu frá 14. nóvember 1997 og gagna OHF frá 3. febrúar 1998. Það hefur engin áhrif á ólögmati þessa samráðs þó OHF hafi á þessum tíma kosið að leggja ekki þetta gjald á.

## 2.7. Niðurstaða

Eftirfarandi tafla lýsir verðbreytingum olíufélaganna á helstu tegundum eldsneytis á árinu 1997. Í töflunni er aðeins sýnt þegar verð breytist. Auður reitur merkir því að verð viðkomandi félags á viðkomandi eldsneytistegund er óbreytt frá því að það breyttist síðast.

### **Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1997**

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttu)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
16.01.1997	Olís						18.200
18.01.1997	Olíufélagið						18.200
20.01.1997	Skeljungur						18.200
01.02.1997	Olíufélagið	77,90	82,60	32,10	27,10	22,90	18.850
01.02.1997	Skeljungur	77,90	82,60	32,10	27,10	22,90	18.850
01.02.1997	Olís	77,90	82,60	32,10	27,10	22,90	18.850
01.03.1997	Olíufélagið	77,50	82,20	31,70	26,70	22,50	
01.03.1997	Skeljungur	77,50	82,20	31,70	26,70	22,50	
01.03.1997	Olís	77,50	82,20	31,70	26,70	22,50	
02.04.1997	Olíufélagið			30,70	25,70	21,50	
03.04.1997	Skeljungur			30,70	25,70	21,50	
03.04.1997	Olís			30,70	25,70	21,50	
01.05.1997	Olíufélagið			30,00	25,00	20,80	
01.05.1997	Skeljungur			30,00	25,00	20,80	
01.05.1997	Olís			30,00	25,00	20,80	

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1997

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttar)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
15.07.1997	Olíufélagið	76,00	80,70	28,20	23,20	19,00	17.050
15.07.1997	Skeljungur	76,00	80,70	28,20	23,20	19,00	17.050
15.07.1997	Olís	76,00	80,70	28,20	23,20	19,00	17.450
01.08.1997	Olíufélagið	77,40	82,10				
01.08.1997	Skeljungur	77,40	82,10				
01.08.1997	Olís	77,40	82,10				
22.08.1997	Skeljungur	79,30	84,00				
23.08.1997	Olíufélagið	79,30	84,00				
23.08.1997	Olís	79,30	84,00				
01.11.1997	Olíufélagið			28,80	23,80	19,60	17.550
01.11.1997	Olís			28,80	23,80	19,60	17.550
02.11.1997	Skeljungur			28,80	23,80	19,60	17.550
04.12.1997	Olíufélagið	78,30	83,00				
04.12.1997	Skeljungur	78,30	83,00				
04.12.1997	Olís	78,30	83,00				
23.12.1997	Olíufélagið	77,20	81,90				
29.12.1997	Skeljungur	77,20	81,90				
29.12.1997	Olís	77,20	81,90				

Eins og fram hefur komið hefur OHF greint frá því að fram á árið 1997 hafi olíufélagin að meginreglu haft með sér samvinnu um verðlagningu á eldsneyti en eftir þann tíma hafi félögin „*ekki ræðst eins oft saman og áður*“. Sambandið við Olís hafi hins vegar verið nánara en við Skeljungur að þessu leyti eftir 1997 þar sem forstjóri OHF hafi að beiðni forstjóra Olís heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa Olís um verðákvæðanir OHF áður en þær voru birtar opinberlega. Samkvæmt OHF hafi Olís jafnframt gegnt einhverju milliliðahlutverki gagnvart Skeljungu eftir 1997. Þannig hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF upplýst að honum væri kunnugt um dæmi þess að upplýsingar sem Olís hafi fengið frá OHF um fyrirhugaðar verðbreytingar hafi borist til Skeljungu.

Olís hefur sagt að fram á mitt ár 1997 hafi meginreglan verið sú að olíufélagin hefðu haft samvinnu í tengslum við verðbreytingar. Vorið 1997 hafi nýr maður tekið við

verðlagningarmálum hjá félaginu og eftir það hafi slíkum samskiptum „að mestu“ verið hætt. Við þessu mannskipti hafi sérstaklega verið rætt um að breyta þessu eldra verklagi og forðast samskipti við hin félögin um verðlagsmál. Þessi starfsmaður Olís hafi hins vegar verið í miklum samskiptum við hin félögin í tengslum við sameiginleg innkaup á eldsneyti og á þeim fundum hafi félögin yfirleitt reynt „að fiska“ hvert annað um verðlagningaráform. Forstjóri Olís kveðst ekki kannast við að hafa óskað eftir því við OHF að fá að vita um fyrirhugaðar verðbreytingar þess félags og kveðst ekki skilja hvaða gagn Olís ætti að hafa haft af því.

Af þessu má ljóst vera að OHF byggir ekki á því að eðlisbreyting hafi orðið á þessari samvinnu í verðlagsmálum eftir 1997 en fyrirtækið fullyrðir að það hafi dregið úr henni. Olís virðist hins vegar halda því fram að slík eðlisbreyting hafi orðið við umrædd mannskipti hjá félaginu. Reglubundinni samvinnu hafi verið hætt en einhvers konar lausleg og tíð upplýsingaskipti í verðlagsmálum hafi átt sér stað. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís sem starfaði hjá félaginu út árið 2000 heldur því á hinn bóginn fram að þetta samstarf félaganna hafi ekkert breyst. Nánari grein verður gerð fyrir upplýsingum hans síðar.

Framangreind umfjöllun um árið 1997 sýnir ekki neina eðlisbreytingu á samstarfi félaganna vorið 1997. Hún sýnir jafnframt að hinn nýi starfsmaður Olís í verðlagsmálum tók virkan þátt í samskiptum við keppinauta Olís. Fæst því ekki séð að unnt sé fallast á þá staðhæfingu Olís að eðlisbreyting hafi orðið á samstarfi félaganna í verðlagsmálum um mitt ár 1997. Umfjöllunin til þessa sýnir því að mati samkeppnisráðs umfangsmikið og reglubundið samráð olíufélaganna varðandi verðlagningu eldsneytis frá 1993 til og með árinu 1997.

Framangreind tafla sýnir mikið samræmi í verðbreytingum olíufélaganna á árinu 1997. Verðbreytingarnar voru í flestum tilvikum hinar sömu og bar upp á sama dag. Samhliða hegðun af þessum toga getur undir vissum kringumstæðum falið í sér sönnun fyrir samvinnu viðkomandi keppinauta. Í máli þessu þarf hins vegar ekki að taka afstöðu til þess. OHF og Olís ber eins og áður sagði saman um það að fram á árið 1997 hafi olíufélögin að meginreglu haft samvinnu um allar verðbreytingar á eldsneyti. Til viðbótar þessu hefur samkeppnisráð hér að framan gert grein fyrir umfangsmikilli samvinnu og samskiptum olíufélaganna í verðlagsmálum eldsneytis á árinu 1997. Þar fyrir utan höfðu olíufélögin mikla samvinnu á árinu 1997 varðandi t.d. verðlagningu á gasi, smurolíu, við gerð tilboða og í sölu til erlendra skipa. Þegar þessar verðbreytingar eru skoðaðar með hliðsjón af umræddri samvinnu er það mat samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft með sér víðtækt samráð um verðbreytingar á eldsneyti á árinu 1997.

Auk þessarar reglubundnu samvinnu í tengslum við verðbreytingar eldsneytis sýnir framangreind umfjöllun m.a. þetta varðandi samstarf olíufélaganna í verðlagsmálum á árinu 1997:

- Olíufélögin ákváðu í lok árs 1996 að vinna saman að því að auka álagningu á eldsneyti og bæta þar með framlegð félaganna af þessum viðskiptum. Á árinu 1997 unnu félögin að þessu markmiði. Olíufélögin ákváðu m.a. að ná upp framlegð um 0,70 kr./ltr. á öllum tegundum eldsneytis.
- Olíufélögin ákváðu saman að hækka gasolíu til landnotkunar um 1 kr./ltr.
- Olíufélögin ákváðu í samráði að hætta eða draga úr sjálfsafgreiðsluafslætti á bensínstöðvum á landsbyggðinni.
- Olíufélögin ákváðu sameiginlega að taka upp flutningsgjald og útskriftargjald á viðskiptavini sína.
- Olíufélögin hittust á fundum og ræddu aðgerðir til að takmarka afslátt til viðskiptavina og Olís og Skeljungur samræmdu afslátt sinn til SVFÍ á Vestfjörðum.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að háttsemi félagsins í tengslum við verðlagningu eldsneytis á árinu 1997 hafi að einhverju leyti brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hins vegar sé um að ræða afmörkuð og takmörkuð tilvik sem ekki séu hluti af stærri heild. Sú mynd sem dregin sé upp í frumathugun II sé því röng. OHF heldur því einnig fram að það sé rangt að í upplýsingum félagsins felist að ekki hafi orðið nein eðlisbreyting á verðsamráði félaganna eftir 1997. Eftir 1997 hafi OHF veigrað sér við að ganga til samstarfs við hin félögin og leitast við að takmarka þau. Jafnvel þó talið verði að samstarf félaganna fyrir 1997 hafi falið í sér vísi að samfelldu samráði sé ljóst að eftir 1997 sé um ræða afmörkuð undantekningartilvik.

Í þessum kafla hefur samkeppnisráð reifað gögn frá olíufélagunum sem bera með sér víðtækt áframhaldandi verðsamráð. Ekkert í málatilbúnaði OHF getur réttlætt þá niðurstöðu að um hafi verið að ræða afmörkuð tilvik. Þessi málsástæða er mjög ósennileg og í ósamræmi við skýr gögn málsins sem gerð hefur verið grein fyrir. Í köflunum hér á eftir verður fjallað um verðsamráð félaganna eftir 1997. Samkeppnisráð vill þó taka hér fram að ráðið fellst ekki á að hafa mistúlkað upplýsingar frá OHF. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF, sem ábyrgð bar á verðlagsmálum fyrirtækisins, hefur greint frá því að fram á árið 1997 hafi það verið meginreglan að olíufélögin „*báru saman bækur sínar áður en verðbreytingar voru ákveðnar.*“ Í þessu hafi samkvæmt framkvæmdastjóranum falist að viðkomandi starfsmenn félaganna hafi hist á fundum eða haft samband í síma. Starfsmennirnir hafi kynnt hver öðrum niðurstöður sínar um þörf á verðbreytinum og komist að sameiginlegri niðurstöðu um hver verðbreytingin ætti að vera. OHF heldur því ekki fram að þessi lýsing framkvæmdastjórans sé röng. Að mati samkeppnisráðs er þessi lýsing afar skýr og efnislega samhljóða upplýsingum frá Olís og í samræmi við önnur gögn málsins. Aðspurður um gögn sem sýna verðsamráð eftir 1997 hefur umræddur

framkvæmdastjóri sagt að eftir þann tíma hafi „dregið úr slíku samstarfi og olíufélagin ekki ræðst eins oft saman og áður um þetta málefni“, sbr. fundargerð með OHF frá 3. desember 2002. Þessi framburður er skýr og í honum felst að OHF heldur því ekki fram að eðlisbreyting hafi orðið á verðsamráðinu eftir 1997 heldur hafi umfang þess minnkað. Ekki er því um það að ræða að upplýsingar OHF hafi verið mistúlkaðar.

Í athugasemdum OHF er því mótmælt að samhliða hegðun olíufélaganna geti falið í sér sönnun á ólögum samráði. Þetta sjónarmið OHF er í ósamræmi við grunnviðhorf í samkeppnisrétti og skýr ummæli í lögskýringagögnum, sbr. t.d. athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 8/1993.<sup>973</sup> Hér ber einnig að líta til þess að sönnun á framangreindu ólögum samráði olíufélaganna er ekki eingöngu reist á samhliða hegðun olíufélaganna á markaðnum. Þess í stað byggir sönnunin á skýrum samtímagögnum sem rituð voru án tengsla við eftirfarandi rannsókn og hafa því ríkt sönnunargildi, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Jafnframt byggir hún á ótvíráðum efnislega samhljóða framburði æðstu stjórnenda OHF og Olís. Hin samhliða hegðun olíufélaganna í verðbreytingum er í fullu samræmi við þessi gögn og upplýsingar. Í slíkum tilvikum verða viðkomandi fyrirtæki ekki einungis að sýna fram á aðra skýringu á samskonar hegðun á markaði heldur einnig að hnekkja þeim staðreyndum sem leiða má af málsskjölum.<sup>974</sup> Það hefur OHF ekki gert.

### 3. Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 1998

#### 3.1. Atvik frá janúar til maí 1998

Hjá framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF fannst ódagsettur tölvupóstur hans til forstjóra OHF. Efni hans er sagt vera verðbreytingar. Í tölvupóstinum segir þetta:

*„Í frétt á bylgjunni er sagt frá verðlækkunum og jafnframt að Skeljungur hafi riðið á vaðið og við fylgt í kjölfarið. Það er erfitt að leiðrétta slíka frétt vegna samráðsásakana og gott í sjálfu sér að greinilega kemur fram að eitt félag ríði á vaðið og aðrir fylgja í kjölfarið. Hitt er verra að Skeljungur hælir sér af verðlækkunum. Ég legg til að hér eftir munum við einhliða lækka verð.“<sup>975</sup>*

<sup>973</sup> Sjá t.d. einnig *Samkeppnisreglur* eftir Stefán Má Stefánsson. Á bls. 152 segir m.a.: „Það er sönnunatriði hverju sinni hvort tiltekin lík eða sambærileg hegðun fyrirtækja á markaðnum stafar af ólöglegu samráði ... eða vegna leyfilegrar samkeppni eingöngu.“

<sup>974</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.

<sup>975</sup> Ódagsettur tölvupóstur frá Bjarna Bjarnassyni til Geirs Magnússonar (Hs. nr. 1328).

Aðspurður um dagsetningu þessa tölvupósts sagði framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF að hann væri trúlega frá árinu 2001 en kvaðst myndu kanna það betur.<sup>976</sup> Kvaðst framkvæmdastjórinn ekki geta á því stigi skýrt efni póstsins. Samkeppnisstofnun barst síðan útskýring framkvæmdastjórans á tölvupóstinum. Þar er sagt að ekki sé vitað hver tímasetning hans sé þar sem tölvupósturinn hafi ekki verið sendur heldur aðeins prentaður út.<sup>977</sup> Allt bendi þó til þess að hann sé eldri en frá 1. desember 1997. Í frumathugun II voru hins vegar færð fyrir því rök að líklegt sé að þessi tölvupóstur sé ritaður á árinu 1998. Því er ekki mótmælt af hálfu OHF í athugasemdum við frumathugun II og er við það miðað í málinu. Í útskýringum framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF er bent á að á þessum tíma hafi hann og forstjóri OHF farið með endanlega ákvörðun í verðlagsmálum. Framkvæmdastjórar markaðssviða OHF hafi hins vegar í kjölfar „þrýstings“ komið að umræðu um verðbreytingar. Því er haldið fram í skýringum OHF að orðalag tölvupóstsins vísi til innanhúságreinings hjá OHF um „*aðgerðir sem Bjarni*“<sup>978</sup> *hefur ekki náð fram, þar sem fleiri en hann og GM*<sup>979</sup> *komu að málum*“. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er þetta áréttað og beinlínis sagt að í tölvupóstinum leggi framkvæmdastjórinn hjá OHF til „*að hér eftir taki hann og forstj. umbj. okkar einhliða ákvörðun um verðbreytingar án samráðs við aðra framkvæmdastjóra félagsins.*“ Hafi framkvæmdastjórinn þarna talið nauðsynlegt að flýta ákvarðanatökunni svo að Skeljungur yrði ekki verðleiðandi á markaðnum.

Samkeppnisráð telur þessa skýringu mjög ótrúverðuga. Hvergi í tölvupóstinum er vísað til samskipta við aðra framkvæmdastjóra hjá OHF eða minnst á hið meinta vandamál sem á að hafa falist í tafsömum afskiptum þeirra af verðlagningu félagsins. Verður að ætla að hafi þetta meinta vandamál verið meginefni tölvupóstsins þá hefði það með einhverjum hætti komið fram í honum. OHF hefur heldur ekki lagt fram nein gögn frá þessum tíma sem styðja skýringu félagsins. Orðalag tölvupóstsins er skýrt. Í honum lýsir yfirmaður verðlagsmála hjá OHF því yfir að Skeljungur hafi ranglega í fjölmiðlum gefið til kynna að það félag hafi lækkað verð fyrst. Það sé hins vegar erfitt að leiðrétta slíkt vegna „*samráðsásakana*“ og í sjálfu sér sé gott að þessar röngu upplýsingar um frumkvæði Skeljungs komi fram. Síðan leggur framkvæmdastjórinn til að „*hér eftir munum við einhliða lækka verð.*“ Þetta verður ekki skilið öðruvísi en olíufélögin hafi haft samvinnu um þessa verðbreytingu og vegna pírings eða óánægju með villandi upplýsingar Skeljungs vilji framkvæmdastjórinn hætta slíkri samvinnu í tengslum við verðlækkanir á eldsneyti.

Í fréttum Ríkisútvarpsins (RÚV) 30. janúar 1998 var greint frá því að útreikningar ótilgreindra sérfræðinga benti til þess að álagning olíufélaganna á bensíni væri hærri á þessum tíma en á árinu 1997. Segir í fréttinni að þetta merki að þrátt fyrir stórlækkað

<sup>976</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>977</sup> Gagn frá OHF. Útskýring á ódagsettum tölvupósti Bjarna Bjarnasonar til Geirs Magnússonar.

<sup>978</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>979</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

innkaupsverð á bensíni hafi það ekki lækkað samsvarandi mikið í smásölu. Að morgni 2. febrúar 1998 framsendi aðstoðarforstjóri Skeljungs útskrift af þessari frétt RÚV til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF.<sup>980</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF hefur greint frá því að hann hafi þennan dag rætt við aðstoðarforstjóra Skeljungs og ekki sé útilokað að samtal þeirra hafi snúist um þessa frétt RÚV um álagningu olíufélaganna.<sup>981</sup> Samkeppnisráð telur ljóst að þessar umræður hafi snúist um þessa frétt. Af tölvupóstum frá Skeljungum megi ráða að mikil áhersla hafi verið lögð á það að komast að því hverjir væru heimildarmenn RÚV. Rétt fyrir hádegi 2. febrúar 1998 sendi forstöðumaður kynningarsviðs hjá Skeljungum tölvupóst til m.a. forstjóra og aðstoðarforstjóra Skeljungs og sagði frá því að hann hafi komist að því að heimildarmenn RÚV væru hagfræðingar í Seðlabankanum. Aðstoðarforstjórinn svarar og segist ætla að fá tiltekinn starfsmann Seðlabankans til þess að sverja þetta af sér og geri hann það ætli hann að „ganga hart að honum“.<sup>982</sup> Skeljungur upplýsti OHF síðar sama dag um það hverjir væru heimildarmenn RÚV. Þetta kemur fram í eftirfarandi tölvupósti framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF til m.a. forstjóra félagsins:

*„Skeljungur hefur fengið staðfest að heimildarmenn séu Seðlabankinn en þeir hafa fengið upplýsingar frá öllum félögum um útsöluverð og platts. Ég hef beðið MÁ<sup>983</sup> að bíða með að senda það sem þeir báðu um nýlega. Skeljungur ætlar að senda Seðlabankanum bréf varðandi málið.“<sup>984</sup>*

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að frétt RÚV hafi fjallað um viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar OHF og keppinauta fyrirtækisins. Það sé ekki óeðlilegt að reynt sé að komast að því hvaðan upplýsingarnar bárust fjölmiðlum og hvorki óeðlilegt né ólöglegt að fyrirtæki ræði slíkan fréttaflopp sín á milli. Fyrirtækið mótmælir því að það hafi brotið samkeppnislög með þessum samskiptum og að þau bendi til annarra brota.

Framangreind gögn sýna að OHF og Skeljungur báru saman bækur sínar vegna fréttar um aukningu á álagningu olíufélaganna á bensíni. Þegar það er skoðað með hliðsjón af samvinnu félaganna t.d. á árinu 1997 verður að telja að ástæða þessara samskipta vegna fréttar RÚV sé vegna áframhaldandi samstarfs félaganna í verðlagsmálum og sameiginlegri viðleitni til að auka álagningu og bæta þar með framlegð. Í því sambandi verður og að horfa til þess að upplýsingar um álagningu fyrirtækja eru mjög viðkvæmar trúnaðarupplýsingar, eins og OHF bendir á. Verður því að ætla að

<sup>980</sup> Tölvupóstur frá Gunnari Karli Guðmundssyni hjá Skeljungum til Bjarna Bjarnasonar hjá OHF, dags. 2.2.1998 kl. 8:50 (Hs. nr. 1329).

<sup>981</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>982</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungum. Milli Gunnars Kvaran, Gunnars Karls Guðmundssonar, Margrétar Guðmundsdóttur og Kristins Björnssonar, dags. 2.4.1998 kl. 11:30 og 15:44.

<sup>983</sup> Magnús Ásgeirsson innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF.

<sup>984</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnasyni til Geirs Magnússonar og Þórólfs Árnasonar, dags. 2.2.1998 kl. 17:15.

fyrirtæki í heiðarlegri samkeppni forðist öll samskipti við keppinauta sína sem með beinum eða óbeinum hætti varða þessi viðkvæmu atriði. Jafnframt verður að hafa hér í huga að ákvæði 10. gr. samkeppnislaga krefjast fullkomins sjálfstæðis milli keppinauta um alla þætti verðlagningar. Í því felst bann við samvinnu þegar opinberlega er sett fram gagnrýni á t.d. verðhækkun viðkomandi fyrirtækja, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/2004.

Hjá OHF fannst útskrift af frétt RÚV frá 17. apríl 1998 um hækkun OHF og Skeljungs á steinolíu í umbúðum. Einnig fannst minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF, dags. 17. apríl 1998, þar sem fram kemur tiltekið verð olíufélaganna á steinolíu.<sup>985</sup> Í byrjun maí 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá fyrirtækinu. Meginefni tölvupóstsins er um samráð olíufélaganna þriggja varðandi verðlagningu á gasi, sbr. nánar kafla VI 8.3. Í lok tölvupóstsins er hins vegar minnst á steinolíu og þar segir:

*„Siggi Kr.<sup>986</sup> hringdi í mig í dag og kvartaði yfir því hve við værum mikið ódýrari en þeir í steinolíu. Þeir selja tunnuna á 7000 kr. á meðan við og Esso erum að selja á 6300 kr.“<sup>987</sup>*

Eins og gerð verður grein fyrir hittust OHF, Olís og Skeljungur á fundi 11. nóvember 1998 og fjölluðu þar um fjölmörg verðlagsmál, m.a. verð á steinolíu, sbr. kafla VI 3.7 hér á eftir. Í eftirfarandi umfjöllun er einnig sýnt fram á slíkt samráð á árunum 1999 og 2000. Þegar þessi gögn frá apríl, maí og nóvember 1998 eru virt saman telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi fjallað sameiginlega um verðlagningu á steinolíu á árinu 1998.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því mótmælt að félagið hafi tekið þátt í slíku samráði og sagt að gögnin frá apríl og maí 1998 geti ekki sannað þetta. Ekki er hins vegar minnst á gagn frá OHF sem sýnir umræðu um steinolíu á fundi félaganna 11. nóvember 1998. Ekki er því unnt að fallast á það með OHF að félagið hafi ekki tekið þátt í þessu samráði.

Þann 27. apríl 1998 sendi innkaupastjóri OHF á eldsneyti tölvupóst til aðstoðarforstjóra Skeljungs og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís og tilkynnti að fresta þyrfti fundi um 30 mínútur sem halda ætti 28. apríl 1998 og var það samþykkt. Umræddir framkvæmdastjórar hjá Skeljungu og Olís báru ábyrgð á verðlagsmálum félaganna ásamt því að annast innkaup á eldsneyti. Eins og fjallað

<sup>985</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar með yfirskriftinni „Steinolia“, dags. 17.4.1998 (Hs. nr. 3167).

<sup>986</sup> Sigurður Kr. Sigurðsson forstöðumaður söludeildar á smásölusviði Skeljungs.

<sup>987</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 4.5.1998 kl. 17:40.



verður um síðar hefur innkaupastjóri OHF komið að verðákvörðunum félagsins, ásamt framkvæmdastjóra fjármálasviðs sem ábyrgð bar á þeim málaflokki innan OHF. Var innkaupastjórinn undirmaður framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF. Sama dag og þessi fundur félaganna var haldinn ritaði framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF eftirfarandi orðsendingu til forstjóra OHF:

„28/4/98

*Geir.*

*Menn eru á því að gera ekkert í bensíni, svartolíu og gasolíu en lækka flotaolíu og flotadísél um kr. 0,50 með VSK. Ég hringi í þig á fimmtudagsmorguninn út af þessu.*<sup>988</sup>

Í byrjun maí 1998 lækkuðu öll olíufélögin verð á flotaolíu/skipagasolíu um 50 aura á lítra en engin breyting varð á verði bensíns, svartolíu og gasolíu. Þegar horft er til fundar félaganna og orðalags orðsendingarinnar telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi haft samráð um þessa verðákvörðun. Ekki er ljóst hvort megintilgangur umrædds fundar var umræða um verðlagsmál eða t.d. um innkaup á eldsneyti. Í því sambandi má rifja upp að Olís hefur sagt að á fundum olíufélaganna varðandi innflutningsmál hafi fulltrúar félaganna reynt að „fiska“ hvern annan varðandi verðlagningaráform. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að „samskipti starfsmanns hans við starfsmenn hinna olíufélaganna kunna að hafa leitt til þess að olíufélögin breyttu verðum sínum á sama hátt í maí 1998.“

Fjölmarginir tölvupóstar milli innkaupastjóra OHF á eldsneyti, aðstoðarforstjóra Skeljungs og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís á tímabilinu 4. maí til 23. júlí 1998 sýna að olíufélögin ákváðu sameiginlega verð á eldsneyti sem selt var Úthafsolíu ehf. sem þau áttu í sameiningu.<sup>989</sup> Í athugasemdum sínum staðfestir OHF að félögin hafi haft samráð um verð til þessa fyrirtækis. OHF heldur því hins vegar fram að samráð þetta hafi ekki brotið 10. gr. samkeppnislaga þar sem um hafi verið að ræða fjórhliða samning OHF, Olís, Skeljungs og Úthafsolíu „þar sem allir stunduðu viðskipti á þeim forsendum að ákveðið yrði eitt sameiginlegt verð í viðskiptunum.“ Telur OHF að samkeppnislög geti ekki skert samningsfrelsi svo mikið að keppinautar geti ekki verið aðilar að fjölhliða viðskiptasamningum. Samkeppnisráð bendir hér á að sú staðreynd ein og sér að keppinautar eigi saman fyrirtæki heimilar þeim ekki að ákveða sameiginlega verð á vöru sem viðkomandi fyrirtæki kaupir af þeim. Jafnframt skiptir engu um lögmæti verðsamráðs hvort það er

<sup>988</sup> Orðsending Bjarna Bjarnasonar til Geirs Magnússonar, dags. 28.4.1998 (Hs. nr. 3165).

<sup>989</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Gunnar Karls Guðmundssonar Skeljungu, Magnúsar Ásgeirssonar OHF og Samúels Guðmundssonar Olís, 4.5.1998 kl. 8:50 og 10:01, 5.5.1998 kl. 22:41, 8.5.1998 kl. 8:45 og 13:16, 18.5.1998 kl. 22:47, 19.5.1998 kl. 13:28, 20.5.1998 kl. 14:51, 26.5.1998 kl. 9:26, 10:07, 12:21 og 13:31, 13.7.1998 kl. 9:13, 23.7.1998 kl. 21:38 og 21:42.

stundað á grundvelli marghliða samnings eða ekki. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga bannar allt verðsamráð milli keppinauta, alveg án tillits til forsendna eða markmiða slíks samráðs. Ef olíufélögin töldu slíkt verðsamráð nauðsynlegt varðandi samskipti við Úthafsolíu var þeim í lófa lagið að láta reyna á undanþáguákvæði 16. gr. samkeppnislaga, sem þau gerðu ekki.

Þann 5. maí 1998 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjórnar OHF og greindi frá því að fram hefði komið í samtali hans við forstöðumann innri endurskoðunar hjá Olís að félagið greiddi 0,28 kr. á lítra í umboðslaun áfram eins og verið hefði. Þessi starfsmaður hafi ekki viljað meina að Olís hefði lagt þetta niður og greitt þess í stað fasta upphæð. Forstjóri OHF svaraði og sagði að þetta væri „*ekki í takt við það sem við erum að tala um á Egilstöðum og Húsavík*“. Spyrði hann framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hvað unnt væri að gera.<sup>990</sup> Tengt þessu eru tveir tölvupóstar Olís frá ágúst 1998. Þann 7. ágúst 1998 sendi forstöðumaður innri endurskoðunar hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins og greindi frá því að OHF væri búíð að hækka sölulaunin hjá sér og hann viti ekki til þess að Olís ætli að gera það sama. Forstöðumaðurinn segir frá því að hann hafi beðið OHF að upplýsa hvort félagið hafi haft samband við einhvern hjá Olís um þetta. Segist forstöðumaðurinn telja að OHF eigi að leiðrétta sína reikninga nema OHF hafi „*með formlegum hætti gert samkomulag við einhvern okkar um hækkunina*“. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís sendi í tilefni þessa tölvupósts til m.a. forstjóra Olís og sagði að hann væri ekki lengur með þetta mál. Sölulaunin væru hluti verðlagsmála sem heyrðu undir framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar.<sup>991</sup> Sá framkvæmdastjóri svaraði tölvupóstinum með þessum hætti: „*Það hefur ekkert verið talað um breytingu á sölulaunum. Hvorki Olís né Shell hafa breytt sínum sölulaunum. Ég er sammála Bjarka um að það er óeðlilegt að Esso breyti sölulaunum sínum einhliða*“.<sup>992</sup> Þessir tölvupóstar sýna áframhaldandi samráð milli félaganna varðandi ákvörðun umboðs/sölulauna sem er einn þáttur verðlagsmála.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að OHF hafi átt í takmörkuðum samskiptum við Olís og Skeljung um sölulaun/umboðslaun á árinu 1998. Hins vegar mótmælir OHF „*því að hafa brotið gegn samkeppnislögum með þessum samskiptum sínum og telur að samskipti um launamál og aðra þætti rekstrarins sem greiða þarf seljendum þeirra þátta fyrir, ekki vera samráð. Olíufélögin eru ekki í sporum seljenda heldur kaupenda í þessum tilvikum. Í eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga kemur*

<sup>990</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Bjarna Bjarnasonar, Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 5.5.1998 kl. 13:42 og 14:28.

<sup>991</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ólafi Bjarka Ragnarssyni til framkvæmdastjórnar og frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar, Samúels Guðmundssonar, Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 7.8.1998 kl. 12:01.

<sup>992</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Kristjáns B. Ólafssonar, Einars Benediktssonar, Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 10.8.1998 kl. 9:26.

*fram að tilteknaðar aðgerðir fyrirtækja á sama „sölustigi“ séu bannaðar. Olúfélögin eru ekki seljendur í þessu sambandi heldur eru umboðsmennirnir seljendur vinnu sinnar sem olúfélögin greiða fyrir. Því fellur meint samráð um sölulaun utan banns 10. gr. samkeppnislaga. Breytir engu um þó ákvörðun umboðslauna hafi verið á könnu þess sem sá um verðlagsmál hjá einhverju olúfélaganna.“*

Samkeppnisráð bendir í fyrsta lagi á að umboðsmenn olúfélaganna teljast ekki launþegar og því síður teljast umboðslaun til þeirra vera laun eða önnur starfskjör í skilningi 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Þessi atriði falla því undir gildissvið samkeppnislaga. Í öðru lagi er ljóst að umboðslaun er einn þeirra kostnaðarliða sem mynda verð á eldsneyti og eru ákvörðuð sem tiltekin fjárhæð af verði hvers eldsneytislítra. Ljóst er því að samráð um fjárhæð umboðslauna hefur bein áhrif á eldsneytisverð, enda er skýrlega tekið fram í tölvupósti Olís frá 7. ágúst 1998 að sölulaun séu hluti verðlagsmála. Einnig liggur fyrir að í verðsamráði í skilningi samkeppnisréttar felst samráð um ákveðna þætti sem mynda verð viðkomandi vöru.<sup>993</sup> Í þriðja lagi fær samkeppnisráð ekki fyllilega skilið röksemdir OHF um hugtakið sölustig í 10. gr. samkeppnislaga og að félagið hafi í þessu tilviki ekki verið seljandi. Fyrir liggur að OHF hafði samráð við keppinauta sína um einn kostnaðarþátt í verði eldsneytis og það fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Um mitt ár 1998 lét framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF af störfum. Gerðar voru skipulagsbreytingar hjá OHF og markaðssviði skipt upp í smásölu og stórnotendur. Sá einstaklingur sem tók við stöðu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hafði frá 1994 gegnt stöðu fjármálastjóra OHF. Lét hann af störfum hjá OHF í árslok 2001. Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjórann hvernig hann hefði upplifað verðlagningarmál og samstarf olúfélaganna um þau, þegar hann tók við hinu nýja starfi sínu um mitt ár 1998. Í svari hans segir að honum hafi fundist sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs og forstjóri OHF sætu einir með þessi mál og aðrir innan félagsins kæmu þar hvergi nærri. Hefði hann verið pirraður á fyrirvaralausum verðbreytingum. Síðar hefðu stjórnendur á markaðssviði haft meiri áhrif á ákvarðanir í verðlagsmálum. Síðan segir í svari hans:

*„Aðspurður sagði RB að hann hefði haft á tilfinningunni að samtöl ættu sér stað milli stjórnenda olúfélaganna um þessi mál, en BB<sup>994</sup> hefði haft með þessi mál að gera.“<sup>995</sup>*

<sup>993</sup> Sjá t.d. XXIV. skýrslu framkvæmdastjórnar EB um samkeppnismál.

<sup>994</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>995</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

### 3.2. Þrjár fundir forstjóra olíufélaganna í maí 1998

Þann 8. maí 1998 hittust forstjórar olíufélaganna á fundi hjá Skeljungum.<sup>996</sup> Samkvæmt minnisþingum forstjóra OHF hafa forstjórnarnir m.a. rætt um svartolíuinnflutning, hvort Gasfélagið ætti að hefja samkeppni við Ísaga í sölu á súr og samvinnu í sölu olíu á úthafinu.<sup>997</sup> Forstjórar olíufélaganna hittust síðan aftur 20. maí 1998.<sup>998</sup> Forstjóri OHF ritaði vegna fundarins þessa minnisþinga:

ESSO <sup>999</sup>	Fundur	20.05.98
		KB EB GM
Opnunartími	X	Skeljungur, eftir kl. 11:30 er fullt verð á bensín í sjálfsala ef gr. er inni
	X	Launakostn. 24 tíma er vonlaus
	X	Ánanaust break even 2.300 þl. 8% arðsemiskrafa
	X	+8 menn í Öskjuhl. 20 mkr ári
	X	+ 20 mkr. viðbótarfjárfesting
	X	Kanna m/eina stöð pr. félag
		x mögul. helgaropnun.
Ábyrgðir v/verktaka/		Tala saman – gera ekki áb.
Afslættir	X	EB tank á stað = afslátt á kort
4X4 klúbbur Akureyri	X	
Skiptistöðvar	X	Skoða nánar boltinn hjá GM
Fjölver	X	Línuhönnun? aðrir eigendur Verðmeta RB, ÁÁ-KB
Gasfélagið	X	Esso Höfum ekki áhuga á að GAS verði markaðsfyrirtæki
Svartolía	X	Gr. umsjón fyrir innkaupastýringu.
SVR	X	Texti Gunnar Karl
Gissur AR /Bíldudal / Héraðsverk fékk ekki áb. hjá Skeljungum KB.		

Samkvæmt þessum minnisþingum hafa forstjórar olíufélaganna rætt m.a. um að samræma helgaropnunartíma á bensínstöðvum og Olís t.d. veitt viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar um rekstur á bensínstöð félagsins í Ánanaustum. Jafnframt hafa forstjórnarnir fjallað um viðskiptakjör til verktaka, afslátt, tilboð til tiltekins félags

<sup>996</sup> Dagbók Kristins Björnssonar, færsla 8.5.1998 (Hs. nr. 7005)

<sup>997</sup> Gagn afhent af OHF. Minnisþingar Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „Fundur KB, EB og GM“, dags. 8.5.1998.

<sup>998</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 20.5.1998 (Hs. nr. 4002).

<sup>999</sup> Gagn afhent af OHF. Minnisþingar Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „Fundur KB, EB GM“, dags. 20.5.1998.

og uppgjör á samkomulagi vegna samráðs félaganna í útboði Reykjavíkurborgar 1996, sbr. nánar m.a. kafla VIII 11. Einnig var á forstjórafundinum rætt um verð á eldsneyti í Færeyjum, sbr. kafla VI 6.5. Almenn sýnir þetta gagn skipulagt samráð olíufélaganna um margvísleg atriði sem áhrif hafa á samkeppni milli félaganna.

Í kafla VI 2.5 hér að framan var gerð grein fyrir bókun framkvæmdastjórnar Olís 18. nóvember 1997 þar sem lýst var áhyggjum af þróun afsláttarmála og talið nauðsynlegt að sporna við fæti áður en gengið yrði lengra. Sérstaklega var bent á aðgerðir Skeljungar varðandi afslátt til félagasamtaka. Samkeppnisráð telur að á fundi forstjóranna 20. maí 1998 hafi þeir ákveðið að félögin myndu vinna að því að draga úr afslætti til viðskiptavina olíufélaganna. Í því sambandi hafi verið lögð sérstök áhersla á félagasamtök. Gögn málsins um samvinnu félaganna eftir þennan fund sýna umtalsverða samvinnu varðandi ýmis afsláttarmál og eru þessi gögn til vitnis um að olíufélögin hafi hrint þessari stefnumörkun að einhverju leyti í framkvæmd. Jafnframt er ljóst að þessi samvinna í afsláttarmálum var liður í þeirri sameiginlegu áætlun félaganna að auka álagningu og þar með framlegð af eldsneytissölu.

Eins og fram kemur í minnispunktum forstjóra OHF var á fundinum fjallað um Eyjafjarðardeild Ferðaklúbbsins 4x4. Í því sambandi verður fyrst að líta til þess að í október 1997 ákvað Skeljungur að veita Ferðaklúbbsnum 4x4 3 kr./ltr. afslátt af eldsneyti, auk annars afsláttar.<sup>1000</sup> Þann 3. nóvember 1997 gerði Olís samning við Ferðaklúbbsinn 4x4. Samkvæmt samningnum veitti Olís einnig 3 kr./ltr. afslátt af eldsneyti, auk afsláttar á smurstöðvum og í verslunum Olís.<sup>1001</sup> Í byrjun maí 1998 sendi formaður Eyjafjarðardeildar 4x4 klúbbsins bréf til félagsmanna. Fram kemur í bréfi formannsins til félagsmanna að Olís og Skeljungur bjóði 3 kr./ltr. í afslátt af eldsneyti, auk afsláttar á smurstöðvum og í verslunum. OHF bjóði hins vegar upp á að félagsmenn noti safnkort sem þýði 0,8 kr. afslátt sem renni til félagsins.<sup>1002</sup> Forstjóri OHF hefur lýst umræðum um þetta mál á forstjórafundinum 20. maí 1998 með þessum hætti:

*„GM taldi að umræður á þessum fundi forstjóranna um sk. 4x4 jeppaklúbb hefðu spunnist vegna þess að einhver forstjóranna hefði kvartað yfir veitingu afsláttar til klúbbsins, en aðspurður mundi hann ekki hver hefði kvartað. OHF hefði ekki veitt afslátt til þessa klúbbs. OHF hefði almennt verið mótfallið því að veita afslætti til félagasamtaka og hann hafi gert hinum félögum grein fyrir þeirri afstöðu OHF. Afslætti ætti að veita út á*

<sup>1000</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu. Skjal frá Ólafi Baldurssyni með yfirskriftinni „Afsláttarkjör félagsmanna 4x4 klúbbsins hjá Skeljungu hf.“.

<sup>1001</sup> Samningur Olís og Ferðaklúbbsins 4x4, dags. 3.11.1997 (Hs. nr. 3166).

<sup>1002</sup> Gagn afhent af OHF. Bréf Ferðaklúbbsins 4x4, Eyjafjarðardeild. Ódagsett en sent til OHF 8.5.1998.

*viðskipti, og þá í gegnum safnkort félagsins, en ekki að mismuna mönnum eftir því hvaða félagasamtökum þeir tilheyrðu.* <sup>1003</sup>

Aðgerðir Olís og Skeljungs eftir forstjórafundinn sýna hvaða lína hefur verið lögð á fundinum varðandi afsláttarmál. Fundur forstjóra olúfélaganna var haldinn að morgni 20. maí 1998. Síðar sama dag svaraði forstjóri Olís tölvupósti sem framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá fyrirtækinu hafði sent honum og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda 15. maí 1998. Í þeim tölvupósti framkvæmdastjórans kom fram að formaður Félags húsbílaeigenda hefði haft samband við Olís og óskað eftir afslætti fyrir félagsmenn og um væri að ræða umtalsverð viðskipti. Væri í því sambandi vísað til þess afsláttar sem meðlimir Ferðaklúbbsins 4x4 nytu. Jafnframt hafi komið fram hjá formanninum að ef þeir fengju ekki afslátt myndi félagið snúa sér til OHF eða Skeljungs. Í tölvupóstinum leggur framkvæmdastjórinn til að félagsmönnum þessa félags verði veittur sami afsláttur og meðlimir 4x4 nytu, þ.e. 3 kr./ltr. afsláttur af eldsneyti auk annars afsláttar. Forstjóri Olís svaraði með þessum hætti:

*„Því miður er ég fyrst að koma að þessu nú. Þessi mál komu nokkuð til umræðu á fundi okkar GM og KB í morgun og er eitt af því sem ég ætla að ræða við ykkur á mánudag. Bið ég ykkur því að gera ekkert frekar í málinu fyrr en við höfum talað saman.* <sup>1004</sup>

Mánudaginn 25. maí 1998 hittust stjórnendur Olís og ræddu afsláttarmál. Eftir fundinn sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og forstjóra Olís og sagði að í framhaldi af fundinum um morguninn bæði forstjóri Olís um afrit af 4x4 samningnum sem fylgt hefði minnispunktum framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu. Forstjóri Olís svaraði og sagði að það væri gott að fá samninginn en „*adalatriðið er að fram komi hver eru uppsagnarákvæðin og hvort hægt er að segja honum upp fyrirvaralaust.*“ <sup>1005</sup> Aðspurður hefur forstjóri Olís sagt að hann muni ekki eftir þessu máli en hann hefði enga ástæðu til að efast um að þetta afsláttarmál hefði verið rætt á fundi forstjóranna. Það væri stefna Olís að veita ekki afslætti til félagasamtaka og Olís hefði sagt upp samningi sínum við 4x4 klúbbinn. Heldur forstjórinn því fram að olúfélögin hafi ekki samræmt stefnu sína gagnvart félagasamtökum. <sup>1006</sup> Olís sagði hins vegar ekki strax upp samningnum við 4x4 klúbbinn, sbr. umfjöllun síðar. Í júlí 1998 gerði Olís samning við Félag húsbílaeigenda. Í stað upphaflegu tillögu framkvæmdastjóra markaðssviðs

<sup>1003</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

<sup>1004</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar, Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 15.5.1998 kl. 11:03 og 20.5.1998 kl. 18:22.

<sup>1005</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar, Thomasar Möller, Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 25.5.1998 kl. 12:45 og 15:42.

<sup>1006</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

smásölu um að félagsmenn Félags húsbílaeigenda fengju 3 kr. afslátt eins og meðlimir Ferðaklúbbsins 4x4 var þeim veittur 1 kr. afsláttur af eldsneyti.<sup>1007</sup>

Samkvæmt framansögðu er því ljóst að strax eftir forstjórafundinn 20. maí 1998 bað forstjóri Olís undirmenn sína um að gera ekkert vegna beiðni Félags húsbílaeigenda um afslátt fyrir en búið væri að funda um málið. Í kjölfar innanhússfundar Olís, sem haldinn var nokkrum dögum eftir forstjórafundinn, voru kannaðir möguleikar á því að segja upp 4x4 samningnum fyrirvaralaust. Félagi húsbílaeigenda var síðar veittur mun lægri afsláttur en Ferðaklúbbum 4x4, þrátt fyrir að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís hafi talið í tölvupósti sínum frá 15. maí 1998 allar forsendur til að veita sömu kjör. Þessi atriði benda ótvírætt til þess að forstjórar olíufélaganna hafi á fundinum 20. maí 1998 ákveðið að beita sér gegn afslætti. Viðbrögð forstjóra Skeljungs benda til hins sama.

Daginn eftir forstjórafundinn eða 21. maí 1998 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs, framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og framkvæmdastjóra stórviðskipta hjá félaginu. Efni tölvupóstsins var afsláttur og í honum segir m.a.:

*„Er nú ekki fullt tilefni til þess að menn fari yfir þessi ígildismál öll saman og þá á ég við, hvenær menn afhendi gasolíu sem SD olíu og hvenær gasolíu sem skipagasolíu og svona fram og tilbaka, jafnvel blandast svartolía inn í þetta. Ég hef áður rætt þetta og sagt að hin félögin afgreiði svo sem ákveðnar olíur sem ígildi annarra, en þá Á RÉTTUM VERÐUM, VESSGÚ. Ég vil að við setjum okkur verklagsreglur í þessum efnum og þarft þú FPS<sup>1008</sup> að koma þar fyrst og fremst með tillögur. Einnig vil ég að við setjum okkar verklagsreglur almennt í afsláttargjöfum, sem eins og við höfum áður rætt fara sívaxandi. Við hvern var t.d. rætt varðandi Héraðsverk? Varst þú, GKG<sup>1009</sup> með í ráðum varðandi afsláttargreiðslur til þeirra? Hvað var sá afsláttur mikill og hver er okkar framlegð, að teknu tilliti til ALLS KOSTNAÐAR. Hér er um að ræða nýjan kúnna, sem mér vitanlega hefur ekki verslað að ráði við okkur. Var afsláttarboðið skynsamlegt, var það þess virði, hvaða afleiðingar hefur það?*

*ÞETTA ERU STÓR MÁL, SEM ÉG HEF ÁÐUR RÆTT, EN NÚ ÞARF AÐ GANGA FRÁ ÞEIM. ÉG ER EINDREGIÐ Á ÞEIRRI SKOÐUN AÐ ÖLL*

<sup>1007</sup> Gagn afhent af Olís. Samningur Olís og Félags húsbílaeigenda.

<sup>1008</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>1009</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungs.

*AFSLÁTTARMÁL EIGA AÐ CLEARAST VIÐ GKG/HAGDEILD. ÉG ÓSKA EFTIR UMRÆÐUM OG SKOÐUNUM YKKAR HÉR MED.* <sup>1010</sup>

Eins og fram kemur í framangreindum minnispunktum forstjóra OHF var rætt um fyrirtækið Héraðsverk ehf. á forstjórafundinum 20. maí 1998, en það er verktakafyrirtæki á Austurlandi. Jafnframt kemur fram í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís, sem sendur var 29. júní 1998, að forstjórar olíufélaganna hafi rætt um Héraðsverk.<sup>1011</sup> Þegar þetta er skoðað saman er ljóst að gerð hefur verið athugasemd á forstjórafundinum við afslætti Skeljungs til þessa fyrirtækis og forstjóri Skeljungs krefur þá starfsmenn sína sem ábyrgð bera um skýringar á þeirri ráðstöfun. Jafnframt er augljóst að forstjóri Skeljungs vill í kjölfar forstjórafundarins ráðast í aðgerðir til að ná tókum á veitingu afsláttar hjá fyrirtækinu. Samkvæmt fyrirætlunum forstjórans var síðar á árinu ráðist í aðgerðir til að minnka afslátt Ferðaklúbbsins 4x4 hjá Skeljungu, sbr. umfjöllun síðar.

Eins og lýst hefur verið þá hittust forstjórar félaganna 8. og 20. maí 1998. Þeir hittust einnig 29. maí 1998 og var sá fundur haldinn fyrir hádegi.<sup>1012</sup> Eftir hádegi sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins. Í tölvupóstinum greinir hann frá áformuðum skipulagsbreytingum hjá OHF þegar framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF hættir hjá félaginu. Einnig greinir hann frá því að Skeljungur hyggist ekki ráða nýjan mann eftir að fjármálastjóri félagsins hætti og er því lýst hvernig verkefnum hans verði dreift niður á aðra starfsmenn Skeljungs.<sup>1013</sup> Samkvæmt þessu er ljóst að forstjórnarnir hafa á þessum fundi m.a. veitt upplýsingar um viðkvæm innri mál sinna fyrirtækja. Þetta sýnir því einnig mjög nána samvinnu olíufélaganna á þessum tíma.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að forstjórar olíufélaganna hafi hist þrisvar í maí 1998 og er sagt að á fundinum 20. maí 1998 hafi afslættir til Eyjafjarðadeildar 4x4 klúbbsins borist á góma. OHF hafi gert hinum félögunum grein fyrir þeirri afstöðu félagsins að afslætti ætti að gefa í gegnum safnkort félagsins eins og öllum væri kunnugt en ekki að mismuna mönnum eftir því í hvaða félagasamtökum þeir væru. OHF hafi því hafnað öllu samstarfi um afslætti til félagasamtaka. Stefna OHF í afsláttarmálum til félagasamtaka hafi verið skýr og öllum ljós bæði fyrir og eftir fundinn og hafi fundurinn engu breytt þar um. Jafnframt er sagt að OHF hafi ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga varðandi nein þeirra tilvika sem að öðru leyti eru reifuð hér að framan.

<sup>1010</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Kristinni Björnssyni til Friðriks Stefánssonar, Gunnar Karls Guðmundssonar, Margrétar Guðmundssonar og Ólafs Jónssonar, dags. 21.5.1998 kl. 15:29.

<sup>1011</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 29.6.1998 kl. 12:16 og 15:13.

<sup>1012</sup> Sjá t.d. dagbók Einars Benediktssonar, færsla 29.5.1998 (Hs. nr. 4002).

<sup>1013</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til framkvæmdastjórnar, dags. 29.5.1998 kl. 13:36.



Samkeppnisráð tekur hér fram að nefnd gögn og upplýsingar bera með sér að olúfélögin hafi á fundinum 20. maí 1998 rætt um að takmarka afslátt, sbr. m.a. þær upplýsingar frá forstjóra OHF að á fundinum hafi verið kvartað yfir afslætti til nefnds félags. Þetta ásamt framangreindum gögnum um viðbrögð Olís og Skeljungs eftir fundinn gefur ótvírætt til kynna að olúfélögin hafi á þessum fundi ákveðið að vinna saman gegn veitingu afsláttar. Jafnframt verður að hafa í huga að í júlí 1998 kvartaði forstjóri OHF við forstjóra Olís yfir meintum afslætti Olís til lögreglunnar í Borganesi og í ágúst 1998 kvartaði hann yfir meintum afslætti Olís til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Í byrjun september 1998 kvartaði forstjóri OHF við forstjóra Skeljungs yfir afsláttarboði Skeljungs til KEA. Nánar er fjallað um þessi tilvik í kafla VI 3.5 hér á eftir. Vart þarf að rökstyðja að slíkar kvartanir eru mjög óeðlilegar og sérstakar aðgerðir. Samkeppnisráð telur að undirliggjandi ástæða þessara kvartana hafi verið sú að OHF hafi talið að hin félögin hafi ekki verið að starfa í samræmi við það sem ákveðið hafi verið í afsláttarmálum. Hafi OHF þannig verið að stuðla að því að hið sameiginlega markmið félaganna um að takmarka afslátt myndi nást. Styður þetta það mat ráðsins að umrætt samkomulag hafi náðst og að OHF hafi verið fullur þáttakandi í því.<sup>1014</sup> Jafnvel þó þetta yrði ekki lagt grundvallar þá hefur OHF upplýst að fyrirtækið hafi tekið þátt í fundi með keppinautum sínum um stefnu í afsláttarmálum og að OHF hafi gert þeim grein fyrir því að félagið væri andvíggt því að veita afslátt til tiltekins hóps viðskiptavina. Slík háttsemi ein og sér felur í sér skýrt brot á 10. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun í kafla III.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á þá órökstuddu fullyrðingu OHF að önnur atriði sem nefnd eru í þessum kafla feli ekki í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Umræður olúfélaganna á fundunum í maí 1998 um m.a. verðlagsmál, markaðsskiptingu í rekstri bensinstöðva, samkeppni í sölu á súr, skiptingu á framlegð vegna sölu Skeljungs til Reykjavíkurborgar og skipti á trúnaðarupplýsingum fara þvert gegn grunnkröfu 10. gr. laganna um viðskiptalegt sjálfstæði keppinauta um þau málefni sem falla undir ákvæðið. Þessi samskipti eru því ólögmat og til vitnis um áframhaldandi skipulagt samráð olúfélaganna um margvísleg atriði sem hafa áhrif á samkeppni milli þeirra.

### 3.3. Samráðsnefnd olúfélaganna ákveður framlegðartölur í maí 1998 og 1999

Hjá Skeljungi fannst tölvuskjal aðstoðarforstjóra félagsins.<sup>1015</sup> Skjalið er samið 24. maí 1998 og ber heitið „Framlegðartölur 1998“. Það hefst með þessum orðum:

---

<sup>1014</sup> Hér má líta til þess að í samkeppnisrétti er lítið svo á að aðgerðir fyrirtækja í því skyni að ná fram markmiði ólögmat samráðssamnings þykja sanna aðild viðkomandi fyrirtækis að samningnum. Sjá t.d. dóm undirréttar EB dóm undirréttar í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491.

<sup>1015</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungi. Skjal Gunnars Karls Guðmundssonar með yfirskriftinni „Framlegðartölur 1998“, (Framl 1998.doc, síðast vistað 24.5.1998).

*„Samráðsnefnd olíufélaganna hefur ákveðið eftirfarandi framlegðartölur fyrir 1998“*

Síðan er sett fram í töflu áætluð framlegð fyrir hverja tegund eldsneytis og forsendur áætlunarinnar eru skýrðar. Hér verður einnig að líta til þess að á fundi forstjóra olíufélaganna 9. desember 1998 var rætt um afkomu olíufélaganna, sbr. nánar síðar. Hér skiptir og máli að ári síðar eða 17. maí 1999 hittust hjá Olís aðstoðarforstjóri Skeljungs, framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF og framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís. Í dagbók framkvæmdastjórans hjá OHF er þessi fundur bókaður og þar er einnig að finna þessa bókun:

*„Skeljungur – Tafla – Framlegð“*

Aðspurður kveðst framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF ekki muna eftir þessum fundi hjá Olís og geti því ekki útskýrt tilefnið. Hann telir að umrædd bókun tengist verkefni um að áætla framlegð hjá hinum félögunum á öðrum vörum en eldsneyti. Kvaðst framkvæmdastjórinn ætla að rifja þetta upp og láta Samkeppnisstofnun í té gögn sem skýrðu þetta verkefni hans.<sup>1016</sup> Engin gögn eða frekari skýringar hafa hins vegar borist frá framkvæmdastjóranum. Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF hvort umræddum framkvæmdastjórum hafi verið falið það verkefni að bæta framlegð. Sagði forstjórinn til svars „*að menn hefðu haft áhyggjur af slæmri afkomu olíufélaganna og forstjórnir þrír hefðu rætt þetta sín á milli*“.<sup>1017</sup> Eins og fyrr var rakið hefur forstjóri OHF einnig sagt að félögin hafi rætt um að auka framlegð og bæta afkomu félaganna en engar sameiginlegar ákvarðanir hafi hins vegar verið teknar.<sup>1018</sup> Aðspurður um „*samráðsnefnd olíufélaganna*“ sem minnst er á í skjali Skeljungs og hvort forstjórar félaganna hafi ákveðið vinnureglur í því sambandi endurtók forstjóri Olís að hafi hann á þessum tíma átt kost á því að ræða við forstjóra hinna félaganna um slaka afkomu félaganna og lága framlegð hafi hann væntanlega gert það. Hann muni hins vegar ekki eftir því að forstjórar olíufélaganna hafi rætt saman um framlegðarkröfur. Eina skiptið sem hann hafi blandað sér í umræður um þessi mál meðal forstjóra félaganna hafi verið hugmyndir um aðgerðir til að stuðla að hækkun framlegðar. Hann hafi þó aldrei nefnt beinar fjárhæðir eða hlutfallstölur um framlegð. Framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís kveðst ekki kannast við samráðsnefnd olíufélaganna eða að öðru leyti við samskipti olíufélaganna um framlegðarkröfu.<sup>1019</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís hefur eins og áður segir upplýst að á árinu 1997 hafi forstjórar félaganna falið honum, umræddum

<sup>1016</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>1017</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

<sup>1018</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>1019</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

framkvæmdastjóra hjá OHF og aðstoðarforstjóra Skeljungs að vinna að því að auka álagningu og bæta framlegð.<sup>1020</sup>

Samkvæmt þessu hafa forstjórar OHF og Olís báðir upplýst að félögin þrjú hafi rætt um að bæta framlegð og forstjóri Olís kveðst hafa sett fram hugmyndir í því skyni. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís hefur sagt að honum og starfsbræðrum hans hjá hinum félögunum hafi verið falið að bæta framlegð. Þegar þetta er virt saman með framangreindum gögnum frá 1998 og 1999, ásamt öðrum gögnum sem sýna samvinnu olíufélaganna í verðlagsmálum á þessum tíma, telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi bæði í maí 1998 og maí 1999 fjallað sameiginlega um framlegðaráætlun félaganna við sölu á eldsneyti.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að gögn „*málsins benda til þess að umbj. okkar hafi fjallað sameiginlega með hinum olíufélögunum um framlegðaráætlun félaganna í sölu á eldsneyti í maí 1998. Er því ekki ástæða til að fjalla nánar um þetta atriði að sinni. Hins vegar stendur umbj. á því fastari fótunum að hafa undantekningalítið ákveðið verð sitt sjálft og því hafi vangaveltur um þörf á framlegð lítil sem engin áhrif haft á verðið á markaðnum í raun. Ekkert bindandi var ákveðið og ekkert kom til framkvæmda af því sem rætt hafði verið um í þessu sambandi. Ber að líta til þessara atriða komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.*“

Samkeppnisráð vísar hér til framangreindrar umfjöllunar og umfjöllunar í m.a. köflum VI 1.4 og 2.1 sem gefur skýrt til kynna að olíufélögin hafi ákveðið að vinna að því að auka álagningu af sölu eldsneytis og bæta þar með framlegð. Framangreind almenn mótmæli OHF eru ekki til þess fallin að hnekkja þessu.

#### 3.4. Fundur forstjóra olíufélaganna í júlí 1998

Forstjórar olíufélaganna ákváðu að hittast aftur 30. júní 1998 en fundinum var frestað og var hann haldinn 7. júlí 1998.<sup>1021</sup> Þann 29. júní 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og taldi rétt að upplýsa hann um ýmis atriði vegna forstjórafundarins sem þá var áformaður daginn eftir. Í tölvupóstinum er upplýst að Olís hafi orðið áskynja um að OHF bjóði verktökum á Sauðarkróki afslætti af eldsneyti og smurolíum „*til hægri og vinstri*“, m.a. hafi fyrirtækið Króksverk fengið 20% afslátt af smurolíu. Í tölvupóstinum er einnig vísað til þess að forstjórnarnir hafi áður rætt um verktakafyrirtækið Héraðsverk og ljóst sé að 3–4 kr. afsláttur Skeljungs muni hafa „*verulegar afleiðingar gagnvart verktökum sem þegar eru farnir að fréttu af þessu*“. Síðan segir að OHF sé enginn eftirbátur Skeljungs í afsláttum og því „*skjótí skökku við*“ að framkvæmdastjóri

<sup>1020</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>1021</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar, Einars Benediktssonar og Kristins Björnssonar, dags. 6.7.1998 kl. 16:17 og 7.7.1998 kl. 8:31.

fjármálasviðs hjá OHF hringi vegna þess að hann telji framlegð OHF í smurolíum ófullnægjandi. Jafnframt er greint frá því að Skeljungur sé að reyna að komast í viðskipti hjá verktökum í Skagafirði. Forstjóri Olís þakkaði framkvæmdastjóranum fyrir „*gott innlegg í þessa umræðu*“ og greindi frá því að forstjóri Skeljungs hafi verið að fresta forstjórafundinum.<sup>1022</sup> Forstjóri Olís hefur aðspurður um þetta sagt að eðlilegt sé að stjórnendur hjá fyrirtækjum reyni að hafa gætur á veitingu afsláttar. Alveg eins mætti túlka gögn málsins þannig að þau lýstu mikilli samkeppni milli olíufélaganna. Þau lýstu ekki samstarfi, heldur að stöðug klöguæfni hafi verið í gangi milli olíufélaganna. Meginatriðið væri þó spurningin um það hvort slík samtöl hefðu skilað einhverjum árangri.<sup>1023</sup> Samkeppnisráð telur hins vegar ljóst að á umræddum fundi hafi forstjórnarnir rætt afsláttarmál og hafi fundurinn verið liður í áframhaldandi viðleitni félaganna til að draga úr afslætti og minnka þar með samkeppni. Einnig er ljóst að á fundinum hafa verið veittar ýmiskonar viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar. Þetta sést af þremur tölvupóstum sem forstjóri Olís sendi daginn eftir forstjórafundinn:

- Í fyrsta tölvupóstinum sem sendur var framkvæmdastjórn Olís segist forstjóri Olís hafa frétt það deginum áður að í tengslum við víðtæka skoðun Skeljungs á öllum kostnaði hafi mikil áhersla verið lögð á tiltekinn kostnað og í kjölfar þess hafi Skeljungur tekist að fá verulega afslætti hjá tilteknu fyrirtæki.<sup>1024</sup>
- Í öðrum tölvupóstinum er greint frá því hver hafi orðið endanleg niðurstaða hjá Skeljungu og OHF varðandi skipulagsbreytingar í tengslum við að ákveðnir starfsmenn létu af störfum hjá fyrirtækjunum. Forstjóri Olís hafði áður greint frá áformum keppinautanna að þessu leyti í tölvupósti sínum frá 29. maí 1998.<sup>1025</sup>
- Í þriðja tölvupóstinum er greint frá upplýsingum frá Skeljungu varðandi sölu á eldsneyti. Jafnframt er sagt frá afslætti Skeljungs og að fyrirtækið „*ætli á næstunni að hætta sjálfsafgreiðsluafslætti í öðrum stöðvum á Reykjavíkursvæðinu, nema annarri Miklubrautarstöðinni.*“<sup>1026</sup>

Ljóst er að þessi upplýsingaskipti eru hluti af samvinnu olíufélaganna í verðlagsmálum.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fullyrt án frekari rökstuðnings að ekkert í þessum gögnum málsins gefi til kynna að OHF hafi rætt einhver þau mál við

---

<sup>1022</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 29.6.1998 kl. 12:16 og 15:13.

<sup>1023</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1024</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til framkvæmdastjórnar, dags. 8.7.1998 kl. 10:09.

<sup>1025</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til framkvæmdastjórnar, dags. 8.7.1998 kl. 10:38.

<sup>1026</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til framkvæmdastjórnar, dags. 8.7.1998 kl. 15:14.

keppinauta sína sem félaginu hafi ekki verið leyfilegt samkvæmt eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Að mati samkeppnisráðs dugar hér að áréttu að á forstjórafundinum 7. júlí 1998 var rætt um afslátt af eldsneyti og var fundurinn liður í áframhaldandi viðleitni félaganna um að takmarka afslátt. Ekki leikur neinn vafi á því að slíkar aðgerðir brjóta gegn bæði eldra og yngra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.

### 3.5. Kvartanir forstjóra OHF yfir veitingu afsláttar til m.a. lögreglunnar í Borgarnesi og KEA

Þann 3. júlí 1998 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra OHF. Í honum segir m.a.:

*„Sæll.*

*Eins og við höfum oft rætt um er áriðandi að við reynum að standa saman um að láta viðskiptavinum ekki komast upp með að ljúga viðskiptatilboðum upp á okkur. Vegna ítrekaðra fullyrðinga þinna um að Olís hafi boðið lögreglunni í Borgarnesi 5 kr. afslátt af bensíni, ákvað ég að ganga í það sjálfur að kanna hvort einhver möguleiki væri á að svo væri. ... Er skemmt frá því að segja að enginn fótur finnst fyrir þessari fullyrðingu. Hins vegar hefur komið í ljós að lögreglan í Borgarnesi hefur um árabil skipt við bæði félögin og það væri svo til að kóróna vitleysuna ef þessi upplogna frétt hefur orðið til þess að þið væruð farnir að gefa 5 kr. afslátt, eins og ég mátti skilja þig síðast þegar málið kom til tals, og við yrðum síðan að jafna það boð.“*

Forstjóri Olís bað síðan forstjóra OHF að upplýsa heimildarmann OHF um þetta til að sannreyna á hvaða grunni fullyrðingin um afsláttinn væri reist. Forstjóri OHF framsendi síðan tölvupóst forstjóra Olís til sölustjóra á stórnotendasviði og bað hann að kanna málið.<sup>1027</sup> Forstjóri OHF hefur staðfest að hann hafi kvartað yfir umræddum afslætti Olís í Borgarnesi. Ástæða þessa væri sú að umboðsmaður Olís ætti það til „að haga málum samkvæmt eigin geðþótta og ekki virt almennar viðskiptavenjur“.<sup>1028</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um hvort þessi og önnur samskipti olíufélaganna varðandi afsláttarmál sýndi ekki að félögin hafi sammælst um stefnu í þeim málum. Forstjóri Olís kveðst ekki kannast við að Olís hafi gert neitt „formlegt eða stíft samkomulag“ við hin olíufélögin um afsláttarmál, en vafalaust hafi menn haft sama vilja til þess að hemja afslætti. Eins og hann hefði áður sagt væri „kemían“ í samskiptum félaganna einfaldlega með þeim hætti að menn hefðu ræðst og rifist um ýmis mál, sem þeir hefðu ekki átt að gera.<sup>1029</sup> Að mati samkeppnisráðs er rétt að rifja hér upp minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF sem lýsir fundi hans með forstjóra Olís 11. september 1994. Þar segir efnislega að forstjóri Olís hafi mælst til

<sup>1027</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 3.7.1998 kl. 16:17. Frá Geir Magnússyni til Kristjáns Kristinssonar, dags. 6.7.1998 kl. 11:14.

<sup>1028</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>1029</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Þess að félögin myndu ræða saman þegar þau lentu í því að viðskiptavinir þeirra væru að eigna þeim saman í því skyni að fá afslátt. Ljóst er að vilji hefur verið til þessa. Í framangreindum tölvupósti segir þannig forstjóri Olís að forstjórnarnir hafi oft rætt um að „standa saman“ um að láta ekki viðskiptavinum komast upp með að „ljúga“ tilboðum upp á félögin. Þessi samskipti félaganna eru liður í samvinnu þeirra í verðlags- og afsláttarmálum.

Þann 12. ágúst 1998 sendi útibússtjóri Olís á Akureyri tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu og stórnotenda hjá Olís. Í tölvupóstinum segir að þar sem framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís hafi verið búinn að tala við hann um „að vera ekki að bjóða afslætti á smærri fyrirtæki vil ég benda á að fyrirtækið Haftækni hér á Akureyri hefur undir höndum tilboð frá bæði Shell og Esso um afslátt af eldsneyti ... Þannig að þeir eru ekki hættir að bjóða afslætti.“ Síðan segir að umrætt fyrirtæki sé að þrýsta á tilboð frá Olís og útibússtjórinn vill fá að vita hvort honum sé heimilt að bjóða fyrirtækinu afslátt. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís framsendi sama dag þennan póst til forstjóra Olís. Í öðrum tölvupósti framkvæmdastjórans til forstjóra Olís, sem einnig var sendur 12. ágúst 1998, segir að hann hafi kannað hvað væri hæft í fullyrðingum um tilboð Olís til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Fram kemur að fullyrðingarnar hafi ekki átt við rök að styðjast. Hins vegar viti Olís að „Shell hefur verið að bjóða útgerðaraðilum gasolíu á skipagasolíuverði. Hvort það sé rótin á umræðum um tilboð skal ósagt látið.“ Forstjóri Olís framsendi báða þessa tölvupósta til forstjóra OHF með þessum orðum:

*„Neðanritað er svar við þinni spurningu í morgun og læt ég jafnframt fylgja með mail frá útibússtjóra okkar á Akureyri, sem lýsir stöðunni vel og þú kannar hjá þínum mönnum.“<sup>1030</sup>*

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF um þessi samskipti félaganna. Hann kveðst ekki geta skýrt þetta. Forstjórinn segist hins vegar minnast þess að hafa einhverju sinni hringt í forstjóra Olís fyrir að hafa „smúð sér beint“ til Kaupfélags Eyfirðinga sem sé umboðsmaður OHF á Akureyri.<sup>1031</sup> Forstjóri Olís hefur skýrt þetta með því að segja að þarna hafi félögin aftur „verið að argast yfir tilboðum keppinauta sinna með því að hafa samband við þá fremur en að sleppa því að ræða saman, eins og eðlilegt hefði verið.“<sup>1032</sup> Tengd þessu eru samskipti milli OHF og Skeljungs. Þann

<sup>1030</sup> Tölvupóstur frá Páli Baldurssyni til Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller. Tölvupóstur frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar. Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 12.8.1998 kl. 13:39, 17:40 og 18:07 (Hs. nr. 3112).

<sup>1031</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>1032</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

1. september 1998 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til m.a. starfsmanns fyrirtækisins á Akureyri. Í tölvupóstinum segir m.a.:

*„Í mig hringdi Geir Magnússon, Esso, og sagðist hafa það eftir forstjóra KEA, að Skeljungur á Akureyri hefði boðið kaupfélaginu 4–5 kr. afslátt á disel og bensíni á bílaflotann, ef viðskiptin færðust til Skeljungs. Var GM mjög fúll og spurði hvort ég vildi kannski velja hvar hans menn bæru niður næst í kúnnahópi Skeljungs til að skerða eða öllu heldur að eyða framlegð okkar.*

*Ég tjáði honum „omgaaende“ að þetta hlyti að vera rangt og hvort hann tæki okkur fyrir algjör fífl að bera víur í slíkt fyrirtæki. Hann sat samt fastur við sinn keip.*

*Mér þætti vænt um, að þú kannaðir þetta mál og ef, sem raunar hlýtur að vera, hér er um algjört fleipur að ræða, ræddir jafnvel við kaupfélagstjóran.*“<sup>1033</sup>

Forstjóri OHF hefur staðfest að hafa kvartað við Skeljung vegna tilboðs þess til KEA.<sup>1034</sup>

Samkvæmt framansögðu er ljóst að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís hefur gefið starfsmanni fyrirtækisins fyrirmæli um að bjóða ekki afslætti til smærri fyrirtækja. Forstjóri Olís framsendi til forstjóra OHF innanhússtölvupóst frá Olís þar sem fram kemur að OHF hafi verið að veita slíka afslætti og bað hann um að „*kanna það hjá sínum mönnum.*“ Forstjóri OHF kvartaði yfir meintum afslætti sem Olís átti að hafa boðið Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga og forstjóri Olís lét athuga málið og sendi tölvupóst til forstjóra OHF þar sem slíku tilboði var neitað. Forstjóri OHF kvartaði einnig yfir afsláttarboði Skeljungs til KEA og hótaði að „*eyða*“ framlegð Skeljungs af sölu til mikilvægra viðskiptavina og forstjóri Skeljungs neitaði að hafa boðið afslátt og bað undirmenn sína um skýringu á þessu. Í þessu samhengi má einnig rifja upp fyrrgreinda kvörtun OHF vegna meintrar veitingar Olís á afslætti til lögreglunnar í Borgarnesi og tölvupóst forstjóra Skeljungs til undirmanna sinna vegna afsláttar til Héraðsverks.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að því sé ekki neitað að í einstaka tilfelli kunnir starfsmenn OHF að hafa lýst óánægju sinni þegar þeir hafi verið að missa viðskiptavinum vegna undirboða keppinautanna. Eins hafi keppinautar stundum

<sup>1033</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Kristni Björnssyni til Sigurðar J. Sigurðssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 1.9.1998 kl. 10:48.

<sup>1034</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

kvartað yfir því þegar OHF hafi náð til sín viðskiptavinum með hagstæðum boðum. Síðan segir: „Þessi samskipti eru vissulega ekki í samræmi við fræðikenningar um hvað gerist á mörkuðum þar sem fullkomin samkeppni ríkir. Hins vegar verður að horfa raunsætt á málið og hafa í huga áratuga langar venjur sem myndast höfðu í samskiptum olíufélaganna áður en samkeppni hófst á markaðnum. Eins verður að horfa til þess að menn voru að lýsa yfir óánægju með hvorn annan einmitt vegna þess að samkeppnin hafði tekið við og fyrirtækin voru farin að keppa og ná til sín viðskiptavinum hvors annars í meira magni en áður þekktist. Hið mikilvæga í málinu er að samkeppni var hafin í sölu á eldsneyti en ekki að samskipti hafi ekki að öllu leyti verið komin í þann farveg sem tíðkast á mörkuðum þar sem samkeppni hefur ríkt lengi. Einungis örfá ár voru frá setningu samkeppnislaga og báru samskipti olíufélaganna enn þess keim að menn væru að aðlagast nýjum hugsunarhætti.“

Að mati samkeppnisráðs eru þessi samskipti olíufélaganna andstæða þess sem eðlilegt er á markaði þar sem virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir ríkja. Í stað þess að viðkomandi forstjóri mótmæli þessum afskiptum af innri málefnum félagsins þá eru undirmenn viðkomandi forstjóra krafðir um skýringar á tilboðum og veitingu afsláttar. Hin undirliggjandi ástæða þessa er samráð félaganna í verðlagsmálum og sérstaklega sameiginleg viðleitni félaganna til að efla framlegð og jafnframt óánægja þegar eitthvert félaganna vísar frá því sem félögin hafa sammælt um og býður afslætti. Þessi samskipti staðfesta ennfrekar að samkomulag hefur náðst milli félaganna um að draga úr afslætti. Það að „einungis“ fimm ár hafi verið liðin frá setningu samkeppnislaga þegar þetta átti sér stað hefur engin áhrif á lögmæti þessara aðgerða.

### 3.6. Samvinna Olís og Orkunnar um að lækka ekki verð o.fl. í september 1998

Þann 1. september 1998 lækkuðu OHF, Olís og Skeljungur verð á eldsneyti. Ástæða þessa var sögð lækkun á heimsmarkaðsverði. Þann dag sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins:

*„Orkan ætlar ekki að lækka, ÓB lækkar ekki, þannig minnkar munurinn í rúmlega 4 kr. í bensíni, stefnum að 4 kr. mun þegar sjálfsafgr afsl lækkar úr 3/2 í 2/1 kr.*

*4 kr. afsl í fossvogi pirraði orkuna, en ekki lengur.“<sup>1035</sup>*

Það gekk eftir og Orkan lækkaði ekki verð á bensíni fyrr en í nóvember 1998. ÓB stöðvar Olís lækkuðu ekki bensínverð fyrr en 19. október 1998. Orðalag þessa tölvupósts Olís gefur ótvírætt til kynna viðræður við Orkuna. Þegar þetta er allt virt

<sup>1035</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar, dags. 1.9.1998 kl. 12:28.



telur samkeppnisráð að Olís og Orkan hafi haft samvinnu um þá ákvörðun að lækka ekki verð á bensíni á ómönnum stöðvum á þessum tíma.

Þann 4. september 1998 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra OHF. Í upphafi hans segir forstjóri Olís að með hliðsjón af „*umræðum okkar um að taka upp okkar á milli mál sem gætu valdið óþarfa leiðindum og reyna að stýra þeim í betri farveg vil ég koma eftirfarandi á framfæri og biðja þig að kanna, hvort rétt sé og þá beina því til betri vegar ef þörf er á.*“ Síðan kvartar forstjóri Olís yfir því að OHF hafi breytt um skoðun og stefni að því að opna umboð á Siglufirði en Olís var fyrir á staðnum með umboð. Olís hafi frétt að OHF hafi rætt við SR-mjöl að taka umboðið að sér. Síðan segir forstjóri Olís: „*Ég vona að þetta séu ekki réttar fréttir, enda finnst mér mjög óeðlilegt að þið séuð að reyna að koma umboðinu inn á kúnna sem er opinberlega með uppskipt viðskipti milli olufélaganna og um er að ræða starfsstöð SR, sem er í okkar umsjón.*“<sup>1036</sup> Forstjóri OHF sendi þennan tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og bað hann um umsögn.

Þann 4. september 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi tölvupóst að því er virðist til sjálfs síns, a.m.k. kemur ekki annar viðtakandi fram á honum. Orðalag tölvupóstsins bendir hins vegar til þess að hann hafi verið ætlaður öðrum starfsmönnum Skeljungs. Í tölvupóstinum kemur fram að oft komi upp umræða um afslátt í tengslum við samkeppni á olíumarkaði og finnst framkvæmdastjóranum vanta upp á það að skilningur allra hjá Skeljungi sé sá sami varðandi hvaða kjör séu boðin í viðskiptum við stærri aðila með starfsemi í landi. Telur framkvæmdastjórinn brýnt að deildir innan Skeljungs séu sammála um stefnuna ekki síst þar sem hans deild hafi þá yfirlýstu stefnu að hætta með einkadælur. Síðan segir:

*„Við heyrum oftlega frá hinum félögnum að við séum að undirbjóða þeirra kúnna en reyndin er sú þar sem við höfum komist í raunhæf dæmi að í flestum tilvikum erum við eftirbátar hinna í afsláttarmálum ...“*

Samkvæmt tölvupóstinum vill framkvæmdastjórinn að haldinn verði fundur og stingur upp á ýmsum umræðuefnum, m.a.: „*leiðsluverð v/s diesilverð- verðlagning við færslu kúnna af einkadælu inn á bensínstöð. 3. Afsláttarboð samkeppnisaðila 4. Hvernig á að verja framlegðina.*“ Nokkrum dögum seinna framsendi framkvæmdastjórinn þennan tölvupóst sinn til undirmanna sinna og bað hvern og einn að lista upp raunveruleg dæmi sem þeir eigi um „*undirboð og afslætti frá Esso og Olís*“ og segist vilja fara yfir þau á fundinum. Einn starfsmaður Skeljungs svaraði

---

<sup>1036</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 4.9.1998 kl. 14:02.

sama dag og tilgreindi 16 tilvik þar sem OHF eða Olís hefðu boðið afslátt.<sup>1037</sup> Að mati samkeppnisráðs var hér um að ræða undirbúning Skeljungu fyrir fund olíufélaganna sem haldinn var 11. nóvember 1998 þar sem ýmsar verðhækkningar voru ákveðnar. Gerð verður grein fyrir þeim fundi hér á eftir.

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu sendi 21. september 1998 tölvupóst til forstöðumanns söludeildar á markaðssviði smásölu hjá fyrirtækinu. Lýsti framkvæmdastjórinn yfir mikilli óánægju með afnám afsláttar 4x4 klúbbsins í Skeljungsbúðinni. Benti hann á að um næstu helgi yrði stórsýning ferðaklúbbsins í Laugardalshöll og Skeljungur væri búinn að eyða verulegum fjárhæðum í bás þar og þessi ákvörðun myndi gera félaginu erfitt fyrir. Taldi framkvæmdastjórinn tímasetningu þessarar aðgerðar afar slæma. Í lokin spyr framkvæmdastjórinn m.a. hvort þetta hafi verið „*einhlíða ákvörðun okkar eða í takt við hin félögin?*“ Svar forstöðumannsins hefst á þessum orðum:

*„Þér er kunnugt um aðdraganda þessarar ákvörðunar. Kristinn Björnsson lagði ríka áherslu á að þessum afsláttum væri lokað og það ekki seinna en strax.“*<sup>1038</sup>

Skeljungur fjallaði um þessa aðgerð á fundi olíufélaganna 29. október 1998, sem nánar verður lýst hér á eftir. Samkeppnisráð telur að hér hafi verið um að ræða framkvæmd á ákvörðun forstjóra olíufélaganna um að draga úr afslætti, sem ákveðin var á fundi þeirra 20. maí 1998, sbr. umfjöllun hér að framan.

Í athugasemdum OHF við þau tilvik sem nefnd eru í þessu kafla segir aðeins að OHF „*átti ekki aðild að meintu samráði Olís og Orkunnar og getur því ekki tjáð sig um þessi atvik. Meint náði samstarf annarra fyrirtækja er ekki á ábyrgð umbj. okkar.*“ Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að framangreind atvik varða ekki einungis ólöglegt samráð Olís og Orkunnar heldur er einnig gerð grein fyrir samskiptum Olís og OHF og gögnum frá Skeljungu sem vísa til samstarfs félaganna þriggja um m.a. að takmarka afslátt. Í öðru lagi er í kafla III hér að framan rökstutt að líta beri á aðgerðir olíufélaganna þriggja sem samfellt samráð sem varað hafi frá gildistöku samkeppnislaga. Ekki er skilyrði að lögum fyrir því að OHF teljist þátttakandi í slíku broti að fyrirtækið hafi tekið þátt í öllum aðgerðum sem tengdust því.<sup>1039</sup> Það dugar að OHF hafi ætlað með aðgerðum sínum að ná fram hinu sameiginlega markmiði olíufélaganna og hafi a.m.k. mátt vera ljóst að hin olíufélögin myndu grípa til aðgerða

<sup>1037</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni, dags. 4.9.1998 kl. 17:06. Milli Friðriks Stefánssonar, Lúðvíks Björgvinssonar, Þorsteins Péturssonar o.fl., dags. 15.9.1998 kl. 8:36 og 21:00.

<sup>1038</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Friðriks Stefánssonar og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 21.9.1998 kl. 12:40.

<sup>1039</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

í sama skyni.<sup>1040</sup> Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir ákvörðun olíufélaganna um að vinna saman í því skyni að hækka álagningu og auka framlegð. Þessu átti að ná fram m.a. með því að hækka verð og minnka afslætti. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að OHF hafi mátt vera ljóst að m.a. Olís myndi grípa til aðgerða í samræmi við sameiginlega stefnumörkun félaganna um framangreint.

### 3.7. Fundir olíufélaganna 29. október og 11. nóvember 1998

Samkvæmt dagbók framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu átti hún fund 29. október 1998 með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís og sölustjóra stórnotendasviðs hjá OHF.<sup>1041</sup> Á þessum fundi var m.a. fjallað um útboð Landssímans, sbr. kafla IV 11. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu staðfestir að umræddur fundur hafi verið haldinn og hefur greint frá því að hann hafi verið haldinn hjá Skeljungu. Framkvæmdastjórinn kveðst hins vegar ekki muna hvað rætt hafi verið á fundinum.<sup>1042</sup> Framkvæmdastjórinn hjá Olís hefur staðfest að hafa setið þennan fund með OHF og Skeljungu.<sup>1043</sup> Hjá OHF fannst fundargerð umrædds sölustjóra fyrirtækisins. Hún er merkt trúnaðarmál og dagsett 30. október s.á. og lýsir þessum fundi hans með umræddum framkvæmdastjórum Olís og Skeljungs.<sup>1044</sup> Í henni kemur fram hvaða afslátt olíufélögin hafi ákveðið að veita Landssímanum og að Skeljungur og OHF hafi farið fram á það að Olís myndi ekki bjóða upp á heildsöluverð á vörum á bensínstöðvum. Síðan segir:

*„Á þessum fundi urðu síðan mjög opinskáar umræður um afsláttar- og verðlagsmál almennt. Í ljós kemur að bæði félögin ætla að segja upp samningi við 4x4 klúbbinn en sem betur fer höfðum við vit á því að taka ekki þátt í þeirri vitleysu. Það var sameiginlegur skilningur að vera ekki að gefa afslætti til félagasamtaka (=einstaklinga) nema þá safnkorts-, eða frikortsafslætti. Skeljungur er hins vegar með það í gangi að einstaklingar geta notað eigið frikort þegar verslað er fyrir fyrirtæki. Thomas<sup>1045</sup> sagðist vita það að langferðarbilstjórar, t.d. hjá Viggo í Neskaupstað, væru með árhátiðir í Reykjavík út á frikortspunktana. Þessu var ekki neitað af Margréti.<sup>1046</sup> Ákveðið var að hafa samráð um að varast fyrirtæki sem eru að „shoppa“, þ.e. að þau eru í viðskiptum á ákveðnum stað en ætla sér ekki að flytja sig en nota hin félögin sem grylu til að auka afsláttinn. Ákveðið var að*

<sup>1040</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. 204/00P *Aalborg Portland v Commission*.

<sup>1041</sup> Dagbók Margéтар Guðmundsdóttur, færsla 29.10.1998.

<sup>1042</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu, dags. 8.11.2002.

<sup>1043</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>1044</sup> Fundargerð Kristjáns Kristinssonar „Fundur með Thomasi Möller og Margréti Guðmundsdóttur“, dags. 30.10.1998 (Hs. nr. 3112).

<sup>1045</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>1046</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu.

*reyna að nota sama afsláttarmynstur varðandi bílaflota. Olís hefur tekið upp afgreiðslugjald fyrir lagerafgreiðslur minni en 5000 kr. Þeir fullyrða að þeir hafi ekki fengið kvartanir yfir þessu og ég held að við ættum alvarlega að ihuga að taka þetta upp.“*

Í minnisblaðinu er einnig fjallað um verðhækkun á smurolíu en því verður nánar lýst í kafla VI 7.2. Umræddur starfsmaður OHF hefur staðfest að þessi fundur hafi verið haldinn og að á honum hafi olíufélögin rætt um verðlags- og afsláttarmál og sammælt um að bjóða ekki afslætti til einstaklinga og félagasamtaka. Um þann þátt í fundargerðinni sem segði að ákveðið hafi verið að hafa samráð um að varast fyrirtæki sem væru að reyna að fá lægra verð („shoppa“) staðfesti starfsmaðurinn að mál þetta hefði verið rætt og félögin ákveðið á fundinum að hafa vara á sér, t.d. gagnvart því að viðskiptavinir væru ekki ávallt að segja satt þegar þeir vísuðu á kostabod frá keppinauti. Hann hefur jafnframt staðfest að olíufélögin hafi ákveðið afsláttarmynstur fyrir bílaflota.<sup>1047</sup>

Morguninn eftir að umræddur fundur félaganna var haldinn sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til forstjóra og helstu stjórnenda fyrirtækisins.<sup>1048</sup> Efni tölvupóstsins er sagt vera fundur um Landssímann og í honum er því lýst sem framkvæmdastjórinn taldi hafa verið ákveðið á fundinum. Tölvupósturinn hljóðar svo:

**From:** Thomas Möller  
**Sent:** 30. október 1998 09:15  
**To:** Einar Benediktsson; Jón Halldórsson; Kristján B. Ólafsson; Thomas Möller  
**Subject:** fundur um landssímann

ákv að bjóða 3kr m vsk  
síðan fóru í gang umræður sem skiluðu þessu:  
pósturinn fái sama, skipt upp um áramót þó samn gildi til 2000  
lögreglan rædd, eðlilegt að hún endi í sama farvegi, hún 95% esso í dag, líklegt að þeir bjóði út bráðlega  
afsl 5–10 bílar: 1 kr  
afsl 10–50 bílar 2 kr  
afsl 50 og meira 3 kr.  
Ákv að SETJA MEIRI AGA Á ÞESSI ATRÍÐI OG HALDA ÞESSU

almennt verði ekki hærri afsl, 5kr í dísil verði að hætta, en þó verði að bjóða það meðan tankaafsláttur er 5 kr. sammála um 5kr tankaafsláttur sé mesta þverstæða sem þekkist, mikil þjónusta lágt verð

sammála um 500ltr afgr og minna fái smáafgreiðslugjald, hefur verið reynt í 5 ár án árangurs, etv núna lag, allir sammála

<sup>1047</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra OHF (fyrrum sölustjóra stórnotendasviðs), dags. 15.4.2002.

<sup>1048</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller, Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 30.10.1998 kl. 9:15 og 9:24.

Olís segir upp 4x4 og lækkar í 1 kr. (ath shell er búið að segja upp afsláttum þeirra í shellbúðinni) frá 1. jan.

Smurolía í smásölu hækki um 10%, M<sup>1049</sup> mun setja það í gang strax.

Fíb verður ekki boðinn neinn afsláttur, vísa á kortaafslættina

Heildsöluverð Olís til nokkurra fyrirtækja sem versla á uppgrip<sup>1050</sup>, um er að ræða hagræðingu, afsl gegn því að menn sækja sjálfir vöruna, annars er hún send til þeirra með sendibíl eins og gert hefur verið um árabíl

Önnur mál: gríðarleg vandamál með sjálfstæðar stöðvar um land allt, almennt mun aukast að hafa sjálfsafgreiðslu eftir t.d. 17:00 á fullu verði

kveðjur

**Thomas Möller**

Forstjóri Olís svaraði tölvupóstinum með þessum hætti:

*„Líst mjög vel á þetta allt. Vona bara að mönnum takist að koma þessu fram. Bið TM að gera nánar grein fyrir þessu á næsta framkvstj fundi.“<sup>1051</sup>*

Nokkrum dögum seinna eða 3. nóvember 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og greindi frá því að umræddur framkvæmdastjóri hjá Skeljungu hafi hringt og sagt „þetta vera komið í gang, nema smurolíuhækkun, en það væri smurolíusöluátak í nóv., hækka allt 1. des.“<sup>1052</sup> Þann 9. nóvember 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís drög að bréfi til Ferðaklúbbsins 4x4 til m.a. forstjóra fyrirtækisins.<sup>1053</sup> Í bréfinu er tilkynnt að frá 1. janúar 1999 muni afsláttur á eldsneyti minnka úr 3 kr./ltr. í 1 kr., eins og ákveðið hafði verið af olíufélögunum á fundinum 29. október 1998.

Aðspurður um þetta hefur forstjóri Olís sagt að hann ætli ekki að mótmæla því sem fram komi í skriflegum gögnum frá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu. Forstjórinn vildi þó láta þess getið að framkvæmdastjórinn væri stundum svolítið hvatvís og ætti það til að tjá sig mjög sterkt um hlutina og gefa til kynna að eitthvað hafi verið ákveðið sem aðeins hafi verið sameiginlegur skilningur um eða menn hafi rætt. Ljóst væri að félögin hefðu rætt um og haft sameiginlegan vilja til ýmissa mála, en forstjóri Olís kvaðst sjálfur ekki vera sammála því að sameiginleg ákvörðun hafi

<sup>1049</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu.

<sup>1050</sup> Uppgrip er nafn á verslunum Olís.

<sup>1051</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Thomasar Möller, Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 30.10.1998 kl. 9:24.

<sup>1052</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 3.11.1998 kl. 10:51.

<sup>1053</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 9.11.1998 kl. 13:50.

verið tekin í ýmsum málum sem umræddur framkvæmdastjóri lýsti á þann veg.<sup>1054</sup> Samkeppnisráð bendir hér á að gögnum umræddra starfsmanna Olís og OHF frá 1998 ber saman í aðalatriðum og starfsmaður OHF hefur staðfest fundargerð sína. Jafnframt hefur forstjóri Olís á þessum tíma lýst yfir ánægju með niðurstöðu fundar félaganna 29. október 1998 og vonast til að allt sem ákveðið hafi verið verði framkvæmt. Það gefur ekki til kynna að forstjórinn hafi talið þá að framkvæmdastjórinn væri að fara með fleipur eða einungis að lýsa óskum sínum. Samkeppnisráð telur því að umrædd gögn OHF og Olís lýsi því sem ákveðið hafi verið á þessum fundi félaganna. Jafnframt má hér hafa í huga að í samkeppnisrétti er enginn munur á lagalegum afleiðingum þess að keppinautar ákveði t.d. verðhækkun á fundi sínum eða að þeir gefi hver öðrum til kynna vilja sinn til þess, sbr. umfjöllun í kafla III.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að fundurinn 29. október 1998 hafi verið haldinn og staðfest „*að verðlags- og afsláttarmál hafi borið á góma á fundinum og að menn hafi verið sammála um að ekki væri æskilegt að bjóða sérstaka afslætti til einstaklinga og félagasamtaka. Á fundinum var einnig ákveðið afsláttarmynstur fyrir misstóra bílaflota. Hins vegar verður að hafa í huga að meint brot eru ekki jafn alvarleg og ella þar sem gögn málsins benda ekki til þess að sameiginlegum skilningi olíufélaganna, sem kom fram á umræddum fundi, hafi nema e.t.v. að mjög takmörkuðu leyti verið hrint í framkvæmd.*“ Að mati samkeppnisráðs er ekki unnt að fallast á að þessum ákvörðunum félaganna hafi að litlu leyti verið hrint í framkvæmd og verður gerð grein fyrir því síðar.

Haldinn var annar fundur olíufélaganna 11. nóvember 1998. Á þeim fundi, sem haldinn var hjá Skeljungu voru rædd að hluta til sömu mál og höfðu verið rædd á fundinum 29. október 1998, auk mála sem féllu undir ábyrgðarsvið yfirmanna stórnotendaviðskipta hjá félögunum. Af hálfu Skeljungs sátu fundinn framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu og stórviðskipta. Þetta kemur m.a. fram í tölvupósti milli þessara starfsmanna Skeljungs sem sendur var 10. nóvember 1998.<sup>1055</sup> Í honum setur framkvæmdastjóri stórviðskipta hjá Skeljungu fram sex atriði til að ræða um við hin félögin og óskar eftir því að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hitti hann kl. 10:00 morguninn eftir til að undirbúa sig fyrir fundinn með hinum félögunum. Í dagbók framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu er í samræmi við þetta bókað að hann eigi fund kl. 10:00 þann 11. nóvember 1998 með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu vegna OHF og Olís. Klukkan 11 er síðan bókaður fundur með yfirskriftinni „*Verðlagsmál Ath.*

<sup>1054</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1055</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Friðriks Stefánssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 10.11.1998 kl. 15:12 og 15:14.

*Dagskrá.* <sup>1056</sup> Dagskrá þessi fannst hjá Olís<sup>1057</sup> og OHF. Í upphafi fundargerðar Skeljungs um þennan fund segir: „*Mættir FPS*<sup>1058</sup>, *MG*<sup>1059</sup> *o.fl.*“

Á eintaki dagskrár fundarins sem fannst hjá OHF hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF ritað ýmsar athugasemdir sem lýsa niðurstöðu fundarins ásamt því að rita upphafsstafi sölustjórans hjá OHF sem sat fundinn 29. október 1998.<sup>1060</sup> Hvorugur þessara starfsmanna OHF kannast hins vegar við að hafa setið þennan fund. Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að ekki sé ljóst hvort og þá hvaða starfsmenn OHF hafi setið þennan fund. Ljóst sé hins vegar að enginn hafi setið fundinn sem bar ábyrgð á verðlagsmálum OHF. Óumdeilt sé hins vegar að OHF hafi borist fundargerð um fundinn og á hana séu ritaðar örfáar athugasemdir. OHF telji því líklegast að enginn hafi setið fundinn frá félaginu en athugasemdirnar hafi verið ritaðar eftir fundinn samkvæmt samtali. Þessu til stuðnings má nefna minnispunkta Skeljungs frá fundinum. Þar kemur fram að mættir séu tilteknir nafngreindir starfsmenn Skeljungs en aðrir eru ótilgreindir.

Samkeppnisráð bendir hér á að bæði í framangreindum tölvupósti frá Skeljungi og dagbókarfærslu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi kemur fram að fundurinn 11. nóvember 1998 hafi átt að vera með bæði Olís og OHF. Dagskrá fundarins fannst hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF og á hana hefur hann ritað minnispunkta og bætt við dagskrárliðum. Yfirbragð og efni þessara skrifa framkvæmdastjórans gefur til kynna að þetta hefi verið ritað í tengslum við umræður á fundi. Í upphafi nefndrar fundargerðar sem OHF vísar til segir eins og áður sagði „*Mættir FPS, MG o.fl.*“ Þetta gagn gefur ekki til kynna, eins og OHF heldur fram, að fulltrúi félagsins hafi ekki verið á fundinum heldur bendir ótvírætt til þess að á honum hafi verið aðrir en fulltrúar Skeljungs. Þegar þetta er virt saman telur samkeppnisráð að a.m.k. nefndur framkvæmdastjóri hjá OHF hafi setið fundinn af hálfu fyrirtækisins. Hafa verður í huga að jafnvel þó fallist væri á að enginn fulltrúi OHF hefði setið fundinn sýnir sú staðreynd að félagið fékk umrædda dagskrá og upplýsingar um niðurstöður fundarins að það var þátttakandi í þessu samráði.

Hjá Olís fundust gögn um þennan fund hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og á þeim gögnum er að finna rithönd framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís. Samkeppnisráð telur því líklegt að báðir framkvæmdastjórarnir hafi setið fundinn.

---

<sup>1056</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 11.11.1998 (Hs. nr. 8211).

<sup>1057</sup> Skjal sem fannst hjá Olís með yfirskriftinni „*Dagskrá*“ (Hs. nr. 4576).

<sup>1058</sup> Friðrik Þ. Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi.

<sup>1059</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungi.

<sup>1060</sup> Skjal sem fannst hjá OHF með yfirskriftinni „*Dagskrá*“. Á skjalið er handskrifuð dagsetningin 11.11.1998 (Hs. nr. 3112).

Brenn gögn málsins sýna hvað fram fór á fundinum 11. nóvember 1998. Í fyrsta lagi fannst, eins og áður sagði, dagskrá fundarins hjá bæði Olís og OHF. Eintak dagskrárinnar sem fannst hjá OHF lítur svona út. Skáletraður texti eru handskrifadaðar athugasemdir framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF.

Ath. leiðsluverð

**Dagskrá**

1. Mismunur leiðsluverðs og diesel og aðgerðir til að minnka hann } *>Skeljungur gerir tillögur*
2. Gildandi afsláttarkjör til stórra notenda/leiðsluverðs kúnna } *4 x 4*
3. Tankavæðing slíkra aðila
4. Sjálfsafgreiðsludætur, t.d. Þorlákshöfn, Keflavík, Fáskrúðsfirði, Ólafsvík
- Hækka á útgerðir?* < 5. Smuroliuverð > *Hækka smuroliu 1. des '98 (Shell)*
6. Spilliefnagjald > *Kemur um áramót*
- Setja inn í verðlagið* < 7. Söfnun spilliefna > *Uppkast frá spilliefnagjöld (sic)*
- Skóða* 8. 98/95 Oktan
9. Steinolía

MG<sup>1061</sup>/KK<sup>1062</sup>/TM<sup>1063</sup>

> *Endurskoða tankaverð > hámar. -3kr.*  
> *Afgreiðslugjöld/ OHF gerir*

11/11 '98

Í öðru lagi ritaði framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi fundargerð um þennan fund.<sup>1064</sup> Lokaútgáfa fundargerðarinnar fannst hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.<sup>1065</sup> Í fundargerðinni segir m.a. þetta:

<sup>1061</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungi

<sup>1062</sup> Kristján Kristinsson sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF.

<sup>1063</sup> Thomas Möller framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>1064</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur til Friðriks Stefánssonar, dags. 17.11.1998 kl. 8:52. Viðhengi: Word skjalið „Leiðsluverð.doc“. Með tölvupóstinum var framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu að senda fundargerðina til baka eftir yfirlestur.

<sup>1065</sup> Skjal sem fannst hjá Jóni Halldórssyni Olís með yfirskriftinni „Minnispunktur Fundur 11.11.1998“ (Hs. nr. 4576).



### **„1. Diesilverð vs. leiðsluverð**

Afslættir hafa þróast hægt og bitandi niður fyrir leiðsluverð. Leiðsluverð hluti af fortíðarverðmyndun. Breyttir afgreiðslu og þjónustumáttar í dag. Niðurstaða að minnka í áföngum mun á leiðsluverði og disilverði (í dag kr. 4+Vsk). Eðlilegt að taka mið af sjálfsafgreiðsluafslætti.

Markmið að komast út úr tankavæðingu einstakra viðskiptavina þegar þessi munur minnkar/hverfur.

**FPS<sup>1066</sup> og GKG<sup>1067</sup> gera tillögur**

### **2. Afgreiðslugjöld á smærri afgreiðslur**

Niðurstaða að tímabært væri að innheimta afgreiðslugjöld á smáar og óhagkvæmar afgreiðslur viðskiptavina (verktakar etc.) Fyrir liggja raunkostnaðartölur við slíkar afgreiðslur.

**Tillögur verða gerðar.**

### **3. Afslættir til stærri notenda**

Niðurstaða að fyrsta innlegg í að bæta framlegð sé afnám/hækkun leiðsluverðs. Seinni skref vinnist eftir nánari íhugun.

Ennfremur að félagasamtök og aðrir slíkir hagsmunahópar eigi ekki að ná þannig sérkjörum að framlegð sé verulega skert. 4x4 samningnum verður þannig sagt upp og ný tillaga að kjörum lögð fram

Einnig er niðurstaðan að þrátt fyrir að of langt sé gengið í kjörum sé alltaf einhver reiðubúinn að ganga enn lengra. Nokkur dæmi nefnd.

### **4. Sjálfsafgreiðsludætur**

Sjálfsafgreiðsludætur, einkum fyrir Diesel á leiðsluverði hafa staðið utan vinnu vegna bensinstöðva, en virðist skekkja þá mynd verulega. Voru nefnd dæmi af Þorlákshöfn, Fáskrúðsfirði, Keflavík. Þetta þrýstir á niðurstöðu í þessa vinnu. Verður metið á ný er/ef niðurstaða liggur fyrir.

Bátadætur. Nokkuð er um að stærri bifreiðar afgreiði sig af bátadælum. Breytist ef vel tekst til í lið 1. með breyttu leiðsluverði.

Mikill þrýstingur er víða á flotbryggjur vegna afgreiðslubúnaðar smábáta. Niðurstaðan er að spyrna fast við byggingu/fjárfestingu í flotbryggjum en gera þess í stað kröfu til þess að hafnaryfirvöld leggi til bryggjuhláss en félagið afgreiðslubúnað.

*Skeljungur mun gera tillögu um þetta.“*

Einnig var fjallað um verðhækkun á smurolíu en því verður nánar lýst í kafla VI 7.2.

<sup>1066</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>1067</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungs.

Í þriðja lagi fannst hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís önnur fundargerð sem lýsir sama fundi.<sup>1068</sup> Rithönd framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís kemur fram á fundargerðinni. Í fundargerðinni segir m.a. þetta:

*„Smáafgr. gjald verði tekið upp í mars/apríl, kr. ca 395 á sama tíma og verðlækkun á sér stað (hefðbundin lækkun á vori) fyrir 500 ltr afgangslur og minna. Fjarlægðarálög einnig tekin upp, nánar um það síðar. Hugsanlegt síðar að afgr. gjald komi einnig á t.d. 500 til 1000 ltr afgangslur. Útskýring er sú að verið sé að lækka verð ma með því að láta litlu kúnnanna borga meira fyrir þjónustuna.*

*Hámarksafsláttur á dísil til verktaka, flutningabíla og vinnuvélar sem koma inn á eigin þjónustustöðvar með kort en hafa hingað til eða eru með möguleika að fá olíu af viðskiptamannatank verði 4kr. (skoða hvort landlykladætur/landkortadætur fari í 4 kr. líka – nb þetta er viðbótarhugmynd) Þannig verði í raun landverð á dísilolíu (5kr á sjólykladælum, viðsk.mannatönkum og til skipa).*

*Gas mun hækka um 10–15% fyrir vorið.*

...

*Smápakkgjöld tekin upp í dreifing þurrvöru t.d fyrir 5000 kr. pantanir og minna, ca 295 kr. pr sendingu frá feb/mars/apríl.“*

Einnig var umfjöllun um verðhækkun á smurolíu. Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís um þennan fund en framangreind fundargerð og fundargerð Skeljungs fundust hjá honum, auk eintaks af dagskrá fundarins. Framkvæmdastjórinn kvaðst ekki hafa skrifað fyrstnefndu fundargerðina heldur væri framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís trúlega höfundur hennar. Hann kvaðst ekki muna eftir þessum fundi en greinilega hafi verið rædd þar mál sem féllu undir hans starfssvið. Forstjóri Olís hefur sagt það sama um þessa fundargerð og tölvupóst framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu frá 30. október 1998 þ.e. að hann ætli ekki að mótmæla því sem fram kemur í skriflegum gögnum frá framkvæmdastjóranum. Forstjórinn hefur eins áður sagði þó viljað láta þess getið að framkvæmdastjórinn geti stundum verið svolítið hvatvís.<sup>1069</sup>

<sup>1068</sup> Ódagsett skjal sem fannst hjá Olís. Efst á skjalið er handskrifað „JH“ neðst á skjalið „Tm“ (Hs. nr. 4317).

<sup>1069</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að fundir félaganna 29. október og 11. nóvember 1998 og gögn sem sýna hvað rætt var á þeim gefa ljóslega til kynna verulegt og náð samstarf félaganna í verðlagsmálum á þessum tíma. Þegar framangreind gögn eru athuguð saman má sjá að á fundunum hafi verið teknar ákvarðanir, eða eldri ákvarðanir áréttaðar, um þessi efni:

- Ákveðið var að einstaklingum, félagasamtökum eða öðrum slíkum hagsmunahópum yrði ekki veittur afsláttur umfram sn. kortaafslætti. Hér er átt við afslátt sem handhafar t.d. Frikorts Skeljungs eða Safnkorts OHF nutu.
- Ákveðið var að minnka afslátt á eldsneyti sem Skeljungur og Olís veittu Ferðaklúbbnum 4x4 og að Félagi íslenskra bifreiðaeigenda yrði ekki veittur afsláttur.
- Ákveðið var hvaða afsláttur yrði veittur bílafлотum fyrirtækja. Þetta afsláttarkerfi var nefnt 1-2-3 kr. kerfið og var í framkvæmd a.m.k. á árunum 1999 og 2000, sbr. umfjöllun síðar. Jafnframt átti að setja „meira aga“ á þennan afslátt.
- Ákveðið að almennt ætti afsláttur á eldsneyti ekki að vera hærri en 3 kr. á lítra.
- Ákveðið var að hafa samráð þegar viðskiptavinir félaganna væru að leita eftir hærri afslætti með því að segjast hafa betra tilboð frá öðru félagi, svonefnt „shoppa“.
- Ákveðið var að taka upp gjald fyrir afgreiðslu á 500 lítrum af eldsneyti eða minna.
- Ákveðið var að hækka verð á gasolíu til landnotkunar (leiðsluverð). Hér er um að ræða áréttingu á þeirri stefnumörkun olíufélaganna að draga úr notkun heimatanka og beina viðskiptavinum inn á þjónustustöðvar félaganna í því skyni að auk framlegð félaganna, sbr. m.a. kafla VI 2.3. Þessu var hrint í framkvæmd í febrúar 2000 og ágúst 2001, sbr. kafla VI 5.3. og 6.3.
- Rætt hefur verið um sjálfsafgreiðsludætur og afslætti. Rætt var í því sambandi um sjálfsafgreiðslu á dísil á leiðsluverði sem standi utan „*vinnu vegna bensinstöðva en virðist skekkja þá mynd verulega*“ og það þrýsti á niðurstöðu í þessari vinnu. Jafnframt var rætt um að það myndi almennt aukast að sjálfsafgreiðsla yrði á fulli verði eftir t.d. kl. 17:00. Samkeppnisráð telur að þetta sé til vitnis um áframhaldandi samvinnu olíufélaganna í því skyni að minnka sjálfsafgreiðsluafslátt, sbr. t.d. kafla III 2.4.
- Á þessum fundum félaganna hefur einnig verið fjallað um verðhækkanir á smurolíu og gasi, steinolíu, að hætta að selja 98 oktana bensín, taka upp smáþakkagjöld og að „*spyrna fast*“ við óskum um byggingu flotbryggja.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir um efni fundarins 11. nóvember 1998 að það virðist „*aðallega hafa falist í umræðum um málefni sem áður höfðu verið*

*rædd en aldrei komist nein niðurstaða í. Ekki virðist hafa náðst almenn niðurstaða á umræddum fundi heldur virðist sem yfirleitt hafi verið mál manna að gera ætti tillögur síðar um eitt og annað. Er því ekki hægt að segja að samstaða hafi náðst með oliufélögunum í þeim málefnum sem til umræðu voru á fundinum.*“ OHF mótmæli því framangreindum fullyrðingum samkeppnisyfirvalda um samstarf OHF við hin félögin í verðlagsmálum. Er sagt að megnið af ásökununum eigi sér ekki stoð í raunveruleikunum og séu ósannaðar. Þennan skort á sönnun verði samkeppnisyfirvöld að bera.

Samkeppnisráð bendir hér á að gerð hefur verið grein fyrir fjölda gagna sem lýsa því hvað fór fram á fundi oliufélaganna 29. október og 11. nóvember 1998. Gögnum þessum ber saman og efni þeirra er trúverðugt. Því hefur ekki verið haldið fram að efni þeirra sé rangt eða villandi. Þegar gögnin eru virt saman leiðir það óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu um samráð félaganna sem reifuð var hér að framan. Almennar og órökstuddar fullyrðingar OHF um annað geta ekki breytt þessu.

### 3.8. Samvinna um að hrinda í framkvæmd ákvörðunum frá fundum í október og nóvember 1998 o.fl.

Gögn frá Skeljungu sýna að unnið var á grundvelli þeirra ákvarðana sem teknar voru á fundunum sem áður er getið. Þann 22. nóvember 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs og bað hann að muna það með sér „*að fara yfir hvaða skref er skynsamlegt að taka í fyrstu til að minnka mun á leiðsluverði og diesilverði. Við þurfum að gera tillögur um þetta skv. fundinum um daginn.*“<sup>1070</sup> Daginn eftir var greint frá því á fundi stórnotendahóps hjá OHF að Olís og Skeljungur muni segja upp afsláttarsamningi sínum við Ferðaklúbbinn 4x4 frá áramótum.<sup>1071</sup>

Hér má einnig líta til þess að 17. nóvember 1998 sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins um að náðst hafi samningur við Bilabúð Benna um sölu á smurolíu og eldsneyti. Jafnframt er greint frá því að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu hafi hringt og kvartað yfir þessu þar sem Skeljungur hefði samning við þetta fyrirtæki. Framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu hefði látið öllum illum látum. Sölustjórinn segir í tölvupóstinum að honum finnist „*alveg með ólíkindum að þegar við erum að ná einhverju frá keppinautunum þá byrja þeir að emja og væla. Það er vísast að þetta verði klagð alveg upp til forstjóra.*“<sup>1072</sup>

<sup>1070</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 22.11.1998 kl. 20:48.

<sup>1071</sup> Fundargerð stórnotendahóps OHF, dags. 23.11.1998 (Hs. nr. 1916).

<sup>1072</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar, Ragnars Bogasonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 17.11.1998 kl. 16:55.

Ýmis önnur gögn sýna mikil og nán samskipti milli olúfélaganna í nóvembermánuði 1998. Þann 9. nóvember 1998 hitti forstjóri Olís forstjóra OHF á fundi.<sup>1073</sup> Tveimur dögum seinna áttu forstjóri Skeljungs og forstjóri Olís fund saman.<sup>1074</sup> Þeir tveir hittust aftur síðdegis 18. nóvember 1998.<sup>1075</sup> Daginn eftir sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá fyrirtækinu. Greinir hann þar í fyrsta lagi frá símtali við forstjóra OHF varðandi fyrirætlanir OHF um skipti á stjórnarmönnum í Úthafsolíu ehf. Síðan segist forstjórinn „geta lætt því“ að framkvæmdastjóranum að í næstu viku muni verða kynnt nýtt skipurit hjá Skeljungi. Gerir forstjórinn síðan grein fyrir því í hverju þessar breytingar hjá Skeljungi muni felast.<sup>1076</sup>

Þann 17. nóvember 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungi tölvupóst til starfsbræðra sinna hjá Olís og OHF og greindi frá því að Skeljungur muni ekki taka þátt í herferð Bindindisfélags ökumanna í desember. Hún sjái ekki að það sé „neitt í þessu fyrir olúfélögin, enginn viðskiptamannabinding og áhugi minn á að vera jólasveinn ekki mikill“. Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði sama dag og sagðist vera búinn að segja nei. Framkvæmdastjórinn hjá OHF svaraði einnig samdægurs og sagðist hafa verið búinn að segja já en aftur á móti muni OHF ekki taka í sölu alkóhólmæla.<sup>1077</sup> Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði þessum tölvupósti daginn eftir og greindi framkvæmdastjóranum hjá OHF frá því að hann hefði kannað ryðvarnarmálin. Af tölvupóstinum og öðrum gögnum sést að fyrirtækið Ryðvörn Þórðar hefur viljað flytja viðskipti sín með ryðvarnarefni frá OHF til Olís. Olís hafi hins vegar gert ýmislegt til þess að hindra það, m.a. með því að hækka verð en framkvæmdastjórinn hjá Olís upplýsti OHF að sú verðhækkun hafi ekki dugað. Ryðvörn Þórðar vilji eftir sem áður hefja viðskipti við Olís.<sup>1078</sup> Sýnir þetta samvinnu félaganna í sölu á ryðvarnarefnum og það ásamt samskiptum varðandi Bindindisfélag ökumanna hversu fjölbreytileg og margþætt samvinna félaganna var á þessu tímabili.

Þann 19. nóvember 1998 sendi innkaupastjóri OHF á eldsneyti tölvupóst um svartolíu til aðstoðarforstjóra Skeljungs og framkvæmdastjóra áhættustýringar og fjárfestingar hjá Olís. Í honum segir:

*„Við þurfum að vera samtaka í að láta dreifingarmenn okkar spara svartolíu eins og kostur er og flytja hana alls ekki út á land vegna „líkinda“*

<sup>1073</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 9.11.1998 (Hs. nr. 4002).

<sup>1074</sup> Sjá t.d. dagbók Einars Benediktssonar, færsla 11.11.1998 (Hs. nr. 4002).

<sup>1075</sup> Sjá t.d. dagbók Einars Benediktssonar, færsla 18.11.1998 (Hs. nr. 4002).

<sup>1076</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 19.11.1998 kl. 16:15.

<sup>1077</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Margrétar Guðmundsdóttur, Thomasar Möller og Heimis Sigurðssonar, dags. 17.11.1998 kl. 10:38, 15:16 og 19:04.

<sup>1078</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Thomasi Möller til Heimis Sigurðssonar, dags. 18.11.1998 kl. 10:08. Milli Heimis Sigurðssonar, Kristjáns Kristinssonar og Ragnars Bogasonar, dags. 19.11.1998 kl. 14:14. Sjá einnig tölvupóst milli framangreindra manna frá 27.7.1998.

*á sölu eins og líklegt er að geti orðið. Þá yrði vonandi hægt að biða fram yfir áramót með næsta farm. Þessi mál þurfum við svo að skoða í næstu viku, allir saman.*<sup>1079</sup>

Þessi fundur var haldinn í byrjun desember og í tölvupósti framkvæmdastjórans hjá Skeljungu þar sem verið er að finna fundartíma til að ræða svartolíu segir að það verði líka að hittast út af „*öðrum málum*“.<sup>1080</sup> Þessi samskipti sýna að samvinna félaganna um innkaup á svartolíu tók líka til framboðs hennar á markaði og annarra mála. Hér verður að líta til þess að verð á vöru er afsprengi framboðs og eftirspurnar. Því er augljóst að allar ráðstafanir sem miða að því að draga úr framboði vöru lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á verð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Olíufélögin breyttu verði á eldsneyti 1. desember 1998. Að morgni 30. nóvember 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til forstjóra félagsins, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra áhættustýringar og fjárfestingar:

*„Hvernig væri að lækka 98 okt minna en 95 okt til að draga enn meira úr sölunni og beina sem mestri sölu í 95. Kæmi til greina að lækka landnotkun dísil á tank minna en annað dísil, fá tankverðið úr 5kr mism í t.d 4,50“*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís svaraði um hæl með þessum hætti:

*„Legg til að við biðum með dísel landnotkun hugleiðingar af þessum toga þar sem þetta er ennþá á umræðugrundvelli milli félaganna.“*

Forstjóri Olís svaraði eftir hádegi og leist vel á þetta og bað framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar að „*taka málið upp og athugi hvað hægt er að gera.*“<sup>1081</sup> Þetta verður ekki skilið öðruvísi en að framkvæmdastjórinn hafi átt að hafa samband við hin félögin og kanna hvort samstaða gæti náðst um þessa hugmynd. Upplýsingar um verðbreytingar olíufélaganna 1. desember 1998 sýna hins vegar að sú samstaða náðist ekki varðandi þessa hugmynd framkvæmdastjórans hjá Olís. Tölvupóstur framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís gefur hins vegar til kynna áframhaldandi vinnu félaganna varðandi verðlagningu gasolíu til landnotkunar. Jafnframt er framangreind beiðni forstjóra Olís til framkvæmdastjóra fjárfestingar og

<sup>1079</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Magnúsi Ásgeirssyni hjá OHF til Gunnars Karls Guðmundssonar og Samúels Guðmundssonar hjá Olís, dags. 19.11.1998 kl. 9:26.

<sup>1080</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Gunnars Karls Guðmundssonar, Samúels Guðmundssonar og Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 1.12.1998 kl. 11:33.

<sup>1081</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar, Thomasar Möller, Kristjáns B. Ólafssonar, Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 30.11.1998 kl. 9:48, 10:05 og 15:10.

áhættustýringar, sem hvorki er sérstaklega skýrð eða rökstudd, til vitnis um samvinnu þeirra starfsmanna olíufélaganna sem ábyrgð báru á verðlagningu.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kemur að félagið telji ekkert í þessum samskiptum sýna fram á að það hafi átt samskipti við Olís í umræddu tilviki. Þeim ályktunum sem Samkeppnisstofnun drægi af þessum samskiptum Olís og varða OHF er mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Síðan segir: „Í fyrsta lagi liggur fyrir um (sic) *hvers eðlis ofangreint „mál” er og hvort umræður um það hefðu brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í öðru lagi vísar sá skilningur Olís að tiltekið mál sé á „umræðugrundvelli” ekki til þess að umræður séu þegar hafnar um málið. Umræður geta allt eins verið fyrirhugaðar af hálfu Olís en óvíst með þátttöku annarra. Í þriðja lagi er með öllu óvíst að það sem átti að eiga sér stað „milli félaganna” varði umbj. okkar enda sýna gögn málsins að Olís og SKEL áttu alloft í samstarfi sín á milli án vitneskju umbj. okkar. Loks er með öllu ósannað að umbj. okkar hafi átt í viðræðum við Olís vegna málsins, jafnvel þó svo að Olís hefði haft vilja til þess að ræða við umbj. okkar vegna þess.“*

Samkeppnisráð minnir hér á að í kafla VI 3.7 hér að framan er gerð grein fyrir gögnum sem sanna að olíufélögin náðu samkomulagi um að hækka verð á gasolíu (dísilolíu) til landnotkunar. Í framangreindum tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís er gerð tillaga um að lækka í næstu almennu verðbreytingu gasolíu til landnotkunar minna en aðra gasolíu og stuðla þannig að þessu markmiði félaganna. Forstjóri Olís svaraði þessum tölvupósti og bað yfirmann verðlagsmála að taka málið upp og athuga hvað hægt væri að gera. Augljóst er að forstjóri Olís er hér að vísa til þessarar tillögu um gasolíu og OHF getur ekki verið í vafa um að viðræður milli keppinauta um að hækka verð séu ólögmatar. Að mati samkeppnisráðs fæst heldur ekki séð hvað sé óskýrt við tölvupóst framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda þar sem beinlínis kemur fram að þetta málefni sé til umræðu milli olíufélaganna. Þetta er í samræmi við önnur gögn málsins sem sýna að eftir fundina í október og nóvember 1998 hafi verið hafinn undirbúningur að því að framkvæma samkomulagið um þessa hækkun á gasolíu, sbr. m.a. tölvupóst Skeljungs frá 22. nóvember 1998 sem reifaður var hér að framan. Á árinu 1999 tók OHF þátt í umræðum milli olíufélaganna um þetta atriði og þann 1. mars 2000 var þetta samkomulag olíufélaganna framkvæmt, sbr. kafla 5.3 hér á eftir. Í athugasemdum OHF við þann kafla er sagt að verðsamráð kunni að hafa átt sér stað. Samkeppnisráð telur því engan vafa leika á því að umrædd gögn frá Olís sanni þátttöku OHF í viðræðum um að hrinda samkomulagi um sérstaka hækkun á gasolíu í framkvæmd. Gögnin eru eins og áður sagði einnig til vitnis um almenna samvinnu olíufélaganna í verðlagsmálum á þessum tíma.

Í athugasemdum OHF segir að erfitt sé að festa hönd á markmið með umfjöllun í frumathugun II um framangreind atvik. Lítið sé um beinar ávirðingar um lögbrot og

það torveldi OHF að nýta sér andmælarétt sinn. Mótmælir OHF þessari umfjöllun í heild sinni en gerir einnig einstakar athugasemdir.

Samkeppnisráð telur að OHF hafi mátt vera ljóst hvað fólst í umræddri umfjöllun í frumathugun II. Atvikin hér að framan sýna m.a. framkvæmd olíufélaganna á ólögmaetum samningum sínum sem gerðir voru í október/nóvember 1998. Einnig gefa gögnin til kynna áframhaldandi samvinnu olíufélaganna í verðlagsmálum. Jafnframt kemur fram að olíufélögin hafa rætt um að takmarka framboð sitt á svartolíu og má ljóst vera að slíkar aðgerðir keppinauta fara gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Einnig eru nefnd gögn sem eru til vitnis um nána samvinnu olíufélaganna um ýmis atriði sem hafa áhrif á samkeppni félaganna. OHF hlaut því að vera ljós lagaleg þýðing þessarar umfjöllunar í frumathugun II, ekki síst þar sem félagið hefur frá upphafi notið aðstoðar lögmannna. Athugasemdir sem OHF gerði við einstök atvik í þessum kafla sýna einnig að OHF gerði sér grein fyrir eðli þeirrar umfjöllunar í frumathugun II.

OHF heldur því fram að félagið hafi ekki brotið gegn samkeppnislögum varðandi hugsanlega þátttöku í góðgerðarmálefnum tengdum herferð Bindindisfélags ökumanna. Ekkert samráð hafi verið og gjafastarfsemi falli ekki undir starfsemi olíufélaganna. Jafnframt er harðlega mótmælt þeim vinnubrögðum að nota þetta lögmeta tilvik til sýna fram á hversu fjölbreytileg og margþætt samvinna olíufélaganna hafi verið. Samkeppnisráð bendir hér á að í tölvupósti Skeljungs til OHF og Olís er fjallað um þátttöku í þessari herferð bindindismanna út frá viðskiptalegum forsendum. Talað er um að ekki sé neitt „í þessu fyrir olíufélögin“ og engin „viðskiptamannabinding“. Þá er ljóst að þátttaka fyrirtækja í aðgerðum af þessum toga er oft nýtt með beinum eða óbeinum hætti í markaðsstarfi þeirra, t.d. sem liður í því að bæta ímynd þeirra á markaðnum. Að mati samkeppnisráðs var hér um að ræða atriði sem tengdist markaðshegðun og samkeppni milli olíufélaganna. Sú staðreynd að stjórnendur olíufélaganna höfðu fyrir því að upplýsa hvern annan um viðbrögð sín í þessu máli sýnir að þetta hafi haft þýðingu fyrir félögin. Samkeppnisráð telur því að gögn um þessa samvinnu séu enn ein staðfesting á því að milli olíufélaganna hafi ríkt sameiginlegur vilji til samráðs um margvísleg atriði sem gátu haft áhrif á samkeppni þeirra. Þessi gögn hafa því þýðingu í málinu til að upplýsa um eðli samráðsins. Ekki er hins vegar lagt til grundvallar í málinu að þessi tilteknu samskipti, ein og sér, hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

### 3.9. Fundir forstjóra olíufélaganna í desember 1998

Um hádegisbil 9. desember 1998 sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra félagsins og greindi frá því að kl. 15:00 sama dag yrði fundur hjá Olís með forstjórum olíufélaganna og spurði þá hvort það væru einhver mál sem þeir vildu að hann tæki



upp á fundinum.<sup>1082</sup> Samkvæmt dagskrá fundarins sem forstjóri OHF lét Samkeppnisstofnun í té voru 15 mál til umræðu. Auk þessarar dagskrár lét forstjórinn Samkeppnisstofnun í té bæði skrifaða og prentaða minnispunkta sína um fundinn.<sup>1083</sup> Forstjóri Olís sendi tölvupóst til undirmanna sinna 10. desember 1998 og lýsti umræðum forstjóranna varðandi 10 málefni.<sup>1084</sup> Af þessum gögnum má ráða að fjallað hafi verið m.a. um eftirfarandi málefni á fundinum:

- Rætt var um að taka 98 oktana bensín út af markaði.<sup>1085</sup> Samkvæmt frásögn forstjóra Olís í tölvupósti hans hefur OHF upplýst á fundinum að félagið hafi greint FÍB frá þessu, og forstjóri Olís sagði starfsmönnum sínum í tölvupóstinum að ekki væri heppilegt að Olís gerði það líka þar sem „*það gæti bara skapað umtal um samráð*”. Framkvæmdastjórum markaðssviða smásölu hjá félögunum var falið að vinna þetta áfram.
- Rætt var um verð á gasolíu (tankaverð) og gjald á smáafgreiðslur á eldsneyti. Samkvæmt frásögn forstjóra Olís hafi Olís og Skeljungur lýst yfir áhuga um að gera eitthvað í málinu og að OHF væri að skoða málið í meiri alvöru. OHF væri að hugleiða að leggja til „*að fyrst yrði verð til bænda hækkað í bensínstöðvaverð*“ og fyrirtækið væri jákvæðara í að hækka líka verð á eldsneyti á tanka verktaka og annarra slíkra. Ákveðið var að OHF hefði frumkvæði að frekari vinnu. Ljóst er að þessi umræða forstjóranna er framhald af fundi undirmanna þeirra 11. nóvember 1998.
- Rætt var um arðsemi olíufélaganna.
- Rætt hefur verið um kröfu Skeljungs að Olís léti hinum félögunum í té hlutdeild í framlegð fyrirtækisins af viðskiptum við Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Í því samhengi var einnig rætt um skiptingu á sölu eða framlegð vegna viðskipti við Reykjavíkurborg, Landhelgisgæsluna, dómsmálaráðuneytið, Granda, Póst og síma og Norðurál.<sup>1086</sup> Nánar er fjallað um þetta í kafla VIII 11.
- Rætt var um gagnrýni Landssambands íslenskra útvegsmanna á verðlagningu á olíu til útgerða og ákveðið að forstjóri OHF myndi fara á fund LÍÚ og skýra sjónarmið olíufélaganna.<sup>1087</sup>

---

<sup>1082</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, Thomasar Möller, Kristjáns B. Ólafssonar, Samúels Guðmundssonar og Einars Marinóssonar, dags. 9.12.1998 kl. 12:11.

<sup>1083</sup> Gögn afhent af OHF. Dagskrá fundar forstjóra olíufélaganna 9.12.1998. Handskrifaðir og prentaðir minnispunktar forstjóra OHF vegnar fundar forstjóra olíufélaganna 9.12.1998.

<sup>1084</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, Thomasar Möller, Kristjáns B. Ólafssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 10.12.1998 kl. 14:12.

<sup>1085</sup> Önnur gögn í málinu sýna fram á samvinnu um að taka 98 oktana bensín út af markaðnum: Skjal Gunnars Karls Guðmundssonar með yfirskriftinni „*Minnispunktar vegna samtals við Esso*“ (Afritað tölvuskjal frá Skeljungi, Minnispunktar vegna samtals við Esso.doc síðast vistað 12.8.1998). Handskrifaðir minnispunktar Heimis Sigurðssonar OHF vegna fundar með Olís og Skeljungi, dags. 21.1.1999 (Hs. nr. 3112).

<sup>1086</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

<sup>1087</sup> Sjá hér einnig fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 15.12.1998 (Hs. nr. 1360).

- Rætt var um ósk myndlistarmanns sem óskað hafði eftir styrk frá hverju félagi fyrir sig. Samþykkt var hver yrði hámarksfjárhæð sem hvert félag myndi veita í styrk.
- Ákveðið var að halda áfram samstarfi um svartolíuinnkaup.
- Fjallað var um gagnkvæm lánsviðskipti olíufélaganna á eldsneyti og ósk Skeljungs um samstarf í dreifingu innanlands.
- Rætt var um „uppstokkun“ bensínstöðva. Lýsing forstjóra Olís á umræðunum sýnir að „uppstokkun“ er annað orð yfir landfræðilega markaðsskiptingu milli félaganna um rekstur bensínstöðva. Ákveðið var á fundinum að fela framkvæmdastjórum markaðssviða smásölu hjá félögunum „*að taka málið upp að nýju og kanna hvort einhverjir möguleikar væru í núverandi stöðu.*“
- Rætt var um möguleika á stofnun Sambands íslenskra olíufélaga.

Forstjórnarnir ákváðu að hittast aftur 16. desember 1998.<sup>1088</sup> Daginn áður sendi forstjóri OHF eftirfarandi tölvupóst til forstjóra Olís:

*„Þar sem ég næ ekki til þín í síma sendi ég þér þetta þessa leið. Ég hef einhverjar fréttir um að Skeljungur ætli að setja upp sjálfsafgreiðslustöð á Höfn. Ef þeir ætla að gera það með lægra verð er það nýr kafli í verslun með bensín út á landi. Það er að vísu auðvelt að benda á ÓB í Borgarnesi á móti. Þetta gæti orðið upphafið að lækkuðu bensínverði úti á landi. Óskast rætt á morgun.“<sup>1089</sup>*

Forstjóri OHF hefur látið Samkeppnisstofnun í té dagskrá forstjórafundarins 16. desember 1998 og hljóðar hún svo:

**„16. desember 1998**

1. Stjórnarlaun í EAK
2. Hornafjörður
3. Raufarhöfn
4. Grundartangi
5. Dómsmálaráðuneytið
6. Norðurál.<sup>1090</sup>

Annar liður dagskrárinnar sýnir að forstjóra OHF hefur orðið að ósk sinni og áform Skeljungs á Höfn í Hornafirði hafa verið tekin til umfjöllunar. Aðspurður um þetta hefur forstjóri OHF sagt að hér hafi verið um að ræða léttvægt mál en tekið á dagskrá til að inna Skeljung eftir áformum þeirra á Höfn. Trúlega hafi einnig verið rætt um

<sup>1088</sup> Sjá t.d. dagbók Einars Benediktssonar, færsla 16.12.1998 (Hs. nr. 4002).

<sup>1089</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Geir Magnússyni til Einars Benediktssonar, dags. 15.12.1998 kl. 16:46.

<sup>1090</sup> Gagn afhent af OHF. Dagskrá fundar forstjóra olíufélaganna 16.12.1998.

bensínverð úti á landi, „svo og um erfiðleika í rekstri bensínstöðva á landsbyggðinni og nýja tækni sem OHF hefði verið að þróa til reksturs mannláusra bensínstöðva með sem hagkvæmustum hætti“.<sup>1091</sup> Forstjóri Olís hefur sagt um þetta að olíufélögin hafi litið svo á að þrátt fyrir „að ekki væru lagafyrirmæli um að félögin seldu á sama verði á bensínstöðvum um land allt, fæli tilvist laga um flutningsjöfnunarsjóð í sér tilmæli um það og hafi þau tekið tillit til þessa í verðstefnu sinni. OHF hafi hins vegar óttast að hin félögin myndu brjóta upp þetta kerfi og láta dreifingarkostnað endurspeglast í verðlagningu. Hafi OHF ætlast til stuðnings Olís vegna fyrirætlana Skeljungs um að setja upp nýja bensínstöð á Höfn í Hornafirði, en ekkert samkomulag hafi verið gert.“<sup>1092</sup>

Tölvupóstur forstjóra OHF og önnur framangreind gögn sýna að OHF óttaðist að ný stöð Skeljungs á Höfn myndi leiða til aukinnar samkeppni og lægra verðs á eldsneyti á landsbyggðinni og óskaði í því sambandi eftir stuðningi Olís til að vinna gegn þessu. Sú staðreynd að forstjóri OHF sendi forstjóra Olís tölvupóst út af þessu máli og efni hans sýna að OHF hefur ekki talið þetta léttvægt mál á sínum tíma. Mál þetta var síðan rætt á forstjórafundinum 16. desember 1998 en ekki er ljóst hvort þær umræður breyttu fyrirætlunum Skeljungs. Samskipti Olís og OHF og umræðurnar á fundinum eru hins vegar liður í áframhaldandi samvinnu félaganna í verðlagningarmálum. Í tölvupósti forstjóra OHF er einnig vísað til ÓB stöðvar Olís í Borgarnesi. Rétt er í þessu samhengi að hafa í huga að framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF hefur upplýst að hann hafi rætt við forstjóra Olís í því skyni að reyna að fá Olís til þess að hætta við að reisa þessa stöð í Borgarnesi. Ástæður þessa hafi verið að hann hafi talið verkefnið „arfavitlaust“ og að OHF og Skeljungur hefðu þegar verið til staðar með stöðvar í Borgarnesi.<sup>1093</sup> Forstjóri Olís hefur staðfest að OHF hafi beitt sér gegn því að Olís byggði þessa stöð og sagt að hún hafi þó verið byggð þrátt fyrir óánægju OHF.<sup>1094</sup> Þessi samskipti eru engu að síður til vitnis um samvinnu olíufélaganna m.a. um markaðsskiptingu, þótt tilraunir í þá veru hafi ekki ávallt leitt til niðurstöðu.

Framangreind dagskrá fundar forstjóranna 16. desember 1998 sýnir að auk umræðna um verðlagningu á eldsneyti á landsbyggðinni var rætt um skiptingu á sölu eða framlegð vegna viðskipta við Járblendiverksmiðjuna á Grundartanga, dómsmálaráðuneytið, Norðurál og á Raufarhöfn. Nánar er fjallað um þetta í kafla VIII 11.

---

<sup>1091</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

<sup>1092</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1093</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>1094</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að mörg meintra umræðuefna á forstjórafundinum 9. desember 1998 hafi ekki fallið undir bann 10. gr. samkeppnislaga, t.d. umræður um arðsemi olíufélaga. Hið sanna sé að á fundinum hafi verið rætt um tillögur Olís um uppgjör á samkomulagi vegna Íslenska járnblendifélagsins. Í tengslum við þær umræður á fundum forstjóranna hafi Skeljungur og Olís sett fram kröfur um skiptingu á sölu til annarra stórnotenda en öllum slíkum umleitunum hafi verið hafnað af OHF. Fleira markvert hafi ekki gerst á fundinum. Verði talið að einhvers konar samkomulag í skilningi 10. gr. samkeppnislaga hafi myndast sé að mati OHF alveg ljóst að því hafi ekki verið hrint í framkvæmd og verði að horfa á það, komi til ákvörðunar viðurlaga.

Samkeppnisráð bendir hér á að framangreind skýr gögn frá OHF og Olís sýna að fram fóru umræður um verð og markaðsskiptingu. Þannig var rætt um að taka tiltekna bensíntegund út af markaðnum og draga þannig úr framboði og fækka valkostum neytenda. Rætt var um verð á gasolíu og að verð til bænda yrði hækkað. Fjallað var um álagningu gjalda á viðskiptavini. Fjallað var um gagnrýni tiltekins hóps viðskiptavina á verðlagningu olíufélaganna og viðbrögð ákveðin. Rætt var um arðsemi olíufélaganna og að mati samkeppnisráðs tengdist sú umræða aðgerðum um að bæta framlegð félaganna, enda voru áhyggjur olíufélaganna af slæmri afkomu og arðsemi 1996/1997 kveikjan að því samstarfi, sbr. m.a. kaflar VI 1.4 og 2.1 hér að framan. Fjallað var einnig um markaðsskiptingu varðandi rekstur bensínstöðva og sölu til stórnotenda. Fjallað verður nánar um sjónarmið OHF varðandi síðastgreinda atriðið kafla VIII. Enginn vafi leikur á því að öll þessi atriði töldust til ólögmæts samráðs samkvæmt eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Önnur atriði sem rætt var um sýna sameiginlegan vilja olíufélaganna til samvinnu um nánast öll atriði sem hafa áhrif á samkeppni félaganna.

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að megintilgangur fundarins 16. desember 1998 hafi verið að ræða kjör stjórnarmanna í sameignarfélagi olíufélaganna á Keflavíkurflugvelli, EAK sf. Er þetta rökstutt með vísan til þess að þetta mál sé merkt nr. 1 á dagskrá fundarins. Síðan segir að önnur mál hafi verið „*léttvæg og einungis lítillaga vikið að. Meðal annars var lítillaga vikið að fyrirhugaðri bensínstöð SKEL á Hornafirði, en ekkert til umræðunnar sem var þó innan ramma laganna og getur alls ekki talist falla undir samning um verð eða markaðsskiptingu.*“

Samkeppnisráð bendir hér á að gögn málsins sýna að OHF hafði áhyggjur af því að fyrirhugaðar aðgerðir Skeljungs myndu lækka eldsneytisverð úti á landi og fór fram á stuðning Olís til að vinna gegn þessu. Þessar fyrirætlanir Skeljungs og verðlagsmál á landsbyggðinni voru samkvæmt gögnum málsins og upplýsingum OHF rædd á fundinum 16. desember 1998. Jafnframt var rætt um markaðsskiptingu varðandi ýmsa stórnotendur. Samráð um þessi atriði falla undir bann 10. gr. samkeppnislaga. Að mati samkeppnisráðs sýna gögnin um fundina frá 9. og 16. desember 1998 fram á

hversu skipulagt og umfangsmikið hið ólögmeta samráð olúfélaganna var á þessum tíma. Fela gögnin í sér skýra vísbendingu um að um samfellt samráð hafi verið að ræða.

### 3.10. Samráð 1997–1999 vegna viðskipta við m.a. Granda og Þormóð Ramma

Þann 21. desember 1998 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til forstjóra Olís. Efni hans var sagt vera sameiginlegir viðskiptavinir og hljóðar hann svo:

*„Eitt er það mál, er ég ætlaði að ræða við þig, en sennilega hefur farist fyrir. Sameiginlegir kúnnar, eins og t.d. vinir okkar á Siglufirði, eru sérfræðingar í að hringja í okkur til skiptis og bera fram kvartanir vegna þess að „hitt olúfélagið“ bjóði miklu betra verð og kjör en við. Og hvort menn séu nú ekki til í að leiðrétta þann mun, sem sé á verðum og afsláttum o.s.frv.*

*Er nokkur ástæða til að láta þá komast upp með að klípa okkur í rassinn til skiptis með þessum hætti? Spurning hvort við værum nokkuð verr settir ef við heimilum Friðrik<sup>1095</sup> og Jón<sup>1096</sup> að skiptast á verðum til að allt sé klárt. Þetta er nefnilega orðin nokkuð árviss jólakveðja frá Siglufirðingunum.“<sup>1097</sup>*

„Vinir“ Skeljungs og Olís á Siglufirði er útgerðarfyrirtækið Þormóður Rammi hf. en það fyrirtæki var í viðskiptum við bæði olúfélögin. Forstjóri Olís framsendi þennan tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu. Aðspurður um þennan tölvupóst hefur forstjóri Olís sagt að Skeljungur hafi viljað samstarf um veitingu afsláttar til þessa fyrirtækis en Olís ekki viljað það.<sup>1098</sup>

Daginn eftir að ofangreindur tölvupóstur var sendur eða 22. desember 1998 sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar.<sup>1099</sup> Í tölvupóstinum gerði forstjórinn grein fyrir samtali sínu við forstjóra Skeljungs varðandi þrjá viðskiptavini félaganna, þ.e. Þormóð Ramma, verktakafyrirtækið Hjarðarnesbræður og Granda. Verður nú fjallað um hvern þessara viðskiptavina fyrir sig.

#### *Þormóður Rammi*

Hér verður fyrst að rifja upp tölvupóst forstjóra Skeljungs til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá félaginu, sbr. kafla VI 1.3 hér að framan.

<sup>1095</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>1096</sup> Jón Halldórsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.

<sup>1097</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristni Björnssyni til Einars Benediktssonar, dags. 21.12.1998 kl. 14:54.

<sup>1098</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1099</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 22.12.1998 kl. 19:35.

Tölvupósturinn var sendur 31. maí 1996 og í honum kvartar forstjóri Skeljungs yfir of háum afslætti til Þormóðs Ramma. Beinir forstjórinn þeim tilmælum til framkvæmdastjórans að hann ræði við hin félögin almennt um afsláttarmál og nefnir að „*eins gott sé að ræða við hin félögin um, að svartolíuverð sé viðunandi*“. Jafnframt vill forstjórinn að rætt sé við Olís varðandi Þormóð Ramma og „*fá þá til að sjá skynsemi í þessum málum.*“

Samkvæmt nefndum tölvupósti Olís frá 22. desember 1998 hefur forstjóri Skeljungs upplýst nánar í samtalinu við forstjóra Olís um óskir Þormóðs Ramma um afslátt. Jafnframt hafa forstjórnarnir upplýst hvorn annan um þau afsláttarkjör sem Þormóður Rammi naut hjá fyrirtækjum þeirra. Niðurstaðan samkvæmt tölvupóstinum var að forstjóri Skeljungs ætlaði að skoða málið og hafa e.t.v. samband eftir áramót. Aðspurður um þetta ítrekaði forstjóri Olís að Skeljungur hafi viljað samstarf um veitingu afsláttar til Þormóðs Ramma en Olís ekki viljað það. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hefur upplýst að síðar hafi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu haft samband út af þessu og farið fram á samstarf um afslátt en hann hafi hafnað því.<sup>1100</sup>

Hér ber hins vegar að líta til þess að þann 26. mars 1999 sendi forstöðumaður innlendrar sölu og tækniþjónustu á markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá fyrirtækinu.<sup>1101</sup> Efni tölvupóstsins er Þormóður Rammi-Sæberg og í honum er gerð grein fyrir væntanlegu tilboði Skeljungs til þessa viðskiptavinar. Í tölvupóstinum greinir forstöðumaðurinn frá því að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hafi „*ekki verið tilbúinn að gefa okkur meiri upplýsingar en við höfðum áður fengið...*“ Síðan eru tilgreind afsláttarkjör Þormóðs Ramma hjá Olís. Í tölvupósti forstjóra Olís frá 22. desember 1998 var sagt að hann hefði upplýst forstjóra Skeljungs um að meðaltalsafsláttur fyrstu 9 mánaða ársins væri kr. 1,27 í skipagasolíu og sami afsláttur gefinn í MD olíu. Í tölvupósti forstöðumannsins hjá Skeljungu er hins vegar sagt að meðalafsláttur Olís á skipagasolíu á árinu 1998 sé kr. 1,25 á lítra og meðalafslátturinn 1998 á MD olíu 1,35 kr. Samkvæmt þessu er alveg ljóst að Olís hefur eftir 22. desember 1998 veitt Skeljungu nýjar og uppfærðar upplýsingar um afslátt fyrirtækisins til Þormóðs Ramma.

Í tölvupósti forstöðumannsins hjá Skeljungu er síðan reiknað út hvað Þormóður Rammi myndi fá í aukinn afslátt ef Skeljungur byði sömu kjör og Olís. Á grundvelli m.a. þessara upplýsinga er gerð tillaga um hvaða afslátt ætti að bjóða Þormóði Ramma.

---

<sup>1100</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1101</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Lúðvík Björgvinssyni til Friðriks Stefánssonar og Þorsteins Péturssonar, dags. 26.3.1999 kl. 17:33.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að Skeljungur og Olís skiptust í desember 1998 á upplýsingum um viðskiptakjör Þormóðs Ramma. Einhvern tíma á tímabilinu 22. desember 1998 til 26. mars 1999 veitti Olís Skeljungu nýjar upplýsingar um þessi viðskiptakjör. Hér var augljóslega um að ræða viðskiptaleyndarmál. Þessi upplýsingaskipti áttu sér stað í kjölfarið á tölvupósti forstjóra Skeljungs þar sem hann setur fram hugmyndir um aðgerðir til að vinna gegn því að sameiginlegir viðskiptavinir félaganna geti knúið fram frekari afslátt. Að mati samkeppnisráðs var tilgangur þessarar samvinnu félaganna að vinna gegn frekari kröfum Þormóðs Ramma um afslátt. Þessi samvinna félaganna fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

#### *Verktakafyrirtækið Hjarðarnesbræður*

Fram kemur í tölvupósti forstjóra Olís frá 22. desember 1998 að hann og forstjóri Skeljungs hafi rætt um verktakafyrirtækið Hjarðarnesbræður og forstjóri Skeljungs hafi upplýst að það fyrirtæki hefði beðið um afslátt en Skeljungur hafi ekki veitt hann. Forstjóri Olís segist þá hafa sagt „*að við myndum treysta þessu og neita beiðni bræðranna um gasolíu á skipagasolíuverði og treysta því að þeir muni engan afslátt bjóða ef bræðurnir leituðu eftir verði í framhaldi af því að við myndum ekki mæta þeirra væntingum. Hann samþykkti þetta en bað um að JH<sup>1102</sup> myndi líka ganga frá þessu við FS<sup>1103</sup>.*“ Aðspurður um þetta hefur forstjóri Olís sagt að hann hafi engu við það að bæta sem fram komi í tölvupóstinum.<sup>1104</sup>

Samkvæmt þessu liggur fyrir að Olís og Skeljungur hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og ákveðið að veita ekki umræddu fyrirtæki afslátt. Ljóst er hins vegar að á árinu 1999 var ágreiningur milli Olís og Skeljungs um hvort þetta samkomulag væri virt. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís, dags. 24. febrúar 1999, er fullyrt að Skeljungur hafi „*staðið heill*“ við ummæli sín varðandi þetta fyrirtæki. Í svari framkvæmdastjórans hjá Olís er Skeljungur hins vegar sakaður um að hafa lækkað framlegð Olís af viðskiptum við þetta verktakafyrirtæki.<sup>1105</sup> Er hér um að ræða eitt af fleiri dæmum um það í gögnum málsins að eitt olíufélaganna saki annað um að markaðsaðgerðir þess síðarnefnda lækki framlegð. Slíkar ásakanir benda eindregið til þess að olíufélögin höfðu sammælst um aðgerðir til að auka framlegð af viðskiptum sínum. Nánari grein verður gerð fyrir þessum samskiptum félaganna í kafla VI 4.2.

<sup>1102</sup> Jón Halldórsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.

<sup>1103</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>1104</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1105</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu, Milli Friðriks Stefánssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 24.2. og 1.3.1999 kl. 15:40 og 10:21.

## Grandi

Samkvæmt tölvupóstinum frá 22. desember 1998 ræddu forstjórnarnir einnig um viðskiptakjör Granda hf. hjá fyrirtækjum þeirra, en Grandi hefur um árabíl keypt eldsneyti af báðum olúfélögunum. Samkvæmt tölvupóstinum hafa forstjórnarnir borið saman verð þeirra til Granda yfir margra mánaða tímabil. Fram hafi komið í samtali forstjóranna að endanlegt verð Olís sé ca. 0,50 kr./ltr. hærra en verð Skeljungs á skipagasolíu og allt að 1 kr. á MD olíu. Hins vegar veiti Olís meiri afslátt á svartolíu en Skeljungur. Jafnframt hafi komið fram í samtalinu að verðformúlur sem verð til Granda byggist á virki ekki eins og því megi vera „*að þetta jafnist eitthvað frekar með lengri tíma meðaltölum.*“ Forstjóri Olís hefur sagt við Samkeppnisstofnun að þessi ummæli skýri sig sjálf og að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu hafi í tví- eða þrígang óskað eftir umræðum við Olís um Granda og Þormóð Ramma. Olís hafi hins vegar ákveðið að hafna því.<sup>1106</sup> Samkeppnisráð telur að í þessu sambandi verði einnig að hafa hliðsjón af gögnum frá árinu 1997 sem tengjast samvinnu Olís og Skeljungs varðandi Granda.

Þann 24. mars 1997 óskaði Grandi eftir tilboðum frá Olís í allt að 3.500 tonn af svartolíu, allt að 2,4 millj. lítra af gasolíu og 500 þús. lítra af skipagasolíu. Fyrirhugaður samningstími var frá 1. maí 1997 til 30. apríl 1998. Þann 1. apríl 1997 bókaði forstjóri Olís í dagbók sína: „*KB fékk [eða fá] fund v/Granda 8 eða 9*“<sup>1107</sup>. Þessi bókun virðist merkja að forstjóri Olís hafi fengið fund eða ætlað að fá fund 8. eða 9. apríl 1997 með forstjóra Skeljungs út af Granda. Með bréfi, dags. 2. apríl 1997, óskaði Grandi eftir tilboðum frá Skeljungu í allt að 2.300 tonn af svartolíu, allt að 2,4 millj. lítra af gasolíu og 1.500 þús. lítra af skipagasolíu.<sup>1108</sup> Fyrirhugaður samningstími var sá sami og gagnvart Olís. Samkvæmt bréfum Granda til Olís og Skeljungs var óskað eftir skriflegu svari fyrir 10. apríl 1997. Samkvæmt dagbók forstjóra Skeljungs hittust hann og forstjóri Olís á fundi að morgni 9. apríl 1997.<sup>1109</sup> Þegar framangreind gögn eru virt telur samkeppnisráð að forstjórnarnir hafi á þessum fundi rætt um ósk Granda um verðtilboð. Olúfélögin sendu síðan Granda bréf með hugmyndum sínum um viðskiptakjör.<sup>1110</sup> Ljóst er að í kjölfar þessa áttu sér stað samningaviðræður milli Granda og hvors olúfélags fyrir sig.

Grandi hélt fund með Skeljungu mánudaginn 5. maí 1997 og var á þeim fundi rætt um tillögur Skeljungs að verði til Granda.<sup>1111</sup> Fundur Granda með Olís var haldinn 7. maí

<sup>1106</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1107</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 1.4.1997 (Hs. nr. 4002).

<sup>1108</sup> Gagn afhent af Skeljungu. Bréf Granda til Skeljungs, dags. 2.4.1997.

<sup>1109</sup> Dagbók Kristins Björnssonar, færsla 9.4.1997 (Hs. nr. 7006).

<sup>1110</sup> Sjá bréf Einars Benediktssonar til Granda hf., dags. 10.4.1997 (Hs. nr. 4052). Drög að bréfi Kristins Björnssonar, dags. 9.4.1997 (Hs. nr. 8203).

<sup>1111</sup> Sjá m.a. bréf lögmanna Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 11.11.2002. Sjá einnig ódagsett skjal Skeljungs með yfirskriftinni „*Tillögur að olúverði til Granda tímabilið 1. maí 1997 til 30. apríl 1998*“ (Hs. nr. 8203).



1997.<sup>1112</sup> Föstudaginn 2. maí 1997 var eftirfarandi bókað í dagbók forstjóra Olís: „*KB v/Granda*“.<sup>1113</sup> Samkeppnisráð telur að þennan dag hafi forstjórar Olís og Skeljungs hist til þess að undirbúa sig fyrir samningafundina með Granda í vikunni þar á eftir. Í kjölfar þessa gerði Grandi samninga við annars vegar Olís og hins vegar Skeljung. Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um þessar viðræður hans við forstjóra Skeljungs um Granda á árinu 1997. Í svari hans segir:

*„EB sagðist ekki muna nákvæmlega eftir þessum samtölum við KB en sagði að af gögnum mætti ráða gagnkvæman vilja til viðræðna um Granda. Niðurstaða samninga sýndi hins vegar að ekkert samráð varð um þessi mál, sbr. tölvupóst hans frá 22. desember 1998 sem sýni að viðskiptakjör Granda hjá félögum voru töluvert mismunandi.“*<sup>1114</sup>

Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að hjá OHF fannst yfirlit yfir skiptisölu olíufélaganna. Það er dagsett 1. ágúst 1997 og samið af framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu.<sup>1115</sup> Samkvæmt yfirlitinu á eftir að ganga frá skiptingu varðandi Granda og er tekið fram að Olís og Skeljungur hafi umsjón með þeirri skiptingu. Aðspurður um þetta hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF sagt að hugsanlega „*hafi málið snúist um það að einhverju sinni hafi olíufélögin rætt um skiptisölu vegna Granda.*“ Framkvæmdastjórinn kvaðst þó vera viss að um slíkt hefði aldrei verið framkvæmt.<sup>1116</sup> Á fundi forstjóra olíufélaganna þriggja 9. desember 1998 var rætt um Granda í tengslum við umræðu um skiptisölu, sbr. minnispunkta forstjóra OHF.<sup>1117</sup>

Samkvæmt framansögðu er ljóst að forstjórar Skeljungs og Olís hittust tvívegis vorið 1997 í tengslum við ósk Granda um tilboð í m.a. eldsneyti. Fyrri fundurinn var haldinn áður en frestur til að svara Granda bréflega rann út og seinni fundurinn var haldinn áður en samningaviðræður um verð og kjör hófust. Í desember 1998 skiptust forstjórararnir á upplýsingum um verð og viðskiptakjör félaganna til Granda. Augljóst er að um mjög viðkvæmar viðskiptaupplýsingar var að ræða og má í því sambandi hafa í huga að í samningi Olís við Granda segir að fara verði með efni samningsins sem „*algert trúnaðarmál.*“<sup>1118</sup> Þessi upplýsingaskipti áttu sér stað í kjölfarið á tölvupósti forstjóra Skeljungs þar sem hann setur fram hugmyndir um aðgerðir til að vinna gegn því að sameiginlegir viðskiptavinir félaganna geti knúið fram frekari

<sup>1112</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 7.5.1997 (Hs. nr. 4002).

<sup>1113</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 2.5.1997 (Hs. nr. 4002).

<sup>1114</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1115</sup> Skjal Bjarna Bjarnasonar með yfirskriftinni „*SKIPTISALA OLÍUFÉLAGANNA*“, dags. 1.8.1997 (Hs. nr. 1013).

<sup>1116</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 20.8.2002.

<sup>1117</sup> Gagn afhent af OHF. Minnispunktar Geirs Magnússonar vegna forstjórafundar 9.12.1998.

<sup>1118</sup> Samningur Olís við Granda, dags. 30.5.1997 (Hs. nr. 4052).

afslátt. Þegar þetta er allt virt telur samkeppnisráð að Skeljungur og Olís hafi haft samvinnu um það verð sem félögin buðu Granda vorið 1997. Það að umsamin viðskiptakjör Granda við olíufélögin tvö urðu ekki hin sömu felur ekki, eitt og sér, í sér sönnun þess að félögin hafi ekki haft með sér þessa samvinnu. Fyrir það fyrsta liggja fyrir gögn um samskipti félaganna vegna tilboða til Granda. Jafnframt geta verið ýmsar skýringar á þessum mismunandi kjörum. Skeljungur og Olís kunna að hafa á fundum sínum ákveðið hámarksafslátt sem þau myndu veita Granda. Félögunum hefur væntanlega verið ljóst að áhættusamt gat verið að bjóða öflugum kaupanda upp á nákvæmlega sömu kjör eða vera fullkomlega ósveigjanleg í samningaviðræðum. Hér má einnig líta til þess að endanlegur afsláttur Olís á svartolíu til Granda var kr. 0,75 á lítra en kr. 0,6 hjá Skeljungu. Drög að samningi Olís sýna hins vegar að Olís bauð fyrst kr. 0,6 í afslátt á svartolíu.<sup>1119</sup> Þetta gefur til kynna að félögin hafi lagt til grundvallar að bjóða kr. 0,6 en Granda tekist á endanum að knýja fram hærri afslátt hjá Olís. Ekki er hins vegar nauðsynlegt að úrskurða um þessi atriði þar sem framangreind gögn sýna skýrlega ólögætar samstilltar aðgerðir milli félaganna vegna óska Granda um verðtilboð. Samráðið og upplýsingaskiptin í desember 1998 styðja þá niðurstöðu og tilgangur þeirra var að vinna gegn frekari kröfum Granda um afslátt. Ljóst er einnig að OHF tók þátt í viðræðum við hin félögin um viðskipti við Granda og fjallað var um skiptingu á framlegð eða sölu til Granda. Gögn málsins sýna hins vegar ekki að slík skipting hafi verið framkvæmd.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að framangreind umfjöllun um Þormóð Ramma, Hjarðarnesbræður og Granda varði nær eingöngu meint brot Skeljungs og Olís og því geti félagið ekki gert athugasemdir. OHF tekur þó fram að félagið hafi aldrei rætt við hin félögin um skiptisölu til Granda. Er sagt að sú „staðreynd að nafn Granda var nefnt á yfirliti frá umbj. okkar undir liðnum, „eftir að ganga frá skiptum“ og nöfn SKEL og Olís nefnd í því samhengi sýnir einungis að ekki hafði verið samið um skiptisölu vegna Granda þegar yfirlitið var ritað og að SKEL og Olís voru í viðskiptum við fyrirtækið. Gögn málsins benda heldur ekki til þess að neitt slíkt hafi verið rætt, ákveðið, eða framkvæmt.“

Samkeppnisráð bendir hér á að í kafla III hér að framan er rökstutt að líta beri á aðgerðir olíufélaganna þriggja í máli þessu sem samfelld samráð sem varað hefur frá gildistöku samkeppnislaga. Ekki er skilyrði fyrir því að OHF teljist þátttakandi í slíku broti að fyrirtækið hafi tekið þátt í öllum aðgerðum sem tengdust því.<sup>1120</sup> Það dugar að OHF hafi ætlað með aðgerðum sínum að ná fram hinu sameiginlega markmiði olíufélaganna og hafi a.m.k. mátt vera ljóst að hin olíufélögin myndu grípa til aðgerða

<sup>1119</sup> Drög að samningi milli Olís og Granda, dags. 12.5.1997 (Hs. nr. 4052).

<sup>1120</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

í sama skyni.<sup>1121</sup> Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir ákvörðun olúfélaganna að vinna saman í því skyni að hækka álagningu og auka framlegð. Þessu átti að ná fram m.a. með því að hækka verð og minnka afslætti. Hér má einnig t.d. hafa í huga að á fundi forstjóra olúfélaganna þriggja þann 20. maí 1998 var ákveðið að vinna að því að draga úr afslætti og fjallað var um þessi málefni á fundum félaganna 29. október og 11. nóvember 1998, sbr. umfjöllun hér að framan. OHF vann að þessari stefnumörkun, t.d. með því að kvarta yfir afslætti Olís og Skeljungu. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að OHF hafi mátt vera ljóst að Skeljungur og Olís myndu grípa til aðgerða í samræmi við sameiginlega stefnumörkun félaganna um að takmarka afslætti. Þessar aðgerðir Olís og Skeljungu varðandi afslátt til umræddra fyrirtækja voru því hluti af samfelldu samráði olúfélaganna. Hér ber og að líta til þess að u.þ.b. þremur mánuðum eftir samráð Olís og Skeljungu um Granda í maí 1997 samdi yfirmaður verðlagsmála hjá OHF yfirlit þar sem sagt er að eftir eigi að ganga frá skiptum varðandi Granda. Hið sama er sagt eiga við um Reykjavíkurborg og Járblendiverksmiðjuna. Höfundur skjalsins hefur sagt að olúfélögin hafi hugsanlega rætt um skiptisölu til Granda. Síðan liggur fyrir að forstjóri OHF ræddi við starfsbræður sína um Granda á fundinum 9. desember 1998. Ekkert í athugasemdum OHF hrekur þetta. Í ljósi þessara ólögmetu samskipta um Granda telur samkeppnisráð að OHF hafi mátt vera það sérstaklega ljóst að gripið yrði til aðgerða til að takmarka afslætti þess fyrirtækis.

### 3.11. Niðurstaða

Eftirfarandi tafla lýsir verðbreytingum olúfélaganna á helstu tegundum eldsneytis á árinu 1998. Í töflunni er aðeins sýnt þegar verð breytist. Auður reitur merkir því að verð viðkomandi félags á viðkomandi eldsneytistegund er óbreytt frá því að það breyttist síðast.

## **Verðbreytingar olúfélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1998**

*(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afslátt)*

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
16.01.1998	Olúfélagið	76,00	80,70				
16.01.1998	Skeljungur	76,00	80,70				
16.01.1998	Olís	76,00	80,70				
01.02.1998	Olúfélagið			27,80	22,80	18,60	
02.02.1998	Skeljungur			27,80	22,80	18,60	

<sup>1121</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. 204/00P *Aalborg Portland v Commission*.

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1998

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttá)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil- olía	Gasolía	Skipa- gasolía/ flotaolía	Svart- olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
02.02.1998	Olís			27,80	22,80	18,60	
01.03.1998	Olíufélagið	75,00	79,70			18,30	
02.03.1998	Skeljungur	75,00	79,70			18,30	
02.03.1998	Olís	75,00	79,70			18,30	
01.04.1998	Olíufélagið	74,20	78,90				
01.04.1998	Skeljungur	74,20	78,90				
01.04.1998	Olís	74,20	78,90				
01.05.1998	Olíufélagið					17,80	
05.05.1998	Olís					17,80	
07.05.1998	Skeljungur					17,80	
19.06.1998	Olíufélagið	75,40	80,10				
19.06.1998	Skeljungur	75,40	80,10				
19.06.1998	Olís	75,40	80,10				
01.07.1998	Olíufélagið			27,30	22,30	16,80	16.900
01.07.1998	Skeljungur			27,30	22,30	16,80	16.900
01.07.1998	Olís			27,30	22,30	16,80	16.900
01.09.1998	Olíufélagið	74,80	79,50	26,80	21,80	16,30	16.400
01.09.1998	Skeljungur	74,80	79,50	26,80	21,80	16,30	16.400
01.09.1998	Olís	74,80	79,50	26,80	21,80	16,30	16.400
01.11.1998	Olíufélagið	74,30	79,00				
01.11.1998	Olís	74,30	79,00				
03.11.1998	Skeljungur	74,30	79,00				
01.12.1998	Olíufélagið	72,60	77,30	26,30	21,30	15,30	
01.12.1998	Skeljungur	72,60	77,30	26,30	21,30	15,30	
01.12.1998	Olís	72,60	77,30	26,30	21,30	15,30	

Framangreind tafla sýnir mikið samræmi í verðbreytingum olíufélaganna á árinu 1998. Verðbreytingarnar voru í öllum tilvikum hinar sömu og báru í meirihluta tilvika upp á sama dag. Samkeppnisráð hefur hér að framan gert grein fyrir umtalsverðri samvinnu og samskiptum olíufélaganna í verðlagsmálum eldsneytis á árinu 1998. Jafnframt liggur fyrir að OHF hefur staðfest að olíufélögin hafi átt í samvinnu í

verðlagsmálum á árinu 1998 en félögin hafi eftir 1997 „*ekki ræðst eins oft saman og áður*“. Sambandið við Olís hafi hins vegar verið nánara en við Skeljung að þessu leyti eftir 1997 þar sem forstjóri OHF hafi að beiðni forstjóra Olís heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa Olís um verðákvæðanir OHF áður en þær voru birtar opinberlegar. Samkvæmt OHF hafi Olís eftir 1997 jafnframt gegnt einhverju milliliðahlutverki gagnvart Skeljung. Þannig hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF upplýst að honum væri kunnugt um dæmi þess að upplýsingar sem Olís hafi fengið frá OHF um fyrirhugaðar verðbreytingar hafi borist til Skeljungs. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF sem lét af störfum sumarið 1998 hefur greint frá því að honum hafi verið kunnugt um samskipti í verðlagsmálum milli þeirra stjórnenda olíufélaganna þriggja sem báru ábyrgð á útreikningum og ákvörðunum eldsneytisverðs. OHF hafi að mestu stýrt verðinu en hin félögin hefðu gjarnan sótt á um hækkun.<sup>1122</sup> Sá starfsmaður OHF sem tók við starfi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda um mitt ár 1998 og gegndi því út árið 2001 kveðst hafa haft það á tilfinningunni að samtöl ættu sér stað á milli olíufélaganna um verð á eldsneyti.

Olís hefur sagt að fram á mitt ár 1997 hafi meginreglan verið sú að olíufélögin hefðu samvinnu í tengslum við verðbreytingar. Vorið 1997 hafi nýr maður tekið við verðlagningarmálum hjá félaginu og eftir það hafi slíkum samskiptum „*að mestu*“ verið hætt. Við þessi mannskipti hafi sérstaklega verið rætt að breyta þessu eldra verklagi og forðast samskipti við hin félögin um verðlagsmál. Þessi starfsmaður Olís hafi hins vegar verið í miklum samskiptum við hin félögin í tengslum við sameiginleg innkaup á eldsneyti og á þeim fundum hafi félögin yfirleitt reynt „*að fiska*“ hvert annað um verðlagningaráform. Forstjóri Olís kveðst ekki kannast við að hafa óskað eftir því við OHF að fá að vita um fyrirhugaðar verðbreytingar þess félags og kveðst ekki skilja hvaða gagn Olís ætti að hafa af því. Umfjöllunin hér að framan sýnir hins vegar að þessi staðhæfing Olís um grundvallarbreytingu á eðli þessa samstarfs á árinu 1997 fær ekki staðist. Jafnframt verður að horfa hér til framburðar framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís sem starfaði hjá félaginu frá 1991 til ársloka 2000. Hann bar ábyrgð á verðlagningu eldsneytis fram á árið 1997 en eftir það hafi hann verið staðgengill í verðlagsmálum. Samkeppnisráð mun rekja gögn sem staðfesta að þessi framkvæmdastjóri Olís kom að verðlagsmálum á árunum 1997–2000. Framkvæmdastjórinn hefur í fyrsta lagi staðfest að olíufélögin hafi átt í reglubundnu samstarfi í verðlagningarmálum á meðan hann bar ábyrgð á málaflokknum. Hann hefur einnig greint frá því að hann viti að á tímabilinu 1997–2000 hafi ekkert breyst í þessu samstarfi félaganna. Framangreind umfjöllun um atvik á árinu 1998 staðfestir þetta.

---

<sup>1122</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

Þar fyrir utan höfðu olíufélögin mikla samvinnu á árinu 1998 varðandi t.d. verðlagningu á gasi og smurolíu og sölu til erlendra skipa., sbr. kafla V og VI 7.2. Þegar þessar verðbreytingar eru skoðaðar með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft með sér víðtækt samráð um verðbreytingar á eldsneyti á árinu 1998.

Auk þessarar reglubundnu samvinnu í tengslum við verðbreytingar eldsneytis sýnir framangreind umfjöllun m.a. þetta:

- Olíufélögin ákváðu að draga almennt úr afslætti til viðskiptavini sinna.
- Olíufélögin ákváðu sameiginlega framlegðartölur sínar.
- Olíufélögin ákváðu að einstaklingar, félagasamtök eða aðrir slíkir fengju ekki afslátt. Olíufélögin ákváðu að minnka afslátt á eldsneyti sem Skeljungur og Olís veittu Ferðaklúbbnum 4x4 og að Félagi Íslenskra bifreiðaeiganda yrði ekki veittur afsláttur.
- Olíufélögin ákváðu hvaða afsláttur yrði veittur bílaflotum fyrirtækja.
- Olíufélögin ákváðu að almennt ætti afsláttur á eldsneyti ekki að vera hærri en 3 kr. á lítra.
- Olíufélögin ákváðu að hafa samráð þegar viðskiptavinir félaganna væru að leita eftir hærri afslætti með því að segjast hafa betra tilboð frá öðru félagi, sn. „shoppa“.
- Olíufélögin ákváðu að taka upp gjald fyrir afgreiðslu á 500 lítrum af eldsneyti eða minna.
- Olíufélögin ákváðu að hækka verð á gasolíu til landnotkunar (leiðsluverð).
- Skeljungur og Olís höfðu með sér samstarf á árinu 1998–1999 vegna óska Þormóðs ramma um afslátt.
- Skeljungur og Olís ákváðu að veita ekki fyrirtækinu Hjarðarnesbræðrum afslátt.
- Skeljungur og Olís höfðu samvinnu um það verð sem félögin buðu Granda 1997 og höfðu með sér samstarf 1998 til að vinna gegn kröfum Granda um afslátt.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að framangreint sé endurritaður rökstuðningur sem komi fram í niðurstöðukafla um árið 1997. Ekki sé sérstök þörf að fjalla aftur um það. Síðan segir að einstaka setningar forstjóra OHF og Olís séu gripnar á lofti, slitnar úr samhengi og af þeim dregnar hinar alvarlegustu ályktanir. Að auki sé alveg ljóst að einstök ummæli einstakra starfsmanna einstakra fyrirtækja þar sem þeir lýsa því hvernig þeir hafi almennt skynjað margra ára gamla atburði eða ástand, nægi hvorki til þess að sanna einstök brot né meint heildarsamráð olíufélaganna. OHF staðfestir hins vegar að háttsemi félagsins kunnir að einhverju leyti að hafa brotið gegn kröfum 10. gr. samkeppnislaga í tengslum við verðlagningu á eldsneyti árið 1998. Hins vegar sé um takmörkuð tilvik að ræða og sú mynd sem

dregin sé upp í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar sé röng. Hið rétta sé að samstarf OHF við hin olíufélögin hafði minnkað jafnt og þétt frá gildistöku samkeppnislaga og hafi heyrt til undantekninga eftir 1997. Bróðurpartur fullyrðinga um brot á þessu tímabili sé annað hvort ósannaður eða varði háttsemi sem falli ekki undir eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Þau takmörkuðu brot sem OHF kunni að hafa framið með háttsemi sinni árið 1998 séu afmörkuð tilvik. Engin efni séu til þess að líta á meint brot sem hluta af einhverri stærri heild.

Í umfjöllun um árið 1998 hefur verið fjallað um athugasemdir OHF um einstök tilvik. Niðurstaðan er sú að ekkert í málflutningi OHF er til þess fallið að breyta því mati samkeppnisáðs að gögn málsins sanni yfirgripsmikið ólöglegt samráð olíufélaganna á þessum tíma. Framangreind almenn mótmæli OHF geta ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

#### 4. Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 1999

##### 4.1. Atvik frá janúar til mars 1999

Þann 8. janúar 1999 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra OHF og Skeljungs. Í tölvupóstinum vísaði forstjóri Olís til þess að ákveðið hafi verið á síðasta fundi að hann myndi hafa frumkvæði að því að boða til næsta fundar þegar hann væri tilbúinn með viðbrögð við kröfu Skeljungs um hlutdeild í framlegð Olís af sölu til Járblendifélagsins á Grundartanga. Stingur forstjórinn upp á fundartíma og að fundurinn verði haldinn hjá Skeljungi „*skv. hefðbundinni hringrás*“. <sup>1123</sup> Orðalag þetta er lýsandi fyrir hið reglubundna samstarf olíufélaganna.

Forstjórafundurinn var haldinn 18. janúar 1999.<sup>1124</sup> Samkvæmt handskrifuðum minnispunktum forstjóra OHF voru 13 málefni á dagskrá.<sup>1125</sup> Auk umræðna um framlegð af sölu Olís til Járblendifélagsins var t.d. rætt um markaðsskiptingu félaganna á Raufarhöfn, sbr. kafla VIII 11. Jafnframt var rætt um Gasfélagið, stofnun Sambands íslenskra olíufélaga, innflutning á svartolíu og þátttöku OHF í sameiginlegum innflutningi Olís og Skeljungs á flugvélabensíni. Jafnframt var rætt um gasolíuverð (tankaverð) og bókað að ekki sé komin niðurstaða frá forstjóra OHF. Auk þessa var rætt um ósk Flugleiða um að gerast aðilar að sameiginlegri eldsneytisafgreiðslu olíufélaganna í Keflavík (EAK). Minnispunktarnir gefa til kynna að forstjóri Skeljungs hafi sagt að ef fallist yrði á þessa ósk Flugleiða hefji fyrirtækið ekki samkeppni við olíufélögin í sölu á þotueldsneyti. Í minnispunktunum koma einnig fram tilvísanir til dómsmálaráðuneytisins og Vestmannaeyjabæjar. Fyrir aftan

<sup>1123</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar og Kristins Björnssonar, dags. 8.1.1999 kl. 14:13.

<sup>1124</sup> Sjá t.d. dagbók forstjóra Olís, færsla 18.1.1999 (Hs. nr. 4002).

<sup>1125</sup> Gagn afhent af OHF. Minnispunktur Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „*Forstjórafundur*“, dags. 18.1.1999.

það nafn er bókað „*eitthvað stillt saman*“. Eins og fram kemur í kafla IV höfðu olíufélögin með sér samráð í útboðum þessara aðila og settu síðan fram gagnkvæmar kröfur um skiptingu framlegðar af þeim viðskiptum.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fullyrt að ekkert hafi verið rætt á fundinum sem bendi til brota gagnvart 10. gr. samkeppnislaga, nema e.t.v. umræður um skiptisölu Olís vegna Járnblendifélagsins. Samkeppnisráð bendir hér á að á fundinum var fjallað um gasolíuverð og var það liður í framkvæmd olíufélaganna á samkomulagi um að hækka verð á gasolíu til landnotkunar, sbr. einnig kafla VI 5.3 hér á eftir. Jafnframt hefur verið rætt um markaðsskiptingu og hugsanlega nýja samkeppni frá Flugleiðum í sölu á flugeldsneyti. Þessi atriði fara gegn banni 10. gr. samkeppnislaga og er þetta hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

Nokkrum dögum eftir forstjórafundinn eða 21. janúar 1999 hittust framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá OHF, Olís og Skeljungu. Fundurinn var haldinn hjá Skeljungu.<sup>1126</sup> Síðar sama dag sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og greindi frá umræðum á fundinum með þessum hætti:

*„ræddum:*

*Taka 98 okt út af allri landsbyggðinni sem fyrst, má vera mun hærra en 95 í verði.*

*1-2-3 kr. kerfið hefur haldið. Lokanir á smærri stöðum víða framundan.*

*Sjálfsalauppsetning víða í gangi úti á landi. Sölumönnum verður í auknum mæli skipað að fara í sjálfsafgreiðslu, þarf að augl betur.<sup>1127</sup>*

Samkvæmt tölvupóstinum hafa framkvæmdastjórnir einnig rætt um tillögu Skeljungs um að fjölga samreknnum bensínstöðvum félaganna. Þessi tölvupóstur sýnir framkvæmd olíufélaganna á þeirri sameiginlegu ákvörðun að hætta að selja 98 oktana bensín á landsbyggðinni og umræður um verðlagningu í tengslum við það. Jafnframt sýnir tölvupósturinn áframhaldandi samvinnu félaganna varðandi eldsneytisverð og þjónustu félaganna á landsbyggðinni. 1-2-3 kerfið er afsláttarkerfi fyrir bílaflota fyrirtækja sem olíufélögin samþykktu á fundi sínum 29. október 1998 að taka upp, sbr. kafla VI 3.7. Samkvæmt tölvupóstinum hefur olíufélagunum tekist að hrinda þessu kerfi í framkvæmd. Enn frekari staðfestingu á þessu samræmda afsláttarkerfi er að finna í afsláttarreglum Olís sem samþykktar voru í byrjun febrúar 1999. Þar kemur fram að fyrirtæki með 5–10 farartæki fái 1 kr. í afslátt af eldsneyti, fyrirtæki með 10–50 farartæki fái 2 kr. í afslátt og fyrirtæki með 50 farartæki eða meira fái 3 kr. í

<sup>1126</sup> Dagbók Margrétar Guðmundsdóttur hjá Skeljungu, færsla 21.1.1999 (Hs. nr. 7318).

<sup>1127</sup> Tölvupóstur frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 21.1.1999 kl. 17:21 (Hs. nr. 4005)



afslátt.<sup>1128</sup> Í reglunum segir einnig að stefnt sé að því að lækka afslátt á gasolíu á tank úr 5 kr. í 4. Þessi fyrirætlun Olís byggði að mati samkeppnisráðs á viðræðum við hin olíufélögin, sbr. umfjöllun hér að framan. Atvik á árinu 2000 sýna að 1-2-3 kerfið var enn í framkvæmd á þeim tíma, sbr. kafla VI 5.6.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að ekki sé mótmælt umræðum framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu hjá félögunum um að taka 98 oktana bensín út af markaði á landsbyggðinni og umræðu um samræmt afsláttarkerfi fyrir bílafloata. Samskipti framkvæmdastjóranna um samræmt afsláttarkerfi kunni að fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hins vegar falli vangaveltur um að hætta óhagkvæmum innflutningi á 98 oktana bensíni ekki undir þágildandi ákvæði 10. gr. laganna.

Samkeppnisráð vísar hér fyrst til þess að olíufélögin hafi ekki einungis rætt um að taka 98 oktana bensín út af markaðnum heldur einnig um breytingar á verðlagningu vegna þess. Slíkt fer án efa gegn 10. gr. samkeppnislaga. Eins og samkeppnisráð hefur áður rökstutt felst í ákvörðun olíufélaganna um að hætta selja tilteknar tegundir eldsneytis að félögin hafa sameiginlega dregið úr framboði á markaðnum og takmarkað valkosti neytenda. Allar aðgerðir keppinauta sem miða að því að takmarka eða hafa stjórn á framboði vöru fóru gegn eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001.

Þann 30. janúar 1999 sendi innkaupastjóri OHF á eldsneyti tölvupóst til aðstoðarforstjóra Skeljungu og bað hann með „*vísan til okkar áralanga samstarfs*“ að upplýsa ekki framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís um „*ferð mína*“.<sup>1129</sup> Þann 1. febrúar 1999 átti framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu fund með starfsbróður sínum hjá Olís.<sup>1130</sup> Þann 16. febrúar 1999 átti forstjóri Olís fund með forstjóra OHF.<sup>1131</sup> Tveimur dögum seinna átti framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu fund hjá OHF vegna m.a. bátadælna.<sup>1132</sup> Forstjóri Olís hitti síðan forstjóra OHF aftur 24. febrúar 1999. Samkvæmt tölvupósti forstjóra Olís sem sendur var daginn eftir hefur forstjóri OHF m.a. greint frá stöðu mála varðandi bensínstöð félagsins við Geirsgötu.<sup>1133</sup> Sýnir þetta virkt samstarf félaganna á þessum tíma.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er vísað til framangreindra samskipta olíufélaganna og því haldið fram að efni þessara funda gefi ekki tilefni til ásakana um

<sup>1128</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til m.a. framkvæmdastjórnar, dags. 9.2.1999 kl. 15:23. Meðfylgjandi voru reglur um viðskiptakjör eldsneytis.

<sup>1129</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Magnúsi Ásgeirssyni OHF til Gunnars Karls Guðmundssonar Skeljungu, dags. 30.1.1999 kl. 08:34.

<sup>1130</sup> Dagbók Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungu, færsla 1.2.1999 (Hs. nr. 7318).

<sup>1131</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 24.2.1999 (Hs. nr. 4002).

<sup>1132</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 19.2.1999 (Hs. nr. 8211 f).

<sup>1133</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til m.a. Thomasar Möller, dags. 25.2.1999 kl. 10:03.

ólögmætt samstarf olíufélaganna. Starfsmaður OHF hafi reyndar minnst á áralangt samstarf við tiltekinn starfsmann Skeljungs. Vert sé hins vegar að geta þess að þessir tilteknu starfsmenn félaganna hafi ekki séð um verðlagningu fyrirtækjanna og því sé langlíklegast verið að vísa til fyrri samskipta sem tengjast ekki með neinum hætti ólögmætu samráði félaganna.

Samkeppnisráð bendir hér á að ekki er rétt að umræddir starfsmenn OHF og Skeljungs hafi ekki komið að verðlagningarmálum. Aðstoðarforstjóri Skeljungs bar ábyrgð á verðlagningu eldsneytis og fjölmörg gögn sýna samskipti hans við hin félögin varðandi verðlagsmál. Innkaupastjóri OHF bar ekki ábyrgð á verðlagningu eldsneytis en gögn málsins sýna að hann tók þátt í samskiptum við hin félögin um þau málefni. Framangreind gögn eru til vitnis um náð samstarf olíufélaganna á þessum tíma. Þannig mun t.d. framkvæmdastjóri hjá Skeljungum sem ábyrgð bar á sölu eldsneytis til báta og annarra stórra viðskiptavina hafa átt fund með OHF um „bátadætur“ sem óhjákvæmilega gefur til kynna umræður um einhverja þætti samkeppni í sölu eldsneytis til báta. Einnig hefur forstjóri OHF upplýst forstjóra Olís um málefni sem tengjast tiltekinni bensínstöð félagsins. Öll þessi samskipti voru til þess fallin að draga úr viðskiptalegu sjálfstæði þessara keppinauta og liður í áframhaldandi samvinnu þeirra um málefni sem hafa áhrif á samkeppni milli þeirra.

Samkvæmt fundargerð frá OHF var rætt um afsláttarmál á eldsneyti á fundi stórnotendahóps OHF 8. mars 1999.<sup>1134</sup> Þar kemur fram að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafi m.a. rætt um verð til bænda og sagt að þeir borgi sn. bílverð fyrir gasolíu þótt það fylgi því mikill kostnaður að koma til þeirra olíunni, auk þess sem þeir fái heimatanka endurgjaldslaut. Rætt var um möguleika á því að hækka verð á gasolíu til þessara viðskiptavina og sagt að þessu „*sé hægt að breyta en þá þarf stefnumarkandi ákvörðun að koma til og öll olíufélögin þurfa að vera með í þessu.*“ Aðspurður um þessa bókun hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF sagt að það lægi í hlutarins eðli að eitt olíufélag gæti ekki lagt niður „*afslætti og ofurþjónustu gagnvart bændum og smærri verktökum nema hin félögin gerðu það einnig. Félagin þrjú hefðu rætt þessi mál en aðalatriðið væri þó það að ekkert slíkt hefði gerst.*“<sup>1135</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt um fundargerðina frá mars 1999 að orðalag hennar merki ekki að samstarf við hin olíufélögin hafi verið nauðsynlegt heldur að erfitt væri að framkvæma slíkar breytingar einhliða ef keppinautarnir fylgdu ekki í kjölfarið með svipaðar breytingar.

Samkeppnisráð telur það ekki trúverðugt að viðræður olíufélaganna um þetta efni hafi engan tilgang haft. Hér ber að líta til þess að á forstjórafundinum 9. desember 1998 ræddi forstjóri OHF um að hækka verð til bænda, sbr. kafla VI 3.9. Eins og fram

<sup>1134</sup> Fundargerð stórnotendahóps OHF, dags. 8. mars 1999 (Hs. nr. 1916).

<sup>1135</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

kemur í kafla VI 3.7 ákváðu olíufélögin 1998 að hækka verð á gasolíu til landnotkunar (leiðsluverð/tankaverð). Hér var um að ræða áréttingu á þeirri stefnumörkun olíufélaganna að draga úr notkun heimatanka og beina viðskiptavinum inn á þjónustustöðvar félaganna í því skyni að auka framlegð félaganna. Telur ráðið að framangreint sé liður í tilraunum olíufélaganna til að hrinda þessu í framkvæmd. Það tókst í mars 2000, sbr. umfjöllun í kafla VI 5.3.

Síðar í mars 1999 áttu framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá olíufélögunum í tölvupóstsamskiptum og ræddu m.a. um sölulaun til umboðsmanna og samreknar bensínstöðvar. Framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu lagði til í tölvupósti til OHF og Olís að haldinn yrði fundur fljótlega og gerði athugasemd við að OHF væri að greiða hærri sölulaun en hin félögin og þetta hafi „greinilega verið ákveðið án þess að nokkuð samráð sé haft milli félaganna“. Framkvæmdastjórinn hjá Olís lýsti sig reiðubúinn til fundar og framkvæmdstjórinn hjá OHF framsendi tölvupóst Skeljungs til forstjóra OHF og vildi ræða þetta við hann áður en hann færi á fundinn. Forstjóri OHF svaraði og sagðist ekki kannast við að tilefni væru til fundarhalda varðandi það hvað OHF greiddi sínum umboðsmönnum í umboðslaun. „Það er okkar einkamál. Það er hægt að hlusta á hvað þau hafa til málanna að leggja. Ég er ekki tilbúinn til að samþykkja að samningar okkar við umboðsmenn sé eitthvað samræmingaratriði í framtíðinni. Ræðum þetta nánar eftir páska.“<sup>1136</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að þessi gögn málsins sýni ótvírætt að OHF hafði ekki samráð við keppinauta sína um þessi sölulaun og hafi alfarið hafnað umleitunum þeirra um viðræður vegna málsins.

Samkeppnisráð fellst á það að umrædd gögn sýni að OHF hafi ekki í þetta sinn ákveðið umrædd sölulaun í samráði við hin félögin. Það er hins vegar rangt hjá OHF að félagið hafi alfarið hafnað umleitunum um viðræður um málið. Gögn sýna að OHF tók fyrirvaralaust þátt í tölvupóstsamskiptum um þetta málefni og samþykkti að mæta á fund með keppinautum sínum um þetta verðlagsmálefni. Fékk fulltrúi OHF þau skilaboð frá forstjóra sínum að hlusta á hvað Olís og Skeljungur „hefðu til málanna að leggja“. Samkvæmt þessu er alveg ljóst að OHF tók þátt í ólögum samstilltum aðgerðum með hinum félögunum varðandi þennan þátt í verðlagningu félaganna. Í þessu sambandi verður og að hafa í huga að þátttaka fyrirtækis í fundum með keppinautum sínum um t.d. verðlagsmálefni styrkir hið ólögumæta samstarf þrátt fyrir að viðkomandi fyrirtæki haldi sig til hlés á fundinum eða fari ekki eftir því sem ákveðið hafi verið.<sup>1137</sup>

<sup>1136</sup> Tölvupóstur milli Margétar Guðmundsdóttur, Thomasar Möller og Heimis Sigurðssonar, dags. 26.3.1999 kl. 15:09 og 16:23. Tölvupóstur milli m.a. Geirs Magnússonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 28.3.1999 kl. 14:15 og 17:25 (Hs. nr. 3112).

<sup>1137</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-291/98 P *Sarrio v Commission* ECR I-991 og dóm undirréttar EB í máli nr. m.a. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CMLR 10.

Í lok mars 1999 fór framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF í orlof en hann bar eins og áður sagði ábyrgð á verðlagningu OHF á eldsneyti. Ljóst er að framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF var falið að leysa hann af í verðlagsmálum. Þann 31. mars 1999 sendi sá framkvæmdastjóri hjá OHF tölvupóst til forstjóra félagsins. Efni hans er verðbreyting og hljóðar svo:

*„Ég lét Samúel<sup>1138</sup> og Gunnar Karl<sup>1139</sup> vita. Gunnar var sáttur við þetta en Samúel varð arfafið yfir þessu og sagði að hann væri ekki viss um hvort þeir hættu við að hækka!!! Ég sagði að við myndum fullkomlega sætta okkur við að þeir hækkuðu hjá sér strax ef það væri það sem þeir vildu.“*

Forstjóri OHF svaraði með þessum hætti:

*„Mér finnst Samúel sýna stundum á sér fýlda hlið, sem ég held að sé ekki endilega stefna Einars Ben.“<sup>1140</sup>*

Síðan framsendi forstjóri OHF tölvupóst þessa framkvæmdastjóra síns til forstjóra Olís með orðunum „Til fróðleiks.“<sup>1141</sup> Daginn eftir hækkuðu öll olíufélögin verð á bensíni og gasolíu.

Aðspurður um þennan tölvupóst hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF sagt að honum hafi verið falið að tilkynna viðkomandi stjórnendum hjá Olís og Skeljungi um fyrirhugaðar verðbreytingar hjá OHF á eldsneyti. Þetta hafi verið undantekningartilvik af hans hálfu.<sup>1142</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF um hvort framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafi ekki haft einhverja forskrift um hvernig hann átti að standa að þessari verðbreytingu. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs sagði um þetta „að hann geti ekki skýrt þetta sérstaklega og engu bætt við það sem hann hefði áður sagt um samskipti olíufélaganna vegna verðlagsmála. Úr þeim hafi dregið frá og með árinu 1997, en þau hafi þó áfram verið til staðar að einhverju leyti.“<sup>1143</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að þessi samskipti áttu sér stað en haldið fram að um undantekningartilvik hafi verið að ræða og ekki hluta af meintu reglubundnu og skipulögðu samstarfi olíufélaganna. Samkeppnisstofnun hefur einnig spurt forstjóra Olís um þennan tölvupóst. Í skýrslu hans segir þetta:

<sup>1138</sup> Samúel Guðmundsson framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.

<sup>1139</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungs.

<sup>1140</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 31.3.1999 kl. 15:01 og 15:19.

<sup>1141</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Geir Magnússyni til Einars Benediktssonar, dags. 31.3.1999 kl. 15:20.

<sup>1142</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

<sup>1143</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

*„EB endurtók að þegar nýr maður tók við umsjón verðlagsmála hjá Olís um mitt ár 1997 hafi sérstaklega verið rætt um að breyta því verklagi sem var á þessum málum áður og forðast samskipti við hin félögin um þessi málefni. Um svipað leyti hafi einnig orðið mannabreytingar hjá hinum félögunum. Auðvitað væri það hins vegar svo að þegar fulltrúar Olís væru á fundum hjá hinum félögunum, þá væri reynt að fiska hvað þau væru að hugsa í sambandi við verðbreytingar.“<sup>1144</sup>*

Samkeppnisráð telur að framangreindur tölvupóstur feli í sér skýra staðfestingu á reglubundnu samráði olíufélaganna í verðlagsmálum eldsneytis á þessum tíma. Þegar yfirmaður verðlagsmála eldsneytis hjá OHF hafi farið í frí hafi öðrum starfsmanni verið falið að annast framkvæmd verðbreytinga sem m.a. hafi falist í því að hafa samband við yfirmenn verðlagsmála hjá hinum olíufélögunum. Orðalag og efni gagnanna frá 1999 hefur frekar það yfirbragð að um sé að ræða hefðbundið verkefni fremur en óvenjulegan og sjaldgæfan atburð, a.m.k. eru engin ummæli í þá átt. Þetta allt gefur ótvírætt til kynna að á árinu 1999 hafi það enn verið meginregla að félögin hefðu samvinnu við verðbreytingar á eldsneyti. Jafnframt skiptir hér máli að forstjóri OHF bregst við upplýsingum um að yfirmaður verðlagsmála hjá Olís hafi verið „fúll“ eða ósamvinnuþýður með því að senda þær upplýsingar til forstjóra Olís „til fróðleiks“. Hér hefur og þýðingu að yfirmaður verðlagsmála hjá OHF skýrir umrædd gögn með vísan til samráðs olíufélaganna í verðlagsmálum. Sú fullyrðing OHF að um undantekningartilvik hafi verið að ræða er órökstudd og ósennileg. Sú skýring forstjóra Olís á þessum samskiptum félaganna „að þegar fulltrúar Olís væru á fundum hjá hinum félögunum, þá væri reynt að fiska hvað þau væru að hugsa í sambandi við verðbreytingar“ fær ekki staðist. Þessi samskipti áttu sér ekki stað á fundi félaganna um innkaupamál heldur var eins og áður sagði afleysingamanni í verðlagsmálum hjá OHF einfaldlega falið að hafa samband við Olís og Skeljung vegna fyrirhugaðrar verðhækkunar á eldsneyti. Sá starfsmaður OHF hafði heldur ekki komið að innkaupum á eldsneyti og hafði því ekki setið á innkaupafundum með hinum félögunum. Hér var því ekki um að ræða tilfallandi upplýsingaskipti á fundi, eins og Olís vill gefa til kynna, heldur þátt í reglubundnu og skipulögðu samstarfi olíufélaganna um verðbreytingar á eldsneyti. Þar fyrir utan gæti það ekki talist eðlilegur samskiptamáti olíufélaganna sem samræmist 10. gr. samkeppnislaga að þau skiptust á upplýsingum eða vísbendingum um fyrirhugaðar verðbreytingar á fundum sínum.

#### 4.2. Samkomulag um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði

Í málinu er að finna gögn sem sýna að olíufélögin hafi á árinu 1999 gert athugasemdir við það að gasolía væri seld á skipagasolíuverði eða skipagasolía seld til

<sup>1144</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

viðskiptavina með starfsemi á landi. Áður en vikið er að þeim gögnum er rétt að líta til þess að öll olíufélögin selja sérstaka gasolíu til brennslu í skipum og er hún ódýrari en venjuleg gasolía. Hjá Skeljungu og Olís nefnist þessi olía skipagasolía og hjá OHF er hún nefnd flotaolía. Helsti munurinn á gasolíu og skipagasolíu er að síðarnefnda eldsneytið hefur minna frostþol heldur en gasolía og hentar því ekki að vetrarlagi bátum sem hafa óeinangraða tanka. Á þeim tíma árs sem ekki gætir frosts koma þessar olíur hinsvegar að fullu hvor í stað annarrar. Talsverður verðmunur er á gasolíu og skipagasolíu og má nefna að t.d. í janúar 1999 kostaði lítri af skipagasolíu 15,30 kr. en lítri af gasolíu 21,30 kr. Sökum þessa verðmunar hafa viðskiptavinir olíufélaganna í landi verið áhugasamir um að kaupa skipagasolíu í stað venjulegrar gasolíu.

Í gögnum málsins er að finna ýmis skjöl þar sem olíufélögin annað hvort heimila hvert öðru að selja gasolíu á skipagasolíuverði, eins og það er orðað, eða gerðar eru athugasemdir við hin olíufélögin vegna þess að slíkt hafi verið gert. Það að selja gasolíu á skipagasolíuverði felur í raun í sér afslátt af listaverði gasolíu.

Í málinu er að finna handskrifað minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF frá 10. ágúst 1994. Minnisblaðið lýsir fundi hans með framkvæmdastjórum fjármálasviða hjá Olís og Skeljungu og kemur þar m.a. fram að félögin hafi fjallað um hvort tiltekinn togari eigi að fá gasolíu á skipagasolíuverði.<sup>1145</sup> Mánuði síðar ritaði framkvæmdastjórinn hjá OHF bréf til Olís og staðfesti að OHF féllist á þetta.<sup>1146</sup>

Þann 18. janúar 1996 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís símbref til Skeljungs og OHF og óskaði eftir viðhorfi þeirra til þess að tilteknu skipi verði seld gasolía á skipagasolíuverði.<sup>1147</sup> Í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF 6. febrúar 1996 er bókað að Skeljungur hafi orðið „*uppvís*“ að því að selja gasolíu á skipagasolíuverði.<sup>1148</sup>

Eins og gerð var grein fyrir í kafla VI 2.3 hér að framan hittust forstjórar olíufélaganna á fundi 24. júní 1997. Daginn eftir sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til forstjóra félagsins og ræddi m.a. um heimsókn til útgerða í Vestmannaeyjum og kjör á eldsneyti. M.a. var því velt upp að auka afslátt hjá Ísfélagi Vestmannaeyja. Í svari forstjóra Skeljungs segir m.a.:

---

<sup>1145</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar með yfirskriftinni „*Fundur Skelj/Olís/Esso*“, dags. 10.8.1994 (Hs. nr. 3167).

<sup>1146</sup> Bréf Þórólfs Árnasonar til Harðar Helgasonar, dags. 9.9.1994 (Hs. nr. 3166).

<sup>1147</sup> Símbref Kristjáns B. Ólafssonar til Bjarna Bjarnasonar og Bjarna S. Jónssonar, dags. 18.1.1996 (Hs. nr. 5849).

<sup>1148</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 6.2.1996 (Hs. nr. 1360)

*„Það kom fram á fundi með EB<sup>1149</sup> og GM<sup>1150</sup> í gær, að þeir væru sem næst búnir að afleggja að afgreiða gasolíu til kúnna sem skipagas eða SD, F-5. Kæmu kúnna á SD/MD inná hafnir, þar sem bara væri gasolía þá þýddi ekki um að tala annað verð en gasolía, eða þá keyrt væri í þá. Þetta VERÐUM við að skoða einkum á stærri stöðum, t.d. Akranesi og víðar. Við erum sennilega að toppa hin félögin í eftirgjöfum og afsláttum“<sup>1151</sup>*

Í kafla VI 3.2 hér að framan var gerð grein fyrir forstjórufundi 20. maí 1998 þar sem ákveðið var að beita sér gegn afslætti. Daginn eftir forstjórufundinn sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs, framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og framkvæmdastjóra stórviðskipta hjá félaginu. Í tölvupóstinum fjallar forstjórinn um afslætti og vísar m.a. til þess að þegar OHF og Olís selji gasolíu sem skipagasolíu þá sé það gert á „réttum verðum“, eins og það er orðað. Vill forstjórinn að Skeljungur setji sér verklagsreglur um þetta.<sup>1152</sup>

Samkeppnisstofnun hefur beðið framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF að skýra framangreind gögn sín. Hann hefur sagt að ein leið til að ná viðskiptum hafi verið að bjóða gasolíu á skipagasolíuverði og að öll olíufélögin hafi að einhverju leyti beitt þessu. Það hafi hins vegar verið rætt milli olíufélaganna að bjóða ekki gasolíu á skipagasolíuverði „og sameiginlegur skilningur hefði ríkt meðal þeirra að gera það ekki“.<sup>1153</sup> Forstjóri OHF og framkvæmdastjóri fjármálasviðs segjast kannast við að olíufélögin hafi gert athugasemdir hvert við annað þegar gasolía hafi verið seld á skipagasolíuverði.<sup>1154</sup> Sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF hefur orðað þetta þannig að það hafi verið „óskrifuð regla hjá olíufélagunum“ að bjóða ekki skipagasolíu til aðila með starfsemi í landi en hann kannist ekki við neinn skriflegan samning um þetta. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF kveðst hins vegar ekki kannast við neinn samning milli félaganna um að selja ekki gasolíu á skipagasolíuverði.<sup>1155</sup> Aðspurður um hvort sameiginlegur skilningur hafi ríkt um að slíkur afsláttur á gasolíu væri óheimill sagði forstjóri Olís þetta:

*„EB sagði að áður fyrr hafi sennilega verið um einhvern óskráðan en sameiginlegan skilning félaganna að ræða. Almennt hafi verið um það að ræða að menn pirruðust út í það þegar dýrari vara var seld á verði ódýrari*

<sup>1149</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>1150</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>1151</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Kristins Björnssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 25.6.1997 kl. 14:57 og 13:16.

<sup>1152</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Kristni Björnssyni til Friðriks Stefánssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar, Margrétar Guðmundsdóttur og Ólafs Jónssonar, dags. 21.5.1998 kl. 15:29.

<sup>1153</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>1154</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>1155</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

*vöru. Slík tilvik hafi þó oft tengst tæknilegum vandkvæðum við birgðahald. Sagði EB að sig minnti að slíkar ásitaknir hafi fyrst komið fram þegar Skeljungur seldi útgerðaraðilum á Hellisandi gasolíu á skipagasolíuverði, þar sem félagið hafði ekki tanka á svæðinu til að geyma þar skipagasolíu.* <sup>1156</sup>

Þegar framangreint er virt telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi a.m.k. frá árinu 1994 gert með sér samkomulag um að gefa ekki afslátt af gasolíuverði með því að selja gasolíu á skipagasolíuverði. Jafnframt hafi falist í þessu að skipagasolía yrði ekki seld á skipagasolíuverði til viðskiptavina á landi. Að einhverju leyti hafi þetta samkomulag verið brotið og félögin gert athugasemdir hvert við annað út af því. Gögn frá árinu 1999 styðja þetta enn frekar.

Í lok febrúar 1999 ákvað Plastgerð Suðurnesja að flytja viðskipti sín frá Skeljungi til Olís en það fyrirtæki hafði keypt árlega um 100.000 lítra af gasolíu af Skeljungi. Þann 23. febrúar 1999 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda hjá Skeljungi tölvupóst til starfsbróðurs síns hjá Olís og kvartar yfir þessu. Hefst tölvupósturinn á þessum orðum:

*„Ég óska Olís til hamingju með nýjasta innleggið í umræðuna um bætta framlegð og fyrirhyggju.“*

Síðan er það nefnt að fyrirsvarsmenn Plastgerðar Suðurnesja hafi verið að kveðja og að það sé athyglisvert að Olís bjóði skipagasolíu á skipagasolíuverði, auk þess að láta í té tank og tiltekna þjónustu án aukakostnaðar. Síðan segir:

*„... ríffaðist upp fyrir mér írafárið sem varð hjá ykkur þegar þið hélduð að við værum að bjóða Hjarðarnesbræðrum skipagasolíu, sem er þó a.m.k. 5 sinnum stærri kúnni. Þar stóðum við heilir við okkar fyrri ummæli, en ég hlít að draga þá ályktun að þið séuð hér með búnir að gefa skít í frekari umræðu og veiðileyfi hafi verið gefið á landkúnnna á þessum kjörum. Það var skynsamlegt.....“* <sup>1157</sup>

Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði 1. mars 1999 og baðst afsökunar á drætti við að svara. Síðan segir í tölvupósti hans:

<sup>1156</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1157</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Friðriki Stefánssyni til Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 24.2.1999 kl. 15:40.



„Við tökum með þökkum á móti hamingjuóskum frá Shell en um leið sendum við okkar bestu óskir til ykkar með eftirfarandi árangur og innlegg í sömu umræðu:

- Tóku af Olís Jarðvélar
- Tóku af Olís ET
- Tóku af Olís Biljöfur
- Tóku af Olís Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins Gíslasonar á Akureyri

Ennfremur viljum við þakka ykkur fyrir að lækka fyrir okkur framlegðina á eftirfarandi stöðvum:

- Hjarðarnesbræður
- Möl og Sandur á Akureyri
- Björgun

Ennfremur vekur það sérstaka athygli mína hve vel ykkur hefur tekist að lækka framlegðina á Edikssýru til fiskimjölverksmiðja. ...

Hvað varðar Plastgerð Suðurnesja verð ég þó að viðurkenna að mér var ekki kunnugt um að boðið væri skipagasolía og ég er ekki ánægður með þá stöðu. Umboðsmaður minn gerði það án þess að ráðfæra sig við mig. ...

Vill að lokum benda á að ég hef ekki brotið neitt samkomulag við þig þar sem við höfðum náð samningum. Hins vegar er ég orðin þreyttur á því að [þú] ætlir að ákveða hvar og hvenær víglínan skuli dregin. Hvað varðar þá yfirlýsingu þína um að við höfum gefið skít í eitt og annað er [það] ekki svaravert.

Við getum rætt þetta frekar síðar. <sup>1158</sup>

Framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu svaraði samdægurs. Í tölvupósti hans mótmælir hann því að Skeljungur hafi boðið Björgun, verktakafyrirtækinu Hjarðarnesbræðrum og flutningafyrirtækinu ET afslátt. Síðan tiltekur hann fjögur tilvik þar sem framlegð Skeljungs hafi verið „dælduð“ vegna Olís. Síðan segir í tölvupósti hans:

„Það er hins vegar umræðan í seinni tíð sem ég vitna til, þar sem verið er að freista þess að ná fram skynsemi. Skipagasolía til svo lítills landkúнна sem PS er þar í hróplegu ósamræmi við umræðuna og ekki fyrir það Olís ábyrgð þótt umboðsmaður ykkar bjóði hana. Þeir hljóta að hafa vitneskju

---

<sup>1158</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Jóni Halldórssyni til Friðriks Stefánssonar, dags. 1.3.1999 kl. 10:21.

*um sínar heimildir og starfa í ykkar umboði. Okkar menn hafa einfaldlega ekki þessar heimildir. Ég tel að það væri auðvelt að ná í marga af kúnum hinna félaganna með því að bjóða þeim skipagasolíu.*

*Það er síður en svo að við viljum ákveða einhliða hvar víglínan á að liggja – enda hafið þið hingað til farið ykkar fram án þess að leita um það umsagnar hjá okkur eða öðrum – en mitt í umræðum um lækkandi framlegð taldi ég þetta það mikið stílbrot að um klára stefnubreytingu hjá ykkur væri að ræða, amk. meðan umboðsmenn ykkar leika lausum hala og bjóða skipagasolíu til landviðskipta.*<sup>“1159</sup>

Til viðbótar þessu má benda á að 18. maí 1999 sendi forstöðumaður innlendrar sölu á markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá félaginu og tilkynnti honum að útgerðarmaður hefði verið að hringja og sagt frá því að OHF væri að bjóða honum afslátt af gasolíu. Síðar sama dag sendi forstöðumaðurinn annan tölvupóst og kvaðst hafa náð samningi við útgerðarmanninn en OHF hafi boðið honum gasolíu á skipagasolíuverði. Það hann framkvæmdastjórann að bæta þessu tilviki „á listann góða (undirboð)“<sup>“1160</sup> Hér má einnig nefna að í september 1999 sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu og spurði hvernig farið hafi með „þetta mál með Auðbjörgina á Ólafsvík þar sem Shell bauð gasolíu á skipagasolíuverði.“<sup>“1161</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís um framangreind samskipti í febrúar/mars 1999 og hvort félögin hafi gert með sér samkomulag um verðlagningu eða sölu sem Olís hafi brotið. Í svari hans kemur fram að mál þetta hafi snúist um Plastgerð Suðurnesja. Almennt hafi fyrirtæki með starfsemi í landi sótt að Olís um að fá að taka skipaeldsneyti, sem væri ódýrara en gasolía, inn á tanka sína til kyndingar o.fl. Félagið hafi hins vegar talið sér skylt að fara að reglugerð sem bannaði að selja til landnotkunar eldsneyti með brennisteinsinnihaldi yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Hafi Skeljungur því litið svo á að Olís væri að stela af þeim kúna með því að selja Plastgerð Suðurnesja skipagasolíu. Sagði framkvæmdastjórinn að menn hafi þó fundið krókaleiðir til þess að fara framhjá fyrrnefndum reglugerðarákvæðum. Þá kvaðst hann telja það orðum aukið að félögin hafi haft með sér eitthvert samkomulag um þessa verðlagningu.

<sup>1159</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 1.3.1999 kl. 16:38.

<sup>1160</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Lúðvíks Björgvinssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 18.5.1999 kl. 10:25 og 14:49.

<sup>1161</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 10.9.1999 kl. 16:38.

Segja mætti að sameiginlegur skilningur hafi verið til staðar í ljósi reglugerðarákvæðanna.<sup>1162</sup>

Samkeppnisráð telur tilvísun til þessara reglna um brennisteinsinnihald í gasolíu ekki vera trúverðuga þar sem hertar kröfur um brennisteinsinnihald eldsneytis höfðu ekki tekið gildi á þessum tíma. Þetta var Olís fulljóst.<sup>1163</sup> Í fyrirspurn sinni til framkvæmdastjórans vísaði Samkeppnisstofnun auk þess til gagna málsins en í þeim virðist athyglin beinast að samkomulagi fyrirtækjanna um þessi efni en ekki að reglugerðarkröfum um mengunarvarnir. Af gögnum málsins blasti við að gagnkvæmur skilningur hafi verið milli félaganna um að selja almennt ekki skipagasolíu til notenda í landi. Var framkvæmdastjóranum bent á að ef mál þetta hafi snúist um kröfur Hollustuverndar ríkisins um mengunarvarnir en ekki um samkomulag olíufélaganna gætu tæpast talist ástæður til þess að félögin væru að deila um þessi mál og nefna þá aldrei þennan kjarna málsins. Ef málið hafi snúist um reglugerðarákvæði væri ólíklegt annað en að framkvæmdastjórinn hefði nefnt þau í upphafi bréfs síns. Aðspurður um þetta sagði framkvæmdastjórinn „*að vel mætti vera að einhver gagnkvæmur skilningur hafi verið milli olíufélaganna um þessi mál. Það virtist einfaldlega vera plagsiður í samskiptum félaganna að skammast um slík mál enda þótt ekkert eiginlegt samkomulagi væri fyrir hendi.*“

Samkeppnisráð telur að framangreind samskipti milli Olís og Skeljungs staðfesti tilvist umrædds samkomulags um að veita ekki afslátt með því að selja skipagasolíu til landnotkunar eða selja gasolíu á skipagasolíuverði. Í fyrsta tölvupóstinum er kvartað yfir því að Olís hafi boðið skipagasolíu til Plastgerðar Suðurnesja og sagt að með þessu hafi Olís gefið „*veiðileyfi á landkúnnu á þessum kjörum.*“ Hin undirliggjandi ástæða slíkrar kvörtunar er samkomulag félaganna um að gera ekki slíkt. Viðbrögð Olís staðfesta þetta. Í stað þess að mótmæla þessum óeðlilegu afskiptum af markaðsaðgerðum Olís segir framkvæmdastjórinn hjá Olís í svari sínu til Skeljungs að umboðsmaður Olís hafi boðið þetta án hans heimildar og framkvæmdastjórinn sé ekki ánægður með þetta. Í seinni tölvupósti Skeljungs er á það bent að umboðsmenn félagsins hafi ekki heimildir til að bjóða skipagasolíu til viðskiptavina á landi en bent á að ef það yrði gert væri auðvelt fyrir Skeljung að ná til sín viðskiptavinum hinna félaganna.

Framangreind samskipti sýna einnig áframhaldandi samvinnu félaganna í því skyni að bæta framlegð. Þannig er af hálfu Skeljungs vísað til umræðu um „*bætta framlegð og fyrirhyggju*“, vísað er til umræðu „*í seinni tíð*“ þar sem verið sé að freista þess að ná

---

<sup>1162</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1163</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 25.9.2001 kl. 16:04.

fram „*skynsemi*“ og bent er á að þessi afsláttur Olís hafi átt sér stað „*mitt í umræðum um lækkandi framlegð*“.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt að gögn málsins bendi til þess að frá 1994 og fram á árið 1998 hafi olíufélögin stundum kvartað þegar eitthvert þeirra bauð viðskiptavinum að kaupa dýrari olíu á verði ódýrari olíu. Deila megi um hvort samningur hafi verið í gildi í skilningi 10. gr. samkeppnislaga um að veita ekki slíka afslætti en eitt sé víst að ef slíkur samningur hafi verið fyrir hendi hafi honum aldrei verið framfylgt og félögin ítrekað náð til sín viðskiptavinum með því að bjóða upp á þessa afslætti. Hafi slíkur samningur verið í gildi sé ljóst að OHF hafi ekki verið aðili að honum eftir 1998. Einnig er því haldið fram að framangreindar deilur Olís og Skeljungs á árinu 1999 komi OHF ekki við og engin gögn finnist um þátt OHF í þessu meinta samráði á árinu 1999.

Í athugasemdum Skeljungs segir að hvað sem líði sönnunargildi gagna frá árunum 1994–1996 þá liggi fyrir að á árinu 1999 hafi verið umtalsverð samkeppni milli olíufélaganna í sölu á gasolíu. Gasolía hafi verið boðin á verði skipagasolíu og einhverjir starfsmenn olíufélaganna hafi borið sig illa undan framferði keppinautanna. Í stað þess að líta á þessi gögn sem staðfestingu á samkeppni og sjálfstæðri verðlagningu hafi Samkeppnisstofnun kosið að líta á umrædd samskipti sem staðfestingu þess að samkomulag hafi verið fyrir hendi um ákvörðun verðs. Fyrir þeirri ályktun séu ekki gild rök.

Varðandi þá athugasemd OHF að óljóst sé að fyrir hendi hafi verið nefndur samningur þá bendir samkeppnisráð á að framkvæmdastjóri hjá félaginu hefur lýst því yfir að „*sameiginlegur skilningur*“ hafi ríkt á milli olíufélaganna um að gefa ekki umræddan afslátt. Forstjóri Olís hefur einnig nefnt þennan sameiginlega skilning félaganna. Sölustjóri hjá OHF hefur vísað til óskrifadar reglu hjá olíufélögunum um þessi mál. Slíkur yfirlýstur sameiginlegur vilji keppinauta til að hegða sér á markaði með tilteknum hætti er kjarni þess sem telst vera samningur í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.<sup>1164</sup> Þegar þetta og framangreind gögn málsins eru virt getur að mati samkeppnisráðs engin vafi leikið á því að umræddur samningur var í gildi.

Ekki er hægt að fallast á það með OHF að gögn málsins sýni ótvírætt að fyrirtækið hafi ekki verið aðili að samningnum eftir 1999. Hér má benda á framangreindan tölvupóst Skeljungs frá maí 1999 þar sem vísað er þess að OHF hafi selt gasolíu á skipagasolíuverði og sagt að setja eigi þetta tilvik á „*listann góða*“ um undirboð. Tölvupóstur Skeljungs frá 1. mars 1999 til Olís gefur til kynna að félagið hafi á þessum tíma talið samninginn taka til olíufélaganna þriggja. Þannig segir að Skeljungur myndi auðveldlega geta náð í „*marga af kúnum hinna félaganna*“ ef

<sup>1164</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 41/69 *Chemiefarma v Commission* [1970] ECR 661.

fyrirtækið myndi veita umræddan afslátt. Jafnframt er kvartað yfir því að Olís hafi í þessum afsláttarmálum farið fram „*án þess að leita umsagnar hjá okkur eða öðrum*“. Ekki fæst séð hverjir „aðrir“ geta verið en OHF, enda var ekki um að ræða aðra seljendur hér á landi á þessari olíu en Olís, Skeljung og OHF. Jafnframt verður að vísa hér til umfjöllunar í kafla VI 5.9 hér á eftir um tölvupóstsamskipti OHF og Olís. Þar kemur fram að OHF hafi í júlí 2000 gert athugasemd við Olís um að tilteknum viðskiptavinum Olís í landi væri seld skipagasolía. Samskipti OHF og Olís í júlí 2000 eru í fullkomnu ósamræmi við þessar athugasemdir OHF við frumathugun II. Þar fyrir utan mátti OHF sem aðila að þessu samráði um verð á gasolíu vera ljóst að Olís og Skeljungur myndu grípa til aðgerða tengdu því.

Eins og nefnt var vísa bæði OHF og Skeljungur til þess að olúfélögin hafi keppt sín á milli með því að veita áður nefnt form af afslætti og framangreind gögn frá 1999 feli í sér staðfestingu á samkeppni og sjálfstæði í verðlagningu, eins og Skeljungur orðar það. Samkeppnisráð tekur hér fyrst fram að það hefur engin áhrif á ólögsmæti samninga samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga þó aðilar að honum fari ekki eftir honum í heild eða hluta.<sup>1165</sup> Jafnframt ber hér að hafa í huga þá tilhneigingu fyrirtækja í ólögsmætu samráði að „svíkja“ eða brjóta gerða samninga í því skyni að reyna hagnast meira á kostnað annarra þátttakenda í samráðinu, sbr. umfjöllun í kafla VI 1.3 hér að framan. Það leiðir ekki af sjálfu sér að líta beri slíka hegðun mildari augum.<sup>1166</sup> Jafnframt ber að hafa í huga að með engu móti er unnt að fallast á að framangreind gögn frá 1999 lýsi virkri samkeppni og sjálfstæði keppinauta. Gögnin lýsa þvert á móti alvarlegu ólögsmætu samráði þar sem keppinautar í samskiptum sínum vísa til samkomulags um að gefa ekki afslátt. Þá sýna þau umræðuna um að bæta framlegð og tilvik þar sem þeir gagnrýna hvern annan harðlega fyrir verðlækkanir og tilboð í því skyni að fá þá til að hætta slíku.

#### 4.3. Atvik frá apríl til ágúst 1999

Þann 26. apríl 1999 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Skeljung.<sup>1167</sup> Engin kveðja, skilaboð eða orðsending kemur fram í tölvupóstinum. Með tölvupóstinum fylgdi hins

---

<sup>1165</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-148/89 *Tréflunión v Commission* [1995] ECR II-1063: „*The Court finds that the applicant admits its participation in the meetings and that, at those meetings, decisions were taken concerning prices. It must be stated that non-observance of the agreed prices does not change the fact that the object of those meetings was anti-competitive and that, therefore, the applicant participated in the agreements: at most, it might indicate that the applicant did not implement the agreements in question.*“

<sup>1166</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-308/94 [1998] ECR II-925. Þar segir m.a. þetta: „*... the fact that an undertaking which has been proved to have participated in collusion on prices with its competitors did not behave on the market in the manner agreed with its competitors is not necessarily a matter which must be taken into account as a mitigating circumstance when determining the amount of the fine to be imposed. An undertaking which despite colluding with its competitors follows a more or less independent policy on the market may simply be trying to exploit the cartel for its own benefit.*“

<sup>1167</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljung. Frá Samúel Guðmundssyni til Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 26.4.1999 kl. 14:50.

vegar tölvuskra þar sem var að finna sn. Morgunkorn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) en það var fréttabréf sem FBA gaf út daglega. Umrætt Morgunkorn var dagsett sama dag og tölvupósturinn og í því var m.a. að finna stutta grein með yfirskriftinni „*Aframhaldandi hækkanir á smásöluverði á bensíni?*“ Eins og heitið ber með sér var því velt upp í greininni hvort verð á bensíni myndi hækka hér á landi í byrjun maí 1999. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að þessi samskipti keppinauta félagsins séu félaginu óviðkomandi. Jafnframt er sagt að efni þessa tölvupósts sé ekki annað en úrklippa úr fréttablaði. Telur OHF að 10. gr. samkeppnislaga skerði ekki stjórnarskrávarið tjáningarfrelsi manna á þann hátt að óheimilt sé að láta úrklippur úr fjölmiðlum á milli sín fara án þess að þeir verði bendlaðir við ólögmdæta háttsemi í kjölfarið.

Samkeppnisráð telur að sú staðreynd að yfirmaður verðlagsmála hjá Olís sendi yfirmanni verðlagsmála hjá Skeljungi umrædda grein um hugsanlega verðhækkun án nokkurra skýringa í tölvupóstinum feli í sér enn eina vísbendingu um samstarf félaganna í verðlagsmálum á þessum tíma. Samkeppnisráð fær ekki séð neina aðra sennilega skýringu á þessum tölvupósti en að baki honum búi einhver samskipti milli félaganna um verðlagsmál eldsneytis og engin önnur skýring hefur komið fram. Þessi tölvupóstur styður því önnur gögn um verðsamráð olúfélaganna á þessum tíma. Hér er einnig rétt að rifja upp að í janúar 1998 sendi yfirmaður verðlagsmála hjá Skeljungi tölvupóst til yfirmanns verðlagsmála hjá OHF og fylgdi með honum útskrift af frétt RÚV um að olúfélögin hefðu aukið álagningu sína, sbr. umfjöllun í kafla VI 3.1. Gefa þessi samskipti í janúar 1998 og apríl 1999 til kynna að olúfélögin hafi litið á opinbera umfjöllun um verðlagsmál þeirra sem sameiginlegt vandamál eða verkefni. Ekki er hins vegar lagt til grundvallar að sendingin á greininni í apríl 1999, ein og sér, feli í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga.

Í apríl 1999 bauð verktakafyrirtækið Skanska Dredging út eldsneytis- og smurolúkaup sín vegna vinnu fyrirtækisins við dýpkun hafnarinnar í Grindavík. Um var m.a. að ræða eina millj. lítra af skipagasolíu. Þann 27. apríl 1999 sendi forstöðumaður innlendrar sölu á markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungi tölvupóst til framkvæmdastjóra sviðsins og greindi frá því að ganga þyrfti frá tilboði Skeljungs til Skanska í dag. Síðan segir:

*„Eigum við nokkuð að biða eftir að heyra frá Ollesso“*

Engin vafi er á að „*Ollesso*“ vísar til Olís og OHF. Um klukku tíma síðar sendi forstöðumaðurinn annan tölvupóst til framkvæmdastjórans þar sem segir „*staðan er þessi að ekki hefur náðst samstaða legg ég til að við bjóðum þeim eftirfarandi.*“ Síðan leggur forstöðumaðurinn til að Skeljungur bjóði 0,95 kr./ltr. afslátt af skipagasolíu. Í lok tölvupóstsins spyr forstöðumaðurinn framkvæmdastjórann „*erum*

við ekki óbundnir þeim?“. <sup>1168</sup> Að mati samkeppnisráðs er ljóst að „þeir“ er tilvísun til Olís og OHF. Olís hlaut þessi viðskipti. Þann 12. maí 1999 sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís og kvartaði yfir því hversu háan afslátt Olís hefði veitt í þessu útboði. Spurði hann m.a. hver væri tilgangurinn að veita slíkan afslátt fyrir ekki meira magn og til erlends aðila. Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði og mótmælti þessu og sagði að Skanska hefði upplýst að tilboð félaganna væru hin sömu. Jafnframt taldi hann ekki heppilegt að sölustjórinn hjá OHF setti „upp geislabauginn núna“. Sölustjórinn hjá OHF svaraði aftur og kvaðst ekki trúa Olís og framsendi síðan þessi tölvupóstsamskipti til forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu. <sup>1169</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt að ofangreind samskipti beri ekki með sér að samstarf hafi verið haft í þessu útboði. Jafnframt sé sú ályktun Samkeppnisstofnunar að fyrirsögn OHF vegna tilboðs Olís hafi verið þáttur í samvinnu félaganna um útboð órökrétt því ef raunveruleg samvinna hafi verið í gangi hefði verið haft samstarf um gerð tilboða, en svo var ekki. Samvinna olíufélaganna um að ræða saman í öllum tilboðum varðandi ákveðna stóra aðila 1996–97 sé óskyld þessu.

Samkeppnisráð dregur þá ályktun af framangreindum gögnum að olíufélagin hafi rætt saman um að samræma tilboð sín í þessu útboði, hugsanlega með það að markmiði að skipta síðan framlegð af viðskiptunum á milli sín eins og fordæmi voru um í sambærilegum málum. Félagin náðu hins vegar ekki „samstöðu“ í málinu. Samkeppnisráð telur þessi samskipti félaganna vera til frekari vitnis um efndir á samkomulagi félaganna um að ræða saman í öllum útboðum, sbr. kafla IV 2.5. Það samráð leiddi ekki alltaf til sameiginlegrar niðurstöðu eins og í framangreindu tilviki og í útboði Reykjavíkurborgar 2001. Kvörtun OHF yfir afslætti Olís í þessu útboði er jafnframt liður í samvinnu félaganna um að draga úr afslætti og auka framlegð. Þáttur í þeim samskiptum voru gagnkvæmar áskanir félaganna um að of miklir afslættir væru boðnir í einstökum viðskiptum. Öll þessi samskipti um útboð og verð fela í sér ólögættar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Þann 13. apríl 1999 hittust framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá olíufélagunum þremur á fundi. <sup>1170</sup> Daginn eftir sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins og greindi frá niðurstöðu fundarins. Kemur fram að farið hafi verið yfir framkvæmd og tímasetningar á því að hætta að bjóða upp á 98 oktana bensín. Einnig hefur verið fjallað um samreknar

---

<sup>1168</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Lúðvík Björgvinsyni til Friðriks Stefánssonar, dags. 27.4.1999 kl. 8:35 og 9:42.

<sup>1169</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur milli Kristjáns Kristinssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 12.5.1999 kl. 15:54 og 14.5.1999 kl. 9:23 og 9:34. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 14.5.1999 kl. 9:36.

<sup>1170</sup> Dagbók Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungi, færsla 13.4.1999 (Hs. nr. 7318).

bensínstöðvar félaganna.<sup>1171</sup> Þann 28. apríl 1999 var tilkynnt um það hjá Olís að sjálfsafgreiðsluafsláttur yrði lækkaður um 50 auro á tilteknum bensínstöðvum félagsins. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís framsendi upplýsingar um þetta með tölvupósti til framkvæmdastjórnar félagsins með þessum orðum „*erum smátt og smátt að hækka verðin. ÓB hækkaði sl. helgi um 40 auro.*“<sup>1172</sup> Orkan hækkaði einnig verð á sama degi um 30 auro. Hjá Skeljungi fannst tölvupóstur sem framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís sendi tilteknum starfsmönnum Olís 28. apríl 1999. Fjallar tölvupósturinn um að hætta eigi að selja 98 oktana bensín í dreifbýli og greint er frá því að OHF og Skeljungur séu að „*hugsa líka á þessum nótum*“.<sup>1173</sup> Þann 29. apríl 1999 hittust framkvæmdastjórar markaðssviðs smásölu og markaðssviðs stórnotenda hjá Olís og framkvæmdastjórar markaðssviðs smásölu og markaðssviðs stórnotenda hjá OHF á fundi. Samkvæmt minnispunktum framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF hefur á fundinum verið fjallað um 98 oktana bensín og samreknar bensínstöðvar. Einnig er bókað: „*-1/2 kr. pr. lítra*“ og „*Skoða sjálfsafgr. afslátt -2,50 hjá Olís -3,50 hjá ÓB*“. Jafnframt er bókað og dregin hringur um: „*-1kr/*“<sup>1174</sup>

Höfundur minnisblaðsins hefur staðfest að á þessum fundi hafi félögin rætt um sjálfsafgreiðsluafslátt á bensínstöðvum en að mati hans hafi þessar viðræður ekki leitt til neins.<sup>1175</sup> Samkeppnisráð telur hins vegar að þessar viðræður hafi skilað árangri. Eins og áður sagði hittust framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá olíufélögunum þremur 13. apríl 1999. Þann 28. apríl 1999 tilkynnti Olís um lækkun á sjálfsafgreiðsluafslætti og umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís, sem sat þessa fundi með hinum félögunum, greindi frá því að hægt og hægt væri verið að hækka verðin. Þann 29. apríl 1999 ræddu OHF og Olís um sjálfsafgreiðsluafslátt. Í nóvember 1999 var sendur tölvupóstur innan OHF og sagt að þá væri að fullu kominn til framkvæmda minnkaður afsláttur á bensíni í sjálfsafgreiðslu á þremur bensínstöðvum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Afslátturinn hafi verið lækkaður úr 3 kr. í 2 kr.<sup>1176</sup> Hér ber að líta til þess að á fundinum 29. apríl 1999 var rætt um sjálfsafgreiðsluafslátt og framkvæmdastjórinn hjá OHF ritaði hjá sér á fundinum „*-1kr/*“. Samkeppnisráð telur að þessi lækkun OHF á afslætti tengist umræddum viðræðum félaganna. Einnig má hafa í huga að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF hefur með almennum hætti lýst samskiptum sínum við hin olíufélögin:

---

<sup>1171</sup> Tölvupóstur frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 14.4.1999 (Hs. nr. 4005).

<sup>1172</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar, dags. 28. apríl 1999 kl. 18:08.

<sup>1173</sup> Tölvupóstur frá Thomasi Möller til m.a. Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 28.4.1999 kl. 10:59 (Hs. nr. 7953).

<sup>1174</sup> Minnispunktur Heimis Sigurðssonar hjá OHF, dags. 29.4.1999 (Hs. nr. 3112).

<sup>1175</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 9.4.2002.

<sup>1176</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Ara Þórðarssyni til Heimis Sigurðssonar, dags. 20.11.1999 kl. 11:19.



*„HS greindi frá því að hann hefði átt marga fundi á ári hverju með framkvæmdastjórum markaðssviða hjá hinum olíufélögunum, þeim Thomasi Möller (TM) hjá Olís og Margréti Guðmundsdóttur (MG) hjá Skeljungu. Tilefni tíðra funda þessa hóps hafi oft verið samrekstur bensínstöðva og tilraunir til að skipta upp samreknnum bensínstöðvum milli félaganna. Umræður hafi þó oft þróast út í að ræða um verð og verðlagningaráform á olíuvörum og tengd atriði, t.d. í tengslum við breytingar á þeim bensíntegundum sem félögin selja. Að mati HS hefðu þessar umræður haft lítil áhrif. HS greindi frá því að á þessum fundum hefðu félögin stundum skipst á upplýsingum um sölu og kostnað á bensínstöðvum. Þetta væru atriði sem markaðsmenn hefðu áhuga á og þyrftu að vita.“*

Eins og fram hefur komið tók umræddur framkvæmdastjóri hjá OHF við starfi sínu um mitt ár 1998 og hefur gegnt því síðan. Þessi ummæli gefa skýrt til kynna að framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá olíufélögunum hafi á árunum 1998–2001 átt marga fundi á hverju ári og „oft“ rætt um verð og verðlagningaráform og skipst á upplýsingum um sölu og kostnað á bensínstöðvum félaganna. Þessi ummæli eru í samræmi við önnur gögn málsins og fela í sér skýra staðfestingu á samvinnu félaganna á sviði verðlagsmála.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að rétt sé að olíufélögin hafi rætt saman um afslátt á 98 oktana bensíni í dreifbýli. Hins vegar sé því mótmælt að framangreind gögn gefi til kynna að hið meinta samstarf hafi tekið til annarra tegunda eldsneytis. Að mati samkeppnisráðs dugar hér að vísa til þess að skýr gögn málsins sýna að rétt var um sjálfsafgreiðsluafslátt af eldsneyti á fundinum 29. apríl 1999 og fulltrúi OHF á fundinum hefur staðfest það. Framangreind gögn sýna því meira verðsamráð en samráð um verð á 98 oktana bensíni. Í athugasemdum OHF er einnig sagt að Samkeppnisstofnun hafi dregið of víðtækar ályktanir af tilgreindum upplýsingum frá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu. Samkeppnisráð áréttar að þessi framkvæmdastjóri OHF hefur sagt að hann hafi átt marga fundi á hverju ári með Olís og OHF og umræður á þessum fundum hafi oft snúist út í umræður um verð og verðlagningaráform og jafnframt hafi þessir keppinautar stundum skipst á trúnaðarupplýsingum varðandi rekstur bensínstöðva. Þessar upplýsingar eru í samræmi við gögn frá þessum tíma og því trúverðugar. Þessar upplýsingar lýsa eðli málsins samkvæmt víðtæku ólögmetu samráði. Fær samkeppnisráð ekki séð í hverju oftúlkun samkeppnisyfirvalda á að vera fólgin.

Þann 30. apríl 1999 sendi forstjóri Olís eftirfarandi tölvupóst til forstjóra OHF og Skeljungs:

*„Góðan daginn.*

*Fyrir nokkru barst mér bréf frá Fulltrúaráði sjómannaþingsins dags. 7. apríl, þar sem farið er fram á 200 þús króna styrk vegna sjómannaþingsins. Ég þykist vita að þið hafið einnig fengið slíkt bréf og finnst, eins og við höfum gert í ýmsum öðrum málum af þessum toga, æskilegt ef við stilltum okkur saman um afgreiðslu. Fyrir mína parta er ég tilbúinn að gefa þeim jákvætt svar en finnst upphæðin of há, hefði viljað lækka hana í 100 þús. Hver er ykkar skoðun.“*

Forstjóri Skeljungs svaraði og taldi vera hættu á því að þetta verði fordæmisgefandi og sagði að sjómannaforystan héldi „*dauðahaldi*“ í helgi dagsins vegna kjarasamningsatriða. Taldi forstjórinn „*mjög orka tvímælis hvort við eigum að hjálpa verkalyðsforkólfum í þessu tilviki að sporna við eðlilegri þróun á að koma fridögum í eðlilegra horf.*“ Forstjóri OHF sagði í svari í sínu að hann hefði því miður verið búinn að veita 200 þúsund króna styrk en hann sé sammála forstjóra Skeljungs að það komi ekki til greina að veita þennan styrk árlega.<sup>1177</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að peningagjafir séu einkamál gefenda og þeim sé í sjálfvald sett hvort þeir ræði þessi mál við aðra. Þessi atvik falli ekki undir 10. gr. samkeppnislaga og OHF sé algerlega heimilt að ræða peningagjafir sínar við hvern sem er. Í kafla VI var greint frá því að í kafla þessum yrði gerð grein fyrir gögnum sem sýna með almennum hætti fram á nána samvinnu olúfélaganna á þessum tíma. Þessi gögn eru meðal þeirra. Í tölvupósti forstjóra Olís er farið fram á samvinnu í þessu máli og vísað til þess að félögin hafi stillt sig saman í ýmsum öðrum málum af þessum toga. Þessi samskipti olúfélaganna eru því án efa enn ein vísbending um víðtæka og nána samvinnu olúfélaganna á þessum tíma.<sup>1178</sup> Jafnframt er ekki unnt að fallast á þá skoðun OHF að þessi samskipti hafi ekkert með samkeppni félaganna að ræða. Í þessu tilviki voru olúfélögin að reyna að minnka og samræma tiltekinn þátt í kostnaðarútgjöldum félaganna. Verður að ætla að forstjórnarnir hafi talið slíka samræmingu hafa þýðingu fyrir félögin, fyrst þeir sáu ástæðu til þessara samskipta. Slík samræming getur því í eðli sínu haft áhrif á samkeppni milli félaganna.

Samkvæmt dagbók forstjóra Olís átti hann fund með forstjóra Skeljungs 30. apríl 1999.<sup>1179</sup> Daginn eftir hækkuðu öll olúfélögin verð á eldsneyti. Þann 5. maí 1999 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs og

<sup>1177</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar, Kristins Björnssonar og Einars Benediktssonar, dags. 30.4.1999 kl. 10:45 og 12:18 og 14.5.1999 kl. 15:19.

<sup>1178</sup> Í þessu sambandi má hafa í huga að það er viðurkennt sjónarmið í bandarískum samkeppnisrétti að atvik sem fela í sér vísbendingu um samráð geta sjálf, ein og sér, verið fullkomlega eðlileg („wholly innocent“). Sjá t.d. dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna í *American Tobacco Co. v United States*, 328 U.S. 781, 809 (1946).

<sup>1179</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 30.4.1999 (Hs. nr. 4002).

forstöðumanns innkaupadeildar hjá félaginu. Efni hans var sagt vera bensínverð. Í honum kemur þetta fram:

*„Hvað er eiginlega um að vera í þessum bensínmálum upp um \$5 ??!! Eru ekki allir klárir í hækkun e. helgi?*

*Hvernig væri að stíla inná að hittast kl. 11 og ræða fundinn í fyrramálið og upplýsingar til stjórnarformannsins?“<sup>1180</sup>*

Í dagbók framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF er ritað 6. maí 1999 „*Gunnar Karl*“.<sup>1181</sup> Verður að telja að þetta merki fund eða samtal framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF við aðstoðarforstjóra Skeljungs þennan dag, en báðir báru ábyrgð á verðlagsmálum eldsneytis í sínum félögum. Verð á bensíni hækkaði síðan 13. maí 1999 hjá öllum olíufélögunum.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er ekki fallist á það frummat Samkeppnisstofnunar að félagin hafi haft með sér samráð um þessa verðbreytingu. Bendir félagið á að erfitt sé að sjá að orðið „*allir*“ eigi fremur við olíufélögin heldur en alla innan Skeljungs eða bara landsmenn alla. Um sé að ræða innanhússtölvupóst frá Skeljungi sem sé OHF óviðkomandi. OHF telur fráleitt að umrædd bókun í dagbók starfsmanns félagsins sýni fram á þetta samráð. Í athugasemdum Skeljungs er vísað til nefnds tölvupósts „*aðstoðarforstjóra*“<sup>1182</sup> félagsins og bókunar framkvæmdastjórans hjá OHF og gefið til kynna að umrædd gögn feli ekki í sér fullnægjandi sönnun fyrir samráði.

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að meginreglan var sú hjá olíufélögunum að verðbreytingar áttu sér stað um mánaðamót. Verðhækkun um miðjan mánuð var því óvenjuleg aðgerð. Jafnframt var verðhækkunin framkvæmd á sama degi hjá öllum olíufélögunum. Fyrir liggur að samhliða aðgerðir fyrirtækja á markaðnum geta falið í í sér sterka vísbendingu um ólöglegt samráð, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Þegar til viðbótar hinum samhliða aðgerðum er að finna svonefnd viðbótarsönnunargögn<sup>1183</sup> er almennt litið svo á að fullnægjandi sönnun um samráð liggja fyrir. Slík viðbótargögn eru gögn sem m.a. gefa til kynna að keppinautar hefðu haft tækifæri til beinna samskipta eða að slík samskipti hafi í raun átt sér stað.<sup>1184</sup>

<sup>1180</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Kristni Björnssyni til Gunnars Karls Guðmundssonar og Reynis A. Guðlaugssonar, dags. 5. maí 1999 kl. 09:46.

<sup>1181</sup> Dagbók Bjarna Bjarnasonar, færsla 6.5.1999 (Hs. nr. 1308).

<sup>1182</sup> Að mati samkeppnisráðs hljóta þetta að vera mistök hjá Skeljungi þar sem umræddur tölvupóstur var sendur af forstjóra Skeljungs.

<sup>1183</sup> Nefnt á ensku „plus factors“ eða „plus evidence“.

<sup>1184</sup> Dómur dómstóls EB í máli nr. 48/69 er dæmi um mál þar sem sönnun á samráði er reist á slíkum beinum og óbeinum sönnunargögnum [1972] ECR 619.

Orðalag í tölvupósti forstjóra Skeljungs bendir til þess að hann sé að spyrja um afstöðu hinn félaganna til hækkunar „*eru ekki allir klárir í hækkun*“. Í því sambandi skiptir máli að forstjóri Skeljungs beindi þessari spurningu til aðstoðarforstjóra félagsins sem hafði á árinu 1999 og árunum þar á undan ítrekað haft samskipti við hin félögin varðandi verðlagsmál. Hinn viðtakandinn var einnig í slíkum ólögum samskiptum við keppinautanna á árinu 1999, sbr. umfjöllun hér á eftir. Samkeppnisráð telur ekki trúverðuga þá skýringu OHF að orðið „allir“ vísi til allra starfsmanna Skeljungs eða allra landsmanna. Einungis fáir æðstu stjórnenda Skeljungs koma að ákvörðunartöku um verðbreytingar á eldsneyti og koma almennir starfsmenn Skeljungs ekki að henni, hvað þá fólk utan fyrirtækisins. Eina rökrétta skýringin er sú að hér sé verið að vísa til hinna félaganna. Hér skiptir og verulegu máli að í þessum tölvupósti um verð á bensíni vísar forstjóri til fundar daginn eftir. Eins og áður sagði er þann dag í dagbók yfirmanns verðlagsmála hjá OHF ritað nafn yfirmanns verðlagsmála hjá Skeljungi og annars viðtakanda umrædds tölvupósts. Verð á bensíni hækkaði síðan í vikunni á eftir eins og forstjóri Skeljungs gerði ráð fyrir. Þegar framangreind gögn gefa svo sterklega til kynna verðsamráð hvílir það á olíufélögunum að leggja fram gögn eða veita skýringar sem sýna að þessi bókun í dagbók framkvæmdastjórans hjá OHF eigi sér eðlilegar skýringar.<sup>1185</sup> Engin slík skýring hefur verið gefin í málinu. Þegar þetta er allt virt saman og horft er til annarrar samvinnu á þessum tíma telur samkeppnisráð að samráð hafi verið um þessa verðhækkun.

Þann 20. júní 1999 sendi innkaupastjóri OHF tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar hjá Skeljungi og framkvæmdastjóra áhættustýringar og fjárfestingar hjá Olís. Vísaði hann til sameiginlegra funda félaganna þar sem rætt var m.a. um hugsanlegan sameiginlegan innflutning félaganna þriggja á flugvélabensíni, en á þessum tíma höfðu Olís og Skeljungur samstarf um innflutning á slíku eldsneyti. Óskaði innkaupastjórinn eftir því að fá að taka þátt í þessum innflutningi. Forstöðumaðurinn hjá Skeljungi svaraði og taldi að um misskilning væri að ræða. Hann hefði ekki heimild til að samþykkja þetta. Sameiginleg innflutningsmál væru á forstjórastigi og verði forstjórar félaganna að taka ákvörðun um hvort heimila beri þetta. Jafnframt sagði forstöðumaðurinn að þetta mál væri sambærilegt við ósk Skeljungs um viðræður vegna sameiginlegs innflutnings félaganna þriggja frá Noregi og eigi heima í þeirri umræðu.<sup>1186</sup>

---

<sup>1185</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. m.a. 204/00P frá 7. janúar 2004, *Aalborg Portland A/S v Commission*. Í dónum er tekið fram að þegar gögn bendi til samkeppnisbrota verði fyrirtæki sem haldi fram sakleysi sínu að gefa aðrar skýringar á gögnum eða leggja fram ný gögn sem réttlæti aðra skýringu á gögnum málsins. Er sérstaklega tekið fram að í þessu felist ekki að sönnunarbyrði hafi með snúð eða brot á mannréttindum.

<sup>1186</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Magnúsar Ásgeirssonar OHF, Samúels Guðmundssonar Olís og Reynis A. Guðlaugssonar Skeljungi, dags. 20.6.1999 kl. 9:40 og 24.6.1999 kl. 19:11.

Þann 16. júlí 1999 sendi innkaupastjóri OHF tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra áhættustýringar og fjárfestingar hjá Olís. Efni tölvupóstsins er 98 oktana bensín og segir hann að „við“ höfum verið að fara yfir þessi mál og nauðsynlegt sé að Skeljungur taki inn þetta bensín einhvern tíma á næstunni. Forstöðumaðurinn hjá Skeljungu svaraði og spurði hvort ekki væri stefnan að kaupa ekki meira inn af 98 oktana bensíni. Innkaupastjórinn hjá OHF svaraði og í svari hans segir m.a. þetta:

*„Það er eðlilegt að láta sumarið líða áður en við tökum ákvörðun um hvort þessu verður hætt alveg, þó það sé stefnan hjá félögunum að draga úr þessu eins og kostur er. Jú, það var stefnan en fækkun söludælna í B 98 hefur ekki gengið eftir sem skyldi að mínu mati, hjá neinu félaganna, fækkunum hefði átt að vera lokið fyrir sumarið, sem ekki varð úr og úr því sem komið er verður að okkar mati að halda áfram í a.m.k. einu innflutningsskipi enn, því miður.“<sup>1187</sup>*

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að olíufélögin hafi ekki leynt hvert fyrir öðru áformum sínum um að draga úr þessu framboði af eldsneyti. Eðlilegt hafi verið að takmarka þetta framboð en engin eiginleg samvinna hafi þó verið um þetta milli olíufélaganna.

Sýnir þetta samvinnu félaganna á þessum tíma við að draga úr framboði í sölu á þessu eldsneyti. Áður hefur verið rökstutt að slík samvinna fari gegn 10. gr. samkeppnislaga. Eins og m.a. var gerð grein fyrir í köflum 3.9 og 4.1 ákváðu olíufélögin að vinna saman að því að takmarka þetta framboð og eru nefnd gögn frá júlí 1999 til vitnis um áframhaldandi samvinnu um þetta málefni.

Þann 6. ágúst 1999 sendi forstöðumaður innkaupadeildar Skeljungs tvo tölvupósta til þess starfsmanns félagsins sem hafði umsjón með flugeldsneytisviðskiptum. Tölvupóstarnir fjalla um verð á flugbensíni. Í þeim fyrri segir þetta:

*„Talaði við Samúel og við ræddum hvort þetta væru ekki verðin sem tækju gildi frá og með deginum í dag.“*

*Almennt verð 53,00*

*Lykladæla 50,00*

*„Úti á landi“ 58,00*

*Ræðum þetta þegar þú kemur úr fríinu.“*

---

<sup>1187</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Magnúsar Ásgeirssonar OHF, Samúels Guðmundssonar Olís og Reynis A. Guðlaugssonar Skeljungu, dags. 16.7.1999 kl. 8:05, 8:38 og 8:44.

„Samúel“ er Samúel Guðmundsson framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís. Rúmlega tuttugu mínútum síðar sendi forstöðumaðurinn annan tölvupóst til sama starfsmanns Skeljungs:

„Komum okkur saman um að halda okkur við 50 kr. í Rvk og 47 á lykladælu og 54–55 úti á landi.“<sup>1188</sup>

Rúmum tíu mínútum eftir að þessi tölvupóstur var sendur innan Skeljungs sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og greindi frá því að frá og með þessum degi myndi verð á flugvélabensíni hækka.<sup>1189</sup> Var um að ræða sömu hækkanir og ráð var fyrir gert í ofangreindum tölvupósti Skeljungs. Augljóst er að umræddir starfsmenn Olís og Skeljungs ræddu saman og ákváðu að hækka verð á flugvélabensíni og var sú ákvörðun framkvæmd. Þessi samskipti umrædds framkvæmdastjóra Olís við Skeljung eru í beinni mótsögn við þá fullyrðingu Olís að grundvallarbreyting hafi orðið á samstarfi olíufélaganna í verðlagningarmálum þegar framkvæmdastjórinn tók við ábyrgð á þeim málaflokki um mitt ár 1997. Daginn eftir þessi samskipti Olís og Skeljungs greindi forstjóri Olís frá því í viðtali við Morgunblaðið að verðsamkeppni í eldsneytissölu væri óvída meiri en hér á landi.<sup>1190</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt að þessi samskipti Olís og Skeljungs séu félaginu ókunn og óviðkomandi. Samkeppnisráð vísar til fyrri umfjöllunar um samfellt samráð olíufélaganna. Samráð þetta tók m.a. til samráðs um verðlagningu á eldsneyti og OHF greip til aðgerða í því skyni að ná markmiðum samráðsins. OHF mátti vera ljóst að Skeljungur og Olís myndu gera hið sama.

#### 4.4. Viðræður Olís og Skeljungs um stóra viðskiptavinum í september 1999

Í september 1999 áttu sér stað viðræður um samruna milli Vinnslustöðvarinnar hf., Ísfélags Vestmannaeyja hf., Krossaness hf. og Óslands ehf., og þann 10. september var send út tilkynning um að viljayfirlýsing um samruna hafi verið samþykkt. Ísfélag Vestmannaeyja var einn stærsti viðskiptavinur Skeljungs og er ljóst að félagið hafði áhyggjur af því að samruninn myndi leiða til þess að viðskiptin við Ísfélagið færu til OHF. Sama dag og umrædd tilkynning var sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra Skeljungs með yfirskriftinni „góðar fréttir“. Greindi forstjórinn efnislega frá því að hann hefði frétt að fyrirsvarsmenn Ísfélags Vestmannaeyja leggðu nú mjög hart að sér „að bjarga til baka“ umræddum olíuviðskiptum sem þeir hefðu samþykkt að færu frá Skeljungi. Sagðist forstjóri Olís vona það „allra okkar vegna að það verði

<sup>1188</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Gunnlaugs Helgasonar, dags. 6.8.1999 kl. 9:37 og 9:58.

<sup>1189</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til m.a. Einar Benediktssonar, dags. 6.8.1999 kl. 10:11.

<sup>1190</sup> Morgunblaðið 7.8.1999.

niðurstaðan.<sup>1191</sup> Þann 16. september 1999 tók forstjóri Skeljungs saman minnisblað til formanns og varaformanns stjórnar Skeljungs um m.a. þetta mál. Þar er greint frá því að forstjóri OHF sæki mjög hart að komast í umrædd viðskipti. Í minnisblaðinu segir þetta:

*„Við birtingu 6 mánaða uppgjöra olíufélaganna herma sögur (haft eftir Eben, Olís) að Essomönnum hafi verið dálítið brugðið. Skeljungur hefur ekki í langan tíma nálgast ESSO jafn hratt, hvort sem er í veltu eða afkomu. Því hafi verið ákveðið að bregðast hratt við. Sömu tilfinningu hef ég sjálfur eftir viðræður við Einar í Olís um þeirra viðbrögð. Við höfum í privatsamræðum við starfsmenn hinna olíufélaganna látið hafa það eftir okkur, að verði af þessum breytingum hafi það mikil áhrif á samkeppnisumhverfi félaganna þriggja.“*

Síðan er greint frá tilteknum viðskiptavinum OHF sem Skeljungur geti nálgast. Síðar í minnisblaðinu segir að mikil hjálp væri ef formaður og varaformaður stjórnar myndu beita áhrifum sínum og eins og þeir treystu sér til varðandi áframhaldandi viðskipti Skeljungs við Flugleiðir og hugsanleg viðskipti við Útgerðarfélag Akureyringa.<sup>1192</sup>

Þann 21. september 1999 sendi forstjóri Skeljungs eftirfarandi tölvupóst til forstjóra Olís og var efni hans „*slæmar fréttir*“:

*„Ég verð í burtu fram að helgi annar[s] hefði ég viljað hringja til þín og ræða nokkur mál. Mér fannst gott að fá frá þér nótu um daginn undir heitinu góðar fréttir og vitna í niðurlag nóttuna: „Vona okkar allra vegna að það verði niðurstaðan.“*

*Mér finnst hins vegar ekki ríkja sami skilningur hvað varðar t.d. viðskiptavinum Skeljungs í Grindavík, sbr. heimsókn þína þangað í morgun. Ekki hefur þú orðið mikið var við okkur t.d. í Neskaupstað eða hjá stóru fyrirtæki á Akureyri, ef frá er talin heimsókn, þegar stór frystitogari var þangað keyptur frá Ísafirði. Ekki hefur þú þurft að kvarta undan okkar ágangi á Skagströnd heldur. Ekki voru þá nefnd verð eða beðið um að fá að gera tilboð af okkar hálfu, eins og þú gerir núna. Þrátt fyrir að við höfum ekki heimsótt þessi fyrirtæki má auðveldlega rökstyðja, t.d. með breyttri eignaraðild annað hvort okkar eða mjög tengdra fyrirtækja, að við ættum fullt erindi til slíkra heimsókna.*

<sup>1191</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Kristins Björnssonar, dags. 10.9.1999 kl. 13:18 (Hs. nr. 7088).

<sup>1192</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar til Benedikts Jóhannessonar og Harðar Sigurgestssonar, dags. 16.9.1999 (Hs. nr. 7088).

*Á sama tíma og þú heimsækir stóra viðskiptavinum okkar í Grindavík, þar sem við og okkur mjög tengd fyrirtæki erum stórir hluthafar, þá er ég beðinn um að samþykkja aukin viðskipti við þig á Akranesi. Eins berast af því fréttir, að þú sækist eftir viðskiptum í nýju fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum og beitir fyrir þig röksemdinni, að hollt sé hverju fyrirtæki að versla við t.d. tvo oliubirgja. Sú röksemd átti hins vegar ekki við þegar Guggan var seld til Akureyrar.*

*Þau rök, að þið hafið einu sinni verið með viðskipti við þetta fyrirtæki í Grindavík þykja mér ekki góð. Hana getum við einnig mjög vel notað í öðrum tilvikum.*

*Ljóst er, að á ýmsum stöðum er mjög grunnt á því góða á milli félaganna, einkum þó á milli þeirra er búa við Suðurlandsbrautina í Reykjavík. Það taldi ég ekki eiga við um okkar samskipti. Ég er hræddur um framhaldið, ef staðan breytist í Grindavík. Þá met ég það þannig, að framhaldið verði afar ótryggt. Ég vona okkar allra vegna, að það verði ekki niðurstaðan, svo vitnað sé til þekktra orða.“*

Ljóst er að í tölvupóstinum er forstjóri Skeljungs í fyrsta lagi að kvarta yfir því að Olís hafi heimsótt fyrirtækið Þorbjörn-Fiskanes í Grindavík. Jafnframt kemur fram að Skeljungur hafi ekki reynt að ná viðskiptum við Samherja, Síldarvinnsluna í Neskaupstað og Skagstrending, sem væru viðskiptavinir Olís. Einnig er vísað til Haraldar Böðvarssonar og væntanlega til Hraðfrystihússins Gunnvarar.<sup>1193</sup> Daginn eftir svaraði forstjóri Olís tölvupósti forstjóra Skeljungs. Í svari hans segir:

*„Las hratt yfir þín þóst þinn í gærkvöldi, enda rétt að stökkva út. Annar nánari yfirlestur í dag gefur mér tilefni til að koma strax með eftirfarandi athugasemdir.*

*Það er rangt, að ég hafi í tilgreindum heimsóknum til Grindavíkur og Vestfjarða gert tilraun til að ná viðskiptum af ykkur. Það er einnig rangt að ég hafi í þeim heimsóknum nefnt verð eða óskað eftir að gera tilboð.*

*Varðandi Vestfjarðafyrirtækið vil ég auk þess taka fram að í þeirri heimsókn óskaði ég eingöngu eftir að við fengjum að halda þeim tveimur skipum, sem við höfum þjónustað, svo sem við höfum áður rætt að þínu frumkvæði.*

---

<sup>1193</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.



*Varðandi Akranes er það sambærilegt mál og þegar ég var beðinn um að samþykkja að Þormóður Rammi færði fyrir 2–3 misserum eitt skip frá Olís til Shell til að jafna viðskiptin.*

*Tpóstur þinn og tónninn í honum vekur hins vegar upp hjá mér minningar um mál Soffaníasar Zecilssonar og Ólafs Rögnvaldssonar og fjölskyldna, sem báðar höfðu verið í viðskiptum við Olís í rúmlega 60 ár og nú síðast mál v/b Auðbjargar í Ólafsvík.*

*Legg til að við höldum okkur við það, eins og áður rætt, að tala saman áður en við trúum einhverjum (sic), sem á okkur er logið.*

*Legg jafnframt til að þú hringir þegar þú kemur heim.*<sup>1194</sup>

Í dagbók forstjóra Olís er eftirfarandi bókað 27. september 1999. „KB v/ tpósts 21/9.“<sup>1195</sup> Telur samkeppnisráð að þessi bókun merki frekari samræður milli forstjóranna vegna þeirra málefna sem fram koma í framangreindum tölvupóstum. Tengdur þessum samskiptum er tölvupóstur sem forstjóri Olís sendi forstjóra Skeljungs 20. mars 2000. Í honum segir:

*„Nú heyrir að þínir haukar séu á sveimi á svipuðum slóðum og þú kvartaðir undan mínum ferðum sl. haust. Líklega ber það þann eina árangur að þeim tekst að lækka eitthvað framlegðina fyrir okkur og kveikja á keðjuverkun sem skaðar báða þegar upp verður staðið.“*<sup>1196</sup>

Samkeppnisstofnun hefur beðið forstjóra Olís að útskýra tölvupóst sinn frá 22. september 1999 til forstjóra Skeljungs. Forstjórinn sagði að í honum lýsti hann „slagnum“. Olís hefði náð viðskiptum við Þorbjörn í Grindavík. Forstjóranum var þá bent á að hann hefði í tölvupóstinum til forstjóra Skeljungs neitað því að hafa gert tilboð til þessa fyrirtækis. Forstjóri Olís sagði að það væri rétt, en samkomulag hefði engu að síður náðst og hefði það byggst á persónulegum tengslum hans við forsvarsmenn fyrirtækisins. Síðan segir í skýrslu forstjórans:

*„Varðandi Hraðfrystihúsið Gunnvör sem minnst væri á í nefndum bréfaskriftum milli KB og EB sagði EB að það tengdist umboði og birgðastöð sem Olís og Skeljungur rækju sameiginlega á Ísafirði. Þar hafi fyrirkomulagið áður verið svo að öllum viðskiptunum var skipt jafnt milli félaganna. Félögin hafi hins vegar orðið sammála um að þetta gengi ekki og*

<sup>1194</sup> Tölvupóstur milli Einars Benediktssonar og Kristins Björnssonar, dags. 21.9.1999 kl. 18:47 og 22.9.1999 kl. 15:45 (Hs. nr. 7074).

<sup>1195</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 27.9.1999 (Hs. nr. 4002).

<sup>1196</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Kristins Björnssonar, dags. 20.3.2000 kl. 18:10.

*ákveðið nýtt fyrirkomulag. Nú væri því fyrirkomulagið þannig að Olís og Skeljungur hefðu í aðalatriðum sína viðskiptamenn, að því undanskildu að viðskiptum við nokkra smærri báta væri skipt milli félaganna.“*

Nánar verður fjallað um markaðsskiptingu Skeljungs og Olís á Ísafirði í kafla VIII 3. Í kafla VIII 2 er gerð grein fyrir markaðsskiptingu í Grindavík. Forstjóri Olís var sérstaklega spurður um þau orð hans í tölvupóstinum að hann leggi til að forstjórnarnir tali „*saman áður en við trúum einhverju sem upp á okkur hefur verið logið*“. Forstjórinn sagði að orða mætti það svo að bréfið lýsti „*hatursást*“ milli félaganna. Mætti spyrja hvort sú einlægni sem fælist í þessum orðum hans væri trúverðug í ljósi þess sem að öðru leyti væri fjallað um í tölvupóstinum.

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að framangreind gögn sína náin og umfangsmikil samskipti Olís og Skeljungs varðandi umrædda stóra viðskiptavinum félaganna. Tilgangur þessarar samvinnu er bersýnilega sá að tryggja með samvinnu eða með hótunum að viðkomandi félag haldi sínum viðskiptum og vinna gegn því að tilboð frá hinu félaginu lækki framlegð af viðskiptunum. Þannig áréttar forstjóri Olís það í tölvupósti sínum að félögin ræði saman í slíkum tilvikum. Jafnframt er tilgangurinn að tryggja efndir á samkomulagi um markaðsskiptingu, sbr. VIII kafla. Ekki skiptir máli hvort Olís hafi af einlægni eða ekki hvatt til áframhaldandi samvinnu af þessum toga. Aðalatriðið er að slík ólögmet samvinna átti sér stað bæði fyrir og eftir september 1999. Var hún liður í samfelldu samráði olíufélaganna.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að þessi atvik séu félaginu að mestu ókunn og óviðkomandi. Þó sé rétt að benda á að gögn málsins bendi til þess að Skeljungur hafi verið að sækja á OHF hvað varðar veltu og afkomu á þessum tíma og að Skeljungur og Olís hafi rætt saman um viðbrögð vegna sex mánaða uppgjörs olíufélaganna. Vakni þá sú spurning hvort að OHF hafi raunverulega verið þáttakandi í einhverju heildarsamstarfi þar sem öll olíufélögin hafi stefnt að sama markmiði eða hvort Olís og Skeljungur hafi haft sameiginlegt markmið um að saxa á sterka stöðu OHF. Hvað sem þessu líði sé ljóst að OHF beri enga ábyrgð á samstarfi Olís og Skeljungs sem augljóslega hafi ekki verið til þess fallið að bæta hag OHF heldur þvert á móti að veikja hann.

Samkeppnisráð vísar fyrst til þess að í minnisblaði forstjóra Skeljungs frá 16. september 1999 er greint frá „*privatsamræðum*“ við OHF og Olís varðandi nefnd samkeppnismál. Í öðru lagi þá verður að horfa til þess að í framangreindum tölvupósti forstjóra Olís frá 22. september 1999 leggur forstjórinn til „*að við höldum okkur við það, eins og áður rætt, að tala saman áður en við trúum einhverjum (sic), sem á okkur er logið*“. Hér er verið að vísa m.a. til þess að félögin hafi rætt saman um að eiga viðræður þegar viðskiptavinir krefjast betri kjara með tilvísun til hugsanlegs tilboðs frá öðru félagi. Í þessu samhengi verður að líta til þess að í kafla VI 1.1 hér að

framan er gerð grein fyrir umræðum OHF og Olís í september 1994 um slíkt verklag. Í kafla VI 3.5 er sagt frá tölvupósti frá júlí 1998 frá forstjóra Olís til forstjóra OHF þar sem segir að félögin hafi „oft rætt“ um að áriðandi sé „að við reynum að standa saman um láta viðskiptavini ekki komast upp með að ljúga viðskiptatilboðum upp á okkur.“ Í kafla VI 3.7 er gerð grein fyrir gögnum sem sýna samkomulag milli olíufélaganna þriggja um samráð af þessum toga. Tilgangur þessa samráðs hefur verið að stuðla að markmiði olíufélaganna um að takmarka afslætti og efla framlegð. OHF tók þátt í þessu samráði með eigin aðgerðum og mátti vera ljóst að það myndu Skeljungur og Olís gera líka.

Samkeppnisráði er það ljóst að á þessum tíma voru deilur á milli Skeljungs og OHF, sbr. m.a. framangreind ummæli forstjóra Skeljungs í tölvupósti sínum frá 21. september 1999 um að á ýmsum sviðum væri „mjög grunnt sé á því góða“ milli félaganna. Jafnframt lýsa nefnd gögn deilum og hótunum Olís og Skeljungs. Samkeppnisráð ítrekar það sem áður hefur komið fram að vel þekkt er í samkeppnisrétti að hótanir og harðar deilur geti átt sér stað milli samráðsfyrirtækja og hörð samkeppni geti brotist út. Hafa verður í huga að ein meginástæðan fyrir þátttöku í samráði er vilji til að hagnast. Hagsmunir viðkomandi fyrirtækja fara hins vegar ekki alltaf saman og hagsmunir viðkomandi fyrirtækja breytast frá einum tíma til annars. Jafnvel geta myndast hagsmunabandalög innan samráðsins. Einstakir þátttakendur í samráðinu geta séð tækifæri til að hagnast enn meira með því að „svíkja“ hina meðlimi samráðsins. Slíkar deilur, svik og tímabundin samkeppni eru í raun oft óhjákvæmilegur fylgifiskur samráðs og hafa engin áhrif á ólögsmæti þess ef viðkomandi fyrirtæki halda áfram að vinna saman.<sup>1197</sup> Ofangreind gögn sýna að þrátt fyrir mismunandi hagsmuni og deilur héldu félögin áfram samskiptum sín á milli og reyndu með skírskotun til þess sem búið var að ákveða í samráðinu og með hótunum að hindra ásælni hvers annars í „sína“ viðskiptavini. Eins og eftirfarandi umfjöllun og önnur gögn málsins sýna drógu þessar deilur ekki úr samráði félaganna.

#### 4.5. Atvik frá september til desember 1999

Þann 1. september 1999 hækkaði verð á lítra af bensíni umtalsvert eða um 5,30 kr. hjá öllum félögunum og mótmæltu ýmis hagsmunasamtök þessari hækkun. Þann 2. september 1999 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins. Tölvupósturinn varðaði eldsneytisverð hjá ÓB stöðvum Olís og hjá Orkunni og hljóðar svo:

*„Ljóst er að Orkan er með 2 verð í gangi: þeir eru með 4,80 lægra en fullt verð á miklubraut og eiðistorg, annars 4.10. Við höfum verið með 3,80 lægra í bensíni. Þannig hefur ávallt munað 30 aurum á okkur.*

<sup>1197</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar í máli nr. m.a. T-23/99 *Pre-insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CMLR 10.

*Milli OB og Orkunnar munar nú sem fyrr 10 aurum á dísel, þ.e. OB er 2,90 undir fullu verði en Orkan 3 kr. undir.*

*Tel nauðsynlegt að lækka OB snorrabraut um 70 aura í viðbót þannig að þar muni 30 aurum á ÓB og Orkunni.*

*Heyrði í Orkunni, þeir hugsa þetta tímabundið meðan mesta umræða er í gangi.* <sup>“1198</sup>

Þessi tölvupóstur gefur til kynna viðræður milli Orkunnar og Olís um verð og að Orkan hafi gefið Olís upplýsingar um verðlagningarstefnu sínu. Brjóta slík samskipti gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt að þetta sé félaginu óviðkomandi.

Þann 12. september 1999 sendi deildarstjóri hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu og greindi frá viðræðum sínum við Olís og Skeljung. Á fundi félaganna hefði komið fram sú hugmynd að félögin yrðu hugsanlega „*samferða í að fækka þjónustustöðvum sem veita fulla þjónustu.*“ Síðan er sagt frá því að nú stefni í það hjá olíufélagunum að búið verði að byggja yfir dæluþlön og sjálfsafgreiðslufyrirkomulagið sé orðið þekkt. Síðar segir:

*„Það mætti útsæra þetta þannig til að byrja með að það væri kvóti á hvert olíufélag um fjölda stöðva sem myndu veita fulla þjónustu, hliðstætt t.d. og gert var með opnunartímann á sínum tíma.“*

Framkvæmdastjórinn svaraði og sagði að þessi hugmynd hefði verið rædd innan félagsins og þetta geti verið leið til lækkunar á kostnaði. Hins vegar verði að fara „*mjög varlega í þvingaða markaðsaðgerð sem þessa.*“ <sup>“1199</sup> Ekki var hins vegar áhugi á þessu samstarfi við hin olíufélögin á þessum tíma. Þannig var bókað í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF 14. september 1999 að ekki væri „*áhugi að eiga samstarf við hin félögin um fækkun útimanna.*“ <sup>“1200</sup> Útimenn eru þeir starfsmenn olíufélaganna sem sjá um dælingu eldsneytis á bifreiðar á bensínstöðvum félaganna. Á árinu 2001 kom hins vegar fram áhugi hjá OHF um samstarf af þessum toga við hin félögin, sbr. nánar síðar.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II eru framangreindar viðræður milli olíufélaganna staðfestar en ljóst sé að OHF hafi ekki haft áhuga á þessu samstarfi. Samkeppnisráð tekur hér fram að gögn málsins sýna að OHF ræddi á fundi með

<sup>1198</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 2.9.1999 kl. 10:59.

<sup>1199</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Ingvars Stefánssonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 12.9.1999 kl. 23:13 og 13.9.1999 kl. 09:09.

<sup>1200</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 14.9.1999 (Hs. nr. 1360).

keppinautum sínum um að minnka samkeppni félaganna með því að þau myndu fækka tilteknum bensínstöðvum sínum. Slíkar umræður eru liður í hinu samfellda samráði félaganna og engu breytir í því samhengi að hafa síðar misst áhugann á þessari aðgerð. Sá áhugi á samstarfi við Olís og Skeljung vaknaði hins vegar á árinu 2001, sbr. kafla VI 6.1.

Þann 14. september 1999 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tölvupóst til forstjóra félagsins, aðstoðarforstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu.<sup>1201</sup> Sagði hann að Skeljungur þyrfti að taka afstöðu til þess hvort félagið vildi vera áfram með 98 oktana bensín. Forstöðumaðurinn kveðst hafa „*hlerað það að Esso vilji halda áfram að fækka útsölustöðum*“ en halda þessari tegund inni á stærstu stöðvum sínum. Síðan er spurt hvort eigi að halda þeirri stefnu að fækka stöðvum Skeljungs sem selja þessa bensíntegund og láta hana „*deyja hægt út eða ákveða mánuð þar sem síðasti dropinn væri til.*“

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því mótmælt að félagið hafi átt samstarf við Skeljung um að hætta að selja 98 oktana bensín. Það sé einfaldlega engin sönnun fyrir samskiptum tveggja aðila að annar telji sig hafa hlerað eitthvað um fyrirætlanir hins. Hafi starfsmaður Skeljungs raunverulega haft einhverja vitneskju um fyrirætlanir OHF hafi þær upplýsingar ekki komið til hans fyrir tilstuðlan OHF, heldur eftir einhverjum krókaleiðum sem honum er ókunnugt um. Ef samstarfsvilji hefði verið til staðar af hálfu OHF hefði ekki verið minnsta þörf fyrir Skeljung að „hlera.“

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að það virðist vera innbyrðis ósamkvæmni í athugasemdum OHF. Hér að framan fjallaði OHF um gögn frá júlí 1999 sem sýna samskipti milli olíufélaganna þriggja um að draga úr framboði á 98 oktana bensíni. Skýrði OHF gögn með því að þetta hafi verið eðlileg aðgerð og félögin ekki leynt áformum sínum hvert fyrir öðru. Í umfjöllun um þetta gagn frá september 1999 virðist kveða við allt annan tón hjá OHF. Dregur þetta úr trúverðugleika málflytningu OHF. Hvað sem þessu líður hefur samkeppnisráð gert grein fyrir gögnum sem sýna fram á samvinnu olíufélaganna um að draga úr framboði á 98 oktana bensíni, sbr. m.a. kaflar VI 3.9 og 4.1. Umræddur forstöðumaður hjá Skeljungu sem upplýsti um aðgerðir OHF er sá sami og átti í tölvupóstsamskiptum við OHF í júlí 1999 um sama málefni. Hann átti einnig í tíðum samskiptum við hin félögin vegna m.a. innkaupa- og verðlagsmála. Þegar þetta er allt virt saman sýnir þessi tölvupóstur Skeljungs áframhaldandi samvinnu um að hætta að selja 98 oktana bensín og upplýsingaskipti milli félaganna um viðkvæm viðskiptaleg málefni.

---

<sup>1201</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 14.9.1999 kl. 15:08.

Í morgunfréttum RÚV kl. 8:00 þann 30. september 1999 var haft eftir forstjóra OHF að bensín myndi hækka lítillega daginn eftir.<sup>1202</sup> Ekki kom fram í viðtalinu hvað hækkunin yrði mikil. Í hádegisfréttum á Bylgjunni sama dag var haft eftir framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís að fyrirhuguð verðhækkun yrði undir 3% en hann vildi ekki segja hversu mikið undir þeirri tölu hækkunin yrði.<sup>1203</sup> Jafnframt var í fréttinni vísað til ummæla forstjóra OHF frá því um morguninn. Klukkan 14:31 sama dag sendi starfsmaður Skeljungs tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar hjá félaginu og spurði hvort ekki yrði hækkun á bensíni daginn eftir. Forstöðumaðurinn svaraði kl. 14:48 með þessum orðum: „Bensínið hækkar um 0,9 kr. og gasolía/diesel um 1,4 kr. kl. 18:00 í dag.“<sup>1204</sup> Hjá OHF var send með tölvupósti tilkynning til allra hjá félaginu um verðbreytingu á eldsneyti kl. 17:11.<sup>1205</sup> Klukkan 17:23 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og greindi frá því að frá og með 1. október myndi verð á bensíni hækka um 90 aura og verð á gasolíu um 1,40 kr.<sup>1206</sup> Í fréttum RÚV kl. 18:00 var greint frá þessari hækkun Olís og sömu hækkun hjá OHF. Hins vegar var tekið fram að Skeljungur hafi enn ekki gefið út tilkynningu um hækkun og fyrirtækið hafi greint frá því að sennilega yrði það gert seinna um kvöldið.<sup>1207</sup>

Samkvæmt þessu er ljóst að engar opinberar upplýsingar hafi legið fyrir um hvað Olís og OHF myndu hækka eldsneyti mikið þegar umræddur forstöðumaður hjá Skeljungi greindi frá því að verð á bensíni muni hækka um 90 aura og verð á gasolíu um 1,40 kr. kl. 18:00. Það verður að telja í hæsta máta ósennilegt að Skeljungur hafi getað áætlað upp á eyri hverjar hækkunir hinna félaganna yrðu. Jafnframt skiptir hér máli að Skeljungur virðist hafa vitað um hvaða leyti tilkynningar um verðhækkunir yrðu gerðar opinberar. Einnig er að líta til þess að upplýsingar sem hafðar eru eftir Skeljungi í kvöldfréttum RÚV gefa til kynna að fyrirtækið hafi á þeim tíma ekki verið búíð að ákveða verðbreytingu sína, þrátt fyrir að greint hafi verið frá því innanhúss fyrir um daginn hver verðhækkunin yrði. Hér ber einnig að horfa til þess að ekki liðu nema rúmlega tíu mínútur frá því að starfsmönnum OHF er tilkynnt um þessa hækkun þangað til Olís tilkynnti sínum starfsmönnum um sömu hækkun. Þegar þetta er allt skoðað saman telur samkeppnisráð að olúfélögin hafi haft samvinnu um þessa verðhækkun. Önnur samvinna félaganna á þessum tíma styður þetta einnig.

<sup>1202</sup> Ljósvalahandrit. Frétt RÚV kl. 8:00, dags. 30.9.1999.

<sup>1203</sup> Ljósvalahandrit. Frétt Bylgjunnar kl. 12:00, dags. 30.9.1999.

<sup>1204</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Gunnars Þ. Pálmasonar og Reynis A. Guðlaugssonar, dags. 30.9.1999 kl. 14:31 og 14:48.

<sup>1205</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jóhannssyni til allra hjá OHF, dags. 30.9.1999 kl. 17:11.

<sup>1206</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til m.a. Einar Benediktssonar, dags. 30.9.1999 kl. 17:23.

<sup>1207</sup> Ljósvalahandrit. Frétt RÚV kl. 18:00, dags. 30.9.1999.

Í athugasemdum við frumathugun II segist OHF ekki kannast við að hafa átt samstarf við keppinauta sína í tengslum við verðbreytingu sína þann 1. október 1999. Hins vegar staðfestir félagið „að gögn málsins bendi e.t.v. til þess að upplýsingar um fyrirhugaða verðbreytingu á bensíni og diselolíu hafi lekið til hinna félaganna áður en verðbreytingin var tilkynnt. Þetta kann að hafa leitt til þess að verðbreytingar olíufélaganna voru allar hinar sömu þann dag.“ OHF telur þó að þetta hafi í raun ekki skipt neinu máli því markaðsaðstæður hefðu þróast þannig að OHF breytti verði sínu fyrst en hin félögin fylgdu í kjölfarið með sams konar verðbreytingum. Samkeppnisráð áréttar að framangreind gögn virt saman sanna að olíufélögin höfðu með sér samráð um þessa verðbreytingu. Engu breytir um ólögsmæti þessa þó félögin kynnu að hafa hegðað sér með áþekktum hætti án samráðs. Hins vegar er ómögulegt að fullyrða hver hegðun félaganna hefði verið ef lögmál sjálfstæðrar ákvörðunartöku og eðlilegrar samkeppni hefðu gilt á þessum tíma.

Þann 29. október 1999 kl. 17:00 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF eftirfarandi tölvupóst til meðlima framkvæmdastjórnar félagsins: „verðlækkun á bensíni um kr 0,70 á lítra mánudaginn 1.11.“<sup>1208</sup> Um tuttugu mínútum síðar eða kl. 17:24 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tölvupóst til ýmissa starfsmanna hjá félaginu og greindi frá því að fyrirhugað væri að lækka bensín um 0,7 kr./ltr. og breytingin myndi taka gildi á miðnætti sunnudaginn 31. október 1999.<sup>1209</sup> Greindi forstöðumaðurinn frá því að hann myndi senda út verðbreytingarskjalið til þeirra bensínstöðva sem væru tölvutengdar á sunnudeginum. Á hádegi þann dag var send tilkynning til allra hjá OHF um verðbreytingu daginn eftir.<sup>1210</sup> Um kvöldið þennan sama dag sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar og gerði athugasemd við að verið væri að rýra framlegðina með þessari lækkun. Forstöðumaðurinn svaraði og sagði m.a. þetta:

*„Sammála en dollarinn hefur lækkað ásamt smá lækkun á heimsmarkaði þannig að þetta var svona lágmarkslækkun!“<sup>1211</sup>*

Olís tilkynnti um verðbreytingu að morgni 1. nóvember 1999.

Framangreind umfjöllun sýnir að ekki liðu nema rúmlega tuttugu mínútur milli þess að umræddir starfsmenn OHF og Skeljungs gerðu tilteknum

<sup>1208</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnasyni til framkvæmdastjórnar OHF, dags. 29.10.1999 kl. 17:00.

<sup>1209</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til m.a. Gunnars Þórs Pálmasonar, Margrétar Guðmundsdóttur og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 29.10.1999 kl. 17:24.

<sup>1210</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til allra hjá OHF, dags. 31.10.1999 kl. 12:59.

<sup>1211</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Reynis A. Guðlaugssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 31.10.1999 kl. 21:52 og 21:54.

samstarfsmönnum sínum grein fyrir þessum fyrirhuguðu verðbreytingum. Þær voru hins vegar ekki tilkynntar formlega fyrr en tveimur dögum síðar.

Í athugasemdum OHF segir að félagið kannist ekki við að hafa átt nein samskipti við keppinauta sína vegna umræddrar verðbreytingar og að ekki hafi verið lögð fram nein gögn sem sýni fram á slík samskipti, þrátt fyrir ítarlega gagnaöflun Samkeppnisstofnunar hjá öllum olíufélögnum. Sé því ekkert sem bendi til samstarfs olíufélaganna varðandi umrædda verðlækkun. Breyti þar að sjálfsögðu engu þó gögn kunni að benda til þess að ákvarðanir um verðbreytingar hafi verið teknar á áþekktum tímum, enda olíufélögin svipuð að gerð og ekki ólíklegt að fyrir komi að einstaka verðbreytingar séu ákveðnar á svipuðum tíma innan einstakra félaga, án þess að til nokkurra samskipta þurfi að koma.

Samkeppnisráð telur mjög ótrúverðugt að á sama klukkutímanum tveimur dögum áður en umræddar verðbreytingar voru tilkynntar hafi OHF og Skeljungur komist að sömu niðurstöðu upp á eyri varðandi verðlækkun á bensíni og að ekki ætti að gera verðbreytingar á öðru eldsneyti. Eina skynsamlega skýringin á þessu er að félögin hafi rætt sín á milli um þetta, eins og tíðkast hafði við aðrar verðbreytingar. Þegar þetta er virt með öðrum gögnum um samvinnu félaganna á þessum tíma telur samkeppnisráð a.m.k. ljóst að OHF og Skeljungur hafi haft samráð um þessa verðbreytingu.

Þann 4. nóvember 1999 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra Skeljungs. Upphafsorð tölvupóstsins hljóða svo:

*„Við höfum áður rætt um það nokkrum sinnum, að hafa það sem vinnulag milli okkar, að skiptast á samtölum og/eða orðsendingum um mál, sem við kunnum að verða áskynja um að gætu verið að komast í óefni í samskiptum milli okkar starfsmanna og kanna hvort við gætum þá ekki lagt málum eitthvert lið áður en stofnað er til ónauðsynlegra leiðinda milli félaganna.“<sup>1212</sup>*

Síðan fjallar forstjóri Olís um tvö mál sem varða samskipti milli félaganna. Annars vegar uppgjör vegna búnaðar sem Olís hafi sett upp hjá flutningafyrirtækinu ET sem hætt hafði viðskiptum við Olís og flutt þau til Skeljungs. Hins vegar ósk um að tiltekinn eldsneytisafgreiðslubíll á Reykjavíkflugvelli yrði merktur Olís. Í þessum tölvupósti endurtók forstjóri Olís ósk sína um bætta samvinnu milli félaganna varðandi málefni sem snúi m.a. að viðskiptavinum félaganna. Hefur forstjórinn ítrekað a.m.k. frá 1994 sett slíka ósk fram gagnvart bæði OHF og Skeljungu.

---

<sup>1212</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Kristins Björnssonar, dags. 4.11.1999 kl. 15:21 (Hs. nr. 7074).



Þann 3. desember 1999 var sendur tölvupóstur frá bensínstöð Skeljungs á Dalvegi til forstöðumanns innkaupadeildar hjá félaginu. Í honum kemur fram að viðskiptavinur hefði borgað 48,80 kr. fyrir lítrann af steinolíu hjá Skeljungu. Sami viðskiptavinur hefði keypt steinolíu klukkutíma fyrr hjá OHF og greitt 43,50 kr. fyrir lítrann. Var spurt hvort Skeljungur væri ekki „heldur dýr á dropann.“ Forstöðumaðurinn svaraði og sagðist ætla að kanna þetta en kvaðst vita að OHF hefði gleymt að verðbreyta. Jafnframt bað hann viðkomandi að hlera hjá Esso stöð hvenær þeir hefðu verðbreytt síðast. Þessi starfsmaður Skeljungs sendi síðan aftur tölvupóst og sagðist hafa rætt við starfsmann á OHF stöð og fengið þær upplýsingar að steinolía hefði ekki hækkað lengi og hún hækkaði með svartolíu. Forstöðumaðurinn svaraði með þessum hætti:

*„Þetta er einmitt málið þeir hafa sofnað á verðinum en að verðbreyta eftir svartolíu er náttúrulega ekki sniðugt. Ég skal ath málið hjá Esso og Olís og ath. hvað þeir eru að hugsa. Læt þig vita.“<sup>1213</sup>*

Þessi tölvupóstur sýnir samráð félaganna í verðlagsmálum. Í stað þess að bregðast við athugasemdum viðskiptavinar um of hátt verð á steinolíu með verðlækkun er af hálfu Skeljungs haft samband við hin olíufélögin og þeim að öllum líkindum bent á að þau hafi „gleymt“ að hækka. Í þessu sambandi er rétt að líta til þess að í febrúar 2000 hvatti Skeljungur Olís og OHF til að hækka verð á steinolíu. OHF og Olís hækkuðu verð á steinolíu 1. mars 2000, sbr. umfjöllun hér á eftir.

#### 4.6. Niðurstaða

Eftirfarandi tafla lýsir verðbreytingum olíufélaganna á helstu tegundum eldsneytis á árinu 1999. Í töflunni er aðeins sýnt þegar verð breytist. Auður reitur merkir því að verð viðkomandi félags á viðkomandi eldsneytistegund er óbreytt frá því að það breyttist síðast.

### **Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1999**

*(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afslátta)*

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.01.1999	Olíufélagið	70,20	74,90				
01.01.1999	Skeljungur	70,20	74,90				
01.01.1999	Olís	70,20	74,90				
01.04.1999	Olíufélagið	72,10	76,80	26,70	21,70		
01.04.1999	Skeljungur	72,10	76,80	26,70	21,70		

<sup>1213</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Reynis A. Guðlaugssonar og BS:Dalvegur, dags. 3.12.1999 kl. 10:04, 10:07, 10:31 og 10:38.

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 1999

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttá)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.04.1999	Olís	72,10	76,80	26,70	21,70		
01.05.1999	Olíufélagið	73,60	78,30	28,20	23,20	16,80	
01.05.1999	Skeljungur	73,60	78,30	28,20	23,20	16,80	
01.05.1999	Olís	73,60	78,30	28,20	23,20	16,80	
13.05.1999	Olíufélagið	75,10	79,80				
13.05.1999	Skeljungur	75,10	79,80				
13.05.1999	Olís	75,10	79,80				
01.06.1999	Olíufélagið	78,50	83,20				
01.06.1999	Skeljungur	78,50	83,20				
01.06.1999	Olís	78,50	83,20				
01.07.1999	Olíufélagið	79,70	84,40	28,70	23,70	17,30	16.900
01.07.1999	Skeljungur	79,70	84,40	28,70	23,70	17,30	16.900
01.07.1999	Olís	79,70	84,40	28,70	23,70	17,30	16.900
01.08.1999	Olíufélagið	82,40	87,10	29,70	24,70	18,30	18.000
01.08.1999	Skeljungur	82,40	87,10	29,70	24,70	18,30	18.000
01.08.1999	Olís	82,40	87,10	29,70	24,70	18,30	18.000
01.09.1999	Olíufélagið	87,70	92,40	31,30	26,30	19,90	19.700
01.09.1999	Skeljungur	87,70	92,40	31,30	26,30	19,90	19.700
01.09.1999	Olís	87,70	92,40	31,30	26,30	19,90	19.700
01.10.1999	Olíufélagið	88,60	93,30	32,70	27,70	21,30	21.200
01.10.1999	Skeljungur	88,60	93,30	32,70	27,70	21,30	21.200
01.10.1999	Olís	88,60	93,30	32,70	27,70	21,30	21.200
22.10.1999	Skeljungur	86,10	90,80				
23.10.1999	Olíufélagið	86,10	90,80				
23.10.1999	Olís	86,10	90,80				
01.11.1999	Olíufélagið	85,40	90,10				
1.11.1999	Skeljungur	85,40	90,10				
01.11.1999	Olís	85,40	90,10				
01.12.1999	Olíufélagið	86,30	91,00	34,50	29,50	23,10	
01.12.1999	Skeljungur	86,30	91,00	34,50	29,50	23,10	
01.12.1999	Olís	86,30	91,00	34,50	29,50	23,10	

Framangreind tafla sýnir mikið samræmi í verðbreytingum olíufélaganna á árinu 1999. Verðbreytingarnar voru í öllum tilvikum hinar sömu og áttu sér stað með einni undantekningu á sama degi.

Samkeppnisráð hefur hér að framan gert grein fyrir miklum samskiptum olíufélaganna og umtalsverðri samvinnu í verðlagsmálum eldsneytis á árinu 1999. Jafnframt liggur fyrir að OHF hefur staðfest að olíufélögin hafi átt í samvinnu í verðlagsmálum á árinu 1999 en félögin hafi eftir 1997 „*ekki ræðst eins oft saman og áður*“. Sambandið við Olís hafi hins vegar verið nánara en við Skeljung að þessu leyti eftir 1997 þar sem forstjóri OHF hafi að beiðni forstjóra Olís heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa Olís um verðákvarðanir OHF áður en þær voru birtar opinberlega. Samkvæmt OHF hafi Olís eftir 1997 jafnframt gegnt einhverju milliliðahlutverki gagnvart Skeljung. Þannig hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF upplýst að honum væri kunnugt um dæmi þess að upplýsingar sem Olís fékk frá OHF um fyrirhugaðar verðbreytingar hafi borist til Skeljungs.

Olís hefur sagt að fram á mitt ár 1997 hafi meginreglan verið sú að olíufélögin höfðu samvinnu í tengslum við verðbreytingar. Vorið 1997 hafi nýr maður tekið við verðlagningarmálum hjá félaginu og eftir það hafi slíkum samskiptum „*að mestu*“ verið hætt. Við þessi mannskipti hafi sérstaklega verið rætt að breyta þessu eldra verklagi og forðast samskipti við hin félögin um verðlagsmál. Þessi starfsmaður Olís hafi hins vegar verið í miklum samskiptum við hin félögin í tengslum við sameiginleg innkaup á eldsneyti og á þeim fundum hafi félögin yfirleitt reynt „*að fiska*“ hvert annað um verðlagningaráform. Forstjóri Olís kveðst ekki kannast við að hafa óskað eftir því við OHF að fá að vita um fyrirhugaðar verðbreytingar þess félags og kveðst ekki skilja hvaða gagn Olís ætti að hafa af því. Umfjöllunin hér að framan sýnir hins vegar að þessi staðhæfing Olís um grundvallarbreytingu á eðli þessa samstarfs á árinu 1999 fær ekki staðist. Jafnframt verður að horfa hér til framburðar framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís sem starfaði hjá félaginu frá 1991 til ársloka 2000. Hann bar ábyrgð á verðlagningu eldsneytis fram á árið 1997 en eftir það hafi hann verið staðgengill í verðlagsmálum. Samkeppnisstofnun mun í næsta kafla rekja gögn sem staðfesta að þessi framkvæmdastjóri Olís kom að verðlagsmálum á árunum 1997–2000. Framkvæmdastjórinn hefur í fyrsta lagi staðfest að olíufélögin hafi átt í reglubundnu samstarfi í verðlagningarmálum á meðan hann bar ábyrgð á málaflokknum. Hann hefur einnig greint frá því að hann viti að á tímabilinu 1997–2000 hafi ekkert breyst í þessu samstarfi félaganna. Framangreind umfjöllun um atvik á árinu 1999 staðfestir þetta.

Hafa verður í huga að gögn málsins sýna að olíufélögin gripu til aðgerða til að leyna ólögmaetu samráði þeirra, sérstaklega á árunum frá og með 1997.

Einnig höfðu olíufélögin mikla samvinnu á árinu 1999 varðandi t.d. verðlagningu á gasi og smurólíu og sölu til erlendra skipa. Þegar þessar verðbreytingar og önnur atvik eru skoðuð með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft með sér viðtækt samráð um verðbreytingar á eldsneyti á árinu 1999.

Auk þessarar reglubundnu samvinnu í tengslum við verðbreytingar eldsneytis sýnir framangreind umfjöllun um atvik á árinu 1999 m.a. þetta:

- Olíufélögin ræddu um framkvæmd við að hætta að selja 98 oktana bensín.
- Olíufélögunum tókst að taka upp samræmt afsláttarkerfi fyrir bílafloata (1-2-3 kerfið).
- Olíufélögin héldu áfram umræðum um að minnka afslátt á gasolíu, t.d. með því að hækka verð til bænda.
- Olíufélögin hafa a.m.k. frá árinu 1994 gert með sér samkomulag um að gefa ekki afslátt af gasolíuverði með því að selja gasolíu á skipagasolíuverði eða með því að selja skipagasolíu á skipagasolíuverði til viðskiptavina í landi. Skeljungur kvartaði yfir broti Olís á þessu samkomulagi á árinu 1999.
- Olíufélögin héldu áfram samvinnu um að verja eða auka framlegð.
- Olíufélögin fjölluðu um sjálfsafgreiðsluafslátt á bensínstöðvum á fundum sínum og a.m.k. OHF og Olís gripu til aðgerða til að minnka hann.
- Forstjórar Olís og Skeljungs áttu í samskiptum vegna stórra viðskiptavina félaganna. Tilgangur þeirra var að tryggja með samvinnu eða hótunum að viðkomandi félag héldi sínum viðskiptum og vinna gegn því að tilboð frá hinu félaginu lækkuðu framlegð af viðskiptunum.
- Olíufélögin ræddu um að fækka bensínstöðvum sem veittu fulla þjónustu.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að einstaka setningar forstjóra OHF og Olís séu gripnar á lofti, slitnar úr samhengi og af þeim dregnar hinar alvarlegustu ályktanir. Að auki sé alveg ljóst að einstök ummæli einstakra starfsmanna einstakra fyrirtækja þar sem þeir lýsa því hvernig þeir hafi almennt skynjað margra ára gamla atburði eða ástand, nægi hvorki til þess að sanna einstök brot né meint heildarsamráð olíufélaganna.

OHF staðfestir að háttsemi félagsins kunni að einhverju leyti að hafa brotið gegn kröfum 10. gr. samkeppnislaga í tengslum við verðlagningu á eldsneyti árið 1999. Hins vegar sé um mjög takmörkuð tilvik að ræða og sú mynd sem dregin sé upp í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar sé röng. Hið rétta sé að samstarf OHF við hin olíufélögin hafði minnkað mjög jafnt og þétt frá gildistöku samkeppnislaga og heyrði til undantekninga eftir 1997. Bróðurpartur fullyrðinga Samkeppnisstofnunar um brot á þessu tímabili sé annað hvort ósannaður eða varði háttsemi sem falli ekki undir eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Þau takmörkuðu brot sem OHF kann að

hafa framið með háttsemi sinni árið 1999 séu afmörkuð tilvik. Engin efni séu til þess að líta á meint brot sem hluta af einhverri stærri heild.

Í umfjöllun um árið 1999 hefur verið fjallað um athugasemdir OHF um einstök tilvik. Niðurstaðan er sú að ekkert í málflutningi OHF er til þess að fallið að breyta því mati samkeppnisáðs að gögn málsins sanni yfirgripsmikið ólöglegt samráð olíufélaganna á þessum tíma. Framangreind almenn mótmæli OHF geta ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

## 5. Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 2000

### 5.1. Atvik í janúar og febrúar 2000

Þann 5. janúar 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís bréf til Ferðaklúbbsins 4x4.<sup>1214</sup> Í bréfinu er sagt upp ákvæði í samningi frá 3. nóvember 1997 og afsláttur til félagsmanna lækkaður úr 3 kr. í 1 kr. Skeljungur sendi Ferðaklúbbum 4x4 samskonar bréf 24. febrúar 2000.<sup>1215</sup> Í bréfinu er vísað til fundar 3. febrúar 2000 og samkomulaginu við félagið sagt upp. Skeljungur býður hins vegar Ferðaklúbbum 1 kr. afslátt af eldsneyti frá 1. mars 2000. Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félaginu sé ókunnugt um þetta og telur að aðgerðir og samskipti umræddra fyrirtækja tengist OHF ekki.

Í kafla VI 3.7 hér að framan var gerð grein fyrir ákvörðunum olíufélaganna þriggja um aðgerðir til að draga úr afslætti sem teknar voru á fundum félaganna í október og nóvember 1998. Í því sambandi var ákveðið að afsláttur til Ferðaklúbbsins 4x4 yrði minnkaður. Samkeppnisráð telur að bréf þessi hafi verið liður í framkvæmd á þessum ákvörðunum Olís, OHF og Skeljungs.

Þann 14. janúar 2000 sendi innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís. Innkaupastjórinn spurði í tölvupóstinum hvort unnt væri að halda fund um 98 oktana bensín og svartolíu. Forstöðumaðurinn hjá Skeljungu svaraði játandi og kvaðst mæta með „*söluölur svartolíu '99 og áætlun '00*“.<sup>1216</sup> Sýnir þetta glögg að í samvinnu félaganna í innflutningi á svartolíu fólst að þau veittu hvert öðru nákvæmar upplýsingar um sölu sína og áætlaða sölu. Þann 13.–17. janúar 2000 áttu sér stað tölvupóstsamskipti innan OHF milli m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Fjallað var um verðhækkun á svartolíu hér á landi og á heimsmarkaði. Í tölvupósti forstjóra OHF sagði þetta: „*Það vantar eitthvað í*

<sup>1214</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Bréf frá Thomasi Möller til Ferðaklúbbsins 4x4, dags. 5.1.2000.

<sup>1215</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu. Bréf frá Margréti Guðmundsdóttur til Ferðaklúbbsins 4x4, dags. 23.2.2000.

<sup>1216</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Reynis A. Guðlaugssonar, Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 14.1.2000 kl. 10:52.

*þennan feril hjá ykkur. Einar Ben. benti réttilega á að miklar birgðir væru vegna loðnubrests. Þarf ekki að gera grein fyrir af hverju 38% hækkun en ekki sú sama og erlendis?*“<sup>1217</sup> Samkeppnisstofnun hefur beðið Olís að skýra þessi ummæli. Í svari fulltrúa Olís segir að „á þessum tíma hafi lýsisverð verið mjög lágt en svartolíuverð mjög hátt, og hafi verksmiðjurnar því brennt lýsi í stað svartolíu. Því hafi safnast upp birgðir af svartolíu. Því hafi það verið skoðun Olís að ef eitthvað hafi átt að gera varðandi verð á svartolíu, þá hafi átt að lækka hana til þess að losna við hana.“<sup>1218</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að til þess að sameiginlegur innflutningur olíufélaganna á svartolíu yrði sem hagkvæmastur hafi orðið að áætla nokkuð nákvæmlega hver þörf félaganna væri í ljósi birgðastöðu. Eins og gögn málsins bendi til hafi olíufélögin stundum þurft að skoða eldri sölutölur og lauslegar áætlanir hvers annars til að ákveða magn innfluttrar svartolíu. OHF telur ekki rétt að gögn málsins sýni að félögin hafi veitt hvert öðru nákvæmar tölur um sölu og áætlaða sölu. Vissulega hafi verið gefnar upp sölutölur að vissu marki fyrir liðið tímabil. Hafi þetta meira verið söguleg gögn heldur en gögn sem nýtist keppinautum í framtíðarviðskiptum. Áætlanirnar hafi hins vegar verið mjög grófar viðmiðunartölur sem teljist ekki heldur til viðkvæmra viðskiptaupplýsinga. OHF telur einnig ómögulegt að sjá hvernig hægt hafi verið að draga þá ályktun af nefndum tölvupósti að verðlagning hafi verið rædd meðal olíufélaganna í þessu tilviki. Hugleiðingar OHF um verð sem birtist í tölvupóstinum séu auðsýnilega félagsins sjálfs en ekki undan rifjum keppinautanna runnar.

Samkeppnisráð leggur sérstaka áherslu á að í samkeppnisrétti eru gerðar mjög strangar kröfur varðandi upplýsingaskipti keppinauta á fákeppnismarkaði þar sem slíkt getur með mjög alvarlegum hætti dregið úr eða eytt samkeppni á viðkomandi markaði.<sup>1219</sup> Vísa má t.d. til þess að í Thyssen Stahl málinu benti undirréttur EB á að þau 10 fyrirtæki sem tóku þátt í tiltekinni upplýsingamiðlun innan samtaka fyrirtækja höfðu saman 2/3 hluta markaðarins. Benti rétturinn á að á slíkum fákeppnismarkaði, sem í eðli sínu getur dregið úr samkeppni, sé nauðsynlegt að tryggja sjálfstæða ákvarðanatöku keppinauta og þá jaðarsamkeppni sem ríkt geti á markaðnum.<sup>1220</sup> Ef fyrirtæki skiptast á upplýsingum um t.d. grundvöll verðákvarðana eða áætlaðar aðgerðir á markaðnum eru miklar líkur taldar á því að samkeppni raskist í kjölfarið.

<sup>1217</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Geirs Magnússonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 13.1.2000 kl. 12:02, 16.1.2000 kl. 15:16 og 17.1.2000 kl. 8:57 og 9:22.

<sup>1218</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1219</sup> Sjá t.d. Ross, *Principles of Antitrust Law*, bls. 189: „[T]he exchange of almost any information can significantly facilitate price agreements in an oligopolistic industry prone to collusion.“

<sup>1220</sup> Mál nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v. Commission* [1999] 4 C.M.L.R. 810: „As regards the structure of the market, the Court finds that, in 1989, 10 of the undertakings engaged in the Poutrelles Committee monitoring accounted for two-thirds of apparent consumption. Given such an oligopolistic market structure, which can reduce competition ipso facto, it is all the more necessary to protect the decision-making independence of undertakings as well as residual competition.“

Það á ekki síst við vegna þess að ákveðin óvissa um aðgerðir keppinautar og forsendur hans er óhjákvæmilega ríkur drifkraftur samkeppninnar. Samhæfing aðgerða og ákvarðana er mun líklegri þar sem óvissu hefur verið eytt.

Samkeppnisráð telur engan vafa leika á því að upplýsingar af framangreindum toga um nýlega sölu og áætlaða sölu teljist til viðkvæmra viðskiptalegra upplýsinga.<sup>1221</sup> Upplýsingaskipti af þessum toga draga úr viðskiptalegu sjálfstæði oliufélaganna og eru til þess fallin að stuðla að samræmdum aðgerðum á markaðnum. Ákvarðanir fyrirtækja um verðlagningu eru reistar m.a. á upplýsingum um framboð og eftirspurn. Því er ljóst að þessi samvinna oliufélaganna hafði í eðli sínu áhrif á verðsamkeppni milli þeirra og fór því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Þegar framangreindur tölvupóstur forstjóra OHF er virtur með skýringum Olís telur ráðið að gögnin gefi til kynna viðræður Olís og OHF um atriði sem tengjast verðlagningu svartolíu.

Þann 17. janúar 2000 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tölvupóst til forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Eins og umfjöllun hér að framan sýnir hefur þessi forstöðumaður haft talsvert með verðlagsmál að gera hjá Skeljungu og átt í umtalsverðum samskiptum við hin oliufélögin. Tölvupósturinn hljóðar svo:

*„Við mig ræddi Samúel<sup>1222</sup> ... hjá ÓB/Olís. Hafði hann miklar áhyggjur af tvennu:*

*1. Verðmunurinn í dag á Orkunni og almennu verði hjá oliufélögunum er 4,50 kr/ltr. Hann sagði Olís óska þess að verðmunurinn væri 4 kr/ltr og óskaði eftir okkar viðbrögðum við því.*

*2. Verðmunurinn í dag á Orkunni og ÓB er 20 aurar (Orkan alltaf lægst!). Hann vildi að þessar stöðvar væru með sama verð en Orkan mætti vera 10 aurum lægri í einhvern tíma á meðan sú aðlögun færi fram. Hann vildi einnig fá okkar viðbrögð við þessu.*

*Ég spurði hann af hverju hann ræddi ekki við framkvæmdastjóra Bensínorkunnar og sagði Sammi ekkert við hann að tala þar sem við værum nú meirihlutaeigendur í Bensínorkunni auk þess sem Gunnar Skaptason<sup>1223</sup> væri ... og ekki orð að marka hvað hann segði.*

*Hverju svörum við þessari fyrirspurn Olís-manna og hvað getum við skotið á þá á móti?“*

<sup>1221</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB frá 11. mars 1999 í máli 151/94 *British Steel v Commission*.

<sup>1222</sup> Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.

<sup>1223</sup> Framkvæmdastjóri Orkunnar.

Aðstoðarforstjórinn svaraði tölvupóstinum með þessum hætti:

*„Eins og skúrkurinn sagði, „it takes one to know one“. En þýðir nokkuð að ræða þessi mál við Olís þar sem Esso og þeirra ... eru meirihlutaeigendur og ekki orð að marka hvað fulltrúi félagsins (Sammi) segir? Mín afstaða er þessi.*

*TM<sup>1224</sup> hefur lýst því yfir í Viðskiptablaðinu (með röngu ...) að þeir séu með bætiefni, en ekki bensínorkan. Ef þeir eru með yfirlýsingar í þessa veru geta þeir tæpast krafist þess að ÓB fái að selja á sömu verðum.*

*Það væri beinlínis fáránlegt ef ÓB og Bensínorkan færu að stilla saman verð. Ég er reyndar sannfærður um að slíkt kæmi Bensínorkunni miklu verr en ÓB, yfirburðir Bensínorkunnar felast í samkeppni hennar við stóru félögin.*

*ÓB er allt annað konsept en Bensínorkan þar sem ÓB er einungis sjálfsafgreiðsluþjónusta Olís, en Bensínorkan sjálfstætt starfandi fyrirtæki. Við erum ekki að veita sömu afslætti í sjálfsafgreiðslu á okkar stöðvum og Bensínorkan gerir.*

*Ég vildi gjarnan sjá þennan mun í 4 krónum eða minna en á meðan Esso heldur sig við 4 krónur og býður allt að 3,50 kr/l viðskiptaafslátt á bensínstöðvum sínum sé ég ekki svigrúmið en gott væri ef hægt væri að skvísa þetta eitthvað, sérstaklega með tilliti til mögulegra breytinga á þjónustustigi.*

*Ég tel rétt að ég hnippi í GS<sup>1225</sup> og taki þetta upp við hann, en ég tel eðlilegast að við beinum svona erindum beint til hans. Ég er samt ósáttur við að hann hafi ekki svarað TM enn og mun ítreka það.*

...

*Að lokum, eyðið þessum pósti eftir lestur. Þetta má ekki vera til á svona aðgengilegu formi.“*

Forstjóri Skeljungs svaraði þessum tölvupósti og sagðist m.a. vera „*hjartanlega sammála*“ því sem komið hefði fram í tölvupósti aðstoðarforstjórans. Forstöðumaðurinn svaraði þessum tölvupóstum og sagði að umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís vilji samstarf á meðan hann vilji í öðrum málum svindla á

<sup>1224</sup> Thomas Möller framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>1225</sup> Gunnar Skaptason, framkvæmdastjóri Orkunnar.



Skeljungu. Forstöðumaðurinn muni því láta hann „þjást í þessu máli enn frekar“. Síðan greinir forstöðumaðurinn frá því að hann hafi gleymt að minnast á að framkvæmdastjórinn hjá Olís „hótaði verðstríði ef Bensínorkan tæki ekki sönsum í sinni verðlagningu. Alltaf lægstir væri frasi sem þeir hjá ÓB þyldu ekki lengur. Þeir væru hins vegar tilbúnir að hætta að auglýsa að þeir væru eina sjálfsafgreiðslufyrirtækið með bætiefni ef við hlustuðum á þá í verðlagningunni!“<sup>1226</sup>

Þann 4. febrúar 2000 sendi forstöðumaðurinn hjá Skeljungu annan tölvupóst út af þessum samskiptum við Olís. Tölvupósturinn var til forstjóra Skeljungs, aðstoðarforstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og hljóðar svo:

*„ÓB lækkaði verðið í fyrradag og Gunnar Skapta bætti um betur og fór 50 aurum fyrir neðan þá. Í framhaldinu logar allt hjá Olísmönnum. Samúel hringdi í mig í gær og aftur í morgun v/þessarar tregðu okkar að vilja ekki samstarf. Ég endurtók fyrri yfirlýsingar að þessi mál væru í höndum stjórnar Orkunnar og að þetta hefði verið stefna Orkunnar frá upphafi þ.e. að vera alltaf ódýrastir á markaðnum. Nú hringir Thomas Möller í Margréti<sup>1227</sup> í morgun og heldur kvörtunum og hótunum áfram í nafni ÓB. Þetta er greinilega í boði Einars Ben. Því frasarnir eru keimlíkir. Við teljum ... ykkur er ekki stætt ... við munum ekki þola að vera næstlægstir ... það mun verða verðstríð ef þið viljið ekki samstarf ... Ég vildi koma þessu á framsæri aftur því Samúel segir að Geir Magnússon sé einnig að skoða þessi mál og muni fylgjast með framvindu þessa sjálfsafgreiðslustöðvamála.“<sup>1228</sup>*

Samkeppnisstofnun hefur beðið framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís að skýra þessi samskipti við Skeljung. Hann kvaðst í fljótu bragði ekki muna eftir samtalinu í janúar 2000, en vitað væri að munur milli verðs á mannlausum þjónustustöðvum og stöðvum með fulla þjónustu hafi verið á bilinu 4–4,90 kr. Kvaðst hann ekki geta skýrt þetta nánar. Forstjóri Olís sagði hins vegar til skýringar á þessu að tölvupóstar milli stjórnenda í fyrirtækjum yrðu yfirleitt ekki til án einhvers tilefnis. Því sýndist sér líklegt, þótt framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar myndi ekki eftir því, að eitthvað í þá veru hafi farið fram, sem lýst væri í tölvupósti Skeljungs frá janúar 2000, enda væri samneyti framkvæmdastjórans við starfsfélaga sína í hinum félögunum, sem bæru ábyrgð á innflutningsmálum, það mikið að ekki væri ósennilegt að einhverju slíku kynni að hafa verið fleygt fram. Eins og hann hafi áður sagt væri eftirspurn eftir bensíni sérlega næm fyrir verðmun. Jafnvel einungis 10–20 aura verðmunur hefði mikil áhrif á það hvert viðskiptum væri beint, þótt um væri að ræða mjög lágar fjárhæðir fyrir hverja fjölskyldu eða hvern bíl. Olís ræki ÓB-

<sup>1226</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Reynis A. Guðlaugssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Kristins Björnssonar, dags. 17.1.2000 kl. 14:22, 15:48, 15:51 og 16:09.

<sup>1227</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu.

<sup>1228</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 4.2.2000 kl. 9:56.

stöðvar, sem eru mannláusar með sama þjónustustig og stöðvar Orkunnar. Hafi Olís hugsanlega reynt að nýta sér gambít til þess að neyða menn inn í sem minnstan verðmun miðað við sama þjónustustig. Sagði forstjóri Olís að slíkt yrði að teljast eðlilegt í þessu viðskiptaumhverfi. Hafi Olís metið það svo hingað til að ekki væri rétt að fara í verðstríð vegna þessa. Engu að síður hafi þessi verðmunur pirrað félagið og fulltrúar félagsins gefið til kynna að félagið kynni að fara út í verðstríð vegna þessa síðar. Nefnd samskipti lýstu því bara mikilli samkeppni á þessu sviði. Olís hafi fundið fyrir því að Orkan næði alltaf mestri athygli með því að vera bara 10–20 aurum ódýrari en ÓB og togaði þannig til sín mikil viðskipti. Þetta hafi endalaust farið í taugarnar á stjórnendum Olís. Samtal framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar við Skeljung lýsti fyrst og fremst því að fulltrúar Olís væru argir út í keppinaut sinn, en ekki samstarf félaganna eða að verið væri að biðja um það.<sup>1229</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF hvort hann kannist við viðræður milli olíufélaganna á árinu 2000 um það hver ætti að vera verðmunur milli fulls verðs á bensíni og verði á sjálfsafgreiðslustöðvum. Í skýrslu forstjóra OHF segir:

*„GM greindi frá því að forstjóri Olís hefði sagt honum frá því hver hans sýn væri varðandi verðbil milli tegunda bensinstöðva. GM kvaðst hafa einungis hlustað á þetta en hafi frétt að forstjóri Olís hefði tilkynnt sínum undirmönnum að GM hefði samþykkt hugmyndir hans um þessa hluti.“<sup>1230</sup>*

Forstjóri Olís kveðst hins vegar ekki kannast við að hafa rætt þetta mál við forstjóra OHF.<sup>1231</sup>

Að mati samkeppnisráðs er unnt að draga ýmsar ályktanir af framangreindum gögnum. Gögnin staðfesta viðræður um verð á eldsneyti milli Olís og Orkunnar. Jafnframt er ljóst að Olís setti fram við Skeljung tvenns konar hugmyndir um breytingar á verðlagningu fyrirtækjanna og Orkunnar, sem var á þessum tíma dótturfyrirtæki Skeljungs. Annars vegar að minnka mun milli verðs Orkunnar og almenns verðs olíufélaganna og hins vegar að samræma verð milli Orkunnar og ÓB stöðva Olís. Skeljungur tók illa í seinni hugmyndina en vel í þá fyrri sem sést skýrlega af tölvupóstum aðstoðarforstjóra og forstjóra Skeljungs. Jafnframt hefur forstjóri OHF upplýst að forstjóri Olís hafi rætt við hann um verðbil milli tegunda bensinstöðva og að forstjóri Olís hafi talið að forstjóri OHF hafi samþykkt hugmyndir hans. Tölvupóstur Skeljungs frá 4. febrúar 2000 staðfestir að viðræður hafi átt sér stað við OHF um þetta efni. Þegar þetta er virt saman telur samkeppnisráð að olíufélögin

<sup>1229</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1230</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálsviðs, dags. 5.3.2002.

<sup>1231</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

hafi á árinu 2000, að frumkvæði Olís, fjallað um aðgerðir til þess að draga úr verðmun milli tegunda bensínstöðva með það að markmiði að minnka þann afslátt sem veittur hafi verið á ómönnuðum stöðvum. Voru þessi ólögmætu samskipti liður í heildarsamvinnu olúfélaganna á þessu sviði. Sú skýring Olís að ofangreind samskipti við Skeljung lýsi mikilli samkeppni fær með engu móti staðist. Jafnframt stenst ekki sú skýring Olís að ofangreind gögn lýsi ekki samstarfi félaganna eða að beðið hafi verið um það heldur hafi fulltrúar Olís einungis verið argir út í keppinaut sinn. Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að Olís véfengir ekki efni umrædds tölvupóst frá janúar 2000 heldur segir þvert á móti líklegt að þessi samskipti hafi átt sér stað, vegna m.a. mikilla samskipta félaganna. Umrædd tölvupóstsamskipti milli æðstu stjórnenda Skeljungs sýna með glöggum hætti að Olís hefur gert tillögur um samráð í verðlagsmálum. Til að knýja Skeljung til samþykkis hótaði Olís ítrekað verðstríði ef þeim yrði hafnað en lofaði að hætta tilteknum auglýsingum ef tillögurnar yrðu samþykktar. Þessar aðgerðir Olís og viðbrögð Skeljungs höfðu ljóslega það að markmiði að hækka verð og eru andhverfa þess sem telja má heilbrigða samkeppni milli fyrirtækja. Tilmæli framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Skeljungu til m.a. forstjóra félagsins um að eyða gögnum um umrædd samskipti fela í sér skýra staðfestingu á þessu.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segist félagið ekki kannast við þessi samskipti og þau séu félaginu óviðkomandi. Engu að síður virðist Samkeppnisstofnun reyna að draga OHF inn í þetta mál. Það helsta sem Samkeppnisstofnun hafi undir höndum til að reyna að bendla OHF við málið sé sú staðreynd að forstjóri OHF hafi upplýst Samkeppnisstofnun um að forstjóri Olís hefði af fyrri bragði sagt honum frá því hver sýn hans væri varðandi verðbil milli tegunda bensínstöðva. OHF hafi hins vegar aldrei rætt þessi mál og hafi gætt þess vandlega að láta ekkert uppi um fyrirætlanir sínar, enda stefna félagsins að taka sjálfstæðar ákvarðanir án samráðs við keppinautana. Einnig vísi Samkeppnisstofnun til tölvupósts Skeljungs frá 4. febrúar 2000, þar sem nafn eins stjórnenda OHF sé nefnt. OHF telur þó ekkert í þessum tölvupósti gefa tilefni til þess að álykta að OHF hafi rætt mál þessu tengt við hin félögin að því marki að það brjóti gegn lögum. OHF hafi ekki verið aðili að þessu meinta samstarfi Olís og Orkunnar.

Til svars við þessu ítrekar samkeppnisráð að gögn málsins sýna að Olís gerði tillögu til Skeljungs um að draga úr verðmun milli tegunda bensínstöðva. Aðspurður hefur forstjóri OHF sagt að hann hafi hlustað á tillögur Olís um þennan verðmun. Í tölvupósti Skeljungs frá 4. febrúar 2000 er vísað til upplýsinga frá Olís um forstjóra OHF og gefa þær ótvírætt til kynna viðræður milli OHF og Olís. Styðja þessi gögn hvort annað. Þessi gögn leiða óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu að OHF hafi komið að framangreindum viðræðum. Jafnframt ber að horfa til þess að forstjóri OHF heldur því ekki fram að hann hafi sett fram nein mótmæli eða fyrirvara í þessum samræðum við Olís. OHF starfaði á markaðnum á meðan og eftir að þessi samskipti

áttu sér stað. Þar sem OHF hefur ekki sýnt fram á annað verður að ganga út frá því að þetta hafi haft áhrif á hegðun OHF á markaðnum.<sup>1232</sup> Þar sem þessi samskipti höfðu það greinilega að markmiði að raska samkeppni þarf ekki að sýna fram á að þau hafi í raun haft skaðleg áhrif á samkeppni.<sup>1233</sup> Þessi samskipti milli OHF og Olís um verðlagsmál eldsneytis fela því í sér ólögmætar samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Í athugasemdum Skeljungs er því haldið fram að framangreind gögn frá janúar og febrúar 2000 bendi til þess að hörð samkeppni hafi verið milli Orkunnar og Olís og að Orkan hafi aldrei gefið kost á viðræðum um verð við keppinauta. Það virðist sem Olís hafi gert árangurslausar tilraunir til að hafa áhrif á verð Orkunnar. Er í þessu sambandi sérstaklega vísað til tölvupósts forstöðumannsins hjá Skeljungu frá 4. febrúar 2000. Samkeppnisráði er það fyllilega ljóst að Skeljungur tók ekki vel í þá hugmynd Olís að samræma verð milli Orkunnar og ÓB, sbr. umfjöllun hér að framan. Hins vegar leist Skeljungu vel á þá hugmynd Olís að minnka verðmun milli almenns verðs oliufélaganna og Orkunnar og kvaðst aðstoðarforstjóri félagsins í tölvupósti sínum frá 17. janúar 2000 ætla að „*hnippa*“ í framkvæmdastjóra Orkunnar út af þessu máli. Þessi gögn sýna því ekki virka samkeppni heldur ólögmætt samráð eins og aðstoðarforstjórinn virðist hafa gert sér grein fyrir, sbr. framangreind ummæli hans um að eyða þessum gögnum. Fullyrðingar Skeljungs um harða samkeppni milli Olís og Orkunnar er ekki samræmi við gögn málsins, sbr. verðsamráð milli félaganna í mars 2000 sem gerð verður grein fyrir í kafla VI 5.8 hér á eftir.

Eins og fram kemur hér að framan sneri forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu sér til OHF og Olís í desember 1999 þegar hann taldi að þessir keppinautar hefðu „*gleymt*“ að hækka verð á steinolíu. Í byrjun febrúar 2000 var verð á steinolíu aftur til umræðu hjá Skeljungu. Forstöðumaður innkaupadeildar sendi þann 3. febrúar 2000 tölvupóst til forstöðumanns innlendrar sölu á markaðssviði stórnotenda hjá félaginu. Í tölvupóstinum var rætt um þörf á því að hækka verð á steinolíu.<sup>1234</sup> Þann 11. febrúar 2000 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu eftirfarandi tölvupóst til

---

<sup>1232</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491: „... *although, as is clear from the very terms of Article 85(1) [nú 81. gr.] of the Treaty, a concerted practice implies, besides undertakings' concerting together, conduct on the market pursuant to those collusive practices, and a relationship of cause and effect between the two, it must be held, subject to proof to the contrary, which the parties concerned must adduce, that the concerted action in question influenced the parties' conduct on the market*“

<sup>1233</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491: „... *it follows from the very wording of that provision [81. gr. Rs.] that concerted practices are prohibited irrespective of any effect where, as in the present case ... , they have an anti-competitive object. ... Next, although the very concept of concerted practice presupposes some conduct on the market, it does not necessarily mean that that conduct actually has the effect of restricting, preventing or distorting competition.*“

<sup>1234</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Lúðvíks Björgvinssonar, dags. 3.2.2000 kl. 10:28.

innkaupastjóra eldsneytis hjá OHF og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís:

*„Við vorum að verðbreyta steinolíu á tunnum. Verð á steinolíu á 200 ltr. tunnu er nú 63,22 kr./ltr. m. vsk. og verð á steinolíu frá dælu 52,30 m. vsk. Gætuð þið skoðað ykkar mál m.t.t. hreinsunar á tunnum, aksturs og annars kostnaðar og ath. hvaða verð þið fáið. Ég miða við Jet-innkaupsverð í desember til grundvallar.“<sup>1235</sup>*

Bæði Olís og OHF hækkuðu verð á steinolíu frá dælu umtalsvert 1. mars 2000. Skeljungur hækkaði einnig verð á steinolíu þennan sama dag. OHF hækkaði síðan verð á steinolíu í 200 ltr. tunnu 1. apríl 2000. Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjórann hjá Olís um þennan tölvupóst. Hann kveðst ekki draga í efa að forstöðumaðurinn hjá Skeljungi hafi sent sér póstinn. Hann muni ekki eftir þessu máli en væntanlega hafi Olís tekið verðið til endurskoðunar. Hvorki hann né framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hafi setið fundi með hinum félögum þar sem verð á steinolíu var rætt. Meginatriði málsins væri hins vegar það að sala á steinolíu væri orðin mjög lítil.<sup>1236</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF um þetta mál en þessi tölvupóstur var framsendur til hans. Hann kvaðst muna eftir þessum tölvupósti og að hann hafi sagt við innkaupstjóra eldsneytis hjá félaginu „að OHF mundi bara halda sínu striki og ekkert hlusta á þessi tilmæli Skeljungs. Hins vegar hafi væntanlega verið komin þörf á að hækka steinolíuverð, og því hafi það verið gert 1. mars 2000.“<sup>1237</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að félagið hafi ekki sinnt þessu erindi Skeljungs. Þetta sjáist best af því að hvorki hafi fundist útreikningar né svarbréf í umfangsmikilli gagnaöflun Samkeppnisstofnunar við rannsókn málsins. Staðreyndin sé sú að OHF hafi haldið sínu striki og metið það sjálft svo að þörf hafi verið komin fyrir þá verðbreytingu sem varð 1. mars 2000. OHF tekur fram að umsvif félagsins í sölu á steinolíu hafi verið mjög lítil og því hafi starfsmenn einfaldlega ekki nennt að eyða tíma í að svara erindum keppinautanna, auk þess sem stefna fyrirtækisins hafi alltaf verið að ákveða verðið sjálfstætt án samráðs við keppinautana. Bendi þetta tilvik til þess að samráð hafi ekki verið meginreglan í sölu eldsneytis.

Samkeppnisráð telur hins vegar þegar horft er m.a. til efnis umrædds tölvupóst, samskipta vegna steinolíuverðs í desember 1999 og að öll félögin hækkuðu verð á steinolíu 1. mars 2000 að framangreint sýni samráð félaganna varðandi verðlagningu

<sup>1235</sup> Tölvupóstur frá Reyni A. Guðlaugssyni hjá Skeljungi til Samúels Guðmundssonar hjá Olís og Magnúsar Ásgeirssonar hjá OHF, dags. 11.2.2000 kl. 14:42 (Hs. nr. 1368).

<sup>1236</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1237</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

á steinolíu. Í því sambandi verður að hafa í huga að það eitt og sér að fyrirtæki upplýsir keppinauta sína um verðlagningu sína og hvetur þá til að hækka verð felur í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir ef keppinautar mótmæla ekki, sbr. m.a. umfjöllun í kafla VI 1.2 hér að framan.

Þann 2. febrúar 2000 er bókað í dagbók forstjóra Olís að hann eigi fund með forstjóra OHF.<sup>1238</sup> Eins og fram kemur í kafla IV virðast forstjórar Olís og Skeljungs hafa hist 16. febrúar 2000. Samkvæmt tölvupósti forstjóra Olís til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu átti hann einnig fund með forstjóra Skeljungs 17. febrúar 2000 og var á honum meðal annars rætt um mál flutningafyrirtækisins ET, sbr. kafla VI 4.5.<sup>1239</sup> Sama dag sendi forstjóri OHF tölvupóst til forstjóra Skeljungs. Efni hans er sagt vera fundur 18. febrúar 2000 en í dagbók forstjóra Olís er að finna bókun á þessum degi sem gefur til kynna fund með forstjóra OHF. Í tölvupósti forstjóra OHF til forstjóra Skeljungs segir þetta:

*„Ég geri það að tillögu minni að við tökum aðeins fyrir uppgjörsmál á fundinum og frestum öðru. Óuppgert er: Grundartangi, SVR, Raufarhöfn og Kísiliðjan. Ef ég gleymi einhverju þá bætið þið við.*

*Málefnið fyrir annan fund eru: Nýr samningur um Örfirsey milli ODR og Skeljungs. Hagsmunafélag oliufélaganna??*

*Vinsamlegast eyðið þessari orðsendingu þegar þið hafið lesið hana.*“<sup>1240</sup>

Forstjóri Skeljungs framsendi þennan póst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs félagsins og spurði hann hvort þetta séu einu málin sem óuppgert séu. Í svari framkvæmdastjórans segir m.a. að það sé spurning með dómismálaráðuneytið en þá muni hin félögin væntanlega benda á Landhelgisgæsluna. Í lok tölvupóstsins segir þetta:

*„Það er sjálfsagt að eyða þessu en mér finnst glannalegt að senda þetta svona í gegnum netþjóna út um allan bæ.*“<sup>1241</sup>

Um framangreind málefni er nánar fjallað í kafla IV og í kafla VIII. Þessi tölvupóstsamskipti eru hins vegar nefnd hér þar sem þau sýna virka samvinnu

<sup>1238</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 2.2.2000 (Hs. nr. 4002).

<sup>1239</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 17.2.2000 kl. 18:39 (Hs. nr. 4323).

<sup>1240</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Geir Magnússyni til Kristins Björnssonar, dags. 17.2.2000 kl. 10:52.

<sup>1241</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 17.2.2000 kl. 13:03 og 13:31.

félaganna á þessum tíma en jafnframt sameiginlegan skilning á því að halda þessum ólögmetu samskiptum leyndum.

## 5.2. Samráð um afslátt á svartolíu

Þann 5. febrúar 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins, aðstoðarforstjóra og forstöðumanns innkaupadeildar. Tölvupósturinn varðaði beiðni ýmissa viðskiptavina olíufélaganna um afslátt af svartolíu. Framkvæmdastjórinn gerði fyrst grein fyrir því að í framhaldi af beiðni SR-mjöls um afslátt vegna afleitar afkomu fyrirtækisins, hækkandi verðs á svartolíu og hrapandi verðs á lýsi á heimsmarkaði, hafi hann haft samband við OHF og Olís. Olíufélagin hafi ákveðið að bjóða SR-mjöli „*sérstakan afslátt, tímabundið, sem næmi 0,55 kr. pr. ltr.*“. Sagði framkvæmdastjórinn að hann teldi vel boðið en að viðbrögð SR-mjöls hafi ekki verið góð og fyrirtækið talað um að því myndi „*blæða út*“. Síðan greindi framkvæmdastjórinn frá því að starfsmaður Hraðfrystihúss Eskifjarðar hefði hringt og sagt að fyrirtækið væri á leið í þrot þótt framkvæmdastjórinn hafi áður verið búinn að bjóða Hraðfrystihúsinu svipuð kjör og SR-mjöli. Þá greindi framkvæmdastjórinn frá því að starfsmaður Félags fiskimjölsframleiðenda hefði hringt og sagt að honum hafi verið falið að hafa samband við olíufélagin og „*leita leiða til að lina þjáningar umbjóðanda hans.*“ Síðar segir í tölvupóstinum:

*„Það er ljóst að geysilega öflug umræða á sér stað í þessum viðskiptamannahópi, enda fer saman algert verðfall á lýsi samfara háu svartolíuverði og mikilli lýsisframleiðslu. ... Ég tel mjög brýnt að hagsmunaaðilar innan félaganna (innfl. og markaðsmenn) fari nú þegar yfir málið og marki stefnu. Enn fremur er ástæða til að rifja upp umræðuna um að haft verði samráð við forsvarsmenn markaðsmála við verðbreytingu þannig að öll sjónarmið séu uppi við ákvarðanatöku.“*

Forstjóri Skeljungs svaraði þessum tölvupósti og vildi að málið yrði rætt og skoðaðir möguleikar á verðlækkunum. Einnig spurði hann af hverju væri bara verið að „*djöflast í olíufélagunum*“. Jafnframt kemur fram að „*við skulum gera hvað við getum, en við þurfum ekki að vera sérstaklega sakbitnir samt sem áður.*“<sup>1242</sup>

Þann 18. og 19. mars 2000 fjallaði framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu í tölvupósti aftur um afsláttarkröfur SR-mjöls. Þann 18. mars 2000 setti hann fram hugmyndir um afslátt og sagði „*að öll olíufélagin þurfa að koma að þessari ákvörðun.*“ Sagði hann að það væri borð fyrir báru „*enda framlegðarstigið í nýjum hæðum*“. Þann 19. mars 2000 kemur fram í tölvupósti framkvæmdastjórans að

<sup>1242</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Friðriks Stefánssonar, Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Reynis A. Guðlaugssonar, dags. 5.2.2000 kl. 11:47 og 1:22.

hann sé að fara að hitta fulltrúa hinna félaganna næsta morgun og hann muni „hlýða“ þeim yfir málið.<sup>1243</sup>

Tengd þessu eru tölvupóstsamskipti milli olíufélaganna 24. mars 2000. Þann dag sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til forstjóra félagsins, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og innkaupastjóra eldsneytis. Efni póstsins er svartolía og er í honum greint frá því að nú sé loðnuvertíð á enda og flestar verksmiðjur sitji uppi með miklar birgðir af lýsi. SR-mjöl íhugi að flytja inn ódýrt lýsi til að brenna í verksmiðjum sínum. Engar líkur séu á því að lýsisverð fari upp á næstu 6 mánuðum og alveg eins líklegt að enginn markaður verði fyrir svartolíu út árið. Spyr sölustjórinn hvað OHF sitji uppi með miklar birgðir af svartolíu og hvort menn hafi hugleitt að selja hana úr landi. Sölustjórinn framsendi síðan þennan tölvupóst sinn til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís með þeim orðum að um sameiginlegt hagsmunamál væri að ræða.<sup>1244</sup> Hér verður einnig að líta til tölvupósts sem framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu sendi skömmu síðar m.a. forstjóra félagsins og forstöðumanni innkaupadeildar þess. Í honum segir m.a.:

*„Það er ljóst að SR ætlar ekki að láta neins ófreistað í baráttunni við rekstrarkostnaðinn og fá 2000 tonn af lýsi inn á seyðisfj. í maí. Tekur þá væntanlega 40–50 daga að brenna því. Ég hef beðið Olís og Esso að gefa mér comment e.h. í dag varðandi það hversu langt til móts þeir eru reiðubúnir að koma til móts við SR í tímabundið lækkuðu verði.“<sup>1245</sup>*

Samkvæmt framansögðu er alveg ljóst að olíufélögin hafa haft með sér verðsamráð vegna óskar SR-mjöls um afslátt í febrúar 2000. Jafnframt hefur framkvæmdastjóri hjá Skeljungu sett fram hugmynd um sameiginlega stefnumörkun olíufélaganna vegna krafna tiltekinna viðskiptavina um afslátt. Í kjölfar þess hafi farið á milli félaganna hugmyndir um útflutning á svartolíu og aftur verið fjallað sameiginlega um ítrekaða ósk SR-mjöls um afslátt. Lýsir þetta samvinnu félaganna í verðlagsmálum svartolíu.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið viðurkenna að olíufélögin hafi rætt sín á milli um ósk SR-mjöls um afslátt á svartolíu. Hins vegar hefðu þessar umræður engin áhrif haft á markaðnum. SR-mjöl flutti inn lýsi, sem var mun ódýrara til brennslu en svartolía á þessum tíma og ekki samkeppnishæft í verði. Auk þess hafi umræður olíufélaganna ekki endað með neinu samkomulagi sem áhrif hafi haft á

<sup>1243</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Friðriks Stefánssonar og Kristins Björnssonar, dags. 18.3.2000 kl. 15:29 og 19.3.2000 kl. 12:18 og 14:23.

<sup>1244</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Kristjáni Kristinssyni til Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar og Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 24.3.2000 kl. 9:03. Frá Kristjáni Kristinssyni til Friðriks Stefánssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 24.3.2000 kl. 9:15.

<sup>1245</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til Reynis A. Guðlaugssonar, Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Lúðvíks Björgvinssonar, dags. 3.4.2000.



markaðshegðun þeirra. Beri að taka tillit til þessara atriða, komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu. Samkeppnisráð bendir hér á að ofangreind gögn lýsa ólögsmætu samráði olíufélaganna. Gögn sýna einnig að þetta samráð hafði áhrif á markaðnum, enda ákváðu félögin t.d. sameiginlega afslátt til SR-mjöls. Um samráð vegna SR-mjöls er einnig fjallað í kafla VIII 6.

### 5.3. Framkvæmd á samkomulagi frá 1998 um að hækka verð á gasolíu til landnotkunar

Eins og fram kemur í kafla VI 3.7 ákváðu olíufélögin í nóvember 1998 að hækka verð á gasolíu til landnotkunar (leiðsluverð/tankaverð). Hér var um að ræða áréttingu á þeirri stefnumörkun olíufélaganna að draga úr notkun heimatanka og beina viðskiptavinum inn á þjónustustöðvar félaganna í því skyni að minnka afslátt og auka framlegð félaganna. Einnig var fjallað um þessi málefni á árinu 1997, sbr. kafla VI 2.3. Gögn málsins gefa síðan til kynna að unnið hafi verið að framgangi þessa á árinu 1999. Þannig er greint frá því í kafla VI 4.1 hér að framan að í minnispunktum forstjóra OHF frá fundi með forstjórum hinna félaganna 18. janúar 1999 sé bókað: „Tankaverð. Ekki komin niðurstaða frá GM“. Einnig er í þeim kafla vísað til fundargerðar OHF frá 8. mars 1999. Þar var rætt um breytta stefnu í afsláttarmálum til stórnotenda. Þar kemur einnig fram að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafi m.a. rætt um verð til bænda og sagt að þeir borgi sn. bílverð fyrir gasolíu þótt því fylgi mikill kostnaður að koma til þeirra olíunni, auk þess sem þeir fái heimatanka endurgjaldslaust. Rætt var um möguleika á því að hækka verð á gasolíu til þessara viðskiptavina og sagt að þessu „sé hægt að breyta en þá þarf stefnumarkandi ákvörðun að koma til og öll olíufélögin þurfa að vera með í þessu.“ Aðspurður um þessa bókun hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF sagt að það lægi í hlutarins eðli að eitt olíufélag gæti ekki lagt niður „afslætti og ofurþjónustu gagnvart bændum og smærri verktökum nema hin félögin gerðu það einnig. Félagin þrjú hefðu rætt þessi mál en aðalatriðið væri þó það að ekkert slíkt hefði gerst.“ Samkeppnisráð telur hins vegar að gögn málsins sýni að olíufélögin hafi náð að framkvæma þetta samkomulag sitt 1. mars 2000.

Hér verður fyrst að líta til þess að þann 3. janúar 2000 sendi starfsmaður Skeljungs tölvupóst til aðstoðarforstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og stórviðskipta hjá félaginu. Efni hans var afsláttur og var sagt frá því að stórviðskiptavinur í Bolungarvík væri með olíutank frá Skeljungu en óski eftir því að fá sama afslátt á bensínstöðinni á staðnum. Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu kemur fram að Skeljungur hafi viljað losna við heimadælutankana og það þurfi að „leiðrétta“ leiðsluverðið. Aðstoðarforstjórinn sendi 10. janúar 2000 þessa tölvupósta til forstöðumanns innkaupadeildar og spurði hann hvort búið sé að „þróa einhverjar hugmyndir um breytingar á framsetningu verðlista.“ Forstöðumaðurinn

framsendi síðan þessa tölvupósta til forstöðumanns innlendar sölu á markaðssviði stórnotenda hjá félaginu með þeim orðum að þeir þurfi að fara að ræða þessi mál.<sup>1246</sup>

Þann 28. febrúar 2000 er bókað í dagbók framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF að hann eigi fund með framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.<sup>1247</sup> Daginn eftir sendi framkvæmdastjórinn hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og smásölu hjá félaginu:

*„Þar sem verið er að minnka verðmun á diesel og gasolíu um 50 aura, þá þarf að breyta afsláttarkjörum þeirra sem hafa verið í af tank á stöð kerfinu, þannig að afslátturinn minnkar úr 5 kr. í 4,5 kr.“<sup>1248</sup>*

Sama dag er haldinn fundur í framkvæmdastjórn OHF og eftirfarandi er m.a. bókað í fundargerð:

**„Verðþróun á olíuvörum.“**

*Rætt var um verðþróun á eldsneyti og þörf fyrir hækkanir 1.3. Ákveðið var að skoða möguleika á að draga úr hækkun á svartolíu og minnka mun á verði til bænda og verktaka annars vegar og dæluverði hins vegar.<sup>1249</sup>*

Daginn eftir eða 1. mars hækkuðu öll olíufélögin verð á eldsneyti. Um árabíl hafði verðmunur á milli almenns gasolíuverðs (leiðslu/tankaverð) og gasolíu frá sölu dælu (dísil) verið 5 kr. sem þýddi það að þeir sem keyptu gasolíu á leiðsluverði fengu í raun 5 kr. afslátt miðað við verð á bensínstöðvum. Í þessari verðbreytingu minnkuðu hins vegar öll olíufélögin þennan mun um 50 aura. Sá munur hélst allt til 1. ágúst 2001 en þá minnkuðu öll félögin hann um aðra 50 aura til viðbótar. Hafði þá afslátturinn verið minnkaður um 1 kr. í samræmi við stefnumörkun olíufélaganna, sbr. fund forstjóra olíufélaganna þriggja 18. júní 1997 sem fjallað er um í kafla VI 2.3.

Forstöðumaður innkaupadeildar eldsneytis hjá Skeljungu sendi 29. febrúar 2000 tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og greindi frá því að verðbreytingar yrðu daginn eftir. Framkvæmdastjórinn svaraði með þessum orðum. „*Gamli okrarinn!*“. Forstöðumaðurinn svaraði um hæl og sagði „*Nágranna okkar vantar greinilega aura þeir eru alveg ódir í hækkunum! Við bara neyðumst til að synda með straumnum...*“.<sup>1250</sup>

<sup>1246</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Sigurðar Kr. Sigurðssonar, Friðriks Stefánssonar, Margrétar Guðmundsdóttur, Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 3.1.2000 kl. 16:25, 4.1.2000 kl. 15:40, 10.1.2000 kl. 9:17, 9:23 og 9:42.

<sup>1247</sup> Dagbók Bjarna Bjarnasonar, dags. 28.2.2000 (Hs. nr. 1306).

<sup>1248</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 29.2.2000 kl. 19:24.

<sup>1249</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 29.2.2000 (Hs. nr. 1360).

<sup>1250</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Reynis A. Guðlaugssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 29.2.2000 kl. 18:53 og 1.3.2000 kl. 9:15 og 9:25.

Þann 6. apríl 2000 hittust forstjórar Olís og OHF á fundi ásamt framkvæmdastjórum markaðssviða stórnotenda hjá félögunum. Samkvæmt minnispunktum framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF var rætt um ýmis mál m.a. „Tankaverð-afgreiðslugjöld“.<sup>1251</sup> Aðspurður um þetta hefur framkvæmdastjórinn staðfest að hafa setið á fundum um þessi mál hjá Olís og sagt að „áhugi hafi verið hjá öllum olúfélögunum að gera verð á tankaþjónustu gagnsæjara“.<sup>1252</sup>

Hér má einnig líta til þess að 10. maí 2000 sendi starfsmaður OHF tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu. Fram kemur í honum að Olís hafi sett upp heimatank hjá tilteknum manni á Patreksfirði. Framkvæmdastjórinn hjá OHF framsendi sama dag þennan tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu. Framkvæmdastjórinn hjá OHF beindi einnig þessum orðum til framkvæmdastjórans hjá Olís:

*„Ef þetta er rétt sem hér kemur fram þá skil ég ekki þá umræðu sem okkur hefur farið á milli, hér er verið að setja heimatank hjá manni sem rekur 1-2 fólksbíla!!! Þessi maður hefur staðið fyrir undirskriftasöfnun vegna uppsetningu á sjálfsala á staðnum og sjálfsafgreiðslu – þá kemur Olís og setur heimatank þar sem hann afgreiðir sig sjálfur.*

*Ég hef litið á okkar umræðu sem hreinskilna og heiðarlega um hvernig við getum náð árangri að reka stöðvar á minni stöðvum, þessi framkoma finnst mér persónulega setja þá umræðu á byrjunarreit. Reyndar er með ólíkindum að sjá alla tanka ykkar fyrir einstaklinga á Patreksfirði (annað mál).*

*Væntanlega til að kóróna þessa vitleysu þá fær hann eldsneytið á –4kr? “<sup>1253</sup>*

Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði þessu sama dag. Í tölvupósti hans segir þetta:

*„Fékk viðbrögð frá Jóni Halldórssyni<sup>1254</sup> strax, en hann sér um tankamálin Þetta er ekki gert með okkar heimild Umboðsmaður okkar á staðnum er þarna að færa tanka milli viðskiptavina án heimildar að sunnan við förum í málið*

<sup>1251</sup> Handskrifað minnisblað Ragnars Bogasonar hjá OHF með yfirskriftinni „Einar Benediktsson, Jón Halldórsson, Geir Magnússon, Ragnar Bogason“, dags. 6.4.2000 (Hs. nr. 2254).

<sup>1252</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1253</sup> Tölvupóstur frá Heimi Sigurðssyni til Thomasar Möller og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 10.5.2000 kl. 11:02 (Hs. nr. 3112).

<sup>1254</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.

*Þetta er andstætt okkar stefnu“*

Framkvæmdastjórinn hjá OHF svaraði 24. maí 2000 og ítrekaði mótmæli sín og kvaðst „*hafa mikinn vara á þegar við setjumst næst niður og ræðum hagræðingu úti á landi – heimatankur fyrir 1 fólksbil!!!!*“<sup>1255</sup> Umræddur framkvæmdastjóri hjá OHF kveðst muna eftir þessum tölvupósti. Hann hafi reiðst vegna þessara aðgerða Olís en það hafi verið mistök að senda tölvupóstinn.<sup>1256</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið staðfesta að gögn málsins bendi til að verðbreytingin 1. mars 2000 „*kunni að vera afleiðing af viðræðum félaganna um verðlagsmál. Hins vegar er það einnig staðreynd að markaðslega séð var slík verðbreyting óumflýjanleg fyrr eða síðar, hvort sem menn hefðu rætt þessi mál saman eður ei.*“

Samkvæmt framangreindu hittust yfirmenn verðlagsmála hjá OHF og Olís þann 28. febrúar 2000. Þann 1. mars 2000 minnkuðu öll olíufélögin mun á almennu gasolíuverði á þjónustustöðvum (dísil) og verði á gasolíu frá bíl á heimatank (leiðsluverð). Fyrir liggur að olíufélögin höfðu á sínum tíma náð samkomulagi um aðgerðir af þessum toga og á árinu 1999 rætt um framkvæmd þeirra. Í janúar 2000 kom fram vilji hjá Skeljungu til að „leiðrétta“ leiðsluverðið og daginn eftir nefndan fund forsvarsmanna verðlagsmála hjá Olís og OHF er greint frá því að til standi að minnka ofangreindan verðmun. Í apríl og maí 2000 ræddu síðan þessi félög aftur um þetta málefni. Þegar þetta allt er athugað saman telur samkeppnisráð að með verðbreytingunni 1. mars 2000 hafi olíufélögin verið að hrinda í framkvæmd umræddu samkomulagi. Vangaveltur OHF um hvað kynni að hafa gerst ef þetta samráð hefði ekki átt sér stað breyta hér engu.

#### 5.4. Athugasemdir við afslátt OHF til Bílabúðar Benna

Í febrúar 2000 töldu Olís og Skeljungur að OHF hefði brotið samkomulag félaganna um afslátt. Hér verður að rifja upp að olíufélögin ákváðu í október/nóvember 1998 að einstaklingum, félagasamtökum eða öðrum slíkum hagsmunahópum yrði ekki veittur afsláttur umfram sn. kortaafslátt, sbr. kafla VI 3.7. Hér er átt við afslátt sem handhafar t.d. Fríkorts Skeljungs eða Safnkorts OHF nutu. Á árinu 1999 gerði OHF samning við Bílabúð Benna um útgáfu bensín- og viðskiptasafnkorts viðskiptavina Bílabúðarinnar. Viðskiptavinirnir gátu við framvísun safnkortsins fengið afslátt hjá OHF af eldsneyti í formi punkta. Bílabúð Benna sendi hins vegar út bréf, dags. 7. febrúar 2000, til allra viðskiptavina sinna þar sem ekki var minnst á að afsláttur yrði í formi punkta heldur var gefið til kynna að handhafar kortsins myndu fá 4 kr. afslátt af hverjum lítra

<sup>1255</sup> Tölvupóstur milli Thomasar Möller og Heimis Sigurðssonar, dags. 10.5.2000 kl. 21:48 og 24.5.2000 kl. 9:30 (Hs. nr. 3112).

<sup>1256</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 9.4.2002.

eldsneytis þegar þeir keyptu hann. Gerðu viðskiptavinir OHF athugasemdir þegar þeir áttuðu sig á því að afslátturinn var í formi punkta inn á safnkort.<sup>1257</sup> Ljóst er að þetta bréf Bílabúðar Benna kallaði á viðbrögð.

Þann 22. febrúar 2000 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra OHF og vildi ræða við hann um þrjú mál. Vildi forstjórinn ræða útboð Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, sameiginlega hagsmunagæslu gagnvart Statoil og þriðja málið var eftirfarandi:

*„3. Síðan vildi ég rétt fara yfir með þér fréttir af tilboði ykkar um afslætti á eldsneyti í gegnum Bílabúð Benna og hvort einhver breyting hafi orðið á afstöðu þinni til slíkra mála almennt.“<sup>1258</sup>*

Gögn málsins sýna einnig að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís ræddi þennan afslátt við framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF í hádeginu 23. febrúar 2000. Þetta sést af tölvupósti sem framkvæmdastjórinn hjá Olís sendi forstjóra sínum þennan dag. Efni póstsins er sagt vera „*Esso-HS*“.<sup>1259</sup> Í tölvupóstinum segir m.a.: „*afsláttur 4kr er greiddur af Benna 3kr og Esso frikort 1 kr í formi punkta, ekki afsláttur við kassa eins og kemur fram í bréfinu. Eftirsjá greinileg, var samþ fyrir ári síðan.*“<sup>1260</sup> Forstjóri Olís hitti síðan forstjóra OHF síðar um daginn. Þetta má ráða m.a. af tölvupósti forstjóra Olís sama dag til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu þar sem fram kemur að hann hafi m.a. rætt mál Bílabúðar Benna við forstjóra OHF „*áðan*“ og það sé „*greinileg óánægja*“ hjá OHF með það mál.<sup>1261</sup> Forstjóri OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun að hann hafi átt fund með forstjóra Olís í febrúar 2000 og á þeim fundi hafi forstjóri Olís kvartað yfir afslætti OHF til Bílabúðar Benna.<sup>1262</sup> Upplýsti forstjóri OHF einnig að forstjóri Olís hefði afhent honum á fundinum eintak af framangreindu bréfi Bílabúðar Benna.<sup>1263</sup> Aðspurður hefur forstjóri Olís sagt að hann muni ekki eftir þessu máli, „*en væntanlega hafi hann verið að pirrast út í afsláttarstefnu OHF. Meira gæti hann ekki sagt um þetta.*“<sup>1264</sup> Skeljungur gerði einnig athugasemd við OHF vegna viðskipta félagsins við Bílabúð Benna. Þann 2. febrúar 2000 sendi sölustjóri stórnotenda hjá OHF tölvupóst til

<sup>1257</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Kristjáns Kristinssonar, Jóhanns P. Jónssonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 16.2.2000 kl. 16:03 og 16:27.

<sup>1258</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 22.2.2000 kl. 19:33.

<sup>1259</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1260</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, dags. 23.2.2000 kl. 12:02.

<sup>1261</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Thomasar Möller, dags. 23.2.2000 kl. 17:15.

<sup>1262</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>1263</sup> Gagn afhent af OHF. Bréf Bílabúðar Benna til viðskiptavina, dags. 7.2.2000.

<sup>1264</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungu. Efni tölvupóstsins var „BB“ eða Bílabúð Benna og hljóðar hann svo:

*„Þar sem þú ert ekki enn kominn yfir það mál þá gerði ég það fyrir þig að kanna framlegð af víðskiptum við BB. Ég get glatt þig með því að hún er vel viðunandi.“*

*Með framlegðarkveðjum.“*

Framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu svaraði sama dag:

*„Mér líður strax betur ... fyrir ykkar hönd, en öfunda ykkur ekki af því að standa í ströglinu. Etv. erum við með aðra skilgreiningu á „viðunandi“.*

*Með viðunandi framlegðarkveðjum.“<sup>1265</sup>*

Sölustjórinn hjá OHF hefur greint Samkeppnisstofnun frá því að hann minnst þess að hafa fengið skammir frá umræddum framkvæmdastjóra Skeljungs fyrir að OHF „hafi brotið samninga með því að hefja víðskipti við Bílabúð Benna. Kvaðst [sölustjórinn] ekki neita því að einhver sameiginlegur skilningur hafi ríkt milli oliufélaganna um að menn létu í friði samningsbundna víðskiptavini hvers annars.“<sup>1266</sup>

Samkeppnisráð telur ljóst að ástæða þess að forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá fyrirtækinu hafi snúið sér til OHF hafi verið sú að þeir hafi talið á grundvelli villandi upplýsinga í bréfi Bílabúðar Benna að OHF væri að veita víðskiptavinum þess fyrirtækis 4 kr. afslátt af eldsneyti á bensinstöðvum OHF. Slíkt hefði verið í ósamræmi við samkomulagið frá 1998. Sökum þessa hafi forstjóri Olís spurt forstjóra OHF „hvort einhver breyting hafi orðið á afstöðu þinni til slíkra mála almenn“; sbr. tölvupóstinn frá 22. febrúar 2000. Jafnframt virðist ljóst að OHF hafi í viðtölum við Olís lýst „eftirsjá“ vegna afsláttar til Bílabúðar Benna. Einnig er augljóst að Skeljungur hefur kvartað yfir því gagnvart OHF að síðarnefnda fyrirtækið hafi gert Bílabúð Benna tilboð og starfsmenn félaganna skiptast á „framlegðarkveðjum“. Eru þessi samskipti félaganna liður í hinu samfellda samráði þeirra.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að gögn málsins bendi til þess að Skeljungur og Olís „hafi verið óánægð með þann afslátt sem umbj. okkar veitti Bílabúð Benna. Samkeppnisstofnun virðist telja að þetta hafi verið vegna þess að hin félögin hafi talið umbj. okkar brjóta gegn samkomulagi frá 1998 um að takmarka

<sup>1265</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Kristjáns Kristinssonar OHF og Friðriks Stefánssonar Skeljungu, dags. 2.2.2000 kl. 1:00 og 13:07.

<sup>1266</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 15.4.2002.

*afslætti til einstaklinga og félagasamtaka. Umbj. okkar getur ekki skýrt ástæður viðbragða keppinauta sinna en telur það misskilning hafi þau haldið að áður greint samkomulag hafi verið í gildi. Hafi einhvern tímann náðst samningur um að takmarka afslætti var hann afar laus í reipunum og lognaðist fljótlega út. Í öllu falli getur slíkt samkomulag augljóslega ekki talist hafa verið í gildi eftir að þau atvik áttu sér stað í febrúar 2000 sem hér eru til umfjöllunar.“*

Samkeppnisráð telur að ályktanir samkeppnisyfirvalda að þessu leyti byggi ekki á misskilningi og hefur OHF ekki rökstutt í hverju sá misskilningur ætti að vera fölginn. Það er mat ráðsins að framangreind gögn gefi það ótvírætt til kynna að litið hafi verið svo á að OHF hefði brotið umrætt samkomulag.

#### 5.5. Samkomulag um að keppa ekki vegna tímabundinna tilboða

Í framangreindum samskiptum Olís og OHF vegna Bílabúðar Benna gerði OHF athugasemdir við tiltekinn afslátt Olís. Þann 22. febrúar 2000 sendi Olís tölvupóst til allra meðlima í sn. ÓB-klúbbi fyrirtækisins og bauð upp á 7 kr. afslátt af bensíni á ÓB stöð í Kópavogi. Gildistími afsláttarins var frá kl. 15:00 23. febrúar til miðnættis sama dag.<sup>1267</sup> Ljóst er að OHF gerði athugasemdir við þetta tilboð Olís. Þetta sést í fyrsta lagi af tölvupósti sem framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís sendi forstjóra sínum 23. febrúar 2000. Efni póstsins er sagt vera „*Esso-HS*“.<sup>1268</sup> Í tölvupóstinum segir m.a.: „*NB ÓB klúbburinn fékk email frá okkur í gær um 7 kr. afslátt kl 15 til 24 í dag eingöngu, opnunarkynningartilboð, strax búið að gera aths við það, tengist þó opnun stöðvarinnar eins og allir gera.*“<sup>1269</sup> Forstjóri Olís hitti síðan forstjóra OHF síðar um daginn, sbr. umfjöllun hér að framan. Forstjóri Olís gerði framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu grein fyrir samtalinu með þessum hætti:

*„Ræddi þetta mál ofl við GM áðan, ... Kom einmitt inn á þetta ÓB tilboð sem ég vissi ekki um. Ég svaraði því þannig að þið þrjú hefðuð rætt um að vera ekki að gera ykkur rellu eða svar[a] tilfallandi stuttum tilboðum.“*<sup>1270</sup>

Samkeppnisstofnun hefur sagt forstjóra Olís að stofnunin skilji þennan tölvupóst þannig að forstjóri OHF hafi kvartað yfir þessum afslætti Olís og forstjóri Olís hafi vísað til sameiginlegs skilnings framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu hjá olíufélögunum þremur („*þið þrjú*“) að félögin ættu ekki að svara tímabundnum tilboðum á eldsneyti hjá hverju öðru. Í svari Olís segir þetta:

<sup>1267</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Hermanni Guðmundssyni til meðlima ÓB-klúbbsins, dags. 22.2.2000 kl. 21:31.

<sup>1268</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1269</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, dags. 23.2.2000 kl. 12:02.

<sup>1270</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Thomasar Möller, dags. 23.2.2000 kl. 17:15.

*„EB sagði að hann hefði engu við þennan tölvupóst sinn að bæta. JH sagði að innanhúss hjá Olís hafi menn rætt um að félagið verði að þola tilfallandi tilboð af þessum toga. EB tók undir þetta og sagði að þar væri um að ræða nokkuð sem sameiginlegur skilningur virtist hafa skapast um milli félaganna en ekki eitthvað sem félögin hafi formlega samið um. Takmarkaðar upplýsingar væru þó um að einhver slíkur sameiginlegur skilningur hafi í raun haldið.<sup>1271</sup>*

Forstjóri OHF sagðist aðspurður muna eftir þessu máli. Í framhaldi af þessu tilboði Olís hafi Orkan boðið 10 kr. afslátt. Forstjóri OHF kvaðst kannast við að „*sú regla hafi komist á að olíufélögin veittu ca. 4 kr. afslátt á litra sem framkvæmda- og opnunartilboð, sem giltu í viku til 10 daga.*“ Sagði forstjórinn að þessi regla hafi einfaldlega komist á, en enginn formlegur samningur verið gerður um hana.<sup>1272</sup> Önnur gögn málsins staðfesta að þetta samkomulag milli olíufélaganna var fyrir hendi.

Þann 28. júlí 2000 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og annars starfsmanns OHF. Efni tölvupóstsins er 4 kr. afsláttur Olís og segir í honum að afslátturinn sem hafi átt að standa í fjóra daga standi enn. Segir framkvæmdastjórinn að OHF verði að fara að svara þessu ef Olís ætli að hafa þennan afslátt áfram. Starfsmaður OHF svaraði þessum pósti samdægurs og greindi frá viðræðum sínum við forstöðumann rekstrar bensínstöðva hjá Olís. Sá hafi sagt honum að þetta væri einungis fjögurra daga tilboð Olís. Skiltin hefðu hins vegar verið of lengi uppi. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF svaraði daginn eftir og sagði að hann myndi hringja í framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís.<sup>1273</sup> Þessi gögn fela í sér staðfestingu á samkomulaginu. Í stað þess að bregðast við tilboði Olís með verðlækkun höfðu starfsmenn OHF samband við keppinautinn í því skyni að fá hann til að standa við samkomulagið.

Þann 9. nóvember 2000 greindi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís m.a. frá því í tölvupósti til forstjóra Olís o.fl. að OHF væri að bjóða tiltekna afslætti á bensínstöðvum. Í svari forstjóra Olís segir m.a. þetta:

*„Varðandi tilfallandi afslætti á bensínstöðvum verður þú og þitt fólk að meta það í hverju tilfelli hvort sýna á einhver viðbrögð, því það getur algerlega farið eftir aðstæðum. Hef jú skilið það svo að gagnkvæmur*

<sup>1271</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1272</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>1273</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Bjarna Bjarnasonar, Heimis Sigurðssonar og Ara Þórðarsonar, dags. 28.7.2000 kl. 8:46 og 15:32 og 29.7.2000 kl. 12:53.



*skilningur væri á að vera ekki að eltast við tilfallandi tímabundin tilboð, en hins vegar er tæplega hægt að láta langvarandi afslætti ósvarað ef augljóst er að þeir taki frá okkur.* <sup>1274</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt að gögn málsins bendi til þess að sá sameiginlegi skilningur hafi ríkt meðal olíufélaganna að keppa ekki vegna mjög lágra tilfallandi tilboða eins og opnunartilboða o.þ.h. OHF staðfesti að sú óskráða regla hafi gilt „að olíufélag gat lækkað verð mjög mikið tímabundið ef sérstakt tilefni var til án þess að verðstríð brytist út. Þar sem um mjög samþjappaðan og gagnsæjan fákeppnismarkað var að ræða hefði í raun verið óhugsandi að gera tilboð, sem jafnvel færu undir kostnaðarverð, ef enginn slíkur skilningur hefði ríkt. Hefðu olíufélögin mátt búast við því að keppinautarnir svöruðu slíkum tilboðum strax af krafti, þá hefðu slík tilboð fyrirfram verið ávísun á tap til lengri tíma litið fyrir öll olíufélögin, og því eðlilega orðið fátt um slík tilboð. Má því segja að umrætt svigrúm til tímabundinna tilboða hafi gert neytendum kleift að njóta afburðagóðra kjara öðru hverju, sem annars hefði verið ómögulegt í ljósi markaðsaðstæðna.“

Að mati samkeppnisráðs var skýrt markmið með umræddu samkomulagi að raska samkeppni og fól það í sér ótvírætt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Var þessi samvinna félaganna liður í aðgerðum þeirra til að minnka afslætti og auka framlegð félaganna.

#### 5.6. Framkvæmd á 1-2-3 kr. afsláttarkerfinu

Eins og fram kemur í kafla VI 3.7 samþykktu olíufélögin í október/nóvember 1998 nýtt afsláttarkerfi fyrir bílaflota fyrirtækja. Þetta var liður í viðleitni olíufélaganna til þess að minnka afslætti og auka framlegð félaganna. Í kerfinu fólst að fyrirtækjum með 5–10 bíla yrði veitt 1 kr. í afslátt af hverjum lítra eldsneytis, 10–50 bíla 2 kr. í afslátt og 50 bíla og fleiri 3 kr. í afslátt. Var kerfið nefnt 1-2-3 kerfið. Í kafla VI 4.1 hér að framan var greint frá því að á fundi framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu hjá Olís, OHF og Skeljungu 21. janúar 1999 hefði komið fram að 1-2-3 kerfið hafi haldið. Gögn málsins sýna að kerfið var líka í framkvæmd á árinu 2000.

Þann 1. mars 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og forstjóra félagsins. Í tölvupóstinum greinir hann frá því að fyrirtækið Aðföng hafi haft samband og óski eftir tilboði í eldsneyti fyrir bíla fyrirtækisins. Fyrirtækið sé með 40 smábíla og 7 flutningabíla. Aðföng hafi upplýst að vilji sé hjá hinum olíufélögunum að gera tilboð. Spurði framkvæmdastjórinn hvernig viðtakendur tölvupóstsins mætu stöðuna í þessu máli. Forstjóri Olís svaraði sama dag með þessum hætti:

---

<sup>1274</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller, Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar, Samúels Guðmundssonar og Einars Marínóssonar, dags. 9.11.2000 kl. 13:10 og 15:30.

*„Hliðstæð mál hafa verið til umfjöllunar hjá TM,<sup>1275</sup> MG<sup>1276</sup> og HS.<sup>1277</sup> Spurning hvernig TM metur málið?. Hefur náðst samstaða um að skapa ekki fordæmi eða er þetta bara opinn slagur.“<sup>1278</sup>*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu svaraði þessari spurningu forstjóra Olís með tölvupósti sem sendur var 14. mars 2000. Í honum segir m.a. þetta:

*„Svar okkar er einfalt... við bjóðum 2kr ef 10–50 bílar og 3kr ef 50 og yfir, ... Erum tilb. að teygja okkur allt að 50 aura ofar þar sem Shell og Esso eru með frípunkta og safnpunkta sem ýmist virka eða ekki hjá fyrirtækjum ... ef þetta er á þessum nótum þá hristist markaðurinn ekkert og hinir gera ráð fyrir svona tilboðum“.<sup>1279</sup>*

Þann 10. mars 2000 sendi starfsmaður hjá Skeljungu tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu og greindi frá því að það væri fyrirtæki með 10–15 bíla sem óskaði eftir afslætti. Framkvæmdastjórinn svaraði og sagði starfsmanninum að bjóða 2 kr. í afslátt.<sup>1280</sup> Er það í samræmi við 1-2-3 kerfið.

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís sendi tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins 9. nóvember 2000. Fram kemur í honum að OHF sé að bjóða litlum bílaleigum 4,40 kr. afslátt en Olís sé „*hvergi fyrir ofan 3 kr.*“ en væntanlega þurfi fyrirtækið að láta undan þrýstingi. Segir framkvæmdastjórinn að þetta séu „*ný sjónarmið*“ og það sé spurning hvernig Olís eigi að svara þessu. Í svari forstjóra Olís kemur fram að hann og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafi heldur valið varðandi kjör til stórnotenda að mæta yfirboðum keppinauta sinna þar sem ódýrara sé að halda í kúnna með meiri afslætti heldur en að ná í nýjan.<sup>1281</sup>

Eins og fram kom í kafla VI 3.7 staðfesti sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF að umrætt afsláttarkerfi hefði verið samþykkt á fundi olíufélaganna í október 1998. Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF segjast ekki kannast við 1-2-3 kerfið en forstjórinn hefur hins vegar sagt að olíufélagin hafi rætt sín á milli um afsláttarmál.<sup>1282</sup> Forstjóri Olís hefur sagt að hann ætli ekki að mótmæla því sem fram

<sup>1275</sup> Thomas Möller framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>1276</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu.

<sup>1277</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1278</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Jóns Halldórssonar, Einars Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 1.3.2000 kl. 16:32 og 18:34.

<sup>1279</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Jóns Halldórssonar og Einars Benediktssonar, dags. 14.3.2000 kl. 11:48.

<sup>1280</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Sigurði Kr. Sigurðssyni til Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 10.3.2000 kl. 12:56 og 15:47.

<sup>1281</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Einars Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 9.11.2000 kl. 13:10 og 15:30.

<sup>1282</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna funda með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

komi í skriflegum gögnum frá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu en hefur jafnframt sagt að hann ætti það til að vera hvatvís. Forstjórinn sagðist ekki kannast við að 1-2-3 kerfið hefði gengið eftir og Olís myndi leggja fram skrifleg gögn því til staðfestingar. Slík gögn hafa ekki enn borist frá Olís. Aðspurður um tölvupóstana frá 1. og 14. mars 2000 sagði framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís „að vel mætti vera að einhver 1-2-3 regla hafi verið framkvæmd í fyrstu.“ Teldi hann þó að flestir viðskiptamenn með stærri bílaflota „hefðu farið á 3-þáttinn, þ.e. á hæsta afslátt.“ Sagði framkvæmdastjórinn að Olís hafi nýlega samið við Baug, Aðföng og Húsasmiðjuna og þá hafi ekkert svona kerfi verið notað.<sup>1283</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því mótmælt að olíufélagin hafi haustið 1998 ákveðið að vinna eftir svokölluðu 1-2-3 afsláttarkerfi vegna bílaflota fyrirtækja. „Aldrei var minnst einu orði á þetta fyrirkomulag sem virðist hafa verið þróað hjá keppinauti umbj. okkar. Umbj. okkar hefur staðfest að afsláttarmál hafi stöku sinni borið á góma á milli félagana og að sú hefð hefði ríkt að láta ekki ginna sig til taumlausra undirboða. Hins vegar fór því fjarri að þetta meinta „samkomulag“ hafi komið til framkvæmda. Umbj. okkar var með safnkortskerfi og þurfti því nánast ekkert að takast á við beiðnir fyrirtækja um að undirbjóða keppinautanna. Þannig nefnir Samkeppnisstofnun í seinni frumskýrslu sinni einungis tvö dæmi þess að unnið hafi verið eftir meintu „kerfi“ árið 2000 og einnig benda gögn til þess að þessu hafi ekki verið fylgt eftir í einstökum tilvikum. Þannig kemur fram í tölvupósti Olís frá 11. nóvember 2000 að umbj. okkar sé að bjóða mun hærri afslætti en umrætt kerfi gefi til kynna.“

OHF mótmælir einnig „þeirri staðhæfingu sem kemur fram á bls. 176 í seinni frumskýrslu Samkeppnisstofnunar að gögn málsins sýni einnig „með almennum hætti samstarf olíufélaganna í afsláttarmálum.“ Vísar Samkeppnisstofnun um þetta til orða Olís um að „hliðstæð mál hafi verið til umfjöllunar.“ Sá misskilningur virðist hrjá Samkeppnisstofnun að með framangreindum ummælum hafi Olís verið að ræða um afsláttarmál almennt, þó það virðist blasa við að með hliðstæðum málum sé átt við bílaflotamál hliðstæðum því erindi Aðfanga sem til umræðu var.“

Samkeppnisráð rifjar hér upp að samkvæmt fundargerð sölustjóra hjá OHF ákváðu olíufélagin þrjú á fundi sínum 29. október 1998 „afsláttarmynstur varðandi bílaflota.“ Höfundur fundargerðarinnar hefur staðfest þetta við Samkeppnisstofnun og í athugasemdum OHF um fundinn 29. október 1998 segir félagið að á honum hafi verið „ákveðið afsláttarmynstur fyrir misstóra bílaflota.“ Í janúar 1999 sat fulltrúi OHF fund með keppinautum sínum þar sem fram kom að þetta kerfi væri í framkvæmd. Framangreind mótmæli OHF eru því í ósamræmi við eigin yfirlýsingar félagsins, yfirlýsingu starfsmanns þess og skýr gögn málsins og því ekki trúverðug.

<sup>1283</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Samkeppnisráð telur augljóst að framangreind gögn sýni að 1-2-3 kerfið hafi verið í framkvæmd á árinu 2000. Hins vegar hafi olíufélögin í einhverjum tilvikum hvikað frá samkomulaginu og veitt meiri afslátt. Slíkt hefur engin áhrif á ólögmati samstarfsins.<sup>1284</sup> Þau orð forstjóra Olís að „*hliðstæð mál hafi verið til umfjöllunar*“ hjá framkvæmdastjórum markaðssviða smásölu hjá olíufélögunum vísa annaðhvort til almenns samstarfs félaganna í afsláttarmálum eða til frekara samstarfs varðandi afslátt til bílaflota fyrirtækja. Hvernig sem þetta orðalag er skilið þá lýsa umrædd gögn viðtæku og skipulögðu samstarfi olíufélaganna í afsláttarmálum eldsneytis. Er þetta því hluti af hinu samfellda samráði þeirra.

#### 5.7. Kvartanir Olís yfir tilboðum OHF og Skeljungs

Forstjóri Olís sendi tölvupóst til bæði forstjóra OHF og Skeljungs 20. mars 2000. Í báðum tölvupóstunum er forstjórinn að kvarta yfir samkeppni frá þessum keppinautum sínum. Gerð var grein fyrir tölvupóstinum til forstjóra Skeljungs í kafla VI 4.4 hér að framan. Þar kemur fram að forstjórar Skeljungs og Olís hafi í september 1999 gert athugasemdir hvor við annan vegna heimsókna og tilboða til stórra viðskiptavina félaganna, t.d. í Grindavík og á Vestfjörðum. Í tölvupóstinum frá 20. mars 2000 til forstjóra Skeljungs segir forstjóri Olís að „*haukar*“ Skeljungs séu á „*sveimi á svipuðum slóðum og þú kvartaðir undan mínum ferðum sl. haust.*“ Segir forstjóri Olís að líklega beri þetta ekki annan árangur en að „*lækka eitthvað framlegðina fyrir okkur og kveikja á keðjuverkunum sem skaðar báða þegar upp er staðið.*“<sup>1285</sup> Í tölvupóstinum til forstjóra OHF segir m.a. þetta:

*„Vísu í samtali okkar fyrir skömmu og áhyggjur mínar varðandi framgöngu KK<sup>1286</sup> og að hann væri ekki að ganga fram í þeim anda sem þú vildir mv okkar samtöl. Með hliðsjón af þínum viðbrögðum vildi ég koma því á framfæri að nú er hann búinn að hræra mikið í málum í Þorlákshöfn og með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það er ekki bara svo að hann komi í heimsókn og ræði málin heldur skilur hann eftir sig eða sendir í kjölfar heimsókna skrifleg tilboð, meira að segja til aðila sem ljóst má vera að hann nær engum árangri með en að lækka framlegð þeirra sem fyrir eru með viðskiptin. Slik framganga hefur aðeins þau áhrif að þeir sem fyrir eru ærast til sömu vinnubragða.*

*Þætti vænt um að heyra frá þér þegar þú hefur skoðað þetta mál og það sem við ræddum um daginn.*“<sup>1287</sup>

<sup>1284</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. m.a. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CMLR 10.

<sup>1285</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Kristins Björnssonar, dags. 20.3.2000 kl. 18:10.

<sup>1286</sup> Kristján Kristinsson sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF.

<sup>1287</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 20.3.2000 kl. 15:15.

Í þessu samhengi ber að hafa í huga atvik sem reifuð eru í kafla IV 12.2 og fjalla um útboð Íslenska járnblendifélagsins í febrúar 2000. Þar kemur fram að forstjóri Olís var óánægður með framgöngu sölustjórans hjá OHF í því útboði og áformaði að snúa sér til forstjóra OHF vegna þessa. Þetta kom fram í tölvupósti sem hann sendi 26. febrúar 2000.

Ljóst er að forstjóri OHF hefur rætt við sölustjórann á stórnotendasviði vegna þessara afskipta forstjóra Olís. Þetta má ráða m.a. af tölvupósti sem sölustjórinn hjá OHF sendi forstjóra sínum og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda þann 5. apríl 2000. Efni tölvupóstsins er Olís og í honum segir þetta:

*„Mér skilst að ég sé óvinur Nr. 1 hjá Olís en ég skal gera í stuttu máli grein fyrir hvernig þetta snýr að mér. Ég tel það hlutverk mitt að auka viðskipti Oliufélagsins og það þýðir óneitanlega að einhver finnur fyrir því. Við erum t.d. að sækja inn á markað í iðnaðarvörum fyrir fiskvinnslu þar sem Olís hefur verið mjög sterkt. Ég er viss um að þeir finna fyrir því. Þeir hafa hins vegar ekki vilað fyrir sér að sækja inn á fyrirtæki, jafnvel að stórum hluta í okkar eigu, eins og Vinnslustöðina.*

*Við höfum misst fyrirtæki yfir til þeirra, eins og bræðslurnar í Grindavík og Sandgerði án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Ég hef boðið í viðskipti við fyrirtæki í viðskiptum við þá eins og Járnblendiverksmiðjuna enda ekki talið þau stikkfrí. Ég lít á Olís sem samkeppnisaðila á nákvæmlega sama hátt og Skeljung.*

***Ég óska því eftir því að fá um það skýrar línur hvort það sé stefnan að við eigum að láta fyrirtæki í viðskiptum við Olís í friði.***<sup>1288</sup>

Í þessu samhengi verður einnig að horfa til tölvupósta frá OHF sem sendir voru í nóvember og desember 2000. Sölustjórinn á stórnotendasviði hjá OHF sendi þann 7. nóvember 2000 tölvupóst til m.a. forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og sagði frá því að útgerðarmaður skipsins Þórunnar Sveinsdóttur VE hefði sagt upp samningi við Olís og myndi óska eftir tilboðum í eldsneyti. Tiltekinn maður hafi verið að „nudda“ í útgerðarmanninum að gera þetta og nú sé komið að því. Síðan segir: „Ef við hins vegar höfum ekki áhuga á að styggja Olís þá hefur slíkt nudd ekkert upp á sig og menn missa að lokum áhuga á að reyna ná í ný viðskipti.“<sup>1289</sup>

Þann 5. desember 2000 sendi umræddur sölustjóri tölvupóst til m.a. forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og greindi frá því að hann hefði boðið 1

<sup>1288</sup> Gagn afhent af OHF. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristinssyni til Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 5.4.2000 kl. 9:38.

<sup>1289</sup> Gagn afhent af OHF. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 7.11.2000 kl. 15:29.

kr. afslátt vegna eldsneytis fyrir skipið Þórunni Sveinsdóttur. Fram kemur að Skeljungur hafi boðið betur og að útgerðin hafi ákveðið að flytja viðskiptin frá Olís til Skeljungs. Einnig er greint frá því að Olís hafi boðið betur en OHF. Síðan segir: „*Það er vandlifað í þessum heimi, ef maður býður „eðlilegan“ afslátt fær maður ekki viðskiptin en ef maður býður hátt klaga samkeppnisaðilarnir mann fyrir yfirboð.*“ Sérfræðingur OHF í smurólíu svaraði og velti því fyrir sér hvort fyrirtækið þyrfti ekki að hafa „*sveigjanlegri strategíu í þessu stríði*“. Sölustjórinn svaraði með þessum hætti:

*„Ég er pottþéttur á því að ef ég hefði boðið það sem Skeljungur bauð (líklega um 1,50 kr/l) þá hefði ekki liðið á löngu áður en EB<sup>1290</sup> hefði klagað mig fyrir yfirboð.“<sup>1291</sup>*

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF um þennan tölvupóst. Hann upplýsti að forstjóri Olís hefði í samtali við sig kvartað undan því að sölustjórinn væri að bjóða of mikinn afslátt. Þessi kvörtun hefði borist sölustjóranum til eyrna.<sup>1292</sup> Aðspurður hefur sölustjórinn hjá OHF sagt að hann hafi litið á það sem hrós ef honum hafi tekist að ná viðskiptum og verið klagður af keppinautum. Sagðist hann ekkert vita um afsláttarstefnu keppinautanna og OHF hefði boðið sína afslætti.<sup>1293</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda hjá OHF hefur greint frá því að forstjóri Olís hafi oft kvartað og hann hafi aldrei skilið „*sífelldar umkvartanir hans*“.<sup>1294</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um tölvupóst hans til OHF 20. mars 2000 og ofangreind ummæli sölustjórans hjá OHF. Í skýrslu hans segir þetta:

*„EB sagði að það hafi margoft komið fram að samskipti félaganna væru með þeim hætti að þau kvörtuðu hvert í annað. Það hafi því miður tíðkast í samskiptum félaganna að starfsmenn þeirra hafi látið það eftir sér að hringja hver í annan eða senda tölvuskeyti, þegar menn voru ekki sáttir við aðgerðir keppinautarins. Ekki væri sjálfgefið að túlka nefndan tölvupóst á þann veg að hann sýndi fram á samstarf olíufélaganna, heldur mætti ekki síður skilja hann svo að hann sýndi fram á stöðugan þirring og harða samkeppni milli félaganna um slíka viðskiptavini.“<sup>1295</sup>*

<sup>1290</sup> Einar Benediktssonar forstjóri Olís.

<sup>1291</sup> Gagn afhent af OHF. Tölvupóstur milli m.a. Kristjáns Kristinssonar, Geirs Magnússonar, Ragnars Bogasonar og Herberts Herbertssonar, dags. 5.12.2000 kl. 11:13, 11:44 og 13:14.

<sup>1292</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>1293</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 15.4.2002.

<sup>1294</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1295</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Í athugasemdum OHF segir að gögn málsins bendi til þess að Olís hafi kvartað vegna samkeppni frá OHF vorið 2000. OHF mótmæli því ekki að gögn málsins bendi til þess að forstjórar félaganna tveggja hafi rætt um einstaka viðskiptavini sem hafi verið í viðskiptum við Olís og framgöngu umrædds sölustjóra í tengslum við þau mál. Olís kunni að hafa skilið þessi samskipti svo að samkomulag hafi náðst um að reyna ekki að ná viðskiptum af félaginu. Hins vegar hafi ekki verið um neitt samkomulag að ræða enda hafi raunin aldrei verið sú að OHF héldi aftur af sér vegna umkvartana Olís. Það sé ekki rétt að forstjóri OHF hafi rætt við umræddan sölustjóra vegna tölvupósts Olís 20. mars 2000. Engin gögn styðji þá ályktun Samkeppnisstofnunar. Tölvupóstur sölustjórans þann 5. apríl 2000 hafi þannig ekki verið svar við tilmælum forstjóra OHF heldur líklegast viðbrögð sölustjórans vegna kvartana sem honum sjálfum hefðu borist frá Olís. Vert sé að taka fram, að jafnvel þó svo talið verði að eitthvað í samskiptum OHF og Olís hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga, hafi alls ekki verið um að ræða neitt heildarsamstarf olíufélaganna þriggja. Ummæli umrædds sölustjóra í tölvupósti 5. apríl 2000 staðfesti þetta en þar komi fram að hann líti á Olís sem keppinaut á nákvæmlega sama hátt og Skeljung. Af þessu sé ljóst að í huga sölustjórans hafi samkeppni verið á markaðnum. Augljóst sé að Skeljungur hafi verið í harðri samkeppni við OHF en hins vegar hafi sölustjórinn séð sig knúinn vegna umkvartana Olís að ítreka sinn skilning á stöðu OHF gagnvart því fyrirtæki. Þrátt fyrir mjög umfangsmikla gagnaöflun Samkeppnisstofnunar hafi ekki fundist nein gögn sem sýni fram á að skilningur OHF hafi verið annar en umrædds sölustjóra, t.d. hafi tölvupósti þessum ekki verið svarað með leiðréttingu eins og OHF hefði verið í lófa lagið ef ætlunin hefði verið að styggja ekki viðskiptavini keppinautanna. Liggur því fyrir að OHF hefði ekki haft samráð við keppinauta sína vegna þessa máls.

Samkeppnisráð bendir á að samkvæmt framangreindu er ljóst að forstjóri Olís sendi starfsbræðrum sínum hjá Skeljungi og OHF tölvupósta þann 20. mars 2000 og var tilgangur þeirra að vinna gegn því að samkeppni milli félaganna myndi minnka framlegð þeirra. Tölvupósturinn til forstjóra OHF gefur það skýrt til kynna að forstjórar Olís og OHF hafi áður rætt saman um „*framgöngu*“ sölustjórans hjá OHF og að þeir hafi orðið sammála um hver hún hafi átt að vera. Það er með vísan til þess sameiginlega skilnings sem forstjóri Olís gerir í tölvupóstinum athugasemdir við tilboð sölustjórans til fyrirtækja í Þorlákshöfn. Á grundvelli þessa var sölustjóranum gerð grein fyrir kvörtunum forstjóra Olís. Í kjölfar þessa sendi sölustjórinn tölvupóst til forstjóra OHF þar sem hann vísar til kvartana Olís og setur fram rök til varnar sínum aðgerðum. Í lok tölvupóstsins biður hann um „*skýrar línur*“ um hvort hann eigi að láta viðskiptavini Olís í friði. Ef kvörtun Olís hefði ekki fengið neinar undirtektir hjá yfirmönnum sölustjórans, eins og OHF heldur fram, fæst ekki séð hvaða ástæða hafi verið fyrir sölustjóranum að verja gerðir sínar og biðja um leiðbeiningar um hvernig hann ætti að hegða sér í starfi sínu gagnvart Olís. Ekki síst í ljósi þess að verið var að kvarta yfir hegðun sem almennt þykir æskileg og eftirsóknarverð á samkeppnismarkaði, þ.e. að starfsmenn reyni að ná nýjum

viðskiptum með tilboðum. Sú staðreynd að sölustjórinn taldi sig knúinn til að verja þessar eðlilegu gerðir sínar gagnvart forstjóra sínum gefur þannig ótvírætt til kynna að OHF hafi tekið kvartanir Olís alvarlega. Hér verður og að hafa í huga að það að starfsmenn olíufélaganna þyrftu að verja gerðir sínar vegna kvartana frá keppinautum var í samræmi við vinnubrögð forstjóra olíufélaganna að þessu leyti, sbr. t.d. kafla VI 3.5. Ummæli sölustjórans í tengslum við útboð útgerðar Þórunnar Sveinsdóttur gefa síðan ótvírætt til kynna að honum hafi verið sagt að halda sig til hlés varðandi viðskiptavinum Olís og lýsa jafnframt gremju yfir því að afskipti keppinauta takmarki möguleika OHF á að ná nýjum viðskiptum. Umrædd samskipti olíufélaganna fara gegn kröfu samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta og eru enn ein vísbendingin um ólöglegt samráð félaga í verðlagsmálum á þessum tíma.

#### 5.8. Atvik frá mars til júlí 2000

Þann 22. mars 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu. Var efni hans ÓB stöðvar Olís og Orkan og í honum segir þetta:

*„Verð að segja þér frá upptöku varðandi Orkuna, við ákvá að setja 7kr afslátt í 7 daga í Melabraut sem er ein af þessu litlu ÓB stöðvum, settum 25þús í útvarpsaugl á FM 95,7, þetta er og verður partur af daglega lífinu í þessum bransa eins og hefur verið.*

*Gunnar<sup>1296</sup> frétti þetta og hringdi með hótunum. Nú er hann búinn að lækka allt Orkudæmið um 8 kr*

*Er þetta nauðsynlegt??“*

Framkvæmdastjórinn hjá Olís framsendi þennan tölvupóst til forstjóra síns sem svaraði daginn eftir með þessum orðum:

*„Vil bæta við að ég ræddi þetta líka við KB<sup>1297</sup> eftir stjórnarfundum í HB<sup>1298</sup> í gær. Hann undrandi og ætlaði að skoða málið. Tók auk þess fram að Melabraut væri syðst í Hafnarfirði en hann svaraði á öllum svæðum og skaðaði auðvitað Shell mest sem hefði mestu markaðshlutdeild í bensíni á þessu svæði.“<sup>1299</sup>*

Yfirlit yfir verðbreytingar hjá Orkunni sýnir að þann 21. mars 2001 lækkaði fyrirtækið verð á eldsneyti og hækkaði það aftur um sömu upphæð 24. mars 2001 eða tveimur dögum eftir að forstjóri Olís ræddi við forstjóra Skeljungs. Sýnir þetta

<sup>1296</sup> Gunnar Skaptason framkvæmdastjóri Bensínorkunnar.

<sup>1297</sup> Kristinn Björnsson forstjóri Skeljungs.

<sup>1298</sup> Útgerðarfyrirtækið Haraldur Böðvarsson.

<sup>1299</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 22.3.2000 kl. 22:08. Frá Einari Benediktssyni til Thomasar Möller, dags. 23.3.2000 kl. 9:50.



áframhaldandi samvinnu og viðræður félaganna um verðlagningu á ómönnum stöðvum, sbr. t.d. kafla VI 5.1 hér að framan.

Þann 27. mars 2000 hittust á fundi framkvæmdastjóri innkaupadeildar hjá OHF, forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungu og framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.<sup>1300</sup> Virðist sem fundarefnið hafi verið málefni tengd samvinnu olíufélaganna í sölu á úthafinu. Þann 30. mars 2000 hittust m.a. forstjóri Olís og OHF vegna Oliudreifingar hf.<sup>1301</sup> Í þættinum 19-20 á Stöð 2 þann 30. mars 2000 var tekið viðtal við Davíð Oddsson forsætisráðherra. Í viðtalinu var forsætisráðherra spurður um þróun bensínverðs hér á landi og sagt að olíufélögin áformi að hækka verð um mánaðamótin. Jafnframt var vitnað til þess að Bandaríkjaforseti hefði skorað á þarlend olíufélög að lækka verð strax. Var forsætisráðherra síðan spurður hvort hann vildi beina tilmælum til olíufélaganna um að lækka verð eða hækka það ekki. Í svari forsætisráðherra sagði að hann teldi það mjög skynsamlegt vegna þess að olíufélögin hefðu sýnt mjög mikinn hagnað og þetta myndi mælast vel fyrir hjá viðskiptavinum þeirra. Sagt var frá þessu viðtali í fréttum Bylgjunnar kl. 8:00 morguninn eftir.<sup>1302</sup> Klukkan 10:18 sama dag, þ.e. 31. mars 2000, sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til forstjóra Olís. Efni tölvupóstsins var „*DO í Stöð 2*“ og var tölvupósturinn tilgreindur sem mjög mikilvægur (*Importance: High* merkingin í tölvupóstforritinu var notuð). Samkeppnisráð hefur ekki undir höndum sjálfan tölvupóstinn heldur einungis sjálfvirka tilkynningu frá netþjóni Olís til forstjóra Skeljungs um að tölvupóstur með þessu efni hafi komist til skila.<sup>1303</sup> Forstjóri Olís hefur aðspurður ekki skýrt þessi samskipti við Skeljung en kvaðst skyldu reyna að finna þennan tölvupóst.<sup>1304</sup> Hann hefur ekki enn borist Samkeppnisstofnun. Samkeppnisráði er því ekki ljóst hvert var nákvæmlega efni tölvupóstsins en telur augljóst af samhenginu að hann hafi varðað framangreind tilmæli forsætisráðherra til olíufélaganna um að hækka ekki verð.

Í verðútreikningum framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís frá 31. mars 2000 kemur fram að þörf sé á að hækka verð á 95 oktana bensíni, gasolíu, skipagasolíu og svartolíu.<sup>1305</sup> Klukkan 11:39 þann 31. mars 2000 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF eftirfarandi tölvupóst til forstjóra félagsins:

---

<sup>1300</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Magnúsar Ásgeirssonar, Reynis A. Guðlaugssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 24.3.2000 kl. 14:15, 14:16 og 14:22.

<sup>1301</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 30.3.2000. Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnasyni til m.a. framkvæmdastjórna, dags. 27.3.2000 kl. 11:15.

<sup>1302</sup> Ljósavakandrit. Útskrift af frétt Bylgjunnar kl. 8:00 31.3.2000 (Hs. nr. 1044).

<sup>1303</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Postmaster@olis.is til Kristins Björnssonar, dags. 31.3.2000 kl. 10:22.

<sup>1304</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 4.12.2002.

<sup>1305</sup> Úr skjali Samúels Guðmundssonar með fyrirsögninni „*Verðútreikningur*“, dags. 31.3.2000 (Hs. nr. 4940).

„Staðan í verðlagsmálum er þessi:

*Bensín= Hækkun 2.60 miðað við birgðaverð en 2.50 miðað við hækkunir meðalheimsmarkaðsverð milli mánaða. Miðað við skráningu heimsmarkaðsverðs í gær er hækkunarþörfin 1.70. Lagt er til hækkun 2.60.*

*Gasolía= Hækkun engin miðað við birgðaverð en 0,50 miðað við hækkun milli mánaða. Miðað við skráningu heimsmarkaðsverðs í gær er lækkunarþörf 0,60. Lagt er til lækkun 0,4.*

*Flotaolía= Hækkun 0,08 miðað við birgðaverð en 0,06 miðað við hækkun á milli mánaða. Miðað við skráningu heimsmarkaðsverðs í gær er lækkunarþörf 0,80. Lagt er til að ekkert verði gert.*

*Svartolía= Hækkun 0,90 miðað við birgðaverð. Miðað við skráningu heimsmarkaðsverðs í gær er lækkunarþörf 0,20. Lagt er til að ekkert verði gert af sömu ástæðu og við síðustu ákvörðun.*<sup>1306</sup>

Klukkan 13:01 þann 31. mars 2000 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar hjá Skeljungu og innkaupastjóra eldsneytis hjá OHF. Vildi framkvæmdastjórinn að félagin myndu ræða saman síðar um daginn um ósk OW Icebunker (OWI) um lán á gasolíu.<sup>1307</sup> Í þessu samhengi má hafa í huga að samkvæmt skjali frá OHF hefur innkaupastjóri eldsneytis hjá félaginu samskipti oft á dag við þá starfsmenn Olís og Skeljungs sem ábyrgð bera á verðlagningarmálum þeirra félaga.<sup>1308</sup> Klukkan 15:29 samdi forstöðumaður innkaupadeildar Skeljungs nýjan verðlista þar sem gert var ráð fyrir 2 kr. hækkun á bensíni.<sup>1309</sup> Klukkan 15:55 var send tilkynning innan OHF um 2 kr. hækkun á bensínverði.<sup>1310</sup> Klukkan 16:03 sendi innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF öðrum starfsmanni OHF í tölvupósti skjal til að setja á heimasíðu OHF þar sem tilkynnt yrði um þessa hækkun og ástæður hennar útskýrðar.<sup>1311</sup> Í skjalinu er ástæða hækkunarinnar sögð vera verðhækkun á heimsmarkaðsverði. Greint er frá því að OPEC ríkin hafi á fundi sínum 28. mars 2000 ákveðið að auka framleiðslu sína. Vegna væntinga um að þessi ráðstöfun leiði til lækkunar á heimsmarkaði hafi OHF ákveðið að hækka

<sup>1306</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnasyni til Geirs Magnússonar, dags. 31.3.2000 kl. 11:39.

<sup>1307</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Samúel Guðmundssyni til Magnúsar Ásgeirssonar og Reynis A. Guðlaugssonar, dags. 31.3.2000 kl. 13:01.

<sup>1308</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Skjal frá 2001 með yfirskriftinni „Fulltrúi forstjóra Skipurit“ (BBSKI.doc).

<sup>1309</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu. Skjal „Verb 1-4-00.xls“ samið 31.3.2000 kl. 15:39:04.

<sup>1310</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jóhannssyni til allra hjá OHF, dags. 31.3.2000 kl. 15:55.

<sup>1311</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til Ernu Kristinsdóttur, dags. 31.3.2000 kl. 16:03.

bensínlítrann um 2 kr. Þó hækkunarþörfin hafi verið meiri. Þessi tölvupóstur var opnaður af viðkomandi starfsmanni OHF kl. 16:07. Gera verður ráð fyrir því að hann hafi í kjölfar þess gripið til ráðstafana til að setja tilkynninguna inn á heimasíðu OHF. Klukkan 16:13 sama dag sendi innkaupastjórinn þetta skjal til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF sem las tölvupóstinn kl. 16:21.<sup>1312</sup> Klukkan 16:30 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungi tölvupóst til forstjóra Skeljungs og framkvæmdastjóra fjármálasviðs og fleiri starfsmanna og greindi frá því að meðfylgjandi verðbreyting tæki gildi á miðnætti.<sup>1313</sup> Með tölvupóstinum fylgdi nefnt skjal sem hann samdi kl. 15:29 og fram kemur í því að bensín hækki um 2 kr. Klukkan 16:39 sama dag prentaði framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís út nýjan verðlista og í honum er bensín hækkað um 2 kr. Klukkan 16:46 sendi hann verðlistann til forstjóra Olís og fleiri starfsmanna fyrirtækisins og greindi frá þessari verðbreytingu. Í tölvupóstinum er verðhækkunin skýrð með þessum orðum:

*„Ástæða verðbreytingarinnar er verðhækkun á heimsmarkaði. Rétt er að geta þess að verðhækkun er stillt mjög í hof og er hún talsvert minni en sem nemur hækkun á heimsmarkaði á milli febrúar og mars. Þetta er gert í þeirri von að nýleg ákvörðun Opec um aukna framleiðslukvóta leiði til lækkunar á heimsmarkaðsverði.“<sup>1314</sup>*

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að í gögnum málsins komi fram að forsætisráðherra Íslands hafi tjáð sig um yfirvofandi verðhækkunir á bensínmarkaði í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 30. mars 2000. Daginn eftir hafi forstjóri Skeljungs sent bréf til forstjóra Olís varðandi viðtalið við forsætisráðherrann. Athyglisvert sé að forstjóra OHF hafi ekki verið sent þetta bréf. Bendi það til þess að OHF hafi staðið utan við meint samráð olíufélaganna, hafi um slíkt verið að ræða í málinu. Gögn málsins sýni enn fremur að OHF hafi engin samskipti átt við hin olíufélögin í aðdraganda umræddrar verðbreytingar. Verðbreyting OHF hafi birtist svo á heimasíðu félagsins um 20 mínútum áður en sams konar verðbreyting hafi verið ákveðin innan Skeljungs. Sé þetta í takti við það sem oft hafi tíðkast á markaðnum, verðbreyting hafi verið yfirvofandi og aðkallandi vegna markaðsaðstæðna. OHF hafi tekið af skarið og birt verðbreytingu sína á heimasíðu sinni og hin félögin hafi brugðist skjótt við með sams konar verðbreytingu. Ekkert í málinu gefi tilefni til þess að ætla að OHF hafi átt samstarf með öðrum um umrædda verðbreytingu. Vangaveltum Samkeppnisstofnunar um hvað sé líklegt og hvað sé ólíklegt er vísað á bug, enda skipti þær ekki máli fyrir niðurstöðu málsins. Sönnunarkröfur íslensks réttar geri ekki ráð fyrir að slíkar

<sup>1312</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 31.3.2000 kl. 16:13.

<sup>1313</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til m.a. Kristins Björnssonar, dags. 31.3.2000 kl. 16:30.

<sup>1314</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til m.a. Einar Benediktssonar, dags. 31.3.2000 kl. 16:46.

vangaveltur einar nægi til sönnunar um brot án þess að önnur gögn bendi sterklega til sektar í ákveðnu tilviki.

Samkeppnisráð bendir hér á að samkvæmt gögnum málsins frá mars 2000 sé eftirfarandi ljóst:

- Forstjóri Skeljungs sendi að morgni 31. mars 2000 tölvupóst til forstjóra Olís vegna tilmæla forsætisráðherra í fréttum um að hækka ekki verð á bensíni og forstjóri Olís og forstjóri OHF höfðu hist á fundi deginum áður. Forstjóri Olís kveðst ekki geta skýrt þennan tölvupóst.
- Fyrir hádegi 31. mars 2000 var lagt til innan OHF að bensín yrði hækkað um 2,60 kr. og verð á gasolíu yrði einnig hækkað. Í skjali Olís frá sama degi var talið tilefni til hækkunar á bensíni, gasolíu og svartolíu.
- Þeir starfsmenn olíufélaganna sem koma að verðbreytingum á eldsneyti höfðu tölvupóstsamskipti sín á milli eftir hádegi 31. mars 2000 en áður en umræddar verðbreytingar voru opinberlega tilkynntar. Lagði starfsmaður Olís til að félögin þrjú myndu tala saman síðar þennan dag.
- Klukkan 15:29 þann 31. mars 2000 samdi sá starfsmaður Skeljungs sem átti í þessum samskiptum við OHF og Olís skjal þar sem gert var ráð fyrir 2 kr. verðhækkun á bensíni.
- Klukkan 15:55 sama dag var starfsmönnum OHF sagt frá því að verð á bensíni myndi hækka um 2 kr.
- Eftir kl. 16:07 sama dag var hafinn undirbúningur að því að setja upplýsingar og skýringar á verðbreytingum OHF á heimasíðu félagsins.
- Klukkan 16:30 sama dag sendi umræddur starfsmaður Skeljungs forstjóra sínum o.fl. innan Skeljungs skjalið sem hann samdi kl. 15:29 og greindi frá því að 2 kr. verðhækkunin á bensíni tæki gildi á miðnætti.
- Klukkan 16:39 sama dag prentaði sá starfsmaður Olís sem átti í nefndum samskiptum við Skeljung og OHF út verðlista þar sem verð á bensíni var hækkað um 2 kr.
- Klukkan 16:46 sendi þessi starfsmaður Olís verðlistanna til m.a. forstjóra Olís ásamt skýringum á bensínhækkuninni sem voru efnislega samhljóða skýringum OHF.

Þegar þetta er allt virt liggur í fyrsta lagi fyrir að engar opinberar upplýsingar lágu fyrir um verðbreytingar OHF og Olís þegar forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungu samdi skjalið sitt um 2 kr. hækkun á bensíni. Jafnframt telur samkeppnisráð útilokað að fyrir hafi legið opinberar upplýsingar um verðhækkun OHF og ástæður hennar þegar Olís og Skeljungur tóku ákvörðun um sömu hækkun. Rúmlega tuttugu mínútum eftir að innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF sendi frá sér tilkynningu og skýringar á þessari hækkun til að setja inn á heimasíðu félagsins greindi

forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungu tilteknum starfsmönnum félagsins frá sömu hækkun og OHF. Samkeppnisráð telur engan vafa á því að áður en þessi starfsmaður tilkynnti innanhúss um verðbreytinguna hafi hann fengið heimild til hennar hjá forstjóra Skeljungs eða aðstoðarforstjóra félagsins, ekki síst í ljósi þess að verðhækkun um þessi mánaðamót var viðkvæmari en ella vegna tilmæla forsætisráðherra. Nokkrum mínútum síðar prentaði framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís út verðbreytingarskjal með sömu verðhækkun og sendir skjalið til starfsmanna Olís þar sem fram koma efnislega sömu útskýringar á þessari verðhækkun og koma fram í nefndu skjali OHF. Samkeppnisráð telur á sama hátt að framkvæmdastjórinn hafi þurft að ræða við forstjóra sinn áður en hann greindi frá þessum verðbreytingum og ástæðu þeirra. Jafnframt telur samkeppnisráð í hæsta máta ósennilegt að félögin hafi án samvinnu komist að nákvæmlega sömu niðurstöðu um verðbreytingu, ekki síst þegar liggur fyrir að tvö þeirra höfðu fyrir um daginn komist að þeirri niðurstöðu að tilefni væri til að hækka annað eldsneyti einnig. Jafnframt hafði yfirmaður verðlagsmála hjá OHF fyrir sama dag lagt til meiri hækkun á bensíni en síðan varð. Tengt þessu eru einnig samskipti forstjóra Olís og Skeljungs sem telja verður að hafi tengst þessari verðbreytingu. Gögnin gefa þetta til kynna og engin önnur skýring hefur komið fram. Þessu öllu til viðbótar áttu þeir starfsmenn olíufélaganna sem sáu um þessa verðbreytingu í samskiptum sín á milli og áformuðu frekari samskipti. Þegar þetta er virt og litið er til samráðs olíufélaganna að öðru leyti er það mat samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft samráð um þessa verðhækkun.

Í byrjun apríl 2000 var fjallað um það innan Skeljungs að Olís hefði boðið Heklu hf. tiltekinn afslátt af eldsneyti en Skeljungur hafði ekki viljað veita Heklu afslátt. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu til m.a. forstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu kemur fram vegna þessa að hans skoðun sé enn sú „*að reyna eigi að ná tókum á afsláttaræðinu*“. Vísaði framkvæmdastjórinn bæði til afsláttar Olís og OHF. Í svari forstjóra Skeljungs óskar hann eftir því að framkvæmdastjórinn hafi samband við starfsbróður sinn hjá Olís eða starfsmann Heklu og fái það staðfest að Olís hafi í raun veitt þennan afslátt. Tekið er fram að það sé „*gott að vita, verði af gagnkvæmum ásökunarfundi forstjóra einhvern tímann*.“<sup>1315</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís kveðst ekki muna eftir því að hafa rætt um viðskipti við Heklu við framangreindan framkvæmdastjóra hjá Skeljungu.<sup>1316</sup> Í dagbók framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu er hins vegar að finna bókun 10. apríl 2000 sem gefur til kynna fund eða samtal við framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís um Heklu.<sup>1317</sup>

<sup>1315</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Kristins Björnssonar, Margrétar Guðmundsdóttur, Friðriks Stefánssonar og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 6.4.2000 kl. 10:50, 14:24 og 7.4.2000 kl. 9:57.

<sup>1316</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 4.12.2002.

<sup>1317</sup> Dagbók Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 10.4.2000 (Hs. nr. 7317).

Í athugasemdum Skeljungs við frumathugun II er sagt að þessi gögn bendi til þess að mikil samkeppni hafi ríkt á milli félaganna. Olís hafi haft betur í þessum viðskiptum og eðlilega hafi verið lítil ánægja með það hjá Skeljungum. Í tölvupósti starfsmanns Heklu til starfsmanns Skeljungs hafi komið fram að afsláttur Olís sé trúnaðarmál.<sup>1318</sup> Af þessu sé engin leið að álykta að samráð hafi verið milli Olís og Skeljungs um þessi viðskipti. Í athugasemdum OHF er fullyrt að félaginu sé ókunnugt um þessi samskipti og þau því félaginu óviðkomandi.

Af hálfu samkeppnisyfirvalda er ekki lagt til grundvallar í máli þessu, eins og Skeljungur virðist ranglega telja, að samráð hafi verið milli Olís og Skeljungs um þessi viðskipti við Heklu, enda benda gögnin ekki til slíks. Hins vegar hefur í umfjöllun samkeppnisráðs til þessa verið reifuð fjölmörg gögn sem sýna samráð olíufélaganna í því skyni að takmarka afslátt. Hefur þetta samráð falist í því að gerðir hafa verið samningar um að draga úr afslætti og kvartanir settar fram þegar þeir hafa verið brotnir. Í þessu ljósi ber að virða ummæli stjórnenda Skeljungs um að haft verði samband við Olís, „ná tókum á afsláttaræðinu“ og „ásökunarfundi forstjóra“. Jafnframt er það rangt hjá Skeljungum að félagið hafi í þessu tilviki keppt við Olís um viðskiptin við Heklu. Þvert á móti neitaði Skeljungur að gefa Heklu tilboð og kemur það fram í tölvupósti frá Skeljungum að Hekla hafi verið „*þisst út í okkur vegna þess við vildum ekki bjóða.*“ Óánægja Skeljungs var því ekki vegna þess að félagið varð undir í heiðarlegri samkeppni við Olís heldur vegna þess að Olís bauð afslátt í ósamræmi við samkomulag olíufélaganna. Þær aðgerðir Olís átti að reyna að stöðva. Gögn þessi eru því ekki til vitnis um eðlilega samkeppni heldur um áframhaldandi vilja til og umræður um að hamla samkeppni að þessu leyti og óánægju þegar eitthvert olíufélaganna fer að þessu leyti gegn því sem ákveðið hefur verið. Vísast einnig til umfjöllunar hér að framan um hvata fyrirtækja í ólögætu samráði til að „svindla“ í eiginhagsmunaskyni.

Snemma að morgni 28. apríl 2000 sendi starfsmaður OHF, sem hefur m.a. með kynningar á verðbreytingum að gera, tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF og spurði hann hvað væri að fréttu af verðbreytingum. Hvort þær yrðu 1. maí og ef svo væri hvort ekki mætti kynna þær þennan dag.<sup>1319</sup> Klukkan 15:11 þennan sama dag sendi forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungum eftirfarandi tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra fjármálasviðs:

<sup>1318</sup> Þetta eru væntanlega mistök hjá Skeljungum þar sem ekkert þessu líkt kemur fram í tölvupósti frá Heklu. Hins vegar er vísað til þessara upplýsinga frá Heklu í innanhússtölvupósti Skeljungs.

<sup>1319</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 28.4.2000 kl. 8:17.

*„Við þurfum að lækka bensínið um ca. 60 aur/ltr. þann 1. maí nk. Aðrar tegundir óbreyttar. Ágætt væri samt að tilkynna þetta ekki eða svara fjölmiðlum fyrir en á þeim degi eða hvað segið þið um málið?“<sup>1320</sup>*

Klukkan 16:00 sama dag sendi framangreindur starfsmaður hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs með nýjum verðlista þar sem bensín hefur verið lækkað um 60 aura en aðrar tegundir standa í stað.<sup>1321</sup> Átján mínútum síðar sendi sami starfsmaður tilkynningu til allra hjá OHF um þessa verðbreytingu sem tæki gildi 1. maí 2000.<sup>1322</sup> Tveimur mínútum fyrir eða kl. 16:16 hafði framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís sent tölvupóst til forstjóra félagsins og fleiri starfsmanna og tilkynnt um nákvæmlega sömu verðbreytingu 1. maí 2000.<sup>1323</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er tekið fram að engin samskipti hafi átt sér stað milli olíufélagana vegna þessarar verðbreytingar og hafi engin merki slíkra samskipta fundist við umfangsmikla gagnaöflun Samkeppnisstofnunar við rannsókn málsins. Samkeppnisstofnun reiði sig einvörðungu á að svo virðist sem sams konar ákvörðun um verðlækkun hafi verið tekin innan hvers olíufélags á svipuðum tíma dags þann 28. apríl 2000. Vart þurfi að taka það fram að verðbreytingar á olíumarkaði séu æði margar. Á einsleitum fákeppnismarkaði þar sem þrjú verulega áþekk fyrirtæki starfa séu allar líkur til þess að endrum og eins verði ferlið í ákvarðanatökum keimlíkt og sömu ákvarðanir teknar sama dag hjá öllum aðilum á markaðnum. Forsendur verðbreytinga séu meira og minna þær sömu og því ekki hægt að fullyrða um að samráð hafi verið haft þó að fyrir komi að ákvarðanir séu hinar sömu og teknar á sama tíma. OHF hafi ekki haft samráð við keppinauta sína um umrædda verðbreytingu.

Samkeppnisráð vísar til þess að nefnd gögn málsins frá apríl 2000 bera það með sér að það lágu ekki fyrir opinberlega upplýsingar um verðbreytingar neins olíufélags þegar félögin greindu innanhúss frá verðbreytingum sínum. Samkeppnisráð telur það nánast útilokað að olíufélögin hafi, á sama tíma dags tveimur dögum fyrir gildistöku fyrirhugaðrar verðbreytingar, hvert fyrir sig komist að nákvæmlega sömu niðurstöðu um efni hennar. Í því sambandi verður að líta til þess að olíufélögin þrjú eru ólík fyrirtæki með mismunandi kostnaðaruppbyggingu. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðru samráði félaganna á þessum tíma telur samkeppnisráð að skýringin á þessum aðgerðum olíufélaganna sé sú að þau hafi haft samráð um þessa verðbreytingu.

<sup>1320</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til m.a. Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 28.4.2000 kl. 15:11.

<sup>1321</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 28.4.2000 kl. 16:00.

<sup>1322</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til allra hjá OHF, dags. 28.4.2000 kl. 16:18.

<sup>1323</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til m.a. Einars Benediktssonar, dags. 28.4.2000 kl. 16:16.

Þann 10. maí 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu hjá OHF og Skeljungu:

*„takk fyrir góðan fund*

*við munum fara í sölutölugrunninn ef esso kemur með, shell er komið inn. annar samanburður: fróðlegt væri að heyra frá ykkur hve marga menn þið eruð með í að reka bensínstöðvarnar (eigin rekstur og sjálfst rekstur) svo og framkvæmdir, kynningarmál og útgáfumál ég er með 8 manns í þessu auk mín og ritara. Reyndar kaupum við töluverða vinnu utanhúss í þessi verkefni sem gæti numið 1-2 í viðbót, þmt. í vörurannsóknnum og verkeftirliti. nú er ég búinn að opna mínar bækur með það í huga að heyra frá ykkur, gæti verið lærdómsríkt fyrir alla, sífellt þarf að skoða hvort of margir eða of fáir eru hjá okkur.“<sup>1324</sup>*

Aðspurður um þetta kveðst framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF ekki hafa svarað þessum pósti vegna þess að honum hafi þótt óeðlilegt að taka þátt í þessari umræðu. Sagði hann að svona sendingar hafi ekki verið einsdæmi og hann hefði haft áhyggjur af því hversu „opinn“ framkvæmdastjórinn hjá Olís væri. Hér ber hins vegar að hafa í huga að framkvæmdastjórinn hjá OHF, sem tók við starfi sínu um mitt ár 1998, hefur einnig upplýst Samkeppnisstofnun um að hann hafi átt marga fundi á ári hverju með framkvæmdastjórum markaðssviða smásölu hjá Olís og Skeljungu. Á þeim fundum hafi umræður oft þróast út í viðræður um verðlagningaráform og framkvæmdastjórnir stundum skipst á upplýsingum um sölu og kostnað á bensínstöðvum.<sup>1325</sup> Forstjóri Olís hefur sagt að í þessum tölvupósti hafi framkvæmdastjóri hans verið að leita sér upplýsinga til þess að geta rökstutt fyrir honum að þörf væri á auknum mannskap og fjármagni til reksturs á hans deild, með hliðsjón af því hvernig væri staðið að slíkum málum hjá hinum félögunum.<sup>1326</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að félagið hafi talið óeðlilegt að taka þátt í þessari umræðu og því ekki svarað tölvupóstinum. Sú staðreynd að OHF hafi ekki viljað taka þátt í upplýsingaskiptum hinna félaganna sýni að ekki hafi verið mikill vilji til samstarfs af hálfu OHF á þessum tíma.

Að mati samkeppnisráðs sýnir framangreindur tölvupóstur að Olís og Skeljungur hafa skipst á sölutölum og staðfestir að hluta lýsingu framkvæmdastjórans hjá OHF á því sem fram fór á þessum fundum framkvæmdastjóranna. Burt séð frá því hver hafi verið tilgangur framkvæmdastjórans hjá Olís með því að óska eftir tilgreindum

<sup>1324</sup> Tölvupóstur frá Thomasi Möller til Margrétar Guðmundsdóttur og Heimis Sigurðssonar, dags. 10.5.2000 kl. 12:14 (Hs. nr. 3112).

<sup>1325</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 9.4.2002.

<sup>1326</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.



upplýsingum og hvort þær hafi síðan í raun verið veittar þá er sú staðreynd ein og sér að tölvupósturinn hafi verið sendur til vitnis um a.m.k. nána samvinnu Olís og Skeljungs á þessum tíma.

Þann 24. maí 2000 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviða hjá OHF og aðstoðarforstjóra Skeljungs. Tölvupósturinn varðaði samruna fyrirtækis sem olíufélögin áttu hlut í við annað fyrirtæki. Aðstoðarforstjóri Skeljungs svaraði og setti fram sín sjónarmið. Í lok tölvupósts hans segir þetta:

„P.s.

*Við verðum að passa okkur á öllum samskiptum því allt fer þetta í gegnum Þórarin og hann þarf engan dómsúrskurð eins og sumir.....*<sup>1327</sup>

Að mati samkeppnisráðs er „Þórarinn“ fyrrverandi forstjóri Landssíma Íslands hf. og „sumir“ að öllum líkindum tilvísun til samkeppnisyfirvalda eða lögreglu. Eins og komið hefur fram hefur aðstoðarforstjóri Skeljungs áður sett fram viðvaranir um að fjallað sé um t.d. samráð olíufélaganna í tölvupóstum. Framangreint er því áframhaldandi viðleitni Skeljungs til að leyna samstarfi félaganna. Jafnframt verður að líta svo á að sú staðreynd að yfirmaður verðlagsmála hjá Skeljungu sendi skilaboð eða hvatningu til yfirmanna verðlagsmála hjá Olís og OHF um að leyna samskiptum félaganna feli a.m.k. í sér óbeina staðfestingu á samfelldu samráði olíufélaganna á þessum tíma.

Þann 20. júní 2000 hittust kl. 14:00 framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís, framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu og sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF á stjórnarfundum OW Icebunker.<sup>1328</sup> Síðar sama dag sendi sölustjórinn hjá OHF tölvupóst til framangreindra starfsmanna Olís og Skeljungs og sagðist hafa gleymt að minnast á erindi frá fyrirtækinu Alur-álvinnsla ehf. og spurði fulltrúa hinna félaganna hvort þeir hafi svarað þessu. Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði og sagðist ekki hafa svarað þessu ennþá en myndi skoða þetta í vikunni.<sup>1329</sup> Þetta fyrirtæki hafði óskað tilboða frá félögunum. Sölustjórinn hjá OHF hefur upplýst að á þessum stjórnarfundum hafi fulltrúar félaganna stundum rætt ýmis önnur mál varðandi samskipti olíufélaganna.<sup>1330</sup> Framangreindur tölvupóstur staðfestir það og sýnir samvinnu milli félaganna vegna óska viðskiptavina um verðtilboð.

<sup>1327</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Samúels Guðmundssonar, Bjarna Bjarnasonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 24.5.2000 kl. 19:08 og 25.5.2000 kl. 15:13.

<sup>1328</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 20.6.2000 (Hs. nr. 8211g)

<sup>1329</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Kristjáns Kristinssonar hjá OHF, Friðriks Stefánssonar hjá Skeljungu og Jóns Halldórssonar hjá OHF, dags. 20.6.2000 kl. 16:31 og 6:30.

<sup>1330</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 15.4.2002.

Í maí 2000 fór gengi íslensku krónunnar ört lækkandi og fyrirsjáanlegt var að verð á bensínlítra gat farið yfir 100 kr. Það að bensínlítri færi í þriggja stafa tölu gat skapað tæknileg vandamál við verðbreytingar á söludælum félaganna. Þann 22. maí 2000 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu. Í honum er gerð grein fyrir því að verð á bensínlítra geti farið yfir 100 kr. um næstu eða þar næstu mánaðarmót og það sagt „neyðarlegt“ ef Skeljungur gæti ekki hækkað í nema 99,99 kr. Segir í tölvupóstinum að forstöðumanninum skiljist að „*Olís eigi við svipaðan vanda að etja en veit ekki stöðuna hjá Esso*“.<sup>1331</sup> Aðspurðir hafa fulltrúar Olís fullyrt að þetta tengist ekki verðsamráði olíufélaganna. Þetta tæknilega vandamál hafi m.a. verið á samreknnum stöðvum félaganna og þannig hafi fulltrúar Skeljungs væntanlega frétt af tæknilegu vandamáli Olís.<sup>1332</sup> Hvað sem þessu líður er ljóst að Skeljungur hafði vitneskju um þetta vandamál Olís varðandi verðbreytingar, auk vitneskju um stöðuna á samreknnum stöðvum. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að sú staðreynd að Skeljungur hafi ekki haft vitneskju um stöðuna hjá OHF bendi ótvírætt til þess að OHF hafi að miklu leyti staðið fyrir utan samstarf olíufélaganna. Samkeppnisráð getur ekki fallist á þetta og vísar til þess samráðs milli olíufélaganna þriggja sem bæði var fyrir og eftir þetta atvik.

Bensínlítri fór ekki yfir 100 kr. við verðbreytinguna 1. júní 2000. Þann 27. júní 2000 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu og greindi frá því að bensínverð myndi hækka um 2-4 kr./ltr. 1. júlí og 98 oktana bensín því fara yfir 100 kr. Einnig var fjallað um hugsanleg dæluvandamál.<sup>1333</sup> Daginn eftir sendi forstöðumaðurinn hjá Skeljungu tölvupóst til annars starfsmanns félagsins og var efni hans „*100 kallinn*“ og eru upphafsorðs hans þessi:

*„Bæði félögin eru að vinna í þessum málum og standa trúlega betur að vígi en við a.m.k. í Reykjavík.“*<sup>1334</sup>

Þetta orðalag bendir ótvírætt til samskipta milli olíufélaganna þriggja um þetta mál. Klukkan 14:43 sama dag sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til ýmissa starfsmanna hjá félaginu og greindi frá því að framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá félaginu hefði sagt honum að verð á lítra af 98 oktana bensíni mundi fara um mánaðarmótin í ca. 103 kr. og 95 oktana bensín verði

<sup>1331</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar, Margrétar Guðmundsdóttur og Þóris Haraldssonar, dags. 22.5.2000 kl. 18:04.

<sup>1332</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1333</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til m.a. Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 27.6.2000 kl. 15:31.

<sup>1334</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Gissurar Pálssonar, dags. 28.6.2000 kl. 10:47.

innan 99,90 kr.<sup>1335</sup> Um klukkutíma síðar sendi forstjóri OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs og fullyrkti að nú myndi lítri á 98 oktana bensíni fara yfir 100 kr.<sup>1336</sup> Virðist því ljóst að bæði OHF og Olís hafi á þessum tíma verið nokkuð viss um hvað myndi felast í væntanlegri verðbreytingu.

Ljóst er að hjá Olís kom framkvæmdastjóri fjármálasviðs að verðbreytingunni 30. júní 2000. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs var staðgengill framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar í verðlagsmálum og hafði hann fyrr í júnímánuði beðið framkvæmdastjóra fjármálasviðs að annast verðbreytinguna að þessu sinni.<sup>1337</sup> Framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar virðist hins vegar hafa verið kominn til vinnu 30. júní 2000 og kl. 10:15 þann dag sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs honum verðútreikninga þar sem gert var ráð fyrir aðeins minni verðhækkun en síðar varð.<sup>1338</sup>

Klukkan 11:03 þann 30. júní 2000 sendi starfsmaður á skiptiborði OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF og greindi honum frá því að aðstoðarforstjóri Skeljungs þyrfti nauðsynlega að ná í hann.<sup>1339</sup> Klukkan 11:14 sama dag sendi starfsmaður Skeljungs tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar hjá félaginu og spurði hann hvort það yrði bensínhækkun um mánaðamótin og þá hvenær. Forstöðumaðurinn svaraði um hæl og sagði að á miðnætti myndi bensín hækka um ca. 4 kr. og 2 kr. í dísil. Sagði hann einnig að „*staðfestar*“ tölur myndu ekki liggja fyrir fyrr en eftir hádegi þennan dag.<sup>1340</sup> Klukkan 12:00 sendi starfsmaður hjá OHF nýjan verðlista til framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF.<sup>1341</sup> Í honum kom fram að 95 oktana bensín hækkaði úr 94,50 kr./ltr. í 98,30 kr. og 98 oktana bensín hækkaði úr 99,20 kr./ltr. í 103 kr. Gasolía hækkaði um 2,10 kr./ltr. Klukkan 13:45 sama dag sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tölvupóst til tveggja starfsmanna félagsins og með honum fylgdi nýr verðlisti Skeljungs þar sem fram komu sömu verðbreytingar og hjá OHF. Í tölvupóstinum segir þetta:

*„Þessar verðbreytingar taka gildi á morgun 1. júlí. Bæði Esso og Olís geta selt 98 oktana bensínið á 103 kr./ltr. Við verðum að selja það á þeim*

<sup>1335</sup> Afritaður tölvupóstur Olís. Frá Thomasi Möller til m.a. framkvæmdastjórnar, dags. 28.6.2000 kl. 14:43.

<sup>1336</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Geir Magnússyni til Bjarna Bjarnasonar og Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 28.6.2000 kl. 15:45.

<sup>1337</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 14.6.2000 kl. 20:17.

<sup>1338</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Samúels Guðmundssonar, dags. 30.6.2000 kl. 10:15.

<sup>1339</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Sigrúnu Runólfsdóttur til Bjarna Bjarnasonar, dags. 30.6.2000 kl. 11:03.

<sup>1340</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Rebekku Ingvarsdóttur og Reynis A. Guðlaugssonar, dags. 30.6.2000 kl. 11:14 og 11:16.

<sup>1341</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 30.6.2000.

*stöðvum sem geta það tæknilega aðrar stöðvar selja 98 bensínið á 99,99 kr./ltr.*

*Þessi verð eru ekki gefin út fyrr en seinna í dag. Ágætt væri þó ef Sæmundur myndi ath. stöðu mála og láta vita um þessar hækkunir á þeim stöðvum sem eru í vandræðum.*<sup>1342</sup>

Klukkan 14:35 þann 30. júní 2000 sendi starfsmaður OHF tilkynningu til allra hjá OHF um umrædda hækkun á eldsneyti.<sup>1343</sup> Klukkan 14:54 sama dag prentaði framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís út nýjan verðlista þar sem fram kemur sama verðhækkun og hjá hinum félögunum.<sup>1344</sup> Um tuttugu mínútum síðar sendi hann út tilkynningu til starfsmanna Olís um þessa hækkun.<sup>1345</sup> Klukkan 15:49 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tilkynningu til starfsmanna Skeljungs um þessa hækkun.<sup>1346</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að gögn málsins bendi til samskipta félaganna í aðdraganda verðbreytinganna 1. júlí 2000. Þessi samskipti kunni að hafa haft áhrif á verðbreytingar félaganna. Verði talið að brotið hafi verið gegn 10. gr. samkeppnislaga í þessu tilviki hafi verið um afmarkað atvik að ræða sem ekki sé hluti af neinu stærra máli eða meintu heildarsamráði olíufélaganna.

Eins og áður sagði kom framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís að þessari verðbreytingu. Hann var eins og fyrr greinir staðgengill í verðlagsmálum og hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að samstarf hafi verið milli olíufélaganna í þeim verðbreytingum sem hann kom að.<sup>1347</sup> Framangreind gögn benda að mati samkeppnisráðs einnig til hins sama. Þannig er ljóst að olíufélögin hafi haft samskipti sín á milli í aðdraganda verðbreytinganna sem urðu 1. júlí 2000. Fyrir hádegi 30. júní 2000 hringdi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Skeljungu til starfsbróðurs síns hjá OHF og bað fyrir þau skilaboð að hann þyrfti nauðsynlega að ná í hann og nánast á sama tíma sagði forstöðumaður innkaupadeildar að hann gæti ekki gefið „staðfestar“ tölur um verðbreytinguna fyrr en eftir hádegi. Áður en sendar voru út formlegar tilkynningar innanhúss hjá Skeljungu og OHF um verðbreytingar lágu fyrir verðlistar með sömu verðbreytingum upp á eyri hjá báðum félögunum. Jafnframt vísaði innkaupstjórinn hjá Skeljungu til þess í innanhússtölvupósti hvernig OHF og Olís

<sup>1342</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Sæmundar A. Tómassonar og Gunnars Þórs Pálmasonar, dags. 30.6.2000 kl. 13:45.

<sup>1343</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til allra hjá OHF, dags. 30.6.2000 kl. 14:35.

<sup>1344</sup> Skjal frá Olís. Verðlistar 2000 (Hs. nr. 4940).

<sup>1345</sup> Tölvupóstur frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar og fleiri, dags. 30.6.2000 kl. 15:15 (Hs. nr. 4940).

<sup>1346</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til m.a. bensinstöðva Skeljungs, dags. 30.6.2000 kl. 15:49.

<sup>1347</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 20.12.2002.

mundi ganga að selja 98 oktana bensín á hinu hækkaða verði. Var þetta gert áður en þessi félög höfðu opinberlega tilkynnt um verðbreytingar sínar. Samkeppnisráð telur því ljóst að samráð hafi verið milli félaganna um þessa verðhækkun. Ekki er unnt að fallast á það með OHF að hér hafi verið um einangrað tilvik að ræða, ekki síst þegar lítið til hins mikla ólögsmæta samráðs félaganna á þessum tíma. OHF hefur heldur ekki sett fram nein rök að þessu leyti. Telur samkeppnisráð að þetta hafi verið liður í hinu samfellda samráði félaganna.

#### 5.9. Atvik frá júlí til desember 2000

Þann 6. júlí 2000 átti framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF fund með framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.<sup>1348</sup> Í kafla VI 4.2 hér að framan er greint frá því að olúfélögin hafi a.m.k. frá árinu 1994 haft með sér samkomulag um að gefa ekki afslátt af gasolíuverði með því að selja gasolíu á skipagasolíuverði. Jafnframt hafi falist í þessu að skipagasolía yrði ekki seld á skipagasolíuverði til viðskiptavina í landi. Tölvupóstsamskipti milli OHF og Olís 14. júlí 2000 sýna áframhaldandi verðsamráð að þessu leyti. Þann dag sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til starfsmanns Olís og greindi honum frá því að hann hafi heyrt frá Ísafirði að tilteknir viðskiptavinir Olís í landi fengju flotaolíu (skipagasolíu) á tæki sín og bíla og spurði hvort þetta væri rétt. Síðan sagði sölustjórinn hjá OHF að hann hafi verið að heyra það þann morgun að verktaki á Hólmavík sem væri í viðskiptum við OHF hefði verið að biðja um flotaolíu á tæki sín. Sölustjórinn sagðist hafa sagt að þetta væri ólöglegt og beðið um að þessu yrði samstundis hætt. Þá hafi verktakinn sagt að hann myndi þá snúa sér til Olís. Sölustjórinn endaði tölvupóstinn með þessum orðum:

*„Kannaðu málið og við verðum að vera samstíga í þessu.“*

Starfsmaður Olís svaraði og benti OHF á að tala við umboðsmanninn á Hólmavík.<sup>1349</sup> Þessi gögn sýna að OHF hélt áfram samráði um þennan afslátt af gasolíuverði við keppinauta sína á árinu 2000 þrátt fyrir fullyrðingar félagsins í athugasemdum sínum að það hafi hætt því samráði eftir 1999, sbr. nánar kafla VI 4.2.

Þann 25. júlí 2000 sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda. Í honum greinir hann frá því að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís óski eftir því að OHF verði með samskonar bætiefni í dísil og Olís áformi að hefja notkun á. Sölustjórinn greinir einnig frá því að framkvæmdastjórinn hjá Olís hafi upplýst að Skeljungur myndi byrja með bætiefni í dísilolíu í kringum verslunarmannahelgina. Í kjölfar þessa áttu sér stað skoðanaskipti milli starfsmanna OHF um áhrif þess á

<sup>1348</sup> Dagbók Bjarna Bjarnasonar, færsla 6.7.2000 (Hs. nr. 1306).

<sup>1349</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Kristjáns Kristinssonar hjá OHF og Ingólfs Kristmundssonar hjá Olís, dags. 14.7.2000 kl. 12:51 og 12:53.

samkeppnisstöðu OHF að bjóða viðskiptavinum upp á bætiefni í gasolíu.<sup>1350</sup> Þann 26. júlí 2000 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís framkvæmdastjórn félagsins skjal með samanburði á olíufélögunum frá 1995-1999. Í skjalinu eru bornar saman ýmsar rekstrar- og efnahagslegar upplýsingar frá félögunum. Í tölvupóstinum er skjalið útskýrt og þar segir m.a.:

*„Það hefur fengist staðfest hjá Shell að þeir færa greiðslur úr flutningsjöfnunarsjóði sem aðrar tekjur, en greiðslur í flutningsjöfnunarsjóð eru færðar með vörunotkun, en þetta skýrir að hluta af hverju aðrar tekjur hjá Shell eru svona háar og af hverju þeirra framlegð sem hlutfall af sölu er mikið lakara en hjá hinum félögunum tveimur.“<sup>1351</sup>*

Í þessu samhengi má nefna að þann 31. maí 2000 sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu og spurði hvort hann hefði náð að ræða við framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Skeljungu og fá hjá honum upplýsingar um hvar Skeljungur hefði náð mestum árangri í kostnaðarsparnaði. Framkvæmdastjórinn svaraði um hæl og kvaðst ætla að hafa samband við starfsbróður sinn hjá Skeljungu.<sup>1352</sup> Þann 27. júlí 2000 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og smásölu og fjármálasviðs hjá Olís. Með tölvupóstinum fylgdu tvö skjöl. Skjölin voru skýrð með þessum hætti í tölvupóstinum:

*„Meðfylgjandi eru tvö skjöl, annars vegar er hefðbundinn samanburður á sölu Olís og Esso undanfarna 6 mánuði, en hins vegar eru rauntölur síðustu 6 mánuði og söluáætlanir fyrir næstu 6 mánuði. ...*

*Það vekur athygli að Esso gerir ráð fyrir nokkurri söluaukningu í gasolíu á tímabilinu ágúst til september, en MÁ<sup>1353</sup> vísar í aukin umsvif verktaka sem skýringu á þessari væntu aukningu. Þá gerir Esso ráð fyrir nokkrum samdrætti í sölu á skipagasolíu og MD olíu og er það í samræmi við þróunina undanfarna mánuði. Þá gera áætlanirnar ráð fyrir um 1.000 tonna söluaukningu hjá Olís á árinu á sama tíma og spáð er soluminnkun hjá Esso upp á um 1000 tonn, en þetta er í samræmi við þróunina fyrstu 6 mánuði ársins. Esso spáir því að sala í svartolíu fari að glæðast og sagði MÁ að allar þeirra verksmiðjur væru hættar að brenna lýsi, auk þess sem einhver skip væru farinn að spyrjast fyrir um verð á svartolíu. Að lokum er áberandi*

<sup>1350</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Kristjáns Kristinssonar, Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 25.7.2000 kl. 17:00, 26.7.2000 kl. 9:59, 11:21 og 23:08 og 27.7.2000 kl. 10:03.

<sup>1351</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 26.7.2000 kl. 11:54.

<sup>1352</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 31.5.2000 kl. 15:29.

<sup>1353</sup> Magnús Ásgeirsson innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF.

*aukning í sölu á jeti hjá Esso og gera þeir ráð fyrir að sú aukning haldi áfram á sama tíma og sala Olís er að dragast saman.* <sup>1354</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að því sé ekki mótmælt að áætlanir um sölu á vissum tegundum fóru á milli olíufélaganna. OHF telji að upplýsingaskipti þau er félagið tók þátt í hafi ekki brotið gegn eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga þar sem tölurnar lúti ekki að verðlagningu eldsneytis. Einnig verði að líta til þess að þessar tölur varði einungis lítinn hluta þess eldsneytis sem olíufélagin seldu. Til að mynda hafi engar upplýsingar um sölu á bensíni verið í þessum tölum. Verði talið að um brot gegn 10. gr. samkeppnislaga hafi verið að ræða sé það minniháttar brot og verði að líta til þess, komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.

Ljóst er að framangreindar upplýsingar sem félögin hafa veitt hverju öðru teljast til viðkvæmra viðskiptalegra upplýsinga. Slík upplýsingaskipti eyða m.a. óvissu milli keppinauta. Ljóst er að upplýsingaskipti af þessum toga hafa áhrif á samkeppni og verðlagningu félaganna, sérstaklega á samanþjöppuðum fákeppnismarkaði. Er þetta liður í áframhaldandi samvinnu félaganna, sbr. einnig m.a. umfjöllun í kafla VI 6.6.

Þann 18. ágúst 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF tölvupóst til forstjóra félagsins. Í honum greinir hann frá því að tiltekinn maður hafi hringt og sagt honum frá því að Olís væri byrjað að setja upp ÓB stöð í Njarðvík. Velti framkvæmdastjórinn því fyrir sér hver ættu að verða viðbrögð OHF. Skömmu síðar sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF eftirfarandi tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda:

*„Við höfum fengið staðfest að Olís ætlar að setja upp bensín og gasolíudætur í litum ÓB stöðvanna – ekki búið að ákveða verðlagningu. Fram hefur komið að Olís er að flytja úr núverandi húsnæði þar sem ODR tekur birgðastöðina yfir.*

*Ljóst er að verðlagning úti á landi er að breytast og það er ekki umflúið að taka þátt í þeim slag ...* <sup>1355</sup>

Í þessu samhengi má horfa til tölvupóstsamskipta frá september 2000 milli forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu. Í þeim ræddu þeir möguleika á því að reisa ÓB bensínstöð í Grindavík. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu greindi frá því að hann hefði aftur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF um áform félagsins í Grindavík. Framkvæmdastjórinn hjá OHF hefði sagt frá því að

<sup>1354</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Thomasar Möller, dags. 27.7.2000 kl. 13:55.

<sup>1355</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Geirs Magnússonar, Ragnars Bogasonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 18.8.2000 kl. 13:04 og 13:40.

OHF væri komið með tanka í jörðu og ef OHF opnaði þá yrði það mannlaus stöð. Forstjóri Olís svaraði með þessum hætti:

*„Þetta voru aldeilis upplýsingar sem þú hefur eftir Heimi<sup>1356</sup> um að ef þeir opni í Grindavík verði það mannlaust. Varla færu þeir að bjóða sama verð og fyrir fulla þjónustu í mannlausri stöð og því eru þessi áform algerlega úr takt við það sem Geir<sup>1357</sup> stönglast stöðugt á um að samstaða haldist við að hafa fullt verð á landsbyggðinni án tillits til þjónustu. Ýtir enn undir að við setjum upp ÓB í Grindavík ...“*

Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði nokkrum dögum síðar með þessum hætti:

*„Við þetta er að bæta að fyrstu uppl um sjálfvirka stöð komu frá Heimi fyrir nokkrum mánuðum þegar hann nefndi við mig að þeir ættu lóðir í þetta, þám Gri og Reykjanesbraut. ... Síðan spurði ég Heimi aftur um þetta í síðustu viku og hvort ekki stæðist skl. um 21. feb 2001 og þá var eins og hann vildi draga í land með sjálfsala í Gri, ekkert ákv, hvorki sjálfs eða full þjón, ekki einu sinni hvort opnað verður.“<sup>1358</sup>*

„Skl um 21. feb 2001“ vísar til samkomulags olíufélaganna frá 21. febrúar 1996 þar sem OHF og Skeljungur skuldbundu sig í fimm ár til þess að opna ekki bensínsölu í samkeppni við Olís í Grindavík, sbr. kafla VIII 2. Í kafla VI 3.9 hér að framan er greint frá því að 15. desember 1998 hafi forstjóri OHF sent forstjóra Olís tölvupóst og óskað eftir því að á forstjórafundinum daginn eftir yrðu rædd áform Skeljungs um að reisa sjálfsafgreiðslustöð á Höfn í Hornafirði sem gæti orðið „*upphafið að lækkuðu bensínverði út á landi*“. Þetta mál var rætt á forstjórafundinum 16. desember 1998 og forstjóri Olís hefur upplýst að forstjóri OHF hafi óskað eftir stuðningi vegna þessara fyrirætlana Skeljungs en OHF hafi óttast lægra verð úti á landi. Hér má einnig líta til tölvupósts framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF til forstjóra félagsins. Í honum var m.a. fjallað um þá hugmynd að leysa rekstrarvanda bensínstöðvar á Dalvík með því að koma upp sjálfsala. Framkvæmdastjórinn taldi lausnina með sjálfsala ekki ganga upp „*þegar annar aðili þ.e. Olís er á staðnum nema bjóða afslátt og varla viljum við hefja verðstríð út á landi.*“<sup>1359</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun kemur fram að félagið kannist ekki við að hafa gefið tilefni til að haft væri eftir félaginu framangreind ummæli um fullt verð á landsbyggðinni og er því ekki kunnugt um hvaða ástæður hafi legið á bak við það að Olís hafi látið þessi orð falla. Hvað sem þessu líði bendi gögn málsins til þess að

<sup>1356</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1357</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>1358</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 14.9.2000 kl. 13:07, 15:01, 15:55 og 18:11, 17.9.2000 kl. 15:09, 19.9.2000 kl. 14:20 og 25.9.2000 kl. 13:19.

<sup>1359</sup> Tölvupóstur frá Bjarna Bjarnasyni til Geirs Magnússonar, dags. 27.3.2000 kl. 17:19 (Hs. nr. 1365).



olíufélögin hafi reist bensínstöðvar í Njarðvík og Grindavík í óþökk hvors annars árið 2000. Bendir það til þess að samkeppni hafi í raun verið milli félaganna á landsbyggðinni burtséð frá einstaka ummælum félaganna.

Framangreindur tölvupóstur forstjóra Olís frá september 2000 er ritaður þegar þessi atvik málsins áttu sér stað og án tengsla við síðari rannsókn. Telur samkeppnisráð því sönnunargildi hans ríkt, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Tölvupósturinn sýnir að mati ráðsins að félögin hafi haldið áfram á árinu 2000 að ræða verðlagningu á landsbyggðinni, sbr. þau orð forstjóra Olís að forstjóri OHF hafi „stöðugt“ lagt áherslu á „að samstaða haldist við að hafa fullt verð á landsbyggðinni án tillits til þjónustu“. Markmiðið með þessum samskiptum var að takmarka verðsamkeppni í eldsneytissölu á landsbyggðinni. Framangreind gögn sýna að öðru leyti áframhaldandi ólögmat upplýsingaskipti um viðkvæm viðskiptaleg málefni sem áhrif hafa á verðsamkeppni félaganna.

Þann 29. ágúst 2000 hittust á fundi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF og framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.<sup>1360</sup> Daginn eftir hitti framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís á fundi hjá Olíudreifingu (ODR). Hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís fundust gögn frá ODR sem dagsett eru 29. ágúst 2000 og tengjast þessum fundi. Með þeim gögnum fannst ódagsett handskrifað skjal. Eftirfarandi er skrifað á skjalið:

„Skipagas:	2,70	↑	kr/ltr
gasolía	2,50	↑	kr/ltr
bensín	0,3	↓	kr/ltr
svartolía	1,75	kr/ltr	↑
—”—	1900	kr/tonn	↑ <sup>1361</sup>

Daginn eftir breyttu öll olíufélögin verði á eldsneyti með þeim hætti sem fram kemur í skjalinu. Framkvæmdastjórinn hjá Olís hefur staðfest að rithönd hans sé á umræddu skjali. Hann muni hins vegar ekki eftir því hvenær eða hvar hann hafi skrifað þetta skjal. Hann gæti ekki skilið hvernig hann fléttaðist inn í þetta mál, þar sem málið væri utan hans verksviðs. Forstjóri Olís hefur til skýringa bent á að engin dagsetning sé á skjalinu. Væri því óljóst frá hvaða tíma það væri. Forstjórinn hefur einnig sagt að Olís hafi hvorki haft þörf né ástæðu til að fá upplýsingar frá OHF eða Skeljungu um fyrirhugaðar verðbreytingar félaganna. „Hafi Olís jafnan tekið endanlega afstöðu til verðbreytinga eftir að fyrir lágu upplýsingar um verðbreytingar frá öðru hvoru eða báðum hinna félaganna.“ Framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar bætti því við að það hafi ítrekað gerst að Olís hafi þurft að breyta verði sem félagið hafi

<sup>1360</sup> Dagbók Bjarna Bjarnasonar, færsla 29.8.2000 (Hs. nr. 1306).

<sup>1361</sup> Ódagsett skjal sem fannst hjá Jóni Halldórssyni Olís sem hefst á þessum orðum: „Skipagas: 2,70  
↑ kr/ltr“ (Hs. nr. 4319).

áður tilkynnt, og gæfi það til kynna að ekki hafi verið upplýsingaskipti milli félaganna áður en Olís tók verðákvarðanir sínar.<sup>1362</sup> Eins og fram hefur komið hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF almennt lýst því yfir að samráð hafi verið milli félaganna varðandi verðlagningu eldsneytis en dregið hafi úr slíku samstarfi eftir 1997. Framkvæmdastjórinn og forstjóri OHF hafa einnig staðhæft að samkvæmt beiðni forstjóra Olís hafi forstjóri OHF heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs að upplýsa Olís um fyrirhugaðar verðbreytingar áður en þær yrðu gerðar opinberar.<sup>1363</sup>

Við mat á trúverðugleika framangreinds framburðar Olís má m.a. hafa hliðsjón af tölvupósti sem sendur var 28. september 2000 milli yfirmanna verðlagsmála hjá Skeljungu. Efni tölvupóstsins var „*olluverð*“ og sendi forstöðumaður innkaupadeildar aðstoðarforstjóra félagsins skjal með verðupplýsingum. Í tölvupóstinum var vísað til gælunafns sem forstöðumaðurinn hafði í tölvupósti sínum frá 17. janúar 2000, sbr. kafla VI 5.1 hér að framan, notað um framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís og sagt að hann muni „*örugglega láta heyra í sér á morgun*.“<sup>1364</sup> Að mati samkeppnisráðs verður þetta ekki skilið öðruvísi en að forstöðumaðurinn hjá Skeljungu hafi talið öruggt að framkvæmdastjórinn hjá Olís myndi hafa samband daginn eftir vegna fyrirhugaðra verðbreytinga.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið þekki ekki til umrædds skjals Olís og kannist ekki við að efni þess hafi verið rætt á fundinum 30. ágúst 2000. OHF hafi tekið sjálfstæða ákvörðun um umrædda verðbreytingu, sem og oftast nær, og hafi enga samvinnu haft við keppinautana um hana. Í því tilviki sem hér um ræði hafi Olís ekki verið upplýst fyrirfram um verðbreytingar OHF.

Áður nefnt skjal framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís um verðbreytingu á eldsneyti um mánaðamótin ágúst/september 2000 fannst í möppu hans sem geymir skjöl vegna stjórnarfunda hjá Olíudreifingu og með gögnum sem tengjast fundinum 30. ágúst 2000. Þegar af þeirri ástæðu er líklegt að mati samkeppnisráðs að skjalið hafi verið ritað á umræddum fundi og höfundur skjalsins eða aðrir hafa ekki sett fram nein sjónarmið sem benda til annars. Í því sambandi má og hafa í huga að hjá Olís tíðkaðist það verklag að eftir að ákvörðun um verðbreytingu lá fyrir var m.a. öllum framkvæmdastjórum félagsins sendur nýr verðlisti með tölvupósti. Framkvæmdastjórar félagsins þurftu því ekki að handskrifa verðbreytingarnar til að hafa þessar upplýsingar hjá sér. Þetta verklag félagsins styður það að framkvæmdastjórinn hafi ritað skjalið áður en Olís tilkynnti formlega um verðbreytingar sínar. Á fundinum 30. ágúst 2000 sátu fulltrúar Olís og OHF.

<sup>1362</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1363</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>1364</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 28.9.2000.

Varðandi það að verðbreytingar á eldsneyti hafi ekki fallið undir verksvið framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda bendir samkeppnisráð á að framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar, sem ábyrgð bar á verðlagsmálum Olís, var erlendis 30. ágúst 2000.<sup>1365</sup> Líklegt er að sökum þessa hafi framkvæmdastjórinn komið að verðbreytingum um þessi mánaðamót eða annast miðlun upplýsinga vegna þessa. Þegar allt framangreint er virt saman með hinni samhliða verðbreytingu félaganna og öðru samráði á þessum tíma telur samkeppnisráð að á fundinum hafi umrædd félög ákveðið þessa verðbreytingu eða OHF gefið Olís til kynna fyrirætlanir sínar í þessum efnunum og framkvæmdastjórinn hjá Olís skráð þær hjá sér. Þetta ásamt tölvupóstinum frá Skeljungu sem sendur var 28. september 2000 lýsir samráði félaganna í verðlagsmálum á þessum tíma.

Þann 19. september 2000 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til forstjóra Olís. Í honum er greint frá því að sænskt fyrirtæki, Nynes, hafi hringt í Skeljung og greint frá því að Olís hefði óskað eftir því að gerast umboðsaðili fyrirtækisins á Íslandi. Síðan segir forstjóri Skeljungs að forstjóra Olís sé það væntanlega kunnugt að undanfarin sjö ár hafi Skeljungur verið umboðsaðili Nynes og keypt af fyrirtækinu umtalsvert magn af olíuvörum, aðallega asphalt. Í tölvupóstinum segir einnig þetta:

*„Það sem vekur furðu hjá okkur er að Olís skuli leita svo sterkt eftir að ná erlendum viðskiptasamningum, sem Skeljungur hefur haft um langan tíma. Ber þá enn og aftur nýrra við í samskiptum félaganna og má segja að fátt eitt standi eftir af þeim gömlu gildum er áður voru í heiðri höfð milli félaganna. Er það miður.“*

Jafnframt er kvartað yfir því í tölvupóstinum að Olís hafi reynt að kaupa eldsneyti án milligöngu Skeljungs af fyrirtækinu Enron í Finnlandi.<sup>1366</sup> Forstjóri Olís svaraði með tölvupósti frá 21. september 2000. Í honum segir forstjórinn að Olís hafi ekki vitað að Skeljungur hafi haft umboðssamning við Nynes um árabíl. Segir forstjóri Olís að hann geti fullvissað forstjóra Skeljungs um að Olís hefði engan áhuga á því að reyna að ná umboðum frá Skeljungu. Síðar segir í tölvupóstinum:

*„Ég verð því að segja að ég kann vandlætingartón þínum heldur illa þegar þú segir að það „veki furðu hversu STERKT Olís leiti eftir að ná erlendum viðskiptasamningum, sem Skeljungur hefur haft um langan tíma“. Næstu setningu á eftir kann ég þó enn síður að meta, enda hélt ég að samband okkar væri þannig, að þú hefðir hæglega getað sparað þau orð, með því að spyrja mig beint um þetta mál, án vandlætingar og fullyrðinga, sem eiga*

<sup>1365</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 30.8.2000 kl. 15:06.

<sup>1366</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristni Björnssyni til Einars Benediktssonar, dags. 19.9.2000 kl. 16:58.

*ekki við nein rök að styðjast. Sýnist mér að þið ættuð að líta ykkur nær með framkvæmd nýlegra munnlegra samninga og efnd á þeim.“*

Í tölvupóstinum segir forstjóri Olís einnig að gagnrýni vegna Enron komi honum á óvart og Olís hafi ekkert keypt af því fyrirtæki.<sup>1367</sup> Forstjóri Skeljungs svaraði tölvupóstinum samdægurs og vildi taka fram nokkur atriði þar sem honum fannst gæta misskilnings í tölvupósti forstjóra Olís. Í svarinu segir m.a. þetta:

*„Það hefur ekki tíðkast, að menn beri víur í umboðsaðila annars félags, amk ekki annars olíufélags. Í þessu tilviki höfum við unnið aktívt með Nynes í sjö ár. Nynes tjáir okkur að þið hafið haft samband og verið ákveðnir á eigin ágæti umfram aðra á markaðnum. Þeir hafi síðan slitið frekari umræðu. Svo mörg voru þau orð.“<sup>1368</sup>*

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að þetta meinta nána samstarf Olís og Skeljungs sé félaginu óviðkomandi og því sé ókunnugt um þessi atvik. Samstarfið sé ekki hluti af neinu heildarsamráði sem OHF sé aðili að.

Samkeppnisráð telur framangreind gögn lýsandi fyrir óeðlilega og samkeppnishamlandi samvinnu Olís og Skeljungs á þessum tíma. Þannig bregðist forstjóri Skeljungs við upplýsingum um hugsanlega nýja samkeppni frá Olís í sölu á olíuvörum með því að kvarta við forstjóra keppinautarins og vísi m.a. til þess að þessi meinta hegðun Olís sé ekki í samræmi við „*gömlu gildin*“ sem voru í „*heiðri höfð*“ milli fyrirtækjanna. Jafnframt er fullyrt að það tíðkist ekki að menn „*beri víur*“ í umboðsaðila annars olíufélags. Forstjóri Olís mótmælir ekki þessum afskiptum af samkeppnishegðun fyrirtækisins heldur fullvissar þess í stað Skeljung um að Olís hafi engan áhuga á að reyna að ná umboðum af Skeljung. Jafnframt kvartar hann yfir því að forstjóri Skeljungs hafi ekki í þessu máli snúið sér beint til hans þar sem hann hafi talið að samband forstjóranna „*væri þannig*.“ Einnig kvartar hann yfir því að Skeljungur hafi ekki efnt nýlega munnlega samninga. Þessar deilur virðast ekki hafa skaðað samvinnu félaganna, sbr. t.d. samráð þeirra varðandi afsláttarbeiðni Lögmannafélags Íslands sem fjallað verður um næst. Þessi vinnubrögð og samkeppnishamlandi samskipti Olís og Skeljungs eru hluti af og bein afleiðing af hinu samfellda samráði þeirra. Það samráð skapaði þann samskiptamáta að olíufélögin gerðu ítrekað alvarlegar athugasemdir hvert við annað þegar um var að ræða aðgerðir sem hefðu getað aukið samkeppni milli þeirra. OHF tók þátt í þessu og ýmist setti fram kvartanir eða kvörtunum var beint til félagsins. Í þessum samskiptum gerðu olíufélögin aldrei athugasemdir við þessi óeðlilegu afskipti af markaðshegðun

<sup>1367</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Kristins Björnssonar, dags. 21.9.2000 kl. 11:50.

<sup>1368</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljung. Frá Kristni Björnssyni til Einars Benediktssonar, dags. 21.9.2000 kl. 13:39.

þeirra heldur báðu eigin starfsmenn um að útskýra málið eða reyndu að réttlæta aðgerðir sínar með því t.d. að vísa til „brota“ eða samskonar aðgerða kvartandans. Jafnframt héldu félögin áfram samráði sínu þrátt fyrir þessar kvartanir. Styður þetta ótvírætt það mat samkeppnisráðs að um samfellt samráð hafi verið að ræða.

Þann 18. október 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins og greindi frá því að auka þyrfti afslátt á bensínstöðinni í Mosfellsbæ vegna afsláttar OHF. Skeljungur viti af þessu og muni afslátturinn líklega verða aukinn „*ef engar athugasemdir berast*“.<sup>1369</sup> Frekari samvinna var milli félaganna í afsláttarmálum í október 2000. Þann 23. október 2000 sendi starfsmaður félagsdeildar Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) tölvupóst til forstjóra Skeljungs. Í tölvupóstinum var farið fram á afslætti fyrir lögmennt hjá Skeljungum. Sama dag framsendi forstjóri Skeljungs þetta erindi til forstjóra Olís. Í tölvupósti forstjóra Skeljungs segir m.a. þetta:

*„Ég sendi þér hjál. til fróðleiks erindi frá LMFÍ. Við höfum aldrei ljáð máls á einhverju líku því og farið er fram á í erindinu, og mun ég svara því þannig. Mér þykir ekki ólíklegt í ljósi þess hver er stjórnarformaður í Olís, að næst verði bankað hjá ykkur. Þú veist þá okkar afstöðu.“*

Forstjóri Olís svaraði síðar sama dag. Í tölvupósti hans segir m.a. þetta:

*„Þakka aðvörunina varðandi LMFÍ og er algerlega sammála og mun afgangið málið með sama hætti ef það kemur til mín.“*

Í tölvupóstinum sagði forstjóri Olís einnig frá því „*privat*“ að þennan dag hefði verið gerður starfslokasamningur við framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá fyrirtækinu og hver myndi taka við starfi hans. Síðar sama dag framsendi forstjóri Skeljungs þessi tölvupóstsamskipti til m.a. aðstoðarforstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá fyrirtækinu með m.a. þessum orðum: „*Sendi hjál. bréfaskeipti á milli mín og EBen, sem ekki eiga að fara lengra.*“<sup>1370</sup> Aðspurður um skýringu á þessu sagði forstjóri Olís „*að eins og hann hafi áður sagt hafi Olís haft þá stefnu og fylgt lengi að bjóða ekki afslætti til félagasamtaka. Sagði hann að því væri engu við að bæta það sem hann hafi áður sagt um þessi efni.*“<sup>1371</sup>

<sup>1369</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 18.10.2000 kl. 11:15.

<sup>1370</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungum. Frá LMFÍ til Kristins Björnssonar, dags. 23.10.2000 kl. 11:06. Milli Kristins Björnssonar og Einars Benediktssonar, dags. 23.10.2000 kl. 17:33 og 19:46. Frá Kristni Björnssyni til Gunnars Karls Guðmundssonar, Margrétar Guðmundsdóttur og Rebekku Ingvarsdóttur, dags. 23.10.2000 kl. 23:56.

<sup>1371</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að þetta meinta nána samstarf Olís og Skeljungs sé félaginu óviðkomandi og því sé ókunnugt um þessi atvik. Samstarfið sé ekki hluti af neinu heildarsamráði sem OHF sé aðili að.

Augljóst er samkvæmt ofangreindum gögnum að forstjórar Olís og Skeljungs upplýstu hvorn annan um að þeir myndu hafna beiðni LMFÍ um afslátt og stilltu þannig saman viðbrögð sín í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð bendir einnig hér á að í kafla III hér að framan er rökstutt að líta ber á aðgerðir olíufélaganna þriggja í máli þessu sem samfelld samráð sem varað hafi frá gildistöku samkeppnislaga. Ekki er skilyrði fyrir því að OHF teljist þátttakandi í slíku broti að fyrirtækið hafi tekið þátt í öllum aðgerðum sem tengdust því.<sup>1372</sup> Það dugi að OHF hafi ætlað með aðgerðum sínum að ná fram hinum sameiginlega markmiði olíufélaganna og hafi a.m.k. mátt vera ljóst að hin olíufélögin myndu grípa til aðgerða í sama skyni.<sup>1373</sup> Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir ákvörðun olíufélaganna að vinna saman í því skyni að hækka álagningu og auka framlegð. Þessu átti að ná fram m.a. með því að hækka verð og minnka afslætti. Hér má einnig t.d. hafa í huga að á fundi forstjóra olíufélaganna 20. maí 1998 var ákveðið að vinna að því að draga úr afslætti og fjallað var um þessi málefni á fundum félaganna 29. október og 11. nóvember 1998, sbr. umfjöllun hér að framan. Var m.a. gert samkomulag milli olíufélaganna þriggja að veita ekki afslátt til félagasamtaka, sbr. kafla VI 3.7. OHF vann að þessari stefnumörkun, t.d. með því að kvarta yfir afslætti Olís og Skeljungs. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að OHF hafi mátt vera ljóst að Skeljungur og Olís myndu grípa til aðgerða í samræmi við sameiginlega stefnumörkun félaganna um að takmarka afslætti. Þessar aðgerðir Olís og Skeljungs varðandi afslátt til LMFÍ voru því hluti af samfelldu samráði olíufélaganna. Framangreint sýnir einnig nána samvinnu félaganna, sbr. upplýsingagjöf forstjóra Olís um breytingar innan fyrirtækisins.

Þann 24. október 2000 sendi starfsmaður OW Icebunker tölvupóst til OHF, Skeljungs og Olís. Í honum kemur fram að tiltekið útgerðarfyrirtæki skuldi OW Icebunker fjármuni vegna olíukaupa og fyrirtækið hafi ákveðið að selja ekki eldsneyti til þessa viðskiptavinar fyrr en hann hefði greitt skuldina. Óskaði hann eftir því að olíufélögin myndu leggja OW Icebunker lið með því að neita að eiga viðskipti við útgerðarfyrirtækið að sinni. Olís og Skeljungur svöruðu og lýstu yfir samþykki sínu vegna þessa.<sup>1374</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að þetta meinta nána

---

<sup>1372</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

<sup>1373</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. 204/00P *Aalborg Portland v Commission*.

<sup>1374</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Þorsteins Péturssonar Skeljungu, Ingólfs Kristmundssonar Olís, Kristjáns Kristinssonar OHF og Eiríks Valssonar OW Icebunker, dags. 24.10.2000 kl. 12:33, 13:49 og 14:08.

samstarf Olís og Skeljungs sé félaginu óviðkomandi og því sé ókunnugt um þessi atvik. Samstarfið sé ekki hluti af neinu heildarsamráði sem OHF sé aðili að.

Ljóst er samkvæmt framansögðu að Olís og Skeljungur stilltu saman viðskiptakjörum og hindruðu samkeppni að þessu leyti. Það er rangt hjá OHF að félagið viti ekkert um þetta samráð. Framangreindir tölvupóstar bera það með sér að OHF fékk sent þessa beiðni um samstilltar aðgerðir og jákvæð svör Olís og Skeljungs við henni. OHF meðtók án nokkurra fyrirvara eða mótmæla þessa tölvupósta. Fyrirtækið hafði því vitneskju um hvaða aðgerðir Olís og Skeljungur myndu að þessu leyti grípa til á markaðnum og með því að mótmæla ekki gaf OHF a.m.k. þegjandi samþykki sitt fyrir þessu samráði. Slíkar aðgerðir teljast án nokkurs efa til samstilltra aðgerða í skilningi samkeppnisréttarins.<sup>1375</sup>

Þann 27. október 2000 er bókað í tölvudagbók framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís að hann eigi fund með framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF.<sup>1376</sup> Eins og fram hefur komið báru þessir starfsmenn ábyrgð á verðlagningu félaganna á eldsneyti. Þann 1. nóvember 2000 hækkuðu öll olíufélögin verð á eldsneyti. Síðar sama dag sendi starfsmaður FÍB, f.h. svonefnds Samstarfshóps vegna olíuverðshækkana, tölvupóst til allra olíufélaganna. Var þessari hækkun mótmælt og skorað á félögin að draga hana til baka. Daginn eftir eða 2. nóvember 2000 framsendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís þennan tölvupóst Samstarfshópsins til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF.<sup>1377</sup> Engin kveðja, skilaboð eða útskýring á þessari sendingu kemur fram í tölvupóstinum. Samkeppnisstofnun hefur beðið framkvæmdastjórann hjá Olís að útskýra þetta. Í svari hans segir þetta:

*„SG kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna hann gerði þetta, en benti á að orðsendingin hafi verið stíluð á OHF almennt. Um hafi verið að ræða orðsendingu frá hagsmunasamtökum kaupenda gegn bensínverðshækkunum, sem samtökin hafi sent hverjum sem vildi, þannig að engin leyndarmál var að finna í skjalinu. Trúlega hafi hann verið á fundi með fulltrúum OHF skömmu áður og síðan sent þeim þetta til upplýsingar.“<sup>1378</sup>*

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF kveðst enga skýringu geta gefið á því hvers vegna framkvæmdastjórinn hjá Olís sendi honum þetta skeyti. Þetta hefði að hans

<sup>1375</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v. Commission* [2000] ECR II-491.

<sup>1376</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Tölvudagbók Samúels Guðmundssonar, færsla 27.10.2000.

<sup>1377</sup> Tölvupóstur frá Samúel Guðmundssyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 2.11.2000 kl. 17:04 (Hs. nr. 2403).

<sup>1378</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

mati enginn áhrif haft á verðstefnu OHF.<sup>1379</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því mótmælt að olíufélögin hafi haft samráð um þessa verðbreytingu. Óvíst sé að fundurinn 27. október 2000 hafi farið fram eða hvert efni hans hafi verið, hafi hann farið fram. Einnig telur OHF það afar hæpið að það, að hafa fengið framsendingu á tölvupósti FÍB þar sem OHF og Olís eru sameiginlega sakaðir um lögbrot, sanni á einhvern hátt að OHF hafi haft samvinnu um verðbreytingu sína við keppinauta sína.

Hvorki í dagbók framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF eða tölvudagbók framkvæmdastjórans hjá Olís er að finna færslu sem gefur til kynna að þeir hafi átt fund 2. nóvember 2000 þannig að sú skýring framkvæmdastjórans hjá Olís virðist ekki standast. Fyrst OHF eða Olís hafa ekki lagt fram nein gögn eða skýringar sem sýna að fundinum 27. október 2000 hafi verið aflýst eða frestað verður að ganga út frá því að bókunin í dagbók framkvæmdastjórans hjá Olís sé rétt og að fundurinn hafi átt sér stað. Sú staðreynd að yfirmaður verðlagsmála hjá Olís sendir yfirmanni verðlagsmála hjá OHF umræddan tölvupóst án nokkurra skýringa í tölvupóstinum felur að mati samkeppnisráðs í sér enn eina vísbendingu um samstarf félaganna í verðlagsmálum á þessum tíma, ekki síst þar sem hvorki sendandi né móttakandi tölvupóstsins hafa geta gefið trúverðugar skýringar á honum. Þetta staðfestir yfirlýsingar OHF um samstarf félaganna og gefur til kynna, ásamt fundinum 27. október 2000 og öðru samráði félaganna á þessum tíma að þau hafi haft með sér samvinnu við verðbreytinguna 1. nóvember 2000. Það er rangt hjá OHF að í tölvupósti FÍB hafi olíufélögin verið sökuð um lögbrot. Það var hins vegar skorað á þau að draga þessar verðhækkun til baka.

Þann 13. nóvember 2000 sendi starfsmaður OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu og sölustjóra á stórnotendasviði. Greindi hann frá því að viðskiptavinur á Blönduósi væri að óska eftir hærri afslætti vegna þess að hann hefði fengið tilboð frá Skeljungu. Spurði starfsmaðurinn hvort hann mætti veita þessum viðskiptavini aukinn afslátt. Sölustjórinn svaraði daginn eftir og taldi varla hægt að hækka afsláttinn og sagði síðan þetta:

*„Ég ætla að kanna málið hjá Skeljungu, hvað er á seyði.“<sup>1380</sup>*

Gögn málsins sýna að þessi starfsmaður OHF átti í reglulegum samskiptum við Skeljung og Olís vegna ólögmeats samráðs félaganna. Telur samkeppnisráð að þessi tölvupóstur sé til vitnis um áframhaldandi samvinnu milli olíufélaganna varðandi afsláttarmál eldsneytis.

---

<sup>1379</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 8.4.2002.

<sup>1380</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Kristjáns Kristinssonar, Sigurðar Bjarnasonar og Ragnars Bogasonar, dags. 13.11.2000 kl. 20:01 og 14.11.2000 kl. 8:33.



Í lok nóvember og byrjun desember 2000 komu upp deilur milli Skeljungs og Olís í tengslum við innkaup á eldsneyti. Þann 30. nóvember 2000 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til forstjóra Olís. Í upphafi tölvupóstsins fjallar forstjóri Skeljungs um samtál forstjóra Olís við aðstoðarforstjóra Skeljungs. Í því samtali hafi komið fram af hálfu aðstoðarforstjórans að Skeljungur hefði heyrt frá erlendum olíubirgjum að OHF og Olís óskuðu sérstaklega eftir því að viðkomandi birgjar ættu ekki viðskipti við Skeljung. Í samtalinu hafi einnig komið fram að forstjóri Olís hefði haldið því fram að þetta hefði ekkert með hans fyrirtæki að gera en þetta væri skoðun OHF. Í tölvupóstinum hélt forstjóri Skeljungs því hins vegar fram að það hefði verið fulltrúi Olís en ekki OHF sem hefði sett framangreinda ósk fram við hina erlendu aðila. Sagði forstjóri Skeljungs að þetta væru vonbrigði en Skeljungur ætlaði ekki að gera neitt vegna þessa þar sem þessar óskir hefðu ekki skemmt neitt fyrir fyrirtækinu. Síðan segir þetta í tölvupóstinum:

*„Þá kemur að ástæðu fyrir þessu bréfkorni til þín. Samúel Guðmundsson<sup>1381</sup> hringdi í GKG í morgunn og sagði þig hafa sagt sér frá samtalinu við GKG.<sup>1382</sup> Ástæðan fyrir samtalinu við GKG var sú að staðfesta í einu og öllu það, sem ofan greinir varðandi afstöðu Olís til sameiginlegs innflutnings með Skeljungi. Þ.e.a.s., að Olís vildi fyrir enga muni eiga nein samskipti við Skeljung í innflutningsmálum og skipti hér alls engu þó svo þar mætti augljóslega fá betri verð í flutninga og þar með hugsanlega betri verð fyrir neytendur. Samúel var jafnvel svo ákveðinn að segja við GKG “hvað varðar mig um þjóðarhag” Það er nú það.*

*GKG sagði mér af þessu nú rétt áðan ... GKG spurði Samúel að því, hvort hann gerði sér grein fyrir því, að þetta væri skýlaust brot á IV. kafla laga um Samkeppnislög, en hann fjallar um Samkeppnishömlur, sbr. 10. gr. Ennfremur hvort hann væri reiðubúinn að endurtaka þetta við Samkeppnisyfírvöld, ef þau spurðu hann eftir því. Ekki veit ég hvort mikið hafi verið um svör.“*

Síðan segir forstjóri Skeljungs að nú sé mælirinn endanlega fullur. Setur hann fram þá tillögu að félögin hætti samvinnu í innflutningi á svartolíu og öllum sameiginlegum rekstri félaganna verði hætt, hvar sem því verði við komið á landinu.<sup>1383</sup>

Ljóst er að Olís vildi ná sáttum við Skeljung. Þann 1. desember 2000 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til

<sup>1381</sup> Framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.

<sup>1382</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungs.

<sup>1383</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristni Björnssyni til Einars Benediktssonar, dags. 30.11.2000 kl. 15:32.

aðstoðarforstjóra Skeljungs og óskaði eftir því að hann myndi bjóða honum í spjall.<sup>1384</sup> Þann 7. desember 2000 átti þessi framkvæmdastjóri hjá Olís tvo fundi með starfsmönnum Skeljungs. Fyrir hádegi þann dag hitti hann forstöðumann innkaupadeildar og var fundarefnið flugvélabensín.<sup>1385</sup> Eftir hádegi hitti hann aðstoðarforstjóra Skeljungs og var á þeim fundi rætt um framangreindan ágreining félaganna. Framkvæmdastjórinn hjá Olís greindi síðar þennan sama dag forstjóra Olís frá fundinum í tölvupósti. Frá því er greint að hann hafi sagt aðstoðarforstjóra Skeljungs að þau ár sem hann hafi starfað hjá Olís hafi hann ávallt verið mjög sáttur við samskiptin við aðstoðarforstjóran og hann væri ekki sáttur við þann farveg sem samskiptin væru komin í. Síðan sagðist hann hafa farið ítrekað yfir að „*Olís hefði þá nálgun að skoða ætti með samstarf að því gefnu að við hefðum hag af því*“, en OHF hefði hins vegar verið andvíggt því. Aðstoðarforstjóri Skeljungs hafi hins vegar sagt að hann „*liti á Olís og Esso sem einn aðila og fyrst við stoppuðum ekki málið og neituðum að kaupa inn með Esso á forsendum um engan samflutning, þá værum við í hans huga jafnsekir og Esso og sennilega sekari því afstaða Esso hefði alltaf legið skýr fyrir.*“ Aðstoðarforstjóri Skeljungs var sagður hafa nefnt hugmyndir um hugsanlegt samstarf olíufélaganna, en hann sagðist þurfa að vita afstöðu OHF og Olís áður en hann kynnti þær hugmyndir. Fram kom að aðstoðarforstjórinn myndi kynna þær hugmyndir fyrir forstjóra OHF. Ef ekki næðist saman um innkaup eða samflutning myndi Skeljungur kæra það til „*réttra yfirvalda*“.<sup>1386</sup>

Þann 12. desember 2000 sendi forstjóri Olís minnisblað til forstjóra Skeljungs. Var það svar við tölvupóstinum frá 30. nóvember 2000. Í minnisblaðinu segir þetta:

*„Þú hefur sjálf sagt skilning á því, að ég hef ekki verið í skapi til þess síðustu daga að svara t-pósti þínum frá 30. nóv. sl, enda rétt hjá þér, að það andar oftast og oftast köldu í þessum bransa – aðeins spurning úr hvaða átt blæs hverju sinni. Sýnist mér þið ekki láta ykkar eftir liggja í þeim efnum.*

*En svo þögn verði ekki skilin sem samþykki vil ég aðeins koma á framfæri nokkrum athugasemdum er lúta að okkar samskiptum, sem þú sérð ástæðu til að gera athugasemd við í þínum skrifum.*

*Öllum helstu stjórnendum Olís er ljóst að ég hef það viðhorf til samkeppninnar, að Olís eigi að vera opið fyrir samstarfi/„business“, sem geti verið félagi okkar til hagsbóta, enda geri ég ráð fyrir að samkeppnin sé ekki opin fyrir samstarfi, ef hún hefur ekki einnig eitthvað fyrir sinn snúð og*

<sup>1384</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 1.12.2000 kl. 16:43.

<sup>1385</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Tölvudagbók Samúels Guðmundssonar, færsla 7.12.2000.

<sup>1386</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar, dags. 7.12.2000 kl. 19:28.

*gagnkvæmt. Þessi afstaða er óbreytt. Það er svo aðeins til að gera málið betra, ef slíkt samstarf getur einnig skilað sér til okkar viðskiptavina. Í tilefni þinna skrifa hef ég sérstaklega áréttað þetta viðhorf mitt við helstu stjórnendur félagsins. Það getur svo verið misjafnt gildismat aðila, hvenær hugsanlegt samstarf nær að uppfylla gagnkvæman hag. Þar sem aðrir koma auk þess að málum, sem hafa önnur sjónarmið getur þessi afstaða tæpast náð fram að ganga. Hygg ég að fyrir all nokkru hefði verið hætt við samflutning á svartolíu, ef ekki hefði komið til ofangreint viðhorf Olís.*

*Hvað varðar samskipti Samúels og Gunnars Karls hef ég óskað eftir því við Samúel, að hann ræði málið dýpra við Gunnar og mun það hafa verið gert.*

*Að öðru leyti hef ég ekki í hyggju að svara frekar á þessum vettvangi öðru efni í þínum skrifum. Geri ráð fyrir að þú felir viðkomandi stjórnendum þínum að taka þau mál til umræðu á sínum starfsvettvangi.*<sup>1387</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að OHF kannist ekki við þessi atvik nema að mjög litlu leyti. Þau takmörkuðu samskipti sem OHF hafi átt við hin olíufélögin á þessum tíma bendi til þess að OHF hafi ekki verið fúst til samstarfs heldur þvert á móti verið andvígt samstarfi við keppinauta sína. OHF sé því ókunnugt um flest þessi atvik og séu þau félaginu óviðkomandi. Meint náði samstarf Skeljungs og Olís sé ekki á ábyrgð OHF og ekki hluti að neinu heildarsamráði sem félagið sé aðili að.

Samkeppnisráð telur ljóst af bréfi Olís, dags. 12. desember 2000, að í kjölfar hótana Skeljungs um að slíta öllu samstarfi hefur forstjóri Olís áréttað þá skoðun við sína starfsmenn að hann hafi það „viðhorf til samkeppninnar“ að Olís eigi að vera opið fyrir samstarfi sem geti verið félaginu til hagsbóta. Þessa áréttingu á viðhorfi Olís til samkeppninnar kynnti forstjóri Olís fyrir forstjóra Skeljungs í nefndu bréfi. Telur samkeppnisráð að þessi gögn gefi til kynna hið sérstaka samband sem ríkti milli þessara fyrirtækja, sem áttu að vera sjálfstæðir keppinautar, og átti rót sína að rekja til hins samfellda samráðs þeirra. Ráðið telur einnig að sátt hafi náðst milli olíufélaganna í þessu máli. Það má ráða af því að samstarf félaganna hélt áfram. Félagin héldu t.d. áfram að flytja saman inn svartolíu og nokkrum dögum eftir að þetta bréf forstjóra Olís var ritað ákváðu olíufélögin þrjú hvernig þau myndu bregðast við samkeppni frá LÍÚ, sbr. nánar hér á eftir. Það er því í ósamræmi við þá fullyrðingu OHF að félagið hafi verið andvígt samstarfi við keppinauta sína á þessum tíma. Í því samhengi má einnig horfa á tölvupóstsamskipti milli OHF, Olís og Skeljungs 22. og 23. nóvember 2000. Í þessum samskiptum eru veittar upplýsingar um sölu á 98 oktana bensíni og

<sup>1387</sup> Minnisblað Einars Benediktssonar til Kristins Björnssonar, dags. 12.12.2000 (Hs. nr. 7074).

rætt um aðgerðir í því skyni að takmarka framboð á þessari vöru.<sup>1388</sup> Slíkt samráð um takmörkun á framboði er óhjákvæmilega til þess fallið að hafa áhrif á verð þessarar vöru og fóru þessi samskipti því gegn 10. gr. samkeppnislaga.

#### 5.10. Samráð gegn aðgerðum LÍÚ til að lækka verð

Í desember 2000 höfðu olíufélögin samráð um hvernig þau myndu bregðast við nýrri samkeppni frá LÍÚ í sölu á eldsneyti til fiskiskipa. Fyrir liggur að LÍÚ hefur um árabil gagnrýnt verðlagningu olíufélaganna á eldsneyti og talið hana óeðlilega háa miðað við verð í nágrannaríkjum. Olíufélögin hafa fjallað sín á milli um þessa gagnrýni á verðlagningu þeirra. Má sem dæmi nefna að þann 10. ágúst 1995 sendi LÍÚ samhljóða bréf til olíufélaganna þar sem því var haldið fram að forsendur væru til lækkunar á eldsneytisverði og óskað var upplýsinga um hvort ekki væri að vænta lækkunar á olíuverði til fiskiskipa á næstu dögum.<sup>1389</sup> Hjá forstjóra Olís fannst afrit af svarbréfi forstjóra Skeljungs til LÍÚ, dags. 17. ágúst 1995.<sup>1390</sup> Í bréfinu er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé svigrúm til verðlækkunar. Á bréfið hefur forstjóri Skeljungs handskrifað „Til Einars Ben. UPPKAST. Kristinn Björnsson.“ Með bréfi frá 23. ágúst 1995 hafnaði forstjóri Olís beiðni LÍÚ um verðlækkun með efnislega sömu rökum og fram koma í bréfi Skeljungs.<sup>1391</sup> Er ljóst að félögin höfðu samráð vegna þessarar óskar um verðlækkun á skipaeldsneyti. Í júní 1998 átti starfsmaður Olís samtál við forstjóra OHF og kom síðan þeim skilaboðum til hans að „SH“ hefði sent mörgum útgerðarmönnum bréf vegna olíuviðskipta og hann væri að reyna að útvega afrit af slíku bréfi.<sup>1392</sup> Hér má einnig líta til þess að forstjórar félaganna þriggja ræddu á fundi sínum 9. desember 1998 gagnrýni LÍÚ á verðlagningu þeirra og ákváðu að forstjóri OHF myndi ræða við LÍÚ um verðlagningu á eldsneyti, sbr. kafla VI 3.9.

Þann 15. júní 2000 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra Skeljungs og OHF. Greindi hann frá því að í hann hefði hringt nýr framkvæmdastjóri LÍÚ og fram hefði komið í símtalinu að framkvæmdastjórinn hefði einnig reynt að ná í forstjóra hinna félaganna en ekki tekist. Ljóst er að erindi framkvæmdastjórans hefur verið að ræða aðgerðir til að lækka verð á eldsneyti til skipa. Nánar tiltekið möguleika á afgreiðslu á eldsneyti á hafi úti. Í tölvupósti forstjóra Olís segir síðan:

*„... gaf hann upp boltann um að honum þætti ekki óeðlilegt að félögin skoðuðu þetta hugsanlega saman á forsendum Úthafsolíu ehf. Þar sem þannig var að hans hálfu komið komment um að þeim þætti ekki óeðlilegt að félögin hefðu samráð um málið lét ég koma fram að þar sem við færum með*

<sup>1388</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Magnúsar Ásgeirssonar, Reynis A. Guðlaugssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 22.11.2000 kl. 11:53 og 17:47 og 23.11.2000 kl. 8:08.

<sup>1389</sup> Bréf LÍÚ til Olís, dags. 10.8.1995 (Hs. nr. 4025)

<sup>1390</sup> Bréf Skeljungs til LÍÚ, dags. 17.8.1995 (Hs. nr. 4025).

<sup>1391</sup> Bréf Olís til LÍÚ, dags. 23.8.1995 (Hs. nr. 4025).

<sup>1392</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Ragnhildi Ólafsdóttur til Geirs Magnússonar, dags. 2.6.1998 kl. 15:30.

*formennsku í Úthafsolíu ehf., myndi ég hafa frumkvæðið að því að við hittumst til að ræða málið. Þótt ég sé þeirrar skoðunar að við ættum að flyta okkur hægt í þessu máli held ég að æskilegt væri að við hittumst fljótlega til fyrstu umræðu.*<sup>1393</sup>

Til skýringar er rétt að taka hér strax fram að í mars 1997 stofnuðu olíufélögin fyrirtækið Úthafsolíu ehf. (enska heiti félagsins var Icebunker) og var hlutverk þess m.a. dreifing og sala á eldsneyti og smurolíu til skipa á hafi úti. Áttu olíufélögin þrjú Úthafsolíu að jöfnu. Í febrúar 2000 rann Úthafsolía ehf. saman við erlendan keppinaut, O.W. Bunkers Ltd. Var stofnað nýtt fyrirtæki, OW Icebunker (OWI), sem er að jöfnu í eigu Úthafsolíu ehf. og O.W. Bunkers Ltd. Tilgangur hins nýja félags er að dreifa og selja m.a. eldsneyti til skipa á hafi úti. Fyrirtækið hefur einnig selt eldsneyti í íslenskum höfnum.

Vegna þessa erindis frá LÍÚ hittust forstjórar olíufélaganna á fundi hjá Olís 26. júní 2000.<sup>1394</sup> Fyrir þann sama dag hafði starfsmaður Skeljungs sent samkvæmt beiðni forstjóra félagsins upplýsingar til hans um verð á skipagasolíu úti á hafi. Fram kemur að verð hennar er nokkuð lægra en listaverð Skeljungs.<sup>1395</sup> Þann 6. júlí 2000 hittu forstjórar olíufélaganna framkvæmdastjóra LÍÚ og ræddu þetta mál. Forstjóri Olís greindi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu í tölvupósti frá þessum viðræðum. Fram kemur að LÍÚ hafi óskað eftir viðræðum við olíufélögin eða Úthafsolíu um hugsanlega afgreiðslu á eldsneyti til fiskiskipa innan efnahagslögsögunnar að 12 mílum eða jafnvel 4 mílum. Vildi LÍÚ að kannað yrði hvort unnt yrði að ná fram lækkingu olíuverðs með slíkri afgreiðslu úr tankskipi úti á hafi. Sagði forstjóri Olís að hann hefði staðið fyrir fundi forstjóra félaganna um málið og hefðu þeir hitt framkvæmdastjóra LÍÚ þann dag. Á fundinum hefðu olíufélögin óskað eftir nánari upplýsingum frá LÍÚ. Fram kemur að á fundinum hafi framkvæmdastjóri LÍÚ nefnt dæmi um að útgerðarmaður hafi fengið tilboð um mun lægra verð á hafi úti heldur en unnt hafi verið að fá hér á landi. Samkvæmt frásögn forstjóra Olís er ljóst að forstjórar félaganna reyndu að sannfæra framkvæmdastjóran um að verðið hér á landi væri eðlilegt. Niðurstaða fundarins var sú að olíufélögin myndu kanna þetta og að frekari viðræður myndu eiga sér stað.<sup>1396</sup>

Þann 1. september 2000 sendi framkvæmdastjóri LÍÚ tölvupóst til forstjóra olíufélaganna og spurði hvernig þessari athugun liði. Forstjóri Skeljungs framsendi þennan tölvupóst til aðstoðarforstjóra og markaðssviðs stórviðskipta hjá félaginu.

<sup>1393</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar og Kristins Björnssonar, dags. 15.6.2000 kl. 15:08.

<sup>1394</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 26.6.2000 (Hs. nr. 4002).

<sup>1395</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Þorsteini Péturssyni til Kristins Björnssonar, dags. 26.6.2000 kl. 15:06.

<sup>1396</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 6.7.2000 kl. 15:42.

Aðstoðarforstjórinn svaraði og sagði að gagnrýni LÍÚ væri ekki til þess fallin að vekja áhuga á þessu samstarfi en þetta væri mikilvægur viðskiptamannahópur og yrði því að taka á málinu með „*silkihönskum*“.<sup>1397</sup> Þann 22. september 2000 hittust fulltrúar olíufélaganna hjá Olís og ræddu málefni LÍÚ og þann 29. september hittu þeir fulltrúa LÍÚ.<sup>1398</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda hjá Olís hafði í tölvupósti til starfsbræðra sinna hjá OHF og Skeljungu boðað til þess fundar og upplýst að LÍÚ hefði sagt í símtali að samtökin væru komin með einhverjar hugmyndir um verð frá öðrum og þetta þyrftu olíufélögin að ræða.<sup>1399</sup> Þann 12. október 2000 sendi framkvæmdastjóri LÍÚ tölvupóst til forstjóra olíufélaganna og vísaði til þess að niðurstaðan á fundinum 11. október 2000 hefði ekki verið jákvæð. Taldi hann að halda þyrfti áfram á öðrum nótum og bað forstjórana um að hugleidda aðrar lausnir. Jafnframt sagði hann að nú lægi beint við að LÍÚ myndi kanna möguleika á því að eiga viðskipti við OW Icebunker vegna þessa.<sup>1400</sup> Þann 26. október 2000 sendi framkvæmdastjóri LÍÚ annan tölvupóst og sagði það koma á óvart að olíufélögin hefðu ekki svarað beiðni hans um að skoða málið frekar.<sup>1401</sup> Forstjóri Skeljungs sendi þennan tölvupóst til aðstoðarforstjóra síns og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá félaginu og sagði að hann hafi talið það standa næst Olís að svara LÍÚ. Síðan segir hann að það þurfi „*að sparka í liðið og sammælast hvað gert verði.*“<sup>1402</sup>

Forstjóri Olís hefur sagt Samkeppnisstofnun að olíufélögin hafi skoðað þessa beiðni LÍÚ og niðurstaðan hafi orðið sú að afgreiðsla á hafi úti yrði viðbót við þjónustu félaganna. Félögin hafi skipulagt starfsemi sína með hliðsjón af því að afgreiða skip í höfnum og út frá landróðrafyrirkomulagi fiskveiðiflotans. Ef félögin ættu að hefja sölu á hafi úti, yrði um að ræða viðbót við dreifingarkostnað. Olíufélögin hafi þannig gefið LÍÚ heiðarlegt svar um að sá kostur sem samtökin bentu á færi ekki vel saman við gildandi rekstrarfyrirkomulag olíufélaganna. LÍÚ hafi þá leitað til OW Icebunker, sem hafi sagt að verkefnið félli utan verksviðs félagsins.<sup>1403</sup>

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að OW Icebunker upplýsti olíufélögin um erindi LÍÚ og komu þau að ákvarðanatöku fyrirtækisins í þessu máli. Þann 9. nóvember

<sup>1397</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Arngrímssyni framkvæmdastjóra LÍÚ til Einars Benediktssonar, Kristins Björnssonar og Geirs Magnússonar, dags. 1.9.2000 kl. 10:50. Milli Kristins Björnssonar, Friðriks Stefánssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 3.9.2000 kl. 20:03 og 20:33.

<sup>1398</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar Skeljungu, færsla 22.9.2000 og 29.9.2000 (Hs. nr. 8211 g)

<sup>1399</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóni Halldórssyni til Ragnars Bogasonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 22.9.2000 kl. 13:12.

<sup>1400</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Friðriki Arngrímssyni til Einars Benediktssonar, Kristins Björnssonar og Geirs Magnússonar, dags. 12.10.2000 kl. 6:39.

<sup>1401</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Arngrímssyni til Einars Benediktssonar, Kristins Björnssonar og Geirs Magnússonar, dags. 26.10.2000 kl. 19:08.

<sup>1402</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Kristni Björnssyni til Friðriks Stefánssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 27.10.2000 kl. 9:12.

<sup>1403</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

2000 sendi framkvæmdastjóri OW Icebunker tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís og sölustjóra á stórnotendasviði hjá OHF. Í honum segir þetta:

*„I wish to inform you about some talks and meetings there has been between OWI and LIU. I know you are partly aware of this.*

*Today Mr. Fridrik Arngrimsson arrived at ... office and the pressure to provide some firm offer was so big that we had to do that. Yesterday we checked whether they had been generally contacting our competitors and obtained information that Bergen Bunkers had been contacted but refused to offer asking them to contact OWI. We also know that Malik has been asked and that they will, or maybe already have, offered. We have indications that Arktisk Marin have been asked and possibly also offered. ...*

*In light of this information and the assurance from Mr. Arngrimsson that they would go ahead to make this supply we decided to offer them the remaining cargo onboard Emma. ... By this move we hope at least to secure the business stays within the group.* <sup>1404</sup>

Bergen Bunkers, Malik og Arktisk Marin eru fyrirtæki sem aðallega selja olíu á úthafinu og eru þau keppinautar m.a. OW Icebunker. Þann 15. nóvember 2000 barst olíufélögunum annar tölvupóstur frá OW Icebunker og í honum segir þetta:

*„Friðrik J. Arngrimsson hringdi í mig áðan. Segist vilja kaupa olíu (ca 2000 tonn), til afgreiðslu „vestur af Íslandi“ við fyrsta tækifæri. ...*

*Emma kemur á A-Grænland á laugardag, að því leyti passar þetta okkur vel. Einnig er mikið óselt í skipinu, svona sala myndi því hressa upp á mannskap og afkomu. Frá (þröngum) sjónarhóli OWI er þetta ekki alsæmt.*

*OWI þarf að bjóða. Markaðsverð er 380 USD/MT eins og er (listaverð í landi 408 m.v. gengi dagsins?). ...*

*Óska eftir skjótum viðbrögðum frá ykkur (athugasemdir/samþykki). (Hvorki get né vil „ljúga/humma“ mér frest eins og í síðustu viku.* <sup>1405</sup>

---

<sup>1404</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jørgen Højgaard hjá OW Icebunker til m.a. Jóns Halldórssonar, Kristjáns Kristinssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 9.11.2000 kl. 12:59.

<sup>1405</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Eiríki Valssyni til Jóns Halldórssonar, Kristjáns Kristinssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 15.11.2000 kl. 11:37.

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís svaraði samdægurs með tölvupósti til OW Icebunker og starfsbræðra sinna hjá hinum olíufélögunum. Sagði hann að LÍÚ virtist vera komið í erfiða stöðu og framangreint benda til þess að fyrirtækið Malik hafi ekki staðið við tilboð sitt til LÍÚ frá því í síðustu viku „*enda skilst mér að á þeim bænum hafi menn orðið fremur skelkaðir þegar þeir voru spurðir hvort þetta útspil þeirra væri signal um nýtt nivó í verðlagningunni á miðunum*“. Taldi framkvæmdastjórinn að bjóða ætti LÍÚ olíuna á 380 USD/tonn.<sup>1406</sup> Ljóst er hins vegar að LÍÚ féllst ekki á þetta boð.<sup>1407</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt Olís um framangreind samskipti við erlenda keppinauta og hvort viðræður hafi átt sér stað við þessi erlendu fyrirtæki um að hindra framangreindar aðgerðir LÍÚ. Í svari Olís segir þetta:

*„JH sagði að aðdragandi að þessu máli hafi verið sá að framkvæmdastjóri LÍÚ hafi í upphafi verið á fullu að reyna að fá íslensku olíufélögin að samningaborði við sig. Þegar hann var ekki sáttur við niðurstöðuna hafi hann snúið sér til OWI. Hann hafi brugðist illur við þegar honum hafi verið tjáð að sú þjónusta sem LÍÚ sæktist eftir væri ekki í samræmi við skilgreindan tilgang OWI, sem væri að selja olíu til skipa á hafi úti, utan lögsögu Íslands. Hafi hann þá leitað til Malik. JH kvaðst þekkja ágætlega til bæði á meðal úthafssölufyrirtækja og hjá LÍÚ. Hafi hann fregnað að samtökin hafi fengið tilboð frá Malik. Hafi menn hjá OWI haft áhyggjur af því að framtak LÍÚ gæti endanlega keyrt verðstrúktúr í þessum viðskiptum niður í svaðið. EB bætti við að hann sæi ekkert óeðlilegt við það að framkvæmdastjóri OWI reyndi að fiska upp aðgerðir keppinauta sinna. Almennt kvaðst EB telja að ekkert væri tortryggilegt við viðbrögð olíufélaganna við framtaki LÍÚ, en hins vegar hafi málflutningur og framgangna LÍÚ verið óábyrg. Kvaðst hann ekki geta skilið ef samkeppnislög fælu í sér þá kröfu að olíufélögunum hafi verið óheimilt að verða við beiðni um að hitta forsvarsmenn LÍÚ og bera af sér ítrekaðar rangfærslur samtakanna.“<sup>1408</sup>*

Samkeppnisráð telur í þessu samhengi rétt að taka fram að Olís og Úthafsolía (Icebunker) höfðu áður átt viðræður við Malik um samkeppnismál. Í ágúst og september 1997 fór framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís (hann var einnig stjórnarmaður í Úthafsolíu) í ferð til Danmerkur. Í minnisblaði til forstjóra Olís greindi hann frá viðræðum við Malik. Sagði hann frá því að Malik hafi „*verið að*

<sup>1406</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Jóni Halldórssyni til Kristjáns Kristinssonar, Friðriks Stefánssonar og Eiríks Valssonar, dags. 15.11.2000 kl. 11:38.

<sup>1407</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til Geirs Magnússonar, Ragnars Bogasonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 15.11.2000 kl. 16:13.

<sup>1408</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2000.



veifa til okkar annað slagið hvítu flaggi vegna Icebunker.“. Síðan hafi hann rætt samkeppnina í sölu á olíu á úthafinu. Síðar í minnisblaðinu segir:

*„Við ræddum hugsanlega samstarfsfleti milli Malik og Icebunker. Per lagði ekki neinn dul á að þeir vildu helst hverfa aftur til samvinnunnar eins og hún var. Hann lagði jafnframt til að ef ekki næðist nein samvinna þá myndu menn reyna að ná saman um verðhækkun. Þeir hafi verið í sambandi við High Sea og telja að vilji sé á þeim bænum að reyna samvinnu af þessu tagi. ... Þeir hjá Malik leggja til að samkeppnisáðilarnir þrír hittist sem allra fyrst og reyni að ná samkomulagi.“<sup>1409</sup>*

Í desember 2000 var orðið ljóst að LÍÚ hafði náð samningum við Malik og skip frá því fyrirtæki myndi koma til landsins milli jóla og nýárs og selja íslenskum útgerðarmönnum eldsneyti. Þann 7. desember 2000 framsendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF upplýsingar um Malik frá OW Icebunker til forstjóra OHF og tók fram að hann þyrfti ekki að „*tíunda alvarleika málsins.*“<sup>1410</sup> Þann 11. desember 2000 sendi forstjóri OHF tölvupóst til sölustjórans og sagði að honum skildist að það yrði olíuskip í Vestmannaeyjum milli jóla og nýárs og spurði hverjar væru tillögur um viðbrögð. Sölustjórinn svaraði og sagði að þetta væri rétt. Framkvæmdastjóri LÍÚ hefði tilkynnt þetta á fundi með Útvegsmannafélagi Vestmannaeyja.<sup>1411</sup> Þann 13. desember 2000 sendi OW Icebunker tölvupóst til olíufélaganna og greindi þeim frá stöðu málsins. Sölustjórinn hjá OHF framsendi 14. desember 2000 þennan tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og sagði að LÍÚ hefði lofað að verðið frá Malik yrði 5 kr. lægra en listaverð OHF og nú þyrftu „*íslensku olíufélögin*“ að fara að móta afstöðu til þess hvernig þau ætli að bregðast við þessu.<sup>1412</sup> Það var gert daginn eftir.

Þann 15. desember 2000 hittust á fundi hjá OHF framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda og sölustjóri á því sviði hjá OHF. Sölustjórinn sendi sama dag tölvupóst til forstjóra OHF og var efni hans sagt vera „*Malik*“. Í tölvupóstinum lýsti hann niðurstöðu fundarins með þessum hætti:

---

<sup>1409</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar, dags. 7.9.1997 (Hs. nr. 4029).

<sup>1410</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar, Ragnars Bogasonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 7.12.2000 kl. 17:29.

<sup>1411</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Kristjáns Kristinssonar og Geirs Magnússonar, dags. 11.12.2000 kl. 15:33 og 12.12.2000 kl. 13:21.

<sup>1412</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Eiríki Valssyni hjá OW Icebunker til Jóns Halldórssonar, Kristjáns Kristinssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 13.12.2000 kl. 16:20. Milli m.a. Kristjáns Kristinssonar, Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 14.11.2000 kl. 9:07 og 11:19.

*„Niðurstaða fundar KK<sup>1413</sup>, RB<sup>1414</sup>, JH<sup>1415</sup> og FS<sup>1416</sup>: Menn haldi haus og láti þetta mál ekki trufla sig. Við höfum ekki frumkvæði að því að vekja athygli á þessu við viðskiptamenn okkar með útskýringum umfram það sem fram hefur komið áður. Menn láti ekki hafa sig út í neinn verðslag heldur haldi sínu striki og ákvarði verð um næstu mánaðamót út frá sömu forsendum og hingað til. Annað væri vatn á myllu þeirra sem segja okkur fylgja hentistefnu í verðlagningu. Við munum að sjálfsögðu fylgjast með því hverjir það eru sem munu kaupa olíu úr skipinu. Mjög líklegt er að fréttamenn muni hlaupa upp til handa og fóta þegar fréttist af skipinu og vera með uppákomu þegar farið verður að landa úr því. Talsmenn Ohf verði aðspurðir vel undirbúnir til að útskýra hvernig stendur á verðmun milli okkar listaverðs og þess verðs sem selt verður á úr skipinu. Þar gildir að sjálfsögðu að nota rökin um birgðaverð, þjónustustigið, birgðaöryggi og aðgengi að olíunni hvar sem er á landinu.“<sup>1417</sup>*

Höfundur tölvupóstsins hefur staðfest að á þessum fundi hafi fulltrúar olíufélaganna ákveðið sameiginlega að ekki væri ástæða til að bregðast við þessu framtaki LÍÚ með því að lækka verð.<sup>1418</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF hefur staðfest að olíufélögin hafi rætt saman um viðbrögð við innkomu LÍÚ. Þau hafi komist að þeirri niðurstöðu að engin forsenda hefði verið fyrir þau að lækka verð vegna þessa. Sagði hann að fyrst og fremst hefðu olíufélögin verið að kanna hvað það kostaði að selja olíu á hafi úti. Forstjóri OHF hefur sagt til skýringar að í þessu tilviki hefði „LÍÚ í reynd dregið olíufélögin saman í eins konar vinnuhóp til að fjalla um olíuverð.“<sup>1419</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís kvaðst aðspurður ekki muna eftir þessum fundi. Það hafi hins vegar legið ljóst fyrir hjá Olís að ætlunin hafi ekki verið að bregðast við þessu framtaki LÍÚ. Aðspurður um hvort olíufélögin hafi samræmt viðbrögð sín sagði framkvæmdastjórinn að „*vætanlega hafi menn kastað einhverju á milli sín, en viðhorf Olís í þessu máli hafi legið fyrir frá upphafi.*“<sup>1420</sup>

Gögn málsins gefa einnig til kynna að olíufélögin eða OW Icebunker hafi lagst gegn því að tiltekinn skipamiðlari sem unnið hafði fyrir OW Icebunker myndi starfa fyrir

---

<sup>1413</sup> Kristján Kristinsson sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF.

<sup>1414</sup> Ragnar Bogason framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF.

<sup>1415</sup> Jón Halldórsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.

<sup>1416</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>1417</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 15.12.2000 kl. 15:12.

<sup>1418</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 15.4.2002.

<sup>1419</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1420</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2000.

LÍÚ.<sup>1421</sup> Jafnframt var Olíudreifingu og OW Icebunker falið að fylgjast með því og upplýsa um hvaða útgerðir tækju olíu hjá þessum nýja keppinauti.<sup>1422</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið telji sig ekki hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga í tengslum við þetta mál. LÍÚ hafi farið fram á að viss athugun yrði gerð meðal olíufélaganna í sameiningu og við því hafi verið orðið. Því er mótmælt að slíkt falli undir efni eldra ákvæðis 10. gr. samkeppnislaga. Ennfremur sé ljóst að sjái kaupandi sér hag í því að fara fram á að tiltekin samvinna eigi sér stað meðal tiltekinna fyrirtækja, geti samstarfið ekki verið samkeppnishamlandi í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Kaupandinn ráði því hvort fyrirtæki keppi um viðskiptin. Kjósi kaupandinn ekki samkeppni um viðskipti sín sé hún í raun útilokuð. Geti samstarf því ekki verið samkeppnishamlandi þegar kaupandi óski eftir því sjálfur.

Að mati samkeppnisráðs gefa framangreind gögn skýrt til kynna að olíufélögin hafi haft með sér samvinnu um ósk samtaka viðskiptavina þeirra um aðgerðir til að lækka verð á eldsneyti til skipa á íslensku yfirráðasvæði og komist að sameiginlegri niðurstöðu. Engu breytir um lögmæti samvinnu keppinauta í verðlagsmálum þó samvinnan hafi átt sér stað vegna óska viðskiptavinarins. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga gera engan áskilnað um að brot séu framin í leyni eða gegn vilja viðskiptavina viðkomandi keppinauta.<sup>1423</sup> Ákvæðið bannar hvers konar samráð um verð og engu máli skiptir hver tilgangur þess er.<sup>1424</sup> Þessi samvinna olíufélaganna fór því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hafi olíufélögin raunverulega verið þeirrar skoðunar að samvinna þeirra í þessu tilviki hafi verið nauðsynleg eða eðlileg bar þeim að láta reyna á úrræði 16. gr. samkeppnislaga en það gerðu þau ekki.

Í kjölfar þessarar samvinnu höfðu olíufélögin samráð sín á milli og við OW Icebunker um hvaða verð það fyrirtæki myndi bjóða LÍÚ. Í tengslum við þetta var haft samband við erlenda keppinauta olíufélaganna og OW Icebunker og kannað hvað þeir hefðu gert varðandi beiðni LÍÚ um tilboð. Jafnframt var gerð athugasemd við lágt verð Malik og sá keppinautur spurður hvort það verð væri „*signal um nýtt nivó í verðlagningunni á miðunum*“. Er ekki unnt að líta öðruvísi á en að tilgangurinn með þessum samskiptum hafi verið að vinna gegn því að LÍÚ tækist með aðgerðum sínum að lækka verð. Þegar ljóst var að samkeppni frá LÍÚ var raunveruleg ákváðu olíufélögin saman að lækka ekki verð og að ákveða:

<sup>1421</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar, Ragnars Bogasonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 21.12.2000 kl. 11:45.

<sup>1422</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til m.a. Jóns Halldórssonar, dags. 22.12.2000 kl. 17:09. Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til m.a. Geirs Magnússonar, dags. 27.12.2000 kl. 10:06. Frá Eiríki Valssyni til Kristjáns Kristinssonar, dags. 29.12.2000 kl. 7:36.

<sup>1423</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-29/92 *VERENIGING VAN SAMENWERKENDE PRIJSREGELENDE ORGANISATIES IN DE BOUWNIJVERHEID and others v Commission* [1995] ECR II-289.

<sup>1424</sup> Sjá Stefán Már Stefánsson, *Samkeppnisreglur*, bls. 153.

„verð um næstu mánaðarmót út frá sömu forsendum og hingað til.“

Í þessu samhengi verður einnig að líta til þess að olíufélögin beittu hótunum til að vinna gegn því að íslenskir útgerðarmenn gætu fengið ódýrt eldsneyti í Færeyjum, sbr. kafla VI 6.5 hér á eftir. Framangreindar aðgerðir félaganna fóru einnig gegn 10. gr. samkeppnislaga og voru allar liðir í hinu samfellda samráði þeirra.

#### 5.11. Niðurstaða

Eftirfarandi tafla lýsir verðbreytingum olíufélaganna á helstu tegundum eldsneytis á árinu 2000. Í töflunni er aðeins sýnt þegar verð breytist. Auður reitur merkir því að verð viðkomandi félags á viðkomandi eldsneytistegund er óbreytt frá því að það breyttist síðast.

### **Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 2000**

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttá)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.01.2000	Olíufélagið	87,50	92,20	38,00	33,00	24,40	22.600
01.01.2000	Skeljungur	87,50	92,20	38,00	33,00	24,40	22.600
01.01.2000	Olís	87,50	92,20	38,00	33,00	24,40	22.600
01.03.2000	Olíufélagið	89,90	94,60	38,60	34,10	25,40	
01.03.2000	Skeljungur	89,90	94,60	38,60	34,10	25,40	
01.03.2000	Olís	89,90	94,60	38,60	34,10	25,40	
01.04.2000	Olíufélagið	91,90	96,60				
01.04.2000	Skeljungur	91,90	96,60				
01.04.2000	Olís	91,90	96,60				
01.05.2000	Olíufélagið	91,30	96,00				
01.05.2000	Skeljungur	91,30	96,00				
01.05.2000	Olís	91,30	96,00				
01.06.2000	Olíufélagið	94,50	99,20			25,90	
01.06.2000	Skeljungur	94,50	99,20			25,90	
01.06.2000	Olís	94,50	99,20			25,90	
01.07.2000	Olíufélagið	98,30	103,00	40,70	36,20	27,40	
01.07.2000	Skeljungur	98,30	103,00	40,70	36,20	27,40	
01.07.2000	Olís	98,30	103,00	40,70	36,20	27,40	
01.08.2000	Olíufélagið	95,00	99,70	41,50	37,50	29,00	
01.08.2000	Skeljungur	95,00	99,70	41,50	37,00	29,00	

01.08.2000	Olís	95,00	99,70	41,50	37,00	29,00	
01.09.2000	Olíufélagið	94,70	99,40	44,00	39,50	31,70	24.500
01.09.2000	Skeljungur	94,70	99,40	44,00	39,50	31,70	24.500
01.09.2000	Olís	94,70	99,40	44,00	39,50	31,70	24.500

### **Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti á árinu 2000**

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afslátta)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.10.2000	Olíufélagið	96,60	101,30	49,90	45,40	34,40	27.960
01.10.2000	Skeljungur	96,60	101,30	49,90	45,40	34,40	28.000
01.10.2000	Olís	96,60	101,30	49,90	45,40	34,40	28.000
01.11.2000	Olíufélagið	98,00	102,70	51,50	47,00	37,70	29.360
01.11.2000	Skeljungur	98,00	102,70	51,50	47,00	37,70	29.400
01.11.2000	Olís	98,00	102,70	51,50	47,00	37,70	29.400
01.12.2000	Olíufélagið	96,00	100,70				30.060
01.12.2000	Skeljungur	96,00	100,70				30.100
01.12.2000	Olís	96,00	100,70				30.060

Framangreind tafla sýnir mikið samræmi í verðbreytingum olíufélaganna á árinu 2000. Verðbreytingarnar voru í nær öllum tilvikum hinar sömu og áttu sér stað á sama degi.

Samkeppnisráð hefur hér að framan gert grein fyrir miklum samskiptum olíufélaganna og umtalsverðri samvinnu um verðlagsmál vegna eldsneytis á árinu 2000. Rétt er hér að árétta að OHF hefur staðfest að olíufélögin hafi átt í samvinnu um verðlagsmál á árinu 2000 en félögin hafi eftir 1997 „*ekki ræðst eins oft saman og áður*“. Sambandið við Olís hafi hins vegar verið nánara en við Skeljung að þessu leyti eftir 1997 þar sem forstjóri OHF hafi að beiðni forstjóra Olís heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa Olís um verðákvæðanir OHF áður en þær voru birtar opinberlega. Samkvæmt OHF gegndi Olís eftir 1997 jafnframt ákveðnu milliliðahlutverki gagnvart Skeljungi. Þannig hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF upplýst að honum væri kunnugt um dæmi þess að upplýsingar sem Olís fékk frá OHF um fyrirhugaðar verðbreytingar hafi borist til Skeljungs. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF, sem hóf störf 1998, hefur upplýst að hann hafi átt marga fundi á hverju ári með Olís og Skeljungi og á þeim fundum hafi umræður oft þróast út í verðlagningaráform. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF, sem einnig hóf störf 1998, kveðst hafa haft á tilfinningunni að samtöl ættu sér stað milli olíufélaganna um verðlagsmál. Fyrir liggja upplýsingar frá OHF þar sem

fram kemur að innkaupastjóri eldsneytis hjá félaginu átti daglega samskipti við yfirmenn verðlagsmála hjá Olís og Skeljungu.<sup>1425</sup>

Samkeppnisráð telur hér einnig gagnlegt að rifja upp að Olís hefur sagt að fram á mitt ár 1997 hafi meginreglan verið sú að olíufélögin hefðu samvinnu í tengslum við verðbreytingar. Vorið 1997 hafi nýr maður tekið við verðlagningarmálum hjá félaginu og eftir það hafi slíkum samskiptum „*að mestu*“ verið hætt. Við þessi mannskipti hafi sérstaklega verið rætt um að breyta þessu eldra verklagi og forðast samskipti við hin félögin um verðlagsmál. Þessi starfsmaður Olís hafi hins vegar verið í miklum samskiptum við hin félögin í tengslum við sameiginleg innkaup á eldsneyti og á þeim fundum hafi félögin yfirleitt reynt „*að fiska*“ hvert annað um verðlagningaráform. Forstjóri Olís kveðst ekki kannast við að hafa óskað eftir því við OHF að fá að vita um fyrirhugaðar verðbreytingar þess félags og kveðst ekki skilja hvaða gagn Olís ætti að hafa af því. Umfjöllunin hér að framan sýnir hins vegar að þessi staðhæfing Olís um grundvallarbreytingu á eðli þessa samstarfs á árinu 1997 fær ekki staðist.

Jafnframt verður að horfa hér til framburðar framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís sem starfaði hjá félaginu frá árinu 1991 til ársloka 2000. Hann bar ábyrgð á verðlagningu eldsneytis fram á árið 1997 en eftir það hafi hann verið staðgengill í verðlagsmálum. Í málinu liggja fyrir gögn sem staðfesta að þessi framkvæmdastjóri Olís kom að verðlagsmálum á árunum 1997–2000.<sup>1426</sup> Framkvæmdastjórinn hefur í fyrsta lagi staðfest að olíufélögin hafi átt í reglubundnu samstarfi í verðlagningarmálum á meðan hann hafi borið ábyrgð á málaflokknum. Hann hefur einnig greint frá því að hann viti að á tímabilinu 1997–2000 hafi ekkert breyst í þessu samstarfi félaganna. Í því sambandi hefur hann m.a. bent á að þegar hann sinnti verðbreytingum í forföllum hafi yfirmaður verðlagsmála hjá Olís jafnan tjáð honum að búið væri að ræða við OHF og Skeljung og að félögin væru sammála um tilteknar verðbreytingar. Framangreind umfjöllun um atvik á árinu 2000 staðfestir þetta.

Hafa verður í huga að gögn málsins sýna að olíufélögin gripu til aðgerða til að leyna ólögmetu samráði þeirra, sérstaklega á árunum frá og með 1997.

Einnig höfðu olíufélögin samráð á árinu 2000 varðandi t.d. verðlagningu á gasi og smurolíu og sölu til erlendra skipa. Þegar þessar verðbreytingar eru skoðaðar með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft með sér víðtækt samráð um verðbreytingar á eldsneyti á árinu 2000.

---

<sup>1425</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Skjal frá 2001 með yfirskriftinni „*Fulltrúi forstjóra Skipurit*“ (BBSKI.doc).

<sup>1426</sup> Sjá t.d. eftirfarandi afritaðan tölvupóst frá Olís. Milli Kristjáns B. Ólafssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 30.3.1999 kl. 16:37, 30.6.1999 kl. 10:20 og 2.10.2000 kl. 15:33.

Auk þessarar reglubundnu samvinnu í tengslum við verðbreytingar eldsneytis sýnir framangreind umfjöllun m.a. þetta varðandi atvik á árinu 2000:

- Olíufélögin fjölluðu um aðgerðir til að minnka afslátt sem var veittur í sjálfsafgreiðslu/ómönnuðum stöðvum.
- Olíufélögin settu fram tilmæli í því skyni að leyna samskiptum félaganna sem tengjast m.a. verðlagsmálum.
- Olíufélögin höfðu samstarf vegna óskar SR-mjöls um afslátt.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag sitt frá 1998 um að hækka verð á gasolíu til landnotkunar.
- Olíufélögin gerðu athugasemdir hvert við annað vegna tilboða til fyrirtækja eða veitingu afsláttar.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að keppa ekki vegna tímabundinna tilboða.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag sitt um afsláttarkerfi fyrir bílaflota (1-2-3 kerfið).
- Olíufélögin skiptust á viðkvæmum viðskiptaupplýsingum.
- Olís og OHF fjölluðu um aðgerðir til að vinna gegn því að verð lækkaði á landsbyggðinni.
- Olís og Skeljungur stilltu saman viðbrögð sín vegna beiðni LMFÍ um afslátt.
- Olíufélögin höfðu með sér samvinnu gegn aðgerðum LÍÚ til að lækka verð.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið staðfesta að háttsemi þess kunnri að einhverju leyti að hafa brotið gegn kröfum 10. gr. samkeppnislaga í tengslum við verðlagningu á eldsneyti árið 2000. Hins vegar sé um mjög takmörkuð tilvik að ræða og sú mynd sem dregin sé upp í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar sé röng. Hið rétta sé að samstarf OHF við hin olíufélögin hafði minnkað mjög jafnt og þétt frá gildistöku samkeppnislaga og hafi það heyrt til undantekninga ef samkomulag hafi náðst á árinu 2000. Ekki sé sérstök þörf á að fjalla aftur um rökstuðning Samkeppnisstofnunar. Einstaka setningar forstjóra OHF og Olís séu gripnar á lofti, slitnar úr samhengi og af þeim dregnar hinar alvarlegustu ályktanir. Að auki sé alveg ljóst að einstök ummæli einstakra starfsmanna einstakra fyrirtækja þar sem þeir lýsi því hvernig þeir hafi almennt skynjað margra ára gamla atburði eða ástand, nægi hvorki til þess að sanna einstök brot né meint heildarsamráð olíufélaganna.

Í umfjöllun um atvik á árinu 2000 hefur verið fjallað um athugasemdir OHF um einstök tilvik. Niðurstaðan er sú að ekkert í málflutningi OHF er til þess að fallið að breyta því mati samkeppnisáðs að gögn málsins sanni yfirgripsmikið ólögmett samráð olíufélaganna á þessum tíma. Framangreind almenn mótmæli OHF geta ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

## 6. Samráð um verðlagningu eldsneytis á árinu 2001

### 6.1. Atvik frá janúar til mars 2001

Þann 2. janúar 2001 er eftirfarandi skráð í dagbók framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu:

„*Jón Halld.*<sup>1427</sup>

- *v/ uppgjóra*
- *v/ Malik*
- *v/ Þórunn Sveinsd.*<sup>1428</sup>

Malik er erlenda fyrirtækið sem annaðist olíuinnflutning fyrir LÍÚ í árslok 2000, sbr. kafla VI 5.10. Þórunn Sveinsdóttir er skip sem var í viðskiptum við Olís en á grundvelli útboðs í desember 2000 hóf útgerð þess viðskipti við Skeljung, sbr. kafla VI 5.7. Telja verður miðað við fyrri framgöngu Olís að fyrirtækið hafi á þessum fundi m.a. viljað gera athugasemdir við þetta tilboð Skeljungs. Samkeppnisráði er ekki ljóst til hvaða uppgjors er verið að vísa í þessu gagni Skeljungs. Daginn eftir átti framkvæmdastjórinn bókaðan annan fund hjá Olís.<sup>1429</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið viti ekkert um þessi samskipti og þau séu félaginu óviðkomandi. Samkeppnisráð bendir hér á að OHF átti samráð við Olís og Skeljung vegna hinnar nýju samkeppni frá Malik f.h. LÍÚ. Kvartanir yfir tilboðum eða afslætti til viðskiptavina olíufélaganna voru hluti af reglubundnu verklagi þeirra í framkvæmd á hinu samfellda samráði þeirra, sbr. umfjöllun hér að framan.

Þann 3. janúar 2001 greindi innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF frá upplýsingum sem hann hafði fengið frá Olís um áætlað umfang viðskipta Olís við flugfélagið Atlanta. Þann 9. janúar 2001 greindi innkaupastjórinn hjá OHF frá því að Skeljungur hefði á fundi fjallað um innkaup fyrirtækisins á svartolíu og skipagasolíu. Nánar verður fjallað um þetta í kafla VI 6.6 hér á eftir en þetta lýsir samskiptum milli félaganna og upplýsingaskiptum um atriði sem áttu að hafa áhrif á samkeppni milli félaganna.

Þann 9. janúar 2001 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu:

„*Ég viðraði í dag þá hugmynd við MÁ<sup>1430</sup> og Reyni<sup>1431</sup> að Icebunker yrði selt á meðaltali nokkurra daga, gegn því að fyrirfram yrði samið um magn og afhendingardaga sem þá yrði bindandi fyrir báða aðila, auk þess sem*

<sup>1427</sup> Jón Halldórsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.

<sup>1428</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 2.1.2001 (Hs. nr. 8219).

<sup>1429</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar hjá Skeljungu, færsla 3.1.2001 (Hs. nr. 8219).

<sup>1430</sup> Magnús Ásgeirsson innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF.

<sup>1431</sup> Reynir A. Guðlaugsson forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu.



*premian yrði hækkuð. Ég talaði svo við Gunnar Karl<sup>1432</sup> áðan, ég heyrði ekki annað á honum en þetta væri fyrirkomulag sem Shell gæti sætt sig við, en það er að sjálfsögðu eftir að klára að útfæra þetta. Ég hef ekki heyrt meira frá Esso.*<sup>1433</sup>

Samkvæmt þessum tölvupósti hafa Olís, OHF og Skeljungur haft með sér samráð um verð á eldsneyti til OW Icebunker. Þann 10. janúar 2001 átti framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF fund með framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.<sup>1434</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið mótmæli því ekki að hafa rætt við hin olíufélögin um verðlagningu eldsneytis sem selt var til OW Icebunker. Það félag sé í eigu olíufélaganna og hafi starfað á öðrum markaði en þau. Félagið mótmælir því að eigendur fyrirtækis geti ekki ákveðið í sameiningu af hverjum fyrirtæki þeirra kaupir eldsneyti og á hvaða verði. Sé því ekki um brot á 10. gr. samkeppnislaga að ræða í þessu tilviki.

Að mati samkeppnisráðs sýna gögn þessi áframhaldandi samráð olíufélaganna um verðlagningu á eldsneyti sem selt var OW Icebunker. Líklegt er að slíkt samstarf hafi stutt við annað samráð félaganna í verðlagsmálum á þessum tíma. Samkeppnisráð getur ekki fallist á þá skoðun OHF að þetta verðsamráð olíufélaganna hafi ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Ráðið bendir hér á að sú staðreynd ein og sér að keppinautar eigi saman fyrirtæki heimilar þeim ekki að ákveða sameiginlega verð á vöru sem viðkomandi fyrirtæki kaupir af þeim. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga banna allt verðsamráð milli keppinauta, alveg án tillits til forsendna eða markmiða slíks samráðs. Ef olíufélögin töldu slíkt verðsamráð nauðsynlegt vegna samskipta við sameignarfélag sitt var þeim í lófa lagið að láta reyna á undanþáguákvæði 16. gr. samkeppnislaga, sem þau gerðu ekki. Jafnframt er það rangt hjá OHF að OW Icebunker hafi alfarið starfað á öðrum markaði en olíufélögin. Það félag seldi einnig eldsneyti til viðskiptavina í íslenskum höfnum í samkeppni við olíufélögin. Til stuðnings má nefna tilvik í júlí 2000 þar sem olíufélögin gagnrýndu OW Icebunker harkalega fyrir að hafa selt eldsneyti til herskipa og skemmtiferðaskipa sem stödd voru hér á landi á verði sem var undir því sem kallað var „viðmiðunarverð“ og rætt var um aðgerðir til að stöðva þessa samkeppni.<sup>1435</sup> Í júlí 2001 var rætt um samkeppni frá OW Icebunker í olíusölu á Eskifirði og deilur milli Olís og OHF tengdar því.<sup>1436</sup>

<sup>1432</sup> Gunnar Karl Guðmundsson aðstoðarforstjóri Skeljungs.

<sup>1433</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 9.1.2001 kl. 17:27.

<sup>1434</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Tölvudagbók Samúels Guðmundssonar, færsla 10.1.2001.

<sup>1435</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar, dags. 27.7.2000 kl. 15:25 og 15:34. Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Friðriks Stefánssonar, Jóns Halldórssonar, Kristjáns Kristinssonar, Þorsteins Péturssonar og Kristins Björnssonar, dags. 13.7.2000 kl. 12:32 og 14:40, 17.7.2000 kl. 1:48 og 18.7.2000 kl. 10:57.

<sup>1436</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Þorsteini Péturssyni til Friðriks Stefánssonar, dags. 26.7.2001 kl. 9:07.

Samkvæmt dagbók forstjóra OHF hefur hann þann 29. janúar 2001 átt fund með forstjóra Olís.<sup>1437</sup> Þann 1. og 9. febrúar 2002 hittust framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá félögunum þremur á fundi.<sup>1438</sup> Forstöðumaður innkaupadeildar Skeljungu var á fundi hjá OHF þann 5. febrúar 2000.<sup>1439</sup> Forstjórar olíufélaganna hittust síðan á fundi 12. febrúar 2001.<sup>1440</sup> Fulltrúar olíufélaganna hittust daginn eftir á fundi hjá OHF til að ræða málefni OW Icebunker.<sup>1441</sup> Þann 23. febrúar 2001 fór sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF á fund hjá Olís.<sup>1442</sup> Sýnir þetta mikil samskipti félaganna á þessum tíma.

Þann 21. febrúar 2001 sendi forstjóri Þorbjarnar Fiskaness í Grindavík tölvupóst til forstjóra Olís. Greindi hann frá því að honum hefði verið falið að hafa samband við helstu viðskiptaaðila fyrirtækja í Grindavík og óska eftir stuðningi þeirra við knattspyrnuuppbyggingu á staðnum. Var óskað eftir því að stuðningurinn yrði í formi hlutafjárframlags í nýtt félag um þetta málefni. Forstjóri Olís svaraði og sagðist fyrir góðra manna orð tilbúinn að skoða þetta. Lagði hann til að haft yrði samband við framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu og stórnotenda hjá Olís. Forstjóri Olís sendi þennan tölvupóst til umræddra framkvæmdastjóra félagsins. Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu segir m.a. að forstjórinn og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda verði að ákveða hvort viðskiptahagsmunir krefjist þess að Olís geri eitthvað. Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda segir m.a. þetta.

*„Það er spurning hvort við ættum ekki að stilla viðbrögð okkar af í samræmi við Skeljung. Það verður trúlega sótt á þá líka og til að missa þetta ekki í kapphlaup um vinsældir hjá Þorbirni tel ég að við ættum að ihuga hvað hinir hafa hugsað sér. ... Mín skoðun er að við ættum að reyna komast hjá þessu hlutafjárframlagi og stilla öðrum stuðningi saman við Skeljung.“<sup>1443</sup>*

Ljóst er að Olís hefur skoðað þessa beiðni um stuðning í samhengi við viðskiptahagsmuni sína gagnvart Þorbirni Fiskanesi. Í því samhengi hefur Olís viljað hafa samráð við Skeljung til að forðast samkeppni um „vinsældir“ hjá þessum viðskiptavini. Olís ræddi skömmu síðar við OHF um ýmis samkeppnismál. Var og rætt um íþróttastuðning í Grindavík. Þetta má ráða af tölvupósti framkvæmdastjóra

<sup>1437</sup> Dagbók Geirs Magnússonar hjá OHF, dags. 29.1.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1438</sup> Dagbók Margrétar Guðmundsdóttur hjá Skeljungu, færsla 1.2.2001 og 9.2.2001 (Hs. nr. 7308).

<sup>1439</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til skiptiborðs, dags. 5.2.2001 kl. 8:50.

<sup>1440</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 12.2.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1441</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Tölvudagbók Bjarna Bjarnasonar, færsla 13.2.2001.

<sup>1442</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Tölvudagbók Kristjáns Kristinssonar, færsla 23.2.2001.

<sup>1443</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Eiríks Tómassonar, dags. 21.2.2001 kl. 10:05 og 14:51. Milli Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 21.2.2001 kl. 16:06 og 16:12.

markaðssviðs smásölu hjá Olís til m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda. Efni tölvupóstsins var sagt Grindavík og hljóðar hann svo:

*„Esso er með 2 kr. í sjálfsafgreiðsluafslátt  
Þeir hafa tekið 500 þús í styrk til Grindavíkursports, sama og fyrri ár,  
verður ekki hækkað.  
Annað að heyra frá þeim:  
Þeir verða með payatpump sjálfsala í Borgartúninu.  
Þeir eru tilb. að undirrita 3ja félaga samninginn.  
Þeir vilja nýja umræðu um að hætta fullri þjónustu.  
Þeir vilja umræður um samstarf í tölvumálum.“<sup>1444</sup>*

Ljóst er að í þessu samtali hefur OHF veitt Olís upplýsingar um að fyrirtækið myndi ekki veita frekari styrki vegna íþróttamála í Grindavík. Jafnframt hafa OHF og Olís rætt saman um sjálfsafgreiðsluafslátt og OHF veitt upplýsingar um viðkvæm samkeppnisleg atriði. Einnig hefur OHF lýst yfir vilja til samstarfs um að draga úr þjónustu við viðskiptavini og raska þar með samkeppni. Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um þessi upplýsingaskipti milli félaganna. Í svari hans segir þetta:

*„EB kvaðst ekkert draga undan í því að upplýsingaskipti olíufélaganna hafi verið óeðlilega mikil. Þarna hafi einfaldlega verið að verki sú „kemía“ í samskiptum félaganna sem hann hafi áður lýst. Varðandi samskipti TM við starfssystur sína hjá Skeljungu bættist við að þau væru skólasystkin og hafi það markað samskipti þeirra. Þessum samskiptamáta félaganna hafi því miður ekki tekist að breyta þegar samkeppnislög tóku gildi, enda hafi Samkeppnisstofnun, sem byggi yfir meiri þekkingu á rekstri olíufélaganna en flestir aðrir utanaðkomandi aðilar, ekkert frumkvæði haft að olíufélögin breyttu samskiptamáta sínum.“<sup>1445</sup>*

Eins og áður sagði hafa OHF og Olís samkvæmt framangreindum tölvupósti rætt um sjálfsafgreiðsluafslátt. Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF um þennan tölvupóst Olís og fleiri gögn sem tengjast samskiptum olíufélaganna þriggja varðandi afsláttarmál og hvort þau gögn gefi ekki til kynna að olíufélögin hafi á árinu 1998 tekið sameiginlega ákvörðun að standa gegn vaxandi kröfum viðskiptavina félaganna. Hafi þetta verið liður í að treysta framlegð félaganna. Í svari OHF segir þetta:

*„GM kvaðst minnst þess að í framhaldi af því að verðlagning á eldsneyti var gefin frjáls hafi stjórnendur olíufélaganna almennt verið hræddir og*

<sup>1444</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til m.a. Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 24.2.2001 kl. 15:47.

<sup>1445</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

*taugaveiklaðir vegna vaxandi krafna frá viðskiptavinum um afslætti. Hann teldi þó að í meginatriðum hafi þessi mál þróast eðlilega á markaðnum. OHF hafi tekið upp safnkort sitt og jafnframt þróað afsláttarkerfi fyrir stærri viðskiptavini. Þetta hafi félagið gert á eigin forsendum. Þá kvaðst GM ekki kannast við 1-2-3 afsláttarkerfið, sem lýst væri í skjölum frá Olís. BB kvaðst sömuleiðis ekki kannast við þetta kerfi. GM sagði að olíufélögin hefðu rætt sín á milli um afsláttarmál. GM sagði hins vegar að á þessu stigi gæti hann ekki sagt hvort einhver almenn samþykkt eða óskrifað samkomulag hafi verið gert milli olíufélaganna um afsláttarmál. Hann yrði að fá að hugleiða það betur og gæti væntanlega svarað því síðar.*<sup>1446</sup>

Ekki hafa borist frekari upplýsingar um þetta frá forstjóra OHF. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram varðandi framangreind samskipti olíufélaganna að umræður um gjafir til íþróttafélaga séu málefni sem heyri ekki undir bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga, þar sem slíkar gjafir varði ekki sölu vara á samkeppnismarkaði.

Samkeppnisráð bendir hér á að framangreind gögn lýsa áframhaldandi ólögmætu samráði varðandi afslætti á eldsneyti og um að draga úr þjónustu við viðskiptamenn félaganna. Jafnframt fara umrædd upplýsingaskipti um aðgerðir á markaðnum gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samskiptin varðandi styrki til íþróttamála í Grindavík eru lýsandi fyrir það andrúmloft sem ríkti í hinu samfellda samráði félaganna þar sem félögin voru ávallt reiðubúin til samræðna eða samstarfs um nánast öll atriði sem með beinum eða óbeinum hætti gátu haft áhrif á samkeppni milli þeirra. Er þetta tilvik sérstaklega nefnt hér til að varpa ljósi á þetta eðli samstarfs olíufélaganna. Einnig má benda á að styrkurinn til íþróttamála í Grindavík gat tengst samkeppni á milli félaganna á beinan hátt. Fyrir liggur að Þorbjörn Fiskanæs var a.m.k. mögulegur viðskiptavinur allra félaganna og augljóst að styrkurinn gat haft áhrif á viðskiptasamband við það fyrirtæki. Í ljósi þessa ber að virða ummæli Olís um samráð Skeljungs og láta ekki leiða sig í „*kapphlaup um vinsældir*“.

Þann 5. mars 2001 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til aðstoðarforstjóra félagsins og greindi frá því að hann hefði heyrt að SR-mjöl væri að „*hnippa*“ í hin olíufélögin varðandi afslátt á svartolíu og spurði hvort hann hefði heyrt frá SR-mjöli. Aðstoðarforstjórinn svaraði og kvaðst ekkert hafa heyrt. Jafnframt spurði hann hvort SR-mjöl væri ekki enn með tiltekinn afslátt. Framkvæmdastjórinn svaraði þeim tölvupósti og staðfesti að SR-mjöl væri enn með þennan afslátt. Framkvæmdastjórinn greindi einnig frá því að hann ætti fund með hinum olíufélagunum síðar þennan dag og hann myndi fara yfir þetta afsláttarmál SR-

<sup>1446</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

mjöls með þeim.<sup>1447</sup> Samkvæmt tölvudagbók sölustjóra á stórnotendasviði hjá OHF var hann skráður á fund hjá Olís kl. 16:00 þennan dag.<sup>1448</sup>

Í athugasemdum OHF segir að félaginu sé ekki ljóst hvað átt sé við með framangreindu „hnippi“, hvort meint hnipp hafi átt að beinast að OHF eða hvaðan Skeljungur fékk upplýsingar um meint hnipp. OHF staðfesti að hafa átt fund með Olís þennan dag en fullyrðir enn fremur að félagið hafi ekki rætt um málefni SR-mjöls á fundinum. Verði því að mótmæla þeirri staðhæfingu Samkeppnisstofnunar að þessi atvik sýni áframhaldandi samstarf olíufélaganna varðandi afslátt til SR-mjöls sem rangri og ósannaðri.

Orðalag og efni framangreindra tölvupósta ber að mati samkeppnisráðs augljóslega með sér að Skeljungur hafði upplýsingar um að SR-mjöl væri að biðja hin félögin um afslátt og þess vegna hafi framkvæmdastjórinn hjá félaginu ákveðið að ræða þetta mál við keppinauta sína. OHF hefur ekki sett fram nein rök eða lagt fram gögn sem gefa ótvírætt til kynna að framkvæmdastjórinn hjá Skeljungi hafi ekki staðið við yfirlýsingu sína sem hann gaf aðstoðarforstjóra félagsins um að hann myndi ræða þetta mál við Olís og OHF. Verður því að telja líklegt að framkvæmdastjórinn hafi efnt þetta. Hér verður einnig að hafa í huga að olíufélögin höfðu á árinu 2000 haft með sér verðsamráð varðandi beiðni SR-mjöls um afslátt, sbr. kafla VI 5.2 hér að framan. Líta verður jafnframt til þess að í kafla VIII 6 er gerð grein fyrir áralangri ólögumætri markaðsskiptingu olíufélaganna varðandi viðskipti við SR-mjöl. Til grundvallar því samráði lá m.a. samningur frá október 1996 og í þeim samningi ákváðu olíufélögin sameiginlega verð og afslátt á svartolíu til SR-mjöls og skuldbundu sig til að endurskoða hann ef tiltekna breytingar yrðu á verði svartolíu. Þessi samningur var í gildi á árinu 2001. Þegar þetta er allt virt telur samkeppnisráð að gögn þessi sýni áframhaldandi ólögumætt samráð félaganna varðandi afslátt til SR-mjöls.

Þann 7. mars 2001 sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís. Umfjöllunarefni tölvupóstsins voru tiltekna auglýsingar OHF og sagði sölustjórinn að honum skildist að það væri „ólund“ í Olís út af þessum auglýsingum. Sölustjórinn setti síðan fram rök fyrir málstað OHF.<sup>1449</sup> Er þetta enn eitt dæmið um samskipti milli félaganna um málefni sem tengjast samkeppni milli þeirra og sýnir áframhaldandi samstarf þeirra.

---

<sup>1447</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Friðriks Stefánssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 5.3.2001 kl. 9:09 og 9:34.

<sup>1448</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Tölvudagbók Kristjáns Kristinssonar, færsla 5.3.2001.

<sup>1449</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til Thomasar Möller, dags. 7.3.2001 kl. 9:33.

Þann 13. mars 2001 hittust forstjórar Olís og OHF á fundi og samkvæmt bókun í dagbók forstjóra Olís var eitt af umræðuefnum þeirra „verð“.<sup>1450</sup> Þann 14. mars 2001 hittust á fundi hjá Skeljungu framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá félögunum þremur.<sup>1451</sup> Þann 14. og 20. mars 2001 var forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungu á fundi hjá OHF.<sup>1452</sup> Í kjölfar þessara funda sendi innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF þann 27. mars 2001 tölvupóst til forstöðumanns innkaupasviðs hjá Skeljungu. Í honum sagði þetta:

*„Ég er búinn að biðja okkar dreifingarmenn að sýna aðgát og aðhald í dreifingu á svartolíu næstu tvo mánuði fram að skipi og bið þig að gera það svo við getum lifað þetta af.“*

Forstöðumaðurinn hjá Skeljungu svaraði og sagðist ætla að ræða við sína menn og minntist á hugsanlegt verkfall.<sup>1453</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að þarna hafi stefnt í það að svartolía í landinu yrði uppurin áður en næsti skipsfarmur kæmi. OHF staðfesti að hafa haft af þessu nokkrar áhyggjur, enda gæti svartolíuskortur haft verulega slæmar afleiðingar fyrir atvinnurekstur í landinu. Hafi OHF því beðið Skeljung að hjálpa sér í því að láta svartolíuna í landinu duga fram að næstu sendingu í þetta skiptið. Ef þessar aðgerðir hafi brotið gegn kröfum samkeppnislaga vilji OHF að tekið verði tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem hér hafi verið uppi, komi til ákvörðunar sekta í málinu. Hér sé um einstakt afmarkað tilvik að ræða en ekki háttsemi sem hafi verið hluti af reglubundnu mynstri.

Að mati samkeppnisráðs sýnir þetta að samstarf félaganna um innflutning á svartolíu hafi einnig haft áhrif á eða náð til framboðs þessarar vöru á markaðnum. Með framangreindu höfðu Skeljungur og OHF samráð um að takmarka framboð á þessari vöru og fór það gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð ítrekar að fyrirtækjum ber að láta reyna á úrræði 16. gr. samkeppnislaga ef þau telja að sérstakar aðstæður kalli á samstarf. Slíkar aðstæður leyfa hins vegar aldrei brot á 10. gr. laganna. Samkeppnisráð telur því að þessar hugsanlegu sérstöku aðstæður hafi ekki þýðingu í málinu. Þar fyrir utan er það rangt hjá OHF að um afmarkað tilvik hafi verið að ræða, eins og umfjöllun um atvik fyrir og eftir 27. mars 2001 sýna.

Klukkan 9:27 þann 29. mars 2001 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins. Efni tölvupóstsins var „verðlagsmál“ og hljóðaði hann svo:

---

<sup>1450</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 13.3.2001 (Hs. nr. 4002). Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 13.3.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1451</sup> Dagbók Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 14.3.2001 (Hs. nr. 7308).

<sup>1452</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til skiptiborðs, dags. 14.3.2001 kl. 8:50 og 20.3.2001 kl. 15:40.

<sup>1453</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Magnúsar Ásgeirssonar og Reynis A. Guðlaugssonar, dags. 27.3.2001 kl. 11:59 og 12:07.

*„Ég þurfti óvænt að skjótast heim. Verðútreikningurinn er á borðinu þínu. Ég hitti BB<sup>1454</sup> í hádeginu í dag.“<sup>1455</sup>*

Samkvæmt tölvudagbók framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís var hann bókaður á innflutningsfund í hádeginu þennan dag.<sup>1456</sup> Klukkan 13:16 þennan sama dag sendi forstjóri Olís tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu. Í honum greindi forstjórinn frá því að framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar „var að segja mér frá því að hann hefði verið að ganga eftir við Reyni<sup>1457</sup> í Shell í hverju þeirra aukning lægi í svartolíu.“<sup>1458</sup> Greindi forstjórinn síðan frá því hvaða svar um þetta samkeppnismálefni forstöðumaðurinn hjá Skeljungu hefði veitt. Gefur þetta sterklega til kynna að forstöðumaðurinn hjá Skeljungu hafi einnig verið á þessum fundi í hádeginu.

Framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá olíufélagunum þremur hittust á fundi frá kl. 14:00–15:00 þann 30. mars 2001 og ræddu a.m.k. um samreknar bensínstöðvar félaganna.<sup>1459</sup> Hér skal rifjað upp að framkvæmdastjórinn hjá OHF hefur upplýst að oft á þessum tíðu fundum félaganna hafi þau rætt verð og verðlagningaráform þeirra. Klukkan 16:48 30. mars 2001 tilkynnti OHF um verðhækkun á eldsneyti og öll olíufélögin hækkuðu verð á fljótandi eldsneyti 1. apríl 2001 um nákvæmlega sömu fjárhæð.<sup>1460</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF um framangreindan tölvupóst framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís frá 29. mars 2001 og hvort hann sýni ekki að olíufélögin hafi að meginreglu á þessum tíma haft með sér samstarf um verðbreytingar. Í svari hans segir þetta:

*„Þessu til svars sagði BB að það eina sem hann gæti sagt væri að endurtaka það sem hann hefði áður sagt um þetta efni á fundi með SKS.<sup>1461</sup> Vegna þess óöryggis sem gætti fyrstu árin eftir að frjálts verðlagning var tekin upp hafi það verið meginreglan fram á árið 1997 að félögin báru saman bækur sínar áður en verðbreytingar voru ákveðnar. Olíufélagið hafi þó verið íhaldssamt*

<sup>1454</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs og yfirmaður verðlagsmála hjá OHF.

<sup>1455</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar, dags. 29.3.2001 kl. 9:27.

<sup>1456</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Tölvudagbók Samúels Guðmundssonar, færsla 29.3.2001.

<sup>1457</sup> Reynir A. Guðlaugsson forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungu.

<sup>1458</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til m.a. Jóns Halldórssonar, dags. 29.3.2001 kl. 13:16.

<sup>1459</sup> Afritað tölvuskjal OHF. Tölvudagbók Heimis Sigurðssonar, færsla 30.3.2001. Dagbók Margrétar Guðmundsdóttur, færsla 30.3.2001 (Hs. nr. 7308).

<sup>1460</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til allra hjá OHF, dags. 30.3.2001 kl. 16:48.

<sup>1461</sup> Samkeppnisstofnun.

*og fastheldið í sambandi við verðlagsmál og ekki nýtt sér samstarf við hin félögin til óhóflegrar álagningar. Upp frá þessum tíma hafi dregið úr slíku samstarfi og olíufélögin ekki ræðst eins oft saman og áður um þetta málefni. BB tók fram að samkvæmt beiðni EB forstjóra Olís hafi GM heimilað sér að upplýsa Olís um ákvarðanir OHF um verðbreytingar, áður en þær voru birtar opinberlega. Olís hafi hins vegar engin áhrif haft á ákvarðanir OHF um þetta efni.“*

Forstjóri OHF staðfesti þetta.<sup>1462</sup> Framkvæmdastjórinn hjá OHF hefur einnig greint frá því að honum væri kunnugt um að upplýsingar sem Olís fékk um fyrirhugaðar verðbreytingar OHF hafi borist til Skeljungu.

Samkeppnisstofnun hefur einnig spurt Olís um framangreindan tölvupóst frá 29. mars 2001. Forstjóri Olís endurtók í svari sínu að frá þeim tíma þegar nýr maður tók við verðlagsmálum hjá Olís 1997 hafi félagið „*ekkert formlegt samstarf haft við hin félögin um þessi mál.*“ Forstjóri Olís mótmælti einnig fullyrðingum OHF um að samkvæmt beiðni hans hafi forstjóri OHF falið framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís um fyrirhugaðar verðbreytingar OHF. Í svari framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar við sömu spurningu segir að hann hafi séð um innflutningsmál hjá Olís. Slíkt viðfangsefni fæli ekki síst í sér að reyna að halda birgðastöðu félaganna í lágmarki. Í því sambandi þyrfti félagið stundum að fá lánaðar birgðir hjá hinum félögunum. Þá þyrftu fulltrúar félaganna sem bæru ábyrgð á þessum málum að taka ákvarðanir um pantanir, hvernig eldsneytið væri flutt og margt fleira. Þannig hefðu félögin lent í því að fá hingað gallaða farma. Af þessu leiddi að viðkomandi fulltrúar félaganna þyrftu að hittast mjög reglulega. Síðan segir:

*„Við slík tækifæri ræddu menn m.a. um það hvað væri í næsta eldsneytisfarmi, þróun á heimsmarkaðsverði á eldsneyti og hvað félögin væru að hugsa í sambandi við dreifingu sína almennt. Reyndu menn þá stundum að fiska hvern annan um hvað þeim sýndist um hugsanlegar verðbreytingar.“*

Varðandi fund sinn með framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF, sem getið væri um í nefndum tölvupósti kvaðst framkvæmdastjórinn hjá Olís ekki muna eftir þessum fundi. Vissi hann því ekki hvort hann hafi verið haldinn eða hvers vegna, en trúlega hafi hann hitt framkvæmdastjóran hjá OHF vegna innflutningsmála. Framkvæmdastjórinn var spurður hvort hann kannaðist við að hafa greint Skeljungi frá upplýsingum frá OHF um það hvað OHF hygðist fyrir í verðlagningu. Hann kvaðst ekki minnst þessa. „*Ljóst væri hins vegar að starfsbræður hans hjá Skeljungi*

<sup>1462</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.



*reyndu að fiska eftir upplýsingum hjá honum, rétt eins og hann sjálfur reyndi að fiska upplýsingar hjá þeim.*<sup>1463</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fullyrt að á fundinum 29. mars 2001 hafi ekki verið rætt um nein málefni sem óheimilt var að ræða. Síðar þann sama dag hafi starfsmaður Olís hitt tiltekinn starfsmann Skeljungs. OHF sé ekki kunnugt um hvað hafi farið á milli Olís og Skeljungs þennan dag en fullyrðir að félagið hafi ekki tekið þátt í neinum samkeppnishamlandi samræðum þann dag. Þann 30. mars 2001 hafi tilteknir starfsmenn olíufélaganna rætt saman um málefni samrekinna bensinstöðva. Eðlilegt sé að félög sem reki saman útsölastaði fari yfir samreksturinn annað veifið. Slíkt þurfi ekki að benda til þess að nokkurt ólöglegt athæfi hafi átt sér stað. Sama dag tilkynnti OHF um verðbreytingu sem taka átti gildi 1. apríl. Engin gögn bendi til þess að OHF hafi haft samstarf um verðbreytinguna við keppinauta sína. Engu að síður tefli Samkeppnisstofnun fram skýrslum stjórnenda OHF og Olís þar sem fjallað er almennt um hvernig þeir hafi skynjað atvik á tímabilinu 1993–2001. Þetta séu þær sömu skýrslur og Samkeppnisstofnun byggir alla niðurstöðukafla sína á að lokinni umfjöllun sinni um hvert tímabil meints samráðs olíufélaganna. Í þessum skýrslum kemur m.a. fram að forstjóri OHF hafi heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs að upplýsa Olís um verðbreytingar áður en þær voru tilkynntar opinberlega. OHF vilji taka það fram að þrátt fyrir að félagið hafi staðfest þessi atvik verði að gæta þess að draga ekki of víðtækar ályktanir af ummælunum. Umrædd heimild hafi vitaskuld ekki verið í gildi yfir allt tímabilið 1993–2001 heldur hafi einungis verið um tilfallandi heimild að ræða vegna beiðni Olís. Í öðru lagi verði að athuga að heimild til einhvers sé ekki sönnun þess að henni hafi verið beitt. Ekkert bendi til þess að OHF hafi upplýst Olís um hverja verðbreytingu. Raunin hafi verið sú að heimildinni hafi mjög lítið verið beitt og hafi Olís fengið afar takmarkaða vitneskju fyrirfram um verðbreytingar OHF. Í téðum skýrslum komi einnig fram að eftir 1997 hafi olíufélögin að meginreglu hætt að bera saman bækur sínar áður en verðbreytingar hafi verið ákveðnar. Af þessu sé ljóst að umræddar skýrslur séu engin sönnun þess að OHF hafi haft samstarf við hin olíufélögin um verðbreytingu sína þann 1. apríl 2001.

Samkeppnisráð fær ekki séð á hvaða gögnum sú skoðun OHF byggir að þann 29. mars 2001 hafi Olís og OHF fyrst átt fund og síðar hafi Olís og Skeljungur átt fund. Gögn málsins benda þvert á móti til þess að félögin þrjú hafi hist í hádeginu þann dag. Í dagbók framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís er þannig skráður „*innflutningsfundur*“ kl. 12:00 og engin önnur skráning í dagbókinni þann dag bendir til fundar með Skeljungi. Hér skiptir þó mestu að klukkan rétt rúmlega eitt þennan dag sendi forstjóri Olís tölvupóst þar sem hann greindi frá upplýsingum sem nefndur framkvæmdastjóri hefði eftir yfirmanni innflutningsmála hjá Skeljungi. Tölvupóstur framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís gefur það

<sup>1463</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

sterklega til kynna að hann hafi ætlað að ræða um fyrirhugaðar verðbreytingar við framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF á fundi í hádeginu 29. mars 2001. Á þeim fundi var einnig fulltrúi Skeljungu. Þessir þrír starfsmenn olíufélaganna ýmist báru ábyrgð á verðlagsmálum eða önnuðust framkvæmd verðbreytinga. Ekki er unnt að fallast á það með OHF að ekki sé unnt að líta til framangreindra upplýsinga frá OHF og Olís varðandi þessi atvik. Samkeppnisstofnun spurði framkvæmdastjórann hjá OHF um þennan tölvupóst frá Olís og hvort hann gæfi ekki til kynna að samráð um verðbreytingar hafi verið meginreglan á þessum tíma. Framkvæmdastjórinn svaraði ekki með því að neita að fundurinn 29. mars 2001 hafi átt sér stað eða með yfirlýsingum um að umfjöllunarefnið á þessum fundi hefði verið eðlilegt og lögmætt. Þess í stað sagði hann að dregið hefði úr verðsamráði eftir 1997 og olíufélögin ekki ræðst „*eins oft saman*“ um verð eftir það tímamark. Jafnframt greindi hann frá sérstakri heimild sem honum hafi verið veitt til að upplýsa Olís um áætlanir OHF varðandi verðbreytingar. Framkvæmdastjórinn hjá Olís kvaðst ekki muna eftir fundinum en trúlega hafi hann fjallað um innflutningsmál. Síðan greindi framkvæmdastjórinn frá því að á slíkum fundum reyndu félögin að afla upplýsinga hvor frá öðru um áform í verðlagsmálum. Öll olíufélögin hækkuðu eldsneyti um sömu fjárhæð þann 1. apríl. Þegar allt framangreint er virt saman og litið er til annars samráðs olíufélaganna á þessum tíma telur samkeppnisráð að olíufélögin hafi haft samráð um þessa verðhækkun á eldsneyti.

Í kafla VI 4.5 hér að framan er greint frá því að olíufélögin hafi í september 1999 rætt um þá hugmynd að verða „*samferða í að fækka þjónustustöðvum sem veita fulla þjónustu.*“ og nefnt var í því samhengi hugsanlegur kvóti á hvert félag um fjölda stöðva sem myndu veita fulla þjónustu. Eftir athugun var hins vegar ekki áhugi hjá OHF á þessum tíma „*að eiga samstarf við hin félögin um fækkun útimanna.*“ Útimenn eru þeir starfsmenn olíufélaganna sem sjá um dælingu eldsneytis á bifreiðar á bensínstöðvum félaganna. Hér að framan var einnig gerð grein fyrir tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til m.a. forstjóra félagsins frá 24. febrúar 2001, en í honum greinir framkvæmdastjórinn hjá Olís frá að OHF vilji „*nýja umræðu um að hætta fullri þjónustu.*“ Sú umræða virðist hafa hafist stuttu síðar. Á fundi framkvæmdastjórnar OHF 20. mars 2001 er eftirfarandi bókað:

„*HS<sup>1464</sup> fór yfir stöðuna í fækkun útimanna á eigin stöðvum, en það mál er tiltölulega skammt á veg komið enda verður það að gerast í samhengi við samskonar breytingar hjá hinum olíufélögum. Sú umræða sem hefur átt sér stað að undanförmu er nokkuð misvísandi, þ.e. eina mínútuna virðist sem aðilar leggi áherslu á fækkun en þá næstu er verið að ræða um hlutina frá mikilvægi þjónustu á stöðvunum.*“<sup>1465</sup>

<sup>1464</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1465</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 20.3.2001 (Hs. nr. 1360).

Á fundi framkvæmdastjórnar OHF þann 3. apríl 2001 var m.a. rætt um rekstur á bensínstöðvum OHF og nauðsyn á að draga úr kostnaði. Eftirfarandi var m.a. bókað í því samhengi:

*„Fækkun útimanna en ath. þar er um að ræða sameiginlegt verkefni allra olíufélaganna og verður ekki gert nema í samvinnu við hin félögin.“<sup>1466</sup>*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF hefur greint Samkeppnisstofnun frá því að hann kannist við „að hafa rætt þessi mál við hin félögin og þá út frá kostnaði. Menn hefðu t.d. rætt hvað væri unnt að lækka verð ef útimenn hættu. Hann kvaðst hafa skynjað að það væri ekki endilega viðhorf hinna félaganna að leggja niður útimenn.“<sup>1467</sup> Aðspurðir sögðust fulltrúar Olís ekki kannast við þessar viðræður um minnkun þjónustu sem tilgreindar eru m.a. í tölvupóstinum frá 24. febrúar 2001. Hafa þeir sagt að hugsanlega hafi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tekið við óskum frá OHF en málið hafi ekki verið rætt innan Olís.<sup>1468</sup> Samkeppnisráð telur þessa skýringu ekki standast. Þann 15. janúar 2001 hittust á fundi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís og framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar og ræddu um þá hagrænu aðstoð sem markaðssviði smásölu yrði veitt á árinu 2001. Samkvæmt minnisblaði um þennan fund var einn þátturinn í þessu „aðstoð við að meta kosti og galla við fækkun útimanna, á þann veg að hætt verði að veita fulla þjónustu á einhverjum stöðvum á höfuðborgarsvæðinu.“<sup>1469</sup> Ljóst er því að á þessum tíma var til umræðu hjá Olís að minnka þjónustu með þessum hætti.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið staðfesti að hafa rætt við Olís og Skeljung um hugsanlega kosti og galla þess að fækka útimönnum. Þær umræður hafi þó ekki leitt til neinna breytinga. Heldur OHF því fram að umræður um starfsmannamál falli ekki undir 10. gr. samkeppnislaga. Umræður um kostnaðarhagræði af hugsanlegri fækkun útimanna séu ekki þess eðlis að þær flokkist undir verðlagsmál og því ekki um brot að ræða. Verði talið að félagið hafi gerst brotlegt sé um að ræða afmarkað tilvik án tengsla við önnur meint brot.

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að umrætt samráð olíufélaganna fjallaði ekki um starfsmannamál. Samráðið varðaði umræður um það hvort félögin ættu að minnka þjónustu sína með því að fækka þeim bensínstöðvum eða dælum þar sem boðið væri upp á fulla þjónustu. Sú þjónusta felst í því að starfsmaður viðkomandi félags annast dælingu á eldsneyti fyrir viðskiptavini. Hér var því um ræða viðskiptamálefni sem ekki fellur undir 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er ljóst að samráð þetta

<sup>1466</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 3.4.2001 (Hs. nr. 1360).

<sup>1467</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 9.4.2002.

<sup>1468</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1469</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Samúels Guðmundssonar, dags. 15.1.2001.

varðaði samkeppni milli félaganna um verð og þjónustu. Til stuðnings þessu nægir að vísa til framangreindra upplýsinga frá fulltrúa OHF í þessum viðræðum. Enginn vafi getur því leikið á því að þessar aðgerðir fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í því sambandi hefur ekki þýðingu að samráðið skilaði ekki niðurstöðu.<sup>1470</sup> Var þetta liður í hinu samfellda samráði olíufélaganna.

## 6.2. Gagnaeyðing, „verðstríð“ og önnur atvik í apríl og maí 2001

Þann 4. apríl 2001 sendi forstjóri Skeljungs eftirfarandi tölvupóst til forstjóra OHF og Olís:

*„Staðfesti hér með fund GM, EB og KB á 8 hæð Suðurlandsbrautar 4, skrifstofur Skeljungs hf., kl. 9., fimmtudaginn 5. apríl n.k.*

*Fundarefni: Ummæli Sigurðar G. Guðjónssonar o.fl. um „íslensku olíufélögin“ í kjölfar úrskurðar Samkeppnisstofnunar um Sölufélag garðyrkjumanna o.fl.“<sup>1471</sup>*

Bað forstjóri Skeljungs ritara sinn um að tryggja að „*ekkert væri um að vera í hinum herbergjunum*“ þegar fundur forstjóranna færi fram.<sup>1472</sup> Á þessum tíma hafði samkeppnisráð nýlega birt ákvörðun sína nr. 13/2001 um ólögmett samráð á grænmetismarkaði og umræddur lögmaður eins aðila þess máls látið efnislega hafa eftir sér í fjölmiðlum að nauðsynlegt væri að rannsaka hugsanlegt samráð olíufélaganna. Í kafla V er greint frá því að síðdegis 5. apríl 2001 hafi starfsmaður OHF sent með tilvísun til fjölmiðlaumræðu tölvupóst til Olís og Skeljungs. Rétt er að birta aftur hér þessi samskipti félaganna:

*„Í framhaldi af þeirri fjölmiðlaumræðu sem verið hefur þá óska ég eftir að þið gerið eftirfarandi:*

- 1. Vinsamlegast eyðið öllum skeytum sem farið hafa á milli okkar varðandi erlenda sölu eða annað sem kann að flokkast sem samkeppnismál, þar á meðal þetta skeyti.*
- 2. Hér eftir notum við ekki tölvupóst til að gefa upp erlenda sölu heldur venjulegan póst.*
- 3. Við gefum upp platts í gegnum síma, ekki með tölvupósti.*

*Vinsamlegast staðfestið og eyðið.“*

<sup>1470</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.

<sup>1471</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Kristni Björnssyni til Einars Benediktssonar og Geirs Magnússonar, dags. 4.4.2001 kl. 9:51.

<sup>1472</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Kristni Björnssyni til Margrétar Pétursdóttur, dags. 4.4.2001 kl. 9:53.

Olís svaraði: „Sýnist að eyða verði eða geyma á sérstakan hátt allan póst og gögn sem þetta mál varða. Staðfestið og eyðið.“ Í svari Skeljungs segir: „Staðfesti og eyði hér með.“

„Erlenda salan“ er hin ólögmæta skipting olíufélaganna á þessum viðskiptum og „Platts“ varðar verð á eldsneyti. Þannig er ljóst að nokkrum klukkutímum eftir að umræddum fundi forstjóranna lauk voru olíufélögin búin að samþykkja að eyða gögnum og nota nýjar aðferðir til að leyna tilteknu samráði sínu. Samkeppnisráð telur að ganga verði útfrá því að starfsmenn félaganna hafi ekki tekið þátt í og samþykkt aðgerðir af þessum toga án samþykkis eða a.m.k. vitneskju sinna æðstu yfirmanna. Þegar þetta er skoðað saman telur samkeppnisráð að forstjórar olíufélaganna hafi vegna opinberrar umræðu um samráð félaganna m.a. rætt á þessum fundi um aðgerðir til að leyna samstarfi félaganna. Ályktunum Samkeppnisstofnunar um framangreint í frumathugun II hefur ekki verið mótmælt af olíufélögunum. Samkeppnisráð telur að þessar umræður og aðgerðir um að leyna ólögmætu samráði félaganna feli í sér skýra sönnun fyrir því að hið samfellda samráð félaganna hafi verið við lýði á þessum tíma. Eru þess gögn og til vitnis um sterkan vilja olíufélaganna til halda lögbrotum sínum áfram þrátt fyrir áhyggjur af hugsanlegum rannsóknum yfirvalda.

Þann 5. apríl 2001 átti framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu fund hjá Olís til að ræða málefni OW Icebunker.<sup>1473</sup> Að morgni 25. apríl 2001 útbjó framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís skjal þar sem sett voru fram rök fyrir verðhækkun á öllum eldsneytistegundum 1. maí 2001.<sup>1474</sup> Nokkru síðar sama dag hittust á fundi forstjórar OHF og Olís.<sup>1475</sup> Eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir höfðu Olís og OHF með sér samvinnu í tengslum við þær verðbreytingar sem urðu í maí 2001. Telur samkeppnisráð þegar það er haft í huga og litið er til þessa skjals frá Olís og fundar forstjóranna þennan dag, að forstjórnarnir hafi fjallað um verðlagsmál eldsneytis á þessum fundi.

Þann 1. maí 2001 hækkuðu olíufélögin verð á öllu eldsneyti og var ástæða þessarar verðhækkunar sögð vera hækkun á heimsmarkaðsverði, styrking Bandaríkjadals og veiking íslensku krónunnar. Í kjölfar þessarar verðbreytingar varð enn hækkun á Bandaríkjadal. Samkvæmt upplýsingum forstjóra OHF var stjórnarfundur hjá fyrirtækinu 2. maí 2001 og hefði stjórnin verið þátttakandi í þeirri ákvörðun að hækka aftur verð á eldsneyti þann 3. maí 2001, en venjulega tæki stjórnin ekki þátt í slíkri ákvörðun. Olís og Skeljungur hækkuðu hins vegar ekki verð þann dag. Forstjóri OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um eftirfarandi:

<sup>1473</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 5.4.2001 (Hs. nr. 8219).

<sup>1474</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Skjal Samúels Guðmundssonar með yfirskriftinni „Verðbreyting 1. maí 2001“, búið til 25.4.2001 kl. 8:25 (verðbreyting 1 maí 2001.doc).

<sup>1475</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 25.4.2001 (Hs. nr. 1051).

„GM kvaðst hafa rætt við EB í síma þann 4. maí og m.a. sagt honum að OHF myndi ekki eitt halda uppi verði á eldsneyti. Að mati GM hefði þetta samtál hans við EB þó engu breytt um ákvarðanir OHF. GM kvaðst ekki hafa rætt þessi mál við Kristinn Björnsson (KB) forstjóra Skeljungs. GM kvaðst hafa heyrt að EB og KB hefðu rætt þessi mál eftir að samtál GM og EB átti sér stað.“<sup>1476</sup>

Forstjóri Olís hefur staðfest að forstjóri OHF hafi á þessum tíma hringt í sig og „skammað“ sig fyrir að hækka ekki verð, sbr. nánar hér á eftir. Olís hækkaði síðan verð til jafns við OHF þann 5. maí 2001. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að áður nefnt samtál hafi átt sér og sagt að það kunni að hafa haft áhrif á þá ákvörðun Olís að hækka verð.

Skeljungur hækkaði hins vegar ekki aftur verð á eldsneyti á þessum tíma. Sú ákvörðun Skeljungs leiddi til þess að OHF og Olís lækkuðu verð á eldsneyti þann 8. maí 2001. Var á þessum tíma í opinberri umræðu rætt um verðstrið olíufélaganna.

Þann 16. maí 2001 sendi framkvæmdastjóri Orkunnar tölvupóst til framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís. Með tölvupóstinum fylgdi mynd af auglýsingaskilti Olís en á því stóð „*Olís Tilboð Sama verð og Orkan í sjálfsafgreiðslu*“. Sagði framkvæmdastjóri Orkunnar í tölvupóstinum að hann væri að útbúa auglýsingu með þessari mynd. Texti auglýsingarinnar yrði annaðhvort „*Olís gamla olíufélagið sem langar að verða eins og Orkan (en getur aldrei orðið eins)*“ eða „*Olís fyrirtækið þar sem mistökin eru gerð*“. Síðan kvaðst framkvæmdastjóri Orkunnar ætla að kanna verðið á markaðnum og breyta sínu verði í samræmi við það.<sup>1477</sup> Sama dag sendi forstjóri Olís handskrifaða nótu til forstjóra Skeljungs og með henni fylgdi nefndur tölvupóstur frá Orkunni. Í henni segir:

„*Hjálagt til fróðleiks um ótrúlega framkomu eins starfsmanna þinna, raunar aðeins eitt dæmi af mörgum síðustu dagana. Trúi að þér og þínu félagi finnist hún ykkur lítið til sóma. ... Annars gott að eiga þetta á prenti.*“<sup>1478</sup>

Forstjóri Olís lét einnig fylgja með til forstjóra Skeljungs myndina af auglýsingu Olís. Á hana hefur forstjóri Olís skrifað „*Var tekið niður sl. sunnudag.*“ Samkvæmt þessu hefur Orkan gert athugasemdir við verðtilboð Olís, hótað að birta auglýsingar þar sem ráðist yrði að Olís og upplýst Olís um að fyrirtækið mynda breyta eldsneytisverði sínu. Forstjóri Olís kvartaði yfir þessu við forstjóra Skeljungs en greindi þó frá því að Olís hefði hætt að kynna þetta tilboð sem Orkan kvartaði yfir.

<sup>1476</sup> Afrituð fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 14.5.2002.

<sup>1477</sup> Tölvupóstur frá Gunnari Skaptasyni til Samúels Guðmundssonar, dags. 16.5.2001 kl. 9:27 (Hs. nr. 7074).

<sup>1478</sup> Handskrifuð nóta Einars Benediktssonar til Kristins Björnssonar, dags. 16.5.2001 (Hs. nr. 7074).

Samkvæmt dagbók forstjóra Olís hitti hann forstjóra OHF þann 17. maí 2001.<sup>1479</sup> Þann 1. júní 2001 hækkaði Olís verð á eldsneyti og þann 5. júní tilkynntu OHF og Skeljungur um sömu verðhækkun. Þann 11. júní 2001 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til formanns stjórnar félagsins. Efni tölvupóstsins var „*olíuverðshækkanir*“ og í honum segir m.a. að forstjóri Olís hafi „*gengið afar nálægt*“ aðstoðarforstjóra Skeljungs í fjarveru forstjóra Skeljungs og það sé ótrúleg framkoma. Ekkert sem forstjóri Olís geri komi lengur á óvart.<sup>1480</sup> Samkvæmt dagbók forstjóra Skeljungs var hann í orlofi frá 27. maí til 10. júní 2001 og því ljóst að samtali framkvæmdastjórans hjá Skeljungum og forstjóra Olís átti sér stað á þeim tíma.<sup>1481</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um þetta og framangreindar upplýsingar frá forstjóra OHF. Í svari hans segir þetta:

*„EB kvaðst ekki skilja hvað væri tortryggilegt við þetta mál. Ef eitthvað hafi orðið til þess að menn heilsuðu ekki starfsbræðrum sínum hjá hinum félögunum á götu, þá hafi það verið þetta mál. Sagði EB að þegar mál þetta upphófst hafi hann verið staddur erlendis. GM hafi hringt í hann og skammast í honum. EB kvaðst síðar hafa hringt í GKG hjá Skeljungum og skammast í honum. Ekkert meira væri um þetta að segja. Atvikin staðfestu einfaldlega gríðarlega samkeppni milli félaganna á þessu sviði en ekki samstarf.“*

Samkeppnisstofnun spurði forstjóra Olís hvort að skilja ætti svar hans þannig að OHF hafi „*skammað*“ Olís fyrir að hækka ekki verð í byrjun maí og síðar hefði Olís „*skammað*“ Skeljung fyrir að hækka ekki verð. Forstjóri Olís staðfesti þetta.<sup>1482</sup>

Í athugasemdum Skeljungs er fjallað um þá ályktun Samkeppnisstofnunar í frumathugun II að framangreind gögn sýni að Olís hafi eftir 1. júní 2001 hvatt Skeljung til að hækka verð og það hafi haft áhrif á verðhækkunina 5. júní 2001. Telur Skeljungur að þetta séu ágiskanir án nokkurrar tilvísunar til gagna eða skynsamlegs rökstuðnings. Í athugasemdum OHF er því haldið fram að félagið hafi ekki tekið þátt í samráði verðandi verðbreytinguna 5. júní 2001. Flest gögn varði samskipti Olís og Skeljungs og ekkert bendi til aðildar OHF.

Þegar framangreint er skoðað telur samkeppnisráð alveg ljóst að forstjóri Olís hafi í símtalinu 4. maí 2001 fallist á ósk OHF um að hækka verð og miðað við

<sup>1479</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 17.5.2001 (Hs. nr. 4002).

<sup>1480</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungum. Frá Kristni Björnssyni til Benedikts Jóhannessonar, dags. 11.6.2001 kl. 16:45.

<sup>1481</sup> Dagbók Kristins Björnssonar, færsla 27.5.2001 (Hs. nr. 7011).

<sup>1482</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

upplýsingarnar frá OHF er sennilegt að Olís hafi í kjölfar þessa hvatt Skeljung til að gera það sama. Það gerði Skeljungur hins vegar ekki og neyddust OHF og Olís til þess að draga umrædda hækkun til baka. Braust þá út tímabundið „verðstríð“ og Orkan kvartaði yfir tilboði Olís og Olís upplýsti Skeljung um að fyrirtækið væri hætt að kynna það tilboð. Þann 1. júní 2001 hækkaði Olís verð en hin félögin ekki. Forstjóri Olís hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að hafa „*skammað*“ aðstoðarforstjóra Skeljungs fyrir að hafa ekki hækkað verð. Þetta fær stoð í tölvupósti forstjóra Skeljungs um „*olíuverðshækkunir*“ til stjórnarformanns félagsins þar sem rætt er um að forstjóri Olís hafi „*gengið afar nálægt*“ aðstoðarforstjóra Skeljungs. Telur samkeppnisráð því að gögn málsins sýni ótvírætt að Olís hafi í byrjun júní 2001 hvatt Skeljung til að hækka verð á eldsneyti. Þetta hafi án efa haft áhrif á ákvörðun Skeljungs um að hækka verðið 5. júní 2001. Framangreind gögn sýna því ólöglegt samráð milli olíufélaganna þriggja og Orkunnar í maí 2001 og milli Olís og Skeljungs í byrjun júní 2001. Gegn neitun OHF er hins vegar ekki unnt að leggja til grundvallar að félagið hafi tekið þátt í samráðinu varðandi hækkunina 5. júní 2001.

Þann 10. maí 2001 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu hjá Olís og Skeljung. Greindi hann frá því að frá og með 1. maí 2001 hefði OHF hækkað sölulaun úr 3,90 kr./ltr. í 4 kr./ltr. Eru þetta sölulaun sem greidd eru umboðsmönnum félaganna fyrir sölu á bensíni. Framkvæmdastjórinn vísaði til þess að samkvæmt samningi félaganna um samreknar stöðvar skuli leita eftir samþykki hinna félaganna áður en sölulaunum er breytt. Óskaði framkvæmdastjórinn eftir samþykki Olís og Skeljungs á þessari breytingu. Skeljungur svaraði og sagðist ekki telja tímabært að hækka sölulaun og félagið vilji halda þeim óbreyttum á sameiginlegum stöðvum félaganna. Olís virðist hafa verið sömu skoðunar.<sup>1483</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II staðfestir félagið að hafa haft samstarf við Olís og Skeljung varðandi ákvörðun sölulauna á þeim bensínstöðvum sem félögin ráku saman. Hins vegar sé því mótmælt að ákvörðun sölulauna sé hluti verðlagningu eldsneytis. Sölulaun falli undir launakjör starfsmanna en ekki verðlagningu eldsneytis og hafi OHF því ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð vísar hér til umfjöllunar í kafla VI 3.1 hér að framan varðandi sölulaun (umboðslaun). Samkeppnisráð áréttar að umboðsmenn olíufélaganna teljast ekki launþegar og því síður teljast sölulaun til þeirra vera laun eða önnur starfskjör í skilningi 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Þessi atriði falla því undir gildissvið samkeppnislaga. Í öðru lagi er ljóst að umboðslaun er einn þeirra kostnaðarliða sem mynda verð á eldsneyti og eru ákvörðuð sem tiltekin fjárhæð af verði hvers eldsneytislítra. Ljóst er því að samráð um fjárhæð umboðslauna hefur bein áhrif á

<sup>1483</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Heimis Sigurðssonar, Margrétar Guðmundsdóttur og Thomasar Möller, dags. 10.5.2001 kl. 00:03 og 8:46. Frá Thomasi Möller til m.a. Samúels Guðmundssonar, dags. 13.5.2001 kl. 11:49.



eldsneytisverð. Einnig liggur fyrir að í verðsamráði í skilningi samkeppnisréttar felst samráð um ákveðna þætti sem mynda verð viðkomandi vöru.<sup>1484</sup> Ákvörðun þessara sölulauna eru því hluti af verðlagningu eldsneytis og sýna þessi gögn samráð félaganna á þessu sviði.

### 6.3. Framkvæmd á samkomulagi um að hækka verð á gasolíu og umræður um afgreiðslugjöld, verðlagningu til bænda o.fl.

Í kafla VI 2.6 var gerð grein fyrir samráði olíufélaganna varðandi tiltekin gjöld á viðskiptavini. Í kafla VI 5.3 var greint frá fundi sem forstjóri OHF og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu áttu í apríl 2000 með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá því félagi. Á þeim fundi var m.a. rætt um tankaverð og afgreiðslugjöld. Upptaka afgreiðslugjalds hefur verið rædd meðal olíufélaganna sem aðferð til að minnka notkun heimatanka og afslátt sem notendur þeirra hafa fengið. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að á þessum fundi hafi félögin bæði samþykkt að stefna að því að taka upp afgreiðslugjöld. Það hafi hins vegar aldrei komist í framkvæmd, og hefði málið því fjarað út.<sup>1485</sup> Þessi lýsing er ekki rétt þar sem umræður um þessi mál héldu áfram á árinu 2001.

Í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 20. mars 2001 er eftirfarandi bókað:

*„RB<sup>1486</sup> lagði fram bréf sem fer út um næstu mánaðamót vegna upptöku greiðslugjalds. Friðrik<sup>1487</sup> og Ingólfur<sup>1488</sup> eru að skoða málið nánar varðandi afgreiðslugjaldið, en RB telur betra að skella ekki báðum gjöldunum samtímis auk þess að enn á eftir að athuga hvernig þessi mál standa hjá hinum félögunum.“<sup>1489</sup>*

Í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 3. apríl 2001 er að finna þessa bókun:

*„RB fór yfir aðgerðir á sínu sviði:*

*160 kr. seðilsgjald (greiðslugjald) hefur verið sett á. Olís innheimtir 130 kr. og Skeljungur 161 kr.*

*Afgreiðslugjald er ekki tilbúið, en stefnt er að því að senda út tilkynningu um næstu mánaðamót og gjaldið síðan sett á í byrjun júní. Gjaldið á að*

<sup>1484</sup> Sjá t.d. XXIV. skýrslu framkvæmdastjórnar EB um samkeppnismál.

<sup>1485</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1486</sup> Ragnar Bogason framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF.

<sup>1487</sup> Starfsmaður OHF.

<sup>1488</sup> Starfsmaður OHF.

<sup>1489</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 20.3.2001 (Hs. nr. 1360).

*dekka verðlagningu frá birgðastöð enda er gjaldið byggt á taxta Oliudreifingar. RB benti þó á að taxti væri ekki tilbúinn.*<sup>1490</sup>

Þann 14. júní 2001 hittust á fundi m.a. forstjórar Olís og OHF. Samkvæmt minnispunktum forstjóra OHF hefur á fundinum verið rætt um möguleika á enn nánara samstarfi félaganna, t.d. varðandi áhættustýringu, innkaup á þurrvöru, í upplýsingatækni, kaup á dælukerfum o.fl.<sup>1491</sup> Hjá forstjóra OHF fannst einnig annað skjal sem tengist þessum fundi. Í skjalinu segir m.a. þetta:

*„14.06.01 kl. 11. Fundur með Olís mönnum.*

*BB<sup>1492</sup> veltuhraði birgða (fjöldi birgðastöðva fjöldi bensinstöðva)*

*RB<sup>1493</sup> Veltuhraði útistandi skulda*

*HS<sup>1494</sup> /BB Verðleggja pr stöð*

*RB Verðleggja pr bónda/verktaka*

*Færa fasteignir í ODR*

*BB HH Vörusvið út ef það reynist hagkvæmt“*

Síðan eru talin upp í skjalinu ýmis „verkefni eftir fundinn“ og þar m.a. talað um framhald á „þessari umræðu“, greinargerð um samvinnu við Olís í tölvumálum og áhættustýringu í innkaupum.<sup>1495</sup> Þeir starfsmenn OHF sem tilgreindir eru í skjalinu sátu samkvæmt framangreindum minnispunktum forstjóra OHF ekki fundinn með Olís. Samkeppnisráð telur því líklegast að þeim hafi í kjölfar fundarins verið falið að skoða þessi atriði. Sú skoðun styrkist þegar horft er til annarra gagna frá OHF.

Þann 1. og 2. júlí 2001 hélt framkvæmdastjórn OHF fund að Geysi í Haukadal. Á þeim fundi var lagður fram prentaður verkefnalisti og einn liður hans er svona: „Láta Ingvar<sup>1496</sup> og Ingólf<sup>1497</sup> fara ofan í ofurþjónustu við bændur og verktaka- um er að ræða spurninguna um hvort eigi að verðleggja frá birgðastöð.“ Þetta verkefni er sagt

<sup>1490</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 3.4.2001 (Hs. nr. 1360).

<sup>1491</sup> Minnispunktar Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „Olíufél/Olís“, dags. 14.6.2001 (Hs. nr. 1001).

<sup>1492</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>1493</sup> Ragnar Bogason framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF.

<sup>1494</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1495</sup> Ódagsett skjal sem fannst hjá Geir Magnússyni með yfirskriftinni „Afkomuviðvörðun“ (Hs. nr. 1031).

<sup>1496</sup> Starfsmaður OHF.

<sup>1497</sup> Starfsmaður OHF.

vera á ábyrgð framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda. Fyrir aftan þennan lið á verkefnalistanum hefur einn framkvæmdastjóra OHF handritað þessa athugasemd: „Ræða um afgr. gj. við hin olíufélögin“.<sup>1498</sup> Annar liður á verkefnalistanum er: „Fækka eiginnotkunar tönkum + klára skoðun á upptöku afgreiðslugjalds (er í vinnslu)“ Fyrir aftan þennan lið á öðru eintaki er handrituð tilvísun til Skeljungs. Einn annar liður á verkefnalistanum sem var á ábyrgð framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda er eftirfarandi:

*„Skoða breytingar í verðlagningu til þeirra staða þar sem dreifingarkostnaður er umfram flutningsjöfnun -? verðlagning pr. þjónustustöð – unnið bak við tjöldin í samvinnu við HS“<sup>1499</sup>. “<sup>1500</sup>*

Aðspurður um viðræður olíufélaganna um framangreind gjöld hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF sagt að OHF hafi tekið upp seðilgjald mun síðar en hin félögin. OHF hefði því vitað allt um þessi gjöld hjá hinum félögunum og ekki þurft að ræða það við þau. Umræður um afgreiðslugjöld hefðu hins vegar haldið áfram og kvaðst framkvæmdastjórinn kannast við að viðræður hafi átt sér stað um það efni milli olíufélaganna og að félögin öll hefðu verið sammála um nauðsyn afgreiðslugjaldsins, enda væri kostnaður við þjónustuna staðreynd. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa rætt málin við hin félögin í framhaldi af fundinum að Geysi. Þetta gjald hefði aldrei komið til framkvæmda þar sem OHF hefði óttast að félagið gæti hugsanlega tapað viðskiptum við að taka upp slíkt gjald.<sup>1501</sup> Aðspurður kvaðst forstjóri Olís ekki kannast við umræður á árinu 2001 milli félaganna um afgreiðslugjald. Sagði hann að „*trúlega væru mörg misseri síðan hann tók síðast þátt í umræðu um afgreiðslugjald á eldsneyti, og sér væri ekki kunnugt um að aðrir stjórnendur Olís hefðu nýlega rætt þessi mál við hin félögin.*“<sup>1502</sup>

Í athugasemdum við frumathugun II staðfestir OHF að hafa rætt við hin olíufélögin um nauðsyn þess að taka upp gjöld sem svari til þess kostnaðar sem hlýst af því að þjónusta bændur með heimatanka. OHF hafi tekið upp svokallað seðilgjald mun síðar en hin félögin og hafi því vitað allt um slík gjöld hjá hinum félögunum og ekki þurft að ræða það við þau. Svokölluð afgreiðslugjöld voru þó meira álitamál. Þann 1. og 2. júlí 2001 hafi framkvæmdastjórn OHF haldið fund að Geysi í Haukadál. Sýni gögn málsins að menn hafi þá enn verið að hugleiða upptöku slíkra gjalda. OHF hafi þó aldrei rætt þessi mál við hin félögin í framhaldi af fundinum að Geysi. Þetta gjald hafi

<sup>1498</sup> Verkefnalisti fyrir fund framkvæmdastjórnar OHF að Geysi 1.–2. júlí 2001 (Hs. nr. 3148).

<sup>1499</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1500</sup> Verkefnalisti fyrir fund framkvæmdastjórnar OHF að Geysi 1.–2. júlí 2001 (Hs. nr. 2831).

<sup>1501</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1502</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

aldrei komið til framkvæmda hjá OHF þar sem félagið hafi óttast að tapa viðskiptum ef það tæki upp slíkt gjald.

Samkvæmt framangreindu hefur OHF upplýst að olíufélögin hafi rætt um og orðið sammála um að nauðsynlegt væri að leggja afgreiðslugjald á eldsneyti og framangreind gögn gefa skýrt til kynna viðræður milli félaganna á árinu 2001 um þetta gjald. Í þessu sambandi hefur einnig verið rætt milli félaganna um verðlagningu á eldsneyti til bænda. Sýna þessi gögn áframhaldandi samráð olíufélaganna um þessi verðlagsmálefni. Varðandi seðilgjald (einnig nefnt útskriftar-, greiðslu- eða færslugjald) ber að hafa í huga að í kafla VI 2.6 er gerð grein fyrir þátttöku OHF á árunum 1997–1998 í samráði með Olís og Skeljungu varðandi álagningu þessa gjalds. OHF taldi hins vegar ekki henta hagsmunum sínum á þessum tíma að taka upp slíkt gjald. Í framangreindri bókun framkvæmdastjórnar OHF frá 20. mars 2001 er sagt varðandi m.a. seðilgjald að það eigi eftir að athuga hvernig málin standi hjá Olís og Skeljungu. Í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 3. apríl 2001 greinir nefndur framkvæmdastjóri frá upplýsingum um þessi gjöld Olís og Skeljungs. Þessi gögn eru í ósamræmi við þá fullyrðingu OHF að félagið hafi á þessum tíma vitað allt um stöðu þessara mála hjá keppinautunum. Hvað sem þessu líður telur samkeppnisráð að upptaka OHF á seðilgjaldinu hafi verið í samræmi við stefnumörkun olíufélaganna frá 1997–1998.

Hér verður einnig að líta til þess að í nóvember 1998 ákváðu olíufélögin að hækka verð á gasolíu til landnotkunar (leiðsluverð/tankaverð), sbr. kafla VI 3.7. Hér var um að ræða áréttingu á þeirri stefnumörkun olíufélaganna að draga úr notkun heimatanka og beina viðskiptavinum inn á þjónustustöðvar félaganna í því skyni að minnka afslátt og auka framlegð félaganna. Einnig var fjallað um þessi málefni á árinu 1997, sbr. kafla VI 2.3. Gögn málsins gefa einnig til kynna að unnið var að framgangi þessa á árinu 1999, sbr. kafla VI 4.1. Í febrúar 2000 framkvæmdu olíufélögin þetta samkomulag sitt, sbr. kafla VI 5.3. Um árabil hafði verðmunur á milli almenns gasolíuverðs (leiðslu/tankaverð) og gasolíu frá söludælu (dísil) verið 5 kr. sem þýddi að þeir sem keyptu gasolíu á leiðsluverði fengu í raun 5 kr. afslátt miðað við verð á bensínstöðvum. Í verðbreytingu olíufélaganna sem gildi tók 1. mars 2000 minnkuðu hins vegar öll olíufélögin þennan mun um 50 aura. Sá munur hélst allt til 1. ágúst 2001 en þá minnkuðu öll félögin hann um aðra 50 aura til viðbótar. Hafði þá afslátturinn verið minnkaður um 1 kr. í samræmi við stefnumörkun olíufélaganna, sbr. fund forstjóra olíufélaganna þriggja 18. júní 1997 sem fjallað var um í kafla VI 2.3.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að engin gögn sýni samskipti olíufélaganna vegna verðbreytingarinnar 1. ágúst 2001. Samkeppnisstofnun setji þó þessa verðbreytingu í samhengi við önnur atvik frá 1997–2000 og telji að verðhækkunin 1. ágúst hafi verið framkvæmd á eldra samkomulagi um verðbreytingar. OHF telji ólíklegt að engin gögn hafi fundist sem bendi til samskipta

olíufélaganna ef raunin hefði verið sú að félögin hafi ákveðið sameiginlega umrædda verðbreytingu. OHF hafi breytt verði samkvæmt eigin rekstrarforsendum og hin olíufélögin hafi fylgt í kjölfarið með sams konar verðbreytingar. Hafi því ekki verið um brot á 10. gr. að ræða að hálfu OHF í þessu tilviki.

Framangreind gögn og umfjöllun um árin 1997–2000 sýnir ótvírætt að olíufélögin gerðu samkomulag um sérstaka hækkun á gasolíu og unnu að undirbúningi að framkvæmd þess. Samkomulagið var framkvæmt að hluta til 1. mars 2000 og hefur OHF viðurkennt verðsamráð í því tilviki. Á árinu 2001 var rætt milli olíufélaganna um aðgerðir til þess að ná því markmiði sem umrætt samkomulag stefndi að og þann 1. ágúst 2001 minnkuðu olíufélögin ennfrekar verðmun á milli almenns gasolíuverðs og gasolíu frá söludælu í samræmi við það sem forstjórar félaganna lögðu til grundvallar á árinu 1997. Sú staðreynd að samkeppnisyfirvöld fundu ekki gögn sem lýsa samskiptum olíufélaganna varðandi verðbreytinguna 1. ágúst 2001 dugar ekki ein og sér til að unnt sé að fallast á þá fullyrðingu OHF að ekki hafi verið samráð í þessu tilviki. Í því sambandi verður að hafa sérstaklega í huga að olíufélögin voru þá nýlega búin að ræða aðgerðir í því skyni að eyða og leyna gögnum um ólögmeitt samráð þeirra, sbr. framangreinda umfjöllun um atvik 4. apríl 2001. Einnig verður að horfa hér til þeirrar reglu áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem fram kemur í úrskurði 14/2001 að hegðun fyrirtækja geti ein sér gefið sterkar vísbendingar um ólögmeitt atferli.

Þegar sú staðreynd að olíufélögin gerðu öll sama dag umrædda breytingu á gasolíuverði er virt með hliðsjón af nefndu samkomulagi olíufélaganna og umræddum gögnum frá árunum 1999–2001 um m.a. samskipti olíufélaganna um þessi málefni telur samkeppnisráð að með verðbreytingunni sem tók gildi 1. ágúst 2001 hafi olíufélögin á ný framkvæmt umrætt samkomulag sitt.

#### 6.4. Atvik frá júní til desember 2001

Þann 21. júní 2001 sendi starfsmaður OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs, markaðssviðs smásölu og stórnotenda hjá félaginu. Greindi hann frá því að undanfarna daga hefðu margir viðskiptamenn hringt og leitað eftir auknum afslætti. Ástæðan væri hátt eldsneytisverð og að hin olíufélögin, sérstaklega Skeljungur væru farin að bjóða afslætti að fyrra bragði. Taldi starfsmaðurinn það vera „greinilegt að það heiðursmannasamkomulag sem var í gildi milli olíufélaganna um að láta viðskiptavinum hinna í friði er ekki lengur í gildi.“<sup>1503</sup> Nánar verður fjallað um þetta samkomulag í kafla VIII 12.

---

<sup>1503</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Heiðu Friðjónsdóttur til Bjarna Bjarnasonar, Heimis Sigurðssonar og Ragnars Bogasonar, dags. 21.6.2001 kl. 16:39.

Þann 21. og 25. júní 2001 hitti forstjóri OHF forstjóra Olís á fundi.<sup>1504</sup> Fundurinn 25. júní 2001 var fyrir hádegi og eftir hádegi þann dag lækkuðu öll olíufélögin verð á bensíni.

Um vorið 2001 hóf Skeljungur að flytja inn nýja bensíntegund, svonefnt V-Power bensín. Þann 30. maí 2001 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til starfsbróður síns hjá OHF. Í tölvupóstinum koma fram ýmsar vangaveltur um þessar aðgerðir Skeljungs og fjallað er um viðbrögð Olís. Framkvæmdastjórinn hjá OHF framsendi þennan tölvupóst til starfsmanna markaðsdeildar OHF.<sup>1505</sup> Framkvæmdastjórinn hjá Olís sendi annan tölvupóst til OHF 9. júlí 2001 um sama efni. Í þeim tölvupósti framsendi hann orðsendingu sína til starfsmanna Olís um viðbrögð fyrirtækisins við V-Power bensíni Skeljungs, ásamt viðbótarhugleiðingum sínum til framkvæmdastjórans hjá OHF.<sup>1506</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að óumdeilt sé að Olís hafi tvívegis sent OHF tölvupósta vegna innflutnings Skeljungs á V-Power bensíni. OHF hafi staðið á sama um þennan innflutning Skeljungs og talið þetta nýja eldsneyti raunar alls ekki vera ógn við sína viðskiptahagsmuni nema síður væri. Hafi því verið ákveðið að vera ekki að elta ólar við þessar bréfsendingar frá Olís. Svo virðist sem Samkeppnisstofnun geri þær kröfur til OHF að félagið mótmælti þessum bréfasendingum. OHF mótmælti harðlega að 10. gr. samkeppnislaga sé túlkuð á þann hátt að lagðar séu jákvæðar skyldur á fyrirtæki til að svara hverjum einasta snepli sem keppinautum detti í hug að senda á borð þess. Augljóst sé að slík túlkun á 10. gr. samkeppnislaga sé ekki í samræmi við markmið laganna að efla virka samkeppni. Engu breyti hvernig lög í öðrum ríkjum kunni að vera túlkuð. Slík túlkun á 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 væri einfaldlega ekki í samræmi við íslenskan rétt.

Samkvæmt framangreindum gögnum liggur fyrir að Olís hefur miðlað upplýsingum um viðbrögð sín við V-power bensíni Skeljungs til OHF. Framkvæmdastjórinn hjá OHF mótmælti ekki sendingu þessa tölvupósts frá Olís heldur framsendi hann til undirmanna sinna á markaðssviði OHF. Sú aðgerð framkvæmdastjórans er ekki í samræmi við þá lýsingu OHF að félaginu hafi staðið á sama um þessar aðgerðir Skeljungs og upplýsingar frá Olís. Jafnframt er þessi lýsing OHF í fullkomnu ósamræmi við önnur gögn málsins frá 2001. Þau sýna að innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF og framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís ræddu viðbrögð sín við aðgerðum Skeljungs og þessi starfsmaður OHF upplýsti forstjóra sinn um þetta og nefndi í því samhengi að Olís væri „*mikið niðri fyrir*“.<sup>1507</sup> Jafnframt miðlaði

<sup>1504</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færslur 21. og 25.6.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1505</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Thomasi Möller til Heimis Sigurðssonar. Frá Heimi Sigurðssyni til m.a. Inga Þórs Hermannssonar, dags. 30.5.2001 kl. 14:50 og 20:31.

<sup>1506</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Thomasi Möller til Heimis Sigurðssonar, dags. 9.7.2001 kl. 16:39.

<sup>1507</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til m.a. Geirs Magnússonar, dags. 30.5.2001 kl. 8:45.

Oliudreifing upplýsingum um þetta til Olís og OHF og voru þær framsendar til æðstu stjórnenda OHF.<sup>1508</sup> Einnig sneri OHF sér til Statoil og aflaði sér upplýsinga um þetta bensín Skeljungs og viðbrögð erlendis við því.<sup>1509</sup> Fæst því ekki séð á hvaða grunni OHF treystir sér nú til að fullyrða að þetta mál hafi engu skipt fyrir félagið.

Samkeppnisráð bendir hér á að viðbrögð við nýrri vöru keppinautar er einn af mikilvægari þáttum í samkeppni á markaði. Slík viðbrögð geta t.d. falist í breytingum á verðlagningu, endurbótum á vöru o.s.frv. Framangreind gögn sýna ótvírætt samráð Olís og OHF um þetta. Þannig mótmælti OHF ekki ítrekuðum sendingum frá Olís um samkeppnisleg viðbrögð við aðgerðum Skeljungs heldur þess í stað voru þær upplýsingar áframsendar innan OHF. Jafnframt áttu stjórnendur Olís og OHF í viðræðum um þessi mál. Slíkt samráð hefur það að markmiði að raska samkeppni og fer gegn 10. gr. samkeppnislaga. Varðandi túlkun á 10. gr. samkeppnislaga vísar samkeppnisráð til kafla III hér að framan. Samkeppnisráð vill þó taka fram að krafa samkeppnisréttarins um að fyrirtæki setji fram mótmæli þegar því t.d. berast samkeppnishamlandi upplýsingar eða þegar umræður á fundi með keppinautum fara að snúast um viðkvæm viðskiptaleg málefni raskar á engan hátt samkeppni eða fer gegn markmiði samkeppnislaga. Þvert á móti stuðlar þessi krafa að virkri samkeppni. Ástæða þessa er einfaldlega sú ef viðkomandi fyrirtæki sýnir engin viðbrögð gefur það keppinautum til kynna að það samþykki þessar aðgerðir. Slíkt felur í sér þegjandi þátttöku (e. *passive mode of participation*) sem stuðlar að áframhaldandi samkeppnishamlandi aðgerðum.<sup>1510</sup>

Þann 25. og 26. júlí 2001 áttu forstjóri Olís og framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar í tölvupóstsamskiptum og ræddu um möguleika á því að hætta að flytja inn flugvélabensín og White spirit með Skeljungu. Framkvæmdastjórinn framsendi m.a. tölvupóst frá öðrum starfsmanni Olís en í honum koma fram upplýsingar um sölu og framlegð af viðskiptum Olís með White spirit á árunum 1998–2001. Þar segir m.a.:

*„Ath framlegð árið 1998 og 1999 er áætluð en þó mjög nálægt sanni en kostnaðarverð á WH sp frá þessum tíma voru alveg úr korti. Framlegð árið 2000 og 2001 er nokkuð rétt en eins og þú mannst eftir þá var ekkert út úr wh spirit að hafa árið 2000 þar sem við keyptum inn af Shell allt of dýrt og þeir ekki tilbúnir að hækka.“<sup>1511</sup>*

<sup>1508</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá ODR til Samúels Guðmundssonar og Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 29.5.2001 kl. 9:57. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til m.a. Geirs Magnússonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 29.5.2001 kl. 10:08.

<sup>1509</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til framkvæmdastjórnar OHF, dags. 29. maí 2001 kl. 11:42.

<sup>1510</sup> Sjá hér t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-204/00P *Aalborg Portland A/S v Commission*.

<sup>1511</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar, dags. 26.7.2001 kl. 19:08.

Tengt þessu er skjal sem lýsir helstu markaðsaðgerðum Olís varðandi efnavörur á árinu 1999.<sup>1512</sup> Skjalið skýrir sig sjálft en í umfjöllun um m.a. White spirit segir:

*„Þessir tveir vöruflokkar eru Sýrur og White spirit [sem] hefur verið unnið mikið í og búið að semja um lágmarksverð við Shell.“*

Í kafla IV kemur fram að gögn málsins sýni að Olís og Skeljungur hafi haft með sér samstarf í árlegum útboðum eða verðkönnunum Vegagerðarinnar á White spirit frá 1994–2001. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís, sem lét að störfum í árslok 2000, hefur upplýst að Olís og Skeljungur hafi „ákveðið saman söluverð á WS og haft með sér samstarf um tilboðsgerð í þessum verðkönnunum Vegagerðarinnar.“<sup>1513</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið ekki vita neitt um þessi atvik og þau séu félaginu óviðkomandi.

Að mati samkeppnisráðs sýna framangreind gögn ólöglegt samráð milli Olís og Skeljungs varðandi verðlagningu á White spirit. Samkeppnisráð bendir hér á að í kafla IV 1.5 hér að framan er það rökstutt að OHF hafi í skilningi samkeppnislaga mátt vera ljóst að Olís og Skeljungur hefðu haft samráð um gerð tilboða vegna útboða Vegagerðarinnar á þessari vöru. Byggðist sú niðurstaða á almennri stefnumörkun olíufélaganna um samráð vegna útboða. Í málinu er hins vegar ekki að finna gögn sem sýna að olíufélagin þrjú hafi fjallað sameiginlega um verðlagningu á White spirit eða orðið sammála um almenna stefnumörkun á því sviði. Gegn neitun OHF er því ekki unnt að leggja til grundvallar að félaginu hafi mátt vera kunnugt um þetta ólöglega samráð Olís og Skeljungs að verðlagningu á White spirit.

Þann 24. ágúst 2001 sendi starfsmaður OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís. Með tölvupóstinum fylgdi minnisblað frá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF og lýsti það fundi Olís og OHF 11. júlí 2001 þar sem rætt var um margháttað samstarf félaganna um upplýsingatæknimál á bensínstöðvum félaganna. Meðal annars var því velt upp hvar línan væri dregin varðandi samkeppnismál.<sup>1514</sup> Þann 27. ágúst 2001 hittust framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís, innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF og forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu og ræddu „þarfir“ vegna svartolíu.<sup>1515</sup> Þann 29. ágúst hitti forstjóri OHF forstjóra Olís á fundi.<sup>1516</sup> Það sama

<sup>1512</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís: „Yfirlit yfir helstu aðgerðir“. (Iðnaðarvara 1.1.–1.4.doc)

<sup>1513</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís, dags. 20.11.2002.

<sup>1514</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jónasi Guðbjörnssyni til m.a. Thomasar Möller, dags. 24.8.2001 kl. 9:24.

<sup>1515</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Samúels Guðmundssonar og Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 22.8.2001 kl. 13:55.

<sup>1516</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 29.8.2001 (Hs. nr. 1051).



gerði hann 3. september 2001.<sup>1517</sup> Sýnir þetta samskipti félaganna á þessum tíma um ýmis viðkvæm samkeppnisleg málefni.

Þann 13. september 2001 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Í tölvupóstinum sagðist hún hafa séð á leið sinni um Grafarvoginn að Olís bjóði 5 kr. í afslátt í sjálfsafgreiðslu á Gullinbrú. Kvaðst framkvæmdastjórinn ekki skilja þetta en ljóst væri að Olís væri að missa stöðina niður og er þeirri von lýst að þetta endi ekki í verðstríði. Aðstoðarforstjórinn svaraði og sagði að Skeljungur verði „*að halda þessu leyndu fyrir Orkunni, annars er fjandinn laus.*“ Jafnframt spurði hann hvort það væru einhver tímamörk á þessu tilboði. Forstjóri Skeljungs svaraði daginn eftir og bað framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu að hringja í starfsbróður sinn hjá Olís og spyrja hvað væri um að vera. Aðstoðarforstjórinn svaraði forstjóránnum og taldi að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu væri farinn til útlanda og bauðst sjálfur til að hringja í framkvæmdastjórann hjá Olís. Forstjórinn svaraði og bað hann um að gera það strax ef mögulegt væri.<sup>1518</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt Olís um þetta mál. Forstjóri Olís sagði að þarna hafi væntanlega verið um það að ræða að Olís hafi boðið framkvæmda- eða opnunarafslátt vegna stækkunar skálans í Gullinbrú. Olís hafi hins vegar „*ekki látið ókyrrð Skeljungs hafa nein áhrif á sig í þessu máli.*“ Sagði forstjórinn að Olís hefði verið brautryðjandi í að taka upp slíka afslætti án nokkurs samstarfs við hin félögin. Nefnt var við forstjóra Olís að þessi tölvupóstur vitnaði um sífelld samskipti milli olíufélaganna, sem tengdust verðlagningu, og að það fyrsta sem mönnum dytti til hugar þegar eitthvað óvænt kæmi upp væri að ræða við keppinauta sína. Til svars sagði forstjóri Olís þetta:

*„EB kvaðst ekki geta andmælt þessu. Þessi samskipti sýndu að sú „kemía“ sem hann hafði lýst í samskiptum félaganna hafi lifað allt til ársins 2001, vegna þeirrar fortíðar sem starfshættir félaganna mörkuðust af, mikilla samskipta og langra kynna starfsmanna þeirra. Þegar óvænt mál kæmu upp, létu menn það eftir sér að hringa í starfsfélaga hjá hinum félögunum og skammast í þeim. Rétt væri að menn ættu ekkert að tala saman um þessi mál, en vegna þess að menn þekktust, hringdu þeir einfaldlega og jysu úr skálum reiði sinnar. Enn og aftur teldi hann þetta betur lýsa harðri samkeppni, en samráði.“<sup>1519</sup>*

<sup>1517</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 3.9.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1518</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Margrétar Guðmundsdóttur, Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 13.9.2001 kl. 20:46 og 20:51 og 14.9.2001 kl. 10:32, 10:37 og 10:40.

<sup>1519</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kemur fram að félaginu sé ókunnugt um meinta samkeppnishamlandi samvinnu Olís og Skeljungs varðandi umræddan afslátt. Þetta sé félaginu óviðkomandi og ekki hluti af neinu heildarsamráði sem OHF sé aðili að.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á það með Olís að framangreind gögn frá september 2001 lýsi harðri samkeppni milli olíufélaganna. Þvert á móti lýsa þessi gögn áframhaldandi samskiptum og samræðum milli félaganna um verðlagsmál. Í kafla VI 5.5 hér að framan var greint frá því að olíufélögin hefðu náð samkomulagi um að keppa ekki vegna tímabundinna tilboða og að sú „regla“ hefði myndast að félögin gæfu 4 kr. afslátt af lítra eldsneytis í slíkum tilvikum. Minnt er á að aðstoðarforstjóri Skeljungs spurði strax hvort einhver tímamörk væru á þessu tilboði Olís. Samkeppnisráð telur ástæðu þess að Skeljungur hafi snúið sér til Olís vegna þessa tilboðs hafa verið að félagið hafi talið að hegðun Olís fæli í sér brot á samkomulagi félaganna um þennan afslátt. Hér ber og að líta til þess að OHF hefur viðurkennt að þetta samkomulag hafi verið fyrir hendi, sbr. kafla VI 5.5. Umfjöllun í þeim kafla sýnir að OHF greip til aðgerða til að tryggja að keppinautarnir myndu virða samkomulagið. OHF mátti vera ljóst að hið sama myndi Skeljungur gera ef tilefni gæfist til. Þetta samráð Olís og Skeljungs var því liður í hinu samfellda samráði olíufélaganna þriggja.

Þann 28. september 2001 er bókað í dagbækur framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF og markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi að þeir eigi fund hjá Olís um OW Icebunker.<sup>1520</sup> Í dagbók framkvæmdastjórans hjá Skeljungi er einnig rituð athugasemd sem gefur til kynna að ræða hafi átt um verð til OW Icebunker við Olís.<sup>1521</sup> Í athugasemdum OHF er því haldið fram að félaginu hafi verið ókunnugt um þessar verðviðræður. Hér verður að rifja upp að OHF hefur í athugasemdum sínum við frumathugun II ítrekað viðurkennt að olíufélögin þrjú hafi haft með sér samráð um verðlagningu til OW Icebunker. Fullyrðingar OHF um annað varðandi þetta tilvik eru því ótrúverðugar. Þessi gögn sýna því áframhaldandi samvinnu um verðlagningu til OW Icebunker.

Þann 1. október 2001 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF tölvupóst til forstjóra félagsins og greindi frá viðræðum við starfssystur sína hjá Skeljungi. Þau hafi rætt um þjónustu tiltekins fyrirtækis og upplýst hafi verið m.a. að Skeljungur væri „á fullu að skoða hvernig hægt væri að spara þegar allur kostnaður er nú sjáanlegur“.<sup>1522</sup> Sama dag hittust á fundi forstjórar olíufélaganna þriggja.<sup>1523</sup> Í dagbók forstjóra OHF var einnig bókaður fundur forstjóraranna þriggja þann 4. október

<sup>1520</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Tölvudagbók Ragnars Bogasonar, færsla 28.9.2001.

<sup>1521</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 28.9.2001 (Hs. nr. 8219).

<sup>1522</sup> Tölvupóstur Heimis Sigurðssonar til Geirs Magnússonar, dags. 1.10.2001 kl. 23:28 (Hs. nr. 1012).

<sup>1523</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 1.10.2001 (Hs. nr. 1051).

2001.<sup>1524</sup> Í dagbók forstjóra Olís er bókaður fundur með forstjóra OHF þennan sama dag.<sup>1525</sup> Þann 8. október 2001 er í dagbók forstjóra Olís bókaður fundur með forstjóra OHF til þess að ræða um „*kassakerfi*“.<sup>1526</sup> Þann 11. október er í dagbók forstjóra OHF bókaður fundur forstjóranna þriggja.<sup>1527</sup> Í kafla VI 6.5 hér á eftir er gerð grein fyrir því að forstjórar OHF og Olís hafi hist 15. október 2001 og forstjórnarnir þrír þann 17. október 2001. Var á þessum fundum a.m.k. fjallað um aðgerðir vegna komu Statoil til landsins. Þann 19. október 2001 hittu forstjóri OHF forstjóra Olís og stjórnarformann þess fyrirtækis.<sup>1528</sup> Sýnir þetta mikil samskipti milli æðstu stjórnenda olíufélaganna á þessum tíma og upplýsingaskipti um samkeppnisleg málefni.

Þann 24. október 2001 sendi starfsmaður Skeljungs tölvupóst til sölustjóra á markaðssviði smásölu hjá fyrirtækinu. Greindi hann frá því að Skeljungur hefði á sínum tíma hækkað verð á 5 ltr. bensínbrúsum og þ.a.l. skilagjald á brúsunum vegna þess að fólki hafi ekki fundist þess virði að skila þeim. Brúsar Olís og Skeljungs séu mjög líkir og verð á Olís brúsunum sé 150 kr. Viðskiptavinir séu nú farnir að leika þann leik að kaupa brúsa hjá Olís á 150 kr. og skila þeim hjá Skeljungu og fá 300 kr. fyrir brúsann. Vandinn liggi í því að ekki sé verið að selja þessa brúsa á sama verði hjá félögunum. Síðan segir:

*„Hér var því hvíslað að mér að þú værir rétti maðurinn til þess að tala við þá hjá Olís og athuga hvort þeir væru ekki til í að hækka sína brúsa líka.“*

Sölustjórinn hjá Skeljungu framsendi þennan tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís og bað hann um að upplýsa hvernig þessum málum væri háttað. Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði með eftirfarandi hætti þann 30. október 2001:

*„er að láta skoða  
kem til baka  
fólk er fífl!!!!“<sup>1529</sup>*

Verð á bensínbrúsum hjá Olís var síðar hækkað í 300 kr. Þann 15. nóvember 2001 sendi starfsmaður Skeljungs tölvupóst til umrædds sölustjóra hjá félaginu og greindi frá því að Skeljungur væri með hæsta verð á tiltekinni tegund rafgeyma og það hefði áhrif á sölu. Sölustjórinn svaraði og sagðist ætla að skoða málið mjög alvarlega. Sölustjórinn svaraði síðan og sagði að Skeljungur vildi halda verðinu en lagði hins

<sup>1524</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 4.10.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1525</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 4.10.2001 (Hs. nr. 4002).

<sup>1526</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 8.10.2001 (Hs. nr. 4002).

<sup>1527</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 11.10.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1528</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 19.10.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1529</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Thomasar Möller og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 25.10.2001 kl. 8:42 og 30.10.2001 kl. 9:52.

vegar til að veittur yrði 12% afsláttur af umræddri tegund af rafgeymi. Það verð með afslætti var þó áfram hærra en verð hjá Olís. Síðar segir í tölvupóstinum: „*Mér er kunnugt um að verðhækkningar liggja í loftinu hjá Olís*“.<sup>1530</sup> Sýnir þetta ásamt öðru að samráð Olís og Skeljungs náði til mjög margra þátta sem varða samkeppni milli félaganna. Í málinu er ekki að finna gögn sem sýna að olíufélögin þrjú hafi fjallað sameiginlega um samkeppni í sölu á bensínbrúsum og rafgeymum. Gegn neitun OHF er því ekki unnt að leggja til grundvallar að félaginu hafi mátt vera kunnugt um þetta ólögmeta samráð Olís og Skeljungs varðandi bensínbrúsa og rafgeyma.

Í kafla VI 6.5 hér á eftir er lýst tilraunum olíufélaganna til að hækka verð á skipagasolíu í Færeyjum. Þar kemur fram að í október 2001 hafi olíufélögin orðið fyrir gagnrýni vegna um 30% verðmunar á þessari olíu hér á landi og í Færeyjum. Á fundum 18. október 2001 hótuðu olíufélögin norska olíufélaginu Statoil að þau myndu hætta að kaupa olíu af því nema það beitti sér fyrir því að dótturfélag þess í Færeyjum hækkaði verð. Var markmið þessara aðgerða að halda uppi verði hér á landi. Olíufélögin höfðu síðan samskipti sín á milli vegna þessa máls næstu dagana eftir fundina með Statoil. Jafnframt hafði forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu þann 25. október 2001 aftur samband við Statoil og sagði að OHF og Skeljungur biðu eftir fréttum varðandi verðlagningu í Færeyjum. Þann 26. október 2001 sendi forstöðumaðurinn hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Efni hans var verð á skipagasolíu og í honum segir m.a. þetta:

*„Ef Færeyjar eru með 20 USD álagningu ættu verðin hjá þeim í dag að vera um 21 kr/ltr (listaverð 29 kr/ltr) ... (1,66 DKK/ltr) en listaverð hér eru í dag 30,36 (2,40 DKK/ltr). Statoil segist (sic) markmið þeirra í Færeyjum sé að vera 1,50–2,00 kr/ltr hærri en verðin í Danmörku. Best að fá Hákun<sup>1531</sup> til að staðfesta þetta.*

*Útsöluverð hér heima:*

*Tillaga að lækkun á útsöluverði skipagasolíu er 2–3 kr. m. vsk (úr 37,80 í 34,80–35,80 m.vsk). Við erum að horfa á 1 kr. mismun milli mánaða v/gengisbreytingu dollars.“<sup>1532</sup>*

Þann 29. október 2001 hitti forstjóri OHF forstjóra Olís og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar á fundi.<sup>1533</sup> Þann 31. október 2001 var forstöðumaður

<sup>1530</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Sigurðar Kr. Sigurðssonar og SS: Laugavegi, dags. 15.11.2001 kl. 8:50 og 11:10 og 21.11.2001 kl. 11:33.

<sup>1531</sup> Starfsmaður Shell í Færeyjum.

<sup>1532</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til m.a. Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 26.10.2001 kl. 10:41.

<sup>1533</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 29.10.2001 (Hs. nr. 1051).

innkaupadeildar hjá Skeljungu á fundi hjá OHF kl. 9–10 um morguninn.<sup>1534</sup> Klukkan 11:22 sama dag sendi hann tillögu um verðbreytingu til forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Lagði hann til að bensín myndi lækka um 3,5 kr./ltr., skipagasolía um 2 kr./ltr., svartolía um 1 kr./ltr. en verð á gasolíu yrði óbreytt.<sup>1535</sup> Tölvupósturinn til aðstoðarforstjórans var opnaður kl. 13:27 þennan dag. Klukkan 14:01 sendi forstöðumaðurinn hjá Skeljungu tölvupóst til forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins og greindi frá við hvaða birgja OHF hefði samið varðandi kaup á bensíni, dísilolíu, skipagasolíu o.fl.<sup>1536</sup> Klukkan 15–16:00 hittust á fundi hjá OHF framkvæmdastjórar fjármálasviða hjá OHF og Olís og aðstoðarforstjóri Skeljungs.<sup>1537</sup> Um klukkutíma eftir að þeim fundi lauk sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF nýjan verðlista til annars starfsmanns OHF. Samkvæmt honum lækkaði verð á bensíni um 4 kr. á lítra, verð á skipagasolíu um 2 kr. og verð á svartolíu um 2 kr.<sup>1538</sup> Verð á gasolíu var hins vegar ekki lækkað. OHF tilkynnti síðan um þessa verðbreytingu kl. 18:02.<sup>1539</sup> Forstöðumaðurinn hjá Skeljungu sendi stjórnendum hjá félaginu nýjan verðlista kl. 18:19 og var hann sendur bensínstöðvum kl. 18:28.<sup>1540</sup> Í honum kemur fram sama verðbreyting og hjá OHF nema skipagasolía var lækkuð um 3 kr. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tilkynnti samstarfsmönnum kl. 18:40 um sömu verðbreytingar og OHF en kl. 19:16 sendi hann nýjan verðlista þar sem skipagasolía var lækkuð um 3 kr.<sup>1541</sup> Að morgni 1. nóvember sendi OHF út nýja tilkynningu þar sem skipagasolía var lækkuð um 3 kr. Þann 1. nóvember 2001 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og sagði að það veki athygli hans að verð hefði ekki lækkað á gasolíu/dísilolíu og viðskiptavinir hafi látið í sér heyra vegna þessa.<sup>1542</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að „*einhver samskipti*“ hafi átt sér stað milli olíufélaganna í aðdraganda þessarar verðbreytingar. Engar viðræður um verð hafi þó átt sér stað í þessu tilviki. Verðbreytingar olíufélaganna hafi ekki verið samstíga að öllu leyti og Skeljungur lækkaði verð á gasolíu meira en OHF og Olís þann 31. október en síðarnefndu fyrirtækin hafi svo fylgt í kjölfarið daginn eftir með

<sup>1534</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til skiptiborðs, dags. 30.10.2001 kl. 19:55.

<sup>1535</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 31.10.2001 kl. 11:22.

<sup>1536</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 31.10.2001 kl. 14:01.

<sup>1537</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Tilkynning um fund 31.10.2001.

<sup>1538</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnasyni til Sigurðar Sigfússonar, dags. 31.10.2001 kl. 17:08.

<sup>1539</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Ernu Kristjánsdóttur til allra hjá Esso, dags. 31.10.2001 kl. 18:02.

<sup>1540</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til ýmissa starfsmanna Skeljungs, dags. 31.10.2001 kl. 18:19 og 18:28.

<sup>1541</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til ýmissa starfsmanna Olís, dags. 31.10.2001 kl. 18:40 og 19:16.

<sup>1542</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til m.a. Einars Benediktssonar, dags. 1.11.2001 kl. 13:13.

sömu verðbreytingar og Skeljungur hafði gert. Sýni þetta „að jafnvel þó svo verðlagning hefði verið rædd meðal félaganna, þá var engin samstaða um hvernig þau lækkuðu verðið. Sem fyrr fylgdu félögin því félagi sem lægsta verðið hafði í hvert sinn.“ OHF mótmæli því að hafa tekið hér þátt í verðsamráði.

Samkeppnisráð áréttar að hér hefur verið gerð grein fyrir því að olíufélögin höfðu haft með sér samráð til að hafa áhrif á verðlagningu á skipagasolíu í Færeyjum í því skyni að halda uppi verði hér á landi. Daginn eftir að nefndur forstöðumaður hjá Skeljungu hafði gert Statoil grein fyrir því að Skeljungur og OHF biðu fréttu varðandi verðlagningarmál í Færeyjum gerði hann í tölvupósti tillögu um 2–3 kr. verðlækkun á skipagasolíu. Fjallað var einnig um verðlagningu í Færeyjum í tölvupóstinum. Skömmu eftir fund hjá OHF 31. október 2001 gerði þessi sami forstöðumaður tillögu um m.a. 2ja kr. lækkun á skipagasolíu og að verð á gasolíu yrði ekki lækkað. Síðar sama dag hittust á fundi yfirmenn verðlagsmála hjá OHF og Skeljungu og framkvæmdastjóri hjá Olís. Í kjölfar þessa fundar tilkynntu félögin um nánast sömu verðbreytingar og öll ákváðu þau að lækka ekki gasolíu, en það vakti sérstaka athygli eins stjórnanda hjá Olís að fyrirtækið hefði ekki lækkað það eldsneyti. Þegar þetta er allt skoðað saman telur samkeppnisráð engum vafa undir orpið að olíufélögin hafi haft samráð um þessa verðbreytingu. Hins vegar verði að telja að félögin hafi ekki verið sammála um hversu mikið ætti að lækka skipagasolíu og OHF og Olís síðan ákveðið að breyta til jafns við Skeljung eftir að fyrir lá að það fyrirtæki myndi lækka það eldsneyti um 3 kr.

Þann 14. nóvember 2001 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu hjá Skeljungu og OHF. Í tölvupóstinum tilgreindi hann verð á rúðuhreinsi hjá Olís, OHF og Skeljungu þennan dag. Þar kemur fram að verð á rúðuhreinsi í lausu væri 50% hærra hjá Olís, 1 ltr. brúsi sé 27% hærra hjá Olís, 2,5 ltr. brúsi sé 25% hærra og 5 ltr. brúsi 3% hærra. Var þetta sent OHF og Skeljungu „til fróðleiks“. Framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu svaraði og sagðist ekki hafa áhuga að fá þessar upplýsingar frá keppinauti.<sup>1543</sup> Framkvæmdastjórinn hjá OHF áframsendi hins vegar þennan tölvupóst til tveggja starfsmanna félagsins og bað þá jafnframt um að „eyða skeytinu“.<sup>1544</sup> Tveimur dögum seinna er sendur tölvupóstur innan OHF þar sem gerð er athugasemd við að búið sé að hækka rúðuvökva í lausu um 30% og í umbúðum um eitthvað aðeins minna. Þeirri athugasemd var svarað með þeim hætti að OHF hafi einfaldlega metið möguleikann til meiri tekna og félagið telji viðskiptavinum ekki mjög meðvitaða um verð á þessari

<sup>1543</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Margréti Guðmundsdóttur til Thomasar Möller og Heimis Sigurðssonar, dags. 14.11.2001 kl. 9:59.

<sup>1544</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Thomasi Möller til Heimis Sigurðssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 14.11.2001 kl. 8:40. Frá Heimi Sigurðssyni til Inga Þórs Hermannssonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 14.11.2001 kl. 9:13.

vöru.<sup>1545</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjórann hjá OHF um þennan tölvupóst frá Olís. Hann kveðst ekki hafa svarað honum en hefur samsinnt því að líta megi á hann sem hvatningu til að hækka verð.<sup>1546</sup> Aðspurður hefur forstjóri Olís sagt að hann kannist ekki við þetta mál en dragi ekki í efa að tölvupósturinn hjá Olís hafi verið með umræddum hætti. Hann kvaðst „þó ekki hafa nokkra trú á að menn hafi sammælt um verðhækkun á þessari vöru, enda um afar lítið mál að ræða.“<sup>1547</sup>

Í athugasemdum OHF segir að óumdeilt sé í málinu að Olís hafi sent félaginu tölvupóst, þar sem gerð hafi verið grein fyrir verði á markaðnum fyrir rúðuhreinsi. OHF hafi ekki svarað þessu óumbeðna skeyti Olís, enda mörgum þarfari hnöppum að hneppa í félaginu en að svara bréfum sem innihalda niðurstöðu verðkönnunar á markaði fyrir rúðuvökva. OHF hafi hækkað verð á rúðuvökva tveimur dögum seinna. Verði að ætla að skeytasendingar keppinauta geri ekki verðbreytingar fyrirtækja ólögsmætar. Að öðru leyti ítreki OHF það sem fram hefur komið um skilning félagsins varðandi túlkun 10. gr. hvað varðar meinta jákvæða skyldu til að svara bréfum keppinauta. Einnig verði að horfa til þess að innihald tölvupóstsins sem Olís sendi hafi verið opinberar upplýsingar um verð á markaði. Hugsanlegt sé að OHF hafi metið það svo í ljósi hinna óumbeðnu upplýsinga að þörf væri á verðhækkun á rúðuvökva. OHF hefði alveg eins getað komist að umræddum upplýsingum sjálf. OHF spyrji sig hvort félaginu hefði þá verið óheimilt að hækka verðið ef Olís hefði dottið í hug að senda umræddar upplýsingar? Ef svo er verði að telja að samkeppnislögin hafi upp á að bjóða öflugt tæki fyrir fyrirtæki til þess að stöðva verðbreytingar keppinauta sinna.

Samkeppnisráð telur ljóst að tilgangur Olís með framangreindum tölvupósti hafi verið að hvetja hin félögin til að hækka verð á þessari vöru. OHF var þetta ljóst og viðkomandi framkvæmdastjóri hjá félaginu áframsendi tölvupóstinn til undirmanna sinna og bað þá jafnframt að eyða honum. Er það í samræmi við fyrri tilmæli olíufélaganna til hvers annars eða hjá hverju félagi fyrir sig að eyða gögnum sem varða samráð þeirra. Samkeppnisráð telur að OHF hafi fallist á þessa beiðni Olís enda hækkaði félagið verð á þessari vöru umtalsvert. Samkeppnisráð vísar til fyrri umfjöllunar um túlkun á 10. gr. samkeppnislaga og telur ótvírætt að Olís og OHF hafi farið gegn ákvæðinu í þessu tilviki. Skeljungur féllst hins vegar ekki á þetta og mótmælti sendingu Olís. Félagið tók því ekki þátt í þessu broti. Vangaveltur OHF um að 10. gr. laganna sé tæki til þess að stöðva verðbreytingar keppinauta fá ekki staðist. Ef fyrirtæki tekur ekki þátt í ólögsmætu samráði og gerir keppinautum sínum skýrlega grein fyrir því takmarkar bannákvæði 10. gr. ekki á nokkurn hátt sjálfstæðar aðgerðir þess á markaðnum.

---

<sup>1545</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Bergþóru Þorkeldsdóttur, Inga Þórs Hermannssonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 16.11.2001 kl. 13:28 og 13:31.

<sup>1546</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 9.4.2002.

<sup>1547</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Þann 27. nóvember 2001 klukkan 11:21 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu tölvupóst til forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Í honum tilgreinir hann hver sé verðlækkunarþörf á eldsneyti og vill ræða um væntanlegar verðbreytingar. Tölvupósturinn til aðstoðarforstjórans var opnaður kl. 12:16.<sup>1548</sup> Klukkan 13:13 sama dag sendi ritari hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF og greinir frá því að aðstoðarforstjóri Skeljungs biðji hann um að hafa samband.<sup>1549</sup> Þann 30. nóvember 2001 kl. 15:15 sendi forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu nýjan verðlista á eldsneyti til annars starfsmanns Skeljungs.<sup>1550</sup> Nýja verðið, sem fól í sér verðlækkun á eldsneyti, átti að gilda frá 1. desember 2001. Tveimur mínútum seinna sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF tölvupóst til innkaupastjóra eldsneytis hjá fyrirtækinu. Með tölvupóstinum fylgdi nýr verðlisti fyrir eldsneyti.<sup>1551</sup> Nákvæmlega sama verðbreyting kemur fram í þessum gögnum frá OHF og Skeljungu. Klukkan 15:26 sama dag sendi forstöðumaðurinn hjá Skeljungu nefndan verðlista til m.a. tölvudeildar fyrirtækisins.<sup>1552</sup> Klukkan 15:31 hinn 30. nóvember sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til ýmissa starfsmanna hjá fyrirtækinu og greindi frá þeim verðbreytingum sem yrðu 1. desember 2001.<sup>1553</sup> Voru þetta sömu verðbreytingar og hjá hinum félögunum. Greint var frá þeirri verðbreytingu á heimasíðu Olís kl. 15:45.<sup>1554</sup> Klukkan 16:59 sendi OHF út fréttatilkynningu og greindi frá þessari verðbreytingu.<sup>1555</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að engin gögn bendi til þess að OHF hafi rætt þessa verðbreytingu við keppinauta sína. Ekki sé óeðlilegt að félögin hafi tekið ákvarðanir um verðbreytingar síðasta dag nóvembermánaðar þar sem þau breyttu venjulega öll verði sínu fyrsta hvers mánaðar. Eins og áður hafi komið fram séu þó nokkrar líkur til þess að verðbreytingaþörfin hjá félögunum sé mjög svipuð á hverjum tíma. Þurfi því sú staðreynd að oliufélögin hafi ákveðið sams konar verðbreytingar á svipuðum tíma ekki að benda til samráðs þeirra. Í öllu falli sé slík staðreynd í engu nægjanleg sönnun þess að um ólöglegt verðsamráð hafi verið að ræða í ákveðnu tilviki.

---

<sup>1548</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 27.11.2001 kl. 11:21.

<sup>1549</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Sigrúnu Runólfsdóttur til Bjarna Bjarnasonar, dags. 27.11.2001 kl. 13:13.

<sup>1550</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Gunnars E. Kvaran, dags. 30.11.2001 kl. 15:15.

<sup>1551</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnasyni til Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 30.11.2001 kl. 15:17.

<sup>1552</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til m.a. tölvudeildar, dags. 30.11.2001 kl. 15:26.

<sup>1553</sup> Tölvupóstur frá Samúel Guðmundssyni til ýmissa starfsmanna Olís, dags. 30.11.2001 kl. 15:31 (Hs. nr. 4939).

<sup>1554</sup> Útprintun af heimasíðu Olís.

<sup>1555</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Jóhanni P. Jónssyni til fjölmiðla, dags. 30.11.2001 kl. 16:59.



Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að innan við klukkutíma frá því að yfirmaður verðlagsmála hjá Skeljungu opnaði tölvupóst frá undirmanni sínum þar sem fram koma tillögur um verðbreytingar bað hann yfirmann verðlagsmála hjá OHF að hafa við sig samband. Hvorki OHF né Skeljungur hafa lagt fram gögn eða upplýsingar sem gefa til kynna að þessi samskipti félaganna hafi átt sér eðlilegar skýringar. Jafnframt er alveg ljóst að þegar olíufélögin greindu hvert fyrir sig innanhús frá nákvæmlega sömu verðbreytingum lágu ekki fyrir opinberar upplýsingar um verðlagningaráform neins þeirra. Samkeppnisráð hefur áður fært fyrir því rök að ráðið telji í hæsta máta ósennilegt að hvert félag myndi sjálfstætt komast að öllu leyti að sömu niðurstöðu upp á eyri um verðbreytingu á eldsneyti. Í því sambandi verður að líta til þess að olíufélögin þrjú eru ólík fyrirtæki með mismunandi kostnaðaruppbyggingu. Það er jafnframt ákaflega ósennilegt að tilviljun ein hafi ráðið því að þetta var kynnt innanhúss hjá olíufélagunum með nokkurra mínúta millibili. Eina raunhæfa skýringin á þessum samhlíða aðgerðum félaganna er sú að þau hafi haft með sér samráð. Þegar þetta er allt virt saman og haft er í huga annað ólöglegt samráð olíufélaganna á þessum tíma telur samkeppnisráð að félögin hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

#### 6.5. Tilraunir olíufélaganna til að hækka verð í Færeyjum

Eins og fram kemur í kafla VI 5.10 liggur fyrir að LÍÚ hafi um árabíl gagnrýnt verðlagningu olíufélaganna á eldsneyti til fiskiskipa og talið hana óeðlilega háa miðað við verð í nágrennaríkjum. Í því sambandi hefur oft verið vísað til verðs á olíu í Færeyjum og fullyrt að verðið sé mun hagstæðara þar. Hefur m.a. verið bent á tilboð sem íslenskir útgerðarmenn hafa fengið í Færeyjum. Gögn málsins sýna að olíufélögin tóku þessari gagnrýni illa og ákváðu að grípa til aðgerða í því skyni að hækka verð til íslenskra skipa í Færeyjum til að vinna gegn verðlækkunum hér á landi. Beindust þær aðgerðir að hinum erlendu olíufélagum Statoil og Shell en bæði þessi fyrirtæki stunda olíusölu í Færeyjum. Jafnframt hefur Statoil verið mikilvægur olíubirgir íslensku olíufélaganna. Aðgerðir þessar náðu hámarki árið 2001 og verður nú gerð grein fyrir þeim og aðdraganda þeirra.

Forstjórar olíufélaganna þrjú hittust á fundi 20. maí 1998. Samkvæmt tölvupósti forstjóra Olís var forstjóri OHF á fundinum með yfirlit yfir verð á gasolíu til skipa í Færeyjum, Noregi og Danmörku. Bað forstjóri Olís starfsmenn sína að afla samskonar upplýsinga.<sup>1556</sup> Þennan sama dag sendi forstjóri Olís einnig tölvupóst til forstjóra OHF og vísaði til ummæla hans á forstjórafundinum um Statoil.<sup>1557</sup> Samkvæmt þessu hafa forstjórnir á þessum tíma verið að ræða m.a. um verð í Færeyjum og Statoil.

<sup>1556</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til m.a. Jóns Halldórssonar, dags. 20.5.1998 kl. 17:57.

<sup>1557</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar, dags. 20.5.1998 kl. 20:11.

Þann 2. nóvember 1998 var flutt viðtal við framkvæmdastjóra LÍÚ á Bylgjunni. Fram kom í viðtalinu að olíuverð til skipa væri tvöfalt hærra hér á landi heldur en á meginlandi Evrópu. Jafnframt sagði framkvæmdastjórinn að íslensku olíufélögin kaupi mest af gasolíu sinni frá norska olíufélaginu Statoil. Það sé sama fyrirtækið og íslensk skip eigi viðskipti við í Færeyjum. LÍÚ telji verðmismun milli Íslands og Færeyja óeðlilegan en samtökin hafi aldrei fengið viðhlítandi skýringar frá olíufélagunum. Daginn eftir sendi Olís með símbrefi enska þýðingu af þessari frétt til Statoil. Í símbrefinu er tekið fram að LÍÚ sé áhrifamikið hér á landi. Síðan segir:

*„We would appreciate if you would on this occasion be prepared, at our meeting next week, to discuss and explain stated difference in price of gasoil here in Iceland versus f.ex. the Faroe Island, where Statoil has it's own operation.“<sup>1558</sup>*

Þessi málefni voru aftur til skoðunar í nóvember 1999. Þá sendi starfsmaður OHF eftirfarandi tölvupóst til forstjóra OHF og var efni hans eldsneytisverð í Færeyjum:

*„Ég talaði við Sverri Steintún<sup>1559</sup>. Hann sagði að listaverð í Færeyjum væri 1,75 d.kr. Afsláttur til útgerða væri kominn úr öllum böndum. Verst væri ástandið í Fuglafirði (löndunarstaður ísl. skipanna). Þar væri olía seld álagningarlaust, til þess að halda markaðshlutdeild. Þessi ósköp hófust fyrir u.þ.b. 5–7 árum á 10 d.aur afslætti, sem nú væri orðinn 50 aur. Hann sagði að Statoil og Shell í Færeyjum myndu eiga fund um málið á næstunni. Ljóst væri að tekið yrði á málinu. Uppi væri sú hugmynd að Shell afgreiddi Skeljungsskip og Statoil afgreiddi OHF skip. Þar sem þeir eru bara tveir, stakk ég upp á því að þeir skiptu á milli sín Olís skipunum, annað hvort einn fyrir mig næsti fyrir þig, eða þeir stofnuðu púllúu um þau sem gerð væri upp annað slagið.“<sup>1560</sup>*

Samkvæmt þessu hefur OHF verið upplýst um fyrirhugaðan fund færeysku olíufélaganna til þess að ræða um afslætti á eldsneyti til skipa. Jafnframt hefur í þessu samtali verið fjallað um hugmynd um markaðsskiptingu á afgreiðslu til íslenskra skipa og OHF sett fram tillögur um framkvæmd á því. Telur samkeppnisráð engan vafa leika á því að þessi samskipti hafi verið liður í viðleitni olíufélaganna til að verð til íslenskra skipa yrði hækkað í Færeyjum. Önnur gögn málsins styðja þá niðurstöðu.

Þann 4. apríl 2000 greindi forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungu frá því í tölvupósti að von væri á starfsmanni frá Shell í Færeyjum og hann vilji ræða

<sup>1558</sup> Símbref Olís til Statoil, dags. 3.11.1998 (Hs. nr. 4908).

<sup>1559</sup> Starfsmaður Statoil í Færeyjum.

<sup>1560</sup> Tölvupóstur frá Herberti Herbertssyni til Geirs Magnússonar, dags. 16.11.1999 kl. 14:14 (Hs. nr. 1044).

mögulegt samstarf í innflutningi og dreifingu á eldsneyti. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta svaraði og kvaðst vilja hitta þennan mann. Það gæfi „*einnig tækifæri til að ræða samkeppnismál í Fær. og verðlagningu Shell og Statoil þar. Gæti verið góð upphitun fyrir hugsanlega ferð til Færeyja í lok apríl.*“<sup>1561</sup>

Þann 19. júlí 2000 birtist frétt í Morgunblaðinu þar sem sagt var frá því að skipstjóri þýsks skips hefði ákveðið að hætta við að landa afla sínum á Eskifirði vegna hás olíuverðs hér á landi og landa honum framvegis í Þórshöfn í Færeyjum. Er haft eftir skipstjóranum að hann skilji ekki hvers vegna muni svo miklu á verði í Evrópu og á Íslandi og þá sér í lagi milli Færeyja og Íslands, en munurinn var á þessum tíma 6 kr. á lítra af olíu.<sup>1562</sup> Þennan sama dag sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til tiltekins starfsmanns félagsins og sagðist vanta hið fyrsta listverð á skipagasolíu í Færeyjum. Starfsmaðurinn svaraði og greindi frá því að „*Færeyjar segjast munu hækka verðið á morgun.*“<sup>1563</sup> Síðar í júlímánuði sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til m.a. forstjóra OHF og greindi frá því að starfsmaður Statoil í Færeyjum verði á landinu í ágúst. Sagðist hann „*treysta því að þið takið vel á móti honum og þá er hægt að nota tækifærið að ræða olíuverð í Færeyjum og Íslandi.*“<sup>1564</sup>

Þann 18. september 2000 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og var efni hans verð á gasolíu í Færeyjum:

*„Undanfarna daga er ég itrekað búinn að vera í sambandi við Poul Möller hjá Statoil vegna þessa, sem og vegna þeirrar umfjöllunar sem varð 20. júlí síðastliðinn um verð í Færeyjum. Nú var Poul að hringja og segja mér að hann hefði verið í sambandi við framkvæmdastjóran í Færeyjum og hefði rætt málið ofan í kjölinn við hann. Niðurstaðan væri sú að það hefðu verið mistök að verðleggja sig undir platts, auk þess rætt var að hugsanlega væri skynsamlegt að verðleggja sig varlega í Norðurátt eins og hann orðaði það. Hvort þetta skilar einhverjum árangri á eftir að koma í ljós.“*<sup>1565</sup>

---

<sup>1561</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Reynis A. Guðlaugssonar, Friðriks Stefánssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Kristins Björnssonar, dags. 4.4.2000 kl. 3:32 og 5.4.2000 kl. 10:57.

<sup>1562</sup> Morgunblaðið 19. júlí 2000.

<sup>1563</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Samúels Guðmundssonar og Ingólfs Kristmundssonar, dags. 19.7.2000 kl. 14:53 og 14:57.

<sup>1564</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til Ragnars Bogasonar, Herberts Herbertssonar, Geirs Magnússonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 28.7.2000 kl. 10:46.

<sup>1565</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 18.9.2000 kl. 12:20.

Í byrjun október 2000 hittu OHF og Olís Statoil á fundi og voru Færeyjar efst á lista yfir málefni sem íslensku olíufélögin vildu ræða.<sup>1566</sup> Að mati samkeppnisráðs þýðir að „verðleggja sig varlega í Norðurátt“ að hækka verðið á olíu í Færeyjum svo það verði líkara verðinu á Íslandi. Tölvupóstur frá Skeljungu gefur til kynna að þetta hafi að einhverju leyti gengið eftir. Samkvæmt honum var verð á lítra á skipagasolíu í Færeyjum þann 13. september 2000 24 kr. á lítra. Þann 2. nóvember hafði lítrinn hins vegar hækkað í 26,16 kr. Kom fram hjá starfsmanni Skeljungs að honum þætti þetta verð í Færeyjum nokkuð hátt miðað við verðið í Skandinavíu og vonaðist til að Færeyingarnir „séu bara að hífa upp verðin hjá sér.“<sup>1567</sup> Ljóst er hins vegar að olíufélögin voru á árinu 2001 enn ósátt við verðlagninguna í Færeyjum.

Þann 17. september 2001 sendi forstöðumaður á markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til framkvæmdastjóra sviðsins og forstjóra félagsins. Var efni hans verð í Færeyjum og sagði hann í upphafi tölvupóstsins að nú væri mál að linni. Greindi hann frá því að starfsmaður Hraðfrystihúss Eskifjarðar hefði hringt og greint frá því að fyrirtækið væri búið að fá tilboð í gasolíu í Færeyjum fyrir tvö skip fyrirtækisins. Tilboðin væru frá Shell og Statoil í Færeyjum og hefði það síðarnefnda boðið betur. Starfsmaður Hraðfrystihússins hafi spurt forstöðumanninn hvort Shell í Færeyjum vildi jafna þetta tilboð. Sagðist forstöðumaðurinn hafa kannað það en fengið neikvætt svar og Hraðfrystihúsið því keypt af Statoil. Jafnframt var greint frá því að Shell hafi misst af sölu til Bjarkar frá Neskaupstað og Skeljungur hafi nú á einni viku misst af sölu til Færeyja sem næmi um 700 þúsund lítrum. Sagði forstöðumaðurinn að verðstefna í Færeyjum væri komin í algjöra vitleysu þegar munurinn á skipagasolíu hér á landi og í Færeyjum væri orðinn um 9 kr. á lítra. Í lokin sagði hann þetta:

*„Ég legg til að nú verði haft samband við forstjóra Danska Shell af okkar hálfu og Olíufélagið hafi samband við Statoil í Noregi, og ræða alvarlega verðmyndun þessara félaga í Færeyjum. Það virðist ríkja algjört stríð á milli þessara aðila í Færeyjum og þeir geti ekkert talað saman. Þess vegna þarf að fara þessa leið. Ég er með fund á morgun hérna í húsi, með manni frá Olíufélaginu og Olís, varðandi erlendu söluna. Ég gæti þrýst á hann að ræða þessi mál við Geir.“<sup>1568</sup>*

Að fengnum þessum tölvupósti sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til aðstoðarforstjóra félagsins og markaðssviðs stórviðskipta. Segir í tölvupóstinum að Skeljungur eigi tafarlaust að tala við starfsmann Shell í Danmörku og segja þeim að

<sup>1566</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til Einars Benediktssonar, dags. 8.10.2000 kl. 11:15.

<sup>1567</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Þorsteins Péturssonar, Lúðvíks Björgvinssonar, Reynis A. Guðlaugssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 13.9.2000 kl. 15:35, 2.11.2000 kl. 9:24 og 10:00.

<sup>1568</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Þorsteini Péturssyni til Friðriks Stefánssonar og Kristins Björnssonar, dags. 17.9.2001 kl. 11:17.

Skeljungur sé búinn að fá nóg af þessari vitleysu. Jafnframt eigi að krefjast fundar með færeyska Shell. Jafnframt vill forstjórinn að farið verið fram á það að danska Shell „*komi vitinu fyrir Statoil*“. Einnig upplýsti forstjórinn að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta ætli að hringja í forstjóra færeyska Shell og fannst forstjóranum að Skeljungur ætti að „*þenja sig í hástert*“. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta svaraði og sagðist vera búinn að tala við forstjóra færeyska Shell. Hann segi „*þetta vera gildandi fyrirkomulag þar og þeir geti ekkert aðhafst meðan Statoil leggi línuna með þessum hætti. Þeir verði að dansa með.*“ Sagði framkvæmdastjórinn það vera spurningu hvort það ætti ekki að funda með forráðamönnum danska Shell og fá þá til að beita sér af öllu afli gagnvart Statoil, bæði í Noregi og í Færeyjum.<sup>1569</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs sendi tölvupóst síðar um daginn til framangreindra samstarfsmanna sinna. Kvaðst hann hafa lagt fyrir skilaboð til starfsmanns Shell í Danmörku og tilkynnti að hann myndi einnig ræða við forstjóra færeyska Shell og fá frekari upplýsingar. Hann hafi grun um að málið sé ekki eins einfalt og forstjórinn hafi gefið til kynna. Lauk aðstoðarforstjórinn tölvupóstinum með þessum orðum: „*Málið er að sjálfsögðu grafalvarlegt, en við þurfum að nálgast þetta með gát og gæta hófs í skeytasendingum.*“<sup>1570</sup> Eins og eftirfarandi umfjöllun sýnir telur samkeppnisáð að í kjölfar þessa hafi olíufélögin ákveðið að grípa til aðgerða gegn Statoil.

Hjá Olís fundust þrír tölvupóstar sem sendir höfðu verið forstjóra OHF. Sá fyrsti er dags. 21. september 2001 og er frá sérfræðingi OHF í smurolíu. Í honum koma fram upplýsingar um verð á skipagasolíu í Færeyjum og á Grænlandi.<sup>1571</sup> Hinn tölvupósturinn (tvö eintök) er dags. 24. september 2001 og er frá erlendu olíufélagi til forstjóra OHF. Í honum er greint frá verði á skipagasolíu í Noregi.<sup>1572</sup>

Fulltrúar Statoil komu til Íslands í október 2001 til þess að ræða við íslensku olíufélögin um m.a. möguleg kaup þeirra á olíu frá fyrirtækinu. Nánar tiltekið átti Statoil þann 18. október 2001 fund með annars vegar Olís og OHF og hins vegar með Skeljungu. Forstjórar OHF og Olís hittust á fundi 15. október 2001 og ræddu Statoil.<sup>1573</sup> Forstjórar olíufélaganna þriggja hittust síðan á fundi þann 17. október 2000.<sup>1574</sup> Skömmu eftir þann fund sendi forstjóri OHF tölvupóst til forstjóra Olís og bað hann að velta fyrir sér mögulegum viðbrögðum Statoil ef félögin myndu ekkert kaupa af hinu erlenda félagi, m.a. hvort Statoil myndi eitthvað bregðast við á íslenska

---

<sup>1569</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Gunnars Karls Guðmundssonar, Friðriks Stefánssonar, og Kristins Björnssonar, dags. 17.9.2001 kl. 11:35 og 12:08.

<sup>1570</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Friðriks Stefánssonar og Kristins Björnssonar, dags. 17.9.2001 kl. 13:20.

<sup>1571</sup> Tölvupóstur frá Herberti Herbertssyni til Geirs Magnússonar, dags. 21.9.2001 kl. 14:16 (Hs. nr. 4010).

<sup>1572</sup> Tölvupóstur frá Exxon/Mobil til Geirs Magnússonar, dags. 24.9.2001 kl. 8:13 (Hs. nr. 4010).

<sup>1573</sup> Dagbók Geirs Magnússonar, færsla 15.10.2001 (Hs. nr. 1051).

<sup>1574</sup> Sjá t.d. dagbók Geirs Magnússonar, færsla 17.10.2001 (Hs. nr. 1051).

markaðnum.<sup>1575</sup> Af þessum tölvupósti og eftirfarandi umfjöllun telur samkeppnisráð að forstjórar félaganna þriggja hafi á fundinum 17. október 2001 lagt línurnar varðandi aðgerðir gegn Statoil.

Hjá OHF fannst fundargerð sem lýsir fundi OHF og Olís með Statoil 18. október 2001. Samkvæmt henni hefur m.a. verið rætt um verðlag í Færeyjum og Statoil greint frá því að olíufélögin hafi fengið mjög alvarlegar ásakanir í fjölmiðlum vegna um 30% verðmismunar í Færeyjum og Íslandi. Var Statoil sagt vera versti keppinautur olíufélaganna að þessu leyti. Statoil svaraði og sagði að dótturfyrirtæki þess í Færeyjum keypti ekki olíu inn á lægra verði en íslensku olíufélögin. Var þá tekið fram af hálfu OHF og Olís að annað hvort væri Statoil að segja ósatt eða fyrirtækinu væri ekki sagt satt. Statoil tók þá fram að dótturfyrirtækið í Færeyjum mætti lækka verð, en það yrði að skila viðunandi framlegð. Statoil spurði síðan hvort e.t.v. væri dótturfyrirtæki þess að bjóða niður verð til viðskiptavina íslensku olíufélaganna til þess að ná viðskiptum. Síðan segir í fundargerðinni:

*„S[Statoil] var sagt, að þetta væri mjög alvarlegt mál. Hér væri verið að byggja ný skip, sem koma með fisk til Íslands og kaupa olíu í Færeyjum. Olíufélögin sögðust ekki geta þolað þetta, olíufélögin hefðu verið í vandamálum vegna þessa í mörg ár og ef Statoil ætlaði sér að byggja upp viðskiptin eða halda þeim yrði þetta að breytast. Statoil yrði að taka þetta alvarlega annars myndi Statoil eyðileggja markaðinn hér. ... S hringdi til Færeyja og ræddu um það að S í Færeyjum ætti ekki að trufla markaðinn hér. S í F segir, að þeir hafi ekki áhuga á að trufla sérstaklega ísl. markaðinn – til Fuglafjarðar kæmu mörg ísl. skip og kaupa kost og olíu. S í F segir, að þeir beiti ekki neinum brögðum til að ná skipum í viðskipti, en viðurkennir að aukin sókn ísl. skipa hafi verið að undanförunu til Færeyja. S í F segist ekki bjóða ísl. togurum betra verð, en einstaklingar fá í öðrum afgreiðslum og verðin væru hærri en í Noregi [og] Skotlandi. Ef skip koma úr Barentshafi verður S í F að bjóða verð sem er samkeppnisfært við verð þangað sem skipin ætla svo sem í Grimsby.“*

Samkvæmt fundargerðinni ítrekuðu olíufélögin við Statoil að þessi verðmunur á Íslandi og í Færeyjum yrði að minnka.<sup>1576</sup> Þetta gagn verður ekki túlkað öðruvísi en sú hótun hafi verið sett fram við Statoil að ef fyrirtækið myndi ekki beita sér fyrir verðhækkun í Færeyjum yrði hætt að kaupa af því olíu. Tilgangur þessa hefur verið að koma í veg fyrir að Statoil myndi „eyðileggja“ markaðinn hér á landi.

<sup>1575</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Geir Magnússyni til Einars Benediktssonar, dags. 17.10.2001 kl. 13:48.

<sup>1576</sup> Skjal með fyrirsögninni „Minnisatriði frá fundi með Statoil 18. október 2001“ (Hs. nr. 2899).

Morguninn eftir fund olíufélaganna með Statoil sendi innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra fjármálasviðs og sagði frá því að framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Skeljungi hafi verið að hringja og sagt frá því að Skeljungur hafi misst eina sölu í Færeyjum í morgun og tilgreint verðið sem var boðið.<sup>1577</sup> Síðar um morguninn sendi innkaupastjórinn tölvupóst til framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís og upplýsti hann um símtalið frá Skeljungi og að hann myndi hafa samband við Statoil.<sup>1578</sup> Það gerði hann nokkrum mínútum síðar og í tölvupóstinum segir aðeins þetta: „*Good morning Poul, our first news this morning was that MGO had been sold on Dkr. 1.68 this morning.*“<sup>1579</sup>

Þann 22. október 2001 sendi forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungi tölvupóst til forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Tilkynnti hann að Statoil hafi verið að hringja og boðið þeim tiltekið verð á bensíni ef Skeljungur keypti inn mánaðarlega með OHF.<sup>1580</sup> Daginn eftir sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF tölvupóst til forstjóra félagsins og innkaupastjóra. Greindi hann frá því að aðstoðarforstjóra Skeljungs þætti tilboð Statoil gott.<sup>1581</sup> Síðar sama dag er í dagbók forstjóra Olís bókaður fundur olíufélaganna þriggja.<sup>1582</sup> Þann 25. október 2001 sendi forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungi eftirfarandi tölvupóst til Poul Möller hjá Statoil:

*„Any news from your side on the issue we discussed concerning the Faroes Islands and the Icelandic fishing vessels? It is necessary to have that issue finalized before we continue on the supply issue for 2002. I know that Esso is also waiting for a response from you. ...“*<sup>1583</sup>

Ljóst er að umræddur starfsmaður Statoil hefur svarað Skeljungi með símtali síðar um daginn. Þetta má ráða af tölvupósti sem forstöðumaðurinn hjá Skeljungi sendi starfsmanni Shell í Færeyjum kl. 17:17 þennan sama dag. Í tölvupóstinum segir m.a. þetta:

*„The reason for the e-mail to you is that I got a call from Poul Möller at Statoil in Stavanger. He told me that he spoke to Nils Julnestad your*

---

<sup>1577</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til Geirs Magnússonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 19.10.2001 kl. 9:58.

<sup>1578</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til Samúels Guðmundssonar, dags. 19.10.2001 kl. 11:48.

<sup>1579</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til Poul Möller hjá Statoil, dags. 19.10.2001 kl. 11:50.

<sup>1580</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 22.10.2001 kl. 13:47.

<sup>1581</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Bjarna Bjarnassyni til Geirs Magnússonar og Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 23.10.2001 kl. 11:20.

<sup>1582</sup> Dagbók Einar Benediktssonar, færsla 23.10.2001 (Hs. nr. 4002).

<sup>1583</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Poul Möller hjá Statoil, dags. 25.10.2001 kl. 8:44.

*colleague in Statoil ... and he told Poul Möller that the price from Chr. í Grótinum for 1,76 was a bad mistake and would not happen again. Have you heard anything new on this matter or are the prices in the Fareoes normal at the moment? Paul also told me from Nils that Statoil goal was to set the prices 10–15 öra higher than in Denmark. Statoil is very interested to sell us some mogas next year but we are not ready to buy from them unless Statoil in the Fareoes starts to sell on normal (market) prices. Let me know current status and what you think or can or give a call if you are free tomorrow.*<sup>1584</sup>

Þessir tveir tölvupóstur Skeljungs sýna ótvírætt að olíufélögin gerðu það að skilyrði fyrir viðskiptum við Statoil að félagið myndi beita sér varðandi verðlagningu í Færeyjum. Jafnframt gefa þeir til kynna að Statoil hafi fallist á þetta og ákveðið að hækka verðið í Færeyjum.

Morguninn eftir eða 26. október 2001, sendi innkaupastjórinn hjá Skeljungu tölvupóst til m.a. forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Í honum er fjallað um verð á skipagasolíu og sagt að markmið Statoil „í Færeyjum sé að vera 1,50–2,00 kr./ltr. hærrí en verðin í Danmörku.“ Forstjóri Skeljungs svaraði og sagði að nú þyrfti að fá á hreint hjá Shell í Færeyjum hvað væri að gerast þar.<sup>1585</sup> Forstöðumaðurinn hjá Skeljungu og starfsmaður Shell í Færeyjum ræddu síðan saman í síma þennan sama dag. Þetta kemur fram í tölvupósti sem starfsmaður Shell í Færeyjum sendi forstöðumanninum 29. október 2001. Þar kemur einnig fram ánægja yfir því að Skeljungur hafi sett þrýsting á Statoil og þeirri von lýst að þetta dugi til að Statoil í Færeyjum hætti þessari kröftugu samkeppni (e. „*very aggressive behaviour*“).<sup>1586</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF hvort olíufélögin þrjú hafi beitt sér gegn lágu verði í Færeyjum. Í skýrslu forstjórans segir þetta:

*„GM sagði að mál þetta tengdist óréttmætum áróðri LÍÚ gegn olíufélögunum, en LÍÚ hafi ekki viljað viðurkenna að eitthvað hafi verið bogið við verðlagningu færeyskra olíufélaga. Sagði GM að OHF hefði fengið greinargóðar nótur frá útgerðarmanni sem keypti eldsneyti í Færeyjum. Íslensku olíufélögin keyptu farma af eldsneyti á verði með álagningu ofan á Rotterdamverð. Færeysku olíufélögin seldu hins vegar íslenskum bátum og skipum á verði sem væri undir Rotterdamverði. OHF og Olís hefðu jafnan reynt að nota þetta sem svipu á Statoil til þess að reyna að*

<sup>1584</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Hákon Djuurhuus hjá Shell í Færeyjum, dags. 25.10.2001 kl. 17:17.

<sup>1585</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Reynis A. Guðlaugssonar, Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 26.10.2001 kl. 10:41 og 10:53.

<sup>1586</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Hákon Djuurhuus til Reynis A. Guðlaugssonar, dags. 29.10.2001 kl. 11:13.



*ná niður innkaupsverði, en árangurinn hefði þó því miður ekki orðið mikill. Vandinn lægi væntanlega í því að framleiðendur oliunnar hafi sætt sig við að umboðsaðilar þeirra í Færeyjum seldu á lægra verði til erlendra skipa heldur en almennt gildi. Að öðru leyti kvaðst GM ekki geta útskýrt verðstefnu oliufélaga í Færeyjum. Aðspurður um samskipti og samstarf íslensku oliufélaganna vegna þessa staðfesti GM að oliufélögin hafi rætt þessi mál sín á milli, í ljósi árlegrar skammarræðu formanns LÍÚ á aðalfundum samtakanna um þetta efni. Mál þessi hefðu verið í opinberri umræðu og hefði hann ekki séð neitt óeðlilegt við það að félögin brygðust við ásökunum sem beint væri gegn þeim sameiginlega. Hefðu oliufélögin á sínum tíma orðið sammála um að GK<sup>1587</sup> aðstodarforsgjafi Skeljungs færi á aðalfund LÍÚ og lýsti fyrir hönd oliufélaganna verðmyndun á eldsneyti. Þá endurtók GM að það hafi verið fastur liður á samningafundum OHF og Olís með Statoil að fjalla um verðlagningu í Færeyjum.* <sup>1588</sup>

Samkeppnisstofnun hefur einnig spurt Olís um þetta. Forsgjafi félagsins sagði að verðlagning skipagasolíu til íslenskra skipa í Færeyjum hafi lengi farið illa í oliufélögin og sú ósanngjarna gagnrýni sem hún leiddi til af hálfu LÍÚ. Þarna væri um að ræða dæmigert sameiginlegt hagsmunamál oliufélaganna, sem „leiddi til þess að forstjórar og aðrir stjórnendur félaganna hittust og skiptust á upplýsingum og skoðunum.“ Hlyti það að vera öllum augljóst að íslensku oliufélögin gætu engan veginn sætt sig við það að erlendir birgjar þeirra væru að keppa við þá „á næsta horni“ á niðursettu verði, sem væri mun lægra en íslensku oliufélögin sjálf þyrftu að greiða þeim. „Oliufélögin þrjú hefðu því ákveðið að beita sér gegn þessum óeðlilegu aðgerðum erlendu oliufélaganna.“ Framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís benti á að íslensku oliufélögin hafi verið að flytja inn um 25 þúsund tónna farma, á meðan íslensku skipin hafi keypt hvert e.t.v. um 250 þúsund lítra í Færeyjum á verði sem hafi verið langt undir því verði sem íslensku oliufélagunum hafi staðið til boða. Sagði forstjóri Olís að verð í Færeyjum til íslenskra skipa hafi verið mun lægra en til færeyskra skipa. Virtist sem starfsemi hinna færeysku félaga væri rekin sem sk. „profit centers“ og þau störfuðu á grundvelli umboðslauna frá móðurfélagunum. Af þessu leiddi að félögin væru fús til að selja íslenskum skipum og öðrum erlendum skipum á mun lægri álagningu en til færeyskra skipa.

Þá sagði forstjóri Olís að gagnrýni hér innanlands á verð oliufélaganna miðað við verð í Færeyjum hafi nánast alltaf komið frá LÍÚ en ekki einstökum útvegs mönnum, sem almennt hafi áttað sig á því að gagnrýni þessi væri ósanngjörn, auk þess sem flestar útgerðir væru með viðskiptasamninga við oliufélögin um innkaupsverð sem byggðist

<sup>1587</sup> Gunnar Karl Guðmundsson.

<sup>1588</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

á heimsmarkaðsverði eða með aðra afslætti. Olís hafi fengið afrit af reikningum frá íslenskum útgerðum yfir olíukaup í Færeyjum, en þar kæmi m.a. fram nákvæm tegundarlýsing og dagsetning afgreiðslu frá birgja. Hafi Statoil verið sýnt fram á að þessi olía hafi verið seld á lægra verði í Færeyjum heldur en Statoil seldi heila farma á frá olíuhreinsistöð í Noregi til Íslands. Hafi því augljóslega verið um undirverðlagningu að ræða. Þá væri um það að ræða að sala olíufélaga í Færeyjum til íslenskra skipa væri verðlögð út frá Platts-skráningu líðandi stundar, en með hliðsjón af tiltölulega stöðugu innflutningsmynstri hér á landi, þar sem helstu tegundir væru fluttar inn mánaðarlega, hafi skapast sú hefð að reikna útsöluverð út frá meðalinnkaupsverði síðasta mánaðar. Þegar til lengdar láti ætti þetta að leiða að sömu niðurstöðu. Þegar heimsmarkaðsverð væri fallandi, þýddi þetta hins vegar að verðlagning í Færeyjum væri kaupendum hagstæðari, en hins vegar öfugt þegar heimsmarkaðsverð færi hækkandi. Aldrei hafi heyrst frá LÍÚ við síðarnefndu aðstæðurnar.<sup>1589</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að innkaupsverð íslensku olíufélaganna hafi verið lægra (sic) en útsöluverð olíufélaganna í Færeyjum. Af skiljanlegum ástæðum hafi íslensku olíufélögin ekki verið ánægð að sjá viðskiptin flytjast úr landi til Færeyja vegna mismununar erlendu olíufélaganna. Keyrði þó um þverbak þegar LÍÚ hafi hafið árlegan áróður gegn íslensku olíufélagunum og sakaði þau ítrekað opinberlega um of hátt verð á olíu fyrir skip og báta. Olíufélögin hafi reynt hvað þau gátu til þess að fá þennan mun á milli innkaupsverðs síns og færeysku olíufélaganna jafnaðan í því skyni að virk samkeppni gæti fengið að dafna á markaði fyrir olíu handa íslenskum skipum. Olíufélögin hafi talið vegið að sér sem heild og því eðlilegt að þau hafi rætt saman um aðgerðir til að rétta sinn hlut. Viðræður við erlendu olíufélögin hafi þó skilað litlu sem engu í þessu sambandi. Engar verðlækkningar hafi fengist í innkaupum íslensku félaganna og hafi færeysku félögin haldið svigrúmi sínu til þess að undirbjóða íslensku olíufélögin. Fyrir liggir að svigrúm íslensku félaganna til verðlækkana hafi verið uppuríð á umræddu tímabili vegna þeirrar einföldu ástæðu að innkaupaverð þeirra hafi verið hærra en útsöluverð færeysku olíufélaganna. Sé því ekki hægt að halda því fram að barátta íslensku olíufélaganna hafi miðað að því að vinna gegn verðlækkunum hérlendis. Réttara sé að „skoða baráttu olíufélaganna sem baráttu fyrir frjálsri samkeppni þar sem keppinautum er ekki mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum.“ Vitaskuld hefði verið líklegra til árangurs, eftir á að hyggja, að kæra stóru erlendu olíufélögin sem seldu olíuna til Íslands og Færeyja til þar til bærra yfirvalda fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Sú leið hefði vafalítið verið farin ef þekking stjórnenda OHF á samkeppnislögum hefði verið yfirgrípsmeiri. Eins og áður hafi verið gerð grein fyrir hafi þekking stjórnenda fyrirtækisins hins vegar verið af skornum skammti og ekki hafi bætt þar úr skák sú dræma kynning sem

<sup>1589</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

samkeppnislögin hafi hlotið á sínum tíma. Verði talið að OHF hafi brotið gegn samkeppnislögum varðandi þetta mál verði að huga að því að um gáleysi hafi verið að ræða en ekki vísvitandi brot. Þetta skipti máli komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.

Samkeppnisráð telur að framangreind gögn sýni að olíufélögin hafi a.m.k. frá árinu 1998 sameiginlega fjallað um verð á eldsneyti til íslenskra skipa í Færeyjum og leitað leiða til að fá það verð hækkað. Hafa forstjórar OHF og Olís staðfest að olíufélögin þrjú hafi haft með sér samvinnu vegna verðlagningar í Færeyjum. Á árinu 2001 hittust forstjórar olíufélaganna fyrir fund með Statoil. Telur ráðið að framangreind gögn gefi það ótvírætt til kynna að olíufélögin hafi sameiginlega ákveðið að gera það að skilyrði fyrir viðskiptum við Statoil að það fyrirtæki myndi beita sér fyrir því að verð til íslenskra skipa í Færeyjum yrði hækkað. Framangreind fundargerð sem fannst hjá OHF og tölvupóstarnir frá Skeljungu sýna að þessu var hrint í framkvæmd. Fundargerðin gefur það skýrt til kynna að hótanir voru settar fram í þessu skyni. Jafnframt verður að túlka gögnin þannig að Statoil hafi fallist á að beita sér fyrir þessum verðhækkunum og a.m.k. Skeljungur kannað það í Færeyjum hvort þeirri ákvörðun hafi verið hrint í framkvæmd.

Ljóst er að mati samkeppnisráðs að lægra verð í Færeyjum til íslenskra skipa sem geta keypt olíu þar hefur sett talsverðan þrýsting á íslensku olíufélögin að lækka verð hér á landi. Telur samkeppnisráð alveg augljóst að tilgangur olíufélaganna með tilraunum sínum til að hækka verð í Færeyjum hafi verið sá að vinna gegn því að þurfa að lækka verð hér á landi. Þessum aðgerðum var þannig ætlað að hafa áhrif hér á landi, sbr. 3. gr. samkeppnislaga. Rétt sé að taka fram að sú staðreynd að olíufélögin eru gagnrýnd opinberlega fyrir verðlagningu sína, heimilar ekki að lögum neins konar samvinnu milli félaganna í verðlagsmálum. Grunur um meint undirboð eða aðra hugsanlega óeðlilega viðskiptahætti heimilar ekki heldur slíka samvinnu keppinauta. Í slíkum tilvikum hafa fyrirtæki möguleika á að gæta réttar síns með t.d. kærur til þar til bærra yfirvalda. Um var því að ræða ólögmeitt samráð olíufélaganna frá 1998 í því skyni að reyna að þessu leyti að halda upp verði gagnvart skipum sem kaupa eldsneyti hér á landi. Er þetta liður í hinu samfellda samráði félaganna. Samkeppnisráð getur ekki fallist á að OHF hafi ekki mátt vera ljóst að framangreindar aðgerðir olíufélaganna væru til þess fallnar að raska samkeppni. Nánar er fjallað um huglæga afstöðu stjórnenda olíufélaganna í kafla X 2.2.

#### 6.6. Upplýsingaskipti olíufélaganna um sölu á eldsneyti

Eins og framangreind umfjöllun öll hefur sýnt hafa átt sér stað viðamikil upplýsingaskipti milli olíufélaganna á árunum 1993–2001 um hvers konar málefni sem almennt hafa áhrif á samkeppni. Hér verður gerð grein fyrir þeim upplýsingaskiptum sem átt hafa sér stað milli olíufélaganna á þessu tímabili varðandi sölu á eldsneyti.

Fram á árið 1997 var reglan sú að oliufélögin þrjú skiptust mánaðarlega á upplýsingum um sölu hvers annars á öllum tegundum eldsneytis. Var þetta gert með þeim hætti að símbréf voru send milli félaganna með þessum upplýsingum. Dæmi um þetta eru t.d. símbréf sem send voru milli félaganna í janúar 1996.<sup>1590</sup> Nefna má hér einnig í dæmaskyni símbréf Olís til OHF frá 28. febrúar 1997<sup>1591</sup>, símbréf Skeljungs til OHF frá 28. maí 1997<sup>1592</sup> og símbréf OHF til Skeljungs 21. júlí 1997.<sup>1593</sup>

Um mitt ár 1997 kom upp ágreiningur og sleit Skeljungur þessu samstarfi félaganna. Félagið hélt þó áfram að skiptast á upplýsingum við hin félögin um sölu svartolíu. Eins og fram kemur í tölvupósti innkaupastjóra eldsneytis hjá OHF, sem sendur var um mitt ár 1998, hélt þetta samstarf hins vegar áfram milli OHF og Olís. Í tölvupóstinum kemur líka fram að í september 1997 hafi Olís viljað gera breytingu á framkvæmd þessa samstarfs, sbr. þessi ummæli:

*„Skipst var á sölutölum við Olís til og með september, en eftir það neitaði Olís að hafa það skriflegt eins og kunnugt er og þá var farið að skiptast á þessu munnlega yfir síma og þá var skipst á tölu fyrir tölu í tegund fyrir tegund, svo hefur verið til þessa dags. Á sama hátt var farið yfir allt árið svo menn væru að vinna með sömu tölur.“<sup>1594</sup>*

Í september 1997 fór fram húsleit Samkeppnisstofnunar hjá m.a. Sambandi íslenskra tryggingafélaga og var sagt frá henni í fjölmiðlum. Telur samkeppnisráð þetta líklega skýringu á tillögu Olís um breytt verklag að þessu leyti, a.m.k. kemur engin önnur skýring fram í gögnum málsins.

Olís og OHF héldu áfram að skiptast á söluupplýsingum með þessum hætti og hafði ekki orðið breyting á þegar rannsókn þessa máls hófst í desember 2001. Á grundvelli þessara upplýsinga voru tekin saman hjá OHF yfirlit sem sýna sölu fyrirtækjanna niðurbrotna eftir magni og tegundum í hverjum mánuði fyrir sig. Dæmi um þetta er yfirlit frá OHF frá nóvember 2001. Þar eru þessar upplýsingar tilgreindar fyrir bæði félögin fyrir tímabilið frá janúar til og með nóvember 2001.<sup>1595</sup> Samskonar yfirlit voru einnig tekin saman innan Olís. Þannig sendi t.d. framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís m.a. forstjóra Olís samanburð á sölutölum OHF og Olís á

---

<sup>1590</sup> Símbréf OHF til Skeljungs sem fannst hjá Olís, dags. 16.2.1996 (Hs. nr. 4556). Símbréf Skeljungs til Olís, dags. 16.2.1996 (Hs. nr. 4556). Ódagsett bréf Olís til OHF þar sem tilgreind er sala í janúar 1996 (Hs. nr. 4556).

<sup>1591</sup> Símbréf Olís til OHF, dags. 28.2.1997 (Hs. nr. 2868).

<sup>1592</sup> Símbréf Skeljungs til OHF, dags. 28.5.1997 (Hs. nr. 2868).

<sup>1593</sup> Símbréf OHF til Skeljungs, dags. 21.7.1997 (Hs. nr. 2868).

<sup>1594</sup> Ódagsettur tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til m.a. Geirs Magnússonar. Tölvupósturinn fannst með afriti úr árskýrslu Skeljungs fyrir árið 1997 og vísar til hennar sem sýnir að hann var sendur eftir útgáfu hennar á árinu 1998 (Hs. nr. 2868).

<sup>1595</sup> Skjal frá OHF með yfirskriftinni „Sala Oliufélagsins hf. og Oluverslunar Íslands hf., árið 2001“, dags. nóvember 2001 (Hs. nr. 2898).

árinu 2001 sem sýnir sölu OHF niðurbrotna eftir magni og tegund í hverjum mánuði ársins fyrir sig.<sup>1596</sup> Gerð hefur verið grein fyrir því að Olís og OHF hafi ekki látið það duga að skiptast á þessum upplýsingum heldur veitt ennfremur upplýsingar um ástæður söluaukningar í tilteknum tegundum, sbr. t.d. umfjöllun í kafla VI 5.8 um tölvupóst framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís frá 27. júlí 2000. Hér má einnig líta til þess að þann 3. janúar 2001 sendi innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og greindi frá því að hann hefði verið á innkaupafundi með framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís. Þar hefur framkvæmdastjórinn hjá Olís greint frá því að flugfélagið Atlanta myndi kaupa mun minna af þotuelsneyti af Olís það árið heldur en árið áður.<sup>1597</sup>

Frá gildistöku samkeppnislaga hafa olúfélögin þrjú haft með sér samstarf um innflutning á svartolíu. Í tengslum við það hafa olúfélögin skipst á upplýsingum um sölu hvers annars á þeirri eldsneytistegund á tímabilinu 1993–2001. Til stuðnings þessu má t.d. horfa til tölvupósts forstöðumanns innkaupadeildar hjá Skeljungu sem hann sendi 14. janúar 2000 til innkaupastjóra eldsneytis hjá OHF og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís. Í tölvupóstinum staðfesti hann að hann gæti mætt á fund félaganna til að ræða svartolíu og 98 oktana bensín og kvaðst mæta með sölutölur svartolíu fyrir árið 1999 og söluáætlun fyrir árið 2000.<sup>1598</sup> Á þessum vettvangi voru einnig gefnar skýringar á ástæðum breytinga í sölu. Í þessu samhengi má líta til tölvupósts sem forstjóri Olís sendi 29. mars 2001 til starfsmanns félagsins. Í honum greindi forstjórinn frá því að framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar „*var að segja mér frá því að hann hefði verið að ganga eftir við Reyni*“<sup>1599</sup> í *Shell* í hverju þeirra aukning lægi í svartolíu.“<sup>1600</sup> Síðan er lýst svari Skeljungs. Lýsir þetta samskiptum milli félaganna og upplýsingaskiptum um atriði sem áhrif geta haft á samkeppni milli þeirra. Sem dæmi um hversu nákvæm upplýsingaskipti áttu sér stað vegna svartolíu má nefna tölvupóst innkaupastjóra eldsneytis hjá OHF til nefndra starfsmanna Olís og Skeljungs. Tölvupósturinn var sendur 19. október 2001 og með honum fylgdi yfirlit. Í því kemur fram áætluð mánaðarleg sala félaganna á svartolíu frá október 2001 til febrúar 2002. Jafnframt er tilgreint hver sé áætluð dagsala í janúar 2002.<sup>1601</sup>

---

<sup>1596</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til m.a. Einars Benediktssonar, dags. 14.12.2001 kl. 14:15.

<sup>1597</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til m.a. Geirs Magnússonar, dags. 3.1.2001 kl. 11:12.

<sup>1598</sup> Afritaður tölvupóstur Skeljungi. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 14.1.2000 kl. 10:52.

<sup>1599</sup> Reynir A. Guðlaugsson forstöðumaður innkaupasviðs hjá Skeljungu.

<sup>1600</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til m.a. Jóns Halldórssonar, dags. 29.3.2001 kl. 13:16.

<sup>1601</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Magnúsi Ásgeirssyni til Reynis A. Guðlaugssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 19.10.2001 kl. 12:00.

Olís og Skeljungur höfðu fram á árið 2001 haft samstarf við Skeljung um innflutning á flugvélabensíni. Ljóst er að fyrirtækin hafa skipst á upplýsingum um sölu á þessari vöru. Jafnframt er ljóst að þó Skeljungur hafi um mitt ár 1997 hætt reglubundnum skiptum á upplýsingum um sölu annars eldsneytis en svartolíu tók félagið að einhverju leyti áfram þátt í upplýsingaskiptum um innkaup og sölu annars eldsneytis. Hér má líta til eftirfarandi gagna:

Í tölvupósti frá 10. ágúst 1998 greindi forstjóri Olís frá nákvæmum upplýsingum um sölu Skeljungs og OHF á bensíni.<sup>1602</sup> Samkvæmt dagbók forstjórans hringdi hann þennan dag í forstjóra Skeljungs vegna „*uppgjors*“.<sup>1603</sup> Þann 16. júlí 1999 fjölluðu olíufélögin þrjú um áætlanir sínar um innflutning á 98 oktana bensíni.<sup>1604</sup> Eins og fram kom hér að framan ræddu félögin um innkaup á 98 oktana bensíni í janúar 2000. Sama gerðu OHF og Skeljungur í tölvupósti frá 28. febrúar 2000.<sup>1605</sup> Þann 11. október 2000 sendi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og greindi frá því að hann og forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungi hefðu „*um daginn*“ skipst á sölutölum fyrir flugbensín.<sup>1606</sup> Þann 6. júlí var í framkvæmdastjórn Skeljungs farið yfir upplýsingar um sölutölur olíufélaganna fyrir janúar til maí 2001.<sup>1607</sup> Þann 24. júlí 2001 kvaðst forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungi vera að reyna að fá sölutölur flugbensíns frá Olís.<sup>1608</sup>

Forstjóri OHF og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafa staðfest að olíufélögin hafi lengi skipst mánaðarlega á skriflegum upplýsingum um sölu á eldsneyti. Skeljungur hafi síðan hætt þessum reglubundnu upplýsingaskiptum. Upplýsingaskipti OHF og Olís hefðu haldið áfram, fyrst með skriflegum hætti og síðan munnlegum. Samstarfið hafi þó haft minni tilgang en áður. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF sagði einnig að það væri eðlilegt í þessum rekstri sem öðrum að menn leituðu sem besta upplýsinga um markaðinn. Eftir lok hvers árs fengjust síðan upplýsingar úr ársskýrslum hvers félags. Þá hefðu félögin að vissu marki nýtt sér upplýsingar frá endurskoðanda flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara. Viss pirringur hafi verið meðal félaganna meðan OHF sá um færslu bókhalds vegna flutningsjöfnunarsjóðs og miðlun upplýsinga til félaganna. Hafi niðurstaðan orðið sú að bókhald flutningsjöfnunarsjóðs var flutt til óháðs endurskoðanda og upplýsingarnar ekki sendar olíufélagunum fyrr en eftir lok hvers árs. Aðspurður kvaðst

<sup>1602</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til m.a. Thomasar Möller, dags. 10.8.1998 kl. 11:54.

<sup>1603</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 10.8.1998 (Hs. nr. 4002).

<sup>1604</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Magnúsar Ásgeirssonar, Reynis A. Guðlaugssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 16.7.1999 kl. 8:05, 8:38 og 8:44.

<sup>1605</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 28.2.2000 kl. 16:02.

<sup>1606</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Samúel Guðmundssyni til m.a. Einars Benediktssonar, dags. 11.10.2000 kl. 17:25.

<sup>1607</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungi. Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 6.7.2001.

<sup>1608</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 24.7.2001 kl. 10:44.

framkvæmdastjórinn hjá OHF sammála því að eðlismunur væri á því hvort olíufélögin fengju frá hvert öðru mánaðarlegar sölutölur eða fengju upplýsingar um sölu eftir árið frá endurskoðanda flutningsjöfnunarsjóðs.<sup>1609</sup>

Aðspurðir um þessi upplýsingaskipti hafa forstjóri Olís og framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar sagt þetta:

*„EB sagði að á meðan hið opinbera hafði umsjón með samningum um innflutning á eldsneyti um 40 ára skeið, hefði skapast sú hefð að félögin skiptust á upplýsingum um sölu mánaðarlega sem nauðsynlegt var til skipulagningar innflutningsins. Auk þess væru þessi upplýsingaskipti talin nauðsynleg til að tryggja nauðsynlegar öryggisbirgðir í landinu. Þetta verklag hefði haldið áfram í nokkur ár eftir að innflutningur og verðlag var gefið frjálst. EB bætti við að félögin þrjú hafi ávallt haft samstarf um innflutning á svartolíu og því þurft að skipast á upplýsingum um sölu hennar. Þá hafi Olís og OHF, í kjölfar samninga félaganna vorið 1995, haft samstarf um innflutning á flestum öðrum tegundum fljótandi eldsneytis og því þurft að skiptast á upplýsingum um sölu þeirra. Auk þess væri algengt að félögin lánuðu hvert öðru birgðir, og í því sambandi hafi menn fiskað upp sölutölur hvers annars. SG sagði að til þess að geta flutt inn eldsneyti sameiginlega þurfi félögin að skiptast á upplýsingum um sölutölur sínar. Þetta hafi gerst mánaðarlega. Til viðbótar hafi félögin aðgang að upplýsingum um sölu frá flutningsjöfnunarsjóði olíuvara, sem hýstur sé hjá Samkeppnisstofnun.“<sup>1610</sup>*

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að olíufélögin hafi mánaðarlega skipst á skriflegum upplýsingum um sölu á eldsneyti. Skeljungur *„hafi slitið þessu samstarfi á árinu 1998 en umbj. okkar og Olís haldið upplýsingaskiptunum áfram, fyrst skriflega og síðan munnlega.“* Þessi upplýsingaskipti hafi verið afar þýðingarlítill eftir að Skeljungur dró sig úr samstarfinu þar sem þær gáfu aðeins mynd af hluta markaðarins. OHF leggur áherslu á að þær upplýsingar sem hafi fengist úr þessu samstarfi við hin félögin hafi einungis verið lítill hluti þeirrar markaðsvinnu sem félagið stundaði. Þessar upplýsingar hafi ætíð fengist er árskýrslur olíufélaganna voru birtar í byrjun hvers árs. Jafnframt hafi félögin að vissu marki nýtt sér upplýsingar frá flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Fullyrðir OHF að mikil innri vinna hafi farið fram hjá olíufélagunum til að fylgjast með þróun markaðarins og án samráðs við hin félögin. OHF telji nefnd upplýsingaskipti ekki teljast vera samstarf um verðlagsmál og hafi

<sup>1609</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1610</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Því ekki fallið undir eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Verði hins vegar talið að um brot sé að ræða telji OHF það óverulegt sem engin áhrif hafi haft á markaðinn.

Samkeppnisráð bendir hér á að algengt er að upplýsingaskipti um t.d. sölu séu hluti af þeim aðgerðum sem gripið er til í samráði keppinauta.<sup>1611</sup> Slíkar aðgerðir gera markaðinn gagnsærri fyrir þátttakendur og auðvelda þeim að framkvæma samráð sitt. Ljóst er einnig að upplýsingar um nýlega og áætlaða sölu teljast í samkeppnisrétti til viðkvæmra viðskiptalegra upplýsinga.<sup>1612</sup> Olíumarkaðurinn hér á landi er mjög samþjappaður fákeppnismarkaður. Ljóst er að upplýsingaskipti af þessum toga á slíkum markaði hafa skaðleg áhrif á verðsamkeppni.<sup>1613</sup> Á slíkum markaði er því sérstaklega áriðandi að tryggja sjálfstæði keppinauta í öllum markaðsaðgerðum sínum.<sup>1614</sup> Þetta á ekki síst við vegna þess að ákveðin óvissa um aðgerðir og árangur keppinauta á markaðnum er óhjákvæmilega ríkur drifkraftur samkeppninnar. Samhæfing aðgerða og ákvarðana er mun líklegri þegar óvissu hefur verið eytt. Hafa ber einnig í huga að í samkeppnisrétti getur lögmæti upplýsingaskipta keppinauta ráðist af því hvenær er skipst á viðkomandi upplýsingum og eðli þeirra. Grundvallarmunur getur verið á því hvort keppinautar skiptist á nýlegum viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum, eins og t.d. upplýsingum um mánaðarlega sölu eða söluáætlunum, eða þeir kynni sér „sögulegar“ upplýsingar um sölu sem birtist í ársskýrslum keppinautanna eða í skýrslum frá opinberum aðilum. Dómstóll EB hefur hins vegar bent á að jafnvel skipti keppinauta á fákeppnismarkaði á „sögulegum“ upplýsingum eða upplýsingum sem almennt eru þekktar á markaðnum séu ólögmæt þegar slík upplýsingaskipti styrkja annað samkeppnishamlandi samstarf.<sup>1615</sup>

Telur samkeppnisráð að þessar aðgerðir hafi verið liður í samvinnu félaganna í verðlagsmálum. Upplýsingaskipti af þessum toga draga úr viðskiptalegu sjálfstæði olíufélaganna og eru til þess fallin að stuðla að samræmdum aðgerðum á markaðnum. Ákvarðanir fyrirtækja um verðlagingu eru reistar m.a. á upplýsingum um framboð og eftirspurn. Því er ljóst að þessi samvinna olíufélaganna hefur áhrif á verðsamkeppni milli þeirra og fer því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Ljóst er að þátttaka Skeljungs í þessum upplýsingaskiptum var takmarkaðri en aðgerðir OHF og Olís.

#### 6.7. „Leyniþjónusta“ Olíudreifingar

Olíudreifing (ODR) er eins og fram hefur komið félag í eigu OHF og Olís og annast birgðahald og dreifingu á eldsneyti fyrir fyrirtækin. Gögn málsins sýna að það

<sup>1611</sup> Sjá t.d. dóm undiréttar EB frá 11. mars 1999 í máli nr. 151/94 *British Steel plc v Commission*. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *The Belgian Beer Cartel* málinu [2004] 4 CMLR 2.

<sup>1612</sup> Sjá dóm undiréttar EB frá 11. mars 1999 í máli nr. 151/94 *British Steel plc v Commission*.

<sup>1613</sup> Sjá t.d. Ross, *Principles of Antitrust Law*, bls. 189: „[T]he exchange of almost any information can significantly facilitate price agreements in an oligopolistic industry prone to collusion.“

<sup>1614</sup> Sjá t.d. dóm undiréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v Commission* [1999] 4 CMLR 810.

<sup>1615</sup> Dómur dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*.



fyrirtæki hefur aflað og miðlað viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum til eigenda sinna. Þessi starfsemi var nefnd innan OHF „leyniþjónusta“ ODR, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Þann 4. maí 2000 sendi ODR tölvupóst til OHF og Olís. Í honum er greint frá orðrómi um að tiltekið verktakafyrirtæki sé að byggja birgðastöð fyrir Irving olíufélagið og sagt frá tilraunum ODR til að afla upplýsinga um þessa hugsanlegu nýju samkeppni.<sup>1616</sup> Þann 6. júní 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórnar fyrirtækisins og greindi frá því að ODR hefði upplýst hvaða dælukerfi OHF hefði keypt fyrir nýja bensínstöð.<sup>1617</sup>

Þann 21. júní 2000 sendi ODR tölvupóst til OHF og Olís og upplýsti að Skeljungur væri að fara að hefja íblöndun á tilteknu bætiefni í gasolíu. Þessi tölvupóstur var framsendur til forstjóra OHF sem bað sína menn að skoða möguleg viðbrögð.<sup>1618</sup> Þann 30. júní 2000 sendi ODR annan tölvupóst til OHF og Olís og sagði að Skeljungur hafi þann dag hafið íblöndun á bætiefni í bílagasolíu. Tilgreint er heiti efnisins og frá hvaða fyrirtæki það komi. Forstjóri OHF sendi tölvupóst í kjölfar þessa og bað framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu að fá nánari upplýsingar um þetta efni og bera það saman við efnið sem OHF notaði.<sup>1619</sup>

Í kafla VI 5.10 hér að framan er greint frá samvinnu olíufélaganna þriggja í tengslum við tilraunir LÍÚ til að lækka verð á skipaeldsneyti með eigin innflutningi. Í tengslum við það bað forstjóri Olís um að ODR myndi „*fylgjast náið*“ með því hvaða útgerðarmenn keyptu af LÍÚ og hversu mikið magn.<sup>1620</sup> Í kjölfar þessa sendi ODR þann 27. og 29. desember 2000 upplýsingar til OHF og Olís um viðskipti útgerðarmanna við olíuskip sem kom á vegum LÍÚ.<sup>1621</sup>

Þann 1. júní 2001 sendi ODR tölvupóst til Olís og OHF og greindi frá því að von væri á olíuskipi á vegum Skeljungs til Akureyrar, Siglufjarðar og Bolungarvíkur. Til að undirbúa þetta hafi Skeljungur verið að minnka bensínrymi í tönkum og auka rými

---

<sup>1616</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá ODR til Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar, Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 4.5.2000 kl. 15:11.

<sup>1617</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar, dags. 6.6.2000 kl. 17:36.

<sup>1618</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá ODR til Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 21.6.2000 kl. 19:14. Frá Geir Magnússyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 23.6.2000 kl. 11:10.

<sup>1619</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá ODR til Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 30.6.2001 kl. 18:51. Frá Geir Magnússyni til Heimis Sigurðssonar, dags. 3.7.2001 kl. 8:33.

<sup>1620</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 22.12.2000 kl. 17:09.

<sup>1621</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá ODR til m.a. Magnúsar Ásgeirssonar, dags. 27.12.2000 kl. 10:06. Frá ODR til m.a. Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 29.12.2000 kl. 10:41.

fyrir skipagasolíu.<sup>1622</sup> Þann 13. júní 2001 sendi ODR nákvæmar upplýsingar um strandflutning Skeljungs á eldsneyti. Tiltekið var hvar viðkomandi skip lestaði, magn farms o.s.frv.<sup>1623</sup>

Þann 19. október 2001 sendi ODR tölvupóst til m.a. forstjóra OHF og Olís og greindi frá viðræðum við Skeljung. Sagt er frá því að Skeljungur hafi upplýst á fundi að fyrirtækið ætti í viðræðum við tiltekið fyrirtæki um að leigja af því 3–4 geyma fyrir flugeldsneyti. Hafði ODR spurt Skeljung hvort fyrirtækinu þætti rétt að greiða með þessum hætti fyrir komu nýrra keppinauta inn á íslenska markaðinn og hefði Skeljungur ekki kvaðst hafa áhyggjur af því. Samkvæmt tölvupósti ODR til Olís og OHF hafði Skeljungur jafnframt upplýst um að fyrirtækið hefði boðið út byggingu tveggja tanka á Eskifirði og að í Vestmannaeyjum biði Skeljungur framkvæmdaleyfis til þess að reisa nýja stöð. Jafnframt ætli Skeljungur að stækka geyma sína þar. Á Akureyri væri Skeljungur að leggja nýjar löndunarlagnir. Samtals áætlaði Skeljungur að framkvæma fyrir 180–200 millj. kr. Jafnframt er greint frá því að kostnaður Skeljungs við stranddreifingu væri 70 millj. kr. á ári.<sup>1624</sup> Ekki leikur á því nokkur vafi að upplýsingar af þessum toga teljast til viðskiptaleyndarmála.

Þann 14. desember 2001 sendi innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF tölvupóst til ODR og Olís og var efni hans „*Leyniþjónusta ODR*“. Bað hann ODR að finna út hvaða birgðir af svartolíu Skeljungur hafi átt hér á landi 30. nóvember 2001. ODR svaraði samdægurs og sendi umbeðnar upplýsingar til OHF og Olís.<sup>1625</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að fyrirtækið staðfesti að hafa fengið óumbeðna tölvupósta frá ODR varðandi starfsemi Skeljungs. Jafnframt liggja fyrir að Olís hafi notað ODR til að fylgjast með OHF. Eina skiptið sem OHF hafi beðið ODR um upplýsingar hafi verið þegar óskað hafi verið eftir því að ODR kannaði svartolíubirgðir Skeljungs 14. desember 2001. OHF hafði þá borist nokkrir tölvupóstar með upplýsingum sem ætla verði að Olís hafi óskað eftir. OHF heldur því fram að þær upplýsingar sem fyrirtækið fékk frá ODR hafi ekki verið „*mikilvæg viðskiptaleyndarmál*“. Jafnframt starfi ODR ekki á sama markaði og OHF og hafa verði í huga að þessar upplýsingar höfðu lítil sem engin áhrif á markaðnum.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að ODR aflaði og miðlaði viðkvæmum samkeppnislegum upplýsingum til OHF og Olís og verður að telja að þetta hafi verið

---

<sup>1622</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá ODR til m.a. Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 1.6.2001 kl. 10:30.

<sup>1623</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá ODR til m.a. Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 13.6.2001 kl. 9:59.

<sup>1624</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá ODR til m.a. Einars Benediktssonar og Geirs Magnússonar, dags. 19.10.2001 kl. 11:23.

<sup>1625</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli ODR, Magnúsar Ásgeirssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 14.12.2001 kl. 16:05 og 17:34.

gert að beiðni eða með samþykki eigenda fyrirtækisins. Gögnin gefa einnig til kynna að ODR hafi verið nýtt í tengslum við samráð olíufélaganna þriggja, sbr. aðgerðir í tengslum við samkeppni frá LÍÚ og fundinn 19. október 2001. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem nefnd voru í kafla VI 6.6 hér að framan er ljóst að þessar aðgerðir voru til þess fallnar að raska samkeppni og fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Engu máli skiptir hér þótt ODR starfi á öðru sviði þar sem brotið hér felst í því að OHF og Olís höfðu samvinnu um það að þetta sameignarfyrirtæki þeirra myndi afla upplýsinga sem tengjast samkeppni á olíumarkaðnum.

#### 6.8. Niðurstaða

Eftirfarandi tafla lýsir verðbreytingum olíufélagana á helstu tegundum eldsneytis á árinu 2001. Í töflunni er aðeins sýnt þegar verð breytist. Auður reitur merkir því að verð viðkomandi félags á viðkomandi eldsneytistegund er óbreytt frá því að það breyttist síðast.

### **Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti árið 2001**

*(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttu)*

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil-olía	Gasolía	Skipa-gasolía/flotaolía	Svart-olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
01.01.2001	Olíufélagið	91,80	96,50	47,30	42,80	34,70	29.000
01.01.2001	Skeljungur	91,80	96,50	47,30	42,80	34,70	29.000
01.01.2001	Olís	91,80	96,50	47,30	42,80	34,70	28.980
01.02.2001	Olíufélagið	94,30	99,00	45,70	41,20	33,10	
01.02.2001	Skeljungur	94,30	99,00	45,70	41,20	33,10	
01.02.2001	Olís	94,30	99,00	45,70	41,20	33,10	
01.03.2001	Olíufélagið	95,90	100,60	46,30	41,80	32,50	30.400
01.03.2001	Skeljungur	95,90	100,60			32,50	30.300
03.03.2001	Olís	95,90	100,60	46,30	41,80	32,50	30.380
20.03.2001	Skeljungur			46,30	41,80		
01.04.2001	Olíufélagið	96,30	101,00	46,70	42,20	32,90	31.480
01.04.2001	Skeljungur	96,30	101,00	46,70	42,20	32,90	31.400
01.04.2001	Olís	96,30	101,00	46,70	42,20	32,90	31.460
01.05.2001	Olíufélagið	102,90	107,60	50,60	46,10	36,80	34.830
01.05.2001	Skeljungur	102,90	107,60	50,60	46,10	36,80	34.830
01.05.2001	Olís	102,90	107,60	50,60	46,10	36,80	34.830
03.05.2001	Olíufélagið	106,30	111,00	53,50	49,00	39,30	37.210

## Verðbreytingar olíufélaganna á fljótandi eldsneyti árið 2001

(Verðlistaverð á helstu tegundum með fullri þjónustu og án afsláttar)

Verð gildir frá:	Félag	Bensín 95 oktan	Bensín 98 oktan	Dísil- olía	Gasolía	Skipa- gasolía/ flotaolía	Svart- olía
		Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/l	Kr/tonn
05.05.2001	Olís	106,30	111,00	53,50	49,00	39,30	37.234
08.05.2001	Olíufélagið	102,90	107,60	50,60	46,10	36,80	34.830
08.05.2001	Olís	101,90	106,60	50,60	46,10	36,80	34.830
16.05.2001	Olís	102,90	107,60				
01.06.2001	Olís	107,90	112,60	54,60	50,10	40,80	39.150
05.06.2001	Skeljungur	107,90	112,60	54,60	50,10	40,80	39.160
06.06.2001	Olíufélagið	107,90	112,60	54,60	50,10	40,80	39.160
25.06.2001	Olíufélagið	104,90	109,60				
25.06.2001	Skeljungur	104,90	109,60				
25.06.2001	Olís	104,90	109,60				
01.07.2001	Olíufélagið	102,90	107,60				
01.07.2001	Skeljungur	102,90	107,60				
01.07.2001	Olís	102,90	107,60				
01.08.2001	Olíufélagið	98,80	103,50	52,50	48,50	37,80	37.540
01.08.2001	Skeljungur	98,80	103,50	52,50	48,50	37,80	37.538
01.08.2001	Olís	98,80	103,50	52,50	48,50	37,80	37.530
01.09.2001	Olíufélagið	99,70	104,40				
01.09.2001	Skeljungur	99,70	104,40				
01.09.2001	Olís	99,70	104,40				
01.11.2001	Olíufélagið	95,70	100,40			35,80	35.378
01.11.2001	Olíufélagið					34,80	
01.11.2001	Skeljungur	95,70	100,40			34,80	35.378
01.11.2001	Olís	95,70	100,40			34,80	35.370
01.12.2001	Olíufélagið	94,20	98,90	50,00	46,00	32,80	33.216
01.12.2001	Skeljungur	94,20	98,90	50,00	46,00	32,80	33.208
01.12.2001	Olís	94,20	98,90	50,00	46,00	32,80	33.210

Samkeppnisráð hefur hér að framan gert grein fyrir miklum samskiptum olíufélaganna og umtalsverðri samvinnu í verðlagsmálum eldsneytis á árinu 2001. Jafnframt liggur fyrir að OHF hefur staðfest að olíufélögin hafi átt í samvinnu um verðlagsmál á árinu 2001 en félögin hafi eftir 1997 „ekki ræðst eins oft saman og áður“. Rétt er að rifja

hér upp að OHF hefur sagt að fram á árið 1997 hafi það verið meginreglan að félögin bæru saman bækur sínar, áður en verðbreytingar voru ákveðnar, þ.e. menn hafi hist á fundum eða rætt saman í síma og komist að sameiginlegri niðurstöðu um hver verðbreyting ætti að vera. Sambandið við Olís hafi hins vegar verið nánara en við Skeljung að þessu leyti eftir 1997 þar sem forstjóri OHF hafi að beiðni forstjóra Olís heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa Olís um verðákvarðanir OHF áður en þær voru birtar opinberlega. Samkvæmt OHF hafi Olís eftir 1997 jafnframt gegnt einhverju milliliðahlutverki gagnvart Skeljungi. Þannig hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF upplýst að honum væri kunnugt um dæmi þess að upplýsingar sem Olís fékk frá OHF um fyrirhugaðar verðbreytingar hafi borist til Skeljungs. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF, sem hóf störf 1998, hefur upplýst að hann hafi átt marga fundi á hverju ári með Olís og Skeljungi og á þeim fundum hafi oft verið rætt um verð og verðlagningaráform. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF, sem einnig hóf störf 1998, kveðst hafa haft á tilfinningunni að samtöl ættu sér stað milli olíufélaganna um verðlagsmál. Fyrir liggja upplýsingar frá OHF þar sem fram kemur að innkaupastjóri eldsneytis hjá félaginu hafi átt dagleg samskipti við yfirmenn verðlagsmála hjá Olís og Skeljungi.

Hér verður einnig að árétta að Olís hefur sagt að fram á mitt ár 1997 hafi meginreglan verið sú að olíufélögin hafi haft samvinnu í tengslum við verðbreytingar. Vorið 1997 hafi nýr maður tekið við verðlagningarmálum hjá félaginu og eftir það hafi slíkum samskiptum „að mestu“ verið hætt. Við þessi mannskipti hafi sérstaklega verið rætt að breyta þessu eldra verklagi og forðast samskipti við hin félögin um verðlagsmál. Þessi starfsmaður Olís hafi hins vegar verið í miklum samskiptum við hin félögin í tengslum við sameiginleg innkaup á eldsneyti og á þeim fundum hafi félögin yfirlétt reynt „að fiska“ hvert annað um verðlagningaráform. Forstjóri Olís kveðst ekki kannast við að hafa óskað eftir því við OHF að fá að vita um fyrirhugaðar verðbreytingar þess félags og kveðst ekki skilja hvaða gagn Olís ætti að hafa af því. Umfjöllunin hér að framan sýnir hins vegar að þessi staðhæfing Olís um grundvallarbreytingu á eðli þessa samstarfs á árinu 1997 fær ekki staðist.

Í kafla VI hefur verið sett fram yfirlit yfir verðbreytingar á helstu tegundum fljótandi eldsneytis á árunum 1993–2001, þ.e. listaverð m.v. fulla þjónustu og án afslátta. Er þar annars vegar um að ræða bifreiðaeldsneyti (bensín og dísilolíu) og hins vegar gasolíu, skipagasolíu og svartolíu (þ.e. eldsneyti til atvinnurekstrar og húshitunar). Ekki koma fram upplýsingar um flugvélaeldsneyti, enda er tiltölulega lítill hluti þess seldur á verði sem tengist verðlista.

Athyglisvert er að skoða þessar upplýsingar m.a. með hliðsjón af framangreindum skýrslum sem forsvarsmenn OHF og Olís hafa gefið um samstarf félaganna í

verðlagsmálum. Samanburður á verðbreytingum félaganna leiðir m.a. í ljós eftirfarandi staðreyndir:

#### **Verðbreytingar á bifreiðaeldsneyti frá 1993 til febrúar 1996:**

- Á þessu tímabili voru tilkynningar olúfélaganna þriggja um verðbreytingar á bensíni oftast nær dagsettar sama dag (15 skipti), en tvívegis var tilkynning eins félags dagsett einum degi á undan tilkynningu hinna félaganna.
- Meirihluti verðbreytinga á þessu tímabili (14 skipti) átti sér ekki stað um mánaðamót (fyrsta dag mánaðar).
- Þótt verð félaganna á bensíni (92ja, 95 og 98 okt.) væri svipað, var það aldrei að öllu leyti hið sama. Yfirleitt munaði 10–20 aorum á hæsta og lægsta verði á bensíni. Í fáein skipti voru þó öll félögin með sama verð á 95 oktana bensíni.
- Á þessu tímabili var aldrei um það að ræða að eitt félag væri annað hvort með lægsta verð á öllum tegundunum þremur eða það hæsta, heldur var eitt félag lægst í einni tegund en annað í annarri tegund. Það var hins vegar breytilegt frá einum tíma til annars hvaða félag var með lægsta verð eða það hæsta í hverri tegund.
- Á þessu tímabili (og raunar einnig síðar) ákváðu félögin ávallt sama verð á dísilolíu (gasolíu frá dælu), þ.e. ekki kom fram 10–50 aura mismunur milli félaga á verði þessarar tegundar eins og í bensíni.

#### **Verðbreytingar á bifreiðaeldsneyti frá apríl 1996 til desember 2001:**

- Á fyrri hluta árs 1996 höfðu olúfélögin samstarf um að taka 92ja oktana bensín úr sölu. Á sama tíma var hætt að selja 98 oktana blýbensín en blýlaust bensín kom þess í stað. Frá þeim tíma voru því aðeins tvær tegundir bensíns í sölu. Í apríl 1996 áttu sér stað umræður milli olúfélaganna um að OHF ætti að vera verðleiðandi við verðbreytingar á eldsneyti. Gerð er grein fyrir því samráði félaganna í kafla VI 1.3 hér að framan. Á þessu tímabili eru tilkynningar félaganna um verðbreytingar á bensíni einnig oftast dagsettar sama dag (í 47 tilvikum), en í 10 tilvikum liðu einn eða tveir dagar á milli þeirra.
- Framan af þessu tímabili áttu verðbreytingar sér stað ýmist um mánaðamót eða á öðrum tíma. Frá september 1998 til desember 2001 var meginreglan hins vegar sú að verðbreyting átti sér stað um mánaðamót, en á því tímabili urðu 34 verðbreytingar um mánaðamót, en um 5–7 verðbreytingar á öðrum tíma.
- Ef undan er skilið „verðstríð“ sem varð í maí 2001, ákváðu olúfélögin ávallt sama bensínverð á þessu tímabili, þ.e. engin dæmi eru um 10–20 aura verðmun milli félaga. Sama gildi um verð á dísilolíu.
- Að undanskildu „verðstríðinu“ í maí 2001, voru verðbreytingar olúfélaganna á bifreiðaeldsneyti að því er virðist samhæfðari á tímabilinu september 1998 til desember 2001 heldur en áður, í þeim skilningi að tímasetningu

verðbreytinga bar nánast ávallt upp á mánaðamót, verðbreytingar voru tíðari og reglufastari en áður og ávallt var um sama verð og verðbreytingar að ræða.

#### **Verðbreytingar á gasolíu, skipagasolíu og svartolíu frá 1993 til desember 2001:**

- Mikið samræmi var í dagsetningum tilkynninga félaganna um verðbreytingar á þessu eldsneyti.
- Framan af tímabilinu voru verðbreytingar sjaldgæfari en á bílabensíni og áttu sér alloft stað á öðrum tíma, en á árunum 1999–2001 voru verðbreytingar algengari og oft á sama tíma og á bensíni.
- Nánast fullkomið samræmi var í verði og verðbreytingum allt tímabilið.

Með hliðsjón af framangreindri lýsingu forsvarsmanna OHF og Olís á samstarfi félaganna um verðbreytingar, verður að telja líklegt að minni háttar mismunur milli olíufélaganna í verði á bensíni á tímabilinu 1993 til febrúar 1996 hafi verið ákveðinn til þess að dylja ólögmeitt samstarf þeirra. Engar skýringar hafa komið fram af hálfu forsvarsmanna félaganna, sem gætu skýrt hvers vegna slíkur munur kom fram í þessum tegundum en ekki öðrum eða hvers vegna hann kom ekki einnig fram á tímabilinu apríl 1996 til desember 2001.

Samanburður á verðlistum félaganna styður ekki það viðhorf að verulega hafi dregið úr samstarfi félaganna í verðlagsmálum á árinu 1997 eða síðar, þannig að eðlisbreyting hafi orðið. Ef undan er skilið „verðstríð“ í maí 2001, gefur slíkur samanburður þvert á móti til kynna að verðbreytingar félaganna hafi orðið samstilltari og taktfastari á árunum 1998–2001 heldur en áður var.

Hafa verður í huga að gögn málsins sýna að olíufélögin gripu til aðgerða til að leyna ólögmeitu samráði þeirra, sérstaklega á árunum frá og með 1997.

Á árinu 2001 höfðu olíufélögin einnig samvinnu varðandi t.d. verðlagningu á smurolíu og á sölu eldsneytis til erlendra skipa. Þegar allt framangreint er virt saman er það mat samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft með sér víðtækt samráð um verðbreytingar á eldsneyti á árinu 2001.

Auk þessarar reglubundnu samvinnu í tengslum við verðbreytingar eldsneytis sýnir framangreind umfjöllun um atvik á árinu 2001 m.a. þetta:

- Olíufélögin höfðu samráð um verð á eldsneyti til OW Icebunker.
- Olíufélögin höfðu samráð um verð á eldsneyti til SR-mjöls.
- Olíufélögin ræddu um að minnka þjónustu á bensínstöðvum og fækka sn. útimönnum.
- Olíufélögin ákváðu saman aðgerðir til að leyna samstarfi sínu.
- Olíufélögin höfðu samstarf um ákvörðun sölulauna til umboðsmanna.

- Olíufélögin ræddu um taka upp afgreiðslugjald á eldsneyti.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag sitt frá 1998 um að hækka verð á gasolíu til landnotkunar.
- Olís og OHF höfðu með sér samvinnu um viðbrögð við V-Power bensíni Skeljungu.
- Olís og OHF áttu í viðræðum um aukið samstarf milli félaganna.
- Skeljungur gerði athugasemd við afslátt Olís á tiltekinni bensínstöð.
- Skeljungur hvatti Olís til að hækka verð á bensínsbrúsum.
- Olís hvatti OHF og Skeljung til að hækka verð á rúðuhreinsi.
- Olíufélögin höfðu með sér samvinnu í því skyni að þrýsta á erlend olíufélög til að hækka verð til íslenskra skipa sem kaupa olíu í Færeyjum.
- Olíufélögin skiptust á viðkvæmum upplýsingum.
- ODR veitti Olís og OHF upplýsingar um Skeljung.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið staðfesta að háttsemi þess kunni að einhverju leyti að hafa brotið gegn kröfum 10. gr. samkeppnislaga í tengslum við verðlagningu á eldsneyti árið 2001. Hins vegar sé um mjög takmörkuð tilvik að ræða og sú mynd sem dregin sé upp í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar sé röng. Hið rétta sé að samstarf OHF við hin olíufélögin hafði minnkað mjög jafnt og þétt frá gildistöku samkeppnislaga og hafi heyrt til undantekninga ef samkomulag náðist á árinu 2001. Heldur félagið því fram að einstök ummæli starfsmanna OHF séu slitin úr samhengi og af þeim dregnar hinar alvarlegustu ályktanir.

OHF telur að bróðurpartur fullyrðinga um brot á þessu tímabili sé annað hvort ósannaður eða varði háttsemi sem falli ekki undir eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Þau takmörkuðu brot sem OHF kann að hafa framið með háttsemi sinni árið 2001 séu afmörkuð tilvik. Engin efni séu til þess að líta á meint brot sem hluta af einhverri stærri heild. Á bls. 252–254 í seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar sé gerð grein fyrir verðbreytingum olíufélaganna frá 1993 til 2001. Kemur fram að frá 1993–1996 hafi verðbreytingar félaganna ekki verið samstíga heldur hafi verið verið breytt á mismunandi dögum og mismunandi mikið milli félaga. Þetta telji Samkeppnisstofnun vera sönnun þess að olíufélögin hafi vísitandi leynt verðsamráði. OHF hafni slíkum ávirðingum. Þótt OHF hafi staðfest að olíufélögin hafi borið saman bækur sínar fyrir verðbreytingar á þessu tímabili þýði það ekki að þau hafi ákveðið sameiginlega verðbreytingar sínar. Auk þess verði að líta til þess að 1993–1996 hafi frjáls verðlagning verið ný til komin. Verðlagning á fákeppnismörkuðum eins og íslenska olíumarkaðnum hafi ríka tilhneigingu til að vera einsleit, sérstaklega þegar litlar breytingar séu á markaðnum og stöðugleiki ríki. Íslenski olíumarkaðurinn hafi einfaldlega verið að þróast og fyrirtækin að átta sig á hvernig verðstefnu væri best að fylgja til að hámarka hagnað eigendanna. Á



tímabilinu 1998–2001 virðist sem olíufélögin hafi áttað sig á því að farsælast væri fyrir hvert þeirra að taka ríkt tillit til verðbreytinga hinna. Markaðurinn hafi þróast þannig að OHF hafi verið leiðandi í verðlagningu og hin olíufélögin fylgt í kjölfarið þegar verðbreytingar hafi verið tilkynntar á heimasíðu félagsins. Samráð hafi heyrt til undantekninga á þessu tímabili þó svo afmörkuð tilvik megi finna um samskipti sem ekki standast kröfur 10. gr. samkeppnislaga.

Í umfjöllun um atvik á árinu 2001 hefur verið fjallað um athugasemdir OHF um einstök tilvik. Niðurstaðan er sú að ekkert í málflutningi OHF er til þess að fallið að breyta því mati samkeppnisáðs að gögn málsins sanni yfirgripsmikið ólöglegt samráð olíufélaganna á þessum tíma. Framangreind almenn mótmæli OHF geta ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

Varðandi umfjöllun OHF um þær ályktanir sem draga má af verðbreytingum olíufélaganna verður fyrst að líta til þess að fullyrðingar félagsins eru ekki í samræmi við gögn málsins. OHF heldur því nú fram að þótt félagið hafi staðfest að olíufélögin hafi borið saman bækur sínar fyrir verðbreytingar þýði það ekki að þau hafi sameiginlega ákveðið þær breytingar. Samkeppnisráð bendir hér á að í skýrslu yfirmanns verðlagsmála hjá OHF og þess starfsmanns sem almennt átti þessi ólöglegu samskipti við keppinautana segir orðrétt:

*„Olíufélögin báru í upphafi saman bækur sínar áður en verðbreytingar á eldsneyti áttu sér stað. Í þessu fólst að þeir starfsmenn olíufélaganna sem höfðu með þessa verðlagningu að gera hittust á fundum eða höfðu samband í síma. Í þessum samskiptum kynntu fulltrúar félaganna hver fyrir öðrum niðurstöður sínar um þörf verðbreytinga og menn komust að sameiginlegri niðurstöðu um hver verðbreytingin ætti að vera.“*

Þessi lýsing sem fram kemur í fundargerð Samkeppnisstofnunar frá 8. apríl 2002 og er mjög skýr. Fulltrúi Olís í þessu samráði hefur staðfest þetta og fjölmörg gögn frá þessum tíma benda í sömu átt. Samkeppnisráð telur því framangreinda fullyrðingu í athugasemdum OHF, sem ekki er studd neinum gögnum, ótrúverðuga. Að öðru leyti virðist OHF telja að eðlileg markaðslögmál skýri framangreindar verðbreytingar. Með þessu lítur OHF framhjá því sannaða verðsamráði sem átt hefur sér stað á þessu tímabili. Verður í því sambandi sérstaklega að rifja upp sannað samráð olíufélaganna í apríl 1996 um að OHF ætti að vera verðleiðandi við verðbreytingar á eldsneyti og þær breytingar sem áttu sér stað í kjölfarið hjá olíufélögunum í framkvæmd verðbreytinga. Hin samhliða hegðun olíufélaganna í verðbreytingum er í fullu samræmi við gögn málsins um samráð þeirra. Í slíkum tilvikum verða viðkomandi fyrirtæki ekki einungis

að sýna fram á aðra skýringu á samskonar hegðun á markaði heldur einnig að hnekkja þeim staðreyndum sem leiða má af málsskjölum.<sup>1626</sup> Það hefur OHF ekki gert.

## 7. Samráð um verðlagningu á smurolíu

Í gögnum málsins er að finna skýrar vísbendingar um að olíufélögin hafi haft með sér margskonar samstarf sem miðað hafi að því að takmarka samkeppni í sölu á smurolíu og hækka verð á þeirri vöru. Verður nú gerð grein fyrir þessu samstarfi félaganna.

Í upphafi er rétt að gera grein fyrir því að olíufélögin höfðu hafið þetta samstarf að einhverju leyti fyrir gildistöku samkeppnislaga. Þann 16. ágúst 1990 hittust forstjórar Skeljungs og Olís ásamt tilteknum framkvæmdastjórum félaganna. Jafnframt sat fundinn stjórnandi frá erlenda olíufélaginu Texaco. Í fundargerð forstjóra Skeljungs kemur fram að starfsmanni Texaco hafi þótt smurolíuverð hér á landi allt of lágt og samkeppni olíufélaganna að þessu leyti komin út í hreinar öfgar.<sup>1627</sup> Taldi hann að gera yrði bót á þessu og kemur fram að framkvæmdastjóri hjá Skeljungu hafi talið að „*eitthvað gæti verið til í þessu*“ og minnt á að ástæða þessarar verðsamkeppni væri sú að OHF hafi getað boðið ódýrari smurolíu. Fram kemur í fundargerðinni að ákveðið hafi verið að ræða þessi mál frekar. Árið eftir eða 11. september 1991 hittust forstjórar olíufélaganna þriggja og ræddu m.a. smurolíutilboð í útboði Herjólfs hf. og smurolíuinnflutning félaganna.<sup>1628</sup>

Hjá forstjóra Skeljungs fannst ódagsett minnisblað sem ber heitið „*Viðræður olíufélaganna*“ og lýsir það tillögum að viðræðugrundvelli í fimm málaflokkum.<sup>1629</sup> Minnisblaðið er líklega tekið saman á síðari hluta árs 1993.<sup>1630</sup> Í öðrum lið þess er fjallað um smurolíuverð. Þar segir:

*„Mér finnst rétt að ræða hvort menn telja ekki almennt þörf á að hækka smurolíu. Til dæmis hafa smurolíuverð frá Olíufélaginu ekkert breyst þrátt fyrir gengislækkun og líklega verðhækkun erlendis. Spurning hvort hin félögin hafi hvorugt þurft að bera, þ.e. að þar á bæ hafi menn fengið lækkanir á innkaupsverðum.“*

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið ekki kannast við umrætt minnisblað og telur það ekki vera frá því fyrir gildistöku samkeppnislaga og alls ekki

<sup>1626</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.

<sup>1627</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 17.8.1990 (Hs. nr. 7080).

<sup>1628</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 11.9.1991 (Hs. nr. 7082).

<sup>1629</sup> Ódagsett minnisblað sem fannst hjá forstjóra Skeljungs og ber heitið „*Viðræður olíufélaganna*“ (Hs. nr. 7082).

<sup>1630</sup> Sjá umfjöllun í kafla III í frumathugun I Samkeppnisstofnunar.

fyrir umþóttunartímamarkið 1. nóvember 1993. Að auki telur OHF minnisblaðið hvergi nær sönnun þess að félagið hafi haft samráð um verðlagningu á smurolíu. OHF taki undir með Samkeppnisstofnun að engin gögn hafi fundist sem bendi til þess að olíufélögin hafi gripið til einhverra aðgerða til þess að hækka verð á árunum 1993 og 1994. Því telji OHF ljóst að ekkert samráð hafi verið á milli olíufélaganna á þeim tíma, í öllu falli hafi félagið ekki verið þátttakandi í slíku samstarfi.

Samkeppnisráð telur eins og áður sagði líklegast að umrætt skjal sé frá seinni hluta árs 1993. Í því sambandi verður að líta til þess að í skjalinu er því t.d. velt upp hvort ræða eigi sameiningu afgreiðslustöðva á Keflavíkurflugvelli. Þessar afgreiðslustöðvar voru sameinaðar með samningi félaganna frá 2. febrúar 1994. Viðræður um þessa aðgerð fóru t.d. fram á fundi félaganna þriggja 2. desember 1993. Samkeppnisráð telur orðalag og efni skjalsins ótvírætt benda til þess að það hafi verið tekið saman í tengslum við samskipti olíufélaganna. Ber skjalið m.a. með sér vilja til viðræðna um verð á smurolíu. Hins vegar hafa samkeppnisyfyrvöld ekki fundið önnur gögn sem sýna fram á verðsamráð varðandi smurolíu á árunum 1993 og 1994. Einnig er óljóst hvenær skjalið frá 1993 var nákvæmlega tekið saman. Þar sem gögn málsins þykja ekki alveg nægilega skýr að þessu leyti telst ekki nægjanlega sannað að olíufélögin hafi haft með sér verðsamráð á smurolíu á árunum 1993–1994. Frá og með árinu 1995 er hins vegar fjöldi gagna sem sýna fram á samráð olíufélaganna um verð á smurolíu og verður nú gerð grein fyrir þeim.

#### 7.1. Aðgerðir til að koma Bílanausti út af smurolíumarkaðnum

Í málinu er að finna handskrifað minnisblað frá framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF. Minnisblaðið er dagsett 3. janúar 1995 og lýsir fundi framkvæmdastjóra markaðssviða olíufélaganna þriggja.<sup>1631</sup> Á fundinum hefur verið ákveðið að hækka 92 oktana bensín um 1 kr. og síðan er bókað undir 4. lið:

*„Bílanaust mál: Rætt að fá þá til að hætta við Comma olíur“.*

Comma olíur eru smurolíur sem fyrirtækið Bílanaust hefur selt í samkeppni við olíufélögin. Þessir sömu framkvæmdastjórar hittust einnig 11. september 1996 og samkvæmt fundargerð starfsmanns Skeljungs var rætt um samkeppnina frá Bílanausti. Fundargerð þessi fannst hjá OHF.<sup>1632</sup> Kemur fram í fundargerðinni að ákveðið hafi verið að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís ræði við Bílanaust „þannig að smurolían sé ekki að fara úr böndunum.“ Samkeppnisstofnun hefur beðið framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF að skýra þessi gögn. Í skýrslu hans kemur fram að Bílanaust hafi flutt inn ódýra smurolíu frá Comma og snúið sér markvisst til smurstöðva sem hafi verið með samninga og notað tæki frá OHF og hvatt þá til

<sup>1631</sup> Handskrifað minnisblað Þórólfs Árnasonar með yfirskriftinni „Thomas Möller, Margrét Guðm.d., ÞÁ“, dags. 3.1.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>1632</sup> Handrituð fundargerð með yfirskriftinni „Olís/Esso/Shell 11.9.96“ (Hs. nr. 3166).

viðskipta.<sup>1633</sup> Hefði þetta því truflað viðskipti OHF með smurolíur. Þetta hefði jafnframt haft truflandi áhrif á Skeljung og Olís sem að sögn framkvæmdastjórans vildu að verð á smurolíu yrði hækkað. Olúfélögin hefðu rætt samkeppnina frá Bílanausti og ákveðið „að reyna að leysa það mál“. Olís hefði boðist til að ræða við Bílanaust þar sem framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hefði haft tengsl inn í það fyrirtæki.

Samkvæmt þessu hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF staðfest að olúfélögin hafi sammælt um að vinna gegn samkeppni frá Bílanausti og að verðbreytingar á smurolíu hafi verið ræddar á fundum félaganna. Framkvæmdastjórinn fullyrðir hins vegar að ekkert samkomulag hafi náðst milli olúfélaganna um hækkun á smurolíu á starfstíma hans hjá OHF en hann lét af störfum hjá félaginu um mitt ár 1998. Samkeppnisráð telur að önnur gögn málsins staðfesti að olúfélögin hafi ákveðið að reyna að minnka eða eyða samkeppni frá Bílanausti. Ráðið telur einnig ljóst að félögin hafi ákveðið sameiginlega að hækka verð á smurolíu.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að olúfélögin hafi rætt þessa samkeppni frá Bílanausti. Ekki sé hins vegar rétt að hugsanlegar verðbreytingar á smurolíu hafi verið ræddar á þessum fundum og samkeppnisyfírvöld misskilji fundargerðina frá 11. september 1996. Samkeppnisráð bendir hér á að fulltrúi OHF í þessum viðræðum hefur upplýst um þessar viðræður um verðhækkanir, sbr. framangreind ummæli hans. Jafnframt gefa gögn málsins skýrlega til kynna að aðgerðir olúfélaganna gagnvart Bílanaust höfðu það að markmiði að skapa skilyrði fyrir verðhækkun á smurolíu, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Hér skiptir máli að á árinu 1995 höfðu olúfélögin með sér samstarf varðandi söfnun úrgangsolíu. Höfðu félögin samvinnu við fyrirtækið Uppdælingu sem safnaði úrgangsolíu frá smurstöðvum og verkstæðum og annaðist jafnframt söfnun frá skipum. Þann 9. maí 1995 sendi OHF bréf til Olís og Skeljungs.<sup>1634</sup> Í bréfinu er vísað til fyrri umræðna um gjaldtöku við söfnun úrgangsolíu og gerð tillaga um framkvæmd á söfnun á olíu frá öðrum en föstum viðskiptavinum. Þriðji liðurinn í tillögunni er að Uppdæling fái lista yfir þau fyrirtæki sem kaupi smurolíur hjá öðrum aðilum en olúfélögunum og „*neiti að taka úrgangsolíu frá slíkum aðilum.*“ Síðan er greint frá því að OHF myndi senda Uppdælingu slíkan lista og sé þess vænst að Olís og Skeljungur geri það sama. Olís svaraði með bréfi frá 24. maí 1995.<sup>1635</sup> Í bréfi Olís er greint frá samtali starfsmanns fyrirtækisins við starfsmann Uppdælingar. Þar hafi m.a. komið fram að Uppdæling tæki „*ekki olíu frá neinum öðrum en þeim sem hann telur sig hafa vissu fyrir að séu viðskiptavinir olúfélaganna.*“ Jafnframt er í bréfinu listað

<sup>1633</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 15.4.2002.

<sup>1634</sup> Bréf Þórólfs Árnasonar OHF til Bjarna Snæbjarnar Jónssonar Skeljungi, dags. 9.5.1995 (Hs. nr. 3167). Bréf Þórólfs Árnasonar OHF til Thomasar Möller Olís, dags. 9.5.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>1635</sup> Bréf Thomasar Möller Olís, dags. 24.5.1995 (Hs. nr. 3166).

upp hverjir séu keppinautar olíufélaganna í smurolíusölu og greint frá því að Uppdæling hafi ekki heyrt frá Bílanausti í eitt ár. Sagt er að Uppdæling vilji að tekið verði fram í samningi við olíufélögin hverjir séu viðskiptavinir. Skeljungur svaraði bréfi OHF með tölvupósti til OHF og Olís.<sup>1636</sup> Þar kemur fram að Skeljungur geri engar athugasemdir við tillögur OHF og muni standa eins að málum. Síðan segir í tölvupóstinum:

*„Þó er gerð sú athugasemd að við teljum að það geti verið óheppilegt að neita að taka við úrgangsolíu frá öðrum. Við erum frekar á því að fyrir það verði tekið mjög ríflegt gjald. Hinu mætti snúa upp á okkur sem einhverjum einokunartilburðum eða ábyrgðaleyfi við söfnun etc. Þú kannski hugleiðir þetta.“*

Samkeppnisstofnun hefur spurt Olís um þetta atriði. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hefur sagt að synjun um þessa þjónustu hafi væntanlega tengst smurolíusölu Bílanausts.<sup>1637</sup> Að mati hans hafi verið eðlilegt að synja Bílanausti um þessa þjónustu þar sem fyrirtækið hafi ekki tekið þátt í kostnaði við hana. Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið hafi á þessum tíma gert tillögu um að Uppdæling neitaði að taka við úrgangsolíu frá öðrum en þeim sem keyptu olíu frá olíufélagunum. Hins vegar verði að líta til þess að það hafi verið algjörlega á valdi Uppdælingar við hverja fyrirtækið stundaði viðskipti. OHF hafi í þessu tilviki ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð bendir hér á að samkvæmt framangreindum gögnum var markmið þessara aðgerða olíufélaganna að Uppdæling myndi neita keppinautum þeirra, sérstaklega Bílanausti, um þjónustu eða láta þá greiða óeðlilega hátt verð. Bréf Olís frá 24. maí 1995 sýnir að Uppdæling hafi farið að þessum tilmælum olíufélaganna. Fæst því ekki séð hvaða þýðingu hefur að lögum sú yfirlýsing OHF að það hafi verið á valdi Uppdælingar við hverja fyrirtækið stundaði viðskipti. Að mati samkeppnisráðs voru þessar aðgerðir liður í að draga úr samkeppni í smurolíusölu og skapa grundvöll fyrir verðhækkningar. Enginn vafi er á því að hverskyns samráð milli keppinauta sem hefur slíkt að markmiði fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Á árinu 1996 voru verðhækkningar á smurolíu ræddar innan Olís. Í innanhússtölvupósti frá 16. mars 1996 er rætt um að full ástæða sé til að gera fljótlega heildarskoðun á verði milli olíufélaganna „sem gerð hefur verið annað slagið til að kanna hvort hægt er að hreyfa verð, helst upp.“<sup>1638</sup> Í nóvember sama ár tekur framkvæmdastjóri

<sup>1636</sup> Tölvupóstur frá Bjarna S. Jónssyni til Þórólfs Árnasonar og Thomasar Möller, dags. 27.5.1995 kl. 9.50 (Hs. nr. 3167).

<sup>1637</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1638</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jón Halldórssonar, dags. 16.3.1996 kl. 19:49.

markaðssviðs smásölu hjá Olís saman minnisblað þar sem fjallað er um boðaða hækkun á innkaupsverði á smurolíu og vill að kannaður verði möguleiki á að hækka verð til þess að auka framlegð.<sup>1639</sup> Gögn málsins sýna að það var gert.

Þann 6. janúar 1997 sendi umræddur framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF. Í tölvupóstinum er stungið upp á fundi til að ræða m.a. sameiginlega afstöðu félaganna gagnvart Bílanausti sem felist í því að Bílanaust hætti að selja Comma smurolíu gegn því að olíufélögin kaupi af fyrirtækinu vörur. Jafnframt vill Olís ræða „*smurolíuframlegðina*“ og er vísað til fyrri viðræðna um það málefni. Þessum tölvupósti var svarað af Skeljungu og OHF og ákveðið að halda fund 13. janúar 1997.<sup>1640</sup> Samkvæmt þessu áttu félögin fund þar sem rætt var um verðlagsmál smurolíu og aðgerðir til draga úr samkeppni frá Bílanausti.

Ljóst er að sameiginleg niðurstaða hefur náðst á þeim fundi. Þetta má ráða af því að 14. janúar 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.<sup>1641</sup> Í póstinum er lýst fundi hans með fyrirvarsmönnum Bílanausts sama dag. Þar segir:

*„Á fundi mínum með ... og ... í dag kom fram að þeir eru tilbúnir að skoða það að fórna Comma fyrir aukin viðskipti frá olíufélögunum í bílavörum sem þeir flytja inn sjálfir. Viðurkenndu að þetta væru ca 300 tonn og hefðu hugleitt hvort þetta borgaði sig yfirleitt, vilja samt bjóða smurolíu sem part af heildarpakka fyrir verkstæði, gæti þó verið olía frá olíufélögunum. Sagðist myndu í framhaldi af fundinum gefa esso og shell merki um að þeir væru að skoða þetta og málið rætt áfram í febrúar.“*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF framsendi þennan tölvupóst til forstjóra OHF og vörustjóra smurolíu með þessum orðum:

*„Trúnaðarmál: Thomas Möller ræddi við Bílanaust, fyrir hönd Olís vitanlega, en með „hint“ um það að hann væri til í að ræða við Skeljung og Olíufélagið, ef Bílanaust hætti með Comma. Þetta er í raun forsenda þess að við getum náð hærri framlegð út úr smurolíum. Við skulum vera viðbúnir*

<sup>1639</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Thomasar Möller um smurolíumál, dags. 8.11.1996.

<sup>1640</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu: Milli Friðriks Stefánssonar, Thomasar Möller og Þórólfs Árnasonar, dags. 6.1.1997 kl. 17:40 og 17:50 og 7.1.1997 kl. 11:57.

<sup>1641</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Thomas Möller til Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar, Kristjáns B. Ólafssonar, Friðriks Stefánssonar (Skeljungur) og Þórólfs Árnasonar (OHF), dags. 14.1.1997 kl. 16:27.

*Þórarinn*<sup>1642</sup>, að tala við Bílanaust á „mjúkum nótum“ ef þeir eru að draga sig út úr smurolíu.<sup>1643</sup>

Samkvæmt þessu hefur Olís gefið Bílanausti ranglega til kynna að félagið væri einungis að tala í eigin nafni. Þessi gögn sýna ótvírætt að olíufélögin töldu að samkeppnin frá Bílanausti hindraði félögin í að hækka verð á smurolíu og félögin hafi sameiginlega ákveðið að grípa til aðgerða til að skapa skilyrði fyrir verðhækkun. Var í því skyni lagt að Bílanausti að hætta að selja umrædda olíu gegn auknum viðskiptum frá olíufélögunum. Þetta markmið félaganna er enn áréttað í innanhússtölvupósti hjá Olís sem sendur var 15. apríl 1997.<sup>1644</sup> Þar spyr framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hvort hann hafi rætt frekar við Bílanaust og bætir við:

*„Þetta stendur okkur fyrir þrifum í samhæfðu átaki um hækkun.“*

Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu segir að hann sé búinn að ræða við Bílanaust tvisvar og þeir séu mjög jákvæðir í að hætta með smurolíu. Jafnframt er spurt hvort framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda vilji taka upp þráðinn og Bílanaust bíði í raun eftir fundarboði.

Samkeppnisstofnun óskaði eftir því að Olís gerði nánari grein fyrir þessum afskiptum af Bílanausti. Í skýrslu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda kemur fram að Bílanaust hafi að mati Olís stundað óheiðarlega viðskiptahætti með því að dæla olíu sinni í tunnur Olís og hinna félaganna og afgreiða frá tækjum í eigu þeirra.<sup>1645</sup> Olís hafi reynt að fá Bílanaust „til að sjá skynsemina og leiðrétta þau mál“. Framkvæmdastjórinn kveðst hins vegar ekki kannast við neitt samstarf við hin félögin að þessu leyti en trúlega hafi þó kvartanir gengið milli olíufélaganna. Samkeppnisráð telur þessa skýringu ótrúverðuga enda í beinu ósamræmi við skýr gögn frá þessum tíma. Forstjóri Olís hefur sagt að hjá fyrirtækinu hafi verið rætt um að bjóða Bílanausti að hætta smurolíusölu gegn öðrum viðskiptum. Ekki hafi verið gert neitt samkomulag við fyrirtækið og þetta líklega ekki boðið. Ofangreindur tölvupóstur framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís sýnir hins vegar að slíkt tilboð var sett fram gagnvart Bílanausti.

OHF hækkaði verð á smurolíu í júní og september 1997. Olís hækkaði verð í mars, apríl, september og desember 1997. Skeljungur hækkaði verð í febrúar 1997.

<sup>1642</sup> Vörustjóri smurolíu hjá OHF.

<sup>1643</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni til Geirs Magnússonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 15.1. kl. 20:27.

<sup>1644</sup> Tölvupóstur milli Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 15.4.1997 kl. 16:57 og 16.4.1997 kl. 12:34 (Hs. nr. 4317).

<sup>1645</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið staðfesti að hafa haft samstarf um að reyna að semja við Bílanaust um að fyrirtækið hætti smurolúinnflutningi gegn því að fá aukin viðskipti olúfélaganna. Viðræður hafi átt sér stað milli Olís og Bílanausts en ekki samdist að sinni. Nefnir OHF að gögn málsins bendi til þess að Bílanaust hafi ekki talið þennan innflutning félaginu til mikilla hagsbóta og líklegt að félagið sjálft hafi verið að huga að því að hætta þessum innflutningi. Ekkert bendi til þess að OHF hafi ætlað sér að hækka verð í samráði við hin félögin. OHF mótmælir því að samráð hafi verið um verðbreytingar á smurolú á árinu 1997.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir ljóst að olúfélögin gripu á árunum 1995–1997 til aðgerða sem höfðu það að markmiði að veikja samkeppnina frá Bílanausti og skapa auðveldari skilyrði fyrir verðhækkun á smurolú. Ekki er hægt að fallast á það með OHF að félagið hafi ekki í tengslum við þessar aðgerðir ætlað að hækka verð í samráði við hin félögin. Gögn málsins sýna að þetta var yfirlýst markmið aðgerðanna og er þannig t.d. tekið fram af fulltrúa OHF í þessum aðgerðum að þær séu „forsenda þess að við getum náð hærri framlegð úr smurolúnum“, sbr. framangreindan tölvupóst OHF frá 15. janúar 1997. Hér var því um að ræða röð áframhaldandi aðgerða olúfélaganna í því skyni að hækka verð á þessari vöru. Var þetta liður í hinu samfellda samráði þeirra. Telja verður að olúfélögin hafi með þessu samráði skapað skilyrði fyrir þær verðhækkanir sem urðu á árinu 1997.

## 7.2. Atvik á árinu 1998

Í byrjun árs 1998 skiptust olúfélögin á upplýsingum um sölu sína á smurolúum á árinu 1997.<sup>1646</sup> OHF og Olís hafa upplýst að þetta hafi félögin gert hvert ár.<sup>1647</sup> Að sögn OHF hefur verið skipst á þessum upplýsingum munnlega í seinni tíð. Samkeppnisráð telur að þessi upplýsingaskipti hafi verið liður í samráði olúfélaganna um verðlagningu smurolú. Í upphafi árs 1998 fór einnig fram innan OHF umræða um hækkun á smurolúverði og nauðsyn þess að bæta framlegð félagsins í þessum viðskiptum. Þannig segir í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs frá 1. febrúar 1998 að OHF sé með lægsta verð á smurolúum, stefnt sé að því að auka framlegð og biður hann um tillögur um 5–15% verðhækkun.<sup>1648</sup> Í mars s.á. greinir

---

<sup>1646</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar, Einar Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 29.1.1998 kl. 15:33.

<sup>1647</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolú og bílavörum, sérfræðingi í smurolú og innkaupastarfsmanni, dags. 17.4.2002. Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>1648</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni til m.a. Þórarins Þórarinssonar, dags. 1.2.1998 kl. 13:56.



framkvæmdastjórinn frá því að forstjóri OHF biðji um tillögur um hækkun á smurolíu.<sup>1649</sup> Engin hækkun átti sér hins vegar stað á þessum tíma.

Í maí 1998 áttu sér stað viðræður milli félaganna um verðhækkun á smurolíu. Þann 18. maí 1998 sendi deildarstjóri hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu og greinir frá því að Skeljungur telji knýjandi þörf á að hækka smurolíu en ekki hafi verið ákveðin nein dagsetning. Framkvæmdastjórinn svarar og segist hafa fengið skilaboð frá framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF um að OHF vilji ræða um hækkun á smurolíu og hann muni ræða við þennan starfsmann OHF fljótlega.<sup>1650</sup> Það samtal hefur átt sér stað í júní samkvæmt tölvupósti milli forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs.<sup>1651</sup> Þar kemur fram að forstjórinn telji OHF ekki hagnast nægjanlega mikið af sölu smurolíu. Framkvæmdastjórinn svarar og segir að Olís hafi ítrekað áhuga sinn vegna smurolíu og hann muni taka „það mál upp ásamt Skeljungu í næstu viku.“ Í svari forstjóra OHF segir að hann vilji fá að sjá verð og verðsamanburð „áður en að við förum að tala nánar við hin félögin“. Samkvæmt dagbók framkvæmdastjórans virðist hann hafa setið fund hjá Skeljungu nokkrum dögum síðar eða 29. júní 1998.<sup>1652</sup> Þennan sama dag tók framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotendasviðs Olís saman minnispunkta til að undirbúa forstjóra félagsins fyrir fund með forstjórum olíufélaganna sem halda átti daginn eftir. Á þeim fundi voru margvísleg málefni rædd og var gerð nánari grein fyrir fundinum í kafla VI 3.4. Í minnispunktunum er m.a. fjallað um smurolíumál í tengslum við umræður forstjóranna um að draga úr afslætti til viðskiptavina sinna. Er minnst á afslátt Skeljungs til tiltekins fyrirtækis sem forstjórnir hafi rætt og síðan segir:

*„Esso virðist ekki vera eftirbátur Shell í afsláttum og skýtur því skökku við að Bjarni Bjarna<sup>1653</sup> hefur samband við mig, þ.e. fékk skilaboð í gegnum SG<sup>1654</sup> og ég hringdi, vegna þess að hann telur framlegðina hjá þeim í smurolíum ófullnægjandi. Þetta er svona svipað og þegar Shell vildi hækka smurolíur eftir að þeir fengu ÚA með undir boði.“<sup>1655</sup>*

Samkeppnisstofnun hefur beðið framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að skýra þessi gögn. Í skýrslu hans segir að menn hafi áttað sig á því að framlegð af smurolíu

<sup>1649</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni til m.a. Þórarins Þórarinssonar, Sigurgeirs Þorkelssonar, og Kristjáns Kristinssonar, dags. 10.3.1998 kl. 11:44.

<sup>1650</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Jóns Halldórssonar, Ingólfs Kristmundssonar og Kristins Leifssonar, dags. 18.5.1998 kl. 16:54 og 19.5.1998 kl. 9:40, 9:49, 10:49 og 13:57.

<sup>1651</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Geirs Magnússonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 24.6.1998 kl. 9:44 og 9:50.

<sup>1652</sup> Dagbók Bjarna Bjarnasonar, færsla 29.6.1998 (Hs. nr. 1305)

<sup>1653</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>1654</sup> Samúel Guðmundsson framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís.

<sup>1655</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, dags. 29.6.1998 kl. 12:16.

væri mjög léleg og svo hafi verið í mörg ár. Það hafi ekki verið hans hlutverk að taka ákvarðanir um smurolíuverð en hann hafi brýnt viðkomandi starfsmenn OHF til þess að hækka verð.<sup>1656</sup> Hann myndi einnig eftir því að viðræður hafi farið fram milli olíufélaganna um verðhækkun á smurolíu en hann hafi ekki tekið þátt í þeim. Eftir því sem honum væri kunnugt hefði lítið eða ekkert gerst í þeim málum. Að mati samkeppnisráðs sýna hins vegar gögn málsins að olíufélögin ákváðu hækkun á smurolíuverði í október og nóvember 1998.

Samkvæmt dagbók framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu átti hún fund 29. október 1998 með framkvæmdastjóra markaðssviðs Olís og sölustjóra stórnotendasviðs hjá OHF.<sup>1657</sup> Á þessum fundi var fjallað um útboð Landssímans og mörg önnur samráðsmál, sbr. m.a. kafla VI 3.7. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu staðfestir að umræddur fundur hafi verið haldinn og hefur greint frá því að hann hafi verið haldinn hjá Skeljungu. Framkvæmdastjórinn kveðst hins vegar ekki muna hvað rætt hafi verið á fundinum.<sup>1658</sup> Framkvæmdastjórinn hjá Olís hefur staðfest að hafa setið þennan fund með OHF og Skeljungu.<sup>1659</sup> Hjá OHF fannst fundargerð umrædds sölustjóra fyrirtækisins. Hún er merkt trúnaðarmál og dagsett 30. október s.á. og lýsir þessum fundi hans með umræddum framkvæmdastjórum Olís og Skeljungs.<sup>1660</sup> Í henni segir eftirfarandi varðandi smurolíu:

*„Olís og Skeljungur vilja hækka verð á smurolíum á bensínstöðvum um 10%. Þessi mál eru nú í deiglu hjá okkur og þar þarf ekki aðeins að líta á bensínstöðvarnar heldur sér í lagi stærri umbúðirnar.“*

Umræddur starfsmaður OHF hefur staðfest að þessi fundur hafi verið haldinn og að á honum hafi hin félögin greint frá vilja sínum til að hækka verð á smurolíu á bensínstöðvum.<sup>1661</sup>

Morguninn eftir að umræddur fundur félaganna var haldinn sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til forstjóra og helstu stjórnenda fyrirtækisins.<sup>1662</sup> Efni tölvupóstsins er sagt vera fundur um Landssímann og í honum

---

<sup>1656</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>1657</sup> Dagbók Margétar Guðmundsdóttur, færsla 29.10.1998 (Afhent af Skeljungu)

<sup>1658</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu, dags. 8.11.2002.

<sup>1659</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>1660</sup> Fundargerð Kristjáns Kristinssonar „Fundur með Thomasi Möller og Margréti Guðmundsdóttur“, dags. 30.10.1998 (Hs. nr. 3112).

<sup>1661</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra OHF (fyrrum sölustjóra stórnotendasviðs), dags. 15.4.2002.

<sup>1662</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller, Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 30.10.1998 kl. 9:15 og 9:24.

er því lýst sem framkvæmdastjórinn taldi hafa verið ákveðið á fundinum. Varðandi smurolíu segir að verð á smurolíu í smásölu hækki um 10% og Skeljungur muni setja það í gang strax. Forstjóri Olís svarar þessum tölvupósti og segist lítast mjög vel á þetta allt og vonast til þess að „*mönnum takist að koma þessu fram.*“ Nokkrum dögum seinna eða 3. nóvember 1998 sendi framkvæmdastjórinn tölvupóst til forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og greinir frá því að framangreindur framkvæmdastjóri hjá Skeljungu hafi hringt og sagt „*þetta vera komið í gang, nema smurolíuhækkun, en það væri smurolíusöluáttak í nóv., hækka allt 1. des.*“<sup>1663</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís var ekki sáttur við þetta verklag og taldi að gengið væri inn á hans verksvið. Í tölvupósti hans segir:

*„Þetta gengur ekki svona með smurolíuna.*

*Hvorki M<sup>1664</sup> né aðrir ákveða smurolíuhækkun fyrir mig. Það verður að vísa smurolíuumræðum til þeirra sem hafa með þau mál að gera eða í það minnsta boða þá til fundar þegar þessi mál eiga að fá umræðu. Smurolía er seld á fleiri stöðum en bensinstöðvum eins og kunnugt er. Ég sá í punktum frá fundi ykkar um daginn að þetta hefði komið til umræðu og leit ég svo á að þessu yrði vísað til rétttra aðila.*“<sup>1665</sup>

Í svari framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís við þessari gagnrýni kemur fram að hann ákveði verð á smurolíu í verslunum Olís og í gangi sé áttak til að auka framlegð.<sup>1666</sup> Hann telji verðlag á smurolíu of lágt og umræddur framkvæmdastjóri hjá Skeljungu sé sammála og hafi þegar ákveðið að hækka um 10%. Síðan segir hann að þessi verðhækkun hafi ekki áhrif á sölu þar sem viðskiptavinir „*ollulusir við bensíndælu velta því ekki fyrir sér hvort lítrinn er á 400 eða 440 kr.*“

Í kjölfar fundarins 29. október 1998, þar sem ákveðin var hækkun á smurolíuverði á bensinstöðvum, var haldinn annar fundur olúfélaganna þann 11. nóvember 1998, sbr. einnig umfjöllun í kafla VI 3.7. Á þeim fundi sem haldinn var hjá Skeljungu voru mörg samráðsmál rædd og m.a. fjallað um verðlagningu á smurolíu. Af hálfu Skeljungs sátu fundinn framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu og framkvæmdastjóri stórviðskipta. Þetta kemur m.a. fram í tölvupósti milli þessara starfsmanna Skeljungs sem sendur var 10. nóvember 1998.<sup>1667</sup> Í honum setur framkvæmdastjóri stórviðskipta fram sex atriði til að ræða um við hin félögin og óskar eftir því að þau hittist kl. 10:00 morguninn eftir til að undirbúa sig fyrir fundinn

<sup>1663</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 3.11.1998 kl. 10:51.

<sup>1664</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu.

<sup>1665</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Thomasar Möller, Einars Benediktssonar, og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 3.11.1998 kl. 12:01.

<sup>1666</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 3.11.1998 kl. 12:06.

<sup>1667</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Friðriks Stefánssonar og Margrétar Guðmundsdóttur, dags. 10.11.1998 kl. 15:12 og 15:14.

með hinum félögunum. Í dagbók framkvæmdastjóra stórviðskipta hjá Skeljungu er í samræmi við þetta bókað að hann eigi fund kl. 10:00 þann 11. nóvember 1998 með framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu vegna OHF og Olís. Klukkan 11 er síðan bókaður fundur með yfirskriftinni „*Verðlagsmál Ath. Dagskrá.*“ Dagskrá þessi fannst hjá Olís<sup>1668</sup> og OHF. Í upphafi fundargerðar Skeljungs um þennan fund segir: „*Mættir FPS<sup>1669</sup>, MG<sup>1670</sup> o.fl.*“

Á eintaki dagskrár fundarins sem fannst hjá OHF hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF ritað ýmsar athugasemdir sem lýsa niðurstöðu fundarins ásamt því að rita upphafsstafi sölustjórans hjá OHF sem sat fundinn 29. október 1998.<sup>1671</sup> Hvorugur þessara starfsmanna OHF kannast hins vegar við að hafa setið þennan fund. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fullyrt að félagið hafi ekki setið þennan fund en hafi þó fengið afhenta dagskrá hans og svo virðist sem niðurstöður hans hafi að einhverju leyti verið ritaðar á eintak OHF. OHF sé ekki kunnugt um hvernig þetta hafi gerst en líklegt sé að einhverjum starfsmanni félagsins hafi verið afhent dagskráin og hann ritað upplýsingar um niðurstöðu fundarins, ef til vill eftir símtal.

Samkeppnisráð vísar hér til umfjöllunar í kafla VI 3.7 um þetta viðhorf OHF. Rétt er þó að áréttta hér að bæði í framangreindum tölvupósti frá Skeljungu og dagbókarfærslu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu kemur fram að fundurinn 11. nóvember 1998 átti að vera með bæði Olís og OHF. Dagskrá fundarins fannst hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF og á hana hefur hann ritað minnispunkta og bætt við dagskrárlíðum. Yfirbragð og efni þessara skrifa framkvæmdastjórans gefur til kynna að þetta hefi verið ritað í tengslum við umræður á fundi. Í upphafi nefndrar fundargerðar Skeljungs sagði „*Mættir FPS, MG o.fl.*“ Þetta bendir ótvírætt til þess að á fundinum hafi verið aðrir en fulltrúar Skeljungs. Þegar þetta er virt saman telur samkeppnisráð að a.m.k. nefndur framkvæmdastjóri hjá OHF hafi setið fundinn af hálfu fyrirtækisins. Hafa verður í huga að jafnvel þó fallist væri á að enginn fulltrúi OHF hefði setið fundinn sýnir sú staðreynd að félagið fékk umrædda dagskrá og upplýsingar um niðurstöður fundarins að það var þátttakandi í þessu samráði.

Hjá Olís fundust gögn um þennan fund hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og á þeim gögnum er að finna rithönd framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís. Samkeppnisráð telur því að báðir framkvæmdastjórnarnir hafi setið fundinn. Ekki er ósennilegt að þessi fundur hafi verið haldinn m.a. vegna þeirrar

<sup>1668</sup> Skjal sem fannst hjá Olís með yfirskriftinni „*Dagskrá*“ (Hs. nr. 4576).

<sup>1669</sup> Friðrik Þ. Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>1670</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu.

<sup>1671</sup> Skjal sem fannst hjá OHF með yfirskriftinni „*Dagskrá*“. Á skjalið er handskrifuð dagsetningin 11.11.1998 (Hs. nr. 3112).

gagnrýni sem fram kom af hálfu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís vegna fundarins 29. október 1998 og gerð er grein fyrir hér að framan.

Þrenn gögn málsins sýna skýrlega hvað fram fór á fundinum 11. nóvember 1998. Í fyrsta lagi fannst, eins og áður sagði, dagskrá fundarins hjá bæði Olís og OHF. Fimmti liðurinn á dagskránni var smurolíuverð og við þann lið hefur á eintaki OHF verið handskrifað „*Hækka smurolíu 1. des '98 (Shell)*“ og „*Hækka á útgerðir*“. Í öðru lagi ritaði framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu fundargerð um þennan fund.<sup>1672</sup> Lokaútgáfa fundargerðarinnar fannst hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.<sup>1673</sup> Eftirfarandi er bókað undir liðnum smurolíur:

*„Fyrir liggur að Skeljungur hækki verð á bilasmurolíum þann 01.12. n.k. og er ekki ólíklegt að aðrir fylgja í kjölfarið. Talið rétt að láta verð til smurstöðva og leiðbeinandi útsöluverð fylgja einnig. Kanna þarf stöðu mála við Bilanaust vegna Comma smurolíu. Rætt var um verðbreytingar á skipaolíum og komu fram óskir og um hækkunum (sic) sem verða teknar til ihugunar. Ljóst er að fyrirhugað spilliefnagjald sem leggja á um áramót mun fara beint út í verðlag smurolíu. Á því getur ekki orðið misbrestur.“*

Í þriðja lagi fannst hjá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís önnur fundargerð sem lýsir sama fundi.<sup>1674</sup> Rithönd framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís kemur fram á fundargerðinni. Um smurolíu segir þetta í fundargerðinni: „*Bilasmurolíur í hillum upp um 5–10% og skipasmurolíur/stórinnkaup um 4–6% í jan/feb, síðan sama í vor aftur.*“ Síðan kemur fram að ræða eigi við Bilanaust um að hætta sölu á Comma olíum. Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís um þessa fundargerð og fjölmörg önnur gögn frá fyrirtækinu sem gefa til kynna samráð milli olíufélaganna varðandi smurolíu. Í skýrslu hans segir að hann ætli ekki að þræta fyrir þau ummæli sem fram komi í tölvupóstum eða öðrum gögnum málsins. Þau skýri sig sjálf.<sup>1675</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að olíufélögin hafi rætt sín á milli um mögulega verðhækkun á smurolíu. Á fundinum 29. október 1998 hafi Olís og

---

<sup>1672</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur til Friðriks Stefánssonar, dags. 17.11.1998 kl. 8:52. Viðhengi: Word skjalið „*Leiðsluverð.doc*“. Með tölvupóstinum var framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu að senda fundargerðina til baka eftir yfirlestur.

<sup>1673</sup> Skjal sem fannst hjá Jóni Halldórssyni Olís með yfirskriftinni „*Minnispunktur Fundur 11.11.1998*“ (Hs. nr. 4576).

<sup>1674</sup> Ódagsett skjal sem fannst hjá Olís. Efst á skjalið er handskrifað „*JH*“ neðst á skjalið „*Tm*“ (Hs. nr. 4317)

<sup>1675</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Skeljungur lýst yfir vilja sínum til að hækka verð á smurolíu um 10%. OHF hafi ekki verið sammála þessu og ekki rætt þetta mál nánar að sinni við hin félögin. Hins vegar bendi gögn málsins eindregið til þess að Olís og Skeljungur hafi hafist handa við framkvæma þessa hækkun á smurolíu.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á það að gögn málsins sýni að OHF hafi á fundinum 29. október 1998 verið ósammála hinum olíufélögum um verðhækkun á smurolíu sem seld sé á bensínstöðvum. Félagið hefur ekki lagt fram nein gögn sem styðja þetta. Fundargerð OHF um fundinn gefur þetta ekki til kynna heldur er þvert á móti bókað að þessi „mál eru nú í deiglu hjá okkur og þarf ekki aðeins að líta á bensínstöðvarnar heldur sér í lagi stærri umbúðirnar.“ Í því samhengi verður og að líta til þess að fjallað var um „stærri umbúðirnar“ á fundi félaganna 11. nóvember 1998. Gögnin frá Olís gefa einnig skýrlega til kynna að samkomulag hafi náðst um þetta efni á fundinum 29. október 1998. Hafa verður einnig í huga að fyrr á því ári hafði OHF verið að knýja á um verðhækkun við Olís og Skeljung. Hér skiptir og máli að á fundinum 11. nóvember 1998 var áréttuð sú ákvörðun að hækka smurolíu sem seld er á bensínstöðvum.

Samkvæmt öllu framangreindu telur samkeppnisráð að á fundinum 29. október 1998 hafi olíufélögin ákveðið að hækka verð á bílasmurolíum og á fundinum 11. nóvember hafi sú ákvörðun verið áréttuð auk þess sem ákveðið hefur verið að hækka smurolíuverð til stórnotenda (stærri umbúðir). Gögn málsins sýna að ákvarðanir fundarins voru framkvæmdar.

Í tölvupósti frá Skeljungu 3. desember 1998 kemur fram að smurolíur hafi hækkað um 10%.<sup>1676</sup> Þann 19. janúar 1999 sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og spurði hann um verðhækkun á smurolíum, hvað væri búið að hækka og hver væru áformin.<sup>1677</sup> Í svari framkvæmdastjórans segir að Olís hafi „hækkað smurolíur markvisst frá lok ársins 1997. Við hækkuðum í lok des 98 smurolíur um 5%, þó mismunandi og við reiknum með að ná öðrum 5% á árinu.“ Samkvæmt þessu er ljóst að eftir fundinn 11. nóvember 1998 hafi Olís gripið til ráðstafana til að hækka smurolíu og áformað á þessum tíma frekari hækkunir á árinu 1999 eins rætt hafði verið um á nefndum fundi. Olís hefur hins vegar upplýst að smurolíuhækkunin í desember 1998 hafi ekki komist til framkvæmda vegna tæknilegra mistaka sem uppgötvast hafi nýlega.<sup>1678</sup>

---

<sup>1676</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Sólveigu Hjaltadóttir til Ólafs Baldurssonar, dags. 3.12.1998 kl. 14:09.

<sup>1677</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 19.1.1999 kl. 15:38 og 20.1.1999 kl. 16:28.

<sup>1678</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Þann 13. nóvember 1998 sendi sölustjóri stórnotendasviðs OHF bréf til smurstöðva og aðila með smurþjónustu.<sup>1679</sup> Með bréfinu fylgdi ný viðmiðunartafla yfir verð á tunnum af smurolíu á smurstöðvum. Samkvæmt henni var smurstöðvum heimilað að hækka álagningu úr 10% í 20% á flestum tegundum. Heimilað var að hækka álagningu úr 20% í 30% á þremur tegundum. Er sagt í bréfinu að þetta taki gildi 15. nóvember 1998. Afrit af þessu bréfi OHF fannst bæði hjá Olís<sup>1680</sup> og Skeljungu.<sup>1681</sup> Minnt er á að í framangreindri fundargerð Skeljungs vegna fundarins 11. nóvember 1998 er fjallað um leiðbeinandi verð til smurstöðva í tengslum við umræðu um hækkun á smurolíu. Vörustjóri smurolíu hjá OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að þetta hafi verið „óvenjuleg verðhækkun“.<sup>1682</sup> Sama dag og sölustjórinn sendi framangreint bréf sendi hann tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF og vörustjóra smurolíu.<sup>1683</sup> Efni póstsins er sagt vera smurolíuhækkun og í honum segir:

*„Nú er ég búinn að senda út bréf þar sem smurþjónustuaðilum verður leyft að hækka álagningu sína á smurolíum. Það er ekki eftir neinu að bíða með að hækka smurolíu í neytendaumbúðum eins og við ræddum um. Við megum ekki lenda í því að smurolían sé dýrari hjá þjónustuaðilum en á stöðvunum. Hækkun hjá smurstöðvum tekur gildi á mánudaginn.“*

Framkvæmdastjórinn hjá OHF svaraði þessum tölvupósti sama dag og lagði til að vörustjórinn hækkaði smurolíuverð sem fyrst. Samkvæmt upplýsingum frá OHF hækkaði fyrirtækið tilteknar tegundir smurolíu í desember 1998.

Í athugasemdum OHF segir að fyrirtækið hafi tekið sjálfstæðar ákvarðanir um þessa verðhækkun. Þátttaka félagsins í viðræðum við hin félögin um verð hafi ekki haft áhrif á verðstefnu félagsins eða keppinautanna. OHF heldur því einnig fram að nefnt bréf OHF til smurstöðva hafi borist Olís og Skeljungu frá þeim aðilum.

OHF setur ekki fram nein sjónarmið til stuðnings því að smurstöðvarbréfið hafi borist Olís og Skeljungu frá smurstöðvunum. Samkeppnisráð telur að þegar litið er á efni fundanna 29. október og 11. nóvember 1998 þá sé ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að OHF hafi látið keppinautum sínum bréfið í té. Ekki síst í ljósi þess að fundargerð Skeljungs sýnir að ákveðið hafi verið að beita sér með þessum hætti

---

<sup>1679</sup> Gagn afhent af OHF. Bréf Kristjáns Kristinssonar OHF til smurstöðva og aðila með smurþjónustu, dags. nóvember 1998.

<sup>1680</sup> Bréf Kristjáns Kristinssonar OHF til smurstöðva og aðila með smurþjónustu, dags. nóvember 1998 (Hs. nr. 4576 og 6109)

<sup>1681</sup> Bréf Kristjáns Kristinssonar OHF til smurstöðva og aðila með smurþjónustu, dags. nóvember 1998 (Hs. nr. 8818)

<sup>1682</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bilavöru, dags. 2.4.2003.

<sup>1683</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Kristjáns Kristinssonar, Heimis Sigurðssonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 13.11.1998 kl. 10:54 og 11:19.

gagnvart smurstöðvum. Er ekki ósennilegt í ljósi þessa að OHF hafi viljað upplýsa hin félögin um að það væri að starfa í samræmi við það sem ákveðið hafði verið. Samkeppnisráð telur þannig ótvírætt að framangreindar aðgerðir OHF varðandi verð á smurolíu hafi verið í samræmi við samkomulag félaganna. Þessu til stuðnings eru einnig samskipti OHF við keppinauta sína á árinu 1999, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Hins vegar hefur það ekki mikla þýðingu í sjálfu sér hvort nefnt bréf OHF til smurstöðva barst Olís og Skeljungu frá OHF eða einhverjum öðrum þar sem önnur gögn málsins sýna með skýrum hætti þátttöku OHF í þessu ólögmæta samráði.

Hér verður og að hafa í huga að OHF hefur viðurkennt að hafa tekið þátt samræðum við félögin um verð á smurolíu. Gögn málsins sýna enga fyrirvara eða mótmæli af hálfu félagsins varðandi þær viðræður né er slíku haldið fram af hálfu þess. OHF hefur því a.m.k. tekið þátt í ólögmætum samstilltum aðgerðum að þessu leyti og hefur enga þýðingu varðandi það brot hvort samráðið hafi í raun haft skaðleg áhrif á samkeppni.

### 7.3. Atvik á árinu 1999

Eins og áður sagði óskaði forstjóri Olís eftir því þann 19. janúar 1999 að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda myndi gera honum grein fyrir því hvaða verðhækkun á smurolíu væri fyrirhuguð. Að morgni 20. janúar 1999 sendi deildarstjóri skipaþjónustu hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjórans og gerði honum grein fyrir samtölum sínum við OHF og Skeljung um verðhækkun á smurolíu.<sup>1684</sup> Haft er eftir Skeljungu að fyrirtækið hafi hækkað smurolíur á bensínstöðvum um 10–11% í desember 1998 og síðan segir: „*Aðrar hækkanir hafa ekki komið til framkvæmda enn sem þýðir að ekki hefur verið hækkað til smurstöðva. Samkv. uppl. frá Lúðvík*<sup>1685</sup> *stendur til að hækka aðra olíu fljótlega.*“ Haft er eftir OHF að félagið hafi hækkað tiltekna smurolíu á bensínstöðvum og sagt að OHF muni senda nýjan lista yfir smurolíuverð. Síðar sama dag svaraði framkvæmdastjórinn forstjóra Olís og gerði honum grein fyrir verðhækkunum í desember 1998 „*og við reiknum með að ná öðrum 5% á árinu.*“<sup>1686</sup> Ljóst er samkvæmt þessu að Olís hefur haft samband við keppinauta sína og kannað hug þeirra til verðhækkana á smurolíu á árinu 1999. Á grundvelli svara þeirra hefur framkvæmdastjórinn hjá Olís talið sig geta náð fram frekari verðhækkun á smurolíu. Verður þetta ekki skilið öðruvísi en að Olís hafi með þessum samtölum við keppinauta sína verið að fullvissa sig um að samkomulagið frá október/nóvember 1998 yrði efnt.

Í lok árs 1998 lá fyrir að heimild laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald yrði nýtt til að leggja gjald á olíuvörur sem geta orðið að spilliefnum. Þetta málefni var rætt á fundi

<sup>1684</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 20.1.1999 kl. 10:14.

<sup>1685</sup> Lúðvík Björgvinsson forstöðumaður á markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>1686</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, dags. 20.1.1999 kl. 16:28.



olíufélaganna 11. nóvember 1998 og kemur fram í framangreindri fundargerð Skeljungs að ljóst sé að þetta gjald muni fara beint út í verðlag smurolíu. Þrátt fyrir þetta höfðu tilteknir starfsmenn Skeljungs áhyggjur af því í febrúar 1999 að mál þetta væri ekki nægjanlega undirbúið. Þann 10. febrúar 1999 kemur fram í tölvupósti innan fyrirtækisins að spilliefnagjald leggist á smurolíu í mars og gjaldið verði 10 kr./kg.<sup>1687</sup> Var talið að undirbúningi væri áfátt m.a. varðandi nauðsynlega hækkun á smurolíu. Í tölvupósti aðstoðarforstjóra Skeljungs til forstjóra félagsins daginn eftir kemur fram að Skeljungur sé að falla á tíma og aðstoðarforstjórinn telji „að við höfum ekki sinnt þessu máli sem skyldi, sérstaklega varðandi samskiptin við Olís/Esso.“<sup>1688</sup>

Í kjölfar þessa sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til starfsbræðra sinna hjá Olís og OHF þann 16. febrúar 1999. Þar segir hann frá fyrirhuguðu gjaldi og að hans mati eigi það að fara inn í verðlagið. Jafnframt eigi svör olíufélaganna við spurningum viðskiptavina vegna gjaldsins að vera „einsleit“. Stingur framkvæmdastjórinn upp á fundi og er fundartími ákveðinn nokkrum dögum síðar.<sup>1689</sup> Samkeppnisráð telur að á þessum fundi hafi olíufélögin áréttað fyrri ákvarðanir sínar um hækkun á verði smurolíu og að félögin myndu sammælast um að setja spilliefnagjaldið út í verðlagið.

Þetta kemur skýrt fram í tölvupóstum frá Skeljungu sem sendir voru 15. mars 1999 en þann dag tók ný reglugerð um spilliefnagjald gildi. Í tölvupóstunum er fjallað um gjaldið og forstjóri Skeljungs spyr hvort það sé ekki alveg öruggt að bóúið sé að gera viðeigandi ráðstafanir til að hækka smurolíuna. Í svari umrædds framkvæmdastjóra, sem sat fundinn með Olís og OHF um spilliefnagjald í febrúar 1999, segir m.a. þetta: „Það liggur fyrir að þetta gjald fer beint út í verðlagið (sama hjá hinum félögunum)“. Aðstoðarforstjóri Skeljungs vildi ganga lengra og spyr hvort ekki væri „ráð að reyna að lyfta framlegðinni eitthvað í leiðinni. Legg til að tækifærið verði notað og nógildandi verðskrá endurskoðuð.“<sup>1690</sup> Sömu vísbendingar er að finna í gögnum frá Olís. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís segir þannig að olíufélögin séu á einu máli um að nefnt gjald eigi að „fara inn í verðið til viðskiptavinarins.“<sup>1691</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið dragi ekki dul á það að olíufélögin hafi rætt um og orðið sammála um að gjald þetta myndi fara beint út í verðlagið.

---

<sup>1687</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Ólafi Jónssyni til Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 10.2.1999 kl. 14:24.

<sup>1688</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Kristins Björnssonar, dags. 11.2.1999 kl. 10:40.

<sup>1689</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Friðriks Þ. Stefánssonar, Jóns Halldórssonar og Ragnars Bogasonar, dags. 16.2.1999 kl. 9:22, 11:27, 14:13, 14:23 og 15:36.

<sup>1690</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu: Tölvupóstur milli m.a. Ólafs Jónssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar, Kristins Björnssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 15.3.1999 kl. 12:04, 12:55, 13:36 og 13:52.

<sup>1691</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til m.a. Ingólfs Kristmundssonar, dags. 24.3.1999 kl. 17:33.

Tölvupóstar milli starfsmanna OHF sem sendir voru 3. desember 1998 og 15. mars 1999 hafa hér einnig þýðingu. Þann 3. desember 1998 sendi sérfræðingur OHF í smurolíu tölvupóst til m.a. framkvæmdastjórnar OHF. Í tölvupóstinum er greint frá því að Olís sé að bjóða smurolíu til kaupskipaútgerðar á lágu verði. Sölustjóri stórnotendasviðs svaraði og taldi fulla ástæðu „*til að spyrja Olís að því hvort þeir ætli að hafa frumkvæði að því að hleypa upp smurolíumarkaðnum til skipa hér?*“. Forstjóri OHF svarar þessu sama dag og segist ætla að ræða við forstjóra Olís daginn eftir.<sup>1692</sup> Þann 15. mars 1999 sendi umræddur sérfræðingur annan tölvupóst út af lágverðstilboði Olís á smurolíu til kaupskipaútgerðar. Í honum segir m.a.:

*„Ég gerði fyrirspurn um þetta í haust og GM ætlaði að minnast á þetta við forstjóra Olís. Það skýtur því nokkuð skökku við ef Olís er nú að sögn sólgíð í verðhækkun á smurolíum, en treystir sér í svona verðstríð. Nema þeir þurfi hærrí almenna álagningu til þess að dekkja svona skæruhernað.“*<sup>1693</sup>

Þann 19. mars 1999 er sagt frá því innan Skeljungs að OHF sé „*ekki búíð*“ að hækka hjá sér verð á smurolíum fyrir skip.<sup>1694</sup> Síðar í sama mánuði eða 29. mars 1999 hafði vörustjóri OHF í smurolíu samband við Olís og Skeljung og spurðist fyrir um það hvort félögin væru búin að taka ákvörðun um hækkun á smurolíu. Skeljungur gaf þau svör að fyrirtækið ætlaði að hækka verðlistaverð sitt og verið væri að skoða það að breyta afsláttum. Olís upplýsti að fyrirtækið væri ekki búíð að ákveða sig og teldi „*erfitt að hreyfa sig í aðaltegundunum vegna verðanna hjá Esso.*“<sup>1695</sup> Frekari samræður hafa síðan átt sér stað milli félaganna í apríl 1999. Umræddur vörustjóri sendi þannig 12. apríl tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá OHF og sölustjóra á stórnotendasviði. Efni póstsins er verðhækkun á smurolíu og spilliefnagjald og í honum segir m.a. þetta:

*„Ég hef hlerað kunningja okkar hjá Skeljungu og Olís varðandi þessi mál. Það er ljóst að Olíufélagið er með lægri verð en hin olíufélögin og að þau muni ekki hækka umfram spilliefnagjaldið, nema að Olíufélagið ríði á vaðið. Á sama tíma vilja menn vera varkárir gagnvart útgerðinni. Ég legg til að við hækkuum útgerðarolíur um 2 kr. kg. (á söluverð) umfram spilliefnagjaldið og bilaolíur 5% umfram spilliefnagjaldið. Þetta mun tryggja okkur ca.*

---

<sup>1692</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Herberts Herbertssonar, Geirs Magnússonar og Kristjáns Kristinssonar, dags. 3.12.1998 kl. 12:05, 16:05 og 16:07.

<sup>1693</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Herberti Herbertssyni til m.a. Geirs Magnússonar og Kristjáns Kristinssonar, Ragnars Bogasonar, Heimis Sigurðssonar Þórarins Þórarinssonar, dags. 15.3.1999 kl. 13:27.

<sup>1694</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Ólafi Baldurssyni til Friðriks Stefánssonar, Þorsteins Péturssonar og Lúðvíks Björgvinssonar, dags. 19.3.1999 kl. 16:09.

<sup>1695</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórami Þórarinssyni til Magnúsar Ásgeirssonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 29.3.1999 kl. 10:34.

*8.000.000 í aukinni framlegð, tryggja það áætlaðri framlegð 1999 verði náð, án þess að skerða samkeppnisstöðu okkar og einfalt í framkvæmd.*<sup>1696</sup>

Einnig er gerð sú tillaga að afslættir verði endurskoðaðir, líkt og Skeljungur áformaði. Þessi tillaga vörustjórans og samskipti við hin félögin voru rædd síðar sama dag á fundi á stórnotendasviði hjá OHF og samþykkt að mæla með henni.<sup>1697</sup> Daginn eftir greindi sölustjórinn á stórnotendasviði hjá OHF frá þessu í tölvupósti og kemur fram að hans svið gæti samþykkt þessa hækkun og bætti hann við þessu:

*„en förum fram á það að í eitt skipti verði hin félögin látin hafa frumkvæðið í þessum efnum. Við höfum fyrir því reynt að við ríðum á vaðið en hinir sitja eftir á bakkanum og láta sem ekkert sé. Ef það er rétt að hin félögin séu ólm og uppveg að hækka þá eiga þau að láta verða af því [og] ekki ætlast til þess að við drögum vagninn fyrir þau.*<sup>1698</sup>

Fjallað er einnig um þetta málefni innan Olís á þessum tíma. Þann 14. mars 1999 sendi deildarstjóri hjá fyrirtækinu tölvupóst til annars starfsmanns þar sem sagt er frá spilliefnagjaldinu og ákveðið hafi verið „að nota sjensinn“ og hækka verð á smurolíu umfram spilliefnagjaldið.<sup>1699</sup>

Þann 20. apríl 1999 hækkaði Skeljungur verð á smurolíu. Þann sama dag var búið að taka ákvörðun um verðhækkun hjá Olís en verðhækkunin tók gildi daginn eftir eða 21. apríl 1999.<sup>1700</sup> Hækkun OHF á smurolíu tók gildi 15. maí 1999 en tölvupóstur innan fyrirtækisins frá 20. apríl s.á. sýnir að þann dag hafi fyrirtækið verið búið að ákveða hækkun.<sup>1701</sup> Öll félögin hækkuðu smurolíuna umfram spilliefnagjaldið og var sú hækkun mismunandi eftir tegundum. Þann 4. maí 1999 var sendur tölvupóstur innan Skeljungs þar sem óskað var eftir því að Olís og OHF yrði sendur nýr smurolíuverðlisti.<sup>1702</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt vörustjóra smurolíu hjá OHF um framangreinda samvinnu olíufélaganna. Hann hefur staðfest að „olíufélögin hefðu haft með sér samráð um verðbreytingar á smurolíu vorið 1999 í tengslum við upptöku

<sup>1696</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórarinssyni til m.a. Heimis Sigurðssonar, Ragnars Bogasonar og Kristjáns Kristinssonar, dags. 12.4.1999 kl. 12:34.

<sup>1697</sup> Minnispunktar frá fundi stórnotendasviðs haldinn kl. 15:30 12.4.1999 (Hs. nr. 1916).

<sup>1698</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Heimis Sigurðssonar, Ragnars Bogasonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 13.4.1999 kl. 10:18.

<sup>1699</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Valdimars Braga Bragassonar, Jóns Halldórssonar og Kristins Leifssonar, dags. 14.4.1999 kl. 13:05.

<sup>1700</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Valdimars Braga Bragasonar, Ingólfs Kristmundssonar, dags. 20.4.1999 kl. 9:44 og 10:10.

<sup>1701</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Þórarins Þórarinssonar, Kristjáns Kristinssonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 20.4.1999 kl. 8:30 og 8:55.

<sup>1702</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Lúðvík Björgvinssyni til Ólafs Baldurssonar, dags. 4.5.1999 kl. 13:44.

*spilliefnagjalds*.<sup>1703</sup> Niðurstaða OHF hafi þó orðið sú að félagið hafi tekið sjálfstæða ákvörðun og ákveðið að hækka smurolíuverð til útgerða um 2 kr. pr. kg umfram spilliefnagjaldið og aðra smurolíu um 5% umfram spilliefnagjaldið. Um mitt ár 1998 tók til starfa hjá OHF nýr framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda. Samkeppnisstofnun hefur spurt hann um gögn frá árinu 1998 og 1999 sem tengjast samvinnu olíufélaganna á þessu sviði. Framkvæmdastjórinn kveðst ekki hafa tekið þátt í því að ræða við hin olíufélögin um smurolíu. Að mati samkeppnisráðs er þetta ekki trúverðugt m.a. í ljósi fundarins sem framkvæmdastjórinn átti með Skeljungu og Olís í febrúar 1999, sbr. umfjöllun hér að framan. Hins vegar segir framkvæmdastjórinn að stjórnendur hjá OHF hafi vitað af vilja hinna olíufélaganna til að hækka smurolíuverð og sú vitneskja hafi m.a. komið til vegna samtala við starfsmenn hinna olíufélaganna.<sup>1704</sup>

Í athugasemdum OHF er eins áður sagði viðurkennt að samráð hafi verið milli olíufélaganna varðandi verðhækkun í tengslum við spilliefnagjaldið. Hins vegar hafi sú niðurstaða verið nánast sjálfgefin að þetta gjald myndi fara beint út í verðlagið. Það sé í raun málinu óviðkomandi hvort félögin hafi rætt þetta eða ekki. OHF mótmælir því að samráð hafi verið milli félaganna varðandi hækkun umfram þetta gjald. Verðbreytingar félaganna hafi verið mismunandi og ekki samdægurs.

Að mati samkeppnisráðs sýna framangreind gögn að olíufélögin hafi ákveðið sameiginlega að hækka smurolíuverð vorið 1999 og framkvæmdu þá ákvörðun sína. Er alveg ljóst af gögnunum að það samráð tók til verðbreytinganna í heild sinni. Þann 20. apríl 1999 voru öll félögin búinn að ákveða þessa hækkun en OHF lét þá hækkun ekki taka gildi fyrr en 15. maí 1999. Er ljóst að sú ósk OHF um hin félögin myndu í „*eitt skipti*“ hækka verð á undan var samþykkt og framkvæmd. Sjónarmið OHF um hvað kunni að hafa gerst ef félögin hefðu ekki haft þetta samráð hafa hér enga þýðingu. Þar fyrir utan er með engu móti unnt að fallast á það með OHF að sjálfgefið sé að umrætt gjald hefði farið beint út í verðlagið ef lögmál frjálsrar samkeppni hefðu gilt.

#### 7.4. Atvik á árinu 2000

Gögn málsins sýna áframhaldandi samstarf olíufélaganna varðandi smurolíu í upphafi árs 2000. Innan Skeljungs var þann 10. janúar 2000 greint frá væntanlegri samkeppni í smurolíusölu frá nýjum keppinauti sem hugðist selja olíur frá Irving Oil. Fram kemur af hálfu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta að hann hafi verið búinn að fréttu af þessu og komist að því að Olís og OHF vissu þetta einnig.<sup>1705</sup> Síðar í

<sup>1703</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bílavörum, dags. 2.4.2003.

<sup>1704</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1705</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Tölvupóstur milli Sigurðar Kr. Sigurðssonar, Margrétar Guðmundsdóttur, Friðriks Stefánssonar og Kristins Björnssonar, dags. 10.1.2000 kl. 03:05 og 15:11.

janúarmánuði ræddu stjórnendur OHF um nauðsyn þess að ráðast aftur í verðhækkun á smurolíu og í tölvupósti innanhúss er sagt frá því að forstjóri félagsins óski eftir fundi um málið.<sup>1706</sup> Þann 25. janúar 2000 birtist frétt í Morgunblaðinu þar sem sagt var frá því að fyrirtækið Austnes hygðist í samstarfi við Irving Oil í Kanada hefja sölu á smurolíum hér á landi. Sama dag sendi sölustjóri á stórnotendasviði OHF tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og hvatti til þess að fyrirhugaðri verðhækkun á smurolíu verði frestað þar til í ljós kæmi hvernig verðlagningu frá þessum nýja aðila verði háttáð.<sup>1707</sup> Síðar sama dag var haldinn fundur á stórnotendasviði og bókað að smurolíuverðbreyting væri sett í biðstöðu og jafnframt var gerð athugasemd við framgöngu forstjóra Skeljungu og kvartað yfir því að hann „*magni*“ heldur upp málið með svörum sínum í fjölmiðlum varðandi Irving Oil og Austnes.<sup>1708</sup> Í febrúar 2000 er í tölvupósti frá OHF greint frá tilraunum félagsins til þess að fá upplýsingar frá Olís og Skeljungi um smurolíusölu félaganna.<sup>1709</sup>

Um miðjan maí fóru aftur fram umræður innan OHF um verð á smurolíu. Fram kom af hálfu vörustjóra í smurolíu að framlegð hefði farið lakkandi og sé það trúlega vegna afsláttar.<sup>1710</sup> Hann greindi einnig frá því að Skeljungur og Olís ættu von á erlendum hækkunum á smurolíu og telur rétt að OHF fari að skoða sín mál í þeim efnum, eins og það er orðað. Þann 25. mars 2000 var síðan haldinn fundur um smurolíuverð innan OHF. Í fundargerð vörustjórans er aftur vitnað til þess að Skeljungur og Olís ættu von á erlendum hækkunum og greint frá því að á fundinum hafi verið ákveðið að hækka verð á smurolíu.<sup>1711</sup> Sýna þessi gögn fram á umræður milli félaganna um smurolíuverð á þessum tíma.

Þann 31. maí 2000 sendi deildarstjóri hjá Olís eftirfarandi tölvupóst um verðhækkun smurolíu til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá fyrirtækinu:

*„Hef fengið staðfest frá Esso að þeir muni hækka allan listann um allt að 9%. Þurfum að fylgjast með framgangi þessa máls.“<sup>1712</sup>*

Daginn eftir hækkaði OHF verð á smurolíu. Olís hækkaði síðan smurolíuverð þann 4. júlí 2000.

<sup>1706</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Heimis Sigurðssonar, Ragnars Bogasonar og Herberts Herbertssonar, dags. 18.1.2000 kl. 18:46 og 19.1.2000 kl. 11:23.

<sup>1707</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar, dags. 25.1.2000 kl. 8:19.

<sup>1708</sup> Minnispunktar vegna fundar stórnotendasviðs OHF, dags. 25.1.2000 (Hs. nr. 1916).

<sup>1709</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Sigurgeiri Þorkelssyni til Bjarna Bjarnasonar, dags. 10.2.2000 kl. 13:36.

<sup>1710</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórami Þórarinssyni til m.a. Heimis Sigurðssonar, Ragnars Bogasonar og Kristjáns Kristinssonar, dags. 15.5.2000 kl. 11:06.

<sup>1711</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórami Þórarinssyni til m.a. framkvæmdastjórnar OHF og Kristjáns Kristinssonar, dags. 25.5.2000 kl. 13:25.

<sup>1712</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar og Kristins Leifssonar, dags. 31.5.2000 kl. 9:49.

Í byrjun ágúst 2000 sendi forstöðumaður á markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til vörustjóra smurolíu hjá OHF og óskaði eftir eintaki af smurolíuverðlista OHF.<sup>1713</sup> Vörustjórinn svaraði og kvaðst vera búinn að senda listann. Nokkrum dögum seinna eða 15. ágúst 2000 átti sér aftur stað umræða innan OHF um smurolíuverð. Í upphafi tölvupósts sérfræðings fyrirtækisins í smurolíu segir:

*„Það væri fróðlegt að fá að sjá smurolíuverðlista frá keppinautum okkar eftir síðustu verðhækkun, sem mér skilst að þeir hafi verið mjög áfram um að yrði.“<sup>1714</sup>*

Vörustjórinn í smurolíu svaraði þessum tölvupósti daginn eftir og greindi frá því að von væri á verðhækkun á smurolíu frá Skeljungu.<sup>1715</sup> Það gekk eftir. Þannig er í tölvupósti frá Skeljungu sem sendur var 5. september 2000 greint frá 7–10% hækkun á ýmsum tegundum smurolíu.<sup>1716</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt vörustjóran um þessi gögn frá OHF. Í skýrslu hans segir að olíufélögin hafi rætt sín á milli um verðbreytingarþörf á smurolíu og veitt upplýsingar um fyrirætlanir sínar í þeim efnum. Engar sameiginlegar ákvarðanir um verðhækkun hafi hins vegar verið teknar.<sup>1717</sup> Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fjallað um hækkun á smurolíuverði í júlí og september 2000. OHF staðfestir að olíufélögin hafi rætt sín á milli um verðbreytingarþörf á smurolíu og veitt upplýsingar um fyrirætlanir félaganna í þeim efnum. Einnig er áréttað að engar sameiginlegar ákvarðanir hafi verið teknar um þetta. OHF leggi áherslu á að sú staðreynd að olíufélögin hafi getað nálgast verðlista hvert hjá öðru sé engin vísbending um samstarf. Slíkir listar séu opinberir og ástæðulaust að koma í veg fyrir að keppinautar geti nálgast þá.

Þegar framangreind gögn eru virt er ljóst að fram til september 2000 hafa olíufélögin rætt saman um verð á smurolíu og veitt hvert öðru upplýsingar um fyrirætlanir sínar í þeim efnum. Slíkar aðgerðir keppinauta eru kjarni þess sem telst vera ólögmætar samstilltar aðgerðir um verð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun í kafla III hér að framan. Er því ekki þörf á því að taka afstöðu til þess hvort í þessu samráði hafi einnig falist ólögmætur samningur í skilningi ákvæðisins. Þetta ákvæði samkeppnislaga gerir engan greinarmun á því hvort brot birtist í annarri hvorri mynd

---

<sup>1713</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Lúðvíks Björgvinssonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 8.8.2000 kl. 14:56 og 15:26.

<sup>1714</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Herberti Herbertssyni til m.a. Ragnars Bogasonar, Þórarins Þórarinssonar, Kristjáns Kristinssonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 15.8.2000 kl. 17:09.

<sup>1715</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þóarni Þórarinssyni, dags. 16.8.2000 kl. 8:57.

<sup>1716</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Ingva Ingvasyni, dags. 5.9.2000 kl. 11:14.

<sup>1717</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bílavörum, dags. 2.4.2003.

þessa ólögsmæta samráðs. Samkeppnisráð telur augljóst að upplýsingaskipti milli olíufélaganna um verð sín á smurolíu tengdist þessu samráði þeirra. Í því samhengi skiptir engu máli að lögum hvort upplýsingarnar hafi verið þekktar á markaðnum eða ekki þar sem samvinna af þessum toga auðveldar og styður verðsamráð viðkomandi fyrirtækja.<sup>1718</sup> Samkeppnisráð telur að framangreind gögn frá árinu 2000 bendi eindregið til þess að þetta samráð olíufélaganna hafi tengst og verið ætlað að hafa áhrif á verðbreytingar félaganna á smurolíu sem urðu í júní, júlí og september 2000.

Í lok september 2000 sendi vörustjóri OHF tölvupóst til deildarstjóra hjá Olís og óskaði eftir nýjustu útgáfu að smurolíuverðlista Olís. Fékk hann listann sendan um hæl.<sup>1719</sup> Í október 2000 voru frekari samskipti félaganna vegna smurolíu. Á þessum tíma stóð yfir undirbúningur hjá Heklu hf. að byggingu nýrrar þjónustustöðvar fyrir bifreiðar í Sundahöfn. Hafði Hekla snúið sér til olíufélaganna og óskað eftir því að hvert félag tæki þátt í kostnaði við þessa stöð gegn því að smurolía þeirra yrði seld á stöðinni. Það yrði síðan viðskiptavinarins að velja hvaða smurolíu hann vildi. Þann 25. október 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til sölustjóra á stórnotendasviði hjá OHF og framkvæmdastjóra stórnotendasviðs hjá Olís. Í honum spyr hann hvort hin félögin hafi tekið afstöðu til óskar Heklu. Olís svaraði og sagðist ekki vera búin að taka afstöðu til þessa. Í svari OHF er hins vegar lýst með nákvæmum hætti hvaða rök OHF myndi nota til að hafna þessari ósk Heklu.<sup>1720</sup> Þessi samskipti varða ekki með beinum hætti verðlagningu smurolíu en þau sýna áframhaldandi náin samstarf olíufélaganna á þessu sviði viðskipta.

Þann 31. október 2000 sendi forstöðumaður á markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til annars forstöðumanns á sama sviði hjá fyrirtækinu. Tölvupósturinn hljóðar svo:

*„Sæll.*

*Ingólfur<sup>1721</sup> hafði samband áðan og spurði hvort ekki væri í lagi að hann og Þórarinn<sup>1722</sup> frá Esso kæmu við hjá okkur um kl. 11.00 á morgun, eða eftir fund hjá Gasfélaginu sem haldinn verður hér á morgun. Þeir vilja ræða við okkur um smurolíuverðshækkun, óformlega.“*

<sup>1718</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v. Commission* [2000] ECR II-491.

<sup>1719</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórarinssyni til Ingólfs Kristmundssonar, dags. 21.9.2000 kl. 14:19.

<sup>1720</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Friðriks Stefánssonar, Jóns Halldórssonar og Kristjáns Kristinssonar, dags. 25.10.2000 kl. 11:42, 12:17 og 12:48.

<sup>1721</sup> Ingólfur Kristmundsson, deildarstjóri hjá Olís.

<sup>1722</sup> Þórarinn Þórarinsson vörustjóri smurolíu hjá OHF.

Hinn forstöðumaðurinn svarar og segist verða við.<sup>1723</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt vörustjórann hjá OHF um þennan fund 1. nóvember 2000. Hann hefur staðfest að hann hafi verið haldinn og greint frá því að hann hafi tekið þátt í honum að beiðni framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF. Á fundinum hafi verið rætt „fram og til baka um verðhækkunir í smurolíu“. Að sögn vörustjórans hafi hins vegar engar ákvarðanir verið teknar um verðhækkunir á smurolíu á fundinum.<sup>1724</sup>

Þremur dögum eftir þennan fund olíufélaganna 1. nóvember 2000 um verðhækkun á smurolíu tók fulltrúi Olís á þessum fundi saman skjal um smurolíu fyrir yfirmenn sína. Í skjalinu er m.a. greint frá því að ákveðið hafi verið að hækka útsöluverð á tiltekinni smurolíu um 15% sem framkvæmd yrði í tveimur skrefum. Einnig að ákveðið hafi verið að hækka smurolíu á árinu 2001. Sendi hann yfirmönnum sínum skjalið 8. nóvember 2000.<sup>1725</sup>

Þann 13. nóvember 2000 sendi annar fulltrúi Skeljungs á umræddum fundi olíufélaganna tölvupóst til starfsfélaga síns hjá Skeljungu og sagði honum að hringja í þann starfsmann Olís sem hafi setið fundinn.<sup>1726</sup> Þann 15. nóvember 2000 hækkaði Olís smurolíu um 9%. Síðar í sama mánuði sendi umræddur starfsmaður Olís tölvupóst til þess starfsmanns OHF sem setið hafði smurolíufundinn 1. nóvember 2000 (vörustjóri smurolíu) og óskaði eftir verðlista yfir smurolíu.<sup>1727</sup> Þann 13. desember s.á. hitti vörustjóri smurolíu hjá OHF nefnda starfsmenn Olís og Skeljungs á fundi hjá Olís.<sup>1728</sup> Skeljungur hækkaði smurolíur sínar 15. desember 2000. Samkvæmt dagbók vörustjórans hjá OHF átti hann fund um verðhækkun á smurolíu 17. desember 2000. Í dagbók nefnds fulltrúa Skeljungs á fundi olíufélaganna 1. nóvember 2000, er bókuð færsla 19. desember 2000 sem gefur til kynna samtál eða fund um smurolíu með umræddum vörustjóra OHF.<sup>1729</sup> Aðspurður um fundina 17. og 19. desember 2000 kveðst vörustjórinn hjá OHF ekki muna eftir þessu.<sup>1730</sup> Samkeppnisstofnun hefur einnig spurt vörustjórann hvort hann teldi vera tengsl milli fundar olíufélaganna 1. nóvember 2000 og verðhækkana Olís og Skeljungs í nóvember og desember s.á. Vörustjórinn kvaðst ekkert vita um þetta.

---

<sup>1723</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Þorsteins Péturssonar og Lúðvíks Björgvinssonar, dags. 31.10.2000 kl. 14:59 og 15:19.

<sup>1724</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bílavörum, dags. 2.4.2003.

<sup>1725</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til m.a. Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 8.11.2000 kl. 16:42. Afritað tölvuskjal frá Olís. Word skjal Ingólfs Kristmundssonar „Skýringar við söluáætlun á smurolíu fyrir 2001“, dags. 4.11.2000.

<sup>1726</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Þorsteini Péturssyni til Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 13.11.2000 kl. 10:12.

<sup>1727</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Þórarins Þórarinssonar, dags. 29.11.2000 kl. 9:17.

<sup>1728</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Færsla í tölvudagbók Þórarins Þórarinssonar, dags. 13.12.2000.

<sup>1729</sup> Dagbók Þorsteins Péturssonar, færsla dags. 19.12.2000 (Hs. nr. 8805)

<sup>1730</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bílavöru, dags. 2.4.2003.



Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að þann 31. október 2000 hafi olíufélögin rætt fram og til baka um verðhækkunir á smurolíu án þess að neinar ákvarðanir hafi verið teknar. Hafi olíufélögin snúið af fundinum jafn litlu nær um fyrirætlanir keppinauta og fyrir fundinn. OHF mótmælir því að hafa haft samráð við Olís og Skeljung um verðhækkun þeirra í nóvember og desember 2000.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að Olís og OHF óskuðu þann 31. október 2000 eftir fundi með Skeljungi í því skyni að ræða um verðhækkun á smurolíu. Fundurinn var haldinn og hefur OHF upplýst að á honum hafi olíufélögin rætt fram og til baka um verðhækkun á þessari vöru. Hvergi kemur fram í gögnum málsins að nokkurt olíufélaganna hafi mótmælt þessum umræðum heldur benda gögnin þvert á móti til þess að félögin hafi gengið viljug til þessara viðræðna. Þessi fundur hafði þannig að markmiði að raska samkeppni og þátttaka olíufélaganna í honum og umræðum um verðhækkun á smurolíu fela í sér ólögsmætar samstilltar aðgerðir um verð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.<sup>1731</sup> Ekki skiptir máli varðandi þetta brot hvort olíufélögin náðu á fundinum samningi um verðhækkun.<sup>1732</sup>

Premur dögum eftir fund olíufélaganna 1. nóvember 2000 greindi fulltrúi Olís yfirmönnum sínum frá því að ákveðið hefði verið að hækka smurolíuverð bæði á árinu 2000 og 2001. Í skjali þessa starfsmanns Olís eru engir fyrirvarar settir fram um að viðbrögð keppinautanna kunni að setja strik í reikninginn varðandi framkvæmd á þessum „ákvörðunum“ eða að Skeljungur og OHF hafi aðra sýn á þessum málum. Það er mjög ósennilegt að efnistöð í skjalinu hefðu verið með sama hætti ef fundurinn 1. nóvember 2000 hefði endað með óvissu olíufélaganna um áætlanir hvers annars í verðlagsmálum smurolíu, eins og OHF heldur fram. Í ljósi efnis þessa skjals og hversu skammur tími leið frá fundi olíufélaganna um smurolíuverð og þar til það var samið telur samkeppnisráð að þessi ákvörðun um verðhækkun á smurolíu byggji á umræðum olíufélaganna á umræddum fundi. Tveimur dögum fyrir verðhækkun Olís á smurolíu í nóvember 2000 voru samskipti milli Olís og Skeljungs og síðar í sama mánuði óskaði Olís eftir upplýsingum um verð OHF á smurolíu. Tveimur dögum fyrir verðhækkun Skeljungs á smurolíu í desember 2000 hittust félögin þrjú á fundi og fulltrúi OHF hefur ekki getað skýrt fundi eða samtöl um smurolíu í desember 2000. Þegar allt þetta er virt telur samkeppnisráð að framangreind gögn frá árinu 2000 bendi eindregið til þess að þessi samskipti olíufélaganna tengist og hafi verið ætlað að hafa áhrif á verðbreytingar Olís og Skeljungs á smurolíu sem urðu í nóvember og desember 2000.

---

<sup>1731</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-7/89 *Hercules Chemicals v Commission* [1991] ECR II-1711.

<sup>1732</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/94 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CMLR 303.

### 7.5. Atvik á árinu 2001

Á árinu 2001 áttu sér stað frekari samskipti milli olúfélaganna varðandi verð á smurolíu. Þannig sendi forstöðumaður á stórnotendasviði hjá Skeljungu tölvupóst 1. febrúar 2001 til vörustjórans í smurolíu hjá OHF og bað hann um að senda sér smurolíuverðlista og dagbækur og spurði jafnframt hvort vörustjórinn væri búinn að gleyma honum.<sup>1733</sup>

OHF hækkaði smurolíuverð verulega mikið þann 25. mars 2001, eða almennt á bilinu 20–50%. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að þessa ákvörðun hafi OHF tekið sjálfstætt og án samráðs við keppinautanna. Samkeppnisráð tekur fram að engin gögn hafa fundist í málinu sem sýna samskipti OHF við hin félögin vegna þessarar verðbreytingar. Þegar hins vegar er litið til fundar olúfélaganna 1. nóvember 2000, skjals Olís sem ritað var nokkrum dögum eftir fundinn og samskipta olúfélaganna og verðhækkana Olís og Skeljungs á smurolíuverði verður að telja að á fundinum 1. nóvember 2000 hafi verið lagðar línur um verðhækkunir á smurolíu. Telja verður að þessi hækkun OHF hafi því átt sér stoð í þessu samráði olúfélaganna. Það samráð um verð á smurolíu sem síðar varð á árinu 2001 styður þetta. Engin gögn í málinu skýra hvers vegna OHF hækkaði seinna en hin félögin. OHF kann að hafa haft einhverjar viðskiptalegar ástæður fyrir því eða óskað þess gagnvart Olís og Skeljungu að þau félög myndu hækka fyrst, eins og félagið gerði á árinu 1999. Ekki er hins vegar þörf á því að úrskurða um þetta þar sem gögn málsins leiða óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu að þessi verðhækkun hafi átt rót sína að rekja til samráðsins á árinu 2000.

Í maí 2001 hófust á ný umræður hjá olúfélögunum um verðhækkun á smurolíu. Í byrjun mánaðarins sendi deildastjóri skipaþjónustudeildar hjá Olís tölvupóst til forstöðumanns innkaupadeildar og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu. Í tölvupóstinum færir deildarstjórinn rök fyrir því að hækka þurfi verð á smurolíu sem fyrst. Vísað var til ákvörðunar frá nóvember 2000 um að hækka verð á á árinu 2001 og gerð grein fyrir gengisbreytingum og hækkun á innkaupsverði. Innkaupastjórinn svaraði með þessum hætti:

*„Er eftir nokkru að bíða, hin olúfélögin eru í sömu vandamálum með gengið. Mér skilst á IK<sup>1734</sup> að Shell eigi von á 10% hækkun að utan líka.“*

Deildarstjórinn svaraði með þessum hætti daginn eftir:

*„Samkv. uppl. frá Skeljungu er innkaupsverð þeirra að hækka um 11% vegna breytinga á gjaldmiðli úr sænskum krónum í evrur.“<sup>1735</sup>*

<sup>1733</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Lúðvík Björgvinsyni til Þórarins Þórarinssonar, dags. 1.2.2001 kl. 10:36.

<sup>1734</sup> Ingólfur Kristmundsson deildarstjóri skipaþjónustu hjá Olís.

Eins og fram hefur komið var þessi deildarstjóri skipaþjónustudeildar hjá Olís fulltrúi félagsins á fundi olíufélaganna 1. nóvember 2000 um verðhækkun á smurolíu.

OHF hækkaði verð á smurolíu 14. maí 2001 um 12%.<sup>1736</sup> Að morgni þess dags sendi innkaupastjórinn hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda.<sup>1737</sup> Var tölvupósturinn sendur í nafni hans og deildarstjóra skipaþjónustudeildar Olís. Tölvupósturinn fjallar um verðhækkun á smurolíu og í upphafi hans segir að „*Esso hefur nú þegar*“ hækkað smurolíu um 11% en nokkrar tegundir hækki meira. Er í póstinum gerð sú tillaga að félagið hækki smurolíu um 15% og framkvæmdastjórinn segist styðja þessa tillögu. Daginn eftir eða 15. maí 2001 tilkynnti Skeljungur um 11–12% hækkun á smurolíu.<sup>1738</sup> Þremur dögum seinna sendi deildarstjóri skipaþjónustudeildar hjá Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og greindi frá samtali sínu við forstöðumann hjá markaðssviði stórviðskipta hjá Skeljungi en hann hafði verið annar fulltrúi Skeljungs á fundi olíufélaganna 1. nóvember 2000. Samkvæmt tölvupóstinum hefur forstöðumaðurinn gert grein fyrir verðbreytingum Skeljungs á smurolíuverði. Forstöðumaðurinn hjá Skeljungi hafi hins vegar ekki haft tíma til að prenta út verðlista. Deildarstjórinn hjá Olís spurði í tölvupóstinum hvort bíða eigi eftir þessum verðlista frá Skeljungi eða hækka strax. Innkaupastjórinn hjá Olís svaraði og sagði að fyrirtækið hafi verið búíð að „*fá staðfestingu á hækkunum hjá Esso*“ og lagði til að hækkað yrði strax.<sup>1739</sup> Það var hins vegar ekki gert fyrr en 25. maí 2001.

Að morgni 25. maí 2001 sendi deildarstjóri skipaþjónustudeildar hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda:

*„Þórarinn<sup>1740</sup> segist enga verðhækkun hafa fengið frá birgja þetta sé bara gengislagfæring????*

*Lúlli<sup>1741</sup> segir erl. hækkun þeirra sé 10–18% þar sé innifalið nokkur hækkun vegna breytinga úr SEK í EUR og rest bein hækkun birgja, hann segir að*

---

<sup>1735</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Ingólfs Kristmundssonar, Sigurðar K. Pálssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 2.5.2001 kl. 14:43 og 20:57 og 3.5.2001 kl. 8:39.

<sup>1736</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórami Þórarinssyni til fjölmargra starfsmanna OHF, dags. 11.5.2001 kl. 15:43.

<sup>1737</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Sigurði K. Pálssyni til m.a. Jóns Halldórssonar og Ingólfs Kristmundssonar, dags. 14.5.2001.

<sup>1738</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Lúðvík Björgvinssyni, dags. 15.5.2001 kl. 04:42.

<sup>1739</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Ingólfs Kristmundssonar, Sigurðar K. Pálssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 18.5.2001 kl. 16:09 og 16:18.

<sup>1740</sup> Þórarinn Þórarinsson vörustjóri OHF í smurolíu.

<sup>1741</sup> Lúðvík Björgvinsson hjá Skeljungi.

*þeir hafi ekki fengið neina hækkun á síðasta ári þegar við fengum a.m.k. 9%*<sup>1742</sup>

Olís tilkynnti síðan um verðhækkun á smurolíu um kvöldið 25. maí 2001.<sup>1743</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt vörustjóra OHF um þetta. Hann hefur sagt að hann hafi í þessu tilviki veitt Olís rangar upplýsingar varðandi innkaupsverð OHF. Hann hafi ekki séð ástæðu til að veita fulltrúa Olís fullar upplýsingar um þessi atriði.<sup>1744</sup> Vörustjórinn hefur einnig staðfest að á árinu 2001 hafi fulltrúar olíufélaganna vissulega rætt saman um smurolíuverð og velt fyrir sér verðhækkunarþörf hvers annars. Félögin hafi hins vegar enga samninga gert um hækkun á smurolíuverði.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið kannist ekki við að hafa haft samskipti við hin olíufélögin vegna verðbreytinga í maí 2001. Eina sönnunargagnið sem Samkeppnisstofnun hafi lagt fram og tengt geti félagið við samráð um verðhækkunina 14. maí 2001 sé tölvupóstur innan Olís þann dag, þar sem starfsmaður fyrirtækisins veki athygli á nýafstöðnum verðhækkunum OHF.<sup>1745</sup> Samkeppnisstofnun virðist leggja mikið út af því orðalagi Olís að OHF hafi „nú þegar” hækkað smurolíu. OHF telji þetta afar hæpna sönnun fyrir samstarfi um þessa verðbreytingu. Staðreyndin sé sú að verðhækkunarir hafi verið yfirvofandi á smurolíumarkaði á þessum tíma m.a. vegna ytri þátta s.s. gengis og heimsmarkaðsverðs. Gögn málsins bendi til þess að Olís hafi verið að hugleiða verðbreytingar á þessum tíma. Í þessu ljósi sé ekkert óeðlilegt við ofangreint orðalag í tölvupósti Olís enda ekkert sem gefi til kynna að OHF hafi haft samstarf um þessa verðbreytingu sína. Varðandi verðbreytinguna 25. maí 2001 séu tvönn gögn sem hugsanlega geti tengt OHF við samráð. Annars vegar sé um að ræða tölvupóst innan Olís frá 18. maí s.á. þar sem tiltekinn starfsmaður Olís kveðist hafa fengið „staðfestingu á hækkunum” frá OHF. OHF kannist ekki við að hafa gefið neinum staðfestingu á því að félagið myndi breyta verði á smurolíu þann 25. maí 2001 né hvernig sú verðbreyting yrði. OHF sé einnig með öllu ókunnugt um hvaðan umræddur starfsmaður Olís hafi talið sig hafa fengið staðfestingu um að verð frá OHF myndi hækka. Ýmsir möguleikar séu fyrir hendi, s.s. að einhver utanaðkomandi hafi komist að því að líklegt væri að verð myndi hækka hjá félaginu eða að starfsmaður Olís hafi gefið sér að verð myndi hækka út frá samtölum við starfsmenn OHF og aðstæðum á markaði virtum heildstætt. Hins vegar hafi OHF ekki gefið slíka staðfestingu. Í öðru lagi sé um að ræða tölvupóst innan Olís sem sendur hafi verið 25. maí 2001. Þar komi fram að tiltekinn starfsmaður OHF hafi tjáð starfsmanni Olís að OHF hafi enga

<sup>1742</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar og Kristins Leifssonar, dags. 25.5.2001 kl. 10:23.

<sup>1743</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til m.a. bensinstöðva Olís, dags. 25.5.2001 kl. 20:59.

<sup>1744</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bílavörum, dags. 2.4.2003.

<sup>1745</sup> Afritaður tölvupóstur Olís, dags. 14.5.2001.

verðhækkun fengið frá birgja og að verðhækkunin sem átt hafi sér stað fyrr þennan dag hafi aðeins verið gengislagfæring. Við fyrstu sýn kunni að virðast sem OHF hafi þarna gefið fullmiklar viðkvæmar upplýsingar til keppinautar. Ef grannt sé skoðað komi þó í ljós að OHF hafi þarna verið að svara fyrirspurn Olís um ástæður verðbreytinganna. OHF hafi ákveðið að vinna ekki með Olís með því að gefa þeim umbeðnar upplýsingar. Þess í stað hafi OHF gefið Olís rangar upplýsingar til þess að reyna að villa um fyrir keppinaut sínum. Sé því ekki hægt að saka OHF um samvinnu í þessu sambandi.

Af ofangreindu sé ljóst að OHF hafi ekki átt í samstarfi við hin olíufélögin vegna verðbreytinganna 14. og 25. maí 2001. Starfsmaður OHF hafi staðfest að hafa á árinu 2001 rætt við fulltrúa hinna olíufélaganna um smurolíuverð og þeir hafi velt fyrir sér verðhækkunarþörf hvers annars. OHF hafi hins vegar tekið afar takmarkaðan þátt í slíkum umræðum og gætt þess vandlega að láta ekki hin olíufélögin hafa áhrif á ofangreindar verðbreytingar, enda hafi OHF ekki rætt við hin olíufélögin í tengslum við umræddar verðbreytingar. Hafi félagið því ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga í ofangreindum tilvikum.

Í athugasemdum Skeljungu er því haldið fram að gögn sem vísað sé til í frumathugun II geti ekki sannað samráð olíufélaganna um verð á smurolíu á árinu 2001. Telur Skeljungur að helstu gögn Samkeppnisstofnunar að þessu leyti séu í fyrsta lagi tölvupóstur Skeljungu til OHF sem sendur hafi verið 1. febrúar 2001. Engin breyting hafi verið á smurolíuverði á þeim tíma og ekkert liggi fyrir hvernig þessi tölvupóstur geti tengst verðsamráði. Hitt gagnið sé sagt vera tölvupóstur Olís frá 2. maí 2001 þar sem vísað sé til þess að von sé á 10% hækkun að utan. Heldur Skeljungur því fram að verðbreyting fyrirtækisins á þessum tíma hafi orðið vegna breytingar á gjaldmiðli úr sænskum krónum í evrur og án nokkurs samráðs við hin olíufélögin. Umrædd ályktun Olís að Skeljungur hafi átt von á hækkunum geti enga þýðingu haft í þessu sambandi, hvað þá að slíkar ályktanir teljist vísbendingar um samráð.

Samkeppnisráð rifjar hér upp að þann 2. maí 2001 áttu sér stað tölvupóstsamskipti innan Olís um verðhækkun á smurolíu. Orðalag og efni þeirra tölvupósta gefur ótvírætt til kynna að viðræður eða upplýsingaskipti hafi átt sér stað milli olíufélaganna um verðlagsmál smurolíu. Þannig er sagt að „*hin olíufélögin eru í sömu vandamálum með gengið*“ og beinlínis vísað til upplýsinga frá Skeljungu. Þær upplýsingar eru hafðar eftir þeim starfsmanni Olís sem sat fundinn með hinum félögum um verðhækkun smurolíu 1. nóvember 2000. Hann hefur að öðru leyti átt mikil samskipti við OHF og Skeljungu. Hér er því ekki um að ræða „*ályktanir*“ Olís eins og Skeljungur fullyrðir heldur upplýsingar sem augljóslega byggjast á samskiptum félaganna. OHF og Skeljungur hafa heldur ekki í athugasemdum sínum sett fram nein sjónarmið um að þessar upplýsingar kunni að vera komnar frá öðrum en þeim sjálfum. OHF hækkaði smurolíuverð 14. maí 2001 og að morgni þess dags

sendu starfsmenn Olís, sem átt höfðu í samskiptum við Skeljung og OHF um smurolíu, tölvupóst og hvöttu til tafarlausra verðhækkana og sögðu að OHF hafi „nú þegar“ hækkað verð. Þegar efni og orðalag þessa tölvupósts er virt með tölvupóstunum frá 2. maí 2001 gefur þetta til kynna að Olís hafi a.m.k. haft vitneskju frá OHF um að til stæði að hækka verð. Sú skýring OHF að þetta orðalag Olís skýrist af ytri aðstæðum á markaðnum er ekki trúverðug og í ósamræmi við gögn frá þessum tíma um samskipti olíufélaganna. Þann 15. maí 2001 hækkaði Skeljungur verð og tölvupóstar Olís frá 18. maí 2001 sýna að fulltrúi Olís á fundinum 1. nóvember 2000 og annar fulltrúa Skeljungs ræddu saman um þessa verðhækkun Skeljungs. Einnig kemur fram að starfsmaður Olís hafi vísað til þess að fyrirtækið væri búíð að „fá staðfestingu“ á hækkun OHF og hafi viljað að Olís hækkaði strax verð á smurolíu. Samkeppnisráð getur ekki fallist á þá skýringu OHF að einhver óviðkomandi félaginu hafi veitt Olís þessa staðfestingu enda vandséð hvaða aðili það ætti að vera. Að morgni 25. maí 2001 greindi deildastjórinn hjá Olís frá viðræðum sínum við OHF og Skeljung um forsendur verðhækkunar þeirra á smurolíu og síðar þann dag hækkaði Olís verð á þeirri vöru. Jafnframt verður að rifja upp að fulltrúi OHF í þessum samskiptum öllum hefur upplýst að á árinu 2001 hafi olíufélögin rætt saman um smurolíuverð og í þeim samtölum velt fyrir sér verðhækkunarþörf hvers annars.

Að mati samkeppnisráðs sýnir framangreind umfjöllun að viðræður og upplýsingaskipti áttu sér stað milli olíufélaganna í tengslum við verðbreytingar á smurolíu í maí 2001 og er ljóst að sumar þessara upplýsinga teljast til viðskiptaleyndarmála. Þegar m.a. er horft til samvinnu olíufélaganna á þessu sviði t.d. á árunum 1999–2000 er ljóst að það sem að baki þessum samskiptum liggur er áframhaldandi vilji olíufélaganna til samvinnu um verðlagningu á smurolíu. Samkvæmt þessu hafa olíufélögin átt í maí 2001 viðræður um verðbreytingar á smurolíum og forsendur þeirra. Með þessu gerðust félögin sek um ólögmætar samstilltar aðgerðir um verð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Eins og áður sagði heldur OHF því fram að OHF hafi gætt þess vandlega að láta viðræður við Olís og Skeljung um smurolíuverð ekki hafa áhrif á verðbreytingar félagsins. Jafnvel þó fallist yrði á þetta hefði það engin áhrif á ólögmæti þátttöku OHF í þessu samráði. Það er skýr regla í samkeppnisrétti að fyrirtæki telst sekt um ólögmætt samráð ef það tekur þátt í viðræðum um t.d. verðhækkun alveg án tillits til þess hvort það framkvæmir eitthvað á grundvelli þeirra viðræðna.<sup>1746</sup> Ef fyrirtæki mótmæla ekki þátttöku í slíkum viðræðum þá gefa þau til kynna a.m.k. óbeint samþykki sitt fyrir

---

<sup>1746</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-291/98P *Sarrío v Commission* [2000] ECR I-9991.

samráðinu og stuðla þannig að framgangi þess.<sup>1747</sup> Þar fyrir utan er þessi skýring OHF ekki trúverðug því fyrirtækið hefur ekki skýrt af hvaða hvötum það tók þátt í þessum verðviðræðum við keppinauta sína ef þær viðræður áttu ekki að hafa neina þýðingu varðandi markaðstarf félagsins.

Þegar framangreind gögn eru virt í samhengi ásamt tímasetningum verðbreytinga telur samkeppnisráð að þetta samráð olíufélaganna tengt og hafi verið ætlað að hafa áhrif á verðbreytingar þeirra á smurolíu sem urðu í maí 2001.

Í júní 2001 hófst á ný umræða um verðlagsmál smurolíu. Í tölvupósti vörustjóra smurolíu hjá OHF frá 11. júní 2001 er rætt um að þrátt fyrir tvær verðhækkanir á árinu hafi ekki tekist að halda þeirri framlegð sem gert hafi verið ráð fyrir í áætlun. Sagt er að verð Olís liggi mjög nálægt verði OHF og því sé ekki svigrúm til verðhækkana ef OHF ætli að vera samkeppnisfært.<sup>1748</sup> Forstjóri félagsins svarar og spyr framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu og stórnotenda um hvað þeir leggi til í stöðunni. Fyrirnefndi framkvæmdastjórinn sendir í kjölfar þessa tölvupóst til vörustjórans og biður um tillögur. Vörustjórinn sendir tillögur sínar 14. júní 2001 í tölvupósti og í upphafi þeirra segir að hækkunarþörf Olís á smurolíu virðist vera allt önnur heldur en hinna félaganna.<sup>1749</sup> Af tölvupóstinum má ráða að OHF og Skeljungur hafi meiri þörf fyrir verðhækkanir heldur en Olís og veltir vörustjórinn fyrir sér ástæðum þess. Síðan eru gerðar tillögur um breytta verðupbyggingu hjá OHF.

Í þessu samhengi verður að líta til þess að árið 1999 runnu saman erlendu olíufélögin Exxon og Mobil. Þetta hafði þau áhrif hér á landi að umboð fyrir Mobil-smurolíur fluttist frá Olís til OHF. Þann 21. júní 2001 greindi sérfræðingur OHF í smurolíum frá viðræðum við Exxon/Mobil í Ósló um yfirtöku OHF á Mobil umboðinu. Í tölvupósti hans segir m.a.:

*„Comma smurolíur teknar af markaði á Íslandi. OHF fær tímabundna verðlækkun á Mobil skipasmurolíum (6 mánuði) eða þangað til Olís verður búið að hækka sínar smurolíur þannig að rúm verði fyrir verðhækkun á Mobil skipasmurolíum.“<sup>1750</sup>*

<sup>1747</sup> Dómur dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*. Hér má einnig líta til ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB í Zinc Phosphate Cartel máli [2003] 5 CMLR 14: „As the Court of Justice has confirmed in its case law, the participation by undertakings in meetings that have an anti-competitive object has the effect de facto of creating or strengthening a cartel and the fact that an undertaking does not act on the outcomes of those meetings is not such as to relieve it of responsibility for the fact of its participation in the cartel, unless it has publicly distanced itself...“

<sup>1748</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórarinssyni til m.a. Geirs Magnússonar, Heimis Sigurðssonar, Ragnars Bogasonar og Herberts Herbertssonar, dags. 11.6.2001 kl. 17:06.

<sup>1749</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórarinssyni til Heimis Sigurðssonar, dags. 14.6.2001.

<sup>1750</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Herberti Herbertssyni til framkvæmdastjórnar, dags. 21.6.2001 kl. 11:49.

Þann 1. og 2. júlí 2001 hélt framkvæmdastjórn OHF fund að Geysi í Haukadal. Á þeim fundi var lagður fram prentaður verkefnalisti og einn liður hans er svona: „*Fara ofan í smurolíumál – ath verðlagning háð verðlagningu Olís.*“ Þetta verkefni er sagt vera á ábyrgð forstjóra OHF. Á eintak af þessum verkefnalista hefur einn framkvæmdastjóra OHF handritað athugasemdir sem virðast lýsa því sem rætt var eða ákveðið á fundinum. Sumar þessara athugasemda tengjast samvinnu við hin olíufélögin og ein þeirra hljóðar svo:

„*verið að vinna í smurolíu búið að ræða við hin félögin*“<sup>1751</sup>

Samkeppnisstofnun hefur beðið OHF að skýra þessi ummæli. Í skýrslu forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda kemur þetta fram:

„*RB og GM kváðust telja að orðalagið í þessum gögnum, sem vissulega væri tvírætt, skýrðist að hluta af því að breytingar áttu sér stað á innkaupum og innkaupsverði OHF og Olís vegna samruna erlendu olíufélaganna Mobil og Exxon á árinu 1999. Við það hefði innkaupsverð OHF hækkað mikið vegna þess að félagið naut ekki lengur þess sérlega hagstæða verðs sem það hafði lengst af átt kost á. Hefði þetta þýtt að olíur þær, sem OHF hafði lengi selt hér á landi, sem voru bæði ódýrastar og bestar á markaðnum, yrðu ekki lengur í boði á samkeppnishæfu verði. Mobil-olíur hefðu hins vegar aðeins verið aukasala hjá Olís. Hefði OHF stefnt að því að tryggja sér viðunandi innkaupsverð á smurolíum og gert um það kröfur til hins erlenda framleiðanda. Engin samskipti hafi verið við Olís eða Skeljung um það efni. RB tók fram að hann hefði ekki tekið þátt í því að ræða við hin olíufélögin um smurolíu.*“<sup>1752</sup>

Samkeppnisstofnun spurði forstjóra OHF aftur um þessi atriði. Í svari hans segir að orðalagið um að verðlag OHF væri háð verðlagningu Olís vísaði væntanlega til þess að menn teldu að OHF og Olís gætu ekki verið með sömu vöru á markaðnum á mismunandi verði.<sup>1753</sup> Áréttaði forstjórinn að engin samskipti hefðu verið við Olís um þetta atriði. Forstjórinn skýrði hins vegar ekki hvað falist hafði í ummælunum að búið væri að tala við hin félögin varðandi smurolíu. Samkeppnisstofnun spurði einnig framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu um ofangreind ummæli en hann sat fundinn að Geysi og ber að hluta til ábyrgð á verðlagningu smurolíu. Jafnframt var hann spurður um önnur eldri gögn sem sýna samvinnu olíufélaganna að þessu leyti. Í skýrslu hans segir:

<sup>1751</sup> Verkefnalisti fyrir fund framkvæmdastjórnar OHF að Geysi 1.–2. júlí 2001 (Hs. nr. 2831).

<sup>1752</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 16.4.2002.

<sup>1753</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra og fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF, dags. 3.12.2002.



„HS sagði að aðkoma sín að verðlagningarmálum smurolíu væri óbein, þar sem um hana væri fjallað af vöruvalshópi um smurolíu. Í honum sæti undirmaður hans, Þórarinn Þórarinsson vörustjóri. HS kvaðst geta fallist á að gögn málsins bentu til þess að olíufélögin hefðu haft samráð um smurolíuverð á árinu 1998, og að samráð hefði haldið áfram næstu ár á eftir, e.t.v. til ársins 2001. Honum væri hins vegar ókunnugt um þessi atriði. HS greindi hins vegar frá því að starfsfólk hans hefði í ýmsum tilvikum veitt honum upplýsingar um verðlagningaráform hinna félaganna á smurolíu.“<sup>1754</sup>

Samkeppnisráð telur ekki trúverðuga þá lýsingu framkvæmdastjórans að honum hafi verið ókunnugt um samstarf olíufélaganna, ekki síst í ljósi þess að rithönd hans var á dagskrá fundar olíufélaganna 11. nóvember 1998 og framkvæmdastjórinn hefur fengið senda ýmsa tölvupósta innan OHF sem lýsa þessari samvinnu. Samkeppnisstofnun bað jafnframt vörustjóra OHF um skýringu á ofangreindum ummælum. Hann kvaðst ekki geta útskýrt þau þar sem hann hafi ekki setið fundinn að Geysi. Hann bætti þó við þessu:

„að með orðalaginu um að verðlagning væri háð verðlagningu Olís væru menn e.t.v. að vísa til upplýsinga frá honum sjálfum um verðhækkunarþörf Olís.“<sup>1755</sup>

Hefur vörustjórinn sagt að menn hafi á þessum tíma undrast að Olís teldi sig ekki þurfa verðhækkun á smurolíu, þrátt fyrir erlenda verðhækkun. Aðspurður um þá athugasemd á skjalinu frá nefndum fundi að Geysi að búið væri að ræða við hin félögin varðandi smurolíu kvaðst vörustjórinn ekki get útskýrt það að öðru leyti en því að trúlega hafi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF „verið að ræða þessi mál við fulltrúa hinna félaganna“ en hann hafi ekki verið þar þátttakandi.<sup>1756</sup> Varðandi þessar upplýsingar frá OHF ber að hafa í huga að þessi starfsmaður er vörustjóri í smurolíu og tók virkan þátt í aðgerðum innan OHF sem tengjast verðlagningu þessarar vöru. Umfjöllun hér að framan sýnir að þessi starfsmaður átti í talsverðum samskiptum við hin olíufélögin um verð á smurolíu og hann hefur upplýst að yfirmaður hans hafi falið honum að eiga fund með hinum félögunum um verðhækkun á smurolíu. Samkeppnisráð telur því að skýring hans á framangreindum gögnum hafi þýðingu í málinu.

<sup>1754</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 9.4.2002.

<sup>1755</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bílavörum, sérfræðingi í smurolíu og innkaupastarfsmanni, dags. 17.4.2002.

<sup>1756</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra OHF í smurolíu og bílavöru, dags. 2.4.2003.

Að mati samkeppnisráðs sýna framangreind gögn málsins að OHF taldi í júní-júlí 2001 þörf á því að hækka frekar smurolíuverð en það hafi hins vegar ekki verið talið mögulegt nema Olís hækkaði líka. Innan OHF hafi menn undrast að Olís teldi ekki þörf á hækkun. Ummælin á Geysisfundinum um að verðlagning á smurolíu væri háð verðlagningu Olís þýði að OHF hafi ekki talið mögulegt að hækka verð nema Olís gerði það líka. Ummælin um samræður við hin félögin um smurolíu vísa að mati samkeppnisráðs ótvírætt til frekari viðræðna milli olíufélaganna á þessum tíma um meiri verðhækkana á smurolíu.

Eins og áður sagði hafði OHF tekið við umboðinu á Mobil-smurolíum á þessum tíma. Þann 8. nóvember 2001 greinir deildarstjóri skipaþjónustu hjá Olís frá því að OHF hafi hækkað verð á Mobil-smurolíum. Innkaupastjórinn hjá Olís svaraði 13. nóvember s.á. og spurði deildarstjóran hvort hann væri búinn að hækka verð. Af svari deildarstjórans verður ekki annað ráðið en að Olís væri ekki búin að hækka verð vegna þess að OHF hefði gert mistök og OHF ætti eftir að hækka eina tiltekna gerð af smurolíu.<sup>1757</sup> Ekki er unnt að draga aðra ályktun en að þessa vitneskju hafi deildarstjórinn haft frá OHF. Þann 15. nóvember 2001 var sagt frá því innan Olís að Skeljungur hafi breytt verði á smurolíu.<sup>1758</sup> Þann 23. nóvember 2001 var vörustjórinn hjá OHF spurður að því í innanhússtölvupósti hvort hann hafi haft einhvern tíma til að skoða hversu mikið eigi að hækka smurolíuna.<sup>1759</sup> Í innanhússtölvupósti frá 4. desember ræddi vörustjórinn hjá OHF um smurolíu og að hækkunarþörf keppinautanna hljóti að vera svipuð og hjá OHF.<sup>1760</sup> Þann 6. desember 2001 voru vörustjóranum hjá OHF send þau skilaboð að deildarstjórinn hjá Olís bæði hann að hafa samband.<sup>1761</sup> Vörustjóranum voru send sömu skilaboð 11. desember 2001.<sup>1762</sup> Aðspurður um þetta hefur vörustjórinn sagt að olíufélögin hafi á árinu 2001 vissulega rætt saman um smurolíuverð. Þær viðræður hafi þó „*adeins*“ náð til þess að félögin hafi verið að velta fyrir sér verðhækkunarþörf hvers annars.<sup>1763</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því mótmælt að framangreind gögn bendi til samráðs olíufélaganna. Félagið neiti því að það hafi látið Olís fá upplýsingar í tengslum við verðhækkun í nóvember 2001. Líklegast sé að starfsmaður Olís sem kunnugur hafi verið verðlagsmálum varðandi smurolíu hafi talið fullvíst að OHF hafi gert mistök við verðbreytingu sína og hafi gleymt að breyta verði á tiltekinni tegund

<sup>1757</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Ingólfs Kristmundssonar og Sigurðar K. Pálssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 8.11.2001 kl. 14:31 og 13.11.2001 kl. 11:22 og 11:28.

<sup>1758</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Bensinstöðinni Langatanga til Ingólfs Kristmundssonar, dags. 15.11.2001 kl. 13:19.

<sup>1759</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórarinssyni til Ingvars Stefánssonar, dags. 23.11.2001 kl. 00:33.

<sup>1760</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórarinssyni til Ingvars Stefánssonar, dags. 4.12.2001 kl. 9:59.

<sup>1761</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Til Þórarins Þórarinssonar, dags. 6.12.2001 kl. 9:48.

<sup>1762</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Til Þórarins Þórarinssonar, dags. 11.12.2001 kl. 10:17.

<sup>1763</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með vörustjóra smurolíu og bílavöru, dags. 2.4.2003.

smurolíu. Það sýni þó ekki fram á að umræddur starfsmaður hafi búið yfir upplýsingum um fyrirætlanir OHF né hvaðan slíkar upplýsingar ættu að hafa borist honum. OHF heldur því einnig fram að orðlagið „hljóti“ í tölvupósti OHF frá 4. nóvember 2001 sýni að það hafi ekki verið samráð. Ef upplýsingaskipti olíufélaganna hafi verið jafngóð og Samkeppnisstofnun virðist láta í veðri vaka hafi OHF ekki þurft að geta sér til um hækkunarþörf keppinautanna. OHF telur að tvenn skilaboð Olís um að vörustjórinn hjá OHF hafi samband bendi ekki til neins samstarfsvilja OHF.

OHF telur ennfremur að orðalag í gögnum málsins endurspegli þá spennu sem hafi verið á smurolíumarkaðnum á þessum tíma. Umboð fyrir Mobil-smurolíur hefði færst frá Olís til OHF við sameiningu erlendu olíufélaganna Exxon og Mobil. Við það hafi innkaupsverð OHF hækkað stórum. Þetta hafi þýtt að olíur þær sem OHF hefði selt lengi hér á landi á mjög hagstæðu verði væru ekki lengur í boði á samkeppnishæfu verði. Mobil-olíur hefðu hins vegar aðeins verið aukasala hjá Olís. OHF hafi stefnt að því að tryggja sér viðunandi innkaupsverð á smurolíum og gert um það kröfur til hins erlenda framleiðanda. Engin samskipti hafi þá átt sér stað við Skeljung eða Olís um það efni. Menn hafi fylgst náið með verðbreytingum keppinautanna og rætt hver í sínu lagi um þróunina hjá keppinautum. Mikil viðkvæmni virðist hafa einkennt ástandið á þessum tíma eins og sjáist á ummælum manna þegar gleymst hafi að hækka verð að utan til OHF.

Samkeppnisráð bendir hér á að framangreind gögn frá nóvember og desember 2001 benda ein og sér til áframhaldandi samráðs milli olíufélaganna um verðlagsmál smurolíu. Samkeppnisráð telur t.d. í hæsta máta ósennilegt að Olís hafi talað um mistök hjá OHF að hafa ekki hækkað tiltekna smurolíu því án samtala við OHF gat Olís með engu móti vitað hvort ástæða þessa var meðvituð markaðsákvörðun OHF eða einhver önnur ástæða. Jafnframt er það meginregla í samkeppnisrétti að ekki ber að virða sönnunargögn í samráðsmálum ein og sér heldur ber að virða þau heildstætt.<sup>1764</sup> Þegar gögnin frá nóvember og desember 2001 eru skoðuð saman með öðrum gögnum frá 2001 og eldri gögnum rennir það frekari stoðum undir það mat samkeppnisráðs að um samráð hafi verið á þessum tíma. Þá hefur og mikla þýðingu að aðspurður um hvort gögnin frá nóvember og desember 2001 sýndu ekki að olíufélögin hefðu út árið haft með sér samstarf um verðlagningu á smurolíu gaf sá starfsmaður OHF sem annaðist að meginstefnu þessi samskipti við Olís og Skeljung þessa skýringu:

*„ÞÞ staðfesti að á árinu 2001 hafi fulltrúar félaganna vissulega einnig rætt saman um smurolíuverð. Þær samræður hafi þó aðeins náð til þess að menn voru að velta fyrir sér verðhækkunarþörf hvers annars. Sérstaklega hafi menn innan OHF velt fyrir sér verðstrúktúr hjá Olís og undrast að félagið*

<sup>1764</sup> Sjá t.d. dóm undiréttar EB frá 11. desember 2003 í máli T-56/99 *Marlines SA v Commission*: „... it must be borne in mind that the evidence must be assessed not in isolation, but as a whole.“

*teldi sig ekki þurfa hækkun, þrátt fyrir miklar erlendar verðhækkunir. ÞÞ sagði að þrátt fyrir þessi samtöl á þessum tíma um smurolíuverð hefðu félögin ekki gert neina samninga um hækkun á smurolíuverði.“*

Jafnframt ber að hafa í huga að annar framkvæmdastjóra OHF sem ábyrgð bar á verðlagningu smurolíu á árinu 2001 hefur eins og áður sagði greint frá því að „starfsfólk hans hefði í ýmsum tilvikum veitt honum upplýsingar um verðlagningaráform hinna félaganna.“ Fullyrðingar OHF í athugasemdum sínum við frumathugun II um að félagið hafi á þessum tíma ekki átt samskipti um verðlagsmál smurolíu eru því í ósamræmi við gögn málsins og yfirlýsingar þeirra starfsmanna félagsins sem best ættu að þekkja til hjá félaginu. Samkeppnisráð telur því þennan málalíbúnað OHF ekki trúverðugan.

Að mati samkeppnisráðs sýna framangreind gögn því áframhaldandi ólögmetar samstilltar aðgerðir olíufélaganna um verðlagningu smurolíu á seinni hluta árs 2001.

#### 7.6. Niðurstaða

Framangreind umfjöllun sýnir að olíufélögin hafa haft með sér víðtækt og skipulagt samráð varðandi verðlagningu á smurolíu. Gagn sem fannst hjá forstjóra Skeljungs gefur til kynna að á árinu 1993 hafi félögin rætt um verðhækkun á smurolíu. Ekki hafa hins vegar fundist önnur gögn sem varða verðsamráð á þessari vöru á árunum 1993 og 1994. Frá og með árinu 1995 er hins vegar að finna margvísleg gögn sem varða ólögmett samráð félaganna á þessu sviði.

Ljóst er að árunum 1995–1997 gripu olíufélögin til aðgerða sem höfðu það að markmiði að veikja samkeppnina frá keppinautum Bílanausti. Ástæða þessa var sú að samkeppni frá þessu fyrirtæki hindraði félögin í að hækka verð og var aðgerðunum ætlað að skapa skilyrði fyrir verðhækkun á smurolíu. Á sama hátt og samráð olíufélaganna varðandi sölu á eldsneyti var þessu samráði ætlað að bæta framlegð olíufélaganna af sölu á smurolíu. Á fyrri hluta árs 1998 áttu sér stað viðræður milli olíufélaganna um verðhækkun á smurolíu. Á fundum í október og nóvember 1998 ákváðu olíufélögin að hækka verð á smurolíu sem seld er á bensínstöðvum og til stórnotenda. Í kjölfar þessa hækkuðu olíufélögin verð á smurolíu. Í byrjun árs 1999 ræddu olíufélögin um verðhækkun á smurolíu og um vorið það ár ákváðu olíufélögin að hækka verð á smurolíu og framkvæmdu þá ákvörðun sína. Samþykktu Olís og Skeljungur þá ósk OHF að þau félög myndu í „eitt skipti“ hækka verð á undan OHF. Fram til september 2000 ræddu olíufélögin saman um verð á smurolíu og veittu hvert öðru upplýsingar um fyrirætlanir sínar í þeim efnum. Þetta samráð tengdist og var ætlað að hafa áhrif á verðhækkunir sem urðu í júní, júlí og september 2000. Í lok október 2000 óskuðu OHF og Olís eftir fundi með Skeljungum til að ræða um verðhækkun á smurolíu. Fundurinn var haldinn og á honum var rætt „fram og til baka“ um verðhækkun á þessari vöru. Fundi þessum var ætlað að hafa áhrif á þær

verðhækkanir sem urðu í nóvember og desember 2000 og mars 2001. Í maí 2001 fóru fram viðræður og upplýsingaskipti milli olíufélaganna í tengslum við þær verðbreytingar sem áttu sér stað á þeim tíma. Gögn málsins benda einnig til áframhaldandi ólögmetra samskipta um verðlagningu smurolíu á seinni hluta árs 2001. Einnig liggur fyrir að árlega veittu olíufélögin hvert öðru upplýsingar um sölu sína á smurolíu. Var það fyrst gert skriflega en síðar munnlega.

Verðsamráð olíufélaganna í smurolíuviðskiptum hafði sama markmið og annað verðsamráð félaganna. Framkvæmd á því samráði var í höndum starfsmanna olíufélaganna sem flestir komu einnig að öðru samráði þeirra. Á sumum fundum félaganna voru verðlagsmál smurolíu einn liður af mörgum samráðsmálum sem þar voru til umfjöllunar. Enginn vafi er á því að þetta samráð var hluti að hinu samfellda samráði olíufélaganna.

## 8. Samráð um verðlagningu á gasi

Á gildistíma samkeppnislaga hafa olíufélögin haft með sér umtalsverða samvinnu varðandi viðskipti með gas. Gögn málsins eru sérstaklega skýr varðandi þessa samvinnu eftir að Gasfélagið hóf starfsemi sína á árinu 1996. Verður nú gerð grein fyrir þessari samvinnu félaganna.

### 8.1. Atvik fram til 1996

Á árinu 1993 var staðan sú á gasmarkaðnum að Skeljungur stundaði innflutning á gasi og rak eigin gasstöð. Olís keypti gas til endursölu af Skeljungi. OHF flutti inn gas og rak eigin gasstöð. Í nóvember 1993 ritaði forstjóri Skeljungs bréf til Olís og OHF og greindi frá því að Skeljungur hafi fengið úthlutað lóð í Straumsvík og erlent fyrirtæki hafi fullhannað gasstöð sem gæti risið þar.<sup>1765</sup> Sú gasstöð gæti annað öllum þörfum olíufélaganna þriggja og boðaði forstjóri Skeljungs þessa starfsbræður sína til fundar um málið. Í bréfinu kemur fram að á fundinum ætti einnig að ræða um sameiningu afgreiðslustöðva olíufélaganna á Keflavíkflugvelli, sbr. kafla VII. Í apríl 1994 undirrituðu forstjórar olíufélaganna viljayfirlýsingu um að stofna rekstrarfélag í jafnri eigu félaganna sem hefði það hlutverk að byggja sameiginlega gasstöð í Straumsvík og annast rekstur hennar.<sup>1766</sup>

Í febrúar 1995 var tekið saman minnisblað innan Olís þar sem greint er frá því að opnun gasstöðvar í Straumsvík frestist.<sup>1767</sup> Jafnframt kemur fram að fyrirtækið Ísaga vilji samstarf um sölu á gasi en það fyrirtæki hefur m.a. flutt inn og selt asetylengas til

<sup>1765</sup> Bréf Kristins Björnssonar til forstjóra Olís og OHF, dags. 4.11.1993 (Hs. nr. 7953).

<sup>1766</sup> Viljayfirlýsing olíufélaganna um stofnun rekstrarfélags vegna gasstöðvar, dags. 22.4.1994 (Hs. nr. 5219).

<sup>1767</sup> Minnisblað Thomasar Möller um gasmál, dags. 14.2.1995 (Hs. nr. 4556).

iðnaðarnota, t.d. til logsuðu. Olíufélögin hafa hins vegar selt propangas. Á þessum tíma voru olíufélögin og Ísaga ekki keppinautar þar sem þessar gastegundir koma ekki í stað hvorrar annarrar. Fjallað var um Ísaga á fundi forstjóra olíufélaganna 22. mars 1995 en þar voru mörg samráðsmál til umfjöllunar. Í fundargerð forstjóra Olís kemur fram að Ísaga hafi greinilega verið í viðræðum við öll olíufélögin um möguleika til að fá að selja propangas.<sup>1768</sup> Upplýst hefði verið á fundinum að Ísaga hefði þegar átt fund með Skeljungu og búið væri að bóka fund með OHF. Síðan segir:

*„Ennfremur kom fram að Ísaga-menn hafa greinilega reynt að selja sömu hugmyndina til allra félaganna, þ.e. að fá keypt Propangas gegn því að félögin fengju aðgang að þeirra dreifikerfi inn á verkstæði og aðra aðila sem Ísaga þjónar. Samkomulag var um að ekkert félaganna myndi taka að sér að selja beint Propangas til Ísaga. Hins vegar væri óeðlilegt að neita þeim um kaup á Propangasi og því er lagt til að Þórólfur, Bjarni Snæbjörn og Thomas komi sér saman um samræmt svar á þann veg að Ísaga verði boðið að fá keypt Propangas beint frá Gasfélaginu þegar það hefur starfsemi.“*

Af framangreindu er ljóst að Ísaga hefur haft hug á því að hefja samkeppni í sölu á propangasi í samstarfi við eitthvert olíufélaganna. Á umræddum fundi hafa hins vegar forstjórar olíufélaganna ákveðið að vinna gegn þessu og samræma aðgerðir sínar. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að þetta samráð brjóti ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð getur ekki fallist á það. Eins og gögn bera skýrlega með sér snéri Ísaga sér til hvers olíufélaganna fyrir sig og vildi fá að kaupa umrætt gas. Forstjórar olíufélaganna ákváðu að félögin myndu ekki keppa sín á milli um þá sölu heldur koma sér saman um „samræmt svar“. Hafði þetta augljós hamlandi áhrif á verðsamkeppni olíufélaganna í þessu tilviki og fer það þar með gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Þann 3. maí 1995 hittust á fundi framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF og framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís. Samkvæmt minnisblaði framkvæmdastjórans hjá Olís hafa átta málefni verið rædd, þ. á m. flutningsgjald vegna gaskúta og framlegð af gassölu.<sup>1769</sup> Framkvæmdastjórinn hjá Olís átti einnig yfirgripsmikinn fund með framkvæmdastjóra hjá Skeljungu 7. september 1995 og samkvæmt fundargerð hans hafa 13 atriði verið rædd á fundinum.<sup>1770</sup> Varðandi gas er þetta bókað:

<sup>1768</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís: Minnisblað forstjóra Olís „Fundur EB, KB og GM í dag“, dags. 22.3.1995.

<sup>1769</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Thomasar Möller v. fundar með OHF 3.5.1995, dags. 5.5.1995.

<sup>1770</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Thomasar Möller v. fundar með Skeljungu, dags. 7.9.1995.

*„Ræddum gasverðlagningu, hún væri of lág, einnig þyrfti að ná inn flutningskostnaði.“*

Þessir þrír framkvæmdastjórar olíufélaganna hittust síðan 9. október 1995 og ræddu fjölmörg málefni. Sagt er frá þessum fundi í tölvupósti framkvæmdastjórans hjá OHF til forstjóra félagsins. Kemur fram að m.a. hafi gasmál verið rædd og hvort félögin ættu að hefja samkeppni við Ísaga.<sup>1771</sup>

Samkvæmt framangreindu höfðu olíufélögin með sér ólögmeitt samráð um verð á gasi a.m.k. í mars, maí, september og október 1995.

## 8.2. Atvik á árunum 1996–1997

Á árinu 1996 hófst hið formlega samstarf olíufélaganna í innflutningi og birgðahaldi á gasi. Í því skyni stofnuðu félögin einkahlutafélagið Gasfélagið. Er félagið í jafnri eigu olíufélaganna. Samkvæmt 2. gr. stofnsamnings Gasfélagsins, dags. 25. mars 1996, er tilgangur félagsins kaup, innflutningur, móttaka, geymsla og dreifing á fljótandi gasi og rekstur gasstöðvar, en gasstöð var reist í Straumsvík og hóf hún starfsemi 1996.<sup>1772</sup> Starfsmenn olíufélaganna sitja í stjórn Gasfélagsins og stjórn félagsins í upphafi skipuðu framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís, framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF og framkvæmdastjóri dreifingarsviðs hjá Skeljungu. Olíufélögin hafa lagt áherslu á að þessi samvinna sé nauðsynleg til að efla öryggi við meðferð á gasi og til að stuðla að hagkvæmni við innkaup á gasi til landsins. Er í því sambandi vísað til þess að markaður fyrir gas hér á landi sé smár. Olíufélögin hafa einnig lagt á það áherslu, m.a. þegar starfsemi Gasfélagsins var á sínum tíma kynnt samkeppnisyfirvöldum, að félagið kæmi ekkert að endursölumálum á gasi.<sup>1773</sup> Forstjórar Olís og OHF hafa staðfest þetta. Forstjóri OHF hefur í því sambandi sagt að engin „samvinna ætti að vera um sölu og markaðsmál og olíufélögin ættu að keppa í verði og viðskiptakjörum í endursölu á gasi.“<sup>1774</sup> OHF hefur einnig greint frá því að þrýstingur hafi verið frá hinum félögunum, aðallega Skeljungu, um að breyta Gasfélaginu í markaðsfyrirtæki en OHF hafi ávallt verið á móti því.<sup>1775</sup> Forstjóri Olís hefur staðfest að það hafi frá upphafi verið hugmyndin að Gasfélagið myndi annast innflutning og birgðahald á gasi fyrir eigendur sína en að olíufélögin myndu keppa í verði og öðrum viðskiptakjörum við endursölu á gasi.<sup>1776</sup> Forstjórinn hefur einnig sagt að Olís hafi ávallt verið mótfallið þeirri hugmynd að breyta Gasfélaginu í markaðsfyrirtæki.

<sup>1771</sup> Tölvupóstur Þórólfs Árnasonar til m.a. Geirs Magnússonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 9.10.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>1772</sup> Stofnsamningur Gasfélagsins ehf., dags. 25.3.1996 (Hs. nr. 4032).

<sup>1773</sup> Sjá bréf Olís, dags. 8.12.1996, bréf OHF, dags. 12.12.1996, og bréf Skeljungs, dags. 23.12.1996, til Samkeppnisstofnunar.

<sup>1774</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

<sup>1775</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 6.9.2002.

<sup>1776</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

Þrátt fyrir framangreindar yfirlýsingar sýna gögn málsins að olíufélögin hafa eftir stofnun Gasfélagsins haft með sér viðamikla samvinnu varðandi m.a. verðlagningu í endursölu á gasi. Í kafla IV 9 er greint frá því samráði sem olíufélögin hafa haft innan Gasfélagsins varðandi viðskiptin við Norðurál.

Í mars 1996 var rætt í framkvæmdastjórn Olís um gasverðlagningu og framlegð og að skoðað yrði hvað hin olíufélögin væru að gera, eins og það er orðað.<sup>1777</sup> Þann 30. apríl 1996 hækkaði Olís verð á gasi.<sup>1778</sup> OHF hækkaði verð á gasi 1. maí 1996.<sup>1779</sup> Skeljungur hækkaði einnig verð á gasi í maí s.á.<sup>1780</sup> Þessu tengt er tölvupóstur frá vörustjóra OHF í smurólíu (sem einnig kom að verðlagningu OHF á gasi) til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF. Tölvupósturinn var sendur í febrúar 1997 og í honum er fjallað um þágildandi verðlista OHF á gasi og sagt að á listanum sé ekkert verð tiltekið á gasi sem afgreitt sé í lausu, þ.e. ekki í kút. Síðan segir: „*Ekkert samráð milli félaganna um verð í lausu.*“<sup>1781</sup> Þegar tölvupósturinn var sendur hafði OHF síðast breytt verði á gasi í maí 1996. Af þessu orðalagi og tímasetningu tölvupóstsins má draga þá ályktun að félögin hafi haft með sér samvinnu um verðhækkun á gasi í kútum í maí 1996. Önnur samvinna félaganna á árinu 1995 og 1996 varðandi gas styður þá ályktun. Umræddur vörustjóri OHF hefur einnig staðfest að olíufélögin hafi haft samráð um þessa verðhækkun á gasi.<sup>1782</sup>

Þann 11. september 1996 hittust framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá Skeljungu og Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF. Samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórans hjá Skeljungu var m.a. rætt um gas.<sup>1783</sup> Fundargerð þessi fannst hjá OHF. Kemur fram í fundargerðinni að Skeljungur hafi „*undirboðið Olís hjá Nausti. Öll tæki rifin niður. Reyna að vinna að meiri skynsemi.*“ Þetta verður ekki skilið öðruvísi en félögin hafi á þessum fundi lýst yfir vilja sínum til að draga úr samkeppni á þessu sviði.

Fundur var haldinn í stjórn Gasfélagsins 10. febrúar 1997. Efni fundargerðar þessa fundar ber með sér að ákveðið hafi verið að hækka gasverð Gasfélagsins og endursöluverð olíufélaganna 1. mars 1997. Þannig hefur t.d. framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís ritað á sitt eintak fundargerðarinnar að „*gasverð*

<sup>1777</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Fundargerð framkvæmdastjórnar Olís, dags. 5.3.1996.

<sup>1778</sup> Bréf lögmanns Olís til Samkeppnisstofnunar, dags. 16.8.2002.

<sup>1779</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. „*Verð á gasi pr. 01-05-1996*“. Sjá einnig bréf OHF til Samkeppnisstofnunar dags. 16.10.1998.

<sup>1780</sup> Bréf Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 16.10.1998.

<sup>1781</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórnarinnssyni til Þorsteins Þorsteinssonar og Þórólfs Árnasonar, dags. 28.2.1997 kl. 13:29.

<sup>1782</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með gæðastjóra OHF og vörustjóra smurólíu og bílavöru, dags. 23.4.2003.

<sup>1783</sup> Handrituð fundargerð með yfirskriftinni „*Olís/Esso/Shell 11.9.96*“ (Hs. nr. 3166)



*hækkar næstu mánaðamót til viðskiptavina*“.<sup>1784</sup> Þetta verður enn skýrara þegar horft til tölvupóstsamskipta innan OHF.

Þann 6. mars 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF tölvupóst til vörustjórans og spyr hvort „*búið sé að ná samstöðu um hækkun á gasverðum*“. Vörustjórinn svarar og segir að nýtt gasverð hafi tekið gildi 1. mars „*samræmd milli olíufélaganna*“.<sup>1785</sup> Fyrir liggur að OHF hækkaði verð á gasi 1. mars 1997.<sup>1786</sup> Olís hækkaði 2. mars 1997.<sup>1787</sup> Skeljungur hækkaði einnig gasverð í marsmánuði 1997.<sup>1788</sup> Að mati samkeppnisráðs getur ekki leikið vafi á því að þessar verðhækkunir á gasi byggðu á samvinnu olíufélaganna. Sölustjóri OHF á stórnotendasviði og vörustjórinn í smurolíu hafa staðfest að olíufélagin hafi haft samráð um þessa verðhækkun.<sup>1789</sup>

Í framangreindum tölvupósti vörustjóra OHF frá 6. mars 1997 er tekið fram að hið nýja gasverð taki ekki til sölu á gasi í lausu. Aðgerðir til að reyna að ná fram samræmdri verðhækkun á gasi í lausu hófust hins vegar stuttu síðar.

Í apríl 1997 sendi sölustjóri á stórnotendasviði hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá félaginu og vörustjóra smurolíu. Í tölvupóstinum er rætt um verð á gasi og möguleika á að bjóða tilteknum viðskiptavinum afslátt. Síðan segir. „*Við verðum að finna út hvað Skeljungur er að selja gasið á í lausu áður en við förum að kynna verðhækkun til viðskiptavina.*“ Framkvæmdastjórinn svaraði um hæl og segist muni hitta bráðlega starfsmenn Skeljungs og Olís á gasfundi. „*Rétt að ég þreifði á þeim þar, þeir eiga í nákvæmlega sömu vandræðum og við með framlegð.*“<sup>1790</sup> Síðar í apríl 1997 sendi sölustjórinn hjá OHF tölvupóst til framkvæmdastjórans og spurði hver hafi verið niðurstaðan á gasfundinum. Jafnframt gerði hann tillögu um 10% hækkun á gasi í lausu. Framkvæmdastjórinn svaraði og sagðist ekki hafa náð að tala við Olís og Skeljung um gasverð þar sem maður frá Gasfélaginu hafi verið viðstaddur. Síðan segir að toga verði þetta verð upp smám saman og hann geti fallist á tillögu um 10% hækkun.<sup>1791</sup> Sölustjóri OHF á

---

<sup>1784</sup> Fundargerð 4. stjórnarfundar Gasfélagsins, dags. 10.2.1997 (Hs. nr. 4347).

<sup>1785</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Þórólfs Árnasonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 6.3.1997 kl. 0:02 og 16:13.

<sup>1786</sup> Sjá t.d. afritaðan tölvupóst frá OHF. Frá Þorsteini Þorsteinssyni til m.a. Þórólfs Árnasonar og Geirs Magnússonar, dags. 17.3.1997 kl. 15:31. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá OHF. „*Olíufélagið hf. Gasverð 1. marz 1997*“

<sup>1787</sup> Bréf lögmanns Olís til Samkeppnisstofnunar, dags. 16.8.2002.

<sup>1788</sup> Bréf Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 16.10.1998.

<sup>1789</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með gæðastjóra OHF og vörustjóra smurolíu og bílavöru, dags. 23.4.2003.

<sup>1790</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Kristjáns Kristinssonar, Þórólfs Árnasonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 18.4.1997 kl. 16:14 og 17:58.

<sup>1791</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Kristjáns Kristinssonar, Þórólfs Árnasonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 23.4.1997 kl. 14:11 og 25.4.1997 kl. 11:23.

stórnotendasviði og vörustjórinn í smurolíu hafa greint frá því að olíufélögin hafi ákveðið að hækka einnig verð á gasi í lausu.<sup>1792</sup>

Þann 3. september 1997 var haldinn fundur í stjórn Gasfélagsins. Starfsmaður Gasfélagsins sat ekki þennan stjórnarfund. Fundargerð eða minnispunktar framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís sýna að rætt hafi verið um gasverðlagningu olíufélaganna á fundinum.<sup>1793</sup> Rætt hafi verið m.a. um að framlegð í sölu á gasi til fyrirtækja og veitingastaða í Reykjavík sé of lág og til greina geti komið að láta viðskiptavini olíufélaganna úti á landi greiða flutningsgjald vegna gassölu þar. Sagt er að sölustjóri á markaðssviði stórnotenda hjá OHF og forstöðumaður söludeildar á markaðssviði smásölu hjá Skeljungi ætti að taka þátt í umræðu um þetta mál.

Umræddur forstöðumaður hjá Skeljungi átti síðan fund með vörustjóra smurolíu hjá OHF og starfsmanni hjá Olís 11. september 1997. Forstöðumaðurinn tók saman minnisblað um þennan fund og sendi það í tölvupósti til m.a. forstjóra og aðstoðarforstjóra Skeljungs með þessum orðum:

*„Vinsamlega prentið þetta út og fargið svo þessu maili.“<sup>1794</sup>*

Í minnisblaðinu kemur fram að á þessum fundi félaganna hafi verið rætt m.a. um „verðmyndun í gasi og kostnað og framlegð.“<sup>1795</sup> Gerð er grein fyrir umræðum um kostnað við dreifingu á gasi úti á landi og þar séu olíufélögin að niðurgreiða gasið og smurolíu. Fram kemur að framlegð sé ekki viðunandi og það sé nauðsynlegt að hækka gas um haustið og aftur um vorið jafnvel þó engin gashækkun komi frá Gasfélaginu. Aðstoðarforstjóri Skeljungs sendi tölvupóst til höfundar minnisblaðsins og forstjóra félagsins. Í upphafi hans segist hann ekki vilja eyða þessum tölvupósti heldur dreifa honum innan Skeljungs því um mikilvægt mál sé að ræða. Síðar segir:

*„Samræmd hækkun olíufélaganna á gasi á landsbyggðinni, á sama tíma og þjóðfélagsumræðan snýst um ásanir í garð félaganna í uppskiptingu á markaðssvæðum t.a.m. Austfjörðum svo og samráð í verðlagningu er afleit, en samt sem áður óumflýjanleg. Hér þarf því að stíga varlega til jarðar.“<sup>1796</sup>*

---

<sup>1792</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með gæðastjóra OHF og vörustjóra smurolíu og bílavöru, dags. 23.4.2003.

<sup>1793</sup> Minnisblað Thomasar Möller um fund í stjórn Gasfélagsins 3.9.1997, dags. 5.9.1997 (Hs. nr. 4969).

<sup>1794</sup> Tölvupóstur frá Sigurði Kr. Sigurðssyni til Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Þóris Haraldssonar, dags. 12.9.1997 kl. 8:57 (Hs. nr. 7100).

<sup>1795</sup> Minnisblað Sigurðar Kr. Sigurðssonar með yfirskriftinni „Gas sala og Gasfélagið“, dags. 11.9.1997 (Hs. nr. 7100).

<sup>1796</sup> Tölvupóstur frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Kristins Björnssonar, Sigurðar Kr. Sigurðssonar og Þóris Haraldssonar, dags. 12.9.1997 kl. 9:47 (Hs. nr. 7100).

Vörustjórinn hjá OHF ritaði einnig minnisblað um þennan fund og kemur fram í því efnislega það sama og í minnisblaði Skeljungs.<sup>1797</sup>

Áfram var rætt um verðhækkun á gasi og flutningsgjöld í október 1997. Í tölvupósti sölustjórans hjá OHF frá 7. október s.á. segir að fyrirtækið sé tilneytt til að hækka verð á gasi þar sem frá síðustu verðhækkun 1. mars 1997 hafi komið tiltekið gjald frá Gasfélaginu. Síðan segir sölustjórinn að hann og vörustjórinn hjá OHF ætli „*að fara í gegnum þessi mál í vikunni, ásamt kollegum okkar hjá hinum félögunum til að samræma nauðsynlega hækkun.*“ Síðan segir hann að skoða verði af fullri alvöru að taka upp flutningsgjald á gasi á landsbyggðinni. Forstjóri OHF svarar og segir að það sé tap á gassölu og það verði að laga verðlagninguna á gasi yfir heildina.<sup>1798</sup> Daginn eftir sendi sölustjórinn tölvupóst til sömu manna og spyr hvort það sé vilji til að taka upp flutningsgjald á gasi. Kvaðst hann vita til þess að það sé verulegur áhugi hjá hinum félögunum að hætta að borga undir gasið. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF svarar:

*„Þetta væri hið besta mál, en mig vantar ennþá hugmyndafræðina sem þarf að vera að baki, til þess að þetta verði ekki talið samráð. Verður ekki einn að taka þá óvinsælu aðgerð að byrja á þessu og hinir fylgi síðan í kjölfarið?“*

Forstjóri OHF sagði í svari sínu að tryggja þyrfti eðlilega framlegð af gassölu. Spurningin væri um aðferðarfræði og OHF gæti „*byrjað og þá ef til vill á einni stærð og haldið þannig áfram. Hin félögin gætu tekið einhverja stærðina.*“<sup>1799</sup>

Engin ákvörðun virðist hafa verið tekin um álagningu flutningskostnaðar á þessum tíma því að í lok október 1997 átti sér aftur stað umræða innan OHF um gasverðlagningu og flutningsgjöld sem hófst með því að vörustjóri smurolíu sendi drög að nýrri gjaldskrá yfir gas. Í svari sölustjórans spurði hann hvort menn væru sáttir við þessa tillögu. Ef svo sé væri næsta spurningin hvað ætti að gera varðandi flutningskostnaðinn því sú nauðsynlega hækkun sem fram kæmi í skjalinu væri eingöngu miðuð við afhendingu á dreifingarsvæði Gasfélagsins (sem er höfuðborgarsvæðið). Sölustjórinn kvaðst vilja hreinskilna umræðu um þetta og næsta skref væri síðan að samræma nauðsynlega hækkun milli olíufélaganna. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF sagði að hann mælti með því að umrætt

---

<sup>1797</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Minnisblað Þórarins Þórarinssonar með yfirskriftinni „*Fundur um gasmál 11. september 1997.*“

<sup>1798</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Kristjáns Kristinssonar, Geirs Magnússonar, Þórólfs Árnasonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 7.10.1997 kl. 8:52 og 11:55.

<sup>1799</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Kristjáns Kristinssonar, Geirs Magnússonar, Þórólfs Árnasonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 8.10.1997 kl. 17:02, 16:04 og 16:54.

flutningsgjald yrði tekið upp.<sup>1800</sup> Ekki fæst séð að frekari umræða um þessi mál hafi farið fram á árinu 1997 en á árinu 1998 var gasverðlagning töluvert til umfjöllunar hjá olíufélögunum.

Í athugasemdum OHF segir að umfjöllun í frumathugun II um framangreind atvik sé að mestu leyti í samræmi við gögn málsins. Að mati samkeppnisráðs sýna þessi gögn umfangsmikið og reglubundið ólögmett samráð olíufélaganna um verðlagningu á gasi á árunum 1996 og 1997.

### 8.3. Atvik á árinu 1998

Þann 15. janúar 1998 var haldinn fundur í stjórn Gasfélagsins og tók framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís saman minnispunkta um þann fund og sendi framkvæmdastjórn Olís.<sup>1801</sup> Í þriðja lið minnispunktanna segir að ljóst sé að verð á gasi sé allt of lágt og það þurfi að hækka um 10–30% svo viðunandi framlegð náist. Verið sé að kanna verð á hinum Norðurlöndunum en fyrstu niðurstöður bendi til þess að gas sé ódýrara hér á landi. Augljóst er að þarna hafa fulltrúar olíufélaganna verið að ræða um verðlagningu olíufélaganna á gasi. Í minnispunktunum kemur einnig fram að verð frá Gasfélaginu muni hækka 1. apríl 1998. Daginn eftir stjórnarfundinn hjá Gasfélaginu sendi deildarstjóri skipaþjónustu hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og segir að hækka verði gasverð vegna hækkunar Gasfélagsins. Hann kveðst hafa óskað eftir fundi með OHF og Skeljungu til að ræða verðmál og kostnað við gassendingar. Óskar deildastjórinn eftir álitum á því hvort sendingarkostnaður skuli leggjast á gasið eða tekinn út úr framlegðinni.<sup>1802</sup>

Sami vilji til verðhækkunar og samráðs kemur fram í tölvupósti sölustjórans á stórnotendasviði hjá OHF til m.a. forstjóra félagsins en tölvupósturinn var sendur 21. janúar 1998. Í honum segir að ákveða þurfi nýtt gasverð og sölustjórinn og vörustjóri OHF ætti fund með Skeljungu og Olís 27. janúar s.á. og fjalla þyrfti um þetta fyrir þann fund. Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF sagðist leggja til 5–10% hækkun og vörustjórinn sendi drög að nýrri verðskrá sem fól í sér að verðhækkun Gasfélagsins yrði mætt „*rúmlega*“. Hins vegar væri framlegðin enn ekki fullnægjandi að mati vörustjórans og því þyrfti að ákveða frekari hækkunir og hvernig ætti að fara með flutningskostnað.<sup>1803</sup>

---

<sup>1800</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Kristjáns Kristinssonar, Geirs Magnússonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 24.10.1997 kl. 9:16 og 10:35.

<sup>1801</sup> Minnisblað Thomasar Möller um fund í stjórn Gasfélagsins 15.1.1998 (Hs. nr. 4347).

<sup>1802</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 16.1.1998 kl. 17:34.

<sup>1803</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Kristjáns Kristinssonar, Geirs Magnússonar, Þórólfs Árnasonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 21.1.1998, kl. 8:34, 8:49 og 9:44.

Forstjórar olíufélaganna fjölluðu einnig um gasverðlagningu á þessum tíma. Samkvæmt dagbók forstjóra Skeljungs hittust forstjórnir á fundi 20. janúar 1998.<sup>1804</sup> Greint er frá umræðum þeirra um gas með þessum hætti í fundargerð framkvæmdastjórnar Olís:

*„3. Gas. Sagt frá fundi forstjóra félaganna um gasfélag og gasmál. Menn sammála um þörf á hækkun gasverðs.“<sup>1805</sup>*

Fundur undirmanna forstjóranna um gasverðlagningu var ekki haldinn 27. janúar heldur 29. janúar 1998. Þetta kemur fram í tölvupósti deildarstjóra skipaþjónustu hjá Olís til forstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu og stórnotenda þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum fundarins.<sup>1806</sup> Sagt er frá því að á fundi félaganna hafi tillaga framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís um 3 kr. flutningsgjald á hvert kg af gasi verið talin of lág og frekar eigi að miða við 6 kr. á hvert kg. Afrit af þessari tillögu Olís fannst hjá OHF.<sup>1807</sup> Síðan segir að á fundinum hafi komið fram tillaga um verðhækkun á gasi sem sé nánast samhljóða tillögu sem Olís setti fram í október 1997. Á fundinum hafi verið rætt um tvær leiðir til að taka upp flutningsgjald. Annars vegar að setja sérstakt gjald á hvern kút og hins vegar að hækka verð á öllu gasi sem nemur flutningskostnaði út á land. Í lok tölvupóstsins dregur deildarstjórinn saman niðurstöðu fundarins:

*„Í stuttu máli: 8–10% hækkun útsöluverðs (heild og smásölu)  
12% hækkun vegna hækkunar innkaupsverðs (01.12.97)  
ca 8% hækkun (ef ákveðið verður að hækka til að mæta  
kostnaði við flutning út á land.)  
samt. 28–30% hækkun.*

*Samkv. fundargerð stj. Gasfélagsins er talið að hækka þurfi gas um 10–30% til að ná viðunandi framlegð og er hér með tekið undir þá skoðun.“*

Samkeppnisráð telur að á framangreindum fundum olíufélaganna hafi náðst samkomulag um almenna verðhækkun á gasi og verðhækkun vegna kostnaðar við flutning gass út á land. Sölustjóri OHF á stórnotendasviði og vörustjórinn í smurólíu hafa staðfest þetta.<sup>1808</sup> Gögn málsins sýna að á grundvelli þessa hafi olíufélögin hækkað verð á gasi og tekið upp flutningsgjöld. Gögn málsins sýna einnig að ýmis vandkvæði komu upp í tengslum við innleiðingu flutningsgjaldsins.

<sup>1804</sup> Dagbók Kristins Björnssonar. Færsla 20.1.1998 (Hs. nr. 7005).

<sup>1805</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Olís, dags. 3.2.1998 (Hs. nr. 4925).

<sup>1806</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Thomasar Möller, Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 4.2.1998 kl. 10:08.

<sup>1807</sup> Skjal Thomasar Möller með yfirskriftinni „Afgreiðslugjöld hjá Olís“, merkt TM1998/023 (Hs. nr. 3166).

<sup>1808</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með gæðastjóra OHF og vörustjóra smurólíu og bílavöru, dags. 23.4.2003.

Þann 27. febrúar 1998 sendi deildarstjóri skipaþjónustu tölvupóst til allra hjá Olís og greindi frá verðhækkun á gasi sem tæki gildi 1. mars s.á. Jafnframt yrði tekið upp flutningsgjald fyrir gas sem sent er út á land. Það sé reiknað sem fast gjald á hvern kút.<sup>1809</sup> Skeljungur hefur upplýst að félagið hafi hækkað verð á gasi í mars 1998.<sup>1810</sup> OHF hækkaði í kjölfarið verð á gasi og tók upp flutningsgjald.

Þann 9. apríl 1998 sendi deildarstjóri skipaþjónustu hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til forstöðumanns söludeildar á smásölusviði Skeljungs:

*„Nokkur titringur hefur orðið, eins og við mátti búast vegna gashækkunarinnar. Viðskiptavinir eru að bera saman verðin frá félögunum og kemur þá í ljóst að ekki virðast allir vera að spila sama leikinn. Það kom í ljós eins og mig grunaði að ekki er ljóst hvað telst Gasfélagssvæði. Þá er og grunur á að Shell sé að selja gas án flutningsgjalds á svæði sem klárlega er ekki Gasf.sv. til viðskiptavina hinna félaganna. Ef rétt er þá er það óþolandi og í ósamræmi við gerða samninga þó munnlegir séu. Comment Shell á þessu vel þegið hið fyrsta. Spurning hvort rétt væri að hittast til að skerpa á þessum málum áður en lætin byrja“<sup>1811</sup>*

Síðar í apríl 1998 var haldinn fundur um gasmál sem deildarstjórinn hjá Olís boðaði. Auk hans sátu fundinn vörustjóri OHF í smurolíu og forstöðumaður söludeildar á smásölusviði Skeljungs. Deildarstjórinn sendi forstjóra Olís og framkvæmdastjórum markaðssviða smásölu og stórnotenda tölvupóst þar sem hann greindi frá því sem fram fór á fundinum. Kemur fram að Skeljungur „hefur ekki enn tekið upp að innheimta flutningsgjald á gaskútum vegna vandamála í tölvuvinnslu“. Jafnframt hafi Skeljungur upplýst að Hagkaup óski eftir samstarfi við Skeljung og vilji hefja sölu á 9 kg gaskútum og að Skeljungur muni ekki taka upp þetta samstarf.<sup>1812</sup> Kemur fram að fundarmenn hafi verið sammála um að þessi samkeppni frá Hagkaupum og hugsanlega öðrum stórmörkuðum væri ekki „álitlegur kostur“. Vörustjóri OHF tók einnig saman minnispunkta um þennan fund og sendi yfirmönnum sínum. Varðandi erindi Hagkaupa er þetta m.a. bókað. „Skeljungur hefur hafnað þessu og fer fram á að hin félögin geri hið sama, verði til þeirra leitað. Þetta tæki sölu frá stöðvunum, Hagkaup gæti lækkað verð og slegið sig til riddara o.s.frv.“<sup>1813</sup>

<sup>1809</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til „allra“, dags. 27.2.1998. kl. 15:52.

<sup>1810</sup> Bréf lögmannna Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 15.8.2002.

<sup>1811</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til m.a. Sigurðar K. Sigurðssonar Skeljungi, dags. 9.4.1998 kl. 10:25.

<sup>1812</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 27.4.1998 kl. 16:36.

<sup>1813</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórarni Þórarinssyni til m.a. Þórólfs Árnasonar og Kristjáns Kristinssonar, dags. 29.4. 1998 kl. 11:38.

Ljóst er að enn voru vandkvæði í maí 1998 varðandi sameiginlega upptöku félaganna á flutningsgjaldi á gasi. Þann 1. maí 1998 var forstjóra Olís og fleiri stjórnendum gerð grein fyrir því að viðskiptavinur á Helli hafi hætt viðskiptum við félagið vegna þess að gas hjá Olís væri mun dýrara en hjá OHF. Sagt er frá því í tölvupóstinum að starfsmaður Olís hafi haft samband við OHF og komið hafi í ljós að ástæða þessa verðmunar sé 50% hærra flutningsgjald hjá Olís. Deildarstjóri skipaþjónustu svaraði og sagðist mundi kanna þetta en bað menn að „fara varlega í að ræða verð á mailinu.“<sup>1814</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís hafði af þessu áhyggjur og lýsti yfir vilja í tölvupósti til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu til þess að draga flutningsgjaldið til baka. Síðarnefndi framkvæmdastjórinn spurði í svari sínu af hverju ætti að gera þetta. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölusölu svaraði og vísaði til framangreinds tilviks en bætti hins vegar þessu við: „*Er búinn að hafa samband við Sigga Kr. hjá Shell, hann lofar að flutningsgjald verði komið á hjá þeim að fullu í lok vikunnar þannig að etv best keep cool under pressure og láta þetta standa.*“ Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda svaraði með þessum hætti:

*„Mér finnst við ekki eiga að bakka út úr þessu. Það var sameiginleg niðurstaða félaganna að ná inn þessu gjaldi, aðeins Esso var með hugmyndir um að taka flutningsgjaldið inn í gasverðinu. Olís og Shell sammála um að hafa þetta sérstakt gjald. ...*

*IK<sup>1815</sup> er að þjarma að Esso um að koma þessu gjaldi inn í taxtana en þeir virðast í vandræðum með að klára málið.*

*Mín skoðun er sú að við eigum að halda okkur við gjaldið og berja hina til samstarfs.*

*Þetta er nú samt kómik í þessu. Siggi Kr.<sup>1816</sup> hringdi í mig í dag og kvartaði yfir því hve við værum mikið ódýrari en þeir í steinolíu. Þeir selja tunnuna á 7000 kr. á meðan við og Esso erum að selja á 6300 kr.“<sup>1817</sup>*

Tölvupóstur deildarstjóra skipaþjónustu hjá Olís frá 27. maí 1998 sýnir að Olís hélt áfram að innheimta flutningsgjald og fram kemur einnig að Skeljungur myndi

---

<sup>1814</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Sverris Hilmarssonar, Ingólfs Kristmundssonar, Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 30.4.1998 kl. 15:03 og 1.5.1998 kl. 9:38.

<sup>1815</sup> Ingólfur Kristmundsson deildarstjóri skipaþjónustu hjá Olís.

<sup>1816</sup> Sigurður Kr. Sigurðsson forstöðumaður söludeildar á smásölusviði Skeljungar.

<sup>1817</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 4.5.1998 kl. 15:20, 15:52, 17:08 og 17:40.

innheimta þetta gjald.<sup>1818</sup> Tölvupóstur framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís til forstjóra félagsins sem sendur var í janúar 1999 staðfestir þetta einnig.<sup>1819</sup> OHF hóf að innheimta flutningsgjald í maí 1998.<sup>1820</sup> Samkvæmt þessu höfðu öll olíufélögin þá framkvæmt þetta samkomulag sitt.

Í júní 1998 sneri Olís sér til OHF og kvartaði yfir of lágrí verðlagningu á gasi í Hafnarfirði og var vörustjóri OHF síðan beðinn um að ganga í málið og ræða við Olís.<sup>1821</sup> Í lok júlí 1998 kemur fram í tölvupósti frá Olís að framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hafi verið að ýta á OHF og Skeljung að hækka verð á gasi.<sup>1822</sup>

Hækkanir olíufélaganna á gasi ollu óánægju neytenda og barst Samkeppnisstofnun í maí 1998 kvörtun vegna þessa frá Landssambandi sumarhúsaeygenda og í september 1998 barst kvörtun frá Neytendasamtökunum. Tók Samkeppnisstofnun þessi erindi til meðferðar og óskaði með bréfum, dags. 21. september 1998, eftir skýringum olíufélaganna og Gasfélagsins á þessum verðhækkunum. Gögn málsins sýna að olíufélögin höfðu með sér samráð við að svara Samkeppnisstofnun. Í tölvupósti forstjóra Skeljungs til aðstoðarforstjóra síns er spurt um framangreinda fyrirspurn Samkeppnisstofnunar. Í svari aðstoðarforstjórans segir að hann muni ganga frá svari til stofnunarinnar og að „félögin munu hafa með sér samstarf í þessu máli.“<sup>1823</sup> Í mars 1999 óskaði Samkeppnisstofnun eftir frekari upplýsingum og fram kemur í tölvupósti aðstoðarforstjóra Skeljungs að hann muni setja sig í samband við kollega sína hjá Olís og OHF.<sup>1824</sup> Sölustjórinn á stórnotendasviði OHF óskaði eftir því að vörustjórinn í smurolíu tæki saman upplýsingar sem sýndu hversu mikið álagning OHF á gasi hefði hækkað en þetta væru „ekki tölur sem ég myndi láta fylgja með til Samkeppnisstofnunar.“<sup>1825</sup> Í svörum sínum til Samkeppnisstofnunar lögðu olíufélögin áherslu á að hertar öryggiskröfur hefðu kallað á nýja gasstöð og kostnaður við hana væri meginskýringin fyrir verðhækkunum á gasi. Olíufélögin greindu hins vegar ekki frá framangreindri samvinnu sinni varðandi verðlagningu á gasi. Í ljósi upplýsinga frá olíufélögunum taldi samkeppnisráð í ákvörðun nr. 10/1999 ekki ástæðu til íhlutunar.

---

<sup>1818</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 27.5.1998 kl. 9:01.

<sup>1819</sup> Tölvupóstur Jóns Halldórssonar til Einars Benediktssonar, dags. 20.1.1999 kl. 16:28 (Hs. nr. 4006).

<sup>1820</sup> Bréf OHF til Samkeppnisstofnunar, dags. 16.10.1998.

<sup>1821</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Þórólfs Árnasonar, Þórarins Þórarinssonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 15.6.1998 kl. 19:12.

<sup>1822</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Thomasi Möller til m.a. Sigurðar K. Pálssonar, dags. 29.7.1998 kl. 13:07.

<sup>1823</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Tölvupóstur milli m.a. Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 2.10.1998 kl. 9:59 og 5.10.1998 kl. 9:35.

<sup>1824</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Sigurðar Kr. Sigurðssonar, Kristins Björnssonar og Þóris Haraldssonar, dags. 17.3.1999 kl. 13:11.

<sup>1825</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristjánssyni til Þórarins Þórarinssonar, dags. 2.10.1998 kl. 10:53.



Í m.a. kafla VI 3.7 var gerð grein fyrir fundi olíufélaganna sem haldinn var 11. nóvember 1998. Á þeim fundi var fjallað um gas og segir í fundargerð Olís að gas myndi hækka um 10–15% fyrir vorið.<sup>1826</sup> Ljóst er því að félögin ákváðu frekari verðhækkun á gasi á þessum fundi sínum.

Í athugasemdum OHF segir að umfjöllun í frumathugun II um framangreint sé að mestu leyti í samræmi við atvik málsins. OHF staðfesti að olíufélögin hafi náð samkomulagi um almenna hækkun á gasi og um verðhækkun vegna kostnaðar við flutning gass út á land. Að mati samkeppnisráðs sýna framangreind gögn umfangsmikið og reglubundið ólöglegt samráð olíufélaganna um verðlagningu á gasi á árinu 1998.

#### 8.4. Atvik á árinu 1999

Aðalfundur Gasfélagsins var haldinn í febrúar 1999. Innan Olís var spurt hvort nokkur ástæða væri fyrir marga frá félaginu til að mæta á aðalfundinn. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu svaraði og sagði að fundurinn væri góður vettvangur fyrir framkvæmdastjórnir olíufélaganna að hittast.<sup>1827</sup>

Í apríl 1999 áttu sér stað frekari samskipti milli olíufélaganna varðandi gasverðlagningu. Þann 5. apríl 1999 var sendur tölvupóstur innan Olís þar sem sagt er frá framangreindri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/1999. Deildarstjóri skipaþjónustu svaraði og kveðst hafa óskað eftir fundi með „*hinum*“ til að ræða gasverðlagningu og „*undirbúa sumarvertíðina*“.<sup>1828</sup> Samkvæmt þessu hefur Olís verið búið að fara fram á fund með OHF og Skeljungu í því skyni að halda áfram ólöglegu samráði félaganna varðandi verðlagningu gass.

Þann 12. apríl 1999 sendi sölustjórinn hjá OHF tölvupóst til deildarstjórans hjá Olís og forstöðumanns söludeildar hjá Skeljungu. Í tölvupóstinum koma fram upplýsingar sem miðuðu að því að sýna að gagnrýni Olís á lága verðlagningu OHF á gasi á Akureyri ættu ekki við rök að styðjast. Deildarstjórinn hjá Olís svaraði og taldi þessar skýringar fullnægjandi og sagðist vera að kanna jarðveginn innanhúss fyrir frekari verðhækkun á gasi.<sup>1829</sup> Daginn eftir greindi deildarstjórinn í innanhússtölvupósti til yfirmanna sinna frá fundi hans með umræddum starfsmönnum OHF og Skeljungs. Kemur fram að meðal helstu mála á dagskrá hafi verið 5–10% verðhækkun á gasi. Síðan segir að taka þyrfti afstöðu til þessa sem fyrst því ef verðhækkun yrði samþykkt

---

<sup>1826</sup> Ódagsett skjal sem fannst hjá Olís. Efst á skjalið er handskrifað „*JH*“ neðst á skjalið „*Tm*“ (Hs. nr. 4317).

<sup>1827</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Thomasar Möller og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 5.2.1999 kl. 16:06 og 16:08.

<sup>1828</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Ingólfs Kristmundssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 31.3.1999 kl. 8:42 og 5.4.1999 kl. 10:22.

<sup>1829</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Ingólfs Kristmundssonar, Kristjáns Kristinssonar og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 12.4.1999 kl. 13:43 og 13:51.

þyrfti hún að koma til framkvæmda í apríl.<sup>1830</sup> Samkvæmt þessu virðist ljóst að fulltrúar olíufélaganna á fundinum hafi verið sammála um að hækka verð á gasi og a.m.k. fulltrúi Olís hafi borið þetta undir yfirmenn sína. Engin verðbreyting var hins vegar gerð á gasi í apríl 1999.

A.m.k. í desember 1999 hófst á ný undirbúningur að verðhækkun olíufélaganna á gasi. Þannig sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til deildarstjóra skipaþjónustu og spyr hvort komin hafi verið „*einhver lending á gjaldskrárbreytingar í samstarfi við hina?? Vill heyra frá þessu áður en þú talar við þá aftur*“. Deildarstjórinn svaraði þessu neitandi.<sup>1831</sup> Á Þorláksmessu 1999 sendi deildarstjórinn tölvupóst til Skeljungs og OHF sagði að það hafi komið upp „*ruglingur*“ í gasverðlagningu úti á landi og vill að félögin hittist eftir áramót til þess að móta skilvirkari verðstefnu.<sup>1832</sup> Eins og nánar verður lýst hittust olíufélögin í mars 2000 og ákváðu verðhækkun á gasi.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið staðfesta að það hafi rætt um verðlag á gasi við keppinauta sína í apríl 1999. Gögn málsins bendi hins vegar til þess að OHF hafi að mjög takmörkuðu leyti rætt verðlag á gasi á árinu 1999. Ekkert bendi til þess að samstarf hafi verið haft um verðbreytingar á þessu ári og ekkert ákveðið í því sambandi. Í desember 1999 hafi OHF ekki verið fúst til samstarfs og því ekki svarað tölvupósti Olís. Fullyrðir OHF að félagið hafi ekki tekið þátt í neinu ólögmatu samráði um verð á gasi á árinu 1999.

Samkeppnisráð áréttar að í apríl 1999 sendi OHF tölvupóst til Olís og Skeljungs og svaraði gagnrýni Olís á verðlagningu á gasi á Akureyri. Olís svaraði og upplýsti að verið væri að kanna möguleika á verðhækkun á gasi. Á fundi í sama mánuði fjölluðu olíufélögin um 5–10% verðhækkun á gasi. Enginn vafi leikur á því að þessar aðgerðir olíufélaganna fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í desember 1999 hófst á ný undirbúningur að verðhækkun á gasi sem samþykkt var af olíufélögunum þremur á árinu 2000. Í því ljósi er ekki unnt að fallast á þá fullyrðingu OHF að félagið hafi í desember 1999 misst viljann til að hafa samráð um verð á gasi. Hér er um að ræða áframhaldandi samráð olíufélaganna um verðlagningu á gasi.

#### 8.5. Atvik á árunum 2000–2001

Þann 2. janúar 2000 tilkynnti Gasfélagið um verðhækkun á gasi. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís sendi tölvupóst daginn eftir til m.a. deildarstjóra skipaþjónustu og sagðist gera ráð fyrir því að hann sæi til þess að verð Olís myndi

<sup>1830</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 13.4.1999 kl. 17:08.

<sup>1831</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Jóns Halldórssonar og Ingólfs Kristmundssonar, dags. 13.12.1999 kl. 16:58 og 14.12.1999 kl. 9:11.

<sup>1832</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Kristjáns Kristinssonar og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 23.12.1999 kl. 11:49.

hækka til samræmis. Deildarstjórinn svaraði og kvaðst gera ráð fyrir því að hitta „hina“ í fyrstu viku febrúar 2000 þar sem verð yrði endurskoðað.<sup>1833</sup>

Ekki er ljóst hvort umræddur fundur var haldinn í febrúar 2000 en starfsmenn olíufélaganna hittust á tveimur fundum í mars 2000 þar sem fjallað var um gasverðlagningu. Þannig boðaði deildarstjórinn hjá Olís starfsbræður sína hjá Skeljungu og OHF á fund til að ræða gasverðlagningu og komandi gasvertíð og var sá fundur haldinn 23. mars 2000.<sup>1834</sup> Annar fundur olíufélaganna var síðan haldinn 29. mars 2000. Fundinum er lýst með þessum hætti í tölvupósti frá Olís sem sendur var 1. apríl 2000:

*„Fundur var haldinn 29.03 með hinum þar sem ákveðið var að gera breytingu á verði 01.03 um sem næst 10,7 % á gasi í kútum auk þess þarf að koma inni verðið a.m.k. hluta af sendingarkostnaði út á land þar sem kerfi félaganna ræður illa við að fylgja þeim kostnaðarlið sérstaklega. Fyrir liggur að verðbreyting á 47 kg kútum verður nokkuð meiri.“<sup>1835</sup>*

Daginn eftir fundinn 29. mars 2000 sendi sölustjórinn á stórnotendasviði OHF tölvupóst til framkvæmdastjórnar félagsins og gerði tillögu að nýjum verðlista á gasi.<sup>1836</sup> Í tölvupóstinum segir að hækkun á gasi á 9 kg kútum verði höfð eins lítil eins og unnt sé til að hún rati ekki inn á neytendasíður dagblaðanna, en þeir kútar eru helst notaðir við gasgrill. Jafnframt segir að sérstök hækkun væri gerð á gasi í 47 kg kútum þar sem framlegð hafi verið óviðunandi. Með tölvupóstinum fylgdi verðlisti en í honum segir að þetta sé verð sem eigi að taka gildi 1. mars 2000. OHF miðaði því við að þessi verðbreyting á gasi myndi gilda afturvirk. Það athugast hér að í framangreindri lýsingu Olís á niðurstöðu fundarins 29. mars s.á. segir að gera eigi verðbreytingu frá 1. mars 2000. Líklegt er að þessi fyrirhugaða afturvirkni á verðbreytingum hafi verið liður í að leyna þessu samstarfi félaganna. Í því samhengi verður að hafa í huga framangreind ummæli OHF um að hafa hækkun á 9 kg kútum minni en á öðrum kútum svo ekki verði fjallað um málið í fjölmiðlum. Jafnframt má hafa í huga hér að innan OHF höfðu áður verið settar fram hugmyndir um aðferðir til að leyna þessu samráði olíufélaganna, sbr. kafla VI 6.2. Hvað sem því líður kemur fram í tölvupósti sölustjórans hjá OHF, sem sendur var 27. júní 2000, að verð á gasi

<sup>1833</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Thomasar Möller og Ingólfs Kristmundssonar, dags. 3.1.2000 kl. 10:13 og 4.1.2000 kl. 10:34.

<sup>1834</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Ingólfs Kristmundssonar, Kristjáns Kristinssonar og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 15.3.2000 kl. 08:43 og 20.3.2000 kl. 9:11.

<sup>1835</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til m.a. Thomasar Möller og Jóns Halldórssonar, dags. 1.4.2000 kl. 10:40.

<sup>1836</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til m.a. framkvæmdastjórnar OHF, dags. 30.3.2000 kl. 16:13.

hafi hækkað 1. apríl 2000.<sup>1837</sup> Olís hækkaði verð á gasi 1. apríl 2000 og Skeljungur 12. apríl s.á.

Samkvæmt framansögðu þykir ljóst að olíufélögin hafi ákveðið sameiginlega í mars 2000 að hækka verð á gasi og hrint þeirri ákvörðun í framkvæmd. Sölustjóri OHF á stórnotendasviði og vörustjórinn í smurolíu hafa staðfest þetta.<sup>1838</sup> Í athugasemdum OHF segir að umfjöllun um þessi atriði í frumathugun II sé að mörgu leyti í samræmi við gögn málsins.

Í júlí 2000 hækkaði verð frá Gasfélaginu smávægilega. Í kjölfar þess sendi deildarstjórinn hjá Olís tölvupóst til OHF og Skeljungs og sagðist telja óþarft að hækka verð á gasi um 1% og bað um álit á þessu.<sup>1839</sup> Gasverð hækkaði ekki á þessum tíma. Í athugasemdum við frumathugun II mótmælir OHF því að félagið hafi samþykkt þessa tillögu sem Olís hafi sent óumbeðið. OHF bendir á „*að geti fyrirtæki á annað borð, rekstrarlega séð, haft verð óbreytt þá er óbreytt verðlagning fyrirtækinu af samkeppnislegum ástæðum mun hagfelldari ef keppinautar hækka verðið.*“ Enginn hvati sé því til samráðs um að stöðva verðhækkunarir. Einnig segi að athyglisvert sé að Samkeppnisstofnun virðist líta svo á að olíufélögin hafi staðið fyrir samstilltu átaki um að lækka verð í landinu á olíuvörum, sé stofnuninni alvara með umræddri ásökun um samráð um að halda verði niðri.

Samkeppnisráð tekur hér fyrst fram að ákvæði 10. gr. samkeppnislaga banna allt samráð keppinauta um verð alveg án tillits til þess hvort samráðið miðar að verðhækkun, verðlækkun eða að verð standi í stað.<sup>1840</sup> Í samkeppnisrétti er ástæða þessa sú að sjálfstæðar verðákvæðanir keppinauta eru taldar það mikilvægar virkri samkeppni að ekki megi heimila neins konar samvinnu um þessi atriði.<sup>1841</sup> Í öðru lagi liggur fyrir að Olís sendi OHF og Skeljungi framangreinda tillögu sína um verðlagsmál gass og engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna að þessum upplýsingum hafi verið mótmælt. Með þessu móti var dregið verulega úr þeirri óvissu sem ríkja verður milli keppinauta á markaði og fela þessar aðgerðir því í sér

<sup>1837</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Kristjáni Kristinssyni til Kolbeins Finnssonar, dags. 27.6.2000 kl. 15:15.

<sup>1838</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með gæðastjóra OHF og vörustjóra smurolíu og bílavöru, dags. 23.4.2003.

<sup>1839</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Kristjáns Kristinssonar og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 7.7.2000 kl. 8:55.

<sup>1840</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v. Commission* [1999] 4 CMLR. 810.

<sup>1841</sup> Fjallað var t.d. um þessi atriði í dómi Hæstaréttar Bandaríkjanna frá 1940 um verðsamráð á olíumarkaði: *United States v. Socony-Vacuum Oil Co*, 310 U.S. 150. Í dómnum var allri samvinnu um verð lýst sem ógnun við miðtaugakerfi efnahagslífsins (*threat to the central nervous system of the economy*). Í dómnum segir einnig þetta: „*Any combination which tampers with price structures is engaged in an unlawful activity. Even though the members of the price-fixing group were in no position to control the market, to the extent that they raised, lowered, or stabilized prices they would be directly interfering with the free play of market forces. The [Sherman] Act places all such schemes beyond the pale and protects that vital part of our economy against any degree of interference.*“

ólögmætar samstilltar aðgerðir.<sup>1842</sup> Í þriðja lagi verður hér að hafa í huga verðsamráð olíufélaganna bæði fyrir og eftir júlí 2000, t.d. í mars 2000 og október 2000. Þegar þetta er virt ásamt efni tölvupósts Olís og þeirri staðreynd að olíufélögin hækkuðu ekki verð á gasi á þessum tíma verður að telja að hin félögin hafi fallist á tillögu Olís um að hækka ekki verð.

Í byrjun október 2000 tilkynnti Gasfélagið um 10% verðhækkun á gasi og innan Olís voru vangaveltur um það hvort þessi hækkun ætti að leiða til hækkunar á útsöluverði félagsins á gasi.<sup>1843</sup> Að mati framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu var eðlilegt að verð yrði hækkað. Í kjölfar þessa hófust venjubundnar viðræður milli olíufélaganna um verðhækkun á gasi. Í tölvupósti vörustjóra smurolíu hjá OHF sem hann sendi 31. október 2000 kemur fram að hann hafi verið í sambandi við Olís og Skeljung en ekki hafi tekist að fá niðurstöðu um hækkun á gasi.<sup>1844</sup> Fram kemur að vörustjórinn muni hitta starfsbræður sína hjá hinum félögunum á fundi daginn eftir og að hann voni að málið leysist á þeim fundi. Samkvæmt tölvudagbók vörustjórans átti hann fund hjá Skeljungu 1. nóvember 2000 með deildarstjóra skipaþjónustu hjá Olís og forstöðumanni söludeildar á smásölusviði Skeljungs.<sup>1845</sup> Þann 10. nóvember tilkynnti Olís um 20% verðhækkun á gasi.<sup>1846</sup> Skeljungur hækkaði einnig verð á gasi 10. nóvember s.á. OHF tilkynnti um verðhækkun 1. desember 2000. Að mati samkeppnisráðs getur enginn vafi leikið á því að olíufélögin hafi á fundi sínum 1. nóvember 2000 ákveðið að hækka verð á gasi. Sölustjóri OHF á stórnotendasviði og vörustjórinn í smurolíu hafa staðfest þetta.<sup>1847</sup> Þessu er ekki mótmælt í athugasemdum OHF.

Þann 13. desember 2000 hittust starfsmenn olíufélaganna aftur á fundi og ræddu gasmál. Þetta má ráða af tölvupósti deildarstjórans hjá Olís<sup>1848</sup> og dagbók vörustjórans hjá OHF.<sup>1849</sup> Daginn eftir sendi vörustjórinn hjá OHF áætlun um framlegð af gassölu, sbr. neðangreindan tölvupóst vörustjórans til sölustjórans hjá OHF. Næsta dag, 15. desember 2000, sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF tölvupóst til vörustjórans í smurolíu varðandi þessa áætlun um framlegð af gassölu á árinu 2001. Taldi framkvæmdastjórinn að áætlunin væri of há „*nema gerðar hafi verið sérstakar*

---

<sup>1842</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491.

<sup>1843</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli m.a. Ingólfs Kristmundssonar og Thomasar Möller, dags. 4.10.2000 kl. 9:04 og 10:32.

<sup>1844</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórnari Þórarinssyni til Kristjáns Kristinssonar, dags. 31.10.2000 kl. 9:47.

<sup>1845</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Færsla 1.11.2000 í tölvudagbók Þórarins Þórarinssonar.

<sup>1846</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til bensínsstöðva og útibúa, dags. 10.11.2000 kl. 16:10.

<sup>1847</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með gæðastjóra OHF og vörustjóra smurolíu og bílavöru, dags. 23.4.2003.

<sup>1848</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til Sigurðar Kr. Sigurðssonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 11.12.2000 kl. 11:56.

<sup>1849</sup> Afritað tölvuskjal frá OHF. Færsla í tölvudagbók Þórarins Þórarinssonar 13.12.2000.

*ráðstafanir.*“ Vörustjórinn framsendi póstinn til sölustjórans á stórnótendasviði hjá OHF sem jafnframt sat á þessum tíma í stjórn Gasfélagsins.<sup>1850</sup> Sölustjórinn svaraði framkvæmdastjóranum og setti fram tvenns konar rök til stuðnings hinni háu framlegð. Í fyrsta lagi benti hann á þetta:

*„Hækkun á útsöluverði 1. des um 20% sem er ca. 7% yfir það sem þurfti vegna beinnar hækkunar á innkaupsverði. Ekki verður lækkað þótt innkaupsverð breytist til lækkunar eins og ávallt gerist á vorin.“*

Í öðru lagi sagði sölustjórinn að stjórnarmenn í Gasfélaginu væru sammála um að olúfélögin myndu hætta að dreifa gasi til viðskiptavina sinna og Gasfélagið myndi taka það verkefni að sér. Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að ekkert í þessum tölvupósti bendi til þess að OHF hafi brotið gegn samkeppnislögum.

Samkeppnisráð vísar fyrst til þess að í þessum tölvupósti OHF er sagt frá því að olúfélögin þrjú hafi orðið sammála um að þau myndu hætta að keppa í dreifingu á gasi til viðskiptavina sinna. Slík takmörkun á samkeppni fer óhjákvæmilega gegn 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt verður að mati samkeppnisráðs ekki önnur ályktun dregin af tilvitnuðum ummælum sölustjórans hjá OHF en að olúfélögin hafi ákveðið í desember 2000 að þau myndu ekki lækka útsöluverð á gasi þrátt fyrir að innkaupsverð myndi lækka. Í því sambandi verður að hafa í huga að daginn eftir fund olúfélaganna um gasmál 13. desember 2000 sendi fulltrúi OHF á fundinum frá sér áætlun um framlegð sem framkvæmdastjóra hjá félaginu þótti of há nema að gerðar hafi verið „*sérstakar ráðstafanir*“. Fulltrúi OHF í stjórn Gasfélagsins rökstuddi þessa háu framlegð með því að verð yrði ekki lækkað á árinu 2001 þrátt fyrir lækkun á innkaupsverði og með því að olúfélögin hefðu ákveðið að hætta samkeppni í dreifingu. Fæst ekki séð hvernig OHF gat á þessum tíma fullyrt að það myndi ekki lækka verð nema að það hafi haft vitneskju um viðhorf keppinautanna. Fyrir liggur að innkaupsverð Gasfélagsins á gasi lækkaði í maí 2001 en engar verðlækkanir voru gerðar hjá olúfélögnum.<sup>1851</sup> Telur samkeppnisráð því að þetta lýsi áframhaldandi ólögmetu samráði félaganna um verð á gasi.

Í janúar og febrúar 2001 fór fram umræða milli félaganna um að hætta að keppa í dreifingu á gasi til stærri viðskiptavina og samræma að einhverju leyti viðskiptakjör í þeim viðskiptum. Hér er um að ræða t.d. veitingastaði og verktaka. Rætt var um þetta í tölvupósti deildarstjóra skipaþjónustu hjá Olís til m.a. OHF og Skeljungs. Fram kemur að skoða þyrfti greiðsluskilmála í þessum viðskiptum og athuga hversu mikið

<sup>1850</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Bjarna Bjarnasonar, Kristjáns Kristinssonar og Þórarins Þórarinssonar, dags. 15.12.2000 kl. 8:35, 12:00 og 13:13.

<sup>1851</sup> Gagn afhent af OHF. Fundargerð 35. stjórnarfundar Gasfélagsins, dags. 23.5.2001.

OHF og Skeljungur væru að selja á þessum markaði.<sup>1852</sup> Í tölvupósti sölustjóra á stórnotendasviði hjá OHF til Olís og Skeljungs segir að mikilvægt væri að félögin yrðu samstíga í því að hætta að dreifa gasi til viðskiptavina sem þyrfti að rukka á staðnum.<sup>1853</sup> Sölustjórinn hjá OHF hefur upplýst að Skeljungur og OHF hafi hætt þessari dreifingu og falið Gasfélaginu að annast hana.<sup>1854</sup> Ljóst er því að félögin höfðu samvinnu um að minnka samkeppni á þessu sviði og er þessu ekki mótmælt í athugasemdum OHF við frumathugun II. Því er ljóst að olíufélögin brutu með þessum aðgerðum gegn 10. gr. samkeppnislaga.

#### 8.6. Niðurstaða

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir almennt um gasmál að olíufélögin hafi haft með sér nokkuð samstarf um verðlagningu á gasi og það samstarf hafi félagið skýlaust játað. Það samstarf hafi verið umtalsvert meira en varðandi aðra vöruflokka. Engu að síður hafi þetta samráð verið ofmetið í frumathugun II og síðustu tilvik um verðsamráð á gasi sé að finna á árinu 2000. Hér sé um að ræða afmörkuð brot sem séu ekki hluti af stærri heild.

Að mati samkeppnisráðs fær þetta ekki staðist. Framangreind umfjöllun öll gefur skýrt til kynna að olíufélögin hafa haft með sér víðtækt ólögmeitt samráð í gasviðskiptum frá 1995 og a.m.k. fram á árið 2001. Þannig er ljóst að olíufélögin höfðu með sér samráð vegna óskar Ísaga um kaup á gasi í mars 1995 og rætt var um verð á gasi í maí, september og október 1995. Olíufélögin höfðu samráð um verðhækkun á gasi í apríl/maí 1996 og ræddu um að takmarka samkeppni í þessum viðskiptum á fundi sínum í september 1996. Einnig höfðu olíufélögin samráð um hækkun á gasi í mars 1997. Í apríl 1997 ákváðu olíufélögin aðra hækkun á gasi og þá var vísað til umræðu um að bæta framlegð. Á tveimur fundum olíufélaganna í september 1997 var aftur rætt um framlegð af sölu á gasi og verðhækkunir. Einnig var rætt um verðhækkunir í október 1997. Á fundum félaganna var í janúar 1998 rætt um verðhækkunir í því skyni að bæta framlegð og ákveðin almenn verðhækkun á gasi og verðhækkun vegna kostnaðar við flutning á gasi út á land. Í kjölfarið framkvæmdu olíufélögin þetta. Olíufélögin hittust í apríl 1998 og ræddu gasverð og fjölluðu um aðgerðir til að takmarka samkeppni á þessu sviði. Í júní 1998 kvartaði Olís yfir lágrri verðlagningu OHF á gasi og í júlí s.á. hvatti Olís Skeljung og OHF til að hækka verð á þessari vöru. Olíufélögin höfðu með sér samráð um að svara fyrirspurn Samkeppnisstofnunar um verðlagningu á gasi sem send var þeim í september 1998. Á fundi sínum í nóvember 1998 ákváðu olíufélögin frekari hækkun á gasi. Í apríl 1999 hittust félögin þrjú aftur og fjölluðu um verðhækkun á gasi og í desember s.á. hófst

<sup>1852</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Ingólfi Kristmundssyni til m.a. Kristjáns Kristinssonar og Sigurðar Kr. Sigurðssonar, dags. 5.1.2001.

<sup>1853</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni Kristinssyni til Sigurðar Kr. Sigurðssonar og Thomasar Möller, dags. 16.2.2001.

<sup>1854</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með gæðastjóra OHF og vörustjóra smurolíu og bílavöru, dags. 23.4.2003.

undirbúningur fyrir slíka hækkun. Í mars 2000 ákváðu olíufélögin enn aðra verðhækkun á þessari vöru og framkvæmdu þessa ákvörðun sína. Í júlí 2000 féllust OHF og Skeljungur á þá tillögu Olís að hækka ekki verð. Á fundi í nóvember 2000 ákváðu félögin aðra verðhækkun og framkvæmdu þá ákvörðun. Félögin fjölluðu einnig um gasmál í desember 2000. Í janúar og febrúar 2001 höfðu olíufélögin samvinnu um að minnka samkeppni á þessu sviði.

Verðsamráð olíufélaganna í gasviðskiptum hafði sama markmið og annað verðsamráð félaganna. Framkvæmd á því samráði var í höndum starfsmanna olíufélaganna sem flestir komu einnig að öðru samráði félaganna. Á sumum fundum félaganna voru verðlagsmál gass einn liður af mörgum samráðsmálum sem þar voru til umfjöllunar. Engin vafi er á því að þetta samráð var hluti að hinu samfellda samráði olíufélaganna.



## VII.

### Samráð við sölu á eldsneyti á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli

Af því sem rakið verður hér á eftir er ljóst að olíufélögin hafa um árabil haft með sér margvíslega samvinnu í tengslum við sölu á eldsneyti til flugfélaga á Keflavíkurflugvelli. Jafnframt hafa Skeljungur og Olís haft með sér samskonar samvinnu á Reykjavíkurflugvelli. Í þessu hefur falist samráð um verðlagningu, markaðsskipting og samstarf við gerð tilboða. Í því skyni að fá skýra mynd af þessum atvikum málsins er í upphafi nauðsynlegt að horfa til atburða á árunum 1987–1993.

Áður en hin efnislega umfjöllun hefst er þó rétt að geta þess að Olís heldur því fram í athugasemdum sínum að sala á eldsneyti til erlendra flugfélaga falli utan gildissviðs samkeppnislaga. Er í því sambandi vísað til 2. mgr. 3. gr. samkeppnislaga og til ummæla í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til samkeppnislaga. Heldur Olís því fram að útflutningur falli ekki undir samkeppnislögin og sala til erlendra flugfélaga hér á landi sé útflutningur. Samkeppnisráð getur ekki fallist á þessa túlkun Olís. Hér er um að ræða sömu sjónarmið og Olís setti fram varðandi sölu til erlendra skipa. Samkeppnisráð vísar hér til þeirra röksemda sem ráðið setti fram í kafla V hér að framan. Eiga þau, að breyttu breytanda, við um sölu til erlendra flugfélaga hér á landi.

### 1. Aðdragandi samstarfsins

Miklar breytingar áttu sér stað á Keflavíkurflugvelli þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar hóf starfsemi sína í apríl 1987. Í tengslum við þessar breytingar ákváðu Skeljungur og OHF að byggja og reka sameiginlega olíuafgreiðslustöð á flugvellingnum. Í gögnum málsins er að finna fundargerð frá fundi forstjóra olíufélaganna sem haldinn var 23. janúar 1987.<sup>1855</sup> Á þeim fundi hefur Olís krafist þess að fá að taka þátt í þessu verkefni með hinum félögnum. Forstjórar OHF og Skeljungs höfnuðu þessu alfarið. Í því sambandi var m.a. vísað til þess að Olís hefði engin viðskipti á flugvellingnum, hefði enga þekkingu á slíkum rekstri og hefði verið í „einkaviðræðum“ við Flugleiðir um að Olís og Flugleiðir myndu saman reisa slíka afgangslustöð. Hins vegar voru Skeljungur og OHF tilbúin að afgangslustöð Olís á kostnaðarverði en þáverandi forstjóri Olís taldi það tilboð óviðunandi. Nokkrum dögum seinna var haldinn fundur á Varnamálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins til að ræða ýmis mál tengd breyttu fyrirkomulagi á Keflavíkurflugvelli. Í fundargerð Skeljungs kemur fram að félagið og OHF hefðu lýst því yfir að þau myndu sameiginlega reka afgangslustöð á flugvellingnum.<sup>1856</sup> Haft var eftir forstjóra Olís „að þarna stefndi í að ekki yrði frjáls samkeppni og þar með væri hætt á að varan yrði dýrari“. Óskaði Olís eftir því að

<sup>1855</sup> Skjal með yfirskriftinni *Memorandum Fundur olíufélaganna (Olís)*, dags. 23.1.1987 (Hs. nr. 7080).

<sup>1856</sup> Skjal með yfirskriftinni *Fundur á Varnarmálaskrifstofu*, dags. 27.1.1987 (Hs. nr. 7080).

þeim möguleika yrði haldið opnum að félagið gæti reist eigin afgreiðslustöð á Keflavíkurflugvelli.

Olís tók síðan þá ákvörðun að hefja rekstur eigin afgreiðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli í samkeppni við hin félögin. Hófst þá mikil verðsamkeppni í sölu á eldsneyti til erlendra flugrekenda sem tóku eldsneyti á flugvellingum, en nánari grein verður gerð fyrir eðli þeirra viðskipta hér á eftir. OHF hefur lýst þessu þannig að á þessum árum hafi ríkt verðstríð í flugviðskiptunum sem hefði byrjað þegar Olís hóf að bjóða mjög lágt verð. Þetta ástand hefði varað í nokkur ár.<sup>1857</sup> Í frétt Morgunblaðsins frá mars 1989 er greint frá því að allhörd samkeppni ríkti milli olíufélaganna í sölu á flugeldsneyti á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli og að Olís hefði fyrst og fremst staðið fyrir þeirri samkeppni.<sup>1858</sup>

Á árunum 1990 og 1991 hefur Olís viljað draga úr samkeppninni á þessu sviði. Í gögnum málsins er að finna minnisblað fyrrum forstjóra Skeljungs frá 13. ágúst 1990.<sup>1859</sup> Í minnisblaðinu er greint frá því að höfundur hafi hitt forstjóra Olís og stjórnanda hjá Texaco í flugvél á leið frá Danmörku til Íslands. Sagt er frá því að forstjóri Olís hefði í flugferðinni óskað eftir því að haldinn yrði fundur svo þessi starfsmaður Texaco gæti kynnst nýjum forstjóra Skeljungs, en hann hóf störf 1990. Einnig ætti að ræða hugsanlegt samstarf um flugvélaeldsneytissölu á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli. Þessi fundur var síðan haldinn 16. ágúst 1990 og hefur Skeljungur tekið saman minnisblað um efni hans.<sup>1860</sup> Þar kemur fram að starfsmaður Texaco hefði lýst yfir áhyggjum af „ástandinu“ í sölu flugeldsneytis og að félögin væru að selja þessa vöru með tapi. Á fundinum kenndu fulltrúar Olís og Skeljungs hverjir öðrum um þetta ástand. Skeljungur hefði vísað til nýlegra tilboða Olís en Olís hefði haldið því fram að þetta ætti rót sína að rekja til 1987 „þegar Olíufélagið og Skeljungur vildu ekkert með Olís hafa og ætluðu að sitja ein að öllum viðskiptum á Keflavíkurflugvelli.“ Niðurstaða fundarins virðist hafa verið sú að Skeljungur og Olís myndu ræða málin frekar.

Þann 11. september 1991 hittust forstjórar olíufélaganna þriggja og ræddu ýmis mál. Í fundargerð Skeljungs kemur fram að forstjóri Olís hefði nefnt hvort hugsanlegt yrði að ná samkomulagi um flugviðskipti, bæði í Keflavík og Reykjavík.<sup>1861</sup> Samkvæmt fundargerðinni hafa forstjórnarnir ákveðið að hittast aftur síðar og ræða þetta mál og önnur. Ljóst er hins vegar að ekkert samkomulag náðist um þessa hugmynd á árunum 1991 og 1992. Málið hefur hins vegar komist á góðan reksþöl á árinu 1993.

---

<sup>1857</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 30.5.2002.

<sup>1858</sup> Morgunblaðið 9.3.1989.

<sup>1859</sup> Skjal með yfirskriftinni *Memorandum Samtal við Óla Kr. Sigurðsson og Sven Gullew-Texaco, Danmark*, dags. 13.8.1990 (Hs. nr. 7080).

<sup>1860</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 17.8.1990 (Hs. nr. 7080).

<sup>1861</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar, dags. 11.9.1991 (Hs. nr. 7082).

Núverandi forstjóri Olís hóf störf í febrúar 1993. Hann hefur upplýst Samkeppnisstofnun um það að meðal sinna fyrstu verka hjá fyrirtækinu hefði verið að reyna að koma á samstarfi olíufélaganna um hagkvæman rekstur á sviði eldsneytisafgreiðslu til flugrekenda.<sup>1862</sup> Hann hefði í því skyni hitt forstjóra hinna félaganna 4–5 sinnum. Hjá forstjóra Skeljungu fannst skjal sem ber heitið „Viðræður olíufélaganna“ og lýsir tillögum um viðræðugrundvöll í nokkrum málaflokkum.<sup>1863</sup> Skjal þetta er líklega tekið saman á síðari hluta ársins 1993.<sup>1864</sup> Í því segir m.a.:

### **„6. Erlend viðskipti**

*Núverandi aðstæður bæði í sölu til erlendra skipa og flugvéla algerlega óviðunandi og má líkja við útflutningsbætur. Spurning hvort hægt sé að ræða skiptingu aftur í skipunum og með einhverjum hætti taka á erlendu flugvélunum, t.d. með því að aðilar hafi í friði einhver tiltekin föst viðskipti þannig að hægt verði að ná betri verðum við endurnýjun samninga. Spurning einnig hvort áhugavert er að ræða sameiningu afgreiðslustöðva.“*

Ljóst er samkvæmt þessu að forstjórar félaganna hafi rætt um möguleika á samstarfi í verðlagningu, markaðsskiptingu og sameiningu afgreiðslustöðva á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli. Forstjórnarnir fólu einnig undirmönnum sínum að kanna þessi mál frekar. Þann 2. desember 1993 var haldinn fundur með framkvæmdastjórum frá öllum olíufélögnum. Samkvæmt minnisblaði frá Olís var tilgangur fundarins að sannreyna hvort það væri grundvöllur til að sameina afgreiðslustöðvarnar á Keflavíkurflugvelli.<sup>1865</sup> Fram kemur að Skeljungur og Olís hafa talið að það væri hagsmunamál fyrir öll félögin að sameina þessa starfsemi. Fram komu efasemdir hjá fulltrúa OHF sem taldi að sameining „myndi ekki minnka þá vitleysu sem nú væri stunduð í útboðum á eldsneyti til erlendra flugfélaga“. Fulltrúar Skeljungu og Olís voru þessu ósammála:

*„BSN<sup>1866</sup> benti á að ef um sameiningu væri að ræða þá væri ekki sami hvati til þess að ná magni gegnum þær tvær stöðvar sem nú væru í gangi eins og nú er. HH<sup>1867</sup> benti á að æskilegt væri að taka á þessum málum í tveimur skrefum þ.e. fyrst finna samstarfsflöt um rekstur á stöðvunum og síðar leysa það vandamál sem felst í undirboðum á eldsneyti til erlendra flugfélaga.“*

<sup>1862</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>1863</sup> Hs. nr. 7082.

<sup>1864</sup> Í minnisblaðinu er því t.d. velt upp hvort ræða eigi sameiningu afgreiðslustöðva á Keflavíkurflugvelli. Þessar afgreiðslustöðvar voru sameinaðar með samningi félaganna frá 2.2.1994. Viðræður um þessa aðgerð fóru t.d. fram á fundi félaganna 2. desember 1993.

<sup>1865</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað vegna fundar Harðar Helgasonar (Olís), Bjarna Sn. Jónssonar (Skeljungur) og Bjarna Bjarnasonar (OHF), dags. 3.12.1993.

<sup>1866</sup> Bjarni Sn. Jónsson (Skeljungur).

<sup>1867</sup> Hörður Helgason (Olís).

Í minnisblaðinu er einnig fjallað um það að með sameiningu væri hægt að innheimta hærra gjald af Flugleiðum og bregðast við útboðum fyrirtækisins, sbr. nánar kafla IV 5.

Olíufélögin náðu loks sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli og 2. febrúar 1994 undirrituðu forstjórar félaganna samning um rekstrarfélag afgreiðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli.<sup>1868</sup> Í lok mars 1995 undirrituðu síðan Skeljungur og Olís samning um stofnun rekstrarfélags um afgreiðslustöðvar á Reykjavíkurflugvelli en viljayfirlýsing um það samstarf hafi verið undirrituð 28. apríl 1994. Verður nú nánari grein gerð fyrir samstarfinu í sölu eldsneytis á þessum flugvöllum.

## 2. Atvik á Keflavíkurflugvelli

Í samningi olíufélaganna um rekstrarfélag afgreiðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli fólst m.a. að Olís varð eignaraðili að sameignarfélaginu Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli sf. (EAK).<sup>1869</sup> Hin sameinaða afgreiðslustöð, EAK, hefur með höndum afgreiðslu á flugeldsneyti fyrir eigendur sína á Keflavíkurflugvelli. Starfsemi EAK nær hins vegar ekki til varnarsvæðisins en þar hefur OHF afgreiðslustöð, svonefnda Knútsstöð. EAK leggur á afgreiðslugjald sem ætlað er að standa straum af kostnaði við rekstur afgreiðslunnar. Samkvæmt samningnum skipa þrír menn stjórn félagsins, einn tilnefndur af hverjum eiganda fyrir sig. Stjórnina hafa í reynd skipað þeir starfsmenn olíufélaganna sem umsjón hafa haft með flugviðskiptum hvers félags fyrir sig. Samkvæmt samningnum skulu olíufélögin semja um að eitt þeirra skuli hafa umsjón með rekstri EAK á hverjum tíma. Þessi umsjón hefur lengst af verið í höndum OHF. Fram kemur einnig í samningnum að stjórn EAK ráði stöðvarstjóra sem sé ábyrgur fyrir daglegum rekstri gagnvart umsjónaraðila.

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að stærðarhagkvæmni sé mikil á þessu sviði viðskipta. Tilgangurinn með sameiningu afgreiðslustöðva hafi fyrst og fremst verið aukin hagræðing sem hafi átt að skila sér í betri afkomu vegna minni rekstrarkostnaðar. Samkeppnisráð bendir hér á framangreind gögn um aðdraganda þessa samnings. Þegar þau eru virt telur samkeppnisráð að einn megin tilgangur sameiningar afgreiðslustöðva olíufélaganna hafi augljóslega verið sá að draga úr samkeppni og hækka verð. EAK hefur verið vettvangur ýmiskonar samráðs olíufélaganna í sölu eldsneytis á Keflavíkurflugvelli, eins og nánar verður nú gerð grein fyrir.

<sup>1868</sup> Samningur um rekstrarfélag afgreiðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli (Hs. nr. 5219).

<sup>1869</sup> Sjá m.a. bréf olíufélaganna þriggja til firmaskrár Keflavíkurflugvallar, dags. 16.5.1994 (Hs. nr. 4620).

## 2.1. Samráð um verð og skipting á sölu ósamningsbundinna viðskiptavina

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að olíufélögin hafa frá upphafi ætlað að skipta með sér viðskiptum við þá flugrekendur sem ekki hafa skriflega viðskiptasamninga við eitthvert olíufélaganna. Í janúar 1995 sendi Olís bréf til þess starfsmanns OHF sem gegndi formennsku í stjórn EAK.<sup>1870</sup> Afrit af bréfinu var sent til Skeljungs. Í bréfinu er farið fram á að stjórnarfundur verði haldinn hið fyrsta til að ræða m.a.:

*„Uppgjör vegna svokallaðra ósamningsbundinna viðskipta. Þar á ég við, svo dæmi séu tekin kortaviðskipti, staðgreiðsluviðskipti og viðskipti þar sem greitt er með almennum kreditkortum.- Ég hef litið svo á að þarna eigi að vera skipting milli aðila.“*

Formaður stjórnar EAK svaraði þessu bréfi 3. febrúar 1995.<sup>1871</sup> Í svarbréfinu kemur fram að einfalt sé að eiga við hrein staðgreiðsluviðskipti og þegar greitt sé með almennum kreditkortum. Hins vegar er óskað eftir hugmyndum um hvernig eigi að fara með viðskipti þegar flugrekendur greiði með sérstökum greiðslukortum.

Forstjóri Olís sendi framkvæmdastjórum félagsins tölvupóst út af þessu máli 24. júlí 1995.<sup>1872</sup> Ljóst er að forstjórinn hefur ekki áttað sig á svári formanns stjórnar EAK og biður sinn fulltrúa í stjórninni að ganga eftir því í samráði við Skeljung „að ósamningsbundnum viðskiptum sé skipt milli aðila ef það er ekki þegar gert í dag.“

Gögn málsins sýna að síðar á árinu 1995 hafi þessi skipting á viðskiptum komist í fastar skorður. Hjá Olís hefur verið tekin saman skýrsla sem ber heitið „*Samantekt um skiptingu sölu milli olíufélaganna.*“ Skýrslan lýsir tiltekinni skiptisölu milli olíufélaganna og hefur væntanlega verið rituð í árslok 1995 eða byrjun árs 1996.<sup>1873</sup> Einn hluti skýrslunnar fjallar um skiptingu sölu á Keflavíkurflugvelli. Fram kemur að framkvæmdin á Keflavíkurflugvelli hafi verið sú sama og á Reykjavíkurflugvelli. Í því hafi falist að sölu til erlendra ósamningsbundinna viðskiptavina sem staðgreiði eða greiði með almennum greiðslukortum væri skipt að jöfnu milli olíufélaganna. Forstjóri Olís hefur staðfest þetta og sagt að þessi skipting ætti sér enn stað.<sup>1874</sup> Forstjóri Skeljungs hefur greint frá því að þessum viðskiptum væri skipt jafnt milli olíufélaganna þriggja.<sup>1875</sup> OHF lýsir þessu þannig að flugviðskiptum sem greidd séu fyrir reiðufé eða með almennum kreditkortum væri skipt milli olíufélaganna með

<sup>1870</sup> Ódagsett bréf Hallgríms Jónassonar Olís til Smára Þ. Sigurðssonar OHF (Hs. nr. 1937).

<sup>1871</sup> Bréf Smára Þ. Sigurðssonar OHF til Hallgríms Jónassonar Olís, dags. 3.2.1995 (Hs. nr. 1937).

<sup>1872</sup> Tölvupóstur ritara forstjóra Olís til Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 24.7.1995 (Hs. nr. 5864).

<sup>1873</sup> Ódagsett skýrsla frá Olís „*Samantekt um skiptingu sölu milli Olíufélaganna.*“ (Hs. nr. 4324). Með skýrslunni eru ýmis fylgiskjöl t.d. reikningar og eru þeir dagsettir seinni hluta árs 1995. Af þessu m.a. dregur samkeppnisráð þá ályktun að skýrslan sé frá árslokum 1995 eða upphafi árs 1996.

<sup>1874</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1875</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

þeim hætti að þau flyttust til skiptis milli olíufélaganna, án tillits til magns í hverju tilviki. EAK legði greiðslur vegna þessara viðskipta inn á bankareikninga olíufélaganna.

Olís hefur upplýst að þegar EAK hafi hafið rekstur sinn hafi olíufélögin þurft að koma sér saman um það á hvaða verði þyrfti að selja ósamningsbundnum viðskiptavinum eldsneyti sem staðgreiddu eða greiddu með almennum greiðslukortum.<sup>1876</sup> Þau hafi ákveðið eitt verð sem þau nefna „*posted airport price*“ (PAP) sem gildi gagnvart þessum viðskiptavinum. Þetta verð væri mun hærra en það verð sem gildi gagnvart samningsbundnum viðskiptavinum. Olís vísar til þess að slíkt samræmt verð sé alþekkt á flugvöllum erlendis. Jafnframt vill Olís leggja áherslu á að um væri að ræða samræmt verð á vegum sjálfstæðs samrekstrarfélags en olíufélögin sjálf hefðu ekki slíkt samræmt verð. OHF hefur einnig greint frá að EAK ákveði verð á eldsneyti til þessara viðskiptavina.<sup>1877</sup> PAP væri hið opinbera verð á eldsneyti hjá EAK og væri þetta samkvæmt alþjóðlegri fyrirmynd. Ef viðskiptavinur óskaði eftir tilboði í tiltekið magn fengi hann verðtilboð frá olíufélögunum og væru þau án samhengis við PAP verðið. OHF heldur því fram að PAP verðið hefði í reynd verið ákveðið af umsjónaraðila EAK og engin umræða hafði farið fram um þá ákvörðun meðal olíufélaganna, hvorki innan stjórnar EAK né annars staðar. Ber OHF og Olís ekki saman að þessu leyti. Forstjóri Skeljungs hefur orðað þetta með þeim hætti að EAK seldi öllum ósamningsbundnum viðskiptavinum eldsneyti á sama verði.<sup>1878</sup>

Í athugasemdum OHF segir að lítill ágreiningur sé um þessi atvik málsins. Hins vegar telji félagið að þær ályktanir sem Samkeppnisstofnun dragi af gögnunum í frumathugun I séu óviðunandi. Í athugasemdum OHF er síðan gerð grein fyrir því að EAK sé rekin að erlendri fyrirmynd. Í rekstri slíkra stöðva sé lögð mikil áhersla á fyllsta hlutleysi í starfi þeirra og engin markaðs- eða sölutengd starfsemi eigi sér þar stað. Sagt er að nær allir flugvellir sem OHF sé kunnugt um hafi sitt PAP og í sumum tilvikum sé skylt að hafa slíkt verð til staðar á afgreiðslustað. Fullyrt er að olíufélögin sjálf hafi ekki komið að ákvörðun PAP og að samkeppni milli flugvalla hafi haldið því verði niðri. Síðar segir í athugasemdunum: „*Umbj. okkar braut ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga með háttsemi sinni í tengslum við sölu eldsneytis til ósamningsbundinna viðskiptavina á Keflavíkurlflugvelli. Viðskiptavinum var frjálst að semja við hvaða félag sem það óskaði eftir um verð. Stjórn EAK sf. ákvað hins vegar það verð sem nota skyldi ef viðskiptavinir kærðu sig kollótta um við hvaða félag þeir keyptu eldsneyti af. Þó svo EAK sf. sé í eigu olíufélaga er það staðreynd að olíufélögin sem slík komu aldrei að umræddum verðákvörðunum.*

<sup>1876</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1877</sup> Minnisblað Smára Þ. Sigurðssonar til Samkeppnisstofnunar um verð til ósamningsbundinna viðskiptavina o.fl., dags. 7.10.2002.

<sup>1878</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

*Umbj. okkar telur að ekki sé hægt að í ljósi þess hve aðstæður eru sérstæðar við sölu eldsneytis á flugvöllum eins og Keflavíkurflugvelli hafi ekki verið um aðrar leiðir að ræða en þá sem farin var. Jafnvel þó svo að fyrirkomulagið kunní að fela í sér skiptingu markaðar er ekki um aðrar leiðir að ræða sem betur eru til þess fallnar að stuðla að því markmiði að auka samkeppni og stuðla að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. samkeppnislaga. Fyrirkomulagið á Keflavíkurflugvelli er auk þess í samræmi við þær leiðir sem farnar hafa verið á sambærilegum flugvöllum erlendis. Af framansögðu telur umbj. okkar að jafnvel þó svo talið verði að umrætt fyrirkomulag hafi brotið gegn kröfum 10. gr., verði ekki beitt viðurlögum vegna þess.“*

Að mati samkeppnisráðs er ótvírætt að olíufélögin hafi gripið til aðgerða til að skipta á milli sín sölu til framangreindra ósamningsbundinna viðskiptavina. Slík markaðsskipting fer gegn 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er ljóst að olíufélögin hafi samræmt útsöluverð á eldsneyti til ósamningsbundinna viðskiptavina. Af úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001 leiðir skýrlega að verðsamráð er jafn ólöglegt hvort sem það er framkvæmt af viðkomandi keppinautum sjálfum eða það er framkvæmt innan vébanda félags eða fyrirtækis í eigu viðkomandi keppinauta. Það hefur því enga þýðingu varðandi beitingu 10. gr. samkeppnislaga í málinu hvort umrætt verð var ákveðið sameiginlega af olíufélögunum í hvert sinn eða af því olíufélagi sem var umsjónaraðili EAK hverju sinni og var falið að ákveða slíkt í umboði hinna félaganna. Engu breytir heldur þó þetta fyrirkomulag kunní að vera þekkt á erlendum flugvöllum eða hvort sérstakar aðstæður á Keflavíkurflugvelli hafi að einhverju leyti kallað á samvinnu. Hafi olíufélögin raunverulega talið að vegna einhverra slíkra aðstæðna hafi samvinna þeirra verið nauðsynlega var þeim í lófa lagið að láta reyna á undanþáguákvæði 16. gr. samkeppnislaga. Það gerðu olíufélögin ekki og geta því í málinu ekki borið fyrir sig sérstakar aðstæður varðandi þessi brot félaganna. Hafa þessi brot gegn 10. gr. varað a.m.k. á tímabilinu 1995–2001.

## 2.2. Markaðsskipting og samráð vegna útboða erlendra flugfélaga

Eins og lýst var hér að framan var einn tilgangur olíufélaganna með sameiningu afgreiðslustöðvanna á Keflavíkurflugvelli m.a. að stöðva „undirboð“ og ná fram markaðsskiptingu í sölu til erlendra flugfélaga. Þetta náði fram að ganga. Áður en rætt er um samstarf olíufélaganna að þessu leyti er rétt að gera stuttlega grein fyrir eðli þessara viðskipta.

Samkvæmt lýsingu deildarstjóra flugþjónustu OHF er markaðurinn fyrir sölu á olíuvörum til erlendra flugfélaga í eðli sínu mjög alþjóðlegur.<sup>1879</sup> OHF sé á þessu sviði í samfloti með Exxon/Mobil olíufélaginu (áður Exxon). Að mestu leyti sé um að ræða samningsbundin viðskipti sem boðin séu út, yfirleitt til eins árs í senn en stundum til

<sup>1879</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 30.5.2002.

þriggja ára eða lengri tíma. Oft sé um það að ræða að flugfélag bjóði út viðskipti sín á mörgum flugvöllum í einu, en stundum séu þó aðeins boðin út innkaup þess á einum flugvelli. Flugrekendur geri áætlanir um ársnotkun sína á eldsneyti. Þegar þeir efni til útboðs komi þeir upplýsingum á framfæri við stóru alþjóðlegu olíufyrirtækin. Þau starfræki flest deildir í London sem sérhæfi sig á þessu sviði. Þær taki við tilboði frá tengdum olíufélögum og stjórnri samskiptum við kaupanda á tilboðsferlinu. Stóru flugfélögin snúi sér þannig ekki beint til íslensku olíufélaganna heldur til alþjóðlegu fyrirtækjanna sem þau tengjast. Skeljungur sé í tengslum við Shell International og Olís í tengslum við BP og Chevron/Texaco. Þetta kemur heim og saman við gögn frá Skeljungi. Í skjali frá árinu 2000 sem fjallar um stefnumótun í flugþjónustu kemur fram að öll stærri viðskipti við erlenda flugrekstraraðila séu samningsbundin, oftast til eins árs, og gerð á grundvelli útboða.<sup>1880</sup> Shell-félag í viðkomandi heimalandi hvers flugfélags gangi frá tilboðum en Skeljungur ákveði verð fyrir viðskiptin. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hefur gert grein fyrir því að Skeljungur og alþjóðlegt samstarfsfyrirtæki þess, Shell Aviation, ræði um stefnumörkun gagnvart tilboðum til einstakra flugfélaga.<sup>1881</sup>

Samkvæmt lýsingu deildarstjórans hjá OHF er tilboðs- og samningaferli við kaupendur með ýmsu móti. Farið sé yfir alla þá staði þar sem viðkomandi flugrekandi þurfi að kaupa eldsneyti og reynt að átta sig á stöðu mála. Margir kaupendur telji best að halda leyndum upplýsingum um fram komin tilboð, en aðrir séu opnari og liggi ekki á upplýsingum. Að því er OHF varðar annist Exxon/Mobil öll samskipti við kaupendur í þessu ferli og hafi m.a. það hlutverk að koma upplýsingum á framfæri við tengd olíufélög, s.s. OHF. Þau tilboð sem aðilar geri upphaflega séu yfirleitt ekki endanleg, heldur hefjist samningalotur í framhaldi af þeim. Þær endi með því að aðilar geri lokatilboð. Kaupandi áskilji sér venjulega rétt til þess að taka tilboði sem hann telji sjálfur vera hagstæðast.

OHF hefur einnig greint frá því að miðað við smæð Keflavíkurflugvallar sé þar um ótrúlega mörg félög að ræða sem óski tilboða, en magnið í hverju tilviki sé hins vegar yfirleitt mjög lítið, en mörg félög sem fljúgi yfir Norður-Atlantshaf líti á Keflavíkurflugvöll sem öryggisflugvöll. Cargolux hefði áður verið stór aðili í þessum viðskiptum, en félagið sé nú hætt að fljúga hingað til lands. Umfangið sé mest í viðskiptum yfir sumartímamann við erlend leiguflugfélög, s.s. Azzura, Iberworld, LTU, Go, Aero Lloyd og Canada 3000. Canada 3000 hefði raunar verið lýst gjaldþrota.

---

<sup>1880</sup> *Stefnumótun 2000 – flugþjónusta* - (Hs. nr. 8215 p).

<sup>1881</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi, dags. 7.11.2002.



Samkvæmt upplýsingum frá OHF var á árinu 1993 hörð verðsamkeppni milli olíufélaganna í þessum viðskiptum og hefði Skeljungur staðið aðallega fyrir henni.<sup>1882</sup> Skjalið „Viðræður olíufélaganna“ frá 1993 sem fannst hjá forstjóra Skeljungs staðfestir þessa samkeppni en þar eru aðstæður í sölu til erlendra flugvéla sagðar óviðunandi og rætt er um að „taka á erlendu flugvélunum, t.d. með því að aðilar hafi í friði einhver tiltekin föst viðskipti þannig að hægt verði að ná betri verðum við endurnýjun samninga.“<sup>1883</sup> Samkeppnisráð telur að olíufélögin hafi ekki náð, a.m.k. ekki að fullu, að takmarka þessa verðsamkeppni milli olíufélaganna strax við sameiningu afgangslustöðvanna á árinu 1994 þar sem gögn málsins sýna að samkeppni hafi ríkt milli þeirra á árinu 1995 í tilboðum til erlendra flugfélaga. Hugsanlegt er að sú leið hafi verið farin sem Olís mælti með í minnisblaðinu frá desember 1993 að taka á þessum málum í tveimur skrefum, sbr. umfjöllun hér að framan. Fyrsta skrefið hafi verið að sameina afgangslustöðvarnar og seinna skrefið síðan að „leysa það vandamál sem felst í undirboðum til erlendra flugfélaga.“<sup>1884</sup> Gögn frá Olís sýna að á árinu 1995 hafi verið ríkur vilji innan félagsins til að leysa þetta „vandamál.“

Þann 21. apríl 1995 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá félaginu.<sup>1885</sup> Efni póstsins er sagt vera flugþjónusta og greint er frá því að Olís sé að missa viðskiptin við Canada 3000 yfir til OHF en þetta flugfélag var á þessum tíma í allmiklum viðskiptum við Olís. Síðan segir í tölvupóstinum:

*„Fleiri geta farið þessa leið og þetta verður að stöðva með einhverjum ráðum. Athuga verður hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um þessi mál og í raun fáránlegt að þessi staða sé komin upp gagnvart útlendingum, þ.e. að olíufélögin skuli vera að bjóða þetta niður eftir að samkomulag/samrekstur hefur tekist um þessa afgreiðslu og allur fastur kostnaður sýnilegur. Legg til að við hittumst við fyrsta tækifæri í dag!“*

Olís tókst ekki að stöðva þessa samkeppni og OHF náði viðskiptunum við Canada 3000 og Cargolux. Þetta kemur fram í tölvupósti framkvæmdastjóra stórnotendasviðs til markaðsstjóra Olís.<sup>1886</sup> Í honum segir einnig að verið væri að vinna að skýrslu um málið „en þetta þarf að leysast á forstjóralevel til að stöðva þessi vitlausu undirboð.“

<sup>1882</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 30.5.2002.

<sup>1883</sup> Hs. nr. 7082.

<sup>1884</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað vegna fundar Harðar Helgasonar (Olís), Bjarna Sn. Jónssonar (Skeljungur) og Bjarna Bjarnasonar (OHF), dags. 3.12.1993

<sup>1885</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Thomasar Möller, dags. 21.4.1995 kl. 10:13.

<sup>1886</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Thomasar Möller, dags. 25.4.1995 kl. 10:24.

Á árinu 1996 náðist síðan samkomulag milli olíufélaganna um að draga úr samkeppni í þessum viðskiptum. Deildarstjóri flugþjónustu hjá OHF hefur greint frá því að verðstríðinu hafi lokið með uppgjöf Skeljungs.<sup>1887</sup> Í skýrslu hans segir:

*„Sagði SPS<sup>1888</sup> að Gunnlaugur Helgason hjá Skeljungu hefði hringt í sig og sagt að nóg væri komið af blóðugu verðstríði og nú yrðu félögin að hætta þessu. Trúlega hefði þetta verið sumarið 1996. Af hálfu Skeljungs var sagt að koma þyrfti einhverjum „skikk“ á þennan markað. OHF hefði fallist á þetta, enda höfðu mál á þessum tíma þróast út í tóma vitleysu. Í kjölfar þessa frumkvæðis Skeljungs hefði verðstríðið fjarað út á markaðnum.“*

Samkeppnisstofnun hefur spurt Olís hvort fyrirtækið kannist við þetta. Í skýrslu umrædds framkvæmdastjóra stónotendasviðs hjá Olís segir þetta:

*„JH kvaðst muna eftir verðstríði olíufélaganna í tengslum við Canada 3000 og fleiri félög. Hafi menn verið komnir í stríð sem allir hlutu að tapa á og farnir að bjóða útlendingum eldsneyti undir kostnaðarverði. Um þetta hafi að hans mati fulltrúar allra olíufélaganna verið sammála. Hefðu olíufélögin þrjú því ákveðið að slíðra sverðin og bjóða í af meiri skynsemi. Aðspurður um það hvernig það hafi borið að verðtilboð félaganna breyttust sagði JH að væntanlega hafi menn rætt það óformlega á vettvangi EAK hvort vilji væri til að halda áfram verðlagningu sem leiddi til taps hjá öllum aðilum. Niðurstaðan hafi orðið sameiginlegur skilningur um að bregðast við þessu verðstríði með því að taka upp aðra verðstefnu gagnvart útlendingum.“<sup>1889</sup>*

Olís hefur hins vegar sagt að þrátt fyrir þessa sameiginlegu niðurstöðu hafi félögin ekki alltaf getað hamið sig og því ekki ríkt „*allsherjarfriður*.“ OHF hefur lýst þessu með þeim hætti að á „*friðartímum væru einnig alltaf einhverjar skærur*“.

Forstjóri Olís hefur greint frá því að svo geti verið að olíufélögin hafi komið sér saman um að láta samningsbundna viðskiptavinum á þessu sviði í friði „*því að á árunum 1995–96 hafi ennþá eimt eftir af þeim áratugagamla „kúltúr“ í samskiptum félaganna sem hann hefði áður getið um.*“<sup>1890</sup> Áðurnefndur framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda hjá Olís hefur einnig greint frá því að innan m.a. EAK hafi

<sup>1887</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 30.5.2002.

<sup>1888</sup> Smári Þ. Sigurðsson deildarstjóri flugþjónustu OHF.

<sup>1889</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1890</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

olíufélögin verið að „þoka verðlagningarmálum í skynsemissátt“ en heilindin í því samstarfi hafi ekki verið mikil.

Samkeppnisráð telur að í þessum samkomulagi olíufélaganna hafi falist samstarf um að hækka verð í þessum viðskiptum og skipta viðskiptavinum milli félaganna. Þetta hafi falist í sameiginlegum skilningi á því að olíufélögin myndu vegna þessara útboða ekki reyna að ná viðskiptum við þau erlend flugfélög sem væru sammingsbundin tilteknu olíufélagi. Með öðrum orðum að láta í þessum útboðum viðskiptavini hvers annars í friði. Hér verður einnig að hafa í huga að sú hugtakanotkun olíufélaganna að segja einhver tiltekin flugfélög hafi verið sammingsbundinn þeim í tengslum við útboð stenst ekki. Með útboðunum voru þessi flugfélög vitaskuld að leita eftir viðskiptum við það olíufélag sem byði best í hverju tilviki fyrir sig, alveg án tillits til eldri samninga sem fallnir hafi verið úr gildi. Eins og nánar verður gerð grein fyrir var framkvæmd þessa samkomulags olíufélaganna kölluð að „bjóða skv. gildandi fyrirkomulagi“.

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Skeljungs hvort hann gæti staðfest að framangreint samkomulag hefði náðst. Í svari hans segir „að vel gæti verið að fulltrúar olíufélaganna hafi einhvern tíma rætt um tilboð til erlendra flugfélaga.“<sup>1891</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi um hið sama. Í skýrslu hans segir:

*„FS tók fram að hann hafi ekki tekið við umsjón þessara viðskipta fyrr en á árinu 2001. Eftir því sem honum skildist hafi olíufélögin við stofnun EBK og EAK gert ráð fyrir að einhver jöfnuður yrði á viðskiptum við erlend flugfélög sem leituðu eftir verðtilboðum hér á landi en ekki væru sammingsbundin við olíufélögin. FS kannaðist hins vegar ekki við að menn hafi bundist samkomulagi um þessi viðskipti. Málin hafi einfaldlega þróast í þann farveg að hvert félag bauð hagstætt í fasta viðskiptavini sína en jafnaðarlega hærra í viðskiptavini hinna olíufélaganna.“<sup>1892</sup>*

Aðstoðarforstjóri Skeljungs hefur sagt að það hefði verið stefna Skeljungs að bjóða vegna þessara útboða „jafnaðarlega“ hærra verð gagnvart viðskiptavinum sem hefðu verið í viðskiptum við hin olíufélögin en í tengslum við útboð viðskiptavina Skeljungs.<sup>1893</sup> Samkvæmt þessum lýsingum segist Skeljungur hugsanlega hafa rætt við keppinauta sína um tilboð til erlendra flugfélaga og að félögin hafi gert ráð fyrir „jöfnuði“ á þessum viðskiptum. Jafnframt lýsir Skeljungur því yfir að framkvæmdin hefði verið sú að hvert félag hefði boðið lægra verð vegna útboða eigin viðskiptavina

<sup>1891</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>1892</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi, dags. 25.10.2002

<sup>1893</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

en hærra verð í útboðum viðskiptavina hinna félaganna. Þrátt fyrir að Skeljungur segi að ekkert samkomulag hafi náðst styður þessi framburður félagsins þá skoðun samkeppnisráðs að olíufélögin hafi haft með sér samráð á þessu sviði.

Í athugasemdum OHF segir að starfsmaður Skeljungs hefði hringt í félagið sumarið 1996 „og sagt að koma þyrfti á einhverjum „skikk“ á markaðinn þar sem verið væri að borga með eldsneytinu. Starfsmaður umbj. okkar var ekki ósammála þessu. Í kjölfar þessa frumkvæðis SKEL hefði verðstríðið fjarað út. Svipaður skilningur virðist hafa verið uppi í viðræðum Olís og SKEL. Umbj. okkar mótmælir því þó að þetta lýsi einhverju samkomulagi sem brjóti gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Verði talið að um brot gegn 10. gr. samkeppnislaga hafi verið að ræða verður að horfa til þess að niðurstaðan á markaðnum hefði orðið hin sama hvort sem meint samkomulag hefði náðst eður ei. Verðstríð á markaði, þar sem vara er seld undir kostnaðarverði, enda alltaf með því að verðið fer upp fyrir kostnaðarverð, annað hvort eftir að einhver samkeppnisaðili yfirgefur markaðinn eða áður en slíkt gerist. Verðstríð eru kostnaðarsöm og geta verið langvinn ef um stöndug fyrirtæki er að ræða. Á fákeppnismörkuðum eins og íslenska olíumarkaðnum eru allar líkur á að jafnvægi náist í verðlagningu án þess að fyrirtækin þurfi beinlínis að sammælast um það. Það tímamark var einfaldlega komið að olíufélögin öðluðust skynsemi og hættu að borga með eldsneytinu. Meint samkomulag breytti engu þar um.“ Í athugasemdum OHF er því mótmælt að samráð hafi verið haft um markaðsskiptingu. Fullyrt er að engar viðræður hefðu átt sér stað um það hvernig boðið skyldi í viðskipti erlendra flugfélaga þó svo lítillaga hefði verið minnst á það í viðræðum félaganna að það gengi ekki til lengdar að félögin borguðu með því eldsneyti sem þau seldu. Olíufélögin hefðu hins vegar óttast að missa viðskiptavini sína og hafi því verið tilbúin að bjóða þeim hagstæðari kjör en öðrum aðilum sem þau höfðu ekki þekkt til. OHF kveðst því ekki hafa verið aðili að umræddu samkomulagi. Hafi verið brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga hafi verið um að ræða afmörkuð tilvik. Lengst af hefði staðið yfir verðstríð á þessum markaði og löng verðstríð bendi ekki til allsherjarsamkomulags milli keppinauta. Komi til viðurlaga verði að horfa til þess að þessi meintu brot hefðu ekki haft teljandi áhrif á markaðinn.

Samkeppnisráð telur gögn málsins gefi skýrt til kynna að í gildi hafi verið samkomulag um markaðsskiptingu og samráð í útboðum á þessu sviði. Hér má m.a. líta til þess að OHF hefur sjálf upplýst að það hafi fallist á það með Skeljungi sumarið 1996 að koma „skikk“ á þennan markað. Félögin lýstu þannig yfir sameiginlegum vilja sínum til að hegða sér á markaði með tilteknum hætti og er því ótvírætt um að ræða samning í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun í kafla III 1.2.1. Gögnin gefa ótvírætt til kynna að markaðsskipting fólst einnig í þessum samningi. Varðandi tilvísun OHF til verðstríðs á þessu sviði ber að hafa í huga framangreind gögn frá 1993–1995 sem sýna tilraunir olíufélaganna til að ná tókum á

Þessari samkeppni milli félaganna. Það tókst sumarið 1996. Ber og að hafa í huga önnur atriði sem olíufélögin urðu ásátt um á árinu 1996, sbr. t.d. samkomulag þeirra um að ræða saman vegna allra útboða og almennt samráð um að auka álagningu og bæta þar með framlegð félaganna af sölu eldsneytis. Voru öll þessi atriði hluti af hinu samfellda samráði olíufélaganna.

Ráðið telur að gögnin sýni að þetta samkomulag á sviði flugviðskipta hafi verið í gildi frá miðju ári 1996 til og með ársins 2001, sbr. einnig skýrslur OHF og Olís.<sup>1894</sup> Verður nú gerð grein fyrir gögnum frá árunum 1997, 1998, 2000 og 2001 sem styðja þetta.

### 2.2.1. Íslandsflug og European Air Transport

Í gögnum málsins er að finna handskrifað minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda hjá Olís, dags. 9. september 1997.<sup>1895</sup> Minnisblaðið lýsir viðræðum Olís og Skeljungs um Íslandsflug og erlenda flugfélagið European Air Transport (EAT). Forsaga þessa er sú að Íslandsflug hafði á þessum tíma tekið að sér leiguflug fyrir EAT en það flugfélag hafði annast flutninga fyrir hraðsendingafyrirtækið DHL. EAT var á árinu 1997 sammingsbundið Skeljungi en Íslandsflug var í viðskiptum við Olís. Að sögn Olís var sammingsverð Íslandsflugs við Olís væntanlega lægra en það verð sem EAT stóð til boða hjá Skeljungi. Því hefði EAT gjarnan viljað komast inn í samninginn milli Olís og Íslandsflugs.<sup>1896</sup> Samkvæmt upplýsingum Olís hefði Íslandsflug einnig viljað tryggja Olís viðskipti vegna þessa leiguflungs og viljað að um þau gildi viðskiptasamningur félagsins við Olís. Flug Íslandsflugs fyrir EAT hefði hins vegar verið á flugnúmerum EAT og hefði Olís sagt við Íslandsflug að ef flugnúmerunum yrði breytt í flugnúmer Íslandsflugs félli þetta undir samning þeirra við Olís.

Í umræddu minnisblaði Olís frá 9. september 1997 segir að það hafi verið tekið saman vegna beiðni Íslandsflugs um verðtilboð í Keflavík. Þar er einnig haft eftir starfsmanni Skeljungs að EAT vilji fá verðlækkun vegna fyrirhugaðra mikilla viðskipta. Einnig er haft eftir Skeljungi að fyrirtækið hafi fengið „meldingu“ frá Shell erlendis um að búast mætti við mikilli samkeppni frá BP (Olís). Síðan segir í minnisblaðinu:

*„GH<sup>1897</sup> og JH<sup>1898</sup> sammála að ekki sé hægt að leyfa Íslandsflugi og EAT að pína niður verðið með þessum hætti. GP<sup>1899</sup> sagði við GH að EAT myndi*

<sup>1894</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002. Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 30.5.2002.

<sup>1895</sup> Handskrifað minnisblað með yfirskriftinni *Íslandsflug*, dags. 9.9.1997 (Hs. nr. 4325).

<sup>1896</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1897</sup> Gunnlaugur Helgason Skeljungi.

<sup>1898</sup> Jón Halldórsson Olís.

<sup>1899</sup> Starfsmaður Íslandsflugs hf.

*borga þennan reikning í lokin svo að þess vegna væri áhugi þeirra svona mikill fyrir þessu máli.“*

Samkvæmt þessu hafa Olís og Skeljungur ákveðið að standa saman gegn þessum tilraunum viðskiptavina sinna til þess að fá hagstæðari kjör. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hefur upplýst að Skeljungur hefði í þessu tilvik gert athugasemdir við að Olís hefði gert EAT tilboð um verð sem væri lægra en falist hafi í gildandi viðskiptasamningi Skeljungs við EAT á þessum tíma.<sup>1900</sup> Í skýrslu hans segir einnig að gagnrýni Skeljungs hafi „snúist um að Olís væri ekki að gera tilboð í viðskipti sem Skeljungur hafði þegar samning um á gildistíma samningsins.“ Síðan segir að Skeljungur og Olís „hafi verið sammála um að félögin ættu ekki að vera að senda tilboð í viðskipti sem samningur væri í gildi um.“ Jafnframt kemur fram í skýrslu framkvæmdastjórans að Skeljungur og Olís hafi verið sammála um að flugnúmer réðu því hvar viðskipti lentu. Af skýrslu OHF verður ekki annað ráðið en félagið hafi haft vitneskju um viðræður Olís og Skeljungs um þetta mál en félagið fullyrðir að það hafi ekki komið nálægt þessum viðskiptum né tekið þátt í umræðum um þau.<sup>1901</sup>

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að þessi atvik málsins séu félaginu óviðkomandi. Samkeppnisstofnun reyni í frumathugun I að tengja félagið við þetta mál með því að draga rangar ályktanir af skýrslu félagsins. Þessi meðferð á sönnunargögnum sé alvarleg og bendi til þess að Samkeppnisstofnun hafi ekki unnið á hlutlægan hátt að rannsókn málsins. OHF hefði staðið utan við þetta meinta samráð Olís og Skeljungs og það væri ekki hluti af samkomulagi sem félagið væri aðili að.

Að mati samkeppnisráðs sýna þessi gögn tilvist samkomulagsins milli félaganna. Framangreind umfjöllun sýnir einnig að olíufélögin hafi ákveðið að flugnúmer eða gildandi viðskiptasamningar kæmu í veg fyrir að þau gerðu viðskiptavinum keppinauta sinna tilboð. Slíkri ákvörðun olíufélaganna var bersýnilega ætlað að vinna gegn tilraunum viðskiptavina þeirra til þess að fá lægra verð og ætlað að festa í sessi markaðsskiptingu olíufélaganna.

Samkeppnisráði er það ljóst að fulltrúi OHF hefur lýst því yfir að félagið hafi ekki tekið þátt viðræðum um þetta tilvik og ekkert í gögnum málsins bendir til annars. Engu að síður verður ekki önnur ályktun dregin af þessum upplýsingum frá OHF en að félagið hafi haft einhverja vitneskju um þessi samskipti Olís og Skeljungs. Það atriði, eitt og sér, dugar hins vegar ekki til að tengja OHF við þetta tilvik. Hér skiptir hins vegar höfuðmáli að sýnt er fram á í málinu að OHF hafi verið aðili að þessu

<sup>1900</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1901</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með fjármálastjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 20.8.2002.

samkomulagi og því hafi félaginu mátt vera ljóst að Olís og Skeljungur myndu grípa til aðgerða í samræmi við það, sbr. kafla III. Var þetta tilvik því hluti af framkvæmd á þessu samkomulagi í samræmi við hið samfellda samráð olíufélaganna.

### 2.2.2. Sterling European og Arrow Air

Í gögnum málsins er að finna tölvupóst frá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís til Texaco.<sup>1902</sup> Tölvupósturinn er frá því í maí 1998 og varðar tilboð til flugfélaganna Sterling European og Arrow Air en tilboð í þessum flugviðskiptum eru iðulega gerð í samvinnu við erlend samstarfsfyrirtæki olíufélaganna, sbr. umfjöllun hér að framan. Í tölvupóstinum lýsir Olís yfir undrun yfir því að hafa séð þessi flugfélög á lista Texaco yfir viðskiptavinum í Keflavík. Segist Olís hafa haldið að það væri samkomulag um að ekki yrði boðið í þessi viðskipti án samráðs við félagið. Ljóst er að mati samkeppnisráðs að þarna hafi Texaco boðið í þessi viðskipti flugfélaganna hér á landi í umboði Olís en án þess að hafa haft samráð í þessu tilviki við Olís. Síðan segir framkvæmdastjóri Olís í tölvupóstinum:

*„As you know I have been trying to get the margins up for the last couple of years and by this you are putting me into a very difficult situation. It has taken me a lot of effort to get the margins as where they are now even we do not hold so much of the business. I 'am loosing face here Clive and I will not accept that!!*

*Sterling European has been a Shell contract for many years and I said NO when the Shell guy asked me if I was offering +15.5!!*

*I do not have a choice but to ask you to redraw your offer, Sterling European and Arrow Air. In future you have to consult with me before you place bids in Iceland.“*

Í þessum tölvupósti lýsir Olís því beinlínis yfir að fyrirtækið hafi um árabil verið að reyna að hækka verð í þessum flugviðskiptum. Þá kemur fram að sú viðleitni hafi komist í uppnám þegar þessi samstarfsaðili Olís hafi, án þess að bera það undir Olís, boðið sammingsbundnum viðskiptavinum Skeljungs tiltekið verð. Jafnframt hafi Olís neitað því í samtali við Skeljung að hafa boðið viðskiptavinum Skeljungs umrætt verð. Í ljósi þessa krefst Olís þess að Texaco dragi til baka tilboð sín til þessara flugfélaga og bjóði ekki hér á landi án samráðs við Olís. Tilgangur þeirrar kröfu Olís hefur að mati samkeppnisráðs verið að vernda umrætt samkomulag olíufélaganna á þessu sviði. Felur þessi tölvupóstur í sér skýra staðfestingu á samkomulaginu og tilgangi þess. Umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís hefur staðfest að þetta mál væri í samræmi við

---

<sup>1902</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Clive Dennis (Texaco), dags. 4.5.1998.

samstarf olíufélaganna um þessi flugviðskipti sem hann hafi upplýst Samkeppnisstofnun um.<sup>1903</sup>

Varðandi áhrif samkomulagsins má horfa til tölvupósts frá Texaco til Olís frá því 18. september 1998.<sup>1904</sup> Af tölvupóstinum má ráða að Texaco hafi greint frá því að flugfélagið SAS væri ekki tilbúið að fallast á tiltekið tilboðsverð Olís þar sem það sé of hátt. Sagt er frá því að SAS hafi haldið því fram að það væru engin efnahagsleg rök („*no economic justification*“) fyrir því verði sem krafist væri. Einnig að SAS hefði bent á í því sambandi að kostnaður olíufélaganna hefði farið lækkandi vegna samvinnu á Keflavíkurflugvelli.

OHF segir í athugasemdum sínum að þetta tilvik varði ekki félagið. Samkeppnisráð bendir hér á að OHF var aðili að þessu samkomulagi og því mátti félaginu vera ljóst að aðrir aðilar að því myndu grípa til aðgerða í samræmi við það.

### 2.2.3. Corsair

Í júní 1998 bauð franska flugfélagið Corsair út kaup á eldsneyti hér á landi. Ljóst er að olíufélögin höfðu samskipti vegna þessa útboðs. Þann 25. júní 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til starfsbræðra sinna hjá Skeljungu og OHF sem fóru með flugviðskipti hjá félögunum.<sup>1905</sup> Í tölvupóstinum kveðst framkvæmdastjórinn hjá Olís ekki hafa náð í þessa starfsmenn hinna félaganna. Spyr hann hvort þeir kannist við Corsair flugfélagið. Starfsmaður Skeljungs svaraði með þessum hætti:

*„CORSAIR, franskt flugfélag hefur ekki komið hingað svo ég viti en boðið út á hverju ári, í þetta sinn magn upp á 82 KL. Þú ert búinn að vera í símanum meðan ég er að skrifa þetta svo ég læt þetta fara.“*

Rúmlega klukkustund síðar sendi Olís tilboð sitt vegna Corsair útboðsins og var það sent með tölvupósti til Texaco. Í tölvupóstinum sagði Olís: „*It seems that they have never been in Iceland but they do have an agreement with Esso. My bid is +20.*“ Texaco svaraði með þessum hætti tæplega klukkustund síðar:

<sup>1903</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

<sup>1904</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Clive Dennis (Texaco) til Jóns Halldórssonar, dags. 18.9.1998 kl. 17:37.

<sup>1905</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Jóni Halldórssyni til Gunnlaugs Helgasonar og Smára Sigurðssonar, dags. 25.6.1998 kl. 13:45. Svar Gunnlaugs Helgasonar til Jóns Halldórssonar 25.6.1998 kl. 13:52.



*„Jon, customer does NOT have any agreement with Esso or anybody. I don't think that you are being told the truth. We have substantiated that with customer. We are at 0.1850 now and will not move any more.“<sup>1906</sup>*

Af framangreindu er rökrétt að draga þá ályktun að OHF hafi upplýst Olís um að Corsair væri samningsbundið OHF. Tilgangur þessara samskipta hafi verið að tryggja að samkomulag olíufélaganna yrði ekki brotið. Í ljósi þessara upplýsinga OHF hafi Olís boðið 20 cent/gallon. Síðan hafi Texaco sannreynt að Corsair hefði ekki verið viðskiptavinur OHF og verið tilbúið að bjóða 18.5 cent/gallon. Að mati samkeppnisráðs bauð Olís herra verð til þess að eiga ekki á hættu að taka þessi viðskipti af OHF og virti Olís þar með samkomulag félaganna. Umræddur framkvæmdastjóri hjá Olís hefur staðfest að þetta mál væri í samræmi við samstarf olíufélaganna um þessi flugviðskipti sem hann hafi upplýst Samkeppnisstofnun um.<sup>1907</sup>

Í athugasemdum OHF segir að ranglega sé haldið fram í tölvupósti Olís til Texaco, dags. 25. júní 1998, að viðkomandi flugfélag væri í viðskiptum við OHF. Félagið viti ekki hvaðan starfsmaður Olís hefði fengið þessa hugmynd en ljóst væri að OHF hefði ekki rætt þetta mál, enda hefði þá svar OHF fundist við leit Samkeppnisstofnunar hjá Olís. Á OHF hvíli ekki sú skylda að sýna fram á hvaðan starfsmenn annarra fyrirtækja fá einstakar hugdettur. Engin gögn bendi til þess að OHF hefði rætt þetta mál heldur hefði Olís rætt þetta við Skeljung og Texaco. OHF vísar síðan til tölvupósts Texaco til Olís þar sem fram komi að Corsair hefði ekki verið í viðskiptum við félagið. Fullyrðir OHF að þetta gagn sýni hversu auðvelt hefði verið að nálgast upplýsingar frá flugfélögum um það hvort þau væru í viðskiptum við olíufélög. Tilgangslaust hefði því verið fyrir OHF að reyna að blekkja keppinauta sína hjá Olís með því að segjast vera í viðskiptum við félagið. OHF telur ljóst að félagið hafi staðið algerlega fyrir utan meint samráð vegna umrædds útboðs. Engar viðræður hafi farið fram við félagið þessu tengt, þó því hafi borist fyrirspurn sem ekki hafi verið svarað. Hafi eitthvað meint samráð átt sér stað í tengslum við þetta mál hafi það verið afmarkað tilvik og ekki hluti af neinu samkomulagi sem OHF hefði verið aðili að.

Samkeppnisráð ítrekar að Olís sendi OHF tölvupóst og spurðist fyrir um þetta útboð. Rúmlega klukkustund síðar greindi Olís Texaco frá því að þetta flugfélag hefði samning við OHF. Samkeppnisráð telur rökréttast að þessar upplýsingar hafi Olís fengið frá OHF og engar aðrar sennilegar skýringar hafa komið fram. Enga sérstaka ályktun er unnt að draga af því að Samkeppnisstofnun hafi ekki fundið svar OHF við þessum tölvupósti Olís. Þeim tölvupósti kann að hafa verið eytt. Í því sambandi ber

---

<sup>1906</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Clive Dennis (Texaco) og Jóns Halldórssonar, dags. 25.6.1998 kl. 15:06 og 15:59.

<sup>1907</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu, dags. 23.10.2002.

og að líta til þess að Olís sendi sinn tölvupóst til OHF og Skeljungs vegna þess að félagið náði ekki símasambandi við þessa keppinauta sína. Hið sama gerði Skeljungur. Gefur þetta til kynna að olíufélagin hafi kosið að hafa þessi samráðssamskipti sín í gegnum síma. Kann því einnig að vera að OHF hafi svarað Olís símleiðis. Enga skýringu er að finna í gögnum málsins hvers vegna það var ranglega talið að OHF væri í samningssambandi við Corsair. Það skiptir hins vegar ekki máli hér. Það hefur heldur enga úrslitabýðingu jafnvel þótt fallist yrði á það með OHF að þessar röngu upplýsingar hafi ekki verið frá félaginu komnar. Ástæða þessa er sú að Olís taldi eftir sem áður fyrir útboðið að Corsair væri samningsbundið OHF og bauð þess vegna hærra verð en ella til þess að brjóta ekki samkomulagið og hefur viðkomandi framkvæmdastjóri hjá Olís staðfest þetta. Það er þessi hegðun Olís sem staðfestir tilvist samkomulagsins, ásamt framangreindum tölvupósti Olís til OHF og Skeljungs og svari Skeljungs.

#### 2.2.4. Canada 3000

Ljóst er samkvæmt gögnum málsins að á árinu 1997 hafi kanadíska flugfélagið Canada 3000 verið komið í viðskipti við Skeljung og hafi þau viðskipti verið umtalsverð.<sup>1908</sup> Í mars 2000 voru þau viðskipti að venju boðin út. Niðurstaða þess útboðs varð sú að flugfélagið hætti viðskiptum við Skeljung og samdi við OHF. Gögn málsins sýna að þessi niðurstaða vakti óánægju og undrun hjá Skeljungi. Daginn eftir að Skeljungur fékk tilkynningu um að OHF hefði náð viðskiptunum sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til tiltekinna undirmanna sinna.<sup>1909</sup> Í honum kemur fram að samkvæmt þessari niðurstöðu „*virðist liggja fyrir að Esso/Olíufélagið er að ljúga um sitt tilboð. Smári<sup>1910</sup> hlýtur að hafa farið niður fyrir 16 centin, sem þú bauðst. Sé svo þá er nú ekki til setunnar boðið og sýnist nú ný styrjöld vera skollin á.*“ Fyrirtækið ritaði einnig Canada 3000 bréf þar sem beðið var um skýringar á niðurstöðu útboðsins.<sup>1911</sup> Jafnframt hefur OHF upplýst að Skeljungur hafi snúið sér til OHF í þessu máli. Í skýrslu forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu segir þetta:

*„SÞS sagði að Skeljungur hefði á þessum tíma haft samband og kvartað yfir því að OHF væri að fara aftur í sama far og tíðkaðist áður, þ.e. að bjóða undir kostnaðarverði í tiltekin viðskipti. Átti þetta sér stað í tengslum við útboð Canada 3000 vorið 2000 og hefði Skeljungur talið að OHF hefði verið með undirboð í því útboði. SÞS sagði að Skeljungur hefði í þessu sambandi haft í frammi mikil stóryrði sem hann vildi ekki hafa eftir. Því hefði hann talið rétt að ræða mál þetta sérstaklega við GM. ÁE spurði GM um aðkomu hans að þessu máli. GM tók fram að SÞS hefði einkum annast*

<sup>1908</sup> Minnisblað frá Skeljungi, Eldsneytisviðskipti í innanlands- og millilandaflugi og sóknarfæri Skeljungs hf., dags. nóvember 1997 (Hs. nr. 7012).

<sup>1909</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Kristni Björnssyni til Gunnlaugs Helgasonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Friðrik Stefánssonar, dags. 4.4.2000 kl. 16:23.

<sup>1910</sup> Smári Þ. Sigurðsson deildarstjóri flugþjónustu hjá OHF.

<sup>1911</sup> Bréf Skeljungs til Canada 3000, dags. 28.4.2000 (Hs. nr. 7615).

*Þessi samskipti f.h. OHF. SÞS hefði hins vegar komið til sín og bent honum á að OHF væri sakað um að bjóða óeðlilega lágt verð í þessum viðskiptum. Í framhaldi af því hefði hann rætt við Kristinn Björnsson forstjóra Skeljungs og tjáð honum að ekki væri um að ræða verðstríð af hálfu OHF.*<sup>1912</sup>

Í málinu er að finna tölvupóst frá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu til m.a. forstjóra félagsins og aðstoðarforstjóra.<sup>1913</sup> Tölvupósturinn er frá 26. apríl 2000 og í honum segir m.a.:

*„Þann 1. maí lýkur útboðsfresti á LTU með 1200 KL og GO Fly með 150 TA. Þegar hefur verið boðið í þetta skv. gildandi fyrirkomulagi en þessi félög hafa bæði verið hjá Esso. Enn er tími til að senda inn lægri boð, en mín skoðun er sú að GM<sup>1914</sup> hafi ekki sagt rangt til varðandi Can 3000 og því eigi þar við að sitja. Ef við ætlum að sækja á kúnna þeirra er skynsamlegt að bjóða í Cargolux sem býður 1800 TA út í maí. Eruð þið sammála?“*

Þessi tölvupóstur sýnir að Skeljungur hafi tekið trúanlegar þær yfirlýsingar forstjóra OHF að fyrirtækið hefði ekki rofið samkomulagið vegna útboðs Canada 3000. Samræður félaganna hafi þannig afstýrt nýrri „styrjöld“ og friður ríkt áfram. Sökum þessa hafi Skeljungur boðið samkvæmt „gildandi fyrirkomulagi“ vegna útboðs tveggja flugfélaga sem hefðu verið í viðskiptum við OHF en tekið fram að enn væri unnt að bjóða lægra verð í þessi viðskipti. OHF hefur staðfest að hugtakið „gildandi fyrirkomulag“ í þessum útboðum hefði haft skýra merkingu sem stjórnendur olíufélaganna hafi skilið. Í þessu gildandi fyrirkomulagi fólst að bjóða ekki „óeðlilega“ lágt verð og reyna ekki með tilboðum að ná viðskiptum við erlend flugfélög sem voru „samningsbundin“ öðru olíufélagi.

Höfundur tölvupóstsins hefur gefið takmarkaðar skýringar á honum og breyta þær ekki framangreindri túlkun á skýru orðlagi tölvupóstsins.<sup>1915</sup> Hann hefur þó sagt til skýringar að olíufélögin hefðu gert ráð fyrir einhverjum jöfnuði varðandi viðskipti við erlend flugfélög sem leituðu eftir verðtilboðum hér á landi, sbr. umfjöllun hér að framan. Þrátt fyrir að hafa mikla þekkingu á þessu sviði viðskipta kveðst aðstoðarforstjóri Skeljungs ekki geta skýrt þennan tölvupóst og hann hafi „ekki velt þessu fyrir sér“ þegar hann hafi fengið þennan tölvupóst.<sup>1916</sup>

<sup>1912</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 30.5.2002.

<sup>1913</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Þ. Stefánssyni til Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Gunnlaugs Helgasonar, dags. 26.4.2000 kl. 14:11.

<sup>1914</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>1915</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

<sup>1916</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

Í athugasemdum OHF við frumathugun I segir að ekki sé umdeilt í málinu að það fyrirkomulag hefði þróast á markaðnum að olíufélögin byðu þeim viðskiptavinum sem þau væru í viðskiptum við betri kjör en öðrum. Þetta hafi verið gildandi fyrirkomulag en það hafi ekki komist á vegna samkomulags félaganna heldur þróunar á fákeppnismarkaði þar sem félögin hafi gert sér grein fyrir því, hvert í sínu lagi, að þau högnuðust ekki á því að standa í blóðugu verðstríði. Samkeppnisstofnun virðist telja að samkomulag hafi verið á milli olíufélaganna um að reyna ekki að ná til sín viðskiptavinum keppinautanna. Í athugasemdum OHF er einnig fjallað um tölvupóst Skeljungs frá 26. apríl 2000 og sagt að í honum segi „að þegar hafi verið boðið í tiltekin viðskipti samkvæmt gildandi fyrirkomulagi. Hins vegar hafi umbj. okkar tjáð SKEL að ekki væri um verðstríð af sinni hálfu að ræða og því sé ekki ráðlegt að bjóða lágt í viðskiptavinum umbj. okkar. Af þessu virðist sem stjórnendur umbj. okkar og SKEL hafi rætt um gildandi fyrirkomulag sem myndast hafði á markaðnum án ólögmeats samráðs.“ Telur OHF að félagið hafi ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga í þessu útboði. Þvert á móti hafi félagið náð til sín viðskiptunum vegna lágs tilboðs. Skeljungur „virðist hafa haft þann skilning að þær venjur sem þróast höfðu á markaðnum án ólögmeats samráðs hafi verið á einhvern hátt bindandi og þess vegna unað því illa að umbj. okkar bauð betur í umræddu útboði. Þau ummæli umbj. okkar um að ekki hafi verið farið út í verðstríð í þessu útboði eru vissulega ógætileg en ekki verður þó talið að þau nægi til að brjóta gegn 10. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppnisráð getur ekki fallist á þessi sjónarmið OHF. Hér er rétt að áréttta að fyrir það fyrsta sýnir tölvupóstur forstjóra Skeljungs frá 4. apríl 2000 að deildstjóri flugþjónustu hjá OHF hafi rætt við Skeljung út af þessu útboði og veitt upplýsingar um tilboð OHF. Deildastjórinn hjá OHF hefur upplýst að Skeljungur hafi snúið sér til hans og kvartað yfir undirboði í þessu tilboði. Forstjóri OHF hefur greint frá því að hafa rætt við forstjóra Skeljungs í tengslum við þetta mál og tjáð honum að ekki væri um að ræða verðstríð af hálfu OHF. Þetta er staðfest í tölvupósti framkvæmdastjórans hjá Skeljungi frá 26. apríl 2000 þar sem efnislega kemur fram að Skeljungur hafi trúað forstjóra OHF varðandi Canada 3000 og því hafi verið boðið samkvæmt „gildandi fyrirkomulagi“ vegna útboða flugfélaga sem verið höfðu í viðskiptum við OHF. Að mati samkeppnisráðs sýna þessi gögn með skýrum hætti fram á tilvist samkomulagsins. Jafnframt er alveg ljóst að þessi samskipti sem slík fela í sér ólögmeatar samstilltar aðgerðir, sbr. m.a. þá yfirlýsingu OHF til Skeljungs að félagið ætli sér ekki í verðstríð. Þar sem hér liggja fyrir skýr gögn um ólögmeat samskipti keppinauta dugur með engu móti fyrir OHF að vísa til sjónarmiða um hegðun fyrirtækja á fákeppnismörkuðum, sbr. kafla III.

### 2.2.5. SAS og Lufthansa

Fyrst í kjölfar hryðjuverkanna 11. september 2001 var allt flug bannað til Bandaríkjanna. Flugvélar sem komnar voru vestur fyrir íslenska flugstjórnarsvæðið og voru á vegum bandarískra og kanadískra flugfélaga lentu í Kanada en öðrum var snúið til Evrópu á ný.<sup>1917</sup> Ein afleiðing þessa var að síðdegis 11. september s.á. lentu tvær þotur frá SAS og tvær frá Lufthansa á Keflavíkurflugvelli til þess að taka eldsneyti.

Þann 12. september 2001 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta og aðstoðarforstjóra félagsins og sagði að hann hafi verið að grennslast fyrir um það hver hafi fengið söluna til SAS og Lufthansa.<sup>1918</sup> Segir forstjórinn að það sé skrytið „að þetta skuli ekki vera á hreinu.“ Framkvæmdastjórinn svaraði forstjóranum þann 13. september 2001 með þessum hætti:

*„4. SAS og Lufthansa*

*Það var engin vaft á því að SAS var samningsbundið Olís og Lufthansa okkur og þannig fór salan.“<sup>1919</sup>*

Í tölvupóstinum sagði framkvæmdastjórinn einnig að hann væri búinn að boða viðræður við formann stjórnar EAK (og starfsmann OHF) „um (endur)skiptingu erl. sölunnar“ í Keflavík og stjórnarformaðurinn viti að hann komist ekki hjá að taka þá umræðu. Síðan segir: „Það er hins vegar jafn ljóst að samningsbundnir kúnnar flytjast ekki á milli (með góðu eða illu) nema á útboðstíma í jan–mars ár hvert. Fyrir þann tíma mun liggja fyrir ný skipan mála í erl. sölu eða keppt verður að hörku um hvern kúnna ella með þeim afleiðingum sem það hefur. Ég tel ekki að þeir kjósi það frekar.“ Jafnframt kemur fram að boðið sé „agressívt“ í hvern „ósamningsbundinn“ víðskiptavin sem komi í Keflavík.

Framkvæmdastjórinn hefur sagt að í þessum tölvupósti væri hann ekki að vísa til sk. „ósamningsbundinna“ víðskiptavina né að ræða um endurskiptingu á þeim víðskiptum.<sup>1920</sup> Eins og gerð var grein fyrir í kafla VII 2.1 hér að framan hafa öll olúfélögin upplýst Samkeppnisstofnun um að á vettvangi EAK væri víðskiptum við þá flugrekendur sem ekki hafa skriflega samninga við eitthvert olúfélaganna skipt jafnt milli félaganna. Framkvæmdastjórinn hefur einnig við skýringu á þessum tölvupósti vísað til þess sem hann hafi upplýst varðandi „jöfnuð“ á víðskiptum við

<sup>1917</sup> Morgunblaðið 12.9.2001.

<sup>1918</sup> Tölvupóstur frá Kristni Björnssyni til Friðriks Stefánssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 12.9.2001 kl. 05:00 (Hs. nr. 8204).

<sup>1919</sup> Tölvupóstur frá Friðriki Stefánssyni til Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 13.9.2001 kl. 12:30 (Hs. nr. 8204).

<sup>1920</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungi, dags. 7.11.2002.

tiltekin erlend flugfélög. Framkvæmdastjórinn hefur ennfremur greint frá því að hann hafi á þessum tíma fengið skýr fyrirmæli frá forstjóra Skeljungs um að hlutur félagsins í þessum viðskiptum þyrfti að vaxa. Aðstoðarforstjóri Skeljungs kveðst ekki geta skýrt þennan tölvupóst sem honum var sendur.<sup>1921</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt umræddan starfsmann OHF um þetta mál. Hann kannast ekki við viðræður við framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi um þetta efni.<sup>1922</sup> Í skýrslu hans segir síðar:

*„Hins vegar gat hann þess að annar starfsmaður Skeljungs, Þorsteinn Pétursson, hafi tvívegis hringt í sig á sl. ári um haustið og gert athugasemdir við að umsvif OHF við sölu til erlendra flugfélaga væru orðin mikil. Hafði þessi starfsmaður Skeljungs verið [að] falast eftir einhverju samstarfi. SPS kvaðst engin viðbrögð hafa sýnt við þessu frumkvæði Skeljungs, en hugsanlega tengdust þau því sem FS nefndi í tilvitnuðum tölvupósti, þ.e. að um væri að ræða tilraun til samningaviðræðna við OHF um skiptingu viðskipta við samningsbundin erlend flugfélög á Keflavíkurflugvelli.“*

Varðandi þennan framburð OHF er rétt að líta til tölvupósts sem sendur var innan Skeljungs í lok mars 2001. Tölvupósturinn er frá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta til m.a. forstjóra félagsins og þess starfsmanns Skeljungs sem nefndur er í skýrslu OHF. Tölvupósturinn varðaði flugviðskipti og í honum segir m.a. annars:

*„Ég hef beðið ÞVP<sup>1923</sup> að kíkja á innbyrðis skiptingu (markaðshlutdeild) í erl. fluginu í Kefl. sl. 2–3 ár til að kanna hvort miklar breytingar hafi orðið okkur í óhag.“<sup>1924</sup>*

Þessi tölvupóstur sýnir fram á að umræddum starfsmanni Skeljungs hafi verið falið að athuga „innbyrðis skiptingu“ á þessum flugviðskiptum og upplýsingarnar frá OHF sýna að í því verkefni fólst að hafa samband við það félag. Þegar öll framangreind gögn eru virt saman telur samkeppnisráð alveg ljóst að Skeljungur hafi í þessu tilviki viljað ræða við a.m.k. OHF um nýja markaðsskiptingu milli félaganna á viðskiptum við samningsbundin flugfélög.

Í athugasemdum OHF segir að gögn málsins bendi ekki til þess að OHF hafi tjáð sig neitt um þessi viðskipti við SAS og Lufthansa. Gögn sem varði frumkvæði Skeljungs

<sup>1921</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>1922</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og deildarstjóra flugþjónustu, dags. 13.11.2002.

<sup>1923</sup> Þorsteinn V. Pétursson starfsmaður Skeljungs.

<sup>1924</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Friðriki Stefánssyni til m.a. Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar og Þorsteins Péturssonar, dags. 26.3.2001 kl. 18:18.

að viðræðum við OHF bendi heldur ekki til þess að neinn vilji hafi verið hjá OHF til samstarfs. Gögn málsins bendi til þess að Skeljungur hafi talið að samkomulag væri milli félaganna um það hvernig viðskiptunum skyldi háttað á markaðnum. Eins og áður hafi komið fram sé skilningur OHF annar. OHF hafi því ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga „í tengslum við umrædd viðskipti. Sú staðreynd að eldsneyti var keypt af öðrum aðila í tiltekið skipti nægir ekki til þess að umbj. okkar teljist sekur um eitt eða neitt. Gögn sem sýna ásókn SKEL til samstarfs benda heldur ekki til sektar umbj. okkar.“

Samkeppnisráð áréttar að gögn málsins sýna að Skeljungur hafi viljað ræða við OHF um nýja markaðsskiptingu í þessum flugviðskiptum þar sem félagið hafi verið óánægt með sinn hlut. Það er hins vegar alls ekki lagt til grundvallar í málinu að OHF hafi fallist á slíka nýja skiptingu. Tölvupóstur Skeljungs frá 13. september 2001 og önnur framangreind gögn fela hins vegar í sér skýra staðfestingu á því að Skeljungur hafi talið að markaðsskipting hafi verið í gildi milli félaganna ella þyrfti ekki að ræða um endurskiptingu á slíkum viðskiptum. Jafnframt sýna framangreind gögn ótvírætt að í september 2001 hafi olíufélögin virt samkomulag þeirra um að reyna ekki að ná „samningsbundnum“ viðskiptavinum hvert af öðru á þessu sviði. Þegar starfsmenn Skeljungs fengu fyrirmæli um að auka hlutdeild félagsins í flugviðskiptum þá höfðu þau samband við keppinaut og gerðu athugasemdir við umsvif hans og fara fram á samstarf. Er þetta bein afleiðing af hinum ríka vilja til samvinnu í því skyni að raska samkeppni sem leiddi af hinu samfellda samráði olíufélaganna.

### 2.3. Niðurstaða

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að sameining afgangslustöðvanna á Keflavíkflugvelli var gerð til þess að draga úr samkeppni og gefa olíufélögunum færi á að hækka verð í sölu á eldsneyti til erlendra flugrekenda. Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að olíufélögin hafa á vettvangi EAK ákveðið verð á eldsneyti sem selt hefur verið til flugrekenda sem staðgreiða eða greiða með almennum greiðslukortum. Jafnframt hafa olíufélögin skipt með sér sölu til þessara viðskiptavina. Þessar aðgerðir hafa varað a.m.k. frá árinu 1995 til og með árinu 2001.

Einnig náðu olíufélögin samkomulagi um að draga úr verðsamkeppni í tilboðum til erlendra flugfélaga. Í þessu samkomulagi fólst einnig markaðsskipting með þeim hætti að olíufélögin reyndu ekki í útboðunum að ná viðskiptum við flugfélög sem voru „samningsbundin“ öðru olíufélagi. Aðgerðir þessar hafa varað a.m.k. frá árinu 1996 til og með árinu 2001.

### 3. Atvik á Reykjavíkurflugvelli

Fram hefur komið að Olís og Skeljungur ráku á sínum tíma eigin afgreiðslustöðvar á Reykjavíkurflugvelli. Eins og gerð hefur verið grein fyrir ræddu forstjórar Olís og Skeljungs á fundi sínum í ágúst 1990 um samkeppni í sölu á eldsneyti til flugvéla og möguleika á samstarfi á Reykjavíkurflugvelli. Þetta málefni var einnig rætt á fundi forstjóra olíufélaganna þriggja í september 1991. Umræða um samstarf vegna flugviðskipta átti sér einnig stað á árinu 1993.

Endanlegt samkomulag náðist um EAK í febrúar 1994, sbr. umfjöllun hér að framan. Þann 28. apríl 1994, eða sama dag og tilboðsfrestur rann út í útboði Flugleiða um kaup á eldsneyti á Reykjavíkurflugvelli, var undirritað samkomulag milli Olís og Skeljungs um samstarf við afgreiðslu flugeldsneytis á Reykjavíkurflugvelli.<sup>1925</sup> Fjallað var um útboð þetta í kafla IV 10 og þar kemur fram að Olís og Skeljungur höfðu samráð um tilboðsgerð sína vegna útboðsins.

Í 1. gr. samkomulagsins milli Olís og Skeljungs segir að aðilar séu sammála um að stofnað verði rekstrarfélag um þessa starfsemi með jafnri hlutdeild beggja, eigi síðar en 1. júlí 1994. Í 2. gr. segir að rekstrarfélagið muni annast afgreiðslu á flugeldsneyti fyrir báða aðila gegn afgreiðslugjaldi sem aðilar séu sammála um og gildi jafnt fyrir báða. Í 5. gr. er rætt um að gera skuli samning um skiptingu viðskipta á flugvellingum og að í þeim samningi skuli tryggja að núverandi mynstur fastra viðskipta haldi sér. Í 6. gr. segir að aðilar séu sammála um að hefja viðræður sem fyrst með það að markmiði að öll sala eldsneytis á Reykjavíkurflugvelli verði á einni hendi og eignarhald á afgreiðslutækjum sameinað.

Í kjölfar þessa samnings áttu sér stað frekari viðræður milli Olís og Skeljungs með það að markmiði að gera endanlegan samning um sameiginlega afgreiðslu á Reykjavíkurflugvelli. Í febrúar 1995 sendi forstjóri Olís símbréf til framkvæmdastjóra hjá Skeljungi þar sem gerðar eru athugasemdir við drög að samningi.<sup>1926</sup> Í símbréfinu er gefin upp væntanleg sala Olís til Íslandsflugs og annarra viðskiptavina Olís á flugvellingum og tekið fram að afgreiðslugjald til Íslandsflugs verði að vera það sama og afgreiðslugjald til Flugleiða.

Samningur um rekstrarfélag afgreiðslustöðvar á Reykjavíkurflugvelli var undirritaður af forstjórum Olís og Skeljungs 31. mars 1995.<sup>1927</sup> Rekstrarfélaginu var gefið heitið Eldsneytisafgreiðslan á Reykjavíkurflugvelli sf. (EAR). Í 1. gr. segir að aðilar stofni með sér samskattað rekstrarfélag sem taki yfir allan þann rekstur sem félögin hafi haft

<sup>1925</sup> Samkomulag milli Olís og Skeljungs um samstarf við afgreiðslu flugeldsneytis á Reykjavíkurflugvelli, dags. 28. apríl 1994 (Hs. nr. 5219).

<sup>1926</sup> Minnisblað frá Einari Benediktssyni til Bjarna S. Jónssonar, dags. 24.2.1995 (Hs. nr. 9153).

<sup>1927</sup> Samningur Olís og Skeljungs um rekstrarfélag afgreiðslustöðvar á Reykjavíkurflugvelli, dags. 31.3.1995 (Hs. nr. 4064).



með höndum til afgreiðslu flugvélaeldsneytis á Reykjavíkflugvelli. Undanskilinn sé afgreiðslubúnaður hjá Landhelgisgæslunni og sjálfsafgreiðslubúnaður í flugvélabensíni sem félögin reki áfram á eigin ábyrgð. Fram kemur í 3. gr. að hvort félag skuli tilnefna einn fulltrúa í stjórn EAR og að ákvarðanir samþykktar af báðum stjórnarmönnum skuli skoðast löglegar. Í 4. gr. segir að stjórn skuli m.a. taka ákvarðanir um fjármál og rekstur EAR og ákveða afgreiðslugjald á afgreitt magn. Í 5. gr. segir að samkomulag sé um að Skeljungur hafi umsjón með rekstri EAR. Í 11. gr. samningsins kemur fram að samningurinn taki gildi 1. apríl 1995 og gildi til 31. desember 1998 en framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með a.m.k. sex mánaða fyrirvara. Þann 30. apríl 1999 var bætt inn yfirlýsingu í samninginn þar sem fram kemur að aðilar séu sammála því að framlengja gildistíma samningsins til 31. desember 2001. Yfirlýsing þessi var undirrituð af forstjórum Olís og Skeljungs. Olís hefur upplýst að Skeljungur hafi sagt samningnum upp 30. júlí 2001 og féll samningurinn úr gildi í árslok 2001.<sup>1928</sup>

Líkt og EAK hefur EAR verið vettvangur fyrir ýmiss konar samstarf Skeljungs og Olís í sölu eldsneytis á Reykjavíkflugvelli, eins og nánar verður nú gerð grein fyrir.

### 3.1. Samráð um verð og skipting sölu ósamningsbundinna viðskiptavina

Í viðauka 2 við samninginn um EAR segir:

*„Samkomulag er um að sölu rekstraraðila til erlendra ósamningsbundinna viðskiptaaðila á Reykjavíkflugvelli verði skipt að jöfnu milli rekstraraðila.*

*Sala og innheimta skal eftir sem áður vera á hendi hvors aðila um sig skv. samningum við kaupendur, eða skv. pöntunum þeirra. Skipting sölu fer fram mánaðarlega í gegnum birgðir eins og fordæmi er um í sambærilegum tilfellum.“*

Þetta ákvæði var áréttað á fyrsta stjórnarfundum EAR sem haldinn var 20. september 1995. Í umræðu um skiptisölu er bókað að stöðvarstjóri og starfsmenn eigi að sjá um að sölu sé skipt til helminga ef ekki sé um að ræða samningsbundin viðskipti.<sup>1929</sup> Í skýrslu Olís „*Samantekt um skiptingu sölu milli olúfélaganna*“ er skiptisölnni á Reykjavíkflugvelli lýst. Skýrslan hefur væntanlega verið rituð í árslok 1995 eða byrjun árs 1996.<sup>1930</sup> Þar kemur fram að mánaðarlega skili Skeljungur birgðaskýrslum þar sem fram komi afgreitt magn og hvernig það skiptist milli félaganna og er sýnishorn af slíkri birgðaskýrslu birt sem fylgiskjal með skýrslunni.

<sup>1928</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1929</sup> Fundargerð stjórnar EAR sf., dags. 20.9.1995 (Hs. nr. 9153).

<sup>1930</sup> Ódagsett skýrsla frá Olís „*Samantekt um skiptingu sölu milli Olúfélaganna*.“ (Hs. nr. 4324). Með skýrslunni eru ýmis fylgiskjöl t.d. reikningar og eru þeir dagsettir seinni hluta árs 1995. Af þessu m.a. dregur Samkeppnisstofnun þá ályktun að skýrslan sé frá árslokum 1995 eða upphafi árs 1996.

Forstjóri Olís og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hafa staðfest að sölu til ósamningsbundinna viðskiptavina hafi í raun verið skipt milli Skeljungs og Olís og þeirri skiptingu hefði verið hætt í árslok 2001 þegar samningurinn um EAR féll úr gildi.<sup>1931</sup> Forstjóri Skeljungs hefur staðfest að þessum viðskiptum hafi verið skipt.<sup>1932</sup>

Auk þessa var verð á eldsneyti til umræddra viðskiptavina samræmt milli félaganna. Í málinu er að finna handskrifað minnisblað frá starfsmanni Skeljungs sem lýsir viðræðum við Olís. Minnisblaðið er ódagsett og er væntanlega ritað á fyrri hluta ársins 1995.<sup>1933</sup> Í minnisblaðinu er m.a. tilgreint verð Olís og Skeljungs og síðan sagt „*ath samræmingu.*“ Til skýringar þessu hefur Olís upplýst að þegar EAR hafi hafið rekstur sinn hafi olúfélögin, með sama hætti og varðandi EAK, þurft að koma sér saman um á hvaða verði þyrfti að selja ósamningsbundnum viðskiptavinum sem staðgreiddu eða greiddu með almennum greiðslukortum.<sup>1934</sup> Félögin hafi ákveðið eitt verð sem þau hafi nefnt „*posted airport price*“ (PAP) sem gildi gagnvart þessum viðskiptavinum. Þetta verð hafi verið mun herra en það verð sem gildir gagnvart samningsbundnum viðskiptavinum. Olís vísar til þess að slíkt samræmt verð væri alþekkt á flugvöllum erlendis. Jafnframt vill Olís leggja áherslu á að um hafi verið að ræða samræmt verð á vegum sjálfstæðs samrekstrarfélags en olúfélögin sjálf hafi ekki haft slíkt samræmt verð. Forstjóri Skeljungs hefur orðað þetta með þeim hætti að „*EAR hafi bara haft ákveðna verðskrá.*“<sup>1935</sup>

Í 1. gr. samningsins um EAR segir að sjálfsafgreiðslubúnaður í flugvélabensíni falli ekki undir starfsemi EAR. Þrátt fyrir þetta virðist þessi starfsemi í raun hafa fallið undir EAR samstarfið. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís frá 12. ágúst 1996 segir:

*„Það eru þó nokkrar athugasemdir sem mér eru að berast frá REK flugvelli. Allar eru á þann veg að á reikningum okkar sé annað verð en upplýsingar liggja fyrir um hjá starfsmönnum EAR og að verð frá sjálfsafgreiðsludælu hjá Shell sé mun ódýrara en hjá okkur (Olís 41,10 Shell 39). Ég hef alla tíð*

---

<sup>1931</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1932</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>1933</sup> Handskrifað minnisblað með yfirskriftinni „*Til umræðu við HJ.*“ (Hs. nr. 9153). Minnisblaðið er ódagsett. Hallgrímur Jónasson (HJ) var einn af þeim starfsmönnum Olís sem önnuðust undirbúning að stofnun EAR en hann lét af störfum í maí 1995. Sökum m.a. þessa dregur Samkeppnisstofnun þá ályktun að minnisblaðið sé ritað fyrri hluta árs 1995.

<sup>1934</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>1935</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

*talið það að við værum með samræmda gjaldskrá með Shell það sem snýr að bílum EAR en það virðist vera að eitthvað misræmi sé í þessu. ...*<sup>1936</sup>

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís svarar og spyr hvort hann og framkvæmdastjórinn eigi ekki að ræða við Skeljung og koma þessu í lag.<sup>1937</sup>

Af framangreindu leiðir að Olís og Skeljungur hafi gripið til aðgerða til að skipta á milli sín sölu til framangreindra ósamningsbundinna viðskiptavina. Jafnframt er ljóst að þessi félög hafi samræmt útsöluverð á eldsneyti til ósamningsbundinna viðskiptavina. Engu breytir þó þetta fyrirkomulag kunni að vera þekkt á erlendum flugvöllum. Þessar aðgerðir fara gegn 10. gr. samkeppnislaga og hafa varað frá 1995–2001.

3.2. Markaðsskipting á samningsbundnum viðskiptavinum á Reykjavíkflugvelli  
Eins og áður sagði gerðu Skeljungur og Olís með sér samkomulag 28. apríl 1994 um afgreiðslu eldsneytis á Reykjavíkflugvelli en það samkomulag er undanfari samningsins um EAR. Í 5. gr. samkomulagsins frá 1994 segir:

*„Samkomulag er um að gerður verði samningur, eigi síðar en 1. júní 1994 er tekur til skiptingar viðskipta á flugvellingum milli aðila. Með þeim samningi skal reynt að tryggja að það mynstur fastra viðskipta sem nú er á sölu flugeldsneytis á vellingum haldist áfram þar til annað verður ákveðið.“*

Þetta samkomulag var undirritað sama dag og tilboðsfrestur í útboði Flugleiða vegna eldsneytiskaupa á Reykjavíkflugvelli rann út. Eins og gerð hefur verið grein fyrir í kafla IV 10 höfðu Skeljungur og Olís með sér samstarf um tilboðsgerð sína vegna þess útboðs. Einnig liggur fyrir að Olís hefur upplýst að fyrirtækið hafi haft bágborna aðstöðu á Reykjavíkflugvelli á þessum tíma og fyrirtækinu hafi þótt mikilvægara „að halda samstöðu um sameiginlega afgreiðslu“ fremur en að ná þessum viðskiptum af Skeljungi.<sup>1938</sup> Samkeppnisráð telur að samkomulag og samráðið vegna útboðsins hafi m.a. haft það að markmiði að tryggja að Skeljungur héldi viðskiptunum við Flugleiðir. Umbun Olís hafi verið að Skeljungur tæki upp samstarf við fyrirtækið í afgreiðslu á flugvellingum.

Ekkert bendir til þess að gert hafi verið nýtt samkomulag fyrir júní 1994. Hins vegar er þessi markaðsskipting áréttuð í samningum um EAR frá 31. mars 1995. Í viðauka 2 við samninginn segir:

<sup>1936</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 12.8.1996 kl. 17:13.

<sup>1937</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 14.8.1996 kl. 13:01.

<sup>1938</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

*„Jafnframt er samkomulag um það, að núverandi föst og samningsbundin viðskipti hvors rekstraraðila við innlenda aðila verði með óbreyttum hætti á gildistíma samningsins.*

*Verði brot á ákvæðum þessa viðauka telst samningur um rekstrarfélag afgreiðslustöðvar á Reykjavíkurlugvelli úr gildi fallinn.“*

Aðspurður um þetta ákvæði viðauka 2 hefur forstjóri Olís sagt „að auðveldlega mætti lesa úr því að menn hefðu ekki ætlað að sækja í viðskiptavinum hvors annars. EB benti þó á að vegna fölskyldutengsla hefðu Olís menn ekki haft neinn ótta af hugsanlegri ásókn Shell í Íslandsflug.“<sup>1939</sup> Forstjóri Skeljungs hefur lýst tilgangi ákvæðisins með þessum hætti:

*„Aðspurður um það hver væri tilgangurinn með þessu samningsákvæði sagði KB að enda þótt Skeljungur væri með fasta viðskiptasamninga við flugfélög, t.d. Flugleiðir, væri ekkert sem hamlaði því að samkeppnisáðilar Skeljungs gætu á samningstímanum komið fram með tilboð og freistað þess að ná viðskiptum við viðkomandi aðila. Nefndu ákvæði í viðauka 2 væri ætlað að girða fyrir slíkt.“<sup>1940</sup>*

Eins og fjallað er um í kafla IV 10 höfðu Skeljungur og Olís með sér samvinnu um tilboðsgerð vegna útboðs Flugfélags Íslands í apríl 1998. Samkeppnisráð telur að það samráð hafi verið í samræmi við ákvæði viðauka 2 við samninginn um EAR. Í lokaákvæði viðauka 2 segir að brot á ákvæðum viðaukans leiði til þess að samningurinn um EAR sé úr gildi fallinn. Að mati samkeppnisráðs var þessu ákvæði ætlað að festa í sessi þá markaðsskiptingu sem fram kemur í viðaukanum. Gögn frá Olís sem reifuð eru í umræddum kafla sýna að Olís hefur búist við því að samningnum um EAR yrði slitið ef fyrirtækið byði vegna útboðs Flugfélags Íslands á „eigin forsendum“ og fengi þessi viðskipti við Flugfélagið.

Umrædd ákvæði í samningnum frá 1994 og viðauka 2 við samninginn um EAR fela í sér markaðsskiptingu eftir viðskiptavinum. Sú skipting hefur staðið frá apríl 1994 til ársloka 2001 og fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Í athugasemdum OHF segir að félagið hafi ekkert komið að meintu samráði Olís og Skeljungs. Þessi hugsanlegu brot félaganna séu á engan hátt á ábyrgð á OHF. Samkeppnisráð vísar hér fyrst til þess að óumdeilt er OHF kom ekki að þessum aðgerðum á Reykjavíkurlugvelli. Í kafla IV 10 var hins vegar talið að OHF hafi mátt vera ljóst að Olís og Skeljungur myndu hafa samráð í útboðunum 1994 og 1998. Það var rökstutt með vísan til sameiginlegs vilja olíufélaganna um að vinna saman vegna

<sup>1939</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>1940</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

útboða. Samkeppnisráð fær hins vegar ekki séð að OHF hafi á grundvelli þessa einnig mátt gera ráð fyrir þessum aðgerðum varðandi markaðsskiptingu á Reykjavíkurflugvelli. Engin önnur gögn í málinu heimila með nægjanleg skýrum hætti slíka ályktun. Verður því lagt til grundvallar að OHF hafi ekki tengst þessum brotum á Reykjavíkurflugvelli sem lýst er í þessum kafla.

## VIII. MARKAÐSSKIPTING

Gögn málsins sýna að olíufélögin gripu á tímabilinu 1993–2001 til margskonar aðgerða sem höfðu það að markmiði að skipta markaðnum á milli þeirra. Var ýmist um að ræða aðgerðir sem miðuðu að því að skipta markaðnum eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni. Var þetta samstarf olíufélaganna liður í samfelldu samráði þeirra. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þessum aðgerðum olíufélaganna.

### 1. Landfræðileg skipting olíufélaganna í bensínstöðvarekstri 1993–2001

Samkeppnisráð telur að gögn málsins sýni á ótvíræðan hátt að olíufélögin hafi frá gildistöku samkeppnislaga skipt með sér mörkuðum í bensínstöðvarekstri eftir svæðum. Þessi landfræðilega markaðsskipting tók til ýmissa staða á landinu og verður nú gerð grein fyrir þeirri samvinnu olíufélaganna.

#### 1.1. Landfræðileg markaðsskipting á tíu stöðum á landinu

Í desember 1988 undirrituðu olíufélögin þrjú samning um rekstur á tíu sölustöðum/bensínstöðvum.<sup>1941</sup> Í samningnum fólst m.a. að hverju olíufélagi fyrir sig var falin umsjón með rekstri tiltekinnna bensínstöðva en allri sölu var hins vegar skipt milli allra félaganna. Í samningnum sagði að hann tæki gildi frá og með 1. janúar 1988 og gildi í tvö ár. Þrátt fyrir þetta ákvæði er ljóst að samningurinn var í gildi og eftir honum var starfað þar til nýr samningur um sama efni var undirritaður 14. mars 2001. Þetta má m.a. ráða af 11. gr. samningsins frá 2001 þar sem þetta er skýrlega tekið fram.<sup>1942</sup> Í 8. gr. samningsins frá 1988 sagði m.a. þetta:

*„Félögin samþykkja að þau munu ekki stuðla að né koma á viðbótar sölustöðum né smásöludælum til einkaafnota á framangreindum stöðum nema að fengnu samþykki hinna félaganna, enda falli sú sala einnig inn í skiptin.“*

Ákvæði þetta hindraði að olíufélögin opnuðu nýjar bensínstöðvar í samkeppni við þær stöðvar sem fyrir væru á þeim svæðum sem féllu undir samninginn. Eftirfarandi staðir féllu undir samkomulagið<sup>1943</sup>:

<sup>1941</sup> Samningur Olís, Skeljungs og OHF um rekstur bensínsölustaða í sameign félaganna, dags. 30.12.1988 (Hs. nr. 5219).

<sup>1942</sup> Samningur Olís, Skeljungs og OHF um rekstur og eignarhald á 3ja félaga bensínstöðvum olíufélaganna, dags. 14.3.2001 (Hs. nr. 1602).

<sup>1943</sup> Þingvellir voru einnig tilgreindir í samningnum en samrekstri var hætt þar í nóvember 1991.

- Ísafjörður
- Kirkjubæjarklaustur
- Ólafsvík
- Stykkishólmur
- Siglufjörður
- Umferðarmiðstöðin í Reykjavík<sup>1944</sup>
- Hvammstangi
- Þorlákshöfn
- Bíldudalur<sup>1945</sup>
- Fáskrúðsfjörður<sup>1946</sup>

Af framangreindu er ljóst að á umræddum svæðum á landinu hefur verið í gildi frá 1993 fram á árið 2001 samkomulag um landfræðilega markaðsskiptingu milli olíufélaganna þriggja. Gögn málsins sýna að þetta var virt í framkvæmd. Í fundargerð framkvæmdarstjórnar OHF þann 22. nóvember 1994<sup>1947</sup> segir t.d. undir liðnum „Ólafsvík“:

*„Olís neitar ásökunum um að þeir ætli sér að vera með vörur í samkeppni við (umboðsmann) ESSO. Tilbúnir að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis.“*

Í október 1997 var tekið saman yfirlit innan OHF um samstarf við Olís og Skeljung og settir fram kostir og gallar við einstaka þætti samstarfsins. Meðal annars var fjallað um áhrif þess að hætta rekstri sameiginlegra bensinstöðva og skipta þeim upp á milli félaganna. Kosturinn við þetta var sagður vera að viðkomandi bensinstöðvar yrðu að meiri „*ESSO stöðvum*“. Gallarnir voru hins vegar taldir vera þessir:

*„Samkeppnin mun aukast vegna mögulegrar innkomu keppinauta á markaðssvæði stöðvarinnar.“*<sup>1948</sup>

Þann 14. apríl 2000 var sendur tölvupóstur innan OHF þar sem greint var frá því að Olís ætlaði að setja upp bátadælu á Bíldudal og afgreiða bæði báta og bíla sem notuðu gasolíu. Á Bíldudal er OHF stöð og er ljóst að þessi áform Olís vöktu óánægju innan OHF og var rætt um í tölvupóstinum að OHF veitti góða þjónustu við bíla og báta á Bíldudal. Í tölvupóstinum er einnig rætt um að „*koma vitinu*“ fyrir forstjóra Olís og láta það „*leka*“ til Olís að OHF hefði „*áhuga á t.d. Siglufirði þar sem þeir [hafa] frið*

<sup>1944</sup> Samkvæmt upplýsingum OHF hætti samrekstur á Umferðarmiðstöðinni í mars 1996.

<sup>1945</sup> Samkvæmt upplýsingum frá OHF hætti samrekstur á Bíldudal í apríl 1994.

<sup>1946</sup> Fáskrúðsfjörður var ekki tilgreindur í samningnum en frá a.m.k. 1993 hefur á staðnum verið samrekin bensinstöð olíufélaganna þriggja, sbr. m.a. yfirlit frá Olís yfir samreknar bensinstöðvar, dags. 2.6.1993 (Hs. nr. 4017).

<sup>1947</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 22.11.1994 (Hs. nr. 2405).

<sup>1948</sup> Yfirlit Magnúsar Ásgeirssonar með yfirskriftinni „*Birgðamál*“, dags. 8.10.1997 (Hs. nr. 2859).

í dag.“ Þessi hugmynd var framkvæmd og samdægurs sendi forstjóri OHF forstjóra Olís afrit af þessum innanhússtölvupósti OHF og lét þessi orð fylgja með:

*„Mér finnst að þú ættir að athuga hvort þetta er réttur leikur hjá ykkur. Við munum að sjálfsögðu fara inn á staði hjá ykkur til að jafna leikinn. Boltinn er hjá þér.“<sup>1949</sup>*

Samkvæmt þessu gerði OHF athugasemdir við þessar fyrirætlanir Olís og gaf til kynna að „friðurinn“ sem Olís naut á Siglufirði myndi enda ef Olís héldi þessum áformum til streitu.

Þann 28. júní 2000 sendi starfsmaður OHF tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu og stórnotenda. Greindi hann frá því að heimildir á Ísafirði hermdu að á staðnum væri „háttsettur maður frá Olís, sem ekur á dökkum Volvo“. Væri þessi maður að leita eftir lóð fyrir ÓB bensinstöðvar, helst á Ísafirði eða í Bolungarvík. Forstjóri OHF svaraði með þessum hætti:

*„Mér finnst að Heimir<sup>1950</sup> eigi að ræða við Thomas Möller.<sup>1951</sup> Sameiginleg stöð á Ísafirði byggist á því að það sé ekki um aðrar stöðvar að ræða. Sá sem opnar á mótí sameiginlegri stöð verður settur út úr samstarfinu.“*

Þann 30. júní 2000 var forstjóra OHF greint frá því að rætt hefði verið við framkvæmdastjórnann hjá Olís sem „kannaðist ekki við neitt þá vissi hann ekki hver gæti verið á Volvo.“<sup>1952</sup>

Áhrif samkomulagsins birtast einnig í því að ekki hafa verið opnaðar nýjar stöðvar í samkeppni við hinar samreknu bensinstöðvar á fyrrnefndum stöðum. Hér á má einnig líta þess að í október 2000 voru olíufélögin að undirbúa nýjan samning um samreknar stöðvar, sbr. kafla IX. Sá samningur var eins og áður sagði undirritaður 14. mars 2001. Í kafla IX er gerð grein fyrir drögum að samningnum sem send voru á milli olíufélaganna í október 2000. Í 3. gr. hans sagði m.a. þetta: „Félögin samþykkja að þau munu ekki stuðla að né koma á viðbótar sölustöðum á framangreindum stöðum.“

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að árið 1988 hafi olíufélögin gert „með sér samning um samreknar bensinstöðvum á tíu stöðum á landinu, nánar tiltekið á Kirkjubæjarklaustri, Ólafsvík, Stykkishólmi, Siglufirði, Umferðamiðstöðinni

<sup>1949</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Guðjóns Gíslasonar, Þorsteins Þorsteinssonar og framkvæmdastjórnar, dags. 14.3.2000 kl. 11:17 og 12:04. Frá Geir Magnússyni til Einars Benediktssonar, dags. 14.3.2000 kl. 21:02.

<sup>1950</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>1951</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>1952</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Geirs Magnússonar, Ragnars Bogasonar og Heimis Sigurðssonar, dags. 28.6.2000 kl. 11:37 og 12:11 og 30.6.2000 kl. 9:13.



í Reykjavík, Hvammstanga, Þorlákshöfn, Bildudal og Fáskrúðsfirði. Í 8. gr. samningsins er skýrt tekið fram að hann gildi einungis í tvö ár frá 1. janúar 1988. Í greininni er einnig ákvæði þess efnis að samkeppni á þessum frá einhverju olíufélaganna var takmörkuð á þessum stöðum.

Vert er að hafa í huga að samningurinn féll úr gildi 1. janúar 1990 og eftir það tímamark var ekkert formlegt samkomulag í gildi milli olíufélaganna um að hefja ekki samkeppni á þessum stöðum. Hins vegar var lítt eftirsóknarvert fyrir olíufélögin að leggja í allan þann kostað sem fylgdi því að reisa sjálfstæða bensinstöð á svona litlum landfræðilegum mörkuðum eins og hér var um að ræða. Hést því rekstur samreknu stöðvanna áfram án þess að nokkurt félaganna sæi sér hag í því að hefja samkeppni á umræddum stöðum.

Umbj. okkar mótmælir þeirri staðhæfingu Samkeppnisstofnunar að samningurinn frá 1988 hafi óbreyttur verið í gildi fram á árið 2001 og farið hafi verið eftir honum í framkvæmd. Samkeppnisstofnun bendir í þessu sambandi á 11. gr. samning sem olíufélögin gerðu með sér og undirrituðu þann 14. mars 2001. Þar segir að samningurinn komi í stað samningsins frá 1988 og taki gildi 1. janúar 2001. Umbj. okkar telur ólíklegt að félögin hafi gert með sér samning hafi þegar verið í gildi samningur um sama efni þá þegar. Umbj. okkar telur að ofangreint orðalag um að samningurinn hafi komið í stað annars merki einungis að samningurinn sé sama efnis og sá sem fallinn er úr gildi.

Umbj. staðfestir þó að olíufélögin hafi á árabílinu 1990–2001 í raun hegðað sér á mjög svipaðan hátt hvað þetta varðar eins og á árunum 1988–1990 þegar samningurinn var í gildi. Helgast það einfaldlega af þeirri staðreynd að afar óhagkvæmt hefði verið og í raun rekstrarlega hættulegt að hefja samkeppni á svo litlum stöðum.

Samkeppnisstofnun vísar á bls. 297 í seinni frumskýrslu sinni til atviks sem átti sér stað árið 1994 þegar Olís neitaði því gagnvart umbj. okkar að félagið hafi ætlað að keppa við umbj. okkar á Ólafsvík. Þetta þarf ekki að sýna fram á að samningur hafi verið í gildi heldur hafi Olís skiljanlega ekki viljað gefa upp fyrirætlanir sínar. Samkvæmt fundargerð framkvæmdarstjórnar umbj. mín. dags. 22.11.1994 vildi Olís fullvissa umbj. okkar um að félagið væri ekki að fara að reisa bensinstöð á Ólafsvík og væri jafnframt tilbúið að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis. Umbj. okkar telur augljóst að hafi samningur verið í gildi og framkvæmd þess efnis að olíufélögin færu ekki í samkeppni gegn samreknnum bensinstöðvum, þá hefðu ofangreindar vangaveltur um að gefa út yfirlýsingu í raun verið tilgangslaugar.

Af ofangreindu er ljóst að ofangreindur samningur frá 1988 var ekki í gildi á tímabilinu 1990–2001.

*Umbj. okkar neitar því þó ekki að þegar samningurinn frá 1988 rann út árið 1990 hafi óformlegur ótímabundinn samningur tekið við af hinum formlega. Þessi samningur var lögmætur enda gerður áður en samkeppnislög tóku gildi. Samningurinn fól því í sér að skapað var sér lögmætt réttarsamband milli aðila. Þetta lögmæta ástand hélt áfram eftir gildistöku samkeppnislaga, enda ekki unnt að mæla svo um með afturvirkum hætti í lögum að tilteknir löggerningar sem löglega var staðið að verði síðar gerðir refsiverðir. Þetta verður að telja í samræmi við þá afstöðu Samkeppnisstofnunar að ekki sé rétt að beita sektum vegna samrekinna bensínstöðva.“*

Að mati samkeppnisráðs er ekki fullkomlega ljóst hvort OHF mótmælir því að í gildi hafi verið samningur í skilningi samkeppnislaga um framangreind atriði. Annars vegar mótmælir OHF því að samningurinn frá 1988 hafi í raun verið í gildi til janúar 2001. Hins vegar kveðst OHF ekki neita því að þegar samningurinn frá 1988 hafi runnið út árið 1990 hafi óformlegur tímabundinn samningur tekið við.

Til stuðnings því að samningurinn frá 1988 hafi í raun ekki verið í gildi segir OHF að ólíklegt sé að félögin hafi gert með sér samning fyrst í gildi hafi verið samningur um sama efni. Að mati samkeppnisráðs eru þessi rök haldlaus. Með samningnum sem undirritaður var 14. mars 2001 var verið að breyta ýmsum atriðum í framkvæmd á þessum samrekstri félaganna. Þess vegna var hann gerður. Í 11. gr. samningsins frá 2001 segir að hann komi „í stað samningsins sem dagsettur er 30.12.1988 og tekur gildi 1. janúar 2001.“ Með þessu er augljóslega verið að fella úr gildi hinn eldri samning og tryggja með afturvirkum hætti að ákvæði nýja samningsins myndu gilda um samreksturinn frá 1. janúar 2001. Jafnframt verður að telja í hæsta máta ósennilegt að olíufélögin hafi í þessum samningi frá 2001 vitnað til samningsins frá 1988, ef hann hefur í raun fallið alveg úr gildi árið 1990 eins og OHF virðist byggja á. Jafnframt gefa gögn málsins það skýrlega til kynna að olíufélögin hafi talið þetta ákvæði um markaðsskiptingu í gildi, sbr. t.d. þau orð forstjóra OHF frá júní 2000 að sameiginleg stöð á Ísafirði byggðist á því að „það sé ekki um aðrar stöðvar að ræða.“ Jafnframt sýnir hegðun olíufélaganna þetta í raun þar sem ekki voru opnaðar nýjar stöðvar í samkeppni við hinar samreknu bensínstöðvar.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á að sú staðreynd að Olís hafið verið tilbúið árið 1994 til að rita undir yfirlýsingu um að opna ekki bensínstöð í Ólafsvík afsanni tilvist samkomulagsins. Þessi skýring OHF er í ósamræmi við önnur gögn málsins. Samkeppnisráð telur að Olís hafi á þessum tíma talið einhverja hluta vegna nauðsynlegt að fullvissa OHF um að félagið myndi fara eftir umræddum samningi. Jafnframt verður að hafa í huga að samningar um markaðsskiptingu sem fara gegn 10. gr. samkeppnislaga eru ógildir og því ekki unnt að byggja á þeim rétt fyrir dómstólum, sbr. 1. mgr. 49. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð bendir og á að við gildistöku samkeppnislaga hafi allir samningar sem brutu í bága við bannákvæði laganna orðið ólögmatir. Aðilar að slíkum samningum gátu þá þegar annað hvort lagt niður þetta samstarf sitt eða sótt um undanþágu samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga. Þeir sem hins vegar héldu áfram slíku ólögmatu samstarfi gerðu það á eigin ábyrgð og geta sætt viðurlögum. Ekki fæst séð hvernig unnt er með réttu að halda því fram að um sé að ræða óeðlilega afturvirkni laga. Ástæða þess að samkeppnisráð telur ekki rétt að beita viðurlögum vegna samreksturs olíufélaganna á bensínstöðvum er sú að olíufélögin gerðu Samkeppnisstofnun grein fyrir honum í nóvember 1994. Sú upplýsingagjöf tók hins vegar ekki til þessarar landfræðilegu skiptingar á mörkuðum og með engu móti er unnt að líta svo á að samkeppnisyfirvöldum hafi mátt vera þessi markaðsskipting ljós.

Umræddar aðgerðir olíufélaganna fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga og voru hluti af samfelldu samráði þeirra.

#### 1.2. Umræður um markaðsskiptingu á árinu 1995

Á árinu 1995 fóru fram umfangsmiklar viðræður milli olíufélaganna um hugsanlega frekari markaðsskiptingu í rekstri bensínstöðva á landsbyggðinni. Upphaf þessara viðræðna virðist mega rekja til tveggja símbréfa sem Olís sendi til annars vegar Skeljungs og hins vegar OHF. Í símbréfinu til OHF voru tillögur um nánara samstarf olíufélaganna settar fram í 13 liðum.<sup>1953</sup> Meðal annars var lagt til samstarf vegna birgðastöðva og dreifingar á bensíni og olíu víðsvegar um landið. Í símbréfinu komu einnig fram tillögur um að loka bensínstöðvum og að olíufélögin myndu hefja samstarf um rekstur bensínstöðva á nokkrum stöðum í kringum landið. Í því sambandi var lagt til að sameiginleg bensínstöð Olís og Skeljungs á Þórshöfn yrði lögð niður og samkomulagi yrði náð við OHF um rekstur einnar stöðvar á staðnum. Einnig var lýst yfir áhuga á því að fækka bensínstöðvum á Barðaströnd. Í símbréfinu til Skeljungs voru tillögur um nánara samstarf olíufélaganna birtar í 15 liðum, m.a. tillagan um framangreindar aðgerðir á Þórshöfn og Barðaströnd.<sup>1954</sup> Jafnframt var lögð til sameining bensínstöðva á Höfn í Hornafirði og að þrjár bensínstöðvar yrðu lagðar niður á svæðinu Hella-Hvolsvöllur.

Frekari umræður áttu sér stað t.d. á fundi Olís og OHF þann 3. maí 1995. Minnisblað framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís lýsir í átta liðum því sem um var rætt á fundinum.<sup>1955</sup> Undir öðrum lið er þetta bókað:

---

<sup>1953</sup> Símbref frá Thomasi Möller Olís til Knúts Haukssonar og Þórólfs Árnasonar OHF, dags. 21.2.1995 (Hs. nr. 3166)

<sup>1954</sup> Símbref frá Thomasi Möller Olís til Bjarna S. Jónssonar og Þóris Haraldssonar hjá Skeljungi, dags. 21.2.1995 (Hs. nr. 7080)

<sup>1955</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Thomasar Möller með yfirskriftinni „*Heimsókn TM til Þórólfs í Esso 3/5*“, dags. 5.5.1995.

„Þórólfur<sup>1956</sup> tók vel í hugmyndina að Búðardalur og Þórshöfn yrðu lögð niður gegn því að Esso færi frá Neskaupstað og Reyðarfirði.“

Unnið var frekar í málinu í lok maí 1995. Þá sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís eftirfarandi tillögur til OHF og Skeljungs:<sup>1957</sup>

**Minnisblað: TM 23/05/95**

**Til ÞÁ,<sup>1958</sup> BSJ<sup>1959</sup> – til umræðu.**

**Málafni: Aukið hagræði í bensínsölu, hugsanlegir hagræðingarmöguleikar.**

1. Þriggja félaga stöð í Búðardal eða Esso með eina stöð og Olís/Shell hættu rekstri. Framtíðarstöðin verði í uppgerðri núverandi aðstöðu Shell/Olís.
2. Hvert félag leggi niður eina stöð á Barðaströnd. Olís hætti rekstri á Bæ í Reykhólasveit, Esso hætti stöð X, Shell hætti stöð Y.
3. Esso leggi niður sína stöð á Vopnafirði. Shell verði einn á staðnum. Hugsanlega þriggja stöðva stöð.
4. Shell og Esso hætti rekstri stöðvar sinnar á Dalvík, núverandi Olísstöð verði rekin sem þriggja félaga stöð eða Olís verði eitt á staðnum.
5. Mývatn – Olís og Shell loki sinni stöð, Esso verði eitt á staðnum eða þriggja félaga stöð.
6. Þórshöfn á Langanesi. Olís og Shell loki sinni stöð og Esso reki eina stöð á staðnum eða ein þriggja félaga stöð.
7. Neskaupstaður – Olís og Esso leggi niður sínar stöðvar, Olís kaupi Shell stöðina og reki hana. Einnig hugsanlegt ein þriggja félaga stöð á staðnum.
8. Reyðarfjörður – Esso lokar sinni stöð, Shell og Olís haldi áfram rekstri.
9. Olís/Esso leggi til dætur og inniborð á nýrri stöð á Flúðum.

Viðbrögð Skeljungs við tillögunum komu fram í tölvupósti til Olís og OHF og voru þau eftirfarandi:

„Eftirfarandi eru fyrstu viðbrögð mín við neðangreindum hugmyndum THM:

1. Fylgjandi
2. Ég hef nú enga sérstaka skoðun á þessu. Við erum með eina sumarstöð í Flókalundi, sem út af fyrir sig skiptir engu máli af eða á. Við getum alveg rætt þessa hugmynd.
3. Þetta finnst mér góð tillaga, þ.e. að við verðum einir á Vopnafirði. Ég er tilbúinn að ræða aðra möguleika jafnframt, og þá í stærra samhengi.
4. Mér fyndist það heldur öfugsnúið að loka bensínstöð Esso/Shell inni í hjarta bæjarins og halda opinni bensínstöð sem er í öðrum útjaðri hans. Ég fellst ekki á þessa hugmynd.
5. Má ræða. Alls ekki útilokað af okkar hálfu.

<sup>1956</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF.

<sup>1957</sup> Minnisblað Thomasar Möller Olís, dags. 23.5.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>1958</sup> Þórólfur Árnason framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF.

<sup>1959</sup> Bjarni Snæbjörn Jónsson Skeljungi.

6. *Fylgjandi.*
7. *Þetta eru athyglisverðar hugmyndir. Við erum alveg reiðubúnir til viðræðna hvenær sem er.*
8. *Esso verður að svara þessu.*
9. *No comment.* <sup>1960</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að gögn málsins bendi til þess að olíufélögin hafi að einhverju marki rætt um hugsanlega markaðsskiptingu á árinu 1995. Einhverjum hugmyndum hafi verið kastað fram en ekkert samkomulag hafi náðst. Félagið heldur því fram að það hafi tekið afar takmarkaðan þátt í þessum viðræðum og hafi aðeins átt eitt samtal við hin félögin á þessu ári um þetta.

Samkeppnisráð bendir á að þessar umræður og samskipti höfðu það að markmiði að raska samkeppni og fela því í sér ólögmætar samstilltar aðgerðir. Fullyrðingar um takmarkaða þátttöku OHF eiga ekki við rök að styðjast, sbr. umfjöllun hér á eftir. Umræður um þessar tillögur héldu áfram milli olíufélaganna á árinu 1995 og enduðu með samkomulagi á árinu 1996. Fyrst verður hins vegar gerð grein fyrir samningi Olís og Skeljungs varðandi Neskaupstað.

### 1.3. Markaðsskipting í Neskaupstað

Í framangreindu minnisblaði framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís er lagt til að Olís og Esso leggi niður sínar stöðvar í Neskaupstað og Olís kaupi Skeljungs-stöðina og reki hana. Í svari Skeljungs frá 26. maí 1995 var tekið vel í þessa tillögu.

Í málinu er að finna þinglýst afsal, dags. 4. desember 1995, þar sem Skeljungur afsalar sér bensínstöð sinni í Neskaupstað til Olís. Kemur fram að eignin hafi verið afhent 6. júlí 1995.<sup>1961</sup> Einnig er í málinu að finna óundirritaðan samning milli Olís og Skeljungs, dags. 14. júní 1995.<sup>1962</sup> Samkvæmt samningnum eignaðist Olís bensínstöð Skeljungs í Neskaupstað ásamt öllu sem henni fylgdi. Á móti fékk Skeljungur m.a. annað húsnæði að Strandgötu 14 á Neskaupstað í skiptum fyrir hluta kaupverðsins. Í samningum segir svo:

*„... Jafnframt er samkomulag um að Skeljungur hf. hætti rekstri bensínstöðvar með tilheyrandi rekstri á Neskaupstað í a.m.k. tíu ár og skilyrði hugsanlega leigu eða sölu húsnæðisins að Strandgötu 14 við að ekki megi nota það til bensínsölu, sjoppu og/eða veitingarekstrar. Ennfremur*

<sup>1960</sup> Tölvupóstur Bjarna S. Jónssonar Skeljungi til Thomasar Möller Olís og Þórólfs Árnasonar OHF, dags. 26.5.1995, kl. 15:51 (Hs. nr. 3166)

<sup>1961</sup> Afsal Skeljungs til Olís, dags. 4.12.1995 (Hs. nr. 5867)

<sup>1962</sup> Samningur Olís og Skeljungs um eignaskipti á Neskaupstað, dags. 14.6.1995 (Hs. nr. 5867)

*lýsir Skeljungur hf. því yfir að félagið muni ekki selja eldsneyti til þriðja aðila á Neskaupstað sem ætlað væri til endursölu á bifreiðar.“*

Það er mat samkeppnisráðs að í orðalagi sammingsins felist skuldbinding Skeljungs til þess að keppa ekki við Olís í bensínsölu á Neskaupstað, hvorki félagið sjálft eða í gegnum umboðsmann, allt til ársins 2005. Jafnframt liggur fyrir að Skeljungur hætti starfsemi sinni á Neskaupstað í tengslum við sölu á umræddri bensínstöð. Hér má einnig vísa til minnisblaðs framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF, dags. 28. ágúst 1995, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Þegar allt framangreint er virt telur samkeppnisráð að Olís og Skeljungur hafi skipt markaðnum á Neskaupstað á milli sín. Var þetta liður í umfangsmeiri aðgerðum olíufélaganna þriggja á þessu sviði.

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að félaginu sé ókunnugt um þessi atvik og því óviðkomandi. Þetta meinta nána samstarf Olís og Skeljungs sé ekki á ábyrgð OHF og ekki hluti að neinu heildarsamráði.

Samkeppnisráð vísar hér til þess að í framangreindu minnisblaði Olís til OHF og Skeljungs, dags. 23. maí 1995, eru settar fram hugmyndir um markaðsskiptingu í Neskaupstað. Fjallað er einnig um markaðsskiptingu í Neskaupstað í minnisblaði framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF frá 28. ágúst 1995 sem gerð verður grein fyrir í næsta kafla. Ummælin um Neskaupstað á því minnisblaði gefa skýrt til kynna að kaup Olís á bensínstöð Skeljungs á Neskaupstað hafi verið hluti af viðræðum og áætlun félaganna um þessa markaðsskiptingu, sbr. einnig tölvupóstur OHF frá 9. október 1995 sem reifaður verður hér á eftir. Hér ber einnig að líta til þess að Neskaupstaður er hluti af samningi olíufélaganna um landfræðilega markaðsskiptingu sem gerður var 21. febrúar 1996, sbr. umfjöllun hér á eftir. Samkeppnisráð telur að OHF hafi vitað af þessum aðgerðum á Neskaupstað og að þær hafi verið hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

#### 1.4. Samningur frá 1996 um markaðsskiptingu á níu stöðum á landinu

Viðræður um hugmyndir Olís um viðtæka markaðsskiptingu héldu áfram í ágúst 1995. Þann 28. ágúst 1995 gerði framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF m.a. forstjóra félagsins grein fyrir stöðu málsins og lagði fram nýjar tillögur. Þetta kemur fram í eftirfarandi minnisblaði hans:

Til: GM,<sup>1963</sup> BB,<sup>1964</sup> KGH,<sup>1965</sup> RB,<sup>1966</sup> VV<sup>1967</sup>  
Frá: ÞÁ<sup>1968</sup>

28. ágúst 1995

Efni: Breytingar á bensínstöðvum ESSO/OLIS/SHELL

Í framhaldi af viðræðum við Thomas Möller<sup>1969</sup> er gerð tillaga að eftirfarandi breytingum:

Búðardalur	ESSO kaupi skála OLÍS/SHELL. Þeir hætti.
Dalvík	ESSO og SHELL hætti. OLÍS eitt eftir.
Mývatn	ESSO eitt eftir. OLÍS og Shell hætti.
Þórshöfn	ESSO eitt eftir, OLÍS og SHELL hætti.
Vopnafjörður	ESSO eitt eftir, kaupi skála SHELL.
Seyðisfjörður	ESSO hætti. SHELL eitt eftir í sínum núverandi skála.
Neskaupst.	ESSO hætti. OLÍS eitt eftir í SHELL skálanum (þegar frágengið hjá OLÍS).
Reyðarfjörður	ESSO hætti. OLÍS áfram. SHELL áfram.
Hvolsvöllur	ESSO eitt eftir. OLÍS og SHELL hætti.

Út úr þessum færslum kæmi að ESSO og OLÍS bættu við sig en SHELL tapaði:

ESSO:	+770.000
OLÍS:	+302.500
SHELL:	(1.072.500) <sup>1970</sup>

Mér þykir ótrúlegt að Skeljungur gæti sæst á þetta, en þó ber að gæta þess að þeir myndu losa töluvert af eignum. Oft er mesta hagkvæmnin líklega fölginn í því að hætta í óarðbærum rekstri, frekar en að hugsa um of um markaðshlutdeildina.

E.t.v. þyrfti að skoða til viðbótar hvort ESSO ætti að hætta á Eskifirði, þar er ljóst að ... nær ekki endum saman lengur.

Þessar tillögur óskast ræddar í framkvæmdastjórn.<sup>1971</sup>

Rætt var um þessa tillögu á framkvæmdastjórnarfundum OHF 29. ágúst 1995, sbr. eftirfarandi ummæli í fundargerð:

*„ÞÁ<sup>1972</sup> lagði fram “breytingar á bensínstöðvum ESSO/OLIS/SHELL“. Grindavík og Sauðárkrókur ekki höfð með. Hagur Skeljungs í þessum breytingum er bágur og þeir ekki líklegir til að samþykkja breytingarnar.*

<sup>1963</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>1964</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs OHF.

<sup>1965</sup> Knútur G. Hauksson starfsmaður OHF.

<sup>1966</sup> Ragnar Bogason framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs OHF.

<sup>1967</sup> Viðar Viðarsson starfsmaður OHF.

<sup>1968</sup> Þórólfur Árnason framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF

<sup>1969</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>1970</sup> Ljóst virðist að varðandi tap eða hagnað félaganna af þessari breytingu eru hér sýnd áhrif hennar á eldsneytissölu félaganna (talið í lítrum).

<sup>1971</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar til forstjóra OHF og framkvæmdastjórnar, dags. 28.8.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>1972</sup> Þórólfur Árnasona framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF.

*Verður unnið áfram og Dalvík og Hvolsvelli sleppt en Eskifjörður tekin með. Taka tillit til landfræði Austfjarða. Taka tillit til verðmæti og nýtingarmöguleika þeirra húseigna sem þetta snertir.* “<sup>1973</sup>

Viðræður um þessi mál héldu áfram milli olúfélaganna. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF til forstjóra félagsins, dags. 9. október 1995, var gerð grein fyrir m.a. þessum viðræðum við Olís og Skeljung:

„...“

*9. Bensínstöðvar/”hreingerning” óarðbærra stöðva:*

*Ég lýsti því að við værum að setja upp ákveðna tillögu í ljósi afkomumöguleika á smærri stöðum. Skoðun á umboðsmannakerfi m.t.t. ODR hefði tafið okkur, einnig að erfitt væri að láta dæmið ganga upp, “lítri á móti lítra”. BS<sup>1974</sup> sagðist tilbúinn að skoða slíkt dæmi í heild, þó einhverju skeikaði í lítrum, nefndi sem dæmi góðan hlut í Neskaupstað þar sem þeir hefðu losnað út úr taprekstri og um leið selt eign! (Ég mun sýna TM<sup>1975</sup> okkar síðustu tillögu og legg til að hún verði síðan rædd við BS).* “<sup>1976</sup>

Tillaga sú sem nefnd er í framangreindum tölvupósti var send til Olís með bréfi þann 17. október sama ár.<sup>1977</sup> Þær breytingar voru gerðar frá fyrri tillögu að Hvolsvelli og Dalvík var sleppt en í staðinn komu inn tillögur þess efnis að OHF hætti á Eskifirði þannig að Skeljungur væri þar einn eftir. Samkvæmt þessari tillögu myndi OHF fá 370 þús. lítra sölu til viðbótar en Olís myndi tapa um 150 þús. lítrum og Skeljungur um 220 þús. lítrum. Tekið var fram að mál væru frágengin milli Olís og Skeljungs í Neskaupstað. Jafnframt var rætt um að Olís og OHF myndu ræða þetta nánar áður en málið yrði lagt fyrir Skeljung.

Rætt var áfram um uppskiptingu bensínstöðvanna í janúar 1996. Á fundi félaganna 11. janúar 1996 komu fram nýjar tillögur frá Skeljungu og Olís.<sup>1978</sup> Samkvæmt tillögu Skeljungs var Hvolsvelli bætt aftur inn en Vopnafjörður var tekinn af listanum. Olís taldi halla verulega á félagið og óskaði eftir yfirlýsingu um að hin félögin myndu ekki hefja samkeppni í Grindavík fyrr en eftir aldamót. Fulltrúar olúfélaganna þriggja hittust á fundi þann 18. janúar 1996.<sup>1979</sup> Á þessum fundi lýstu fulltrúar OHF og Olís því yfir að þeir væru tilbúnir til þess að undirrita samkomulag, en Skeljungur óskaði

<sup>1973</sup> Fundargerð vegna framkvæmdastjórnarfundar OHF þann 29.8.1995 (Hs. nr. 1360).

<sup>1974</sup> Bjarni Snæbjörn Jónsson Skeljungu.

<sup>1975</sup> Thomas Möller framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís.

<sup>1976</sup> Tölvupóstur frá Þórólfi Árnasyni til forstjóra OHF, dags. 9.10.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>1977</sup> Bréf Þórólfs Árnasonar OHF til Thomasar Möller Olís, dags. 17.10.1995 (Hs. nr. 3166).

<sup>1978</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar OHF til forstjóra og framkvæmdastjórnar OHF, dags. 11.1.1996 og minnisblað ritað um breytingartillöguna, dags. 11.1.1996 (Hs. nr. 3166).

<sup>1979</sup> Fundargerð Þórólfs Árnasonar OHF vegna fundar með Thomasi Möller Olís og Margréti Guðmundsdóttur Skeljungu, dags. 18.1.1996 (Hs. nr. 3166).



eftir fresti til þess að kanna málið nánar. Virtist félagið einkum hafa áhyggjur af hagsmunum sínum í Grindavík. Fulltrúar olíufélaganna hittust viku síðar, þann 25. janúar og aftur þann 15. febrúar s.á.<sup>1980</sup> Daginn eftir síðari fundinn lýstu fulltrúar Skeljungs því yfir að þeir væru tilbúnir til þess að ganga að uppskiptingu á bensínstöðvum<sup>1981</sup> og var samningur þess efnis undirritaður þann 21. febrúar 1996. Undirrituð eintök samkomulagsins fundust m.a. hjá Olís.<sup>1982</sup> Samningurinn hljóðar svo:

#### Samkomulag

Olíuverzlun Íslands hf., Olíufélagið hf. og Skeljungur hf. samþykkja að framkvæma eftirfarandi til að auka hagræði í bensínsölu í dreifbýli.

Búðardalur:	Olís/Shell hætti	Esso eftir með eina stöð.
Mývatn:	Olís/Shell hætti	Esso eftir með eina stöð.
Þórshöfn:	Olís/Shell hætti	Esso eftir með eina stöð.
Hvolsvöllur:	Olís/Shell hætti	Esso eftir með eina stöð.
Seyðisfjörður:	Esso hætti	Shell eftir í sínum núverandi skála.
Neskaupstaður:	Esso hætti	Olís eftir með eina stöð.
Eskifjörður:	Esso hætti	Shell eftir með eina stöð.
Reyðarfjörður	Esso hætti	Olís áfram. Shell áfram.

Samkomulagið skal komið til framkvæmda fyrir 1. október n.k.

Esso og Shell opni ekki bensínsölu í Grindavík a.m.k. næstu fimm árin.

Aðilar eru sammála um að bjóða smurolíur og viðskiptakort hinna aðilanna til sölu á þeim stöðum þar sem fækkun hefur orðið á stöðvum.

Ráðstöfun eigna á hverjum stað verður skv. nánara samkomulagi.

Reykjavík, 21. febrúar 1996.

*Thomas Möller*

*Þórólfur Árnason*

Olíuverzlun Íslands hf.

Olíufélagið hf.

*M. Guðmundsdóttir*

Skeljungur hf.

Eins og fram kemur í ofangreindu skjali er um að ræða samkomulag um landfræðilega skiptingu milli olíufélaganna. Samningurinn varðar samtals níu staði á

<sup>1980</sup> Fundargerð Þórólfs Árnasonar OHF vegna fundar með Thomasi Möller Olís og Margréti Guðmundsdóttur Skeljungi, dags. 15.2.1996 (Hs. nr. 3166).

<sup>1981</sup> Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur Skeljungi til Þórólfs Árnasonar OHF og Thomasar Möller Olís, dags. 16.2.1996 kl. 9:46 (Hs. nr. 1360).

<sup>1982</sup> Samkomulag Olís, Skeljungs og OHF, dags. 21.2.1996 (Hs. nr. 4620).

landinu. Olís og Skeljungur skyldu hætta með rekstur í Búðardal, Mývatni, Þórshöfn og Hvolsvelli og láta OHF eftir rekstur bensínstöðva þar. OHF mundi hins vegar hætta á Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði og Reyðarfirði en ýmist Olís eða Skeljungur yrðu eftir með eigin rekstur á þeim stöðum. Gerð verður nánari grein fyrir samvinnu félaganna í Grindavík í kafla VIII 2 hér á eftir.

Framangreindur samningur var efndur að nokkru leyti. OHF rekur nú einu bensínstöðina á Búðardal.<sup>1983</sup> Skeljungur lokaði sinni stöð á Mývatni. (Félagið opnaði nýja stöð þar í ágúst 2003). OHF rekur einu stöðina á Þórshöfn, Olís einu stöðina á Neskaupstað og Skeljungur einu stöðina á Eskifirði. Skeljungur virðist hins vegar ekki hafa efnt samninginn varðandi Hvolsvöll og OHF ekki varðandi Reyðarfjörð og Seyðisfjörð.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II staðfestir félagið að hafa ritað undir þennan samning sem það segir vera „markaðsskipting af skýrustu gerð“. Staðfesti OHF einnig að þessi samningur fari gegn 10. gr. samkeppnislaga. Síðan segir í athugasemdum OHF: „*Ennfremur vill umbj. okkar benda á að sú staðreynd að skriflegur samningur var undirritaður sem innihélt svo augljóst brot gegn 10. gr. samkeppnislaga hljóti að benda til þess að umbj. okkar hafi ekki haft minnsta grun um að samningurinn væri andstæður lögum og ógildur af þeim sökum.*

*Hafi aðilar gert sér grein fyrir því að samningurinn væri ekki skuldbindandi að lögum, hefðu þeir í fyrsta lagi ekki ómakað sig við að undirrita slíkan samning og í öðru lagi eflaust ekki (sic) farið aðeins varlegar í sakirnar með að útbúa ekki svo skýrt sönnunargagn fyrir broti sínu. Er því ljóst að aðila flaug ekki í hug að um lögbrot gæti verið að ræða, heldur óðu menn í villu. Í mesta lagi er hér um algert gáleysi að ræða af hálfu umbj. okkar. Mikilvægt er að þessi atriði verði höfð í huga, komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.“*

Samkeppnisráð telur að OHF hafi mátt vera það ljóst að þessi samningur var með skýrum hætti til þess fallin að hafa alvarleg áhrif á samkeppni. Var því ekki um að ræða gáleysi af hálfu OHF. Nánar er fjallað um huglæga afstöðu stjórnenda olíufélaganna í kafla X 2.2.

#### 1.5. Markaðsskipting í Varmahlíð

Þann 10. október 1995 undirrituðu Skeljungur og OHF samning um rekstur bensínstöðvarinnar í Varmahlíð.<sup>1984</sup> Fram kemur að OHF sé umsjónaraðili með rekstri bensínstöðvarinnar en hins vegar sé sölu skipt þannig að Skeljungur fái 32% hennar.

<sup>1983</sup> Tölvupóstur frá lögmanni OHF til Samkeppnisstofnunar, dags. 23.11.2003.

<sup>1984</sup> Samningur milli OHF og Skeljungs vegna Varmahlíðar, dags. 10.10.1995 (gagn afhent af Skeljungu).

Ekki er hins vegar í samningnum ákvæði sem bannar Skeljungu að hefja samkeppni á staðnum.

Í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF þann 10. júlí 1996 segir m.a. eftirfarandi um ferð forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs félagsins til Norð-Vesturlands:

*„Sauðárkrókur: ...*

*Kaupfélagið var fullvissað um að nettóafkoma þess ætti ekki að skerðast þótt dreifing flytjist til ODR og reikningsgerð til aðalskrifstofu OHF. Helgi í Varmahlíð afar neikvæður í garð OHF og reyndar kaupfélagsins líka. Stoppa þarf smávörusölu Skeljungs í Varmahlíð sem samræmist ekki samningi um sölu á staðnum.“<sup>1985</sup>*

Samkvæmt þessu verður að draga þá ályktun að í samkomulagi félaganna hafi falist að Skeljungur myndi ekki hefja samkeppni við OHF í Varmahlíð. Er þetta sambærilegt fyrirkomulag og gildi á þeim stöðum sem samningurinn frá 1988 tók til.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að gögn málsins bendi til þess að samkomulag hafi verið milli umboðsmanns OHF í Varmahlíð og Skeljungs um að sá síðarnefndi stundaði ekki smásölu á staðnum. OHF kannist ekki við að hafa komið að meintu samkomulagi, nema sem þolandi. Samstarfið virðist ekki hafa verið víðtækara en þetta og telur OHF að um mjög óverulegt brot á samkeppnislögum kunni að vera að ræða í þessu tilviki sem félagið sé ekki ábyrgt fyrir.

Samkeppnisráð ítrekar að OHF hafi verið aðili að samningi við Skeljung um sölu á eldsneyti í Varmahlíð og samkvæmt 1. gr. samningsins hafi OHF verið umsjónaraðili með rekstri bensínstöðvarinnar á staðnum. Í fundargerð OHF frá júlí 1996 eru áformaðar aðgerðir gegn samkeppni frá Skeljungu á staðnum. OHF var því beinn þátttakandi að þessu máli og ljóst er að í gildi hafi verið ákvæði sem takmarkaði samkeppni frá Skeljungu í Varmahlíð.

#### 1.6. Markaðsskipting á Ólafsfirði

Í upphafi árs 1995 hófust þreifingar milli Skeljungs og Olís vegna bensínstöðva á Ólafsfirði. Af gögnum málsins er ljóst að fulltrúar félaganna hafi hist á fundi þann 20. febrúar það ár þar sem skipst hafi verið á upplýsingum um olíusölu á staðnum. Í faxi frá Olís til Skeljungs er fundi þessum lýst með eftirfarandi hætti:

*„Á fundi okkar mánudaginn 20. febrúar kl. 13:30 var farið yfir stöðu bensínsölu á Ólafsfirði. Fram kom m.a. að á árinu 1994 seldi Shell 284,5*

---

<sup>1985</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 10.7.1996 (Hs. nr. 1360 II)

*þús. lítra af bensíni og diesel en OLÍS 296,4 þús. lítra. Fjárfesting Shell á staðnum er sögð vera um 30 milljónir króna og greiddar eru 80 þús. kr. á mánuði í rekstrarstyrk. Fjárfesting OLÍS er einungis nokkrar milljónir og enginn rekstrarstyrkur greiddur. Ef bensínsölu OLÍS er lokað getur verið hætt á að Esso yrði fengið til að opna þar sölu. Því kom fram sú hugmynd að OLÍS-söluaðilar tækju að sér rekstur sameiginlegrar stöðvar með samkomulagi um að ekki yrði opnað aftur á OLÍS staðnum.*

*HÁ<sup>1986</sup> og KBÓ<sup>1987</sup> ætluðu síðan að skoða málið og hittast aftur. Nú leggur KBÓ til að HÁ komi með tillögu að því hvernig sameining á staðnum gæti litið út og síðan boði HÁ til fundar um málið. Taka þarf tillit til að OLÍS rekur þennan sölustað með hagnaði, jákvæðu nívirði og viðunandi innri vöxtum en væntanlega er aðra sögu að segja af fjárfestingu Shell.* “<sup>1988</sup>

Viðræður héldu áfram milli félaganna. Um tveimur mánuðum síðar var sendur eftirfarandi tölvupóstur innan Olís:

*„Hjörtur talaði við KBÓ á fimmtudag. Hann er að ýta á niðurstöðu. KBÓ taldi að hann ætti næsta leik en Hjörtur óskaði eftir því að OLÍS tæki næsta skref.*

*Málið er nokkuð snúið. Shell er með einhverjar 28 milljónir í fjárfestingu en við með mun minni fjárfestingu. Þá er salan svipuð í magni. Þetta hefur verið sett á memó áður. Hjörtur er alltaf að vísa í einhver samtöl Shellara við EB um að búið hafi verið að „ákveða“ sameiningu.*

*Hjörtur óskar óbeint eftir því að OLÍS kaupi sig inn að hálfu. KBÓ taldi það ekki aðgengilegt. Hjörtur vildi þá að OLÍS kæmi fram með tillögu. Áður en KBÓ getur lagt fram einhverja tillögu þarf að ræða málið innanhúss og ákveða hversu langt við viljum ganga í þessu máli eða tengja það við önnur samstarfsmál.* “<sup>1989</sup>

Um tveimur vikum síðar birtist Ólafsfjörður aftur á minnisblaði sem fannst hjá Olís.<sup>1990</sup> Blaðið ber yfirskriftina „Aukið hagræði í bensínsölu, hugsanlegir hagræðingarmöguleikar.“ Á minnisblaðinu er að finna tillögur í 20 liðum um „hagræðingu“ bensínstöðva úti á landi, m.a. lokanir og markaðsskiptingu. Tengist

<sup>1986</sup> Hjörtur Árnason starfsmaður Skeljungu.

<sup>1987</sup> Kristján B. Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís.

<sup>1988</sup> Fax frá Kristjáni B. Ólafssyni Olís til Hjartar Árnasonar Skeljungu, dags. 6.3.1995 (Hs. nr. 7080).

<sup>1989</sup> Tölvupóstur frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einarar Benediktssonar og Thomasar Möller, dags. 6.5.1995, kl. 15:35 (Hs. nr. 5850)

<sup>1990</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblað Thomasar Möller til Einarar Benediktssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 19.5.1995.

minnisblaðið þeim viðræðum félaganna sem lýst er að framan í kafla VIII 1.4 og leiddu til sammingsins frá 21. febrúar 1996. Undir lið 9 er að finna eftirfarandi tillögu:

*„Olís hætti rekstri stöðvar á Ólafsfirði. Ólafsfjarðarstöð Shell verði sameiginleg þriggja félaga stöð eða Olís/Shell stöð.“*

Um þetta er ekki fleira að finna í gögnum málsins frá þessu ári. Undir lok árs 1996 hófust hins vegar aftur viðræður Olís og Skeljungs um Ólafsfjörð. Í þetta sinn var umræðan einkum um kaup Olís á bensinstöð og hóteli í eigu Skeljungs á Ólafsfirði.<sup>1991</sup> Viðræður félaganna héldu áfram og gerði Skeljungur þann 14. nóvember 1996 fulltrúum Olís m.a. formlegt sölutilboð vegna eignarinnar.<sup>1992</sup> Bensinstöðin var áföst hótelinu og ætlaði Olís að selja Ólafsfjarðarbæ hótelhlotann að loknum kaupunum.<sup>1993</sup>

Þann 25. febrúar 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til forstjóra félagsins og greindi frá viðræðum við Skeljung varðandi Ólafsfjörð. Sagði hann m.a. að forstjóri Skeljungs óskaði eftir því að það yrði „*munlegt samkomulag*“ milli hans og forstjóra Olís um að Skeljungur opnaði ekki bensínafgreiðslu á Ólafsfirði næstu árin.<sup>1994</sup> Í mars 1997 sendi Olís Skeljungi athugasemdir við drög að kaupsamningi vegna bensinstöðvarinnar og hótelsins á Ólafsfirði. Óskaði Olís m.a. eftir því að Skeljungur lýsti því yfir að félagið myndi ekki opna bensínafgreiðslu á Ólafsfirði næstu tíu ár.<sup>1995</sup> Í svari Skeljungs við þessu atriði segir eftirfarandi í símbrefi til Olís:

*„Hvað þetta ákvæði varðar hef ég þegar tjáð þér að það verður ekki sett inn í samninginn, heldur verður forstjórum félaganna falið að ná munnlegu samkomulagi um þetta.“*<sup>1996</sup>

Þrátt fyrir þetta fannst undirbúin yfirlýsing hjá Skeljungi þar sem fram kemur að Skeljungur myndi ekki opna bensinstöð á Ólafsfirði næstu tíu ár.<sup>1997</sup>

---

<sup>1991</sup> Tölvupóstur frá Kristjáni B. Ólafssyni Olís til Einars Benediktssonar forstjóra og Thomasar Möller, dags. 29.10.1996 (Hs. nr. 5850).

<sup>1992</sup> Söluþóð Skeljungs til Olís vegna bensinstöðvar og hótélbyggingar á Ólafsfirði, dags. 14.11.1996 (Hs. nr. 5850).

<sup>1993</sup> Bréf bæjarstjóra Ólafsfjarðarbæjar til framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 14.2.1997 (Hs. nr. 4037).

<sup>1994</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Einars Benediktssonar forstjóra Olís, dags. 25.3.1997 kl. 17:18.

<sup>1995</sup> Símbref frá framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís til Árna Á. Árnasonar hjá Skeljungi, dags. 3.3.1997 (Hs. nr. 5850).

<sup>1996</sup> Símbref frá Árna Ármanni Árnasyni Skeljungi til framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 4.3.1997 (Hs. nr. 5850).

<sup>1997</sup> Óundirrituð yfirlýsing Skeljungs um að opna ekki bensinstöð á Ólafsfirði næstu tíu ár, dags. 12.3.1997.(Hs. nr. 5850).

Þann 12. mars 1997 hljóp hins vegar snurða á þráðinn þegar Olís var tilkynnt að bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar hefði ákveðið að afturkalla yfirlýsingu bæjarstjórans frá 14. febrúar 1997 um að bærinn myndi kaupa umrætt hótél.<sup>1998</sup> Þetta atvik olli uppnámi. Þann 12. mars 1997 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís minnisblað til forstjóra og stjórnarformanns félagsins og ræddi möguleg viðbrögð. Fram kemur að Olís og Skeljungur hefðu verið búin að ná munnlegu samkomulagi um öll aðalatriði málsins.<sup>1999</sup> Jafnframt er rætt um að hætta við þetta allt saman vegna brostinna forsendna en það gæti valdið Skeljungu vandræðum þar sem félagið hefði þegar lokað bensínafgreiðslu sinni á Ólafsfirði í þeirri trú að samkomulagið væri í höfn. Forstjórar félaganna blönduðu sér einnig í umræðuna. Forstjóri Skeljungs sendi 13. mars 1997 bréf til forstjóra Olís. Í því segir m.a. þetta:

*„Með bréfi þessu lýsir Skeljungur hf. yfir að Oluverslun Íslands hf. sé bundin við kaupin [á bensínstöð og hóteli á Ólafsfirði],<sup>2000</sup> enda sé kominn á samningur milli aðila. Í þessu sambandi er m.a. vísað til margítrekaðra loforða framkvæmdastjóra og forstjóra Oluverslunar Íslands hf., sem og skriflegar yfirlýsingar. Því er hér með skorað á kaupanda að taka við eignunum í dag og ganga jafnframt frá kaupsamningi.“<sup>2001</sup>*

Samkvæmt framangreindu telur samkeppnisráð að Olís og Skeljungur hafi orðið sammála um framangreinda markaðsskiptingu. Þessu hafi hins vegar ekki verið hrint í framkvæmd vegna umræddra breytinga á forsendum.

Eftir þetta virðist umræðu milli Olís og Skeljungs um málið hafa lokið í bili. Ástæða þessa kann að hafa verið sú að á þessum tíma einbeittu félögin sér að uppskiptingu bensínstöðva í sameiginlegri eign þeirra.<sup>2002</sup> Þeim viðræðum er lýst hér á eftir.

Í upphafi árs 1999 hófust aftur viðræður Olís og Skeljungs um Ólafsfjörð. Þannig áttu sér t.d. eftirfarandi samskipti stað milli félaganna í febrúar 1999 um sameiginlegar bensínstöðvar. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís sendi þá tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu. Í honum segir m.a. þetta:

*„Okkar fólk á Dalvík er að flytja til Rek 1. apríl, við erum að leita að framtíðarumba. Eruð þið til í frekari umræðu um 3ja félaga stöð þarna og 2ja/3ja félagastöðvar víðar. Bottom line er það að menn vilja ekki að merkin*

<sup>1998</sup> Bréf bæjarstjóra Ólafsfjarðarbæjar til framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís, dags. 12.3.1997 (Hs. nr. 4037)

<sup>1999</sup> Minnisblað ritað af Kristjáni B. Ólafssyni Olís til Einars Benediktssonar forstjóra Olís, dags. 12.3.1997 (Hs. nr. 4037).

<sup>2000</sup> Innskot Samkeppnisstofnunar.

<sup>2001</sup> Bréf forstjóra Skeljungs til forstjóra Olís, dags. 13.3.1997 (Hs. nr. 5850).

<sup>2002</sup> Sjá t.d. greinargerð eignaumsýslu og innra eftirlits Skeljungs vegna uppstokkunar á bensínstöðvum í sameign félagsins og Oluverzlunar Íslands hf., dags. 10.4.1997 (Hs. nr. 7080).

*(Olís) fari af fleiri stöðum, 2ja/3ja félagastöðvar með pottþéttum samningi um hver borgar hvað geta sætt sjónarmiðin og gert þær stöðvar sem verða einar eftir betri og arðvænlegri.* “<sup>2003</sup>

Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu svaraði með þessum hætti:

*„Mér líst vel á Dalvík sem 3ja félagastöð. Okkar maður á Reyðarfirði vill hætta. Mér finnst hún upplögð sem 3ja fél stöð líka. Einnig vil ég heyra frá Essó um Seyðisfjörð/Hvolsvöll.* “<sup>2004</sup>

Framkvæmdastjórinn hjá Olís svaraði og setti fram þá hugmynd að félögin gætu „klárað saman“ Ólafsfjörð og Reyðarfjörð.<sup>2005</sup> Í þessu fælist að „Olís færi í shellstöðina“ á Ólafsfirði og hún yrði rekin saman af félögunum. Skeljungur myndi reka bensinstöðina á Reyðarfirði sem samrekna stöð Olís og Skeljungs. Í lokin sagði framkvæmdastjórinn þetta: „Einnig: Þið lokið Hellu og við lokum Eyrarbakka.“ Framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu svaraði með þessum hætti:

*„Hér erum við sennilega farin að fljúga of hátt. Við munum ekki afhenda ykkur stöðina á Ólafsfirði til rekstrar. Þið höfðuð þann möguleika fyrir um það bil 2 árum en nýttuð hann ekki. Við erum nú í ágætu samstarfið við ... og erum því ekki í hremmingum á Ólafsfirði. Við höfum ekki áhuga á að loka á Hellu, því þar er okkar rekstur í mjög góðu lagi og sérstaklega í ljósi þess ef við skiptum á Seyðisfirði og Hvolsvelli. Ekki er mikið flot á kúnum á milli Stokkseyrar og Eyrarbakka, þetta eru 2 aðskildar einingar. Viðskiptin flytjast niður í Þorlákshöfn og sennilega mest á Selfoss. Kannski er þetta bara ógjörlegt.* “<sup>2006</sup>

Viðræður félaganna héldu þó áfram og ræddu forstjórar Skeljungs og Olís m.a. þessi mál á fundi þann 17. maí 1999. Eftir þann fund taldi forstjóri Olís „engar líkur á að samkomulag muni takast um að sameina stöðvar félaganna á Ólafsfirði á þeim forsendum sem við vorum tilbúnir að samþykkja, þ.e hvor aðili kaupir sig að hálfu inn í stöð hins, Olís stöðinni yrði lokað og hún sameinuð við Shell undir rekstrarumsjón Shell. Ef sameining á að takast á Ólafsfirði, verður hún að tengjast einhverri eftirgjöf Olís annarsstaðar á móti ...“<sup>2007</sup>

---

<sup>2003</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Thomasi Möller Olís til Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungu, dags. 9.2.1999 kl. 17:05.

<sup>2004</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Margrétu Guðmundsdóttur Skeljungu til Thomasar Möller, dags. 9.2.1999 kl.17:07.

<sup>2005</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Thomasi Möller Olís til Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungu, dags. 9.2.1999 kl. 17:16

<sup>2006</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Margrétu Guðmundsdóttur Skeljungu til Thomasar Möller Olís, dags. 10.2.1999 kl. 8:43.

<sup>2007</sup> Tölvupóstur forstjóra Olís til Samúels Guðmundssonar, forstöðumanns áhættustýringar og hagdeildar Olís, dags. 18.5.1999 kl. 10:24 (Hs. nr. 5868)

Samningar náðust þó milli Olís og Skeljungs. Þann 13. júlí 1999 var undirritaður samningur um rekstur bensínstöðvar á Ólafsfirði.<sup>2008</sup> Samkvæmt samningnum keypti Olís sig inn í rekstur Skeljungs á Ólafsfirði og átti Olís að gera tilraun til þess að selja húsnæði sitt á staðnum. Í samningi félaganna er tekið fram að frá og með 1. ágúst 1999 myndu félögin reka sameiginlega núverandi bensínstöð Skeljungs á Ólafsfirði og þann sama dag myndi Olís loka sinni stöð. Í framhaldi af því myndi eldsneytissala á staðnum skiptast til helminga milli félaganna. Í samningnum er einnig tekið fram að selja eigi bensínstöð Olís með þeirri kvöð að ekki mætti nota hana til bensínstöðvarreksturs. Ljóst er að þarna náðu félögin samkomulagi um markaðsskiptingu í Ólafsfirði og hrintu því samkomulagi í framkvæmd. Fóru þessar aðgerðir gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að félaginu sé ókunnugt um þessi atvik og þau félaginu óviðkomandi. Meint samráð Olís og Skeljungs sé ekki á ábyrgð OHF og ekki hluti af meintu heildarsamráði.

Samkeppnisráð telur þvert á móti að þessar aðgerðir Olís og Skeljungs hafi verið hluti af víðtækara samráði um markaðsskiptingu í bensínstöðvarrekstri. Þannig má nefna að í framangreindu minnisblaði Olís frá 19. maí 1995 eru settar fram hugmyndir um markaðsskiptingu á Ólafsfirði. Einnig eru settar fram hugmyndir um að t.d. OHF leggi niður stöðvar sínar á Barðaströnd, Borgarfirði, Vopnafirði, Dalvík, Neskaupstað, Reyðarfirði auk einnar stöðvar á Selfossi. Um sumar þessar hugmyndir náðist samkomulag milli félaganna, sbr. umfjöllun hér að framan. Telur samkeppnisráð að þessi gögn endurspegli umræður olíufélaganna á þessum tíma. Hér má einnig hafa í huga að í viðræðum Olís og Skeljungs um Ólafsfjörð og fleiri staði í febrúar 1999 er vísað til þess að í því samhengi verði að fá sjónarmið OHF varðandi Seyðisfjörð og Hvolsvöll. Þetta gefur ótvírætt til kynna að OHF hafi mátt vera ljóst að Olís og Skeljungur myndu grípa til samskonar aðgerða á Ólafsfirði og OHF hafði tekið þátt í öðrum stað stöðum á landinu í sama tilgangi. Voru þessar aðgerðir því hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

#### 1.7. Uppskipti Skeljungs og Olís árið 1997

Um mitt ár 1997 áttu sér stað samningaviðræður milli Olís og Skeljungs. Þessum viðræðum lauk með undirritun nokkurra samninga þann 28. nóvember 1997 þar sem m.a. var undirritaður samningur um uppskipti nokkurra stöðva í samrekstri þeirra.<sup>2009</sup> Þannig keypti Skeljungur helmings hlut Olís í bensínstöðvum félaganna á Seltjarnarnesi, Sandgerði, Hvolsvelli og Bíldudal, sbr. 1. gr. samningsins, og tók

<sup>2008</sup> Samningur Skeljungs og Olís um rekstur bensínstöðvar á Ólafsfirði, dags. 13.7.1999 (Hs. nr. 5219)

<sup>2009</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Samningur Olís og Skeljungs um gagnkvæm kaup á fasteignum, dags. 28.11.1997. Sjá einnig tölvupóst Kristjáns B. Ólafssonar til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 29.11.1997 kl. 13:40.



þannig við rekstri þeirra. Á móti keypti Olís helmings hlut Skeljungs í bensínstöðvum félaganna í Keflavík, Skagaströnd og hjá Bifreiðastöð Oddeyrar (BSO) á Akureyri, sbr. 2. gr. samningsins, og eignaðist þ.a.l. þær stöðvar. Samkvæmt samningnum var félögunum gert að afhenda seldar fasteignir eigi síðar en 1. janúar 1998. Ljóst var við samningagerðina að þær bensínstöðvar sem Skeljungur fékk samkvæmt samningnum seldu u.þ.b. hálfri millj. lítra minna á ári en bensínstöðvar þær sem Olís fékk. Í 3. gr. samningsins var því gert ráð fyrir því að Olís bætti Skeljungi mismuninn í gegnum skiptisölu félaganna með rúmlega hálfri millj. lítra þann 1. janúar 1998. Í 3. gr. segir:

*„Eldsneytissalan á umræddum stöðvum var að meðaltali 1995, 1996 og 1997 (þ.e. til 1. september 1997) þannig að stöðvar sem koma í hluta Skeljungs hf. seldu alls 2.830 þús. lítra á ári en stöðvar sem koma í hlut Olíuverzlunar Íslands hf. seldu alls 3.281 þús. lítra á ári. Mismunurinn er 451 þús. lítrar á ári. Ef einungis er skoðað árið 1996 er mismunartalan 605 þús. lítrar. Aðilar eru sammála um að Olíuverzlun Íslands hf. bæti Skeljungi hf. mismuninn upp á þann hátt að í gegnum skiptisölu félaganna skili Olíuverzlun Íslands hf. alls 535.000,- lítrum af bensíni og fari skiptin fram 1. janúar 1998.“*

Að lokum undirrituðu Olís og Skeljungur samning um ráðstöfun á fasteignum félaganna á Þórshöfn og Búðardal þennan sama dag.<sup>2010</sup> Þannig keypti Skeljungur eignarhluta Olís í bensínstöð á Þórshöfn. Félögin hugðust standa sameiginlega að sölu á húsnæði þeirra í Búðardal og í samningnum kemur fram að athugað yrði hvort OHF myndi standa við munnlegt tilboð um kaup á eigninni. Samningar þessir urðu til þess að nokkur umræða hófst milli olúfélaganna þriggja um frekari uppskiptingu og verður nú vikið að þeim þætti.

Hér ber að geta þess að í athugasemdum OHF er því haldið fram að félaginu sé ókunnugt um þessi atvik og þau félaginu óviðkomandi. Meint samráð Olís og Skeljungs væri ekki á ábyrgð OHF og ekki hluti af meintu heildarsamráði. Samkeppnisráð bendir hér á að þetta samráð Olís og Skeljungs tengdist samráði olúfélaganna þriggja um landfræðilega markaðsskiptingu. Þannig er t.d. vísað til þess í einum samninganna að kannað verði hvort OHF stæði við munnlegt boð um kaup á stöð Olís og Skeljungs í Búðardal. Hér skal rifjað upp að samkvæmt samningi olúfélaganna frá 21. febrúar 1996 skyldu Olís og Skeljungur hætta rekstri í Búðardal og OHF sitja eitt að þeim markaði. Jafnframt segir í samningnum að ráðstöfun eignar á hverjum stað skuli vera samkvæmt nánari samkomulagi. Hér ber og að hafa í huga að í tölvupósti Skeljungs til OHF og Olís, dags. 1. desember 1997, er vísað til þessara samninga í tengslum við áframhaldandi umræður olúfélaganna um landfræðilega

<sup>2010</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Samingur Olís og Skeljungs um ráðstöfun á tveimur fasteignum, dags. 28.11.1997. Sjá einnig tölvupóst Kristjáns B. Ólafssonar til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 29.11.1997 kl. 13:40.

markaðskiptingu. Þessar aðgerðir Olís og Skeljungs voru því hluti af hinu samfellda samráði olíufélaganna.

#### 1.8. Viðræður olíufélaganna um uppskiptingu bensínstöðva 1997–2001

Fljótlega eftir uppskiptingu Skeljungs og Olís á áðurnefndum bensínstöðvum hófust viðræður milli olíufélaganna þriggja um uppskiptingu stöðva í samrekstri þeirra allra. Frumkvæðið að þessum viðræðum virðist hafa komið frá Skeljungi, sbr. eftirfarandi tölvupóst sem fannst hjá OHF og sendur var 1. desember 1997:

*„Mér er það mikið í mun að við reynum að skipta upp stöðvum félaganna, en við Thomas höfum rætt það heilmikið að undanfögnu, enda gengið frá samkomulagi um skiptingu 2ja fél. stöðva á föstudaginn var.*

*Ef samkomulag næst um skiptingu, þá tel ég að Þorlákshöfn lendi ekki hjá Shell. Nú er svo málum komið að ráða þarf nýjan útsöllumann í Þorlákshöfn frá áramótum. Súrt í broti að ráða nýjan mann, ef stöðin fer til annars hvors ykkar og þið viljið einhverja allt aðra lausn.*

*Getið þið rætt þetta ykkar á milli. Við getum tekið upp þráðinn í næstu viku [...].“<sup>2011</sup>*

Svar OHF var eftirfarandi:

*„Hvað varðar Þorlákshöfn þá hef ég ekki komið að því máli og þekki ekki sérstaklega til þess. Ég hef ekki séð neina tillögu að uppskiptum á þriggja félaga stöðvunum. Núna er staðan:*

*Skeljungs umsjón: Hvammstangi, Fáskrúðsfjörður, Þorlákshöfn*

*Olís umsjón: Ólafsvík, Stykkishólmur, Siglufjörður*

*ESSO umsjón: Ísafjörður, Kirkjubæjarklaustur*

*Einnig hefur verið rætt um hugsanlega þriggja félagastöð á Dalvík, þar sem ESSO yrði umsjónaraðili. Flestar þessara stöðva hafa mjög viðunandi afkomu og “hafa ekki tekið mikinn tíma” frá félögunum.*

*Ef skipta á upp þriggja félaga stöðunum þarf að skoða:*

*-sölu á hverjum stað*

*-afkomumöguleika hvers staðar*

---

<sup>2011</sup> Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur Skeljungi til Thomasar Möller Olís og Þórólfs Árnasonar OHF, dags. 1.12.1997 kl. 17:11 (Hs. nr. 3166).

*-fjarlægð í “næstu stöð ef ákv. stöð tapast úr keðjunni”  
Stærsta málið er síðan: Hver fær hvaða stöð? “<sup>2012</sup>*

Daginn eftir barst eftirfarandi tillaga að uppskiptingu frá Olís:

*„hugm er sú að t.d olís kaupi stykkish, þorlhöfn  
shell kaupi olv og fáskfjörð og hvammstanga og umfmiðs rek  
esso kaupi kirkjub klaustur  
esso og olís verði með dalvík og shell olís með sigló  
allir saman með ísafjörð  
esso kaupi reykholu af olís  
koma svipað út með lítr  
skilvirkari rekstur skýrari línur með kostnað og ábyrgð olískort esso kort  
shell kort gilda áfram  
hvert félag með eina stöð á Snæf nesi “<sup>2013</sup>*

Ljóst er af gögnum málsins að unnið var að þessari markaðsskiptingu næstu vikur innan olíufélaganna.<sup>2014</sup> Þann 11. mars 1998 greindi framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF forstjóra félagsins frá viðræðum félaganna um þessa markaðsskiptingu og setti fram tillögur. Þetta kom fram í svohljóðandi minnisblaði hans:

*„Ég hef undanfarið upplýst þig um að ég hef átt í viðræðum um  
hugsanlega hagræðingu í rekstri bensínstöðva.*

*Meðf. er yfirlit sem grundvallast á:*

- *Aðeins tvær samreknar stöðvar eftir (Ísafjörður í umsjón ESSO og Siglufj. í umsjón Olís)*
- *ESSO fær Fáskrúðsfjörð, Kirkjubæjarkl. og Hvammstanga*
- *Olís fær Ólafsvík og Dalvík*
- *Skeljungur fær Stykkishólm og Þorlákshöfn*

*ESSO hættir: Víðigerði, Rauðalæk, Flúðum, Steinum, Þyrli (að auki  
Reyðarfirði skv. eldri tillögu og hugsanl. Seyðisf. ef Skeljungur kaupir)*

*Olís hættir: Reyðarfirði, Reykhólum, Eyrarbakka, Ferstiklu að vetri til*

---

<sup>2012</sup> Tölvupóstur frá Þórólfi Árnasyni OHF til Thomasar Möller Olís og Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungu, dags. 2.12.1997 kl. 11:22 (Hs. nr. 3166).

<sup>2013</sup> Tölvupóstur frá Thomasi Möller Olís til Þórólfs Árnasonar OHF og Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungu, dags. 3.12.1997 kl. 11:23 (Hs. nr. 3166).

<sup>2014</sup> Sbr. t.d. minnisblað Thomasar Möller Olís, dags. 11.12.1997 (afritað tölvuskjal frá Olís), minnisblað Thomasar Möller Olís, dags. 14.1.1998 og 30.1.1998 (Hs. nr. 4316 og 5820).

*Skeljungur hættir: Hornafirði, Kleppjárnsreykjum, Flókalundi  
(hugsanlega hætt á Súðavík)*

*Ég hef engum sýnt þetta ennþá, bið þig að hugleiða þetta og ræða við mig.*<sup>2015</sup>

Þessar hugmyndir voru ræddar á framkvæmdastjórnarfundum OHF þann 24. mars 1998 og var samþykkt að „*keyra á málið*“.<sup>2016</sup> Jafnframt fundust gögn hjá Olís frá þessum tíma þar sem kannaðar voru ýmsar útfærslur á þessari skiptingu.<sup>2017</sup> Í júní á sama ári komust olíufélögin nálægt því að semja um uppskiptinguna. Gerð voru drög að samningi um gagnkvæm kaup á fasteignum félaganna.<sup>2018</sup> Samkvæmt samningsdrögunum átti OHF að kaupa hlut Skeljungs og Olís í bensínstöðvum félaganna á Kirkjubæjarklaustri og í Búðardal. Olís átti að kaupa bensínstöðina á Dalvík og Skeljungur stöðina í Þorlákshöfn. Þessi samningur var þó ekki samþykktur af félögunum, sbr. eftirfarandi ummæli í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís:

*„Hef rætt við MG<sup>2019</sup> og Heimir<sup>2020</sup> og sagt þeim frá okkar niðurstöðu, þ.e. að Olís er ekki reiðubúin í stóru uppskiptin. Heimir sagði frá fundi sínum með GM<sup>2021</sup> og RB<sup>2022</sup> þar sem efasemdir komu upp um Stykkishólm, þ.e. að Shell mætti ekki fá að festa sig þar í sessi.*

*Bæði MG og Heimir komu með nýja tillögu, hún er þessi:*

*Esso fær klaustur: þeir fá 656þús ltr, kaupir húsið  
Shell fær Þorl höfn: þeir fá 580þús ltr, kaupir húsið  
Shell Esso loka Dalvík, við fáum 540 þús ltr, vilja að Olís kaupi húsið, hef lagst gegn því, það er þeirra mál að selja fasteignina á því verði sem fæst á staðnum.*

*Lokanir sem kæmu í kjölfarið, sjálfvirkir án lítrauppskiptingar gætu orðið:*

*Shell lokar höfn, missir 400þús ltr*

---

<sup>2015</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar OHF til Geirs Magnússonar forstjóra, dags. 11.3.1998 (Hs. nr. 3112).

<sup>2016</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 24.3.1998 (Hs. nr. 1360)

<sup>2017</sup> Minnisblað Thomasar Möller Olís, dags. 11.3.1998 (Hs. nr. 4038) og minnisblað Kristjáns B. Ólafssonar til Einars Benediktssonar o.fl., dags. 29.5.1998 (Hs. nr. 4038).

<sup>2018</sup> Óundirritaður samningur milli Skeljungs, Olís og OHF um gagnkvæm kaup á fasteignum, dags. júní 1998 (Hs. nr.úr 3112).

<sup>2019</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu Skeljungs.

<sup>2020</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

<sup>2021</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>2022</sup> Ragnar Bogason framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda OHF.

*Shell lokar Kleppjárnsreykjum 120 þús ltr*  
*Olís lokar reykhólum 120 þús ltr*  
*Esso lokar Þyrli, 680 þús ltr*  
*Olís vetrarlokun Ferstikla 400 þús ltr*<sup>2023</sup>

Framangreind tillaga Skeljungs og OHF varð grundvöllurinn að nýrri lotu viðræðna milli félaganna og komu forstjórar félaganna m.a. að þeirri vinnu, sbr. eftirfarandi tölvupóst forstjóra Olís til framkvæmdastjórnar félagsins.<sup>2024</sup>

*„Vísu í umræður á síðasta framkvstj. fundi um uppskipti stöðva, þar sem kynnt var ný tillaga. Á fundi EB,<sup>2025</sup> KB<sup>2026</sup> og GM<sup>2027</sup> í fyrradag var m.a. rætt um uppskipti stöðva að frumkvæði KB. Fram kom að bæði KB og GM eru tilbúnir í uppskipti skv. nýjustu tillögu [...].*

*Til upprifjunar byggir tillaga á því að*

*Esso fær Kirkjubæjarklaustur.*  
*Shell fær Þorlákshöfn.*  
*Olís fær Dalvík og Esso og Shell loka sinni stöð.*

*Esso fer út úr Siglufirði og eftir verður samrekstur Olís og Shell.*  
*Shell hættir á Höfn.*  
*Olís hættir á Reyðarfirði. [...]*

*Í samræmi við umræður okkar á framkvæmdastjórnarfundinum sagði ég að við værum ekki tilbúnir til að svara þessu nú og reiknaði síður með að við gætum svarað þessu fyrr en í september. KB pressaði nokkuð á að fá svar sem fyrst og ég notaði þá pressu til að fá frá þeim svar um að þeir væru til í þessi uppskipti, þannig að valkosturinn er okkar.“*

Í upphafi septembermánaðar árið 1998 virðist þó sem þolinmæði aðila hafi brostið. Þann 1. september 1998 sendi Skeljungur bréf til Olís og óskaði eftir útskýringum á drætti sem hafi átt sér stað á samningaviðræðum félaganna. Þetta kemur fram í svarbréfi Olís, dags. 7. september 1998.<sup>2028</sup> Afrit af því bréfi var sent OHF. Í þessu

<sup>2023</sup> Tölvupóstur Thomasar Möller Olís til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 22.6.1998 kl. 9:46 (Hs. nr. 4925)

<sup>2024</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Tölvupóstur Einar Benediktssonar til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 9.7.1998 kl. 10:02.

<sup>2025</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>2026</sup> Kristinn Björsson forstjóri Skeljungs.

<sup>2027</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>2028</sup> Bréf Thomasar Möller Olís til Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungu, dags. 7.9.1998 (Hs. nr. 7074)

bréfi Olís er forsaga samningaviðræðnanna rakin og þeirri skoðun lýst að dráttur á samningaviðræðum hafi verið eðlilegur. Því næst segir:

*„Við litum á bréf þitt sem einhliða slit Skeljungs hf. á viðræðunum. Reyndar sem slit á allri umræðu um uppskipti stöðva sem hefur staðið yfir sleitulaust frá síðustu áramótum og slit á viðræðum um hugsanlega tilfærslu umsjónar sameiginlegra stöðva enda hluti umræðunnar um uppskipti stöðva. [...]“*

Þetta bréf Olís til Skeljungs virðist þó lítil áhrif hafa haft og héldu viðræður olíufélaganna áfram. Í tölvupósti forstöðumanns fjárreiðudeildar Skeljungs til forstjóra félagsins í september 1998 segir m.a. eftirfarandi:

*„Ég fór með KBÓ<sup>2029</sup> í gegnum hagræðinguna af uppskiptingu á þríhliða stöðvum og lokun á ýmsum stöðvum í kjölfar þess. Þetta myndi einnig leiða til þess að rekstrargrundvöllur einstakra útsölumanna myndi batna þar sem samkeppnin á svæðunum myndi minnka. Hann var í sjálfu sér sammála þessu og lofaði að taka stöðuna á sínum mönnum og hafa samband við mig eftir helgi. Hann nefndi einnig bréf frá MG<sup>2030</sup> sem hefði stuðað einhverja viðkvæma menn í Olís.“<sup>2031</sup>*

Umræður virðast hafa byrjað aftur að einhverju leyti um mánuði síðar, en þær virðast einkum hafa snúið að uppskiptingu milli Skeljungs og OHF.<sup>2032</sup> Umræður hófust aftur milli olíufélaganna þriggja fyrir alvöru á fundi forstjóra þeirra þann 9. desember 1998. Í tölvupósti forstjóra Olís til nokkurra starfsmanna félagsins er fundinum lýst.<sup>2033</sup> Samtals voru 15 mismunandi liðir ræddir við þetta tækifæri. Undir lið nr. 6 var rætt um uppstokkun stöðva. Þar segir eftirfarandi:

*„Ákveðið að fela TM, HS og MG að taka málið upp að nýju og kanna hvort einhverjir möguleikar eru í núverandi stöðu. Fram kom að Esso dregur Dalvík til baka og Shell er reiðubúið að ræða að kaupa stöð Esso í Seyðisfirði. Ég tók fram að ég væri frekar svartsýnn á að nýr flötur myndist í bili, þar sem þegar hefði verið reynt að stilla upp mörgum hugmyndum og skást hefði verið sú sem var til umræðu þegar upp úr slitnaði. Auk þess hefði*

<sup>2029</sup> Kristján B. Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís.

<sup>2030</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu Skeljungi.

<sup>2031</sup> Tölvupóstur Árna Á. Árnasonar Skeljungi til Kristins Björnssonar, dags. 20.9.1998 kl. 10:54 (Hs. nr. 7080).

<sup>2032</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Tölvupóstur Kristjáns B. Ólafssonar Olís til framkvæmdastjórnar félagsins, dags. 8.10.1998 kl. 11:46, tölvupóstur Thomasar Möller Olís til framkvæmdastjórnar félagsins, dags. 8.10.1998 kl. 11:58 og tölvupóstur Einars Benediktssonar Olís til framkvæmdastjórnar félagsins, dags. 10.12.1998 kl. 10:04.

<sup>2033</sup> Tölvupóstur Einars Benediktssonar Olís til Jóns Halldórssonar, Thomasar Möller o.fl., dags. 10.12.1998 kl. 14:12 (Hs. nr. 4317).

*Þegar kvarnast úr þeirri lausn með því að Esso vildi halda áfram á Dalvík og Shell hefði þegar lokað á Hornafirði. Berlega kom í ljós að Shell vill halda þessari umræðu áfram til að reyna að krækja í Ólafsvík eða Stykkishólm og reyna að fá eitthvað út á Hornafjörð. Legg til að við ýtum ekki undir vinnu í þessu máli að fyrri bragði, en tökum þátt í fundum ef hinir boða og látum þá hafa frumkvæði að hugmyndum, þar sem líklegt er að allar tillögur feli í sér að við missum annaðhvort Ólafsvík eða Stykkishólm, sem við höfum þegar rætt um að halda fyrir okkur.“*

Þessar viðræður virðast samt ekki hafa hreyft við málinu ef marka má athugasemdir í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF í upphafi árs 1999:

*„Rætt var um næstu skref í fækkun samrekinna stöðva og var almennt litið þannig á að ekki væru margir möguleikar í stöðunni og að OHF hefði verið í fararbroddi um lokun stöðva. Helst var nefnt að OHF gæti séð af Siglufirði en ekki var áhugi að taka yfir Hvammstanga og Fáskrúðsfjörð. HS<sup>2034</sup> falið að skoða magntölur fyrir þá staði sem búið er að loka.“<sup>2035</sup>*

Umræðan virðist hafa dottið niður um tíma eftir þetta en hafist hins vegar aftur á öðrum grundvelli um tveimur árum síðar. Þann 14. mars 2001 undirrituðu olíufélögin nýjan samning um rekstur sameiginlegra bensínstöðva. Viðræður hófust fljótlega aftur um uppskiptingu bensínstöðva. Gerð er grein fyrir þeim samningi í kafla V. Í kjölfar þessa hófust viðræður aftur.<sup>2036</sup> Meðal annars voru nýjar tillögur ræddar á framkvæmdastjórnarfundi OHF.<sup>2037</sup> Yfir sumarið 2001 var unnið að málinu innan olíufélaganna en í lok sumars virðast hafa verið komnar fram nokkuð endanlegar hugmyndir um málið, sbr. eftirfarandi tölvupóst frá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til forstjóra félagsins:

*„Stefnt er að fundi með MG<sup>2038</sup> og HS<sup>2039</sup> í lok ágú  
Nú hafa öll 3 félögin heimild til að ganga í þetta  
til upprifjunar  
Olís fær Ólafsvík  
Shell fær Sigló  
Olís og Esso reka saman dalvík, Esso kaupir sig inn  
Esso fær Flúðir, kaupir okkar dælu  
Við lofum að loka Sauðárkróki innan skamms þó ekki nema ... vilji hætta*

<sup>2034</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri neytendasviðs OHF.

<sup>2035</sup> Fundargerð vegna fundar framkvæmdastjórnar OHF, dags. 5.1.1999 (Hs. nr. 1369).

<sup>2036</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Heimi Sigurðssyni til Geirs Magnússonar, dags. 30.3.2001 kl. 18:07. Sjá einnig viðhengi, hugmyndir um uppskipti á samreknnum stöðvum, ódags.

<sup>2037</sup> Fundargerð vegna fundar framkvæmdastjórnar OHF, dags. 3.4.2001 (Hs. nr. 1360).

<sup>2038</sup> Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Skeljungu.

<sup>2039</sup> Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá OHF.

*Lítrar verða í jafnvægi* <sup>2040</sup>

Innan olíufélaganna var lítið á þessa uppskiptingu sem fyrsta áfanga í enn víðtækari uppskiptingu.<sup>2041</sup> Fram eftir hausti var meðal annars samið um verðmæti þeirra bensínstöðva sem skipta átti á milli félaganna<sup>2042</sup> og skipst á upplýsingum um sölu einstakra stöðva.<sup>2043</sup> Viðræður félaganna drógust fram í desember,<sup>2044</sup> en í húsleit Samkeppnisstofnunar fundust einnig drög að samningi milli Olís og OHF um kaup á fasteignum,<sup>2045</sup> samningi um rekstur og eignarhald á bensínstöð við Skíðabraut á Dalvík, einnig milli Olís og OHF,<sup>2046</sup> auk samnings milli olíufélaganna þriggja um kaup og sölu á bensínstöðvum.<sup>2047</sup> Öll samningsdrögin eru dagsett í desember 2001. Samkvæmt síðastnefnda samningnum átti Olís að kaupa hlut Skeljungs og OHF í bensínstöð félaganna í Ólafsvík og hafa eitt félaganna starfsemi þar. Skeljungur átti hins vegar að kaupa hlut OHF og Olís í bensínstöð félaganna á Siglufirði en OHF og Olís áttu að starfa saman á Dalvík.

Af gögnum málsins er ljóst að í desember 2001 var í raun búið að ná samkomulagi og einungis átti eftir að undirrita samninga þegar Samkeppnisstofnun gerði húsleit hjá olíufélagunum að morgni dags 18. desember 2001, sbr. m.a. eftirfarandi tölvupóst:

*„Sendi ykkur uppkast vegna sölu á þriggja félagastöðvum. Búið er að breyta verðmæti á Ólafsvík til lækkunar að beiðni Thomasar og að höfðu samráði við Stefán. Lagt er til að fundur vegna undirskrifta verið kl. 10.00 á mánudaginn 10. desember í Skeljungu. Gengur sá tími hjá ykkur?“* <sup>2048</sup>

Undirritun frestaðist þó, sbr. eftirfarandi tölvupóst:

---

<sup>2040</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Thomasar Möller (Olís) til Einars Benediktssonar, dags. 3.8.2001 kl. 9:13.

<sup>2041</sup> Minnisblað Heimis Sigurðssonar (OHF) „Hugmyndir um uppskipti á samreknnum stöðvum“, dags. 24.9.2001 (Hs. nr. 1011).

<sup>2042</sup> Tölvupóstur frá Árna Á. Árnasyni (Skeljungu) til Thomasar Möller (Olís), Heimis Sigurðssonar (OHF) og annarra, dags. 20.9.2001 (Hs. nr. 5508). Afritaður tölvupóstur frá Olís: Tölvupóstar milli Thomasar Möller (Olís) og Einars Benediktssonar, dags. 26.9.2001 kl. 16:52 og 27.9.2001 kl. 19:05. Tölvupóstur frá Árna Á. Árnasyni (Skeljungu) m.a. til Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 22.10.2001 kl. 16:21 (Hs. nr. 3157).

<sup>2043</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Heimis Sigurðssonar (OHF) og Thomasar Möller (Olís), dags. 25.9.2001 kl. 17:19, 17:39 og 17:41, ásamt tölvupósti milli sömu aðila, dags. 26.9.2001 kl. 8:38.

<sup>2044</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli Thomasar Möller (Olís) til Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 21.11.2001 kl. 11:04. Sbr. einnig yfirlit í tölvupósti Thomasar Möller (Olís) til Einars Benediktssonar og annarra, dags. 26.11.2001 kl. 13:30 (Hs. nr. 5508) ásamt tölvupósti frá Heimi Sigurðssyni (OHF) til Geirs Magnússonar, dags. 6.12.2001 kl. 22:50.

<sup>2045</sup> Samningur um kaup á fasteignum milli OHF og Olís, dags. í desember 2001 (Hs. nr. 3112).

<sup>2046</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Thomasi Möller (Olís) til Heimis Sigurðssonar (OHF) dags. 3.12.2001 kl. 16:03.

<sup>2047</sup> Samningur um gagnkvæm kaup á fasteignum, dags. í desember 2001 (Hs. nr. 5508).

<sup>2048</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Árna Á. Árnasyni (Skeljungu) til Thomasar Möller (Olís) og Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 5.12.2001 kl. 11:51.



„Af óviðráðanlegum ástæðum viljum við fresta undirskrift samninga fram í aðra viku, t.d. 17.12. – vona að þetta skapi ykkur ekki nein óþægindi. Til að fyrirbyggja allan misskilning þá er hér eingöngu um að ræða innanhús mál hjá OHF.“<sup>2049</sup>

Svar Skeljungs við þessu skeyti var eftirfarandi:<sup>2050</sup>

*Við skulum hins vegar halda fast við að ljúka þessu þá, þannig að hægt sé að byrja nýtt ár skv. þessum samningum. ...*

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir eftirfarandi um þessi atvik málsins: „Á bls. 310–318 í seinni frumskýrslu Samkeppnisstofnunar er fjallað um þær viðræður sem áttu sér stað milli olíufélaganna um að hætta sameiginlegum rekstri bensínstöðva. Um flókið mál var að ræða þar sem ákveða þurfti hvernig staðið skyldi að afnámi samrekstrarins. Afnám samrekstrar þýddi að eitthvert félaganna varð að halda áfram rekstri á eigin spýtur á viðkomandi stöð. Finna varð flöt á því hvaða félag tæki við hvaða stöð. Umbj. okkar telur ekki hægt að segja að félögin hafi rætt um að skipta upp mörkuðum. Einungis hafi verið rætt um hvernig breytingum á tilteknum stöðvum skyldi breytt úr samrekstri í rekstur eins félags. Ekki var rætt um að setja hömlur við því að félögin hæfu svo samkeppni hvert við annað á einstaka stöðum. Hefði hins vegar raunin verið sú að félögin hafi rætt um að banna samkeppni á einstaka stað hefði óumdeilanlega verið um að ræða umræður um markaðsskiptingu.

Mikið samningsþref átti sér stað á árunum 1997–2001 um þetta mál. Þegar húsleit Samkeppnisstofnunar var gerð þann 18. desember fundust drög að samkomulagi um umrædda uppskiptingu samrekinna bensínstöðva. Eins og að framan greinir telur umbj. okkar að meintar umræður hafi ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og á það einnig við þó svo talið verði að samkomulag hafi tekist um skiptinguna. Þrátt fyrir það telur umbj. okkar ekki að samkomulag hafi náðst um skiptingu samreknustöðvanna. Gögn málsins benda nefnilega til þess að í desember hafi tekist að gera drög að samkomulagi um uppskiptingu stöðvanna. Eitthvað dróst að félögin skrifuðu undir samkomulagið en gögn málsins benda þó til þess að ef umbj. okkar hefði ákveðið að ganga til umræddra samninga þá hefði hann skrifað samninginn undir í síðasta lagi þann 17. desember 2001. Sbr. ummæli umbj. okkar í tölvupósti til SKEL frá 7. desember 2001:

<sup>2049</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Heimi Sigurðssyni (OHF) til Árna Á. Árnasonar (Skeljungi) og annarra, dags. 7.12. 2001 kl. 16:59.

<sup>2050</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Margréti Guðmundsdóttur (Skeljungi) til Heimis Sigurðssonar (OHF), Thomasar Möller (Olís) og annarra, dags. 7.12. 2001 kl. 22:18.

*Af óviðráðanlegum ástæðum viljum við fresta undirskrift samnings fram í aðra viku, t.d. 17.12.*

*Ekkert varð af undirritun samningsins þann 17. desember 2001 og ekki var boðað til neins fundar síðar í þeirri viku. Verður því að ætla að umbj. okkar hafi ákveðið að ganga ekki til umrædds samnings.*

*Gögn málsins benda eindregið til þess að olíufélögin hafi talið nauðsynlegt að skrifa undir samning um uppskiptingu samrekinna bensínstöðva til að um bindandi samkomulag gæti verið að ræða. Af þeirri ástæðu er augljóst að olíufélögin litu ekki á samningsdrögin sem bindandi samning og því liggur fyrir að slík drög gátu aldrei haft nein áhrif á markaðnum nema við undirritun þeirra. Þó svo bindandi samningur sé almennt ekki skilyrði þess að um samning sé að ræða í skilningi 10. gr. samkeppnislaga er ljóst að eins og atvik voru í umræddu tilviki litu félögin ekki svo á að neitt samkomulag væri fyrir hendi fyrr en við undirritun samninganna.*

*Jafnframt er ljóst að ef Samkeppnisstofnun verður talin hafa rétt fyrir sér um að viðræður olíufélaganna teljist vera markaðsskipting og þar með brot á 10. gr. samkeppnislaga, þá er einnig ljóst að olíufélögin voru í fullkominni villu um ólögmæti aðgerða sinna. Hafi olíufélögin vitað af ólögmæti aðgerðanna hefðu þau einnig gert sér grein fyrir því að samningur þeirra væri ógildur samkvæmt 49. gr. samkeppnislaga og hefði því ekkert lagalegt gildi þeirra í millum og ekki yrði hægt að knýja fram efndir hans með fulltingi réttarkerfisins. Samningurinn væri þá einungis til þess að auðvelda uppljóstrun meints brots olíufélaganna. Verður því, eins og áður hefur fram komið, að virða umbj. okkar það til gáleysis, verði talið að brotið hafi verið gegn 10. gr. samkeppnislaga í þessu tilviki.“*

Að mati samkeppnisráðs dregur OHF hér upp mjög einfalda og ósannfærandi mynd af þessum atvikum málsins. Þessar viðræður olíufélaganna sneru ekki eingöngu að því að hætta sameiginlegum rekstri olíufélaganna þriggja á tilteknum bensínstöðvum. Hér skal rifjað upp að á þessum tíma ráku öll olíufélögin saman bensínstöðvar á átta stöðvum á landinu: Ísafirði, Kirkjubæjarklaustri, Ólafsvík, Stykkishólmi, Siglufirði, Fáskrúðsfirði, Hvammstanga og Þorlákshöfn. Framangreind umfjöllun sýnir að olíufélögin ræddu í þessum viðræðum um mun umfangsmeiri markaðsskiptingu. Auk þess að setja fram hugmyndir um markaðsskiptingu tengdar þessum samreknustöðvum voru m.a. þessar tillögur settar fram:

- Olís fái Dalvík.
- OHF hætti samkeppni í Víðigerði, Reykhólum, Eyrabakka, Flúðum, Þyrli og Seyðisfirði.
- Olís hætti samkeppni á Reyðarfirði, Sauðarkróki, Reykhólum, Eyrabakka og Ferstiklu að vetri.

- Skeljungur hætti að keppa á Dalvík, Hornafirði, Kleppjárnsreykjum og Flókalundi.
- Hvert félag með eina stöð á Snæfellsnesi.

Einnig voru settar fram hugmyndir um skiptingu sölunnar og félögin hafa rætt um aðgerðir til að tryggja að „*lítrar verði í jafnvægi*“. Er því augljóst að olíufélögin ræddu um mjög víðtæka landfræðilega markaðsskiptingu í rekstri bensínstöðva á landsbyggðinni. Sú skoðun OHF að olíufélögin hefðu þurft að banna samkeppni á einstaka stöðum til þess að um markaðsskiptingu væri að ræða er ekki í samræmi við 10. gr. samkeppnislaga. Það ákvæði bannar allar aðgerðir sem miða að því að skipta mörkuðum eftir landssvæðum, alveg án tillits til þess hvort slíkri skiptingu er fylgt eftir með samningsákvæðum sem eiga að koma í veg fyrir það að viðkomandi keppinautur hefji aftur samkeppni á tilteknum stað.

Samkeppnisráð bendir einnig á að jafnvel þó fallist yrði á það með OHF að markmið þessara viðræðna hafi einungis verið að hætta samrekstri breytir það engu um ólögmæti þessara aðgerða. Hér nægir að nefna að augljóst er að í þessum tillögum fólust hugmyndir um markaðsskiptingu sem fara gegn 10. gr. samkeppnislaga og tilgangur fyrirtækja með ólögmætu samráði hefur engin áhrif á beitingu ákvæðisins, sbr. kafla III. Ef olíufélögin töldu óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða sem færu gegn 10. gr. samkeppnislaga til að hætta þessu samstarfi gátu félögin óskað eftir undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga en það gerðu þau ekki.

Að mati samkeppnisráðs eru fullyrðingar OHF um að ekki hafi legið fyrir samkomulag í lok desember 2001 ósennilegar. Gögn málsins gefa ótvírætt til kynna að olíufélögin höfðu náð saman um efni samningsdraga og einungis átti eftir að undirrita samninga. Ljóst er því að olíufélögin höfðu þannig lýst yfir sameiginlegum vilja sínum til að grípa til þessarar markaðsskiptingar og þar með lá fyrir samningur í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt verður að hafa í huga að, án tillits til þess hvort samningur hafi náðst, þá höfðu þessar viðræður olíufélaganna það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga og þátttaka í slíkum viðræðum felur í sér ólögmætar samstilltar aðgerðir.<sup>2051</sup> Ekki fæst séð hvernig OHF telur sér fært að bera fyrir sig gáleysi í þessu tilviki þar sem svo virðist sem lögmenn félagsins hafi yfirfarið þessa gerninga, sbr. tölvupóst OHF 6. desember 2001 sem vitnað er til hér að framan.

Samkvæmt þessu hafa olíufélögin brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með aðgerðum á árunum 1997–2001 sem fólu í sér samningaviðræður og gerð samninga um

<sup>2051</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-305/95 o.fl. *Limburgse Vinyl Maatschappij NV v Commission* [1999] 5 CLMR 303.

markaðskiptingu í rekstri bensínstöðva. Var þetta liður í samfelldu samráði olíufélaganna.

## 2. Markaðsskipting í Grindavík

Í kafla VIII 1.4 hér að framan var gerð grein fyrir samningi olíufélaganna frá 21. febrúar 1996 en í honum felst markaðsskipting á níu stöðum á landinu. Í samningnum segir m.a. þetta:

*„Esso og Shell opni ekki bensínsölu í Grindavík a.m.k. næstu fimm árin.“*<sup>2052</sup>

Jafnhliða þessum samningi var gert „heiðursmannasamkomulag“ um að viðskiptavinir Skeljungs yrðu látnir „í friði“. Gerð verður grein fyrir því samkomulagi hér á eftir.

Gögn málsins sýna að samkomulagið um að OHF og Skeljungur myndu ekki opna bensínstöðvar í Grindavík var virt að hluta allt til ársins 2001 og takmarkaði þar með samkeppni í Grindavík með alvarlegum hætti. Í febrúar 1997 var umræða um það innan OHF að opna bensínstöð í Grindavík og því beint til framkvæmdastjóra markaðssviðs sem svaraði með eftirfarandi hætti:

*„Við erum með undirskrifað plagg um að við setjum ekki upp bensínstöð í Grindavík fyrr en eftir árið 2000. Þetta er því eitthvað sem GM<sup>2053</sup> þarf að taka upp við hina forstjórana ef á að breytast.“*<sup>2054</sup>

Í mars 1997 var tekið saman minnisblað innan Skeljungs og rætt um möguleika á því að reisa nýtt hús fyrir umboð félagsins í Grindavík. Fram kemur að markaðsstaða félagsins í Grindavík væri mjög góð og það hefði um helming af öllum skipaviðskiptum. Fram kemur einnig að forsenda þess að reisa umrætt hús væri að opna í því bensínstöð. Hins vegar væri Skeljungur bundinn af ofangreindu samkomulagi frá 21. febrúar 1996. Sagt er að erfitt væri að víkja sér undan því en eina „leiðin virðist vera sú að lýsa því yfir að þar sem ESSO hafi ekki lokað á Seyðisfirði og Shell/Olís ekki lokað á Hvolsvelli líti Skeljungur hf. svo á að samkomulagið sé brostið. Ómögulegt er að segja hvaða afleiðingar það gæti haft í för með sér“ Niðurstaðan í minnisblaðinu var þessi:

<sup>2052</sup> Samkomulag Olís, Skeljungs og OHF, dags. 21.2.1996 (Hs. nr. 4620).

<sup>2053</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>2054</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Milli m.a. Bjarna Bjarnasonar, Geirs Magnússonar og Þórólfs Árnasonar, dags. 20.2.1997 kl. 15:02 og 24.2.1997 kl. 10:13.

*„Ef réttlæta á 25 m.kr. nýja fjárfestingu er ljóst að við verðum að minnsta kosti að setja upp bensínsölu og reyna að kroppa eitthvað í þá 1,4 m. lítra sem Olís er að selja þarna. Þá yrðum við jafnframt að finna leið til að snúa okkur út úr samkomulaginu frá 21. feb. 1996. Treysta menn sér í það?“<sup>2055</sup>*

Skeljungur opnaði ekki bensínstöð á þessum tíma.

Um mitt ár 1999 hófst umræða milli Skeljungs og Olís vegna Grindavíkur. Skeljungur taldi að Olís héldi sig ekki við framangreint samkomulag frá 1996. Í tölvupósti frá framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Skeljungi til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís í júlí 1999 segir m.a. þetta:

*„Vegna umræðna okkar um málefni í Grindavík vil ég taka eftirfarandi fram:*

*Samkomulag okkar frá 21.2.96 hefur eingöngu verið haldið af Skeljungi af þeim þremur aðilum sem að samkomulaginu standa. Samhliða hinum skriflega samning var gert munnlegt samkomulag, svokallað „Gentleman agreement“ um að Shell kúnnar í Grindavík væru algjörlega í friði á þessum tíma. Þetta hefur ekki gerst og hér koma dæmin:*

- *Jón og Margeir, Olís tilboð => Skeljungur lækkar framlegð*
- *Farsæll GK ditto => ditto*
- *Eggjabúið ditto => ditto*
- *Skuldugir viðskiptamenn, ... og ..., Olís opnar fyrir viðskipti á skulduga Skeljungs viðskiptavini*
- *Sífelltt áreiti umboðsmanns á Fiskanesi og Þorbirninum*
- *Ófræging: Umboðsmaður Olís segir að Skeljungur sé eingöngu að fleyta rjómann af viðskiptum sínum í Grindavík meðan Olís hlúi að plássinu og „Menn geti best séð þetta á því að Skeljungur hafi ekki einu sinni haft áhuga á að setja upp eldsneytissölu fyrir bifreiðaeldsneyti“*

*Þessi dæmi sýna manna best að ykkar hluti af samningnum, þó munnlegur hafi verið ... hefur ekki verið haldinn.*

*Síðan er hægt að spyrja sig, hvort einn samningur sé betri en annar og einhver röðun sé í því hvaða samninga eigi að halda og hvaða samninga megi brjóta. Hér er ekki hægt annað en að taka eftirfarandi með inn í myndina.*

- *Ólafsfjörður. ...*

---

<sup>2055</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungi. Skýrsla eignaumsýslu Skeljungs um Grindavík, dags. 11.3.1997.

• *Hornafjörður/Reyðarfjörður. Í umræðunni fyrir ári síðan um lokun þessara stöðva þá kom sú hugmynd fram af þinni hálfu að skynsamlegt væri að við lokuðum t.d. fyrst á Höfn og síðan fylgdi ykkar stöð á Reyðarfirði í kjölfarið. Mál þetta fór á forstjórastjórn og lá fyrir munnlegt samkomulag í júní að ganga að þessum skiptum. EB<sup>2056</sup> bað um frest til ágústmánaðar um að framkvæma aðgerðina. Að lokum var Skeljungur orðinn svo aðþrengdur að ekki var hægt að bíða lengur með að loka Höfn. Olís á Reyðarfirði er enn opin og öll umræða um skipti Höfn/Reyðarfjörður fokin út í veður og vind. Meira að segja er verið að reyna að nota Reyðarfjörð enn og aftur, sem skiptimynt fyrir Dalvík! Enn á okkar frumkvæði.*

*Hef ég nú aðeins dregið á því helsta í mínum geira. En ég veit að fleiri óuppgerð mál eru á milli félaganna og þar hallar meira á einn aðilann en hinn. ...*<sup>2057</sup>

Samkvæmt þessu er ljóst að olíufélögin, samhliða því að undirrita árið 1996 samning um að Olís fengi einkarétt á bensínsölu í Grindavík í fimm ár, hafi gert með sér sk. „heiðursmannasamkomulag“ um að Olís og OHF myndu ekki í fimm ár keppa um viðskiptavinum Skeljungs í Grindavík. Önnur gögn staðfesta þetta.

Eins og gerð var grein fyrir í kafla VI 4.4 sendi forstjóri Skeljungs þann 21. september 1999 tölvupóst til forstjóra Olís og var efni hans „slæmar fréttir“. Í honum kvartaði hann yfir tilboðum Olís til ýmissa fyrirtækja. Í tölvupóstinum segir m.a. þetta:

*„... Mér finnst hins vegar ekki ríkja sami skilningur hvað varðar t.d. viðskiptavinum Skeljungs í Grindavík, sbr. heimsókn þína þangað í morgun. Ekki hefur þú orðið mikið var við okkur í Neskaupstað eða hjá stóru fyrirtæki á Akureyri, ef frá er talin heimsókn, þegar stór frystitogari var þangað keyptur frá Ísafirði. Ekki hefur þú þurft að kvarta undan okkar ágangi á Skagaströnd heldur. Ekki voru þá nefnd verð eða beðið um að fá að gera tilboð af okkar hálfu, eins og þú gerir núna. Þrátt fyrir að við höfum ekki heimsótt þessi fyrirtæki má auðveldlega rökstyðja, t.d. með breyttri eignaraðild annað hvort okkar eða mjög tengdra fyrirtækja, að við ættum fullt erindi til slíkra heimsókna. Á sama tíma og þú heimsækir stóra viðskiptavinum okkar í Grindavík, þar sem við og okkur mjög tengd fyrirtæki erum stórir hluthafar, þá er ég beðinn um að samþykkja aukin viðskipti við þig á Akranesi. ...*

<sup>2056</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>2057</sup> Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur til Kristins Björnssonar og Thomasar Möller, dags. 5.7.1999 kl. 15:32 (Hs. nr. 7074).

*Þau rök, að þið hafið einu sinni verið með viðskipti við þetta fyrirtæki í Grindavík þykja mér ekki góð. Hana getum við einnig mjög vel notað í öðrum tilvikum. ... Ég er hræddur um framhaldið, ef staðan breytist í Grindavík. Þá met ég það þannig, að framhaldið verði afar ótryggt. Ég vona okkar allra vegna, að það verði ekki niðurstaðan, svo vitnað sé til þekktra orða.*“<sup>2058</sup>

Ljóst er að fyrirtækið í Grindavík sem tilgreint er í tölvupóstinum er útgerðarfyrirtækið Þorbjörn-Fiskaness.<sup>2059</sup> Forstjóri Olís svaraði forstjóra Skeljungs og neitaði því að hafa reynt að ná Þorbirni í viðskipti eða hafa nefnt verð eða gefið tilboð.<sup>2060</sup> Forstjóri Olís hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að Olís hafi náð viðskiptum við umrætt fyrirtæki á grundvelli persónulegra tengsla hans við forsvarsmenn Þorbjarnar-Fiskaness.<sup>2061</sup> Hvað sem því líður er ljóst að undirliggjandi ástæða þess að forstjóri Skeljungs kvartar yfir ásókn Olís í umrætt fyrirtæki er umrætt samkomulag olúfélaganna um að viðskiptavinir Skeljungs yrðu látnir í friði í Grindavík.

Á árinu 2000 hóf Skeljungur undirbúning að opnun bensínafgreiðslu í Grindavík í trássi við samkomulag olúfélaganna frá 1996. Kann ástæðan að hafa verið framangreindar meintar vanefndir Olís á heiðursmannasamkomulaginu. Í apríl 2000 varð Olís áskynja um þessar undirbúningsaðgerðir Skeljungs. Af því tilefni sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís eftirfarandi tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu hjá OHF og Skeljungu:

*„Heil og sæl  
Vil minna á skl milli félaganna sem gildir til 21 feb 2001  
Vil einnig minna á að Reyðarfjarðarskl sem er ekki uppfyllt  
Etv tími til að setjast niður að ræða þessi og önnur“*<sup>2062</sup>

„Reyðarfjarðarsamkomulagið“ er sá þáttur samningsins frá febrúar 1996 sem fólst í því að OHF hætti rekstri bensínstöðvar á Reyðarfirði. Þessi tölvupóstur var sendur til forstjóra OHF með þeim athugasemdum að eitthvað hlyti að hafa borist til eyrna Olís.

---

<sup>2058</sup> Tölvupóstur Kristins Björnssonar forstjóra Skeljungs til Einars Benediktssonar forstjóra Olís, dags. 21.9.1999 kl. 18:47 (Hs. úr nr. 7074).

<sup>2059</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>2060</sup> Tölvupóstur Einars Benediktssonar forstjóra Olís til Kristins Björnssonar forstjóra Skeljungs, dags. 22.9.1999 kl. 15:45 (Hs. úr nr. 7074).

<sup>2061</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

<sup>2062</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur frá Thomasi Möller Olís til Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungu og Heimis Sigurðssonar OHF, dags. 10.4.2000.

Tveimur dögum síðar sendi sölustjóri á stórnotendasviði OHF eftirfarandi tölvupóst til nokkurra starfsmanna innan OHF:

*„Vissuð þið að Skeljungur er búinn að setja upp sjálfsala í Grindavík fyrir framan lagerinn sinn? Hún er komin á sinn stað en er ennþá með yfirbreiðslu og því ekki komin í notkun. Þeir eru líka að fara að setja upp sjálfsala í Vestmannaeyjum fyrir framan sjoppuna, ég sá dæluna í vörugeymslu Eimskips í síðustu viku.“<sup>2063</sup>*

Þetta skeyti var einnig sent forstjóra OHF með þeirri athugasemd að hér væri komin skýring á skeytinu frá Olís. Þann 24. maí 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi tölvupóst til m.a. forstjóra félagsins og setti fram hugmyndir um hvaða tilboð ætti að bjóða í tengslum við opnun bensínstöðvar í Grindavík. Í tölvupóstinum segir m.a. þetta:

*„Óneitanlega er freistandi að hafa ca. 2 kr. í sjálfsafgr. afsl, þar sem Olís hefur komist upp með að reka sína stöð í Grindavík, með litilli sem engri þjónustu, lélegum tækjum og viðhaldi og á fullum verðum, öllum til ama.“<sup>2064</sup>*

Segja má að þarna sé í hnotskurn lýst afleiðingum samkomulags félaganna frá febrúar 1996. Skeljungur hóf sölu á bensíni í Grindavík þann 1. júní 2000. Í tilefni opunarinnar bauð Skeljungur m.a. 4 kr. afslátt af bensíni.<sup>2065</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís óskaði samdægurs í tölvupósti eftir skýringum á aðgerðum Skeljungs:

*„Mikil vonbrigði að heyra af ykkar ákv., fengum uppl um hana með dreifibréfi gegnum lúguna hjá okkar umboðsmanni. Óskiljanlegt að þið ætlið ekki að standa við skl okkar. Vil gjarnan heyra frá þér um þetta mál.“<sup>2066</sup>*

Í kjölfar þessa áttu sér stað viðræður milli Olís og Skeljungs en því næst sleit Olís viðræðum um samreknar bensínstöðvar olúfélaganna þriggja með eftirfarandi tölvupósti:

---

<sup>2063</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristinssyni til Heimis Sigurðssonar og Ara Þórðarsonar, dags. 12.4.2000 kl. 10:46.

<sup>2064</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Friðriki Stefánssyni til m.a. Kristins Björnssonar, dags. 24.5.2000 kl. 15:40.

<sup>2065</sup> Dreifibréf Skeljungs til Grindvíkinga, dags. 31.5.2000 (Hs. nr. 8818).

<sup>2066</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Tölvupóstur Thomasar Möller Olís til Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungi, dags. 1.6.2000 kl. 9:55.



*„Vísu í fyrri skeyti mín vegna þessa máls. Ykkar ákvörðun kemur okkur mjög á óvart, þetta er trúnaðarrestur og vinnubrögð sem við áttum ekki von á frá ykkur.*

*Á fundi okkar í Olíshúsinu 8. maí sl. spurði ég hvort skl okkar stæði til feb 2001 og var það staðfest af þér.*

*Lítum svo á að með þessu séu þið að slíta öllum viðræðum um þessi mál þar sem ekki er hægt að treysta undirskr. Endursendi framkomin drög að 3ja félaga samningi enda engin ástæða til að ræða slík mál eftir svona uppákomu.“<sup>2067</sup>*

Ljóst er að Skeljungur réttlætti opnun bensínstöðvar í Grindavík með því að benda á „brot“ Olís á samkomulagi félaganna um Grindavík, sérstaklega varðandi ágengni Olísmanna við að ná viðskiptavinum Skeljungs yfir til sín.<sup>2068</sup> Innan Skeljungs var tekinn saman listi yfir „brot“ Olís og fjallað var um hann á fundi framkvæmdastjórnar félagsins 20. júní 2000.<sup>2069</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu sendi m.a. forstjóra félagsins daginn eftir uppfærðan lista „til að nota í glímuni við bófana“.<sup>2070</sup> Á honum eru m.a. nefnd tilboð Olís til einstakra viðskiptavina sem Skeljungur hefði svo neyðst til að svara með skertri framlegð. Einnig eru nefnd dæmi um skulduga viðskiptavini Skeljungs sem fyrirtækið hefði lokað á, en þeir hefðu samt komist í viðskipti við Olís. Þá er fjallað um viðbrögð Olís við nýrri samkeppni í Grindavík:

*„Það vekur því athygli manna í Grindavík, að nú eftir að samkeppni Skeljungs hf. er komin tekur Olís sig til og skiptir um dælur og sjálfssala, sem búið var að biðja þá um í mörg ár, auk þess sem þeir lækka verðið til samræmis við opnunartilboð Skeljungs (frumlegt) sem aldrei hafði komið til greina af þeirra hálfu. Það þykir einnig sérstaklega frumlegt af hálfu Olís að bjóða afslátt af grillum, en það var einmitt líka opnunartilboð Skeljungs.“*

Í kjölfar opunar Skeljungs virðist því, a.m.k. tímabundið, hafa verið verðstríð milli bensínstöðva Skeljungs og Olís í Grindavík, ekki aðeins með afsláttum af bensíni heldur einnig öðrum vörum, t.d. gasgrillum. OHF hélt sig við áðurnefnt samkomulag

---

<sup>2067</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Thomasi Möller (Olís) til Margrétar Guðmundsdóttur (Skeljungi), dags. 5.6.2000 kl. 23:23.

<sup>2068</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Tölvupóstur Kristins Björnssonar til framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 14.6.2000 kl. 9:05. Sbr. einnig fundargerð fyrir framkvæmdastjórnarfund, dags. 14.6.2000.

<sup>2069</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu. Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 20.6.2000.

<sup>2070</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Tölvupóstur Friðriks Stefánssonar til Kristins Björnssonar og annarra innan Skeljungs, dags. 21.6.2000 kl. 15:53.

olíufélaganna og opnaði ekki bensínafgreiðslu í Grindavík fyrr en eftir að fimm ára tímabilið var runnið út, þ.e. eftir 21. febrúar 2001, sbr. eftirfarandi tölvupóstsamskipti innan OHF.<sup>2071</sup>

*„Fljótlega verður hægt að opna í Grindavík – ég hef gengið útfrá að hafa – 2kr. frá byrjun vegna samkeppni á Suðurnesjum t.d. er Shell með –3kr. fram að mánaðarmótum í Grindavík, annars –2kr.*

*Fljótlega upp úr mánaðarmótunum verður s.k. dagamunur í 3 daga – tilboð á ýmsum vörum í samvinnu við rekstraraðila og birgja, vildi þá bjóða t.d. – 4kr. “*

OHF virðist raunar hafa verið að skoða það í september 2000 að opna bensínstöð í Grindavík. Framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís heyrði af þessu og minnti OHF í tölvupósti á skyldur félagsins samkvæmt samkomulaginu frá febrúar 1996.<sup>2072</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að því sé ekki mótmælt að olíufélögin hafi gert með sér í febrúar 1996 samkomulag um að opna ekki bensínstöðvar í Grindavík í samkeppni við Olís í fimm ár. Einnig hafi verið samið um að OHF og Olís myndu ekki reyna að ná til sín viðskiptavinum Skeljungu í Grindavík.

Samkvæmt framangreindu er að mati samkeppnisráðs ljóst að olíufélögin hafi í febrúar 1996 gert samning um markaðsskiptingu í Grindavík. Í honum fólst í fyrsta lagi að Olís fengi einkarétt á bensínsölu í Grindavík í fimm ár. Í öðru lagi fólst í samningnum að Olís og OHF myndu ekki í fimm ár keppa um viðskiptavinum Skeljungu í Grindavík. Á árinu 1999 kvartaði Skeljungur yfir „brotum“ Olís á samkomulaginu og opnaði í júní 2000 bensínstöð í Grindavík og braut þannig samkomulagið frá 1996. Gögn málsins benda til þess að OHF hafi hins vegar virt samkomulagið. Fara þessar aðgerðir gegn 10. gr. samkeppnislaga og eru hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

### **3. Markaðsskipting á Ísafirði**

Gögn málsins sýna að Olís og Skeljungur hafa haft með sér markaðsskiptingu á Ísafirði. Fram til ársins 1997 var fyrirkomulagið með þeim hætti að allri sölu á staðnum var skipt til helminga en síðan var stórum viðskiptavinum skipt upp á milli

<sup>2071</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur Heimis Sigurðssonar OHF til Geirs Magnússonar, dags. 21.2.2001 kl. 8:11. Afritaður tölvupóstur frá OHF. Sbr. einnig tölvupóst milli sömu aðila, dags. 10.1.2001 kl. 10:14.

<sup>2072</sup> Gagn afhent af OHF. Tölvupóstur frá Thomasi Möller til Heimis Sigurðssonar, dags. 19.9.2000 kl. 14:26.

félaganna en sölu til smærri aðila var áfram skipt til helminga. Verður nú gerð grein fyrir gögnum sem styðja þetta.

Á Ísafirði hefur Olíufélag útvegsmanna (OÚ) verið sameiginlegur umboðsaðili Skeljungs og Olís. Í fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 11. janúar 1993 er bókað að OÚ hafi annast olíuafgreiðslu til togarans Gyllis frá Flateyri. Síðan er bókað að ræða ætti við Olís „um söluskiptingu á staðnum“.<sup>2073</sup> Í fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 26. október 1993 segir að ræða þyrfti við fulltrúa Olís um framtíðarstefnu hvað varðar söluskiptingu og samstarf félaganna á Ísafirði.<sup>2074</sup> Í málinu er einnig að finna minnisblað forstjóra Skeljungs til formanns og varaformanns stjórnar fyrirtækisins. Minnisblaðið er frá desember 1995 og í því er gerð grein fyrir hugsanlegum breytingum á eignarhaldi OÚ og sérstaklega tekið fram að „hingað til hafi allri sölu þar á svartolíu og gasolíu verið skipt að jöfnu milli Olís og Skeljungs.“<sup>2075</sup>

Þann 5. janúar 1996 er bókað í fundargerð hjá Skeljungi að Orkubú Vestfjarða hafði óskað eftir afslætti vegna viðskipta á árinu 1995 sem hefðu verið margföld vegna náttúruhamfaranna í Súðavík og Flateyri. Fram kemur að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta myndi gera tillögu til Olís um afslátt til Orkubúsins „þar sem Olís hefur helming viðskipta á Ísafirði“.<sup>2076</sup> Þann 15. febrúar 1996 sendi framkvæmdastjórinn hjá Skeljungi bréf til framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís og gerði grein fyrir beiðni Orkubúsins um afslátt vegna náttúruhamfaranna í Súðavík og á Flateyri. Gerði framkvæmdastjórinn tillögu um tiltekinn afslátt sem „Olís og Skeljungur hf. skipta með sér að jöfnu í takt við skiptingu viðskipta ...“<sup>2077</sup>

Í lok árs 1996 og á árinu 1997 áttu sér stað viðræður milli Olís og Skeljungs um nýja markaðsskiptingu. OÚ kom einnig að þeirri umræðu. Greint er frá þessu í tölvupósti sem ritari forstjóra Olís sendi fyrir hans hönd til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu og stórnotenda hjá félaginu. Þar segir m.a. þetta:

*„Í samráði við Skeljung og Olíufélag útvegsmanna á Ísafirði hefur verið ákveðið að skipta upp viðskiptum félaganna á Ísafirði þannig að Olís og Skeljungur geri beina samninga um viðskiptakjör við stærri notendur á svæðinu. Ekki er endanlega ákveðið hvernig skiptum verður háttað þar sem m.a. er beðið eftir niðurstöðu hugsanlegrar sameiningu Hrannar og*

<sup>2073</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 11.1.1993 (Hs. nr. 8216).

<sup>2074</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs, dags. 26.10.1993 (Hs. nr. 8216).

<sup>2075</sup> Minnisblað Kristins Björnssonar til Indriða Pálssonar og Harðar Sigurgestssonar, dags. 19.12.1995 (Hs. nr. 7088).

<sup>2076</sup> Fundargerð markaðssviðs beinnar sölu, dags. 5.1.1996 (Hs. nr. 8825).

<sup>2077</sup> Bréf Friðriks Stefánssonar Skeljungi til Thomasar Möller Olís, dags. 15.2.1996 (Hs. nr. 8825).

*Samherja. Þó hefur þegar verið ákveðið að Olís þjónusti Gunnvör hf. með Júlíus Geirmundsson ÍS og Framnes ÍS, ...*<sup>2078</sup>

Hjá Olís fundust gögn frá OÚ sem dagsett eru í október og nóvember 1996. Þar komu fram hugmyndir um skiptingu stórra viðskiptavina á Ísafirði milli Olís og Skeljungs. Í einu gagninu er t.d. við það miðað að Orkubú Vestfjarða og Íshúsfélag Vestfirðinga verði í viðskiptum við Olís og í öðru gagni er lagt til að þessir aðilar verði hjá Skeljungu.<sup>2079</sup> Tengjast þessi skjöl framangreindri markaðsskiptingu.

Þann 7. janúar 1997 sendi Skeljungur tölvupóst til Olís og óskaði eftir fundi til að ræða viðskipti á Ísafirði.<sup>2080</sup> Þann 12. febrúar 1997 sendi forstjóri Olís tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviða smásölu og stórnotenda hjá félaginu og gerði grein fyrir umræðum um Ísafjörð. Fjallaði hann m.a. um bókhaldslega útfærslu á nýju fyrirkomulagi og tók fram að „*aðrir smærri notendur sem skráðir verði viðskiptavinir Olís skv. samkomulagi við Skeljung verði áfram í viðskiptareikningi*“ hjá OÚ.<sup>2081</sup> Rætt var einnig um bókhaldsmál þessu tengd í skjali frá Skeljungu sem tekið var saman í október 1997. Þar var sagt að ræða þyrfti við Olís um „*fyrirkomulag útskuldunar hjá OÚ m.t.t. viðskiptavina sem ekki eiga að vera í skiptisölu.*“<sup>2082</sup> Á þessum tíma var einnig umræða um það hvort Skeljungur myndi halda áfram samstarfi sínu við OÚ. Skeljungur ákvað að halda samstarfinu áfram og greindi forstjóri Olís frá þessu í tölvupósti til samstarfsmanna sinna hjá félaginu. Þar kemur einnig fram að Olís hafi rætt við OÚ og þar hafi þetta komið fram:

*„Vorum sammála um að stórnotendur gengju óskiptir til þess sem hefur viðskiptin, en síðan gæti OÚ verið með einhvern safnreikning fyrir tilfallandi smærri kúnna, sem skipt yrði til helminga milli Olís og Shell.“*<sup>2083</sup>

Á árinu 1998 kom upp umræða milli Skeljungs og Olís um fyrirkomulag á samstarfinu á Ísafirði. Skeljungur setti fram þá hugmynd að fyrirtækið myndi annast alla dreifingu fyrir OÚ og Olís. Olís gat ekki sætt sig við það og vildi óbreytt fyrirkomulag. Annars gæti Oliudreifing (ODR) tekið við því hlutverki sem OÚ hefði sinnt fyrir Olís. Þessi mál voru rædd á fundi Skeljungs og Olís 23. júlí 1998. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tók saman minnispunkta

<sup>2078</sup> Tölvupóstur frá Erlu Leifsdóttur til m.a. Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 7.1.1997 kl. 17:15 (Hs. nr. 4329).

<sup>2079</sup> Skjöl frá Oliufélagi útvegsmanna hf. dags. 28.10. og 6.11.1996 (Hs. nr. 4329).

<sup>2080</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Þorsteini Péturssyni Skeljungu til Einars Benediktssonar og Thomasar Möller Olís, dags. 7.1.1997 kl. 17:54.

<sup>2081</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til m.a. Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 12.2.1997 kl. 16:43 (Hs. nr. 4329).

<sup>2082</sup> Minnisblað Friðriks Stefánssonar með yfirskriftinni „*Ferð FPS til Ísafjarðar 13.10.1997*“ (Hs. nr. 8027).

<sup>2083</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til m.a. Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller, dags. 20.10.1997 kl. 18:14 (Hs. nr. 4329).

eftir þann fund og sendi þá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís. Í lýsingu á niðurstöðu fundarins kemur þetta m.a. fram:

„2. Niðurstaða fundar.

*JH/Olís telur ekkert því til fyrirstöðu að ODR taki við dreifingu og afgreiðslum fyrir hönd Olís við Djúp, svo framarlega sem ekki næst saman með aðilum um óbreytt fyrirkomulag. Skeljungur myndi þá alfarið sjá um eigin þarfir fyrirtækisins með Dreifi. ... Þetta hefði í för með sér eftirfarandi:*

*- Dreifing á vegum OÚ myndi falla niður eins og fyrirliggjandi tillögur gera ráð fyrir*

...

*- Stórum samningsbundnum kúnum er skipt eins og gildandi samningar segja til um. Smærri aðilum er skipt að jöfnu. Gert er ráð fyrir að ekki verði ágreiningur um smærri kúnna sem skipt er að jöfnu. Ekki verður séð við ákvörðunum stærri samningsbundinna kúnna (útboð, breytt eignaraðild etc.)<sup>2084</sup>*

Þetta gagn staðfestir þá markaðsskiptingu sem Olís og Skeljungur náðu samkomulagi um og sýnir að félögin hafi ákveðið að sú skipting myndi halda áfram þrátt fyrir hugsanlega breytingu á samstarfi við OÚ. Tölvupóstur framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu til forstjóra félagsins frá október 1998 staðfestir þetta einnig. Í honum var framkvæmdastjórinn að rökstyðja endurnýjun Skeljungs á oliutönkum fyrir Orkubú Vestfjarða. Í tölvupóstinum segir m.a. að í „*uppskiptum viðskipta milli okkar og Olís hjá OÚ á sínum tíma kom Orkubúið í okkar hlut en var skipt að jöfnu áður.*“<sup>2085</sup> Hér má einnig vísa til tölvupósts framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís til forstjóra félagsins þar sem lýst er fundi með Skeljungu.<sup>2086</sup>

Eins og gerð hefur verið grein fyrir sendi forstjóri Skeljungs þann 21. september 1999 tölvupóst til forstjóra Olís og var efni hans „*slæmar fréttir*“. Í honum kvartaði hann yfir tilboðum Olís til m.a. Þorbjarnar-Fiskaness í Grindavík og nýs fyrirtækis á Vestfjörðum, Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. Það fyrirtæki varð til við samruna Gunnvarar hf. og Hraðfrystihússins hf. Daginn eftir svaraði forstjóri Olís tölvupósti forstjóra Skeljungs. Í svari hans mótmælti hann því að hafa gert umrætt tilboð. Varðandi hið nýja fyrirtæki á Vestfjörðum sagði forstjóri Olís þetta:

<sup>2084</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til Jóns Halldórssonar Olís, dags. 24.7.1998 kl. 15:33.

<sup>2085</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til Kristins Björnssonar, dags. 5.10.1998 kl. 12:12.

<sup>2086</sup> Tölvupóstur frá Jóni Halldórssyni til m.a. Einars Benediktssonar, dags. 22.11.1998 kl. 22:12 (Hs. nr. 4329).

„Varðandi Vestfjarðafyrirtækið vil ég auk þess taka fram að í þeirri heimsókn óskaði ég eingöngu eftir að við fengjum að halda þeim tveimur skipum, sem við höfum þjónustað, svo sem við höfum áður rætt að þínu frumkvæði.“

...

Legg til að við höldum okkur við það, eins og áður rætt, að tala saman áður en við trúum einhverjum (sic), sem á okkur er logið.

Legg jafnframt til að þú hringir þegar þú kemur heim.<sup>2087</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís um þessi samskipti við Skeljung. Í svari hans segir m.a. þetta:

„Varðandi Hraðfrystihúsið Gunnvör sem minnst væri á í nefndum bréfaskriftum milli KB og EB sagði EB að það tengdist umboði og birgðastöð sem Olís og Skeljungur rækju sameiginlega á Ísafirði. Þar hafi fyrirkomulagið áður verið svo að öllum viðskiptunum var skipt jafnt milli félaganna. Félögin hafi hins vegar orðið sammála um að þetta gengi ekki og ákveðið nýtt fyrirkomulag. Nú væri því fyrirkomulagið þannig að Olís og Skeljungur hefðu í aðalatriðum sína viðskiptamenn, að því undanskildu að viðskiptum við nokkra smærri báta væri skipt milli félaganna.“<sup>2088</sup>

Þessi gögn sýna skýrlega fram á viðræður milli Olís og Skeljungs um skiptingu á viðskiptum við Hraðfrystihúsið-Gunnvöru og staðfesta markaðsskiptinguna á Ísafirði. Þegar þetta og önnur framangreind gögn eru virt telur Samkeppnisstofnun ljóst að frá gildistöku samkeppnislaga og fram á árið 1997 hafi Olís og Skeljungur skipt til helminga allri sölu fyrirtækjanna á Ísafirði. Frá 1997–2001 hafi fyrirkomulagið verið með þeim hætti að stórum viðskiptavinum hafi verið skipt upp á milli félaganna samkvæmt samkomulagi þeirra á milli en sölu til smærri aðila áfram verið skipt til helminga. Fara þessar aðgerðir Olís og Skeljungs ótvírætt gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er það fullyrt að félaginu sé ókunnugt um þessi atvik varðandi Ísafjörð. Nafn OHF sé hvergi nefnt í þessu samhengi og þessi atvik félaginu óviðkomandi. Meint náði samstarf Olís og Skeljungs sé því ekki á ábyrgð OHF og ekki hluti af meintu heildarsamráði sem OHF sé aðili að.

<sup>2087</sup> Tölvupóstur milli Einars Benediktssonar og Kristins Björnssonar, dags. 21.9.1999 kl. 18:47 og 22.9.1999 kl. 15:45 (Hs. nr. 7074).

<sup>2088</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda og framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, dags. 4.12.2002.

Í málinu hafa ekki fundist gögn sem sýna að markaðsskipting á Ísafirði hafi verið rædd af olíufélögunum þremur. Ekki er heldur unnt með nægjanlega skýrum hætti að draga þá ályktun af gögnum málsins að OHF hafi vegna annars samráðs olíufélaganna mátt vera ljóst að Olís og Skeljungur hafi gripið til framangreindra aðgerða á Ísafirði. Verður því lagt til grundvallar að OHF hafi ekki tengst þessum brotum á Ísafirði sem lýst er í þessum kafla.

#### 4. Markaðsskipting í Stykkishólmi

Í gögnum málsins er að finna ýmsar heimildir sem staðfesta að OHF og Olís hafi lengi haft með sér samstarf um að skipta jafnt á milli sín allri sölu á gasolíu og flotaolíu (skipagasolíu) sem seld er viðskiptavinum félaganna í Stykkishólmi úr sameiginlegri birgðastöð félaganna þar.

Samkvæmt minnisblaði framkvæmdastjóra markaðssviðs OHF og undirmanns hans frá janúar 1994 um fund þeirra með fulltrúum Olís liggur fyrir að óánægja hafi verið hjá Olís með samning olíufélaganna tveggja við umboðsmann þeirra í Stykkishólmi, og virðist sem OHF hafi verið sama sinnis.<sup>2089</sup>

Á árunum 1994–97 funduðu félögin vegna hugsanlegra breytinga á samningi við sameiginlegan umboðsmann þeirra. Á fundi sem þau héldu í maí 1997 kom fram að þau teldu þó mikilvægt að hrófla ekki við gildandi fyrirkomulagi um skiptisölu. Var það m.a. niðurstaða fundarins að sammingsbundnir afslættir til fjögurra stærstu útgerða í Stykkishólmi yrðu afgreiddir með kreditnótum frá félögunum „*annað hvort tveim jafn háum kredit-nótum frá báðum (fyrir sinn hvorum helmingi afsláttarins) eða að félögin skiptu með sér að senda allan afsláttinn á sitt hvert fyrirtækið (Bæði félögin bera helming af afslætti)*“.<sup>2090</sup> Töldu félögin að umboðsmaðurinn ætti áfram að vera sameiginlegur söluaðili fyrir þau, einnig eftir tilkomu Olíudreifingar ehf. (ODR). Könnuðu félögin síðan grundvöll fyrir nýjum samningi við umboðsmanninn. Samkvæmt hugmyndum félaganna að nýjum samningi átti þó áfram að gilda það fyrirkomulag að allri sölu á gasolíu og flotaolíu frá birgðastöðinni yrði skipt jafnt milli félaganna. Þau yrðu hvort um sig í tengslum við fáa stóra viðskiptamenn, þótt sölu til þeirra yrði einnig skipt jafnt milli félaganna, eins og annarri sölu. Þá hafa félögin m.a. verið ásátt um eftirfarandi: „*Engin afgreiðsla til Skeljungs á staðnum. Ef*

<sup>2089</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar og Þorsteins Þorsteinssonar, dags. 14.1.1994, til Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar o.fl. um fund þeirra með Herði Helgasyni og Kristjáni B. Ólafssyni hjá Olís, þar sem rætt var um Bíldudal, Stykkishólm og Reyðarfjörð (Hs. nr. 3165).

<sup>2090</sup> Tölvupóstur frá Olís dags. 30.5.1997, frá Þórólfi Árnasyni hjá OHF til Jóns Halldórssonar hjá Olís, en þar er að finna minnispunkta frá fundi þeirra hjá Olís sama dag, þar sem rætt var um Stykkishólm (Hs. nr. 4329).

*Skeljungskúnni kemur, þá 50/50 sala Olís og ESSO*“.<sup>2091</sup> Fyrirhuguð breyting virtist fyrst og fremst felast í því hvernig þóknun umboðsmannsins skyldi ákvarðast, ásamt nokkrum framkvæmdaratriðum varðandi afgreiðsluseðla, reikningsútskrift o.fl.

Eftir að ODR hafði tekið við dreifingu í Stykkishólmi ræddu OHF og Olís einnig saman um framkvæmd þessarar skiptisölu á vettvangi þess félags, sbr. fund hjá ODR í febrúar 1998.<sup>2092</sup> Í framhaldi af því var í mars 1998 tekið saman hjá ODR minnisblað um meðhöndlun á sölu í Stykkishólmi, en þar segir m.a.:

*„Skipting sölu: Allri sölu í gasolíu og flotaolíu verður skipt til helminga milli ESSO og Olís eins og verið hefur. Nokkrir viðskiptavinir verða teknir í bein viðskipti við félögin en koma engu að síður inn í helmingaskiptauppgjör. Afgreiðslur á bensínstöðina eru fyrir utan þessa skiptingu.*

*Bátasjálfsali: Verður skuldaður beint á [umboðsmann OHF og Olís í Stykkishólmi] sem sér um uppgjör.*

*Viðskiptavinir í beinni innheimtu: [...].<sup>2093</sup> Bensínstöðin er sem áður skulduð á Olís.*“<sup>2094</sup>

Raunar virðist sem fulltrúar ODR hafi fyrst í stað ekki áttað sig að öllu leyti á því hvers eðlis þetta samstarf Olís og OHF væri, sbr. t.d. innanhússtölvupóst frá OHF frá mars 1998, þar sem starfsmaður sem annast hafði skiptisölu hjá félaginu upplýsti yfirmenn og samstarfsmenn sína um stöðu mála hjá ODR vegna Stykkishólms. Kemur þar fram að framkvæmdastjóri ODR hefði verið hikandi yfir því hvort honum væri óhætt að senda OHF upplýsingar um söluskiptingu eins og hún hefði verið til þess tíma, og hefði hann áhyggjur af því að þar með vissi OHF um sölu Olís í Stykkishólmi. Í tölvupóstinum til starfsfélaga sinna hjá OHF segir starfsmaðurinn á hinn bóginn um þetta atriði: „*Það höfum við alltaf vitað*“. Kveðst hann hafa tjáð framkvæmdastjóra ODR að það væri í lagi að haga málum með þeim hætti sem um hefði verið rætt, ef tryggt væri að OHF fengi örugglega sinn hlut í sölnunni.<sup>2095</sup>

<sup>2091</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni OHF til Geirs Magnússonar og framkvæmdastjórnar OHF, dags. 27.1.1998, kl. 15:09. Sjá einnig tölvupóst frá Þórólfi Árnasyni hjá OHF til Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 27.1.1998, kl. 17:22 (Hs. nr. 4329).

<sup>2092</sup> Fundargerð frá fundi hjá ODR þann 10.2.1998. Fundarefni: Meðhöndlun sölu í Stykkishólmi. Viðstaddir voru Þórólfur Árnason, Magnús Ásgeirsson og Helgi Kristjánsson frá OHF, Jón Halldórsson og SRM frá Olís og Grétar Mar Steinarsson og GHP frá ODR. Í fundargerðinni kom m.a. fram að Jón Halldórsson hjá Olís og Þórólfur Árnason hjá OHF væru að semja við umboðsmanninn í Stykkishólmi um breytingu á umboðslaunakerfi og að hann hætti með dreifingu, en samningurinn sé ekki frágenginn (Hs. nr. 1924).

<sup>2093</sup> Tilgreind eru fimm fyrirtæki og tekið fram hvort þau eru viðskiptavinir Olíufélagsins eða Olís.

<sup>2094</sup> Minnispunktur frá ODR um meðhöndlun sölu í Stykkishólmi, dags. 18.3.1998. Minnispunktum þessum var dreift til stjórnenda hjá OHF, Olís og ODR sem fjalla um þessi mál (Hs. nr. 1925).

<sup>2095</sup> Tölvupóstsamskipti innan OHF dags. 10.3.1998, kl. 13:05, frá Helga Kristjánssyni til Ragnars Bogasonar, Þórólfs Árnasonar o.fl., dags. 11.3.1998, kl. 9:02, frá Þórólfi Árnasyni til Helga Kristjánssonar, Ragnars Bogasonar o.fl. og dags. 11.3.1998, kl. 9:34 frá Helga Kristjánssyni til Þórólfs Árnasonar, Ragnars Bogasonar o.fl. (Hs. nr. 2400).



Almennt virðist hafa ríkt gott andrúmsloft í þessu samstarfi OHF og Olís, en þó kom fyrir að óánægju hafi gætt a.m.k. meðal tiltekinna starfsmanna. Þannig er í gögnum málsins að finna upplýsingar um það frá árinu 2001 að sölubókari hjá OHF hefði uppgötvað að OHF hefði ekki fengið að fullu sinn hlut í skiptisölu, þar sem sölu af bátadælu hefði ekki verið skipt frá því er ODR tók við dreifingu í Stykkishólmi á árinu 1997, heldur hefði hún öll fallið í hlut Olís. Auk þess hefði sölu til nokkurra viðskiptamanna, sem lengi hefðu talist viðskiptavinir OHF og verið með tanka merкта OHF eða í viðskiptaskuld við félagið, verið ráðstafað til Olís. Bar starfsmaðurinn fram margítrekaðar kvartanir um þetta efni við framkvæmdastjóra ODR og yfirmenn sína hjá OHF. Gekk starfsmanninum erfiðlega að fá upplýsingar frá ODR um sölu af bátadælunni, en fékk þær loks í ágúst 2001.<sup>2096</sup> Í framhaldi af því bað hann framkvæmdastjóra ODR að gera viðeigandi leiðréttingu á skiptisölunni.<sup>2097</sup>

Hjá Olís virðist raunar sem menn hafi um síðir áttað sig á að einhver mistök hefðu orðið vegna skiptisölu í Stykkishólmi, sbr. tölvupóst innri endurskoðanda frá október 2001 til forstjóra félagsins og tveggja annarra starfsmanna. Þar segir að fyrrverandi fjármálastjóri félagsins hefði gengið frá samningum við umboðsmanninn í Stykkishólmi án þess að hafa haft nokkurt samráð við OHF eða ODR vegna olíuumboðsins eða við Skeljung eða OHF vegna bensínstöðvar. Lýsir hann síðan ýmsum ákvæðum samninganna og segir síðan: „Við virðumst hafa gert alla viðskiptamenn Esso að okkar viðskiptamönnum vegna sölu frá lykkladælu! Rétt þykir að menn skýri það fyrir mér og sjálfum sér hvernig framkvæma á samninga í Stykkishólmi. Telja menn til dæmis eðlilegt að [umboðsmaðurinn] hafi samninga við alla aðila, og þykir það gott að við greiðum föst laun en Esso aura per litra eins og raunar ODR gerir einnig. Er eðlilegt að við eignum okkur alla viðskiptamenn lykkladælu og gefum síðan Esso helminginn. Margar fleiri spurningar vakna í þessu sambandi.“<sup>2098</sup>

Í ágúst 1997 var tekið saman minnisblað hjá Skeljungi um eldsneytisviðskipti í íslenskum sjávarútvegi. Er þar m.a. að finna samantekt um skiptingu viðskipta olíufélaganna eftir landsvæðum. Í umfjöllun um Vesturland segir m.a. svo: „Hvað Stykkishólm varðar, þá hafa Olís og ESSO myndað bandalag og skipta öllum

<sup>2096</sup> Á tímabilinu 2/10 1997 til 31/7 2001 reyndist sala af bátadælunni hafa verið 584.038 ltr.

<sup>2097</sup> Tölvupóstur milli OHF og ODR og innan OHF um Stykkishólm á tímabilinu 7.–22.2.2001, milli Gunnars Haukssonar, Grétars M. Steinssonar (ODR), Þorsteins Þorsteinssonar, Kristjáns Kristinssonar og Ragnars Bogasonar (Hs. nr. 2403). Afritaður tölvupóstur frá OHF á tímabilinu 12.6.–24.8.2001 milli Gunnars Haukssonar, Grétars M. Steinssonar (ODR), Ingvars Stefánssonar, Ragnars Bogasonar, þann 12.6.2001 kl. 8:26, 16:05, 13.6.2001 kl. 13:14, 13:43, 13:44, 13:59, 31.7.2001 kl. 11:51, 13:44, 23.8.2001 kl. 11:15, 11:31 og 24.8.2001 kl. 14:14.

<sup>2098</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís um Stykkishólm. Frá Ólafi Bjarka Ragnarssyni til Einars Marínssonar, Einars Benediktssonar og Inga Þórs Eðvarðssonar, dags. 30.10.2001, kl. 10:18.

*viðskiptum bróðurlega milli sín til helminga.*<sup>2099</sup> Er því ljóst að þegar á árinu 1997, og væntanlega mun fyrr, hafi Skeljungu verið kunnugt um það samstarf sem OHF og Olís höfðu með sér í Stykkishólmi.

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu um samstarf OHF og Olís í Stykkishólmi. Hafa þeir staðfest að allri sölu á eldsneyti frá sameiginlegri birgðastöð Olís og OHF í Stykkishólmi hafi verið skipt milli félaganna tveggja, allt frá því er samningur var fyrst gerður við umboðsmann félaganna á staðnum, eða frá því áður en samkeppnislög tóku gildi á árinu 1993. Hafi umboðsmaðurinn annast framkvæmd þessara mála, en þó væru einstakir stærri viðskiptamenn í beinum viðskiptum við félögin. Slíkri sölu til stærri kaupenda hefði þó einnig verið skipt milli félaganna. Rekstur bensínstöðvar í Stykkishólmi væri aðskilinn frá birgðastöðinni. Væri þar um að ræða samrekstur olíufélaganna þriggja og væri þeirri sölu skipt jafnt milli þeirra.<sup>2100</sup> Þá hefur forstjóri OHF staðfest að samstarf þetta hafi verið sambærilegt því fyrirkomulagi sem gildi við sölu úr sameiginlegri birgðastöð olíufélaganna þriggja á Raufarhöfn, nema hvað samstarfið í Stykkishólmi hafi aðeins verið milli OHF og Olís.<sup>2101</sup> Í því hafi falist að auk markaðsskiptingar hafi samstarfið falið í sér samráð um verð og afslætti til viðskiptavina félaganna á staðnum. Þá hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF staðfest að viðskiptavinir OHF í Stykkishólmi hafi ekki vitað af þessari skiptisölu.<sup>2102</sup> Ennfremur hafa forráðamenn OHF sagt að á árinu 2001 hafi verið ákveðið að stefna að því að hætta skiptisölu í Stykkishólmi, en dregist hafi að koma því í verk. Hafi skiptisölu ekki verið hætt fyrr en í mars 2002, skömmu eftir að OHF hafi hafið samstarf við Samkeppnisstofnun um að upplýsa mál það sem stofnunin hefur til rannsóknar.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að Olís og OHF hafi skipt með sér sölu á svartolíu og flotaolíu frá sameiginlegri birgðastöð félaganna í Stykkishólmi. Þessi skiptisala hafi byrjað fyrir gildistöku samkeppnislaga og henni lokið á árinu 2002. Árið 2001 hafi hafist umræða um að hætta skiptisölnni en málið hafi dregist vegna þess að ekki væri einfalt mál að ákveða hvernig haga beri málum við slíka breytingu.

Niðurstaða samkeppnisráðs af framangreindu er sú að OHF og Olís hafi frá gildistöku samkeppnislaga og fram á árið 2002 haft með sér samráð um sölu eldsneyti úr sameiginlegri birgðastöð félaganna í Stykkishólmi, sem fól m.a. í sér að allri þessari sölu var skipt jafnt milli félaganna. Samráð OHF og Olís var jafnframt um verð og

---

<sup>2099</sup> Minnisblað frá Skeljungu, „*Eldsneytisviðskipti í íslenskum sjávarútvegi og sóknarfæri Skeljungs hf.*“, höfundur Árni Á. Arnason, dags. 13.8.1997 (Hs. nr. 7013).

<sup>2100</sup> Fundargerð vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

<sup>2101</sup> Fundargerð vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 2.4.2002.

<sup>2102</sup> Fundargerð vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 2.4.2002.

afslætti. Fara þessar aðgerðir gegn 10. gr. samkeppnislaga. Framgreind umfjöllun sýnir einnig að Skeljungu hafi verið kunnugt um þetta samráð í Stykkishólmi og voru þessar aðgerðir hluti af samfelldu samráði olíufélaganna.

OHF hefur veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um hlut félagsins í skiptisölu þess og Olís á gasolíu og flotaolíu frá birgðastöð í Stykkishólmi á árunum 1993–2001. Á grundvelli þessa áætla samkeppnisráð að heildarverðmæti þessarar skiptisölu á nefndu tímabili hafi numið um 625 millj. króna.

## 5. Markaðsskipting á Raufarhöfn

Af gögnum málsins er ljóst að olíufélögin hafi haft með sér víðtækt samstarf og markaðsskiptingu á Raufarhöfn frá gildistöku samkeppnislaga 1. mars 1993 og a.m.k. fram á árið 2002. Samstarf olíufélaganna á Raufarhöfn náði a.m.k. aftur til ársins 1973, og hafði Skeljungur í flestum tilvikum umsjón með viðskiptunum þar fyrir hönd olíufélaganna þriggja.<sup>2103</sup> Í júní 1975 undirrituðu olíufélögin þrjú samning við umboðsmann um að hann tæki að sér að selja og afgreiða fyrir félögin alla gasolíu á Raufarhöfn. Í 1. grein samningsins segir m.a.: „*Hefur því enginn þá sölu eða afgreiðslu á hendi þar á staðnum fyrir félögin annar en kaupandi*“. Var því um að ræða einkasölusamning. Í 7. grein samningsins segir: „*Það hefur orðið að samkomulagi milli félaganna að Olíufélagið Skeljungur hf. annast alla milligöngu fyrir þeirra hönd við kaupanda um framkvæmd samnings þessa og mun það félag því, þar til annað verður ákveðið, hafa á hendi umsjón með olíuflutningum, annast birgðabókhald og innheimtu seldrar/afgreiddrar olíu og annað er að þessum málum lýtur*“.<sup>2104</sup> Árið 1981 tók umboðsmaðurinn svo við umsjón með svartolíugeymi olíufélaganna á Raufarhöfn, auk afgreiðslu til Síldarverksmiðja ríkisins á staðnum (hér eftir SR).<sup>2105</sup> Þetta fyrirkomulag var almennt við lýði og hélt áfram í óbreyttri mynd fram yfir gildistöku samkeppnislaganna árið 1993. OHF hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að á tímabilinu 1993–2001 hefði allri sölu á Raufarhöfn verið skipt jafnt milli olíufélaganna þriggja.<sup>2106</sup>

Á yfirliti, dags. í júní 1993 kemur fram að olíufélögin þrjú hafi rekið saman umboð og birgðastöð á Raufarhöfn.<sup>2107</sup> Á yfirlitinu koma nöfn olíufélaganna þriggja fram einnig undir liðnum „SR“.

<sup>2103</sup> Orðsending til bókhaldsdeildar Skeljungs, dags. 3.2.1973 (Hs. nr. 8208).

<sup>2104</sup> Samningur Olíufélagsins, Olís og Skeljungs við Bjarna Hermannsson, dags. 2.6.1975 (Hs. nr. 8208).

<sup>2105</sup> Bréf Skeljungs til Bjarna Hermannssonar, dags. 16.10.1981 (Hs. nr. 8208). Nánar er fjallað um viðskipti olíufélaganna við SR-mjöl hf. í kafla IV 6.

<sup>2106</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

<sup>2107</sup> Yfirlit yfir sölu- og birgðastöðvar Olís unnið af hagdeild Olís, dags. 2.6.1993 (Hs. nr. 4017).

Í yfirliti frá september 1994 sem fannst hjá OHF kemur fram að samstarf olíufélaganna á Raufarhöfn hafi náð til afgreiðslu, birgðahalds og dreifingar.<sup>2108</sup> Jafnframt kemur fram að geymir á staðnum væri sameiginlegur auk leiðslna til afgreiðslu. Samkvæmt yfirlitinu náði samstarfið til sölu á gasolíu og svartolíu. Ljóst er einnig að olíufélögin hafi rætt um að koma samstarfi sínu á Raufarhöfn í formlegri búning. Í bréfi frá Olís til OHF frá árinu 1995 segir m.a.:<sup>2109</sup>

*„5. Raufarhöfn*

*Leggjum til að á Raufarhöfn verði stofnað olíusamlag allra þriggja olíufélaganna. Olís myndi leggja til birgðageymslu, annar búnaður er þegar í sameign allra félaganna þ.m.t. tankar. Birgðastöðin sæi um dreifingu á eldsneyti, smurolíu og öðrum rekstrarvörum. Olíusamlagið yrði í umsjón Esso.“*

Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF til forstjóra félagsins frá október 1995 lýsti sá fyrrnefndi fundi sínum með framkvæmdastjórum hjá hinum félögunum. Er þar m.a. svohljóðandi umfjöllun um sölu á Raufarhöfn:<sup>2110</sup>

*„10. Raufarhöfn:*

*BS<sup>2111</sup> kvartaði undan bréfi frá OLÍS, Kristjáni B. Ólafssyni, þar sem BS var sakaður um stífnu fyrst SHELL hefði ekki skuldfært gasolíu á flotaolíuverði á tvo báta á Raufarhöfn. (Fyrir u.þ.b. ári var samþykkt að gera slíkt fyrir Rauðanúp, en ég kannaðist ekki, frekar en BS, við að það hefði verið nefnt við okkur að gera þetta líka fyrir tvo báta í viðbót.) BS gagnrýndi að slíkt væri gert, í gegnum innheimtumenn/birgðabókhalð án þess að formleg ákvörðun lægi fyrir hjá öllum aðilum málsins.“*

Ljóst er að á árunum 1995–96 hafa olíufélögin fundað um framtíðarskipan á Raufarhöfn.<sup>2112</sup> Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF til forstjóra félagsins frá maí 1996 er því t.d. lýst að hann hafi átt nokkra fundi með Skeljungu og Olís vegna SR-mjöls, þar sem sá möguleiki hefði m.a. verið ræddur að OHF yrði

<sup>2108</sup> Yfirlit Magnúsar Ásgeirssonar hjá OHF yfir samstarf Olíufélagsins og Skeljungs á ströndinni, dags. sept.1994 (Hs. nr. 3164).

<sup>2109</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís, TM08195.DOC. Bréf Thomasar Möller hjá Olís til Knúts Haukssonar og Þórólfs Árnasonar hjá OHF, dags. 21.2.1995. Bréf þetta var einnig sent með símbréfi (Hs. nr. 7080).

<sup>2110</sup> Tölvupóstur Þórólfs Árnasonar hjá OHF til Geirs Magnússonar forstjóra félagsins, dags. 9.10.1995 kl. 21.39 (Hs. nr. 3166).

<sup>2111</sup> Bjarni S. Jónsson fyrrum framkvæmdastjóri hjá Skeljungu.

<sup>2112</sup> Minnispointar Kristjáns B. Ólafssonar hjá Olís um fund hans með Bjarna Bjarnasyni hjá OHF og Bjarna S. Jónssyni hjá Skeljungu, dags. 18.3.1996 (Hs. nr. 5849).

afgreiðsluaðili á Raufarhöfn.<sup>2113</sup> Á minnisblaði frá mars 1997 kemur fram að eignir á Raufarhöfn, olíustöð og lykladæla hafi enn verið í sameign félaganna.<sup>2114</sup>

Samkvæmt tölvupósti frá árinu 1998 sem fannst hjá OHF var sölu olíufélaganna á Raufarhöfn ennþá skipt á því ári.<sup>2115</sup> Á ódagsettu skjali frá OHF, sennilega frá árinu 1999, kemur fram að endurskoða þyrfti samning við umboðsaðila olíufélaganna á Raufarhöfn í samráði við hin olíufélögin.<sup>2116</sup> Þetta gekk eftir, sbr. fundargerð OHF frá 6. janúar 1999 en þar er einnig staðfest að sölu á staðnum hafi verið þá skipt milli olíufélaganna:

*„Fyrirkomulag olíuafgreiðslu og samningar sem í gildi eru [um] sölu og afgreiðslu á Raufarhöfn verða tekin fyrir á næsta fundi á mánudaginn. Bjarni Hermannsson hættur, SR orðin umboðsmaður Shell í smurólú. Sala er skiptisala.“<sup>2117</sup>*

Þann 1. janúar 1999 hóf ODR að dreifa olíu og bensíni á Raufarhöfn fyrir Olís og OHF. Einhvers ruglings virðist hafa gætt hjá starfsmönnum ODR vegna fyrirkomulags mála á Raufarhöfn, sbr. eftirfarandi tölvupóst framkvæmdastjóra ODR til OHF og Olís í febrúar árið 1999:

*„Nú erum við byrjaðir á Raufarhöfn. Salan hefur verið þrískipt á svæðinu, og Bjarni hefur séð um að innheimta og þ.h. Nú ætlum við að skrifa viðskiptin á hvert félag. Þetta er auðvelt gagnvart útgerðinni, en hvað með heimamenn sem ekki hafa verið að kaupa af olíufélögunum. Eigum við ekki bara að bjóða þeim að velja hvort þeir vilji Esso eða Olís (ath. þannig fáið þið alla söluna og Shell ekkert þó svo að við munum afgreiða fyrir þá!!!!!!)?????? Eða er einhver samningur í gangi í raun þar sem olíufélögin hafa komið sér saman um 1/3 skiptingu????????????“<sup>2118</sup>*

Athugasemdir forstjóra OHF um þetta voru eftirfarandi:

---

<sup>2113</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur frá Þórólfi Árnasyni til Geirs Magnússonar o.fl. um SR-mjöl, dags. 23. maí 1996, kl. 10:22.

<sup>2114</sup> Minnisblað Einars Benediktssonar forstjóra Olís um samninga o.fl. vegna samrekstrar og sameignar olíufélaganna, dags. 10.3.1997 (Hs. nr. 5841), sbr. einnig yfirlit Bjarna Bjarnasonar hjá OHF um skiptisölu olíufélaganna, dags. 1.8.1997 (Hs. nr. 1013).

<sup>2115</sup> Tölvupóstur frá Magnúsi Ásgeirssyni hjá OHF til Herberts Herbertssonar o.fl. um vetrargasolíu handa Skeljungu hf., dags. 26.10.1998 (Hs. nr. 2859).

<sup>2116</sup> Yfirlit yfir olíu- og bensínafgreiðslur OHF, ódags (Hs. nr. 2404).

<sup>2117</sup> Fundargerð OHF um stórnotendur og markaðsmál vegna fundar þann 6.1.1999 (Hs. nr. 1916).

<sup>2118</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Knúti Haukssyni hjá ODR til Ragnars Bogasonar hjá OHF og Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 5.2.1999 kl. 15:03.

„Hvernig leggst þessi tillaga í þig? Það má segja að það sé enginn samningur í gildi eftir að Skeljungur sagði Bjarna upp. Samningurinn var í raun um Bjarna.“<sup>2119</sup>

Viðbrögð forstjóra Olís voru hins vegar eftirfarandi:

„Man ég það ekki rétt að ég hafi beðið þig eftir síðasta fund okkar GM og KB að skoða hvernig við höfum ca komið út úr þessari þrískiptingu t.d. síðustu tvö árin. Sjálfur hafði ég það á tilfinningunni að þar sem við erum litlir í loðnubátum hefði þessi þrískipting hugsanlega komið okkur til góða. Þó gæti það farið eftir hvaða bátar eru mest hjá SR. GM lagði til að þrískiptingu yrði hætt, nema á Jökli og SR eins og um samið. KB og EB vildu skoða málið betur, áður en þessu yrði breytt. Ef við samþykktum að hætta þrískiptingu væri a.m.k. eðlilegt að kostnaður við stöðina og afgreiðslur færi eftir magni fyrir hvern aðila, þar sem tankarnir eru í þriðjungs eign. Þurfum að skoða þetta aðeins áður en við svörum. Þetta með smáaðilana á svæðinu getur varla verið nokkurt mál, væntanlega mjög lítil sala.“<sup>2120</sup>

Að mati samkeppnisráðs staðfesta ofangreind samskipti að almennt samkomulag um skiptingu á sölu á eldsneyti á Raufarhöfn hafi verið í gildi á þessum tíma. Frekari staðfesting kemur fram í tölvupósti starfsmanns OHF frá svipuðum tíma til forstjóra félagsins og nokkurra starfsmanna, en þar lætur starfsmaðurinn í ljós þá skoðun að breyta ætti skiptisölnunni á þann hátt að Skeljungur félli út en spyr jafnframt hvort samkomulag hefði verið gert við yfirtöku ODR um að Skeljungur yrði áfram með í skiptingu. Í athugasemdum starfsmannsins kemur einnig fram að OHF hefði nýlega tekið yfir rekstur bensínsölskálans á staðnum. Hann væri rekinn með tapi og hefði því ekki verið ráðist í framkvæmdir þar. Vegna þessa svo og vegna stutts opnunartíma skálans væri OHF ekki vinsælt á staðnum. Útgerðafélagið Jökull, sem sveitarfélagið ætti meirihluta í, væri stærsti notandi á gasolíu á svæðinu, en það væri að mestu í viðskiptum við Olís. Hefði hann gert sveitarstjóra Raufarhafnar ljóst að ekki gæti orðið breyting á varðandi söluskálann nema OHF fengi aukin viðskipti við útgerðarfélagið. Forstjóri OHF svaraði þessum tölvupósti og lét einnig í ljós vilja til breytinga: „Ég lít svo á að Skeljungur hafi sagt upp samningi við Bjarna Hermannsson og þar með þrískiptingunni. Þetta var lauslega rætt á forstjórafundum án niðurstöðu. Talað var um að ég og Einar B.<sup>2121</sup> töluðum við Knút<sup>2122</sup> um málið. Ég vil

<sup>2119</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Geir Magnússyni forstjóra OHF til Ragnars Bogasonar, dags. 6.2.1999 kl. 11:32.

<sup>2120</sup> Tölvupóstur Einar Benediktssonar forstjóra Olís til Jóns Halldórssonar, dags. 8.2.1999 kl. 12:12 (Hs. nr. 4325).

<sup>2121</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

<sup>2122</sup> Knútur Hauksson framkvæmdastjóri Oliudreifingar ehf.

*að okkar skip sem koma til R verði okkar sala og Olís fái sín skip. Ég hef ekki skoðun á Skeljungsmálum. Það er þeirra mál.*<sup>2123</sup>

Á svipuðum tíma árið 1999 var enn rætt um nánari samvinnu milli olúfélaganna á Raufarhöfn. Á fundi framkvæmdastjórnar Olís í apríl 1999 segir t.d. eftirfarandi:

*„Raufarhöfn. Gerður hefur verið samningur við nýjan umboðsaðila Bjarna Haraldsson. Skipting á eldsneyti verður í ákvörðun viðskiptavina þrátt fyrir tilkomu ODR. Jökull áfram í skiptum.*<sup>2124</sup> *Umræða um hugsanlega samvinnu um bensínstöð við hin olúfélögin.*<sup>2125</sup>

Samkvæmt gögnum málsins voru um mitt ár 1999 gerðar tilraunir til að hætta þrískiptingu.<sup>2126</sup> Ekki náðist samkomulag um það, en svo virðist sem ákveðið hafi verið það ár að umsjón með skiptisölunni á Raufarhöfn skyldi færð frá Skeljungi til OHF.<sup>2127</sup> Þá virðist ljóst að í febrúar 2000 hafi áfram verið í gildi skiptisala á Raufarhöfn, sbr. eftirfarandi athugasemdir í fundargerð hjá OHF:

*„Raufarhöfn. Olíuafgreiðsla á staðnum er skiptisala samkv. vinnureglu í birgðabókhalldi. Við kaup ÚA á Jökli hf. er farið að afgreiða skip Jökuls á þeirra viðskiptakjörum. Segja þarf upp skiptisölusamningi og fylgja málinu eftir.*<sup>2128</sup>

Þann 17. febrúar 2000 sendi forstjóri OHF svohljóðandi tölvupóst til forstjóra Skeljungs, efni: „fundur 18.2.2000, kl. 8:00“:

*„Ég geri það að tillögu minni að við tökum aðeins fyrir uppgjörsmál á fundinum og frestum öðru. Óuppgert er: Grundartangi, SVR, Raufarhöfn og Kísiliðjan. Ef ég gleymi einhverju, þá bætið þið við.*

*Málefni fyrir annan fund eru: Nýr samningur um Örfirsey milli ODR og Skeljungs. Hagsmunafélag olúfélaganna??*

<sup>2123</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Sigurði Bjarnasyni til Geirs Magnússonar forstjóra og nokkurra starfsmanna félagsins, dags. 24.2.1999 kl. 10:25, frá Geir Magnússyni til Sigurðar Bjarnasonar, dags. 24.2.1999 kl. 12:09 og frá Sigurði Bjarnasyni til Geirs Magnússonar, dags. 24.2.1999 kl. 13:30.

<sup>2124</sup> Nánar er fjallað um viðskipti við útgerðarfélagið Jökul í kafla VIII 7.

<sup>2125</sup> Fundargerð vegna framkvæmdarstjórnarfundar Olís, dags. 27.4.1999 (Hs. nr. 4316).

<sup>2126</sup> Tölvupóstur Knúts Haukssonar hjá ODR til Jóns Halldórssonar hjá Olís og Bjarna Bjarnasonar og Ragnars Bogasonar hjá OHF, dags. 23.7.1999 kl. 15:37 (Hs. nr. 4329).

<sup>2127</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Íris Bragadóttur til Gunnars Karls Guðmundssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 23.9.1999 kl. 10:04.

<sup>2128</sup> Fundargerð OHF um stórnotendur og markaðsmál, dags. 14.2.2000 (Hs. nr. 1916)

*Vinsamlega eyðið þessari orðsendingu þegar þið hafið lesið hana.* <sup>2129</sup>

Forstjóri Skeljungs framsendi þessa orðsendingu til aðstoðarforstjóra félagsins og spyr hvort þetta séu einu málin sem úppgerð séu. Hann svaraði: „Það er spurning um Dómsmálaráðuneytið, en þá munu þeir væntanlega benda á Landhelgisgæsluna. Ég kannast ekki við ágreining varðandi Raufarhöfn, þar er skiptisala vegna SR 40/40/20 og önnur skipting er 33/33/33. Ætlar þú ekki að afboða eða fresta fundinum? Það er sjálfsgagt að eyða þessu en mér finnst glannalegt að senda þetta svona í gegnum netþjóna út um allan bæ.“<sup>2130</sup>

Á fundi OHF og Olís í apríl árið 2000 var svo ákveðið að hætta skiptingu þeirra viðskipta er vörðuðu Jökul, en útgerðarfyrirtækið hafði verið keypt af Útgerðarfélagi Akureyringa. Var eftirfarandi skráð af fulltrúa OHF um þessa ákvörðun:<sup>2131</sup>

*„ÚA út úr skiptingu. Skip viðskiptaaðila afgr. af ODR en tekjur hvers félags fyrir sig. Rekstrarkostnaði skipt upp eftir throughputti.“*

Samkeppnisstofnun hefur spurt fulltrúa OHF um fyrirkomulag skiptisölu á Raufarhöfn. Í svörum forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda kom m.a. fram staðfesting á því að allt frá árinu 1975, þegar olíufélögin þrjú hefðu öll gert samning við sama umboðsmann á staðnum, hefði fyrirkomulagið í meginatriðum verið þannig að Skeljungur annaðist milligöngu og samskipti við umboðsmanninn fyrir hönd allra félaganna. Hefði allri sölu á eldsneyti úr sameiginlegri birgðastöð félaganna verið skipt jafnt milli olíufélaganna þriggja, og hefði þessi skiptisala haldið áfram allar götur síðan. Sú breyting hefði orðið á árinu 1999, að ODR hefði hafið starfsemi á Raufarhöfn og hefði umboðsmaðurinn þá orðið starfsmaður ODR, sem upp frá því hefði annast afgreiðslu á staðnum fyrir öll olíufélögin. ODR hefði þó einnig afgreitt fyrir Skeljung, og hefði skiptisala olíufélaganna þriggja haldið áfram með óbreyttu sniði. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda benti þó á að í kjölfar þess að Útgerðarfélag Akureyringa keypti útgerðarfélagið Jökul ehf., hefði Jökull á árinu 2000 verið tekið út úr skiptum, en Jökull hafi verið stærsti kaupandi á gasolíu á Raufarhöfn. Aðspurður um það hvort viðskiptavinum hefði almennt verið kunnugt um skiptisöluna á Raufarhöfn, kvaðst framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda efast um að svo hefði verið.<sup>2132</sup>

<sup>2129</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Geir Magnússyni forstjóra OHF til Kristins Björnssonar forstjóra Skeljungs, dags. 17.2.2000, kl. 10:52.

<sup>2130</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Kristins Björnssonar, dags. 17.2.2000, kl. 13:31.

<sup>2131</sup> Handskrifuð fundargerð sem fannst hjá OHF vegna fundar Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar hjá Olís og Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar hjá OHF, dags. 6.3. 2000 (Hs. nr. 2254).

<sup>2132</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.



Gögn málsins benda til þess að almenn skiptisala hafi enn tíðkast á Raufarhöfn árið 2001.<sup>2133</sup> Raunar staðfesti forstjóri OHF að á fundi með Samkeppnisstofnun í október 2002 að skiptisölu á Raufarhöfn hefði ekki ennþá verið hætt, og hefðu tæknileg vandamál vegna birgðarýmis staðið í vegi þess.<sup>2134</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að olúfélögin hafi allt frá 1973 skipt með sér sölu eldsneytis á Raufarhöfn. Þetta samstarf hafi haldið áfram eftir gildistöku samkeppnislaga án þess að nokkur hafi svo mikið sem hugleitt að fyrirkomulagið kynni að brjóta í bága við lög. Á árinu 2000 hefði dregið gífurlega úr umfangi þessa samstarfs þar sem útgerðarfélagið Jökull hefði verið selt til Akureyrar.

Samkvæmt framansögðu er að mati samkeppnisráðs ljóst að allt frá því fyrir gildistöku samkeppnislaga hafa olúfélögin þrjú framfylgt samkomulagi um að skipta á milli sín allri sölu á eldsneyti á Raufarhöfn. Eina undantekningin frá þessu er að á árinu 2000 var ákveðið að viðskipti við útgerðarfélagið Jökul féllu framvegis ekki undir slíka skiptingu. Framan af var þetta samstarf í umsjón Skeljungs, en á árinu 1999 færðist hún yfir til OHF. Margvíslegar viðræður áttu sér stað milli félaganna um hugsanlegar breytingar á þessu fyrirkomulagi. Ekkert samkomulag varð þó um að leggja af þessa markaðsskiptingu. Fara þessar aðgerðir gegn 10. gr. samkeppnislaga og eru hluti af samfelldu samráði olúfélaganna.

Varðandi þá fullyrðingu OHF að félagið hafi aldrei leitt að því hugann að þessi markaðsskipting kynni að brjóta í bága við lög, vísar samkeppnisráð til tölvupósts forstjóra OHF frá 17. febrúar 2000 sem reifaður var hér að framan. Í honum er fjallað m.a. um uppgjör vegna Raufarhafnar og hvatti forstjóri OHF forstjóra Skeljungs til að eyða póstinum að lestri loknum. Fæst því ekki séð hvernig þessi fullyrðing OHF kemur heim og saman við gögn málsins.

OHF hefur veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um magn og verðmæti hlutdeildar í skiptisölu olúfélaganna einkum á gasolíu frá sameiginlegri birgðastöð félaganna þriggja á Raufarhöfn á árunum 1993–2001, bæði sölu sem félagið hefur fengið frá Skeljungi og sölu sem félagið hefur skilað til hinna félaganna. Á grundvelli þessa áætla samkeppnisráð að heildarverðmæti skiptisölu frá birgðastöð á Raufarhöfn hafi á þessu tímabili numið um 450 millj. króna.

<sup>2133</sup> Fundargerð OHF um stórnotendur og markaðsmál, dags. 19.1.2001 (Hs. nr. 1916).

<sup>2134</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 8.10.2002. Fulltrúar félagsins höfðu raunar áður verið spurðir um sama mál á fundum 3. apríl, 7. maí og 1. ágúst 2002, en þeir kváðust ekki vita hvort skiptisölu á Raufarhöfn hefði verið hætt eða geta staðfest að svo hafi verið.

## 6. Markaðsskipting vegna sölu til SR-mjöls

6.1. Stofnun SR-mjöls á árinu 1993 og samkomulag um olíuviðskipti í kjölfar þess  
Á árinu 1992 ákvað ríkisstjórnin að einkavæða Síldarverksmiðjur ríkisins, en þær höfðu starfað frá árinu 1930. Þann 1. apríl 1993 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 20/1993 um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins. Félagið, sem nefnt var SR-mjöl hf., var stofnað 1. júlí 1993 og tók það mánuði síðar yfir starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins. Hlutabréf í SR-mjöli voru fyrst í eigu ríkisins en voru síðan seld fjárfestum. Tóku nýir eigendur við félaginu þann 1. febrúar 1994.<sup>2135</sup>

Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu átt viðskipti við öll olíufélögin á árum áður, og nokkurt samstarf mun hafa verið á milli olíufélaganna um þau viðskipti. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í minnisblaði forstjóra Olís frá 6. september 1995 mun framkvæmdin í reynd lengi hafa verið þannig að Olís hafi séð um viðskiptin á Siglufirði og skipt þeim upp í þriðjunga á milli olíufélaganna þriggja, Skeljungur hafi séð um viðskiptin á Raufarhöfn og skipt þeim upp á milli félaganna þriggja, en önnur viðskipti, þ.m.t. sala á Seyðisfirði, hafi verið óskipt.<sup>2136</sup>

Við stofnun SR-mjöls virðist sem upphaflega hafi verið gert ráð fyrir því að olíufélögin tækju þátt í stofnun félagsins með 100 millj. króna hlutafjárframlagi, en vegna mikils áhuga annarra á þátttöku í stofnun félagsins voru olíufélögin beðin að lækka þátttöku sína í 25 milljónir króna. Þá virðist sem samkomulag hafi verið gert í febrúar 1994 um að skipta allri svartolíusölu til SR-mjöls í eftirfarandi föstum hlutföllum milli olíufélaganna: OHF 20%, Olís 40% og Skeljungur 40%. Í fyrrnefndu minnisblaði forstjóra Olís segir að þessi skipting hafi verið gerð í samkomulagi olíufélaganna allra við SR-mjöl við stofnun þess félags og hafi hlutfallsskiptingin miðast við þátttöku félaganna í hlutafjárkaupum í SR-mjöli. Í gögnum málsins finnst hins vegar ekkert samkomulag, þar sem SR-mjöl á aðild að samningi um að öll svartolíusala til SR-mjöls skiptist í föstum hlutföllum milli olíufélaganna, hvorki frá árinu 1994 né síðar. Upplýsingar um slíkt komu heldur ekki fram í svörum olíufélaganna við fyrirspurn Samkeppnisstofnunar, þar sem óskað var eftir að hvert félag lýsti hvers kyns viðskiptalegri samvinnu við hin olíufélögin á tímabilinu 1. mars 1993 til 31. desember 2001 og félögin afhentu afrit af öllum samningum um slíkt samstarf. Í minnisblaði frá starfsmanni Skeljungs frá 7. mars 1994 er hins vegar fjallað um fund fulltrúa olíufélaganna þriggja, þar sem enginn fulltrúi var frá SR-mjöli, en þar segir svo:<sup>2137</sup>

<sup>2135</sup> Sjá vefsíðu SR-mjöls, [www.srmjol.is](http://www.srmjol.is).

<sup>2136</sup> Minnisblað forstjóra Olís dags. 6.9.1995 til tveggja starfsmanna félagsins varðandi þjónustu og viðskipti við SR-mjöl. (Hs. nr. 5219).

<sup>2137</sup> Minnisblað Írisar B. Bragadóttur hjá Skeljungu til Árna Ólafs Lárussonar hjá sama félagi um fund haldinn hjá Olís þann 7. mars 1994. Efni: SR-mjöl hf. Fundinn sátu Gunnar Pálsson og Ingi Þór Eðvarðsson frá Olís, Magnús Ásgeirsson og Helgi Kristjánsson frá OHF og Lúðvík Björgvinsson og Íris H. Bragadóttir frá Skeljungu (Hs. nr. 7082).

*„Fyrir fundi lá að söluskipting á SR-mjöli á Siglufirði, Reyðarfirði, Seyðisfirði, Raufarhöfn og Skagaströnd skyldi vera 40-40-20% frá og með 1. febrúar 1994.*

*Það varð að samkomulagi að eðlilegast væri að félögin ættu birgðir á hverjum stað í samræmi við notkun, þannig að frá og með 1. mars myndu Kyndill og Stapafell setja upp svartolíu í samræmi við söluskiptingu á öllum stöðum nema á Skagaströnd, þar sem Olís á birgðirnar og mun það verða óbreytt þar sem sala þar er sáralítill. Í febrúar mun Skeljungur millifæra inn á millireikning Esso og Olís magn í hlutfalli við sölu þeirra á Seyðisfirði og Olís gera eins á Reyðarfirði og Skagaströnd.*

*Skeljungur mun hafa umsjón með Raufarhöfn og Seyðisfirði og skulda á SR-mjöl fyrir notkun á þeim stöðum og gefa Olís og Esso kredit fyrir þeirra hlut í sölunni, sömuleiðis mun Olís gera á Siglufirði, Reyðarfirði og Skagaströnd.“*

Í minnisblaði OHF frá apríl 1994 virðist koma fram svipaður skilningur og hjá Skeljungu varðandi samstarf olíufélaganna um viðskipti við SR-mjöl, en þar segir:<sup>2138</sup>

*„Söluhlutföll eru Esso 20% Olís 40% og Skeljungur 40%.*

*Olís - er umsjónaraðili á Siglufirði og Reyðarfirði*

*Skeljungur – umsjónaraðili á Raufarhöfn og Seyðisfirði*

*Olís á olugeyminn á Reyðarfirði, SR-mjöl hina.*

*Olís og Skeljungur gefa okkur upp sundurliðaða sölu mánaðarlega frá áður nefndum birgðastöðum og skulda SR-mjöl fyrir öllu magninu, hver frá sínum umsjónarstað og kreditfæra síðan Olíufélagið fyrir sínu %.“*

OHF virðist þó ekki hafa verið ánægt með sinn hlut í þessu samstarfi, sbr. það sem fram kemur í síðari hluta þessa minnisblaðs:

*„Þetta fyrirkomulag getur ekki gengið og þarf að breyta nú þegar, þannig:*

*Olíufélagið skuldar beint út á SR-mjöl sína % frá hverjum stað. Með þessu móti komumst við í beint samband við SR-mjöl, sem er stórt atriði. Auk þess eigum við að gera kröfu til þess að vera umsjónaraðili á Raufarhöfn og ná í flutning þangað með “Stapafelli”.*

<sup>2138</sup> Minnisblað dags. 14.4.1994 frá SFT (Sigurkarli F. Torfasyni þáverandi fjármálastjóra) hjá OHF til GM (Geirs Magnússonar), MÁ (Magnúsar Ásgeirssonar), HK (Helga Kristjánssonar) og ÞÁ (Þórólfs Árnasonar) um viðskipti við SR-mjöl – Fuel-olía (Hs. nr. 2850).

Samkeppnisstofnun hefur spurt fulltrúa OHF um það hvort samningar hafi verið gerðir í tengslum við einkavæðingu Síldarverksmiðja ríkisins um skiptingu á sölu olúfélaganna til SR-mjöls á árinu 1994. Í svari forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda kemur fram að slíkt samkomulag hafi verið gert, en ekki aðeins milli olúfélaganna heldur einnig við SR-mjöl. Hafi orðið samkomulag um að skipta sölu til SR-mjöls á svartolíu milli olúfélaganna í samræmi við hlutabréfakaup þeirra í SR-mjöli, þannig að Skeljungur og Olís fengju 40% hvort félag, en OHF 20%. Þá kom fram í svari forstjóra OHF að einstök atriði varðandi viðskipti með svartolíu við SR-mjöl hefðu ekki verið endanlega ákveðin fyrr en með samningi í október 1996. Framkvæmd málsins væri með þeim hætti að það olúfélag sem annaðist umsjón á hverjum stað skrifaði reikning á SR-mjöl og síðan kreditnotu á hin félögin, þannig að fé færi á milli olúfélaganna vegna þessara viðskipta, með sama hætti og gerðist varðandi t.d. skiptisölu á Raufarhöfn.<sup>2139</sup>

Að beiðni Samkeppnisstofnunar tók OHF saman yfirlit um skiptisölu olúfélaganna á árunum 1993–2001.<sup>2140</sup> Koma þar fram árlegar upplýsingar um magn, meðalverð og verðmæti sölu sem olúfélögin skiptu á milli sín í fyrirfram ákveðnum hlutföllum, sundurliðað m.a. eftir viðskiptavinum og eldsneytistegundum. Hvað varðar viðskipti við SR-mjöl vekur það m.a. athygli að samkvæmt yfirlitinu var ekki um að ræða skiptisölu á árinu 1993. Á árinu 1994 er hins vegar sýnd skiptisala gagnvart verksmiðjum SR-mjöls á Raufarhöfn, Seyðisfirði, Skagaströnd, Siglufirði og Reyðarfirði, og á hverju ári eftir það kemur einnig fram að skiptisala hafi verið viðhöfð gagnvart öllum verksmiðjum SR-mjöls sem starfræktar voru.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fullyrt að þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru einkavæddar og SR-mjöl stofnað hafi farið af stað viðræður við olúfélögin þrjú um kaup á hlutabréfum í fyrirtækinu árið 1994. Í samræmi við hlutabréfakaup olúfélaganna hafi verið gert samkomulag um að sölu þeirra til verksmiðja SR-mjöls á svartolíu yrði skipt þannig að Skeljungur og Olís fengju 40% hvort félag en OHF 20%. Hér hafi verið um að ræða fjórhliða samkomulag sem hafi staðið í beinum tengslum við hlutabréfakaup olúfélaganna. SR-mjöl hefði allt eins getað valið þann kost að láta olúfélögin keppa um þessi viðskipti. OHF telur því að ekki sé hægt að líta á ofangreint samkomulag um hlutafjárkaup og olúviðskipti sem samkeppnishamlandi, né að það falli undir efni eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð áréttar að í málinu hefur ekki fundist samningur milli olúfélaganna og SR-mjöls um framangreinda skiptingu á viðskiptum. Olúfélögin hafa heldur ekki látið samkeppnisyfirvöldum í té afrit af slíkum samningi. Hafi slíkur samningur verið

<sup>2139</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 7.5.2002.

<sup>2140</sup> Gagn afhent af OHF. Ódagsett yfirlit Olúfélagsins um skiptisölu olúfélaganna (skipt í skiptisölu v/stóriðju, skiptisölu v/eignaraðildar og skiptisölu v/einkadælu).

gerður virðist hann því hafa verið munnlegur. Hvað sem því líður er a.m.k. alveg ljóst að olíufélögin ákváðu á árinu 1994 að skipta á milli sín viðskiptum við SR-mjöl í tilteknum hlutföllum. Í þessu felst óhjákvæmilega markaðsskipting í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Engu breytir þó þetta kunni að hafa verið gert í tengslum við umrædd hlutabréfaviðskipti þar sem 10. gr. laganna bannar alla markaðsskiptingu, alveg án tillits til þeirra forsendna og markmiða sem liggja henni til grundvallar, sbr. kafla III.

6.2. Samningar vegna olíuviðskipta við SR-mjöl haustið 1996 og aðdragandi þeirra  
Á árunum 1994–96 voru miklar umræður milli olíufélaganna um framtíðar fyrirkomulag á viðskiptum við SR-mjöl. Þannig lýsir framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF því í minnisblaði í ágúst 1994 að hann hefði átt fund með fulltrúum Skeljungs og Olís þar sem rætt hefði verið um SR-mjöl og það hvort OHF tæki við umsjón með viðskiptum SR-mjöls á Raufarhöfn.<sup>2141</sup> Í janúar 1995 var á fundi framkvæmdastjórnar OHF bókað að forstjóri Skeljungs hefði óskað eftir fundi um „*sameiginlega hagsmuni Olíufélaganna*“ og af því tilefni yrði starfsmaður OHF fenginn til þess að taka saman upplýsingar um skiptiverslun. Viðhangandi þessari fundargerð, sem fannst hjá OHF, er síðan yfirlit um skiptisölu, þar sem m.a. koma fram viðskipti við SR-mjöl.<sup>2142</sup> Það virðist hafa gengið eftir að forstjórar olíufélaganna hefðu rætt þessi mál á þessum tíma, því samkvæmt minnisblaði forstjóra Olís ræddu forstjórararnir um SR-mjöl undir liðnum „*riksviðskipti*“ í mars 1995, t.d. um skiptingu á kostnaði vegna tanks í eigu Skeljungs á Seyðisfirði. Kemur fram að forstjóri Skeljungs hafi farið fram á að þessum kostnaði yrði skipt milli olíufélaganna, en til þessa hefði ekki komið áður, þar sem Skeljungur hefði alfarið notið sölunnar til verksmiðju SR-mjöls á Seyðisfirði, þ.e. ekki hafi verið skiptisala milli félaganna um þessi viðskipti áður. Forstjórar Olís og OHF tóku undir þessa tillögu, en bentu á að sambærilegt mál kynni að koma upp á Reyðarfirði vegna tanks sem væntanlega væri í eigu Olís, auk þess sem félögin þyrftu sameiginlega að leysa með hvaða hætti yrði greitt fyrir afnot af tanki í eigu SR-mjöls á Siglufirði.<sup>2143</sup>

Með bréfi SR-mjöls, dags. 15. september 1995, var óskað eftir því við Olís að verð á svartolíu til verksmiðja félagsins yrði samsvarandi 5% afslætti frá lágsta verði samkvæmt almennri verðlagningu frá olíufélagi með starfsemi á Íslandi. Myndi SR-mjöl óska eftir sama afslætti frá öðrum olíufélögum sem selt hefðu SR-mjöli olíu. Jafnframt er óskað eftir viðræðum um kjör á öðrum vörum sem SR-mjöl keypti af olíufélagunum. Rök SR-mjöls fyrir beiðni um afslátt voru þessi:

<sup>2141</sup> Minnisblað Þórólfs Árnasonar markaðsstjóra OHF um fund hans með GKG (Gunnari Karli Guðmundssyni frá Skeljungu) og KBÓ (Kristjáni B. Ólafssyni frá Olís), dags. 10.8.1994 (Hs. nr. 3167).

<sup>2142</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF dags. 17.01.1995 og yfirlit OHF um skiptisölu (birgðabókhald) tekið saman af Helga Kristjánssyni (Hs. nr. 2405).

<sup>2143</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Minnisblaði forstjóra Olís um fund forstjóra olíufélaganna, dags. 22.3.1995.

„1. SR-mjöl kaupir þrefalt meira magn af olíu en nokkurt annað félag með sambærilega starfsemi hér á landi. Árið 1993 námu olíuinnkaup kr. 190 milljónum og 1994 kr. 168 milljónum án VSK.

2. SR-mjöl hf. innheimtir olíuviðskipti allra skipa sem leggja upp hræfni til félagsins og gerir upp við olíufélögin. Árið 1993 námu þessi viðskipti kr. 132 milljónum og 1994 kr. 103 milljónum. Olíufélögin leggja enga vinnu í innheimtu á þessum úttektum og hafa ekki greitt SR-mjöl hf. neina þóknun fyrir að annast þetta.

3. SR-mjöl hf leggur til lóðir undir tanka, aðstoðar við afgreiðslu eftir atvikum og leggur sumstaðar til rafmagn og gufu án þess að greiðslur hafi komið til nema í undantekningartilfellum.“

Þá segir að með umræddum afslætti fengi SR-mjöl hóflegt afgang fyrir þjónustu sem félagið hefði fram að þessu látið olíufélögunum í té þeim að kostnaðarlausu og nyti um leið viðunandi ávinnings vegna stærðarhagkvæmni innkaupa.<sup>2144</sup>

Af tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til forstjóra og framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu þann 17. október 1995 má ráða að fulltrúar olíufélaganna hafi fundað m.a. til þess að ræða þessa beiðni SR-mjöls um afslátt, en heiti tölvupóstsins er „Fundur TM<sup>2145</sup> með ÞÁ<sup>2146</sup> og BSJ<sup>2147</sup> 9 okt kl 14 í esso“. Fram kemur að 8 málefni hafi verið rædd á fundinum, en í 4. lið er svohljóðandi bókun varðandi SR-mjöl:

„SR MJÖL. Shell telur mikinn hag í innheimtu SR. TM dró í efa. Samþykkt að gefa 10% eða um 50–60 aura afslátt (t.d. 56 aura) Lóðarleiga SR falli samtímis niður.

Gera þarf samstarfssamning esso olís shell vegna SR, throughput fee og skipting kostnaðar á öllum stöðum eins og skipting tekna, þmt þátttaka í tankaleigu, greiðslu kostnaðar vegna hluta í eigu olíufélaganna hjá SR, rekstur tankabúnaðar og dæla svo og afgang af eignum. TM mun stilla upp uppkasti.“

Í lok tölvupóstsins segir síðan: „EB<sup>2148</sup> ath hvort ekki ok að senda þetta til BSJ og ÞÁ“. Hver sem svör forstjóra Olís voru við þessum tilmælum, liggur fyrir að framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF fékk þennan tölvupóst sendan þrettán

<sup>2144</sup> Bréf SR-mjöls til Olís, dags. 15.9.1995 (Hs. nr. 4333).

<sup>2145</sup> Thomas Möller framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá Olís.

<sup>2146</sup> Þórólfur Árnason framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá OHF.

<sup>2147</sup> Bjarni Snæbjörn Jónsson forstöðumaður markaðssviðs hjá Skeljungu.

<sup>2148</sup> Einar Benediktsson forstjóri Olís.

dögum síðar.<sup>2149</sup> Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að á fundi markaðsstjóra olíufélaganna þriggja þann 9. október 1995 hafi þeir rætt um beiðni SR-mjöls um afslátt af olíuviðskiptum og tekið sameiginlega ákvörðun um það hvaða afslátt félögin myndu veita SR-mjöli. Eins og fram kemur hér á eftir er þetta sami afsláttur og félögin samþykktu síðar að veita SR-mjöli, í viðskiptasamningi við félagið þann 1. október 1996. Engu breytir um lögmæti þessarar hegðunar að kaupandinn hafi beint sams konar beiðni til allra olíufélaganna.

Eins og fram kemur hér að framan var á fundi olíufélaganna þann 9. október 1995 fulltrúa Olís falið að semja drög að samstarfssamningi félaganna vegna SR-mjöls. Mál þessi voru síðan reifuð frekar í minnisblaði framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís í mars 1996 til forstjóra og fleiri stjórnenda félagsins, en það er einnig stílað til stjórnenda hjá Skeljungu og OHF. Með minnisblaðinu voru send drög að nýjum samningum. Þar segir m.a. að olíufélögin þurfi að ganga frá samningi sínum á milli um skiptingu rekstrarkostnaðar vegna tanka á Reyðarfirði, Seyðisfirði og Raufarhöfn, og yrði kostnaði væntanlega skipt í sömu hlutföllum og sölu. Jafnframt er fjallað um „ófrágengna“ afslætti og gerð tillaga um að olíufélögin skipti þeim með tilteknum hætti sínum á milli, sbr. eftirfarandi:<sup>2150</sup>

*„Á Siglufirði á SR Mjöl 2245 m<sup>3</sup> svartolíutank. SR Mjöl hefur fengið 13 aura afslátt pr lítra vegna [...]“<sup>2151</sup> og viðhalds tanksins a.m.k. frá 1985. Skipting var 1/3 pr félag til 31.1.94. Ófrágengnir eru afslættir frá 1.2.94 til 30.9.95 að upphæð 340907 + 661685 samtals 1002592 sem er eðlilegt að skiptist 40/40/20 milli félaganna.*

*Á Reyðarfirði er 640m<sup>3</sup> tankur í eigu Olís á lóð SR Mjöls. SR Mjöl hefur fengið 13 aura afslátt sem hefur verið túlkuð sem lóðarleiga. Olís greiddi að fullu til 31.1.94 enda ekki skiptisala fram að þeim degi. Ófrágengnir eru afslættir frá 1.2.94 til 30.9. kr 212949 + 164255 samtals 396238 sem er eðlilegt að skiptist 40/40/20 milli félaganna.“*

Þá segir að í væntanlegum nýjum samningi væri gert ráð fyrir afslætti sem kæmi m.a. í stað lóðarleigu undir tanka í eigu olíufélaganna, en gert sé ráð fyrir leigusamningi um tankinn á Siglufirði, enda tankurinn í eigu SR-mjöls. Félli því niður fyrrnefndur 13 aura afsláttur þar. Loks segir: „Ef engar aths berast þá mun bókhaldi Olís falið að

<sup>2149</sup> Tölvupóstur frá OHF. Frá Thomasi Möller hjá Olís til Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Thomasar Möller, dags. 17. október 1995, kl. 23:14 og frá Thomasi Möller til Bjarna Jónssonar hjá Skeljungu og Þórólfs Árnasonar hjá OHF, dags. 30. október 1995 kl. 8:42 (Hs. nr. 3166).

<sup>2150</sup> Minnisblað Thomasar Möller Olís um „SR-mjöl – samningamál“ til Einars Benediktssonar, Kristjáns B. Ólafssonar og Jóns Halldórssonar hjá Olís svo og til Friðriks Þ. Stefánssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar hjá Skeljungu og Þórólfs Árnasonar hjá OHF, dags. 19.3.1996 (Hs. nr. 4333).

<sup>2151</sup> Hér vantar orð en hugsanlega á hér að standa „leigu“.

*skipta upp ofangreindum afsláttum í hlutföllunum 40/40/20 en deilt hefur verið um þá við SR Mjöl til lækkunar án árangurs.“*

Í tölvupósti til forstjóra og fleiri stjórnenda hjá OHF þann 23. maí 1996 greindi framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá félaginu frá því að hann hafi setið nokkra fundi með fulltrúum Skeljungs og Olís vegna SR-mjöls, þar sem rætt hefði verið m.a. um samninga vegna þessara viðskipta og afslátt. Eftir að hafa greint frá þessum málum spurði markaðsstjórinn hvort hann mætti ganga frá þessu og samþykkti forstjórinn það.<sup>2152</sup>

Umræðum um viðskipti við SR-mjöl lauk síðan með gerð eftirfarandi þriggja samninga í byrjun október 1996:

1. Viðskiptasamnings milli SR-mjöls og olíufélaganna þriggja um viðskipti með svartolíu sem notuð er í verksmiðjum SR-mjöls á Siglufirði, Raufarhöfn, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Helgúvík.<sup>2153</sup>
2. Leigusamnings milli SR-mjöls og Olís vegna svartolíutanks í eigu SR-mjöls á verksmiðjulóð fyrirtækisins á Siglufirði.<sup>2154</sup>
3. Samnings milli olíufélaganna um skiptingu rekstrarkostnaðar við rekstur olíugeyma í eigu félaganna undir svartolíu fyrir SR-mjöl og leigugjalds og annars kostnaðar vegna geymis í eigu SR-mjöls á Siglufirði.<sup>2155</sup>

Í þessum samningum er engin ákvæði að finna um skiptingu sölunnar milli olíufélaganna. Viðskiptasamningurinn er undirritaður af SR-mjöli og olíufélagunum þremur, en athyglisvert er að samkvæmt orðalagi hans er hann í meginatriðum gerður við „olíufélagin“, eins og um einn samningsaðila væri að ræða. Einu ákvæði samningsins þar sem vikið er að réttindum og skyldum hvers olíufélags er þar sem kveðið er á um það hvaða olíufélag hafi umsjón með svartolíuafgreiðslu á hverjum stað. Voru ákvæðin þannig að á Siglufirði og Reyðarfirði sæi Olís um afgreiðslu, í Helgúvík og á Raufarhöfn annaðist OHF afgreiðslu og á Seyðisfirði væri hún í höndum Skeljungs. Þó segir að skipting olíuviðskipta í Helgúvík væri samkomulagsatriði milli olíufélaganna. Að öðru leyti vísar samningurinn til „olíufélaganna“ eins og um einn samningsaðila hafi verið að ræða. Þá segir að

<sup>2152</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Þórólfi Árnasyni til Geirs Magnússonar, Bjarna Bjarnasonar, Ragnars Bogasonar o.fl. um SR-mjöl, dags. 23.5.1996, kl. 10:22. Frá Geir Magnússyni til Þórólfs Árnasonar dags. 23.5.1996, kl. 16:04.

<sup>2153</sup> Samningur milli SR-mjöls hf. og Oliuverzlunar Íslands hf., Skeljungs hf. og Olíufélagsins hf. um viðskipti með svartolíu í verksmiðjum SR-mjöls á Siglufirði, Raufarhöfn, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Helgúvík, dags. 1.10.1996 (Hs. nr. 2853).

<sup>2154</sup> Leigusamningur milli SR-mjöls hf. og Oliuverzlunar Íslands hf., dags. 1.10.1996 (Hs. nr. 5219).

<sup>2155</sup> Samningur milli Oliuverzlunar Íslands hf., Skeljungs hf. og Olíufélagsins hf. um skiptingu rekstrarkostnaðar við rekstur olíugeyma sem eru notaðir undir svartolíu fyrir SR-mjöl á Reyðarfirði (640m<sup>3</sup> í eign Olís), Seyðisfirði (1000m<sup>3</sup> í eign Skeljungs), Raufarhöfn (1140m<sup>3</sup> í jafnri eign félaganna), Helgúvík (ca. 800m<sup>3</sup> í jafnri eign félaganna) og skiptingu leigugjalds og annars kostnaðar vegna tanks í eigu SR-mjöls á Siglufirði, dags. 7.10.1996 (Hs. nr. 4048).



olíufélögin sæju sjálf um uppgjör sölu og kostnaðar sín á milli og væri sú skipting SR-mjöli óviðkomandi.

Í samningnum eru jafnframt svohljóðandi ákvæði um verð á svartolíu og afslætti:

*„Verð á svartolíu skal ávallt miðað við lægsta verð miðað við afhendingu úr leiðslu á innlendum markaði, hvar sem er á landinu. Þessi verðviðmiðun skal haldast þrátt fyrir að olíufélögin kjósi að koma olíu í tanka við verksmiðjurnar með öðrum hætti.*

*Olíufélögin veita SR afslátt sem nemur 56 aurum á lítra svartolíu. Afsláttur þessi greiðist til SR ársfjórðungslega .... Greiðslukjör sem hafa verið úttektarmánuður plús 30 dagar skulu standa óbreytt. Óuppgerður afsláttur við undirskrift þessa samnings skal gerður upp miðað við næsta gjalddaga afsláttar þar á eftir.*

*Afslátturinn er miðaður við verð á svartolíu þann 1. október 1995 kr 11,22 per lítra frá leiðslu, þ.e. með hliðsjón af verðlagi og álagningu á þeim tíma. Lækki eða hækki svartolía um meira en 10% skal hann endurskoðast.“*

Samkvæmt þessu er ljóst að við gerð þessa samnings hafa olíufélögin haft samstarf um ákvörðun verðs og afsláttar til SR-mjöls. Engu breytir um lögmæti þessarar aðgerðar olíufélaganna að hún hafi verið gerð með vitund og vilja viðskiptavinarins. Leynd er ekki skilyrði fyrir broti á 10. gr. samkeppnislaga. Þá eru þessi ákvæði með þeim hætti að fjallað var um olíufélögin þrjú sem einn aðila, „olíufélögin“, og virðist ljóst að samningsaðilar hafa gengið út frá því að verð olíufélaganna á svartolíu yrði á hverjum tíma ávallt hið sama. Undirliggjandi ástæða þessa er það almenna samstarf sem olíufélögin höfðu með sér í verðlagsmálum eldsneytis, sbr. kafla VI. Er þessi samningur olíufélaganna enn frekari staðfesting á því samstarfi.

Í samningnum er ennfremur tilgreint hvaða aðstöðu SR-mjöl legði olíufélögunum til og hvernig skyldi fara með kostnað vegna viðhalds á eignum og tækjum sem notuð yrðu sameiginlega af SR-mjöli og olíufélögunum. Í samningnum er svohljóðandi ákvæði um báta sem leggja upp afla hjá SR-mjöli:

*„Olíufélögunum er heimilt að senda reikninga vegna viðskipta við báta sem leggja upp afla hjá SR beint til skrifstofu SR, svo framarlega sem inneign er til staðar eða væntanleg þegar þeim er framvísað hjá SR, enda samþykki hlutaðeigandi skuldajöfnun með þessum hætti. Fyrir þessa umsýslu kemur ekkert endurgjald.“*

Loks er í samningnum eftirfarandi ákvæði um gildistöku og uppsagnarfrest:

*„Samningur þessi telst hafa tekið gildi 1. október 1995 varðandi viðskipti á Siglufirði, Rauфарhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði og er uppsegjanlegur með 6 mánaðar fyrirvara m.v. áramót. Varðandi viðskipti vegna verksmiðju SR í Helguvík tekur samningur gildi á undirskriftardegi og er óuppsegjanlegur til 1. október 2006 og eftir það uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara m.v. áramót. Samningur þessi er jafnframt algjört trúnaðarmál.“*

Á fundi hjá Samkeppnisstofnun í maí 2002 staðfesti forstjóri OHF að samningur þessi væri ennþá í gildi.<sup>2156</sup>

Loks gerðu olúfélögin þrjú samning sín á milli þann 7. október 1996 um skiptingu rekstrarkostnaðar við rekstur oliugeyma sem eru notaðir undir svartolíu fyrir SR-mjöl á Reyðarfirði, Seyðisfirði, Rauфарhöfn, Helguvík og skiptingu leigukostnaðar og annars rekstrarkostnaðar vegna tanks í eigu SR-mjöls á Siglufirði. Samkvæmt samningnum er kostnaði skipt í hlutföllunum Olís 40%, Skeljungur 40% og OHF 20%, þ.e. sama hlutfallsskipting og olúfélögin höfðu á árinu 1994 samið um varðandi sölu. Gildistími samningsins er ótakmarkaður, en hann er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara miðað við áramót. Ekki hefur verið sýnt fram á annað en að þessi samningur sé enn í gildi.

Aðstoðarforstjóri Skeljungs undirritaði samningana um viðskipti og kostnaðarskiptingu fyrir hönd félagsins. Daginn eftir undirritun skrifaði hann minnisblað til forstjóra félagsins um samningana vegna SR-mjöls.<sup>2157</sup> Er þar að finna almenna lýsingu á samningunum og sérstakar athugasemdir framkvæmdastjórans. Kemur þar ýmislegt athyglisvert fram. Í fyrsta lagi er samningur olúfélaganna um skiptingu kostnaðar sagður vera samningur olúfélaganna um skiptingu „*sölu og kostnaðar*“. Í annan stað segir í almennri lýsingu á viðskiptasamningnum m.a. að verð væri samkvæmt verðlista olúfélaganna, þ.e. lægsta leiðsluverð hjá hverju félagi, ef um mismunandi verð yrði að ræða, og skuli veittur 0,56 kr. afsláttur á hvern lítra. Í athugasemd segir síðan: „*Á meðan félögin standa sameiginlega að innflutningi verður vart um breytilegt verð að ræða á milli félaga*“. Þá segir að á síðustu mánuðum hafi tekist að bæta framlegðina lítils háttar „*og almennur skilningur virðist vera á því að gera þarf enn betur. Sú staðreynd að bæði Esso/Olís eru farin að selja „flotadiesel“ gerir þetta auðveldara, en lágt svartolíuverð var svar Esso/Olís við SD olíunni. Það er óeðlilegt að ekki sé svigrúm fyrir 0,56 kr/l afslátt til félags, sem er lang stærsti kaupandinn af svartolíu.*“

<sup>2156</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

<sup>2157</sup> Minnisblað Gunnars Karls Guðmundssonar til Kristins Björnssonar um samninga við SR-mjöl, dags. 8. október 1996 (Hs. nr. 7632).

Í þessu samhengi má vísa til þess að Samkeppnisstofnun hefur bent forstjóra OHF á að ákvæði um verð og afslætti í samningi olíufélaganna við SR-mjöl væru með þeim hætti að ástæða væri til að spyrja hvort verðið væri ákveðið sameiginlega af olíufélagunum. Í svari sínu vísaði forstjóri OHF til þess að olíufélögin þrjú stæðu sameiginlega að innkaupum á svartolíu, kostnaðarmyndun þeirra í innflutningi væri hin sama, auk þess sem OHF og Olís væru með sameiginlega dreifingu. Teldi forstjórinn því „*ekki raunhæft að félögin gætu haft mismunandi verð á þessu eldsneyti. GM vísaði einnig til þess að svartolía væri ekki eini orkugjafinn hjá SR-mjöli, þar sem félagið gæti einnig valið um að nota rafmagn og lýsi sem orkugjafa*“.<sup>2158</sup>

Um leigusamninginn segir m.a. í minnisblaði framkvæmdastjórans hjá Skeljungu að hann sé „*milli SR-mjöls og Olís fyrir hönd olíufélaganna*“. Í samningnum er þó hvergi um þetta getið.

Um kostnaðarskiptingu samningsins segir m.a. í minnisblaði framkvæmdastjórans hjá Skeljungu: „*Samningurinn á milli olíufélaganna gerir ráð fyrir 40%, 40%, 20% skiptingu þar sem Esso fær fimmtunginn. Kostnaður vegna reksturs geymanna, svo og leigugjalds skiptast í sömu hlutföllum. Ákveðin er þóknun til eigenda geyma, kr. 1.000 pr. m<sup>3</sup> á ári.*“ Minnt er á að höfundur minnisblaðsins gerði þessa samninga fyrir hönd Skeljungs. Verður minnisblaðið ekki skilið öðruvísi en svo að olíufélögin hafi samið sín á milli um skiptingu á sölu, enda þótt hvergi sé á það minnst í þeim samningum sem minnisblaðið lýsir. Forstjóri OHF hefur sagt að samningurinn frá október 1996 feli það í sér að sölu til SR-mjöls á svartolíu væri skipt í fyrirfram ákveðnum hlutföllum milli olíufélaganna.<sup>2159</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir eftirfarandi um þessa samninga frá 1996: „*Það álitaefni sem helst virðist vera uppi um þetta atriði er hvort það geti talist brot á 10. gr. að fyrirtæki starfi saman ef samstarfið fer fram með vitund, vilja og jafnvel að frumkvæði þess aðila sem Samkeppnisstofnun telur samstarfið beinast gegn. Hafa verður í huga að SR-Mjöl sóttist sjálf eftir að samstarfið yrði með þeim hætti sem raunin varð. Verndarhagsmunir 10. gr. í þessu tilviki voru einvörðungu SR-Mjöls. Má því segja að SR-Mjöl hafi a.m.k. samþykkt að olíufélögin hefðu með sér samstarf í viðskiptum við fyrirtækið.*

Í refsirétti veldur samþykki brotþola því að verknaður sem ella hefði verið refsincæmur verður refsilaus. Umbj. okkar telur að svipuð sjónarmið eigi við varðandi meint brot sín gegn samkeppnislögum sbr. umfjöllun hér að framan um að sjónarmið

<sup>2158</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

<sup>2159</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

*refsiréttar eigi við í málinu. Í því tilviki sem hér um ræðir er skilyrðum samþykkis fullnægt hvað SR-Mjöl varðar. Hlýtur því niðurstaðan að vera sú að umbj. okkar braut ekki gegn samkeppnislögum, jafnvel þó svo talið verði að samningur olíufélaganna og SR-Mjöls verði talin falla undir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.“* Telur OHF að komi til ákvörðunar viðurlaga vegna þessa eigi að horfa til þess að þetta samstarf hafi átt sér stað með vitund og vilja SR-mjöls.

Samkeppnisráð bendir hér á að ekki er skilyrði samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga að brot séu framin í leynd eða í óþökk viðskiptavina þeirra fyrirtækja sem taka þátt í ólögsmætu samráði. Eins og rökstutt var í kafla III gilda ákvæði refsiréttarins ekki um mál fyrir samkeppnisyfirvöldum. Það er of þröng túlkun að halda því fram að þetta samráð varði aðeins hagsmuni SR-mjöls. Í þessu samráði felst að fyrirtæki með 100% hlutdeild í sölu svartolíu hér á landi hafa í a.m.k. 6 ár ákveðið verð og skipt með sér sölu til eins stærsta einstaka kaupandans hér á landi. Er þetta augljóslega til þess fallið að hafa alvarlega röskun á samkeppni í för með sér, bæði í sölu svartolíu og öðru eldsneyti. Telur samkeppnisráð því að afstaða SR-mjöls hafi ekki þýðingu í málinu.

### 6.3. Samningur Olís og Skeljungs vegna olíuviðskipta við nótaveiðiskipið Svein Benediktsson og samstarf félaganna um að verjast kröfu um afslátt

Snemma á árinu 1999 keypti SR-mjöl sitt fyrsta skip frá Noregi, nótaveiðiskip sem hlaut nafnið Sveinn Benediktsson SU-77, og var Reyðarfjörður heimahöfn þess. Virðist sem SR-mjöl hafi ákveðið að olíuviðskipti vegna skipsins yrðu bæði við Olís og Skeljung. Þannig kemur fram í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungu til SR-mjöls þann 14. apríl 1999 mikil óánægja með að SR-mjöl vilji að eldsneytisviðskiptum vegna skipsins verði skipt. Leggur framkvæmdastjórinn til að SR-mjöl fallist á að Skeljungur haldi viðskiptum við skipið, m.a. þar sem það sé í smurolíuviðskiptum við Skeljung, en að Olís fái síðan viðskipti við næsta skip sem SR-mjöl eignist. Þá segir framkvæmdastjórinn m.a.:

*„Fari svo að tillaga ykkar til lausnar leiði til skiptingar viðskiptanna óska ég eindregið eftir því í ljósi samtala okkar að tillagan feli það einnig í sér að smurolíuviðskipti og aðrar rekstrarvörur verði hjá Skeljungu, sem og umsjón með viðskiptunum, en Skeljungur geri upp eldsneytissöluna við Olís í “umsömdum” hlutföllum, þannig að ekki verði um það að ræða að afgreitt verði til skiptis á skipið eða annað snúið fyrirkomulag ráði.“<sup>2160</sup>*

Hvað sem leið viðbrögðum Skeljungs virðist ljóst að SR-mjöl hafi gert sameiginlegan viðskiptasamning við Skeljung og Olís um olíukaup vegna skipsins. Á árunum 1999–2000 hallaði verulega undan fæti í rekstri SR-mjöls vegna lækkandi afurðaverðs o.fl. Þann 10. janúar 2000 sendi SR-mjöl símbref til Olís um riftun samnings um

<sup>2160</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til Hlyns Jónssonar Arndal hjá SR-mjöli, cc: Kristinn Björnsson, dags. 14.4.1999 kl. 03.26.

olíuviðskipti Sveins Benediktssonar og segir þar í upphafi: „*Á fundi með fulltrúum Skeljungs var þeim tjáð að brostnar forsendur eru fyrir áframhaldandi samningi um kaup á gasolíu fyrir Svein Benediktsson. Ákvæði samnings kveða á um möguleika á uppsögn um áramót og taki hún gildi 6 mánuðum síðar.*“ Kemur síðan fram að vegna rekstrarerfiðleika og hækkandi gasolíuverðs ætti SR-mjöl litla möguleika á að standa við gildandi samning. Myndi SR-mjöl strax hafa samband við Olís og Skeljung og reyna að ná saman um nýjan samning.<sup>2161</sup>

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu sendi samdægurs tölvupóst til starfsbróður síns hjá Olís undir fyrirsögninni „*Sveinn Ben.*“. Þar segir framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu að hann hefði beðið starfsmenn í bókhaldi hjá sér að taka saman hlut Olís í sölunni til Sveins Ben./SR-mjöls vegna uppgjörs. Skipið hefði tekið út olíu á Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði og Höfn. Spyr hann síðan hvað Olís væri vant að greiða ODR í afgreiðslugjöld pr. lítra á þessum stöðum.<sup>2162</sup> Framkvæmdastjórinn hjá Olís svarar tveimur dögum síðar og segist vona að Skeljungur fari „*að koma með*“ þessa sölu, þar sem menn hjá Olís væru að fara að loka árinu (þ.e. tekjur á árinu 1999) og vildu að sjálfsögðu færa þessa sölu undir árið. Hann kvaðst hins vegar ekki sjá hvað ODR kæmi þessu máli við, þar sem Skeljungur hefði séð um afgreiðslu og kostnaður Skeljungs hlyti að liggja til grundvallar. Síðan segir framkvæmdastjórinn hjá Olís: „*Talaði við Hlyn*<sup>2163</sup> *vegna uppsagnar og svaraði honum á sömu leið og þú. Munum skoða þetta saman á næstu dögum. Fékk það staðfest að þeir hafa hlerað einhver kjör hjá Esso vegna annarra viðskipta sem hann fullyrti að væru minni en þeirra við okkur. Ég benti honum á að í bransanum væri magn og verð í samhengi (ljóst að þannig er það ekki í kaupfélaginu) og að við hefðum í raun gengið að hans hugmynd að verði á sínum tíma, 0,80 kr/ltr !! Hann varð nú þínu vandræðalegur. Tölum saman eftir helgi.*“<sup>2164</sup>

Í gögnum málsins er að finna ódagsettan tölvupóst frá Olís frá framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda til forstjóra félagsins um SR. Líklega tengist hann tilraunum SR-mjöls til þess að ná fram hagstæðari kjörum á eldsneytiskaupum vegna skipsins Sveinn Benediktsson. Í tölvupóstinum segir svo:

*„Hlynur hringdi í mig og sagði að þeir hefðu sest niður eftir fundinn og skoðað tilboðið frá Shell. Hann segir að það hafi verið hærra en svartolíuafslátturinn. Hann segir að þeir muni koma fram með tillögu sem báðum stendur til boða að ganga að og sá sem ekki vill það tapar þá öllu.*

<sup>2161</sup> Símbref SR-mjöls til Olís um riftun samninga um olíuviðskipti, dags. 10. janúar 2000 (Hs. nr. 4333).

<sup>2162</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Friðriki Stefánssyni til Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 10.1.2000, kl. 9:26.

<sup>2163</sup> Hlynur Jónsson Arndal fjármálastjóri SR-mjöls hf.

<sup>2164</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Jóni Halldórssyni hjá Olís til Friðriks Stefánssonar, dags. 12.1.2000, kl. 10:00.

*Þetta er nú nokkuð í anda við það sem þeir sögðu og við kannski létum í hendurnar á þeim að þeir gætu komið með tillögu.*

*Ef okkur list ekki á töluna þegar hún kemur verðum við hugsanlega að stilla okkur saman við Shell með þetta. Metum það betur þegar við sjáum töluna.*<sup>2165</sup>

Af þessum samskiptum Skeljungs og Olís má ráða að félögin hafi haft samráð um samstillt viðbrögð sín vegna uppsagnar SR-mjöls. Einnig er ljóst að félögin hafi haft með sér skiptisölu (markaðsskiptingu) um viðskipti vegna umrædds skips, þannig að Skeljungur hefði umsjón með afgreiðslu á olíu og uppgjöri við kaupanda, eins og félagið hafði raunar eindregið óskað eftir við kaupanda, og skipti síðan sölunni með Olís.

Ákvörðun SR-mjöls í janúar 2000 um að segja upp viðskiptasamningi vegna Sveins Benediktssonar virðist ekki hafa borið tilætlaðan árangur. Þann 4. júlí 2000 sendi SR-mjöl tölvupóst til Skeljungs um sömu viðskipti. Er þar beðið um endurskoðaðan afslátt fyrir dagslok daginn eftir, og segir síðan: „Því miður höfum við lítið heyrt frá ykkur varðandi þetta mál. Við erum með boð frá öðrum í höndunum en munum láta ykkur njóta viðskiptanna ef ykkur tekst að mæta því á morgun. Við þurfum að ljúka málinu áður en Sveinn landar á Seyðisfirði.”<sup>2166</sup>

Því má skjóta hér inn í að í byrjun apríl 2000 kom í fyrsta sinn til hafnar á Íslandi tog- og nótaveiðiskipið Ásgrímur Halldórsson SF-250, sem útgerðarfélagið Þingey ehf. keypti skömmu áður frá Skotlandi, en félagið er í eigu Skinneyjar-Þinganes hf. á Höfn í Hornafirði og SR-mjöls hf.<sup>2167</sup> Skinney-Þinganes var í viðskiptum hjá OHF og var nýja skipið því tekið í viðskipti þar. SR-mjöl hefur þannig fengið upplýsingar um þau kjör sem OHF byði í viðskiptum sem væru sambærileg við viðskipti vegna skipsins Sveins Benediktssonar. Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda hjá OHF um þetta mál, og staðfesti hann að OHF hefði valdið Skeljungi og Olís vissum vanda í þessu sambandi, þar sem viðskiptakjör þessara skipa hefðu verið borin saman og hefði komið í ljós að sá afsláttur sem OHF bauð vegna Ásgríms Halldórssonar var hærri en það sem Skeljungur og Olís buðu vegna Sveins Benediktssonar.<sup>2168</sup>

---

<sup>2165</sup> Tölvupóstur frá Olís. Frá Jóni Halldórssyni til Einars Benediktssonar, ódags (Hs. nr. 4333).

<sup>2166</sup> Tölvupóstur frá Olís. Frá Hlyni Jónssyni Arndal hjá SR-mjöli til Friðriks Stefánssonar hjá Skeljungi, efni: olíuviðskipti Sveins Benediktssonar, dags. 4.7.2000, kl. 04:02 (Hs. nr. 4333).

<sup>2167</sup> Morgunblaðið 1. mars, 21. mars og 4. apríl 2000.

<sup>2168</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 7.5.2002.

Þessu frumkvæði SR-mjöls var á ný mætt með því að Skeljungur og Olís höfðu samráð um viðbrögð sín, en þann 5. júlí 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda tölvupóst til framkvæmdastjóra hjá Olís, þar sem segir:

*„Ég hafði samband við Hlyn Arndal í gær og aftur í morgun og fór með honum yfir eftirfarandi efnisatriði:*

- 1. Þríhliða samningur SR, Skeljungs og Olís um viðskipti Sveins Ben. er einvörðungu uppsegjanlegur með 6 mánn. fyrirv. m.v. áramót og því í fullu gildi. Einhliða riftunarbréf SR þann 10. jan. sl. hefur engin réttarleg áhrif og ég tjáði HA að við myndum ekki sætta okkur við að láta bjóða samningsbundin viðskipti niður og að þau yrðu færð annað.*
- 2. Jón Halld. er í frii til 19.7. og ég krafðist þess að HA hreyfði ekki við málinu fyrr en ég og JH hefðum farið yfir það með honum, enda væri sólarhringsfrestur, m.t.t. liðar 1 að framan, algerlega út úr kortinu.*
- 3. Ég sagði HA einnig að þar sem ég vissi að Esso hefur boðið miklu hærri afslætti á Ásgrím Halldórsson en við á Svein Ben. væri kunnur vilji SR til að endurskoða gildandi samning og það værum við tilbúnir að ræða, undir eðlilegum formerkjum en ekki þvingunaraðgerðum að þessu tagi.*

*Slæm rekstrarafkoma SR virðist leiða til þess að þeir telji gerða og gildandi samninga ómerka þegar þeim hentar. HA samþykkti að hreyfa málinu ekki fyrr en við JH hefðum samband við hann eftir 19.7. nk., en þakka ber Esso að gera verðtilboð í samningsbundin viðskipti. Það er eitt af þeim princippum sem Skeljungur telur út frá eðlilegu viðskiptasiðferði að eigi ekki að brjóta. Eru menn ekki sammála því? “<sup>2169</sup>*

Þá er að finna í gögnum málsins handskrifað minnisblað dags. 28. júlí 2000 um fund framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís og framkvæmdastjóra hjá Skeljungi með fjármálastjóra SR-mjöls, en minnisblaðið fannst hjá Olís og er framkvæmdastjórinn þar mögulega höfundur þess. Þar segir:

*„Rætt um svartolíumál. Fram kom að SR hefur gengið mjög illa sem af er ári [...] þeir reyna að pressa allt niður [...] Hlynur segir að komið hafi til umræðu að fara í:*

- útboð?*
- SR taki ábyrgð á innflutningi svartolíu?*
- annað?*

*JH/FS fóru yfir málið frá hendi Olís og Shell og sögðu að nær væri fyrir þá að setjast niður með Olíufélögunum og sjá hvort þeir væru að nálgast málið*

---

<sup>2169</sup>Tölvupóstur frá Olís um olíuviðskipti Sveins Benediktssonar. Frá Friðrik Stefánssyni hjá Skeljungi til Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar hjá Olís, cc: Einar Benediktsson forstjóri Olís og Kristinn Björnsson forstjóri Skeljungs, dags. 5.7.2000 kl. 11:37 (Hs. nr. 4333).

á réttum forsendum. HA segir að 8000 kr/tonn munur sé á listaverði og á verði Rotterdam. JH/FS bentu á að eftir er að taka tillit til flutnings, fjármagnskostnaðar og birgðahalds, dreifingarkostnaðar þ.m.t. verðjöfnunargjalds og álag. olíufélaganna. Einnig að þeir væru sennilega sá viðskiptavinur olíufél. sem er hvað dýrastur með allan þann búnað sem fylgir þeim, lögðum til að aðilar settust niður og fari yfir málið saman. HA samþykkti það. [...]

Sveinn Ben !!

HA segir að hann viti um betri kjör og kom það fram að það væri Ásgrímur Halldórs. Esso. HA vildi ekki gefa upp kjörin og vildi fá tölu frá JH/FS. – Við næstum því og sögðum (sic) að hreinskilni yrði að vera í þessu máli. Endaði með því að Hlynur kom fram með tölu 1,50 kr/ltr. án vsk sem hann sagði að [væri] undir þeim afslætti sem Ásgrímur væri með. JH/FS mjög vantrúaðir á töluna en eftir mikið þref var ákveðið að enda þetta í 1,50 kr/ltr. og væri afturvirktil til 1. apríl 2000 þegar fyrsta lækkun Ásgríms H. átti sér stað.

FS sér um nýjan samning og sér um að endurgreiða afslátt til SR og skulda á Olís.<sup>2170</sup>

Samkvæmt þessu er ljóst að Skeljungur og Olís höfðu samstarf og tóku sameiginlega ákvörðun um afslátt til SR-mjöls vegna sölu olíuvara fyrir skipið Svein Benediktsson.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félaginu sé ókunnugt um þessi atvik og því óviðkomandi. Meint náði samstarf Skeljungs og Olís sé því ekki á ábyrgð OHF og ekki hluti af einhverju heildarsamráði sem OHF sé sagt vera aðili að.

Samkeppnisráð vísar hér til þess að forstjóri og framkvæmdastjóri OHF hafa upplýst Samkeppnisstofnun um að „Olís og Skeljungur hafi samið um viðskipti við Svein Benediktsson.“ Jafnframt hefur félagið upplýst að það hafi vitað að tilboð OHF vegna skipsins Ásgríms Halldórssonar hafi valdið Olís og Skeljungi vanda vegna sölu á eldsneyti til Sveins Benediktssonar, sbr. fundargerð Samkeppnisstofnunar frá 7. maí 2002. Jafnframt er í tölvupósti Skeljungs til Olís, dags. 5. júlí 2000, ítrekað vísað til OHF í tengslum við þetta mál. Þegar þetta er virt og horft er til samráðs félaganna þriggja varðandi SR-mjöl telur samkeppnisráð að OHF hafi a.m.k. mátt vera ljóst að Olís og Skeljungur myndu grípa til sömu aðgerða vegna sölu til þessa skips SR-mjöls og félögin þrjú gerðu vegna SR-mjöls sjálfs. Voru þessar aðgerðir því liður í samfelldu samráði olíufélaganna.

---

<sup>2170</sup> Handskrifað minnisblað um fund hjá SR-mjöli. Viðstaddir Hlynur Jónsson Arndal, Jón Halldórsson og Friðrik Stefánsson, dags. 28.7.2000 (Hs. nr. 4333).



#### 6.4. Samstarf olíufélaganna um viðbrögð við beiðni SR-mjöls um endurskoðun viðskiptakjara á árunum 2000–2001

Eins og fyrr sagði voru miklir rekstrarerfiðleikar hjá SR-mjöli á árunum 1999–2000. Leiddu þeir m.a. til þess að félagið lokaði verksmiðjum sínum á Raufarhöfn og Reyðarfirði á árinu 1999.<sup>2171</sup> Leituðu forsvarsmenn félagsins m.a. margoft til olíufélaganna með beiðni um bætt viðskiptakjör við kaup á olíuvörum. Um þennan vanda SR-mjöls er fjallað í tölvupósti innan Skeljungs í mars 2000.<sup>2172</sup> Þannig segir svo í tölvupósti sem framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda sendi forstjóra félagsins og fleiri starfsmönnum þann 18. mars 2000:

*„Það er ljóst af afkomutölum SR að þeir eru algerlega desperat að létta á rekstrinum og hafa því brennt lýsi etc., rift samningum um viðskiptakjör (!) og krafist frekari afsláttu. Eitt útspil Þórðar<sup>2173</sup> um daginn var að tjá mér að SR ætlaði að fá öll skip sem færu á kolmunna í eina púllíu og láta bjóða út heildarviðskiptin !! Ég geri ráð fyrir að honum hafi þótt lakara að uppgötva að þessi skip eru öll samningsbundin olíufélögunum og jafnvel flest vön því að virða gerða samninga – þótt SR mönnum finnist þeir búa við Force Majeure ástand sem réttlæti hvaða úrræði sem er af þeirra hálfu. Í gær tjáði Þórður mér að nú hygðist SR mjöl flytja inn lélegt afgangslýsi frá Noregi og setja upp á tanka sína á Seyðisfirði til að brenna á komandi kolmunnavertíð. Kostnaðarverð á lýsinu væru um 14.000 kr. tonnið komið upp á tank á Seyðisf. Svartolían til SR kostar kr. 18153 – afsl. ca 1000 = ca. 17.153.*

*Þórður sagði að vegna þess “að við ættum goodwill inni hjá SR” (væntanlega man hann ekki eftir gildandi viðskiptasamningi við félögin) þá vildi hann fyrst leyfa okkur að glíma við þetta og hann vildi vita hvort við hefðum áhuga og getu til að bregðast við þessari samkeppni, áður en þeir pöntuðu fyrsta farm. Þeir geta notað lýsisgeyma sína til að dæla upp á.*

*Það er ljóst að staða þeirra er þannig að þeir munu reyna allt. Ef við miðum við að orkugildi lýsis sé um 7% minna en svartolíu, þýðir það að kostnaðarverð lýsisins verður um 15.000 til brennslu, sem myndi þýða um 3.150 kr. í afslátt frá svartolíutonn ef þessu ætti að mæta.*

*Það er etv. einhver millivegur þarna til að spara þeim ómakið við innflutning etc. en öll olíufélögin þurfa að koma að þessari ákvörðun.*

*Ef við skoðum sölutölur okkar fyrir febrúar, þar sem verksmiðjurnar voru keyrðar allan sólarhringinn, kemur í ljós að magnlega seljum við 26% minni svartolíu en 1999 (3.191 tonn á móti 4.319 tonnum sl. ár) vegna*

<sup>2171</sup> Morgunblaðið 12. mars 1999.

<sup>2172</sup> Um þessi atriði er að hluta til einnig fjallað í kafla VI 5.2.

<sup>2173</sup> Þórður Jónsson forstjóri SR-mjöls.

*brennslu verksmiðjanna á lýsi, meðan framlegð af svartolíusölu í febrúar er aðeins 4,2% lægri brúttó en 1999 (kr. 24.127 þús. á móti 25.1919 þús. 1999). Það er því ljóst að við höfum borð fyrir báru enda framlegðarstigið í nýjum hæðum og mín skoðun er sú að betra sé að selja svartolíuna þótt framlegðarstigið þurfi (tímabundið) að lækka í átt að því sem var í fyrra frekar en að horfa á þá brenna lýsi alla kolmunnavertíðina fram í nóvember. Hvernig maður svo svarar fyrir að geta lækkað svartolíuna (tímabundið) verður svo að koma í ljós en varla með öðrum rökum en þeim að við séum að seilast í vasa okkar og skerða framlegðina þeim til hagsbóta, meðan afurðaverð fyrir lýsi er svona lágt.*<sup>2174</sup>

Forstjóri Skeljungs svaraði þessu með stuttri athugasemd og segir m.a. að gildi yfirlýsinga SR-mjöls sé „aðhláturslegt“. Í lokin segir hann: „Sjálfsagt er að koma til móts við SR menn og freista þess að bjarga þeim frá háðung og aðhlátri“.<sup>2175</sup> Framkvæmdastjórinn svaraði og segir að svo hallærislegt sem þetta kunni að hljóma virðist SR-mjöls mönnum vera fúlasta alvara með það að fara að flytja inn lýsi til brennslu á lýsi. Í lokin segir hann: „Ég hitti fulltrúa hinna félaganna í fyrramálið til að undirbúa OWI ferðina á þriðjudag og þá hlýði ég þeim yfir málið“.<sup>2176</sup>

Áfram var síðan fjallað um þetta mál hjá Skeljungu, sbr. eftirfarandi ummæli í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda til forstjóra og fleiri starfsmanna félagsins:

*„Það er ljóst að SR ætlar ekki að láta neins ófreistað í baráttu við rekstrarkostnaðinn og fá 2000 tonn af lýsi inn á seyðisfj. í maí. Tekur þá væntanlega 40–50 daga að brenna því. Ég hef beðið Olís og Esso að gefa mér comment e.h. í dag varðandi það hversu langt til móts þeir eru reiðubúnir að koma til móts við SR í tímabundið lækkuðu verði. Hvert er framlegðarstigið okkar í svartolíunni núna?“*<sup>2177</sup>

Forstöðumaður innkaupadeildar Skeljungs upplýsti að framlegð í janúar–febrúar 2000 hafi verið 8,0 kr./ltr. samanborið við 4,9 kr./ltr. á sama tíma árið áður, en að sala hafi verið svipuð bæði árin. Í svari hans segir síðan:

---

<sup>2174</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu um SR-mjöl. Frá Friðriki Stefánssyni til Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar, Reynis A. Guðlaugssonar, Þorsteins Péturssonar og Lúðvíks Björgvinssonar, dags. 18.3.2000, kl. 15:29.

<sup>2175</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu um SR-mjöl. Frá Kristni Björnssyni til Friðriks Stefánssonar o.fl., dags. 19.3.2000, kl. 12:18.

<sup>2176</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu um SR-mjöl. Frá Friðriki Stefánssyni til Kristins Björnssonar, Gunnars Karls Guðmundssonar, Reynis A. Guðlaugssonar, Þorsteins Péturssonar og Lúðvíks Björgvinssonar, dags. 19.3.2000, kl. 14:23.

<sup>2177</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu um SR-mjöl. Frá Friðriki Stefánssyni til Reynis A. Guðlaugssonar, cc: Kristinn Björnsson, Gunnar Karl Guðmundsson og Lúðvík Björgvinsson, dags. 3.4.2000, kl. 09:07.

*„Það er pólitísk ákvörðun hversu langt menn vilja ganga í afsláttum en nú eru dýrar birgðir komnar í tanka og ekki víst að þessi framlegð haldist lengi. Þó er nú betra að selja eitthvað heldur en hanga í þetta háu framlegðarstigi og selja ekkert.“<sup>2178</sup>*

Ekki liggur ljóst fyrir hvort olíufélögin féllust á einhverjar breytingar á viðskiptakjörum SR-mjöls á árinu 2000.

Olíufélögin höfðu einnig samvinnu um verð til SR-mjöls á árinu 2001. Í tölvupósti SR-mjöls til Skeljungs frá 1. október 2001, var óskað eftir fundi þegar í stað um kaup SR-mjöls á svartolíu og gasolíu, en skjal þetta fannst hjá Olís. Í tölvupóstinum segir:

*„Þau kjör sem við förum fram á eru:*

**Afsláttur á gasolíu 2 kr í afslátt frá listaverði**

*Afsláttur á svartolíu kr 1 í afslátt frá listaverði, verði afturvirkir til 1. júní 2001.*

*[...]*

*Vinsamlegast sendið afrit af þessu til hinna „samstarfsaðilanna“.<sup>2179</sup>*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Skeljungu framsendi þennan tölvupóst frá SR-mjöli til Olís og OHF ásamt eftirfarandi athugasemdum:

*„Þetta barst frá SR meðan ég var úti. Ég talaði við Hlyn og vísaði hann í samning sem hann hefði komist í þar sem þessi kjör væru í gildi (Ásgr.Halld. eða Guðm.Ól.??)*

*Mín skoðun er að við eigum að verða við þessu hvað eldsneytið varðar, því þótt 2 kr. af skipagasol. sé hátt er 1 kr. af svartol. í lagi m.v. þetta magn.*

*Eftir er að gera upp afsl. júl.–sept. Þjóða að þetta gildi afturvirkir frá 1.sept.*

*Hins vegar hefur SR verið mætt í einu og öllu með endurreikninga dráttarvaxta til samningsvaxta þannig að ég tel ekki ástæðu til að eyða píuðri í það, enda vonlaust að halda utan um svona fyrirkomulag. Tel þetta einnig skoðun fjármálamanna okkar og Olís.*

*Hvað segið þið? Eigum við ekki að klára þetta?<sup>2180</sup>*

Af framangreindu má m.a. draga þá ályktun að fulltrúar olíufélaganna hafi haft samráð bæði á árinu 2000 og 2001 um það hvernig bregðast skyldi við tilmælum SR-

<sup>2178</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Reyni A. Guðlaugssyni til Friðriks Stefánssonar, cc: Kristinn Björnsson, Gunnar Karl Guðmundsson og Lúðvík Björgvinsson, dags. 3.4.2000, kl. 15:50.

<sup>2179</sup> Tölvupóstur frá Olís. Frá Hlyni Jónssyni Arndal hjá SR-mjöli til Friðriks Stefánssonar hjá Skeljungu, dags. 1.10.2001, kl. 09:36 (Hs. nr. 4333).

<sup>2180</sup> Tölvupóstur frá Olís. Frá Friðriki Stefánssyni hjá Skeljungu til Jóns Halldórssonar hjá Olís og Ragnars Bogasonar hjá OHF, dags. 9.10.2001, kl. 09:38 (Hs. nr. 4333).

mjöls um betri viðskiptakjör á olíuvörum til þess að mæta rekstrarvanda félagsins. Þá liggur fyrir að þegar SR-mjöl falaðist eftir hærri afslætti snemma á árinu 2000, var einingaframlegð við sölu á svartolíu óvenjulega há a.m.k. hjá Skeljungu. Þótt samkeppnisráði sé ókunnugt um það hvort samið hafi verið um hærri afslátt við SR-mjöl haustið 2001 eða síðar, liggur ljóst fyrir að Skeljungur gerði tillögu að sameiginlegri ákvörðun olíufélaganna þriggja um það efni.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir eftirfarandi um þessi atvik málsins: „Hér er um tvö tilvik að ræða. Annars vegar stóð SKEL í viðræðum við SR-Mjöl um hugsanlega afslætti árið 2000. Ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að umbj. okkar hafi tekið þátt í slíkum viðræðum. Eina gagnið sem tengt getur nafn umbj. okkar við þetta tilvik er tölvupóstur innan SKEL, dags. 3. apríl 2000 þar sem tiltekinn starfsmaður SKEL segist hafa beðið umbj. okkar um að gefa sér „comment“ á það hversu mikið félagið sé tilbúið að lækka verðið á svartolíu. Umbj. okkar svaraði ekki þessari beiðni og hafa ekki fundist nein gögn þess merkis að erindinu hafi verið svarað þrátt fyrir umfangsmikla gagnaöflun Samkeppnisstofnunar við rannsókn málsins. Braut umbj. okkar því ekki gegn samkeppnislögum í umræddu tilviki.

Hins vegar virðast Olís og SKEL hafa staðið í svipuðum viðræðum við SR-Mjöl árið 2001 og SKEL hafði gert árið áður. Ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að umbj. okkar hafi tekið þátt í slíkum viðræðum. Eina gagnið sem tengt getur nafn umbj. okkar við þetta tilvik er tölvupóstur frá SKEL, dags. 9. október 2001 þar sem tiltekinn starfsmaður SKEL setur fram tillögu að ákveðnu fyrirkomulagi og spyr Olís og umbj. okkar um hvað félögunum finnist. Umbj. okkar svaraði ekki þessu erindi og hafa ekki fundist nein gögn þess merkis að erindinu hafi verið svarað þrátt fyrir umfangsmikla gagnaöflun Samkeppnisstofnunar við rannsókn málsins. Braut umbj. okkar því ekki gegn samkeppnislögum í umræddu tilviki.“

Samkeppnisráð getur ekki fallist að OHF hafi ekki tekið þátt í þessu samráði vegna þessara óska SR-mjöls um afslátt. Hér ber fyrst að hafa í huga að það er innbyrðis mótsögn í málflutningi OHF. Eins og áður sagði var einnig fjallað um samráð vegna óskar SR-mjöls um afslátt á árinu 2000 í kafla VI 5.2 hér að framan. Ástæða þess er sú að samráðið varðandi SR-mjöl tengdist einnig samráði gagnvart öðrum kaupendum á svartolíu og var því þetta tilvik einnig nefnt í þeirri umfjöllun um almennt verðsamráð olíufélaganna. Í athugasemdum sínum við þau atvik málsins viðurkennir OHF að olíufélagin hafi rætt sín á milli um ósk SR-mjöls um afslátt af svartolíu. Í umfjöllun sinni hér kveðst OHF hins vegar ekki kannast við þessar sömu viðræður. Dregur þetta úr trúverðugleika málflutnings OHF.

Samkeppnisráð telur augljóst að OHF hafi komið að þessu samráði. Þannig er í tölvupósti Skeljungs frá 18. mars 2000 vísað til þess að öll olíufélagin verði að koma að ákvörðun um afslátt til SR-mjöls. Var og slík samvinna í samræmi við samninginn

frá 1996. Í tölvupósti Skeljungs frá 19. mars 2000 lýsti framkvæmdastjóri hjá Skeljungu því yfir að hann myndi hitta fulltrúa OHF og Olís daginn eftir og fara yfir þetta mál. Í tölvupósti Skeljungs frá 3. apríl 2000 kveðst sami framkvæmdastjóri hjá Skeljungu hafa beðið OHF og Olís að tjá sig um það hvað félögin væru tilbúin að veita SR-mjöli mikinn afslátt. Hér ber og að hafa í huga að í kafla VI 5.2 er greint frá tölvupósti Skeljungs frá 5. febrúar 2000 þar sem umræddur framkvæmdastjóri segir að olíufélögin hefðu ákveðið sérstakan tímabundin afslátt til SR-mjöls. Jafnframt er ljóst að Skeljungur sendi í október 2001 beiðni SR-mjöls um afslátt til OHF og Olís og bað um viðbrögð. Var það í samræmi við samráð félaganna á þessu sviði.

#### 6.5. Niðurstaða

Ljóst er samkvæmt framansögðu að olíufélögin hafa skipt með sér sölu til SR-mjöls a.m.k. frá 1. febrúar 1994. Í þessu samstarfi félaganna hefur einnig falist áframhaldandi samráð um verðlagningu á svartolíu til þessa aðila. Fara þessar aðgerðir gegn 10. gr. samkeppnislaga og eru hluti af hinu samfellda samráði olíufélaganna.

OHF hefur veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um magn og verðmæti hlutdeildar í skiptisölu á svartolíu til SR-mjöls á árunum 1993–2001, bæði sölu sem félagið hefur fengið frá hinum olíufélagunum og sölu sem OHF hefur skilað til hinna félaganna. Á grundvelli þessa og með hliðsjón af gildandi skiptihlutföllum áætla samkeppnisráð að heildarverðmæti skiptisölu til SR-mjöls á þessu tímabili hafi numið 1.967 millj. króna.

## 7. **Markaðsskipting vegna sölu til Jökuls**

### 7.1. Skiptisala olíufélaganna vegna viðskipta við Jökul og samkomulag um sérstakan afslátt

Eins og fram kemur í kafla VIII 5 hefur a.m.k. frá árinu 1975 verið í framkvæmd samkomulag milli olíufélaganna um að skipta allri sölu jafnt milli félaganna þriggja sem fer í gegnum sameiginlega birgðastöð þeirra á Raufarhöfn. Þetta fyrirkomulag hefur hins vegar iðulega valdið vandræðum og stundum nokkrum ágreiningi milli olíufélaganna í sambandi við viðskipti við stærsta kaupandann á gasolíu á staðnum, hraðfrystihúsið Jökul hf.

Ljóst er að þrátt fyrir að Skeljungur hefði umsjón með skiptisölnunni á Raufarhöfn, hafði Olís umsjón með viðskiptum við Jökul, þ.e. Olís sendi Jökli reikninga fyrir eldsneytiskaupum sínum, en gerði síðan söluna upp við hin félögin. Ekki liggur fyrir hvort útgerðarfélaginu var kunnugt um þessa skiptisölu, en hvað sem því líður virðist ljóst að félagið hafi litið svo á að það væri í viðskiptum við Olís.

Á árinu 1995 leitaði Jökull eftir því að fá keypta gasolíu á flotaolíuverði (skipagasolía) fyrir þau skip sem félagið hafði nýlega keypt, en Jökull hafði áður fengið slík kjör vegna eldra skips félagsins, Rauðanúps. Í október 1995 sendi forstöðumaður markaðssviðs hjá Skeljungu símbref til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Olís vegna athugasemda sem Olís virðist hafa gert áður, þar sem Skeljungur hafi tregðast við að verða við beiðni Jökuls um slíka þjónustu vegna nýrra skipa. Í símbrefinu segir forstöðumaðurinn hjá Skeljungu m.a.:

*„Okkur berast nú birgðaskýrslur frá Raufarhöfn þar sem fram kemur sala á gasolíu til báta. Þessi sala er ósundurliðuð og henni er skipt í þrennt í gegnum birgðir. Jafnframt berast okkur innheimtuskilagreinar frá Raufarhöfn, þar sem fram kemur sala til Núpanna til innheimtu. Við útbúum venjulega innheimtunótu á ykkur og sendum. Þetta eru fullkomlega eðlileg vinnubrögð og þér fullkunnug. Það er því alveg óþarfi að deyjja úr einhverri hissú yfir meintum handabakavinnubrögðum af okkar hálfu. Við höfum ekki forsendur til að vinna málið öðruvísi og tökum ekki ákvörðun um breytingar án þess að um það hafi verið tekin sameiginleg ákvörðun með formlegum hætti. Það var gert varðandi Rauðanúp, enda hefur það mál gengið fyrir sig með eðlilegum hætti.“<sup>2181</sup>*

Mál þetta hefur síðan verið rætt frekar milli olíufélaganna, sbr. símbref sem framkvæmdastjórinn hjá Olís sendi framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF og forstöðumanninum hjá Skeljungu í janúar 1996 varðandi verð á eldsneyti til Jökuls á Raufarhöfn, en þar segir:

*„1. Hraðfrystihúsið Jökull á Raufarhöfn hefur verið í viðskiptum við félögin á Raufarhöfn í áratugi. Shell hefur séð um afgreiðslur, útbúið reikning á OLÍS og OLÍS aftur útbúið reikning á Jökul. BJS<sup>2182</sup> og KBÓ<sup>2183</sup> voru sammála um það á fundi 10. janúar sl. að breyta þessari tilhögun frá og með janúar 1996 þannig að afgreiðsluseðlar berist strax til OLÍS. Salan verður sem fyrr 3ja punkta sala. ...*

*2. Togari Jökuls, Rauðinúpur, lenti í „lakkeringsvandamáli“ og var þá á svartolíu. Þetta var mikið vandamál og ef ég man rétt þurfti tvisvar að taka upp vélina á togaranum. Í framhaldi af því fór útgerðin fram á að fá útgerðarolíu/flotaolíu/skipaolíu en ekki gasolíu. Á Raufarhöfn eru engar slíkar birgðir þannig að málið endaði þannig að afgreidd var gasolía á lægra verði.*

<sup>2181</sup> Símbref Bjarna Snæbjörns Jónssonar hjá Skeljungu til Kristjáns B. Ólafssonar hjá Olís um Raufarhöfn og kröfu Jökuls um að fá gasolíu á flotaolíuverði fyrir þau skip sem félagið hafði nýlega keypt, dags. 13.10.1995 (Hs. nr. 5849).

<sup>2182</sup> Bjarni Snæbjörn Jónsson forstöðumaður markaðssviðs hjá Skeljungu.

<sup>2183</sup> Kristján B. Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís.

3. Í árslok 1994 kaupir Jökull bátinn Ásgeir Guðmundsson frá Hornafirði og breytir nafninu síðar í Atlanúp. Í ársbyrjun eða vorið 1995 kaupir Jökull bátinn Gústa frá Papey og breytir nafninu í Sléttanúp. Báðir þessir bátar voru í viðskiptum við OLÍS á Hornafirði þannig að fyrirgreiðsla OLÍS til Jökuls jókst til muna við þessi kaup. Jafnskjótt og fyrstu úttektir voru skuldaðar á Jökul (ath. tel dótturfélög Jökuls með Jökli) kom Jóhann, framkv.stjóri, með athugasemdir við verðið. Hann óskaði strax eftir því að sama verð væri í gangi fyrir Atlanúp, Sléttunúp og Rauðanúp. KBÓ gerði honum grein fyrir ástæðum þess en Jóhann hefur haldið áfram að kalla eftir útgerðarolíuverði.

Á fyrrnefndum fundi BSJ og KBÓ var ákveðið að leggja til við Esso/BB<sup>2184</sup> að Jökull fengi gasolíu á útgerðarolíuverði. Þess má geta að Sléttunúpur er farinn í úreldingu þannig að viðbótin er einungis Atlanúpur. Farið er fram á að Esso/BB styðji þessa tilhögun.

4. Á fyrrnefndum fundi BSJ og KBÓ var einnig ákveðið að KBÓ kæmi með tillögu um afgreiðslu ársins 1995, þ.e. tæki saman afgreitt magn og gerði tillögu að afslætti. Samþykktur afsláttur mun þá skiptast til þriðjunga sbr. 3ja punkta sala. ...<sup>2185</sup>

Ljóst er að Skeljungur taldi ekki ástæðu til að veita Jökli svo mikinn afslátt sem Olís fór fram á og virðist félagið hafa talið að OHF væri sama sinnis, sbr. eftirfarandi ummæli í tölvupósti sem forstöðumaðurinn hjá Skeljungu sendi til OHF og Olís þann 19. janúar 1996, í framhaldi af símbrefi framkvæmdastjórans hjá Olís deginum áður:

„1. Það er nokkur blæbrigðamunur á skilningi okkar KBÓ á niðurstöðu fundarins varðandi framtíðina. Ég kvaðst geta samþykkt ráðstöfun frá og með þessum áramótum, að því gefnu að Oliufélagið væri því samþykkt einnig. Eins og KBÓ leggur málið upp er að skilja að við höfum ákveðið í sameiningu að leggja að Oliufélaginu að styðja málið. Min afstaða var og er sú, að ef allir samstarfsaðilar eru sammála um þessa tilhögun, teljum við (þ.e. Skeljungur) rétt að styðja það, en tökum fram að það er ekkert sjálfsagt og bendum á að þetta er að ýmsu leyti undantekning.

2. Það var jafnframt um það rætt á fundi okkar KBÓ, að hann gerði tillögu um einhverja “dúsu” upp í Jökul vegna liðins árs. Þar með fylgdi, að það væri ekkert sjálfgefið að hann fengi einhverja afturvirka leiðréttingu. en mér fannst hægt að fallast á að sýna einhvern góðan vilja í málinu. Ég get hins vegar ekki samþykkt tillögu KBÓ um 3 kr. á líter í afslátt fyrir allt síðasta ár, finnst það

<sup>2184</sup> Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF.

<sup>2185</sup> Símbref Kristjáns B. Ólafssonar hjá Olís til Bjarna Bjarnasonar hjá OHF og Bjarna Snæbjörns Jónssonar hjá Skeljungu, dags. 18.1.1996, um verð á eldsneyti til Jökuls á Rauðarhöfnum (Hs. nr. 8203).

*raunar ekki koma til greina. Ég var að hugsa um einhverja aura, hugsanlega allt að krónu, eða eitthvað þess háttar.*<sup>2186</sup>

Forstöðumaðurinn hjá Skeljungu ítrekar síðan framangreinda afstöðu sína í tölvupósti til starfsbróður síns hjá Skeljungu. Með tölvupóstinum var framsendur framangreindur tölvupóstur til Olís og OHF með m.a. þessum athugasemdum: „Ég sendi þér fax frá KBÓ um þetta mál, sem að sönnu hefur verið í nokkru japli okkar á milli á síðasta ári. Jafnframt neðangreint meil sem eru viðbrögð við faxi hans. Eins og stundum leggur KBÓ sinn skilning í málin en er nú ekki alveg nákvæmur.”<sup>2187</sup>

Niðurstaða úr umræðum olíufélaganna þriggja um afslátt til Jökuls virðist hafa orðið sú að félögin hafi gert samkomulag sín á milli um að veita Jökli afslátt sem næmi 0,60 kr./ltr. á gasolíu vegna þess skips sem bættist í flota félagsins, þ.e. Atlanúps, en ekki 3 kr./ltr. eins og Olís fór fram á. Þessum afslætti var síðan skipt jafnt á milli olíufélaganna þriggja, eða eins og segir í tölvupósti framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís til tveggja starfsmanna sem önnuðust framkvæmdina: „Varðandi bókhaldspáttinn gefum við Hr. Jökli afsláttinn en rukkum Shell og Essó fyrir 1/3 og 1/3.”<sup>2188</sup> Enginn ágreiningur virðist hafa komið fram af hálfu hinna félaganna að afslætti skyldi skipt með þessum hætti.

## 7.2. Skiptisölu vegna Jökuls hætt í kjölfar sameiningar félagsins við Útgerðarfélag Akureyringa

Í maí 1999 keyptu Útgerðarfélag Akureyringa hf. (ÚA) og Burðarás hf. meirihluta hlutabréfa í Jökli hf. Rekstur Jökuls var síðan sameinaður rekstri ÚA frá og með 1. september 1999.<sup>2189</sup> Skömmu síðar taldi Olís tímabært að ganga úr skugga um að hin olíufélögin gerðu upp ógreidda hlutdeild sína í afslætti til Jökuls, sbr. tölvupóst forstjóra Olís til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda frá 1. nóvember 1999, þar sem forstjórinn óskar eftir því að OHF og Skeljungur verði rukkuð um þeirra hluta í afslætti af eldsneyti til Jökuls.<sup>2190</sup>

Í kjölfar þessa sendi Olís síðan í ársbyrjun 2000 samhljóða bréf til Skeljungs og OHF vegna afsláttar til Jökuls á Raufarhöfn, en þar segir m.a.: „Undanfarin ár hefur verið í gildi samkomulag um skiptingu á sölu á því magni sem fer í gegnum sameiginlega birgðastöð olíufélaganna á Raufarhöfn. Jökull hefur verið í viðskiptamannahópi Olís mörg undanfarin ár og því verið haldið utan um skiptingu þeirra viðskipta af hálfu

<sup>2186</sup> Tölvupóstur frá Skeljungu um Raufarhöfn. Frá Bjarna Snæbirmi Jónssyni til Bjarna Bjarnasonar hjá OHF og Kristjáns B. Ólafssonar hjá Olís, dags. 19.1.1996 kl. 8:52 (Hs. nr. 8203)

<sup>2187</sup> Tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Bjarna Snæbirmi Jónssyni til Friðriks Stefánssonar, dags. 19.1.1996 kl. 8:59 (Hs. nr. 8203).

<sup>2188</sup> Tölvupóstur frá Olís um Raufarhafnarmál. Frá Kristjáni B. Ólafssyni til Auðar Þórisdóttur og Guðbjörns Björnssonar, dags. 3.6.1996 (Hs. nr. 5849).

<sup>2189</sup> Morgunblaðið 27. maí og 14. október 1999.

<sup>2190</sup> Tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 1.11.1999 (Hs. nr. 4325).



*félagsins.* <sup>2191</sup> Er síðan sett fram krafa um að Skeljungur beri þriðjung af afslætti til Jökuls (afsláttur alls 0,60 kr./ltr.: hlutur Skeljungs 0,20 kr./ltr.), samtals 961.018 kr. vegna áranna 1998 og 1999. Er tilkynnt að þessi afsláttur verði færður á viðskiptareikning Skeljungs undir desember 1999.

Viku síðar sendi framkvæmdastjóri hjá Skeljungi tölvupóst til Olís og kveðst hafa verið að fá reikninginn vegna Jökuls og spyr síðan: „*Hvernig hefur þetta verið í fortíðinni? Er skriflegur samningur við Jökul til grundvallar. Af hverju er 1998 óuppgert. Er sala til þeirra p.a. virkilega ekki meiri en lítrasalan á reikningnum x 3, þ.e. 1999 er þá 341.217 ltr x 3 = 1.023.651 ltr.*“ <sup>2192</sup>

Framkvæmdastjórinn hjá Olís svarar samdægurs: „*Fortíðin er sú að öllu magni í gegnum birgðastöðina í Raufarhöfn hefur verið í skiptum milli félaganna. Þar til snemma árs 1999 hafi tekist að halda Jökli án afslátta en það kom að því að þeir sættu sig ekki við þá stöðu lengur og því varð að koma til móts við þá. Afslátturinn er að mínu mati mjög vægur, 0,60 kr/ltr. Hvað varðar þessar magntölur þá eru þetta tölur vegna magns á Raufarhöfn enda samkomulag um að skipta því sem fer í gegnum sameiginlega birgðastöð á staðnum. Hvað varðar 1998 þá urðum við að fara aftur á mitt ár 1998 með afsláttinn á sínum tíma en eins og fram kom í bréfinu þá þykir mér miður að það hefur gleymst að gera þetta upp.*“ <sup>2193</sup>

Framkvæmdastjórinn hjá Skeljungi svaraði sama dag og benti á að á reikningnum sem hann hafi fengið sendan hafi verið afsláttur upp á 1 kr. pr. lítra en ekki 0,60 kr. Þarna hljóti að vera um skekkju að ræða og biður hann Olís að kanna það. <sup>2194</sup>

Ljóst virðist að eftir að rekstur Jökuls var sameinaður rekstri ÚA síðla á árinu 1999, hafi komið fram krafa frá ÚA um að afsláttur vegna skipa á vegum Jökuls yrði hækkaður til samræmis við viðskiptakjör sem giltu um önnur skip ÚA, enda voru viðskiptakjör við ÚA, sem rak stóran skipaflota, meðal þess hagstæðasta sem tíðkaðist. Voru mál þessi rædd á fundi forstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviða stórnotenda hjá OHF og Olís þann 6. apríl 2000. Í gögnum málsins er að finna handskrifaða fundargerð vegna þess fundar, þar sem segir: „*Raufarhöfn- ÚA út úr skiptingu. Skip viðskiptaaðila afgr. af ODR en tekjur hvers félags fyrir sig.*

---

<sup>2191</sup> Bréf Olís (undirritað af Jóni Halldórssyni) til Skeljungs (Friðrik Stefánsson) og Olíufélagsins, dags. 10.1.2000, vegna afsláttar til Jökuls á Raufarhöfn (Hs. nr. 4325 og 1914).

<sup>2192</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Friðriki Stefánssyni til Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 17.1.2000 kl. 09:37.

<sup>2193</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Jóni Halldórssyni hjá Olís til Friðriks Stefánssonar, dags. 17.1.2000 kl. 10:04.

<sup>2194</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Friðriki Stefánssyni til Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 17.1.2000 kl. 12:04.

*Rekstrarkostnaði skipt upp eftir throughputti.*<sup>2195</sup> Samkeppnisstofnun bað fulltrúa OHF að útskýra hvað hafi verið rætt við Olís. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda benti á að ÚA hafi á árinu 1999 keypt útgerðarfélagið Jökul á Raufarhöfn. Á þeim tíma hefði ÚA verið í viðskiptum hjá OHF. Þá sagði hann að „[v]egna þess hve samningsverð OHF við ÚA var lágt, hefði ekki komið til greina að sala til Jökuls yrði hluti af skiptisölu á Raufarhöfn“.<sup>2196</sup> Í þessari bókun fælist m.ö.o. að á þessum fundi hefðu OHF og Olís samið um það að viðskipti vegna skipa í eigu Jökuls á Raufarhöfn yrðu tekin út úr skiptisölu á staðnum.

### 7.3. Niðurstaða

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir eftirfarandi um þessi atvik málsins: „*Oliufélögin höfðu með sér samvinnu um að skipta allri sölu jafnt milli félaganna sem færi í gegn um sameiginlega birgðastöð þeirra á Raufarhöfn. SKEL hafði umsjón með skiptisölnunni á Raufarhöfn með þeirri undantekningu að Olís sá um viðskiptin við útgerðarfélagið Jökul.*

*Dótt umbj. okkar viðurkenni að hafa átt samstarf við hin félögin um skiptisölu vegna viðskipta við Jökul mótmælir umbj. okkar því að hafa átt nokkra samvinnu um verðlagningu á eldsneyti sem selt var til útgerðarfélagsins. Á bls. 356–358 fjallar Samkeppnisstofnun um atvik á árinu 1995 þegar Jökull óskaði eftir auknum afslætti á olíu. Allnokkur samskipti áttu sér stað milli SKEL og Olís vegna þessa máls en umbj. okkar tók ekki þátt í slíkum umræðum og var í raun ekki kunnugt um þessar viðræður hinna félaganna.*

*Þrátt fyrir gríðarlega umfangsmikla gagnaöflun hefur Samkeppnisstofnun ekki tekist að finna neitt einasta gagn sem sýnir fram á að umbj. okkar hafi tekið þátt í umræðum um verð í þessu sambandi. Tölvupóstar hinna félaganna sem hafa að geyma hugleiðingar um hvað umbj. okkar kunni að finnast um hina og þessa ráðstöfun nægja ekki til þess að sýna fram á brot umbj. okkar gegn samkeppnislögum.*

*Staðreynd málsins er sú að skiptisala á Raufarhöfn var ekki í umsjón umbj. okkar og hafði umbj. okkar öðrum hnöppum að hneppa en að velta fyrir sér þrætum hinna félaganna um verðlagningu á þeim stað.*

*Árið 1999 var rekstur Jökuls sameinaður rekstri Útgerðarfélagi Akureyrar (ÚA). Umbj. okkar var í viðskiptum við ÚA og hafði félagið betri kjör en almennt tíðkaðist í hliðstæðum viðskiptum. Gerði ÚA þá kröfu að afsláttur vegna skipa á vegum Jökuls yrði hækkadur til samræmis við viðskiptakjör sem giltu um önnur skip ÚA.*

<sup>2195</sup> Handskrifuð fundargerð vegna fundar forstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF með forstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís, dags. 6.4.2000 (Hs. nr. 2254).

<sup>2196</sup> Fundargerð vegna fundar Samkeppnisstofnunar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 2.4.2002 og 7.5.2002.

*Umbj. okkar var í raun ekki stætt á öðru en að verða við þessari kröfu ÚA. Við þetta fluttust umrædd skip úr skiptisölu olíufélaganna og yfir í viðskipti við umbj. okkar. Vera kann að þetta mál hafi borið á góma milli einstaka starfsmanna olíufélaganna en það breytti ekki hinu óumflýjanlega; skipin fluttust yfir til umbj. okkar.*

*Af ofangreindu leiðir að samstarfi um skiptisölu vegna umræddra skipa í raun sjálfhætt árið 1999.*

*Skiptisala olíufélaganna á Raufarhöfn var alfarið í umsjón hinna olíufélaganna og leiddi umbj. okkar hugann lítið að henni. Hafði umbj. okkar t.a.m. engin afskipti af verðlagningu í viðskiptunum. Þegar ÚA tók yfir rekstur Jökuls fluttust skip fyrirtækisins yfir í viðskipti við umbj. okkar sem bauð mun betri kjör. Samstarfi olíufélaganna á þessu sviði var því hætt árið 1999.“*

Af því sem að framan segir telur samkeppnisráð ljóst að fram til ársins 2000 hafi viðskipti við Jökul, eins og önnur viðskipti á Raufarhöfn, verið í skiptisölu milli olíufélaganna þriggja, enda þótt það liti svo út fyrir kaupandanum að hann væri aðeins í viðskiptum við Olís. Vegna kröfu Jökuls um afslátt vegna skipa sem bættust í flota félagsins, ræddu olíufélögin um það hvernig bregðast skyldi við og sömdu þau síðan um það sín á milli að veita félaginu lítills háttar afslátt, sem einnig skiptist jafnt milli olíufélaganna. Eftir að Jökull var sameinaður ÚA, var samið um að skip Jökuls féllu undir viðskiptakjör ÚA í viðskiptum félagsins við OHF, sem voru mun betri en viðskiptakjör Jökuls. Jafnframt ákváðu Olís og OHF sameiginlega að skiptisölu vegna Jökuls yrði hætt. Samstarf olíufélaganna um viðskipti við Jökul fól í sér samráð um verð og markaðsskiptingu. Telur samkeppnisráð ótvírætt þegar öll framangreind gögn eru virt saman að OHF hafi verið fullur þátttakandi í þessu samráði.

Ekki liggja fyrir sérgreindar upplýsingar um magn og fjárhæðir skiptisölu vegna Jökuls, og eru þær tölur innifaldar í tölum um skiptisölu á Raufarhöfn.

## **8. Markaðsskipting vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur**

Gögn málsins sýna að frá 1993 hafi verið í gildi samkomulag milli Skeljungs og OHF um að félögin skiptu með sér til helminga allri sölu á gasolíu til fyrirtækisins SBK hf., Sérleyfis- og hópferðabíla Keflavíkur, og áhaldahúss Keflavíkur (nú Reykjanesbæjar). Raunar benda gögn málsins til þess að þetta fyrirkomulag hafi tíðkast allt frá árinu 1960, og hafi það m.a. tengst starfsemi Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis. Hafði Skeljungur umsjón með sölu til áhaldahúss Keflavíkur og skilaði OHF helmingi af þeirri sölu í formi kreditnótu, en OHF annaðist sölu til SBK og

skilaði Skeljungi helmingi af þeirri sölu. Þessu til staðfestingar má sérstaklega vísa til fyrirspurnar Skeljungs til OHF vegna SBK í október 1998.<sup>2197</sup>

Á árunum 1998–9 kom til álita að breyta þessu fyrirkomulagi. Þá kom hins vegar upp misskilningur milli þeirra sem önnuðust framkvæmdina hjá OHF og Skeljungi um það hvort hætta ætti þessari söluskiptingu<sup>2198</sup>. Niðurstaðan varð sú að engin breyting varð á, og hélt skiptisalan því áfram.

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF um þetta samstarf OHF og Skeljungs. Hefur hann staðfest að skiptisala væri ennþá við lýði. Sagði forstjórinn „að hér væri um það takmarkað sölumagn að ræða að sér væri fyrirmunað að skilja hvers vegna þetta fyrirkomulag var tekið upp og því síðan haldið áfram svo lengi sem raun ber vitni. Þegar félögin hefðu einu sinni komið sér saman um slíkt fyrirkomulag, ræki það sig nokkuð sjálfkrafa og án mikilla afskipta frá stjórnendum félagsins. Kvaðst hann aldrei hafa komið nálægt þessari skiptisölu til SBK og Áhaldahússins og raunar hafa staðið í þeirri trú að henni hefði verið hætt“.<sup>2199</sup> Að mati samkeppnisráðs felst í þessum ummælum forstjóra OHF m.a. að markaðsskipting olíufélaganna í formi skiptisölu hafi einkum verið tekin upp þegar um hafi verið að ræða stóra viðskiptavini með umtalsvert sölumagn, þar sem sameiginlegir hagsmunir olíufélaganna af því að takmarka samkeppni hafi verið verulegir. Framangreint samstarf fól í sér ólögmetna markaðsskiptingu sem varað hefur frá 1993.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er sagt að þetta samstarf hafi haldið áfram nokkuð sjálfkrafa án þess að stjórnendur félagsins leiddu hugann að því sérstaklega, enda hafi verið um óveruleg viðskipti að ræða. OHF telji að hafi verið framin brot gegn samkeppnislögum í þessu sambandi hafi það verið af gáleysi og beri að líta til þess komi til ákvörðunar viðurlaga.

Samkeppnisráð getur ekki fallist á að stjórnendur OHF hafi nánast ekkert komið að þessu samráði. Framangreindir tölvupóstar sýna samskipti milli yfirmanna hjá OHF og Skeljungi út af þessari markaðsskiptingu á árinu 1998. Jafnframt sýna tölvupóstsamskipti innan OHF milli m.a. forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra þess umræður um þessa markaðsskiptingu á árunum 1998 og 1999. OHF hefur veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um hlut félagsins í skiptisölu þess og Skeljungs

---

<sup>2197</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF um SBK. Frá Ólafi Jónssyni hjá Skeljungi til Bjarna Bjarnasonar hjá OHF, dags. 23.10.1998 kl. 12:14.

<sup>2198</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur innan OHF um skiptisölu við Shell milli Helga Kristjánssonar, Kristjáns Kristinssonar, Þórólfs Árnasonar Þorsteins Þorsteinssonar og Ragnars Bogasonar, á tímabilinu 15.–19.8.1997. Tölvupóstur innan OHF um SBK milli Bjarna Bjarnasonar, Kristjáns Kristinssonar, Þorsteins Þorsteinssonar, Geirs Magnússonar og Ragnars Bogasonar á tímabilinu 23.10.1998 til 12.2.1999. Tölvupóstur innan OHF um SBK-Áhaldahúsið milli Kristjáns Kristinssonar, Þorsteins Þorsteinssonar og Geirs Magnússonar á tímabilinu 4.2.1999 til 8.2.1999.

<sup>2199</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrirverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

vegna sölu á gasolíu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur á árunum 1993–2001. Á grundvelli þessa áætlar Samkeppnisstofnun að heildarverðmæti skiptisölu vegna SBK hafi numið um 41 millj. króna á þessu tímabili og um 7,5 millj. króna vegna áhaldahúss Keflavíkur.

## 9. Markaðsskipting vegna sölu til ÍSAL

Samningar um byggingu álvers á Íslandi voru undirritaðir árið 1966. Íslenska álfélagið hf. (ÍSAL) var stofnað og framkvæmdir hófust í Straumsvík. Á fundi olíufélaganna sem haldinn var þann 8. mars 1967 var samþykkt að félögin myndu bjóða tiltekið verð í kaup ÍSAL á eldsneyti. Jafnframt var ákveðið að það félag sem fengi viðskiptin skyldi skipta sölunni jafnt með hinum félögunum. Einnig var ákveðið að Olís fengi viðskipti við tiltekið fyrirtæki sem vann að byggingu verksmiðjunnar og í því samhengi ákveðið að Olís myndi bjóða lægst vegna útboðs fyrirtækisins.<sup>2200</sup> Framleiðsla ÍSAL hófst árið 1969 og samdi fyrirtækið við Skeljung um kaup á eldsneyti. Forstjórar olíufélaganna þrjú hittust á fundi 4. september 1969 og í fundargerð er að finna eftirfarandi bókun undir liðnum „Gasolíu- og fuelolíuviðskipti við Álverksmiðjuna í Straumsvík“:

*„Svo sem ákveðið var á fundi 8. mars 1967 milli olíufélaganna var ákveðið að þau biðu í gasolíuviðskipti Álverksmiðjunnar gildandi leiðsluverð á hverjum tíma.*

*Í samræmi við þetta eru ákvæði í samningi þeim sem gerður var milli Álversmiðjunnar og Skeljungs hf. um að það verð sem ÍSAL greiði fyrir gasolíu skuli vera gildandi útsöluverð á hverjum tíma frá leiðslu, nú kr. 3.22 pr. ltr.*

*Samkomulag olíufélaganna náði einnig til þess að þessum viðskiptum skyldi skipt í þrjá hluta. Á fundinum í dag var ákveðið að Skeljungur skyldi creditera hin olíufélögin fyrir þeirra hluta af gasolíusölu til ÍSAL á leiðsluverði að frádregnum:*

- a) 40% af álagningu, v/kostnaðar við meðferð og sölu olíunnar svo sem gert er við uppgjör á ríkisviðskiptum*
- b) 5 aura akstursgjald pr. ltr.*

<sup>2200</sup> Fundargerð vegna fundar forstjóra olíufélaganna dags. 8.3.1967 (Hs. nr. 7964).

*Í samræmi við framanritað skal gera reikninga til Ólíuverzlunar Íslands h/f., og Ólíufélagsins h/f frá 1. jan. 1969.* <sup>2201</sup>

Í fundargerðinni eru einnig ummæli sem gefa til kynna að sama fyrirkomulag hafi ríkt varðandi sölu Skeljungs á fuelolíu (svartolíu) til ÍSAL.

Gögn málsins sýna með skýrum hætti að olíufélögin hafa skipt með sér sölu Skeljungs til ÍSAL frá 1969 til ágúst 2001. Í þessu fólst einnig að olíufélögin höfðu samráð um verð á því eldsneyti sem selt var ÍSAL. Verður nú gerð grein fyrir þessum gögnum.

Í yfirliti sem fannst hjá OHF um samstarf félagsins og Skeljungs, dags. 1. september 1994, segir að samstarf ætti sér stað í Straumsvík og OHF fengi „*priðjungssölu*“ <sup>2202</sup> Á fundi framkvæmdastjórnar OHF í upphafi árs 1995 var óskað eftir því að útbúið yrði yfirlit yfir skiptisölu olíufélaganna í tilefni af því að forstjóri Skeljungs hefði óskað eftir fundi um sameiginlega hagsmuni olíufélaganna. <sup>2203</sup> Á yfirlitinu kemur fram að Skeljungur væri umsjónaraðili með sölunni til ÍSAL og að heildarsala hefði verið rúmlega 5 milljónir lítra á ári sem skipst hefði jafnt á milli Skeljungs, OHF og Olís. <sup>2204</sup>

Árið 1996 ákváðu stjórnendur ÍSAL að endurnýja samning sinn vegna olíukaupa og óskuðu eftir viðræðum við Skeljung. Ljóst er að starfsmenn Skeljungs tilkynntu OHF og Olís um þessar viðræður og leituðu eftir samþykki þeirra varðandi þau kjör sem ætti að bjóða ÍSAL, sbr. eftirfarandi tölvupóst starfsmanns Skeljungs til forstjóra Olís og framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF:

*„Vísu í símtal okkar rétt áðan.*

*Á morgun föstudag, verða viðræður við ÍSAL um endurnýjun viðskiptasamnings, út árið 1996. Í núverandi viðskiptasamningi er afsláttur á svartolíu kr. 60 pr. tonn, frá gamalli tíð, sem ekkert hefur breyst í nokkur undanfarin ár.*

*Við þurfum að endurskoða þennan afslátt og líklega bæta eitthvað við grunninn til þess að þeim finnist þeir einhvers njóta með hliðsjón af magni (þeir vita að sjálfsgöðu ekki um skiptisölu).*

*Við bíumst við að þurfa að ljúka málinu með a.m.k. 200 kr. afslætti pr. tonn, jafnvel hærra (þó hámark 300 að okkar mati).*

<sup>2201</sup> Fundargerð vegna fundar forstjóra olíufélaganna, dags. 4.9.1969 (Hs. nr. 7079).

<sup>2202</sup> Minnisblað Magnúsar Ásgeirssonar OHF, dags. september 1994 (Hs. nr. 3164).

<sup>2203</sup> Fundargerð vegna framkvæmdastjórnarfundar OHF, dags. 17.1.1995 (Hs. nr. 2405).

<sup>2204</sup> Yfirlit um skiptisölastaði unnið af birgðabókhalda OHF, ódags (Hs. nr. 2405).

*Athugasemdir óskast ef ekki er fallist á þessa málsmeðferð. Fundur með ÍSAL er kl. 10 í fyrramálið.*“

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF framsendi þennan tölvupóst til forstjóra félagsins með ummælum sem gefa til kynna að OHF hafi fallist á tillögur Skeljungs.<sup>2205</sup> Þessi gögn sýna að í söluskiptingunni til ÍSAL hafi einnig falist verðsamráð olíufélaganna. Jafnframt sýna gögnin að Skeljungur hafi leynt ÍSAL þeirri staðreynd að félagið skipti sölunni með hinum olíufélögunum og hefði gert það frá upphafi viðskiptanna árið 1967. Undirritun samnings milli Skeljungs og ÍSAL fór fram 3. júní 1996.<sup>2206</sup>

Gögn málsins sýna að skiptisala olíufélaganna vegna samnings Skeljungs við ÍSAL hafi haldið áfram eftir undirritun hins nýja samnings. Í september 1996 varð Skeljungur var við það að Olís og OHF hefðu ekki borið kostnað vegna flutnings á olíu til ÍSAL. Þetta kemur fram í minnisblaði innra eftirlits Skeljungs til forstjóra félagsins:

*„Sala á eldsneyti (söluskipting) til ÍSAL hefur verið afar vel varðveitt leyndarmál, af eðlilegum ástæðum. Fyrir nokkrum árum ... fann ég þó út að svartolíusölu til ÍSAL var skipt sem þýddi að ýmsum kostnaði sem hafði fallið á Skeljung hf. við afgreiðslu, rýrnun og geymslu svartolíunnar hefur frá þeim tíma ýmist verið skipt í þrennt á félögin eða kostnaðurinn verið innheimtur hjá ÍSAL. Um hefur verið að ræða stórar upphæðir, jafnvel milljónir í heildina.*

*Í vikunni hef ég verið að vasast í málum varðandi ÍSAL og Kísilgúrverksmiðjuna og þá komist að því að gasolíusala og bensínsala til ÍSAL hefur frá upphafi verið skipt í þrennt. Mér er ókunnugt um að Olís eða Esso hafði borið nokkurn kostnað af flutningum umrædds eldsneytis, sem ávallt hefur verið flutt með bilum af Skeljungu. Þetta gildir a.m.k. um seinni tíð, en mögulega hefur eitthvað verið krafði í upphafi, sbr. samninga olíufélaganna þar að lútandi 1967–1969, sem til eru. ...“<sup>2207</sup>*

Niðurstaða minnisblaðsins var sú að Skeljungur hefði árum saman haft töluverðan kostnað af bensín- og gasolíusölu til ÍSAL og að þeim kostnaði hefði ekki verið skipt á milli olíufélaganna. Af þessu tilefni virðist nánari rannsókn hafa farið fram á þessu innan Skeljungs. Meðal annars var unnin greinargerð um framkvæmd á samningum

<sup>2205</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur Bjarna Jónssonar Skeljungu til Bjarna Bjarnasonar OHF og Einars Benediktssonar Olís, dags. 22.2.1996 kl. 17:23. Frá Bjarna Bjarnasyni til m.a. Geirs Magnússonar, dags. 23.2.1996 kl. 11:51.

<sup>2206</sup> Sbr. m.a. bréf Skeljungs til Olís og OHF, dags. 10.3.1997 (Hs. nr. 7079).

<sup>2207</sup> Minnisblað Ólafs Jónssonar í innra eftirliti Skeljungs til Kristins Björnssonar, dags. 20.9.1996 (Hs. nr. 7964).

við ÍSAL.<sup>2208</sup> Niðurstaða hennar var sú að hlutdeild Olís og OHF í sölnni til ÍSAL væri of hátt reiknuð að teknu tilliti til ýmissa þátta, t.d. var ekki reiknað með afsláttum af svartolíu, dísilolíu og bensíni sem veittir voru til ÍSAL. Greinargerðin staðfesti einnig að Skeljungur greiddi allan kostnað vegna flutninga af bensíni og dísilolíu. Í framhaldi af þessu ritaði Skeljungur bréf til Olís og OHF og krafðist þess að félögin greiddu sinn hluta af kostnaði vegna viðskiptanna við ÍSAL.<sup>2209</sup> Með bréfinu var einkum innheimtur kostnaður vegna tækjakaupa og afturvirks afsláttar sem fyrirtækið hafði gefið ÍSAL vegna ársins 1996. Á eintak Olís af bréfinu hefur starfsmaður Olís ritað þá athugasemd að staðfest væri að allri sölu á bensíni og olíu væri skipt. Mánuði síðar hóf Skeljungur undirbúning að því að krefja OHF og Olís um flutningskostnað vegna bensíns og dísilolíu til ÍSAL. Í þessum tilgangi voru gerð drög að nýju bréfi til hinna olíufélaganna og voru drögin lögð fyrir forstjóra Skeljungs til samþykkis.<sup>2210</sup> Meðal þeirra gagna sem fundust hjá Skeljungu voru handskrifaðar athugasemdir forstjóra Skeljungs við þetta bréf. Þær voru eftirfarandi:

*„Mín vegna má senda þetta svona orðað. Vegna ákvæðis í samningi um flutninga til kísilgúrverksmiðju þá bið ég þig um að sýna [ólæsilegt] ákvæðið um að Esso geri það okkur að kostnaðarlausu.*

*Hvað með samningsákvæðið um aksturinn til Ísal? “<sup>2211</sup>*

Samkeppnisráð telur að þessar athugasemdir sýni skýrlega að Skeljungur hafi talið að upphaflegir samningar olíufélaganna um skiptingu á sölu til ÍSAL frá árunum 1967 og 1969 væru enn í gildi. Þann 10. mars 1997 sendi Skeljungur endanlegt bréf til Olís og OHF og krafði félögin, með vísan til söluskiptingar, um greiðslu vegna kostnaðar Skeljungs við flutning á bensíni og gasolíu til ÍSAL.<sup>2212</sup> Rætt var um þetta bréf Skeljungs á fundi framkvæmdastjórnar Olís þann 11. mars 1997 og er eftirfarandi bókað í fundargerð:

*„Sérstök umræða fór fram vegna innheimtu Skeljungs vegna Straumsvíkur. Skoðaður verði óinnheimtur kostnaður hjá hinum olíufél. Sbr. Landh.gæsla/SR o.fl. Rætt um að breyta framkvæmd á lánum eldsneytis á milli félaga í beina útskuldun fremur en lán vegna utanumhalds og mismunandi verðs við lán og skil.“<sup>2213</sup>*

<sup>2208</sup> Greinargerð Ólafs Jónssonar í innra eftirliti Skeljungs, dags. 31.1.1997 (Hs. nr. 7964).

<sup>2209</sup> Bréf Ólafs Jónssonar Skeljungu til Einars Benediktssonar forstjóra Olís, dags. 4.2.1997 (Hs. nr. 4037) og bréf Ólafs Jónssonar Skeljungu til Bjarna Bjarnasonar OHF, dags. 4.2.1997 (Hs. nr. 7964).

<sup>2210</sup> Bréf Ólafs Jónssonar Skeljungu til Olís og OHF, dags. 4.3.1997 (Hs. nr. 7964).

<sup>2211</sup> Handskrifaðar athugasemdir forstjóra Skeljungs, dags. 6.3.1997 (Hs. nr. 7964).

<sup>2212</sup> Bréf Skeljungs til OHF, dags. 10.3.1997. Tekið er fram í bréfinu að samrit hafi verið sent Olís (Hs. nr. 7079).

<sup>2213</sup> Fundargerð vegna framkvæmdastjórnarfundar Olís, dags. 11.3.1997 (Hs. nr. 4316).



Ljóst er samkvæmt þessu að Olís hefur viljað skoða í þessu samhengi hvort félagið ætti inni fjármuni hjá hinum félögunum vegna samkomulags um m.a. Landhelgisgæsluna og SR-mjöl. Samkomulag olíufélaganna um ÍSAL kemur jafnframt fram á yfirlitum sem tekin voru saman hjá Olís<sup>2214</sup> og OHF<sup>2215</sup> á svipuðum tíma.

Í lok ágúst 1997 ákvað ÍSAL að bjóða út sölu á eldsneyti til fyrirtækisins, þ.e. svartolíu, gasolíu og bensíni, og voru bréf þess efnis send OHF, Olís og Skeljungu.<sup>2216</sup> Frestur til að skila tilboðum var veittur til 15. september 1997. Af gögnum málsins er ljóst að innan Skeljungs var áframhaldandi markaðsskipting rædd.<sup>2217</sup> Innan fyrirtækisins var tekið saman minnisblað um viðskiptasamninga við ÍSAL.<sup>2218</sup> Í niðurstöðu minnisblaðsins segir eftirfarandi:

*„Ef ÍSAL fer í útboð með viðskiptin kemur til greina fyrir okkur að hafa samráð við hin olíufélögin um tilboðsfjárhæðir og semja einnig um að sá aðili sem fái viðskiptin skipti þeim bróðurlega með hinum félögunum. Slíkt samráð er hinsvegar litið hornauga af löggjafanum, sbr. samkeppnislögin.“*

Eins og gerð var grein fyrir í kafla IV 7 höfðu olíufélögin að frumkvæði Skeljungs samráð við tilboðsgerð vegna þessa útboðs ÍSAL. Samvinnan gekk út á það að félögin myndu bjóða með þeim hætti að Skeljungur héldi viðskiptunum gegn því að halda áfram að skipta þeim með Olís og OHF. Af gögnum málsins er jafnframt ljóst að skipting á milli olíufélaganna á sölu til ÍSAL hélt áfram eftir útboðið.<sup>2219</sup>

Í september 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu hjá Olís tölvupóst til Skeljungs og OHF. Lýsti framkvæmdastjórinn því sem hann taldi hafa verið samþykkt á fundi félaganna 23. september 1997 varðandi m.a. gassölu til ÍSAL. Í tölvupóstinum segir m.a. þetta:

*„Á fundi 23 sept var ákv:*

...

*Ísalsamningur shell verði tekinn upp á næstu mánuðum með það að markmiði að hann verði 3ja félaga samningur, frontaður af gasfélaginu.*

<sup>2214</sup> Minnisblað Einars Benediktssonar forstjóra Olís, dags. 10.3.1997 (Hs. nr. 5841).

<sup>2215</sup> Minnisblað Bjarna Bjarnasonar, dags. 1.8.1997 (Hs. nr. 1013).

<sup>2216</sup> Bréf Íslenska álfélagsins til m.a. OHF og Olís, dags. 20.8.1997 (Hs. nr. 3166).

<sup>2217</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar hjá Skeljungu, færsla 1.9.1997 (Hs. nr. 8211 d).

<sup>2218</sup> Minnisblað eignaumsýslu Skeljungs, dags. 3.9.1997 (Hs. nr. 7964).

<sup>2219</sup> Sbr. t.d. athugasemdir á bls. 5 í skýrslu Magnúsar Ásgeirssonar OHF um birgðamál, dags. 8.10.97 (Hs. nr. 2859).

*Allir samningar um gassölu við álver í framtíðinni verði 3ja félagasamningar með Gasfélagið sem front. ...*<sup>2220</sup>

Aðstoðarforstjóri Skeljungs var þessu ekki sammála en lýsti yfir vilja til viðræðna við hin félögin um samning Skeljungs við ÍSAL um sölu á gasi.<sup>2221</sup> Sala Skeljungs á gasi til ÍSAL var ekki hluti af skiptisölu olíufélaganna. Framangreind gögn gefa a.m.k. til kynna viðræður félaganna um að auka umfang samvinnu félaganna varðandi ÍSAL með því að fella gasviðskipti undir skiptisöluna. Ekki náðist hins vegar samstaða um þetta.<sup>2222</sup> Gerð er nánari grein fyrir atvikum tengdum þessu í kafla IV 9.

Í febrúar 1999 var gerður nýr samningur milli Skeljungs og ÍSAL um sölu m.a. á svartolíu, gasolíu og bensíni.<sup>2223</sup> Var árleg sala á svartolíu áætluð 7000 tonn, árleg sala af gasolíu var áætluð 450 þúsund lítrar og 30 þúsund lítrar af bensíni. Gögn málsins sýna að skiptisalan til ÍSAL var í framkvæmd á árinu 2000.<sup>2224</sup>

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF um þetta samstarf við Skeljung og Olís. Í skýrslu hans segir þetta:

*„Aðspurður um upphaf og eðli samnings við Ísal um olíuviðskipti sagði GM að þegar hann hóf störf hjá OHF hefði sér verið tjáð að samningurinn við Ísal hafi verið gerður í samstarfi við fyrirtækið. Hins vegar hafi Skeljungur alla tíð séð um framkvæmd þessa samnings og sé honum því ekki kunnugt um einstök atriði í því sambandi. Ísal efndi til nýs útboðs á árinu 1997 og staðfesti GM að olíufélögin hefðu sammælt um gerð tilboða, þannig að tilboð Skeljungs yrði lægst. Í framhaldi af þessu samdi Ísal um áframhaldandi viðskipti við Skeljung. Kom fram af hálfu GM að sölu til Ísal á eldsneyti hefur um áratugskeið verið skipt jafnt milli olíufélaganna, bæði fyrir og eftir umrætt útboð. Í þessu fælist að Skeljungur greiddi hinum olíufélögum fé vegna þessara viðskipta.“*<sup>2225</sup>

Forstjóri OHF tók einnig fram að skiptisölu til ÍSAL hefði verið hætt í ágúst 2001. Kvaðst forstjórinn telja „mikilvægt að þessari framkvæmd hefði verið hætt áður en til rannsóknar samkeppnisyfirvalda kom.“ Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda

<sup>2220</sup> Tölvupóstur Thomasar Möller Olís til Þórólfs Árnasonar og Kristjáns Kristinssonar OHF og Gunnars Karls Guðmundssonar Skeljungu, dags. 24.9.1997 (Hs. nr. 4324).

<sup>2221</sup> Tölvupóstur frá Gunnari Karli Guðmundssyni Skeljungu til m.a. Einars Benediktssonar, Jóns Halldórssonar og Thomasar Möller Olís og Kristjáns Kristinssonar og Þórólfs Árnasonar OHF, dags. 24.9.1997 kl. 11:05 (Hs. nr. 4324).

<sup>2222</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>2223</sup> Samningur Skeljungs og ÍSAL, dags. 4.2.1999 (Hs. nr. 7953).

<sup>2224</sup> Sjá t.d. yfirlit frá OHF með yfirskriftinni „Sala á bensinstöðvum sem reknar eru sameiginlega með Shell og Olís“, dags. 16.6.2000 (Hs. nr. 2823).

<sup>2225</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

hjá OHF hefur sagt að ástæða þess að félögin hafi hætt þessari skiptisölu hafi verið sú að þau hafi óttast að þetta fæli í sér brot á samkeppnislögum. Nánar verður fjallað um lok skiptisölnnar í kafla VIII 11 hér á eftir. Af hálfu Skeljungs hefur einnig verið staðfest að sölu til ÍSAL hafi verið skipt og að þeirri skiptingu hafi verið hætt um sumarið 2001.<sup>2226</sup> Olís hefur einnig staðfest að sölu til ÍSAL hafi verið skipt.<sup>2227</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að frá því að á seinni hluta sjöunda áratugarins hafi olíufélögin skipt með sér sölu Skeljungs á svartolíu, gasolíu og bensíni til ÍSAL vegna álversins í Straumsvík. Þetta fyrirkomulag hafi haldist óbreytt eftir gildistöku samkeppnislaganna 1993 enda hafi OHF ekki leitt hugann sérstaklega að svo rótgrónu fyrirkomulagi. Um aldamótin síðustu „föru menn að gera sér betri grein fyrir kröfum samkeppnislaga og var því umræddri skiptisölu hætt í ágúst 2001. Umbj. okkar telur að hafi brot verið framin gegn samkeppnislögum í þessu sambandi hafi það verið af gáleysi og beri að líta til þess, komi til ákvörðunar viðurlaga vegna meintra brota. Einnig verður að virða það umbj. okkar til málsbóta að hafa látið af meintri ólögætri háttsemi áður en rannsókn samkeppnisyfirvalda hófst.“

Á öðrum stað í andmælum sínum heldur OHF því fram að það hafi verið undir „forystu ríkisins“ að samið hafi verið um að viðskiptum við ÍSAL yrði skipt jafnt á milli olíufélaganna þriggja. „Ríkið áleit ekki sanngjarnt að eitt olíufélag fengi viðskiptin, þar sem að þau gátu ekki keppt um þau, enda gildi það einu eins og ríkið hafði lagt upp með skiptingu innflutningsolíufélaganna. Þarna hófust umfangsmestu svartolíuviðskipti í sögu þjóðarinnar með tilkomu fyrstu stóriðjunnar sem í raun var hægt um að tala síðan Sementsverksmiðjan og Áburðaverksmiðjan voru byggðar.“ Fullyrðir OHF að „ríkið“ hafi átti frumkvæði að starfsháttum olíufélaganna sem ekki hafi staðist samkeppnislög. Við gildistöku samkeppnislaga hafi ríkið svo ekkert gert til að reyna að koma því ástandi í lögætt horf sem það hafði sjálft komið á, eða a.m.k. benda á að annmarkar væru á fyrirkomulaginu vegna gildistöku laganna. Í niðurstöðukafla um ýmis afskipti hins opinbera af olíumarkaðnum segir OHF að þessi afskipti ríkisins eigi að leiða til þess að sum samskipti olíufélaganna sem það hafi komið á sem ella hefðu talist brot á 10. gr. samkeppnislaga teljist ekki vera brot á lögnum. Verði ekki fallist á það verði að horfa mildari augum á brotið. Sé um brot að ræða hafi sum þeirra verið framinn af algerum ókunnugleika um kröfur laganna. Oftar en ekki hafi þessi samskipti og samningar einfaldlega haldist í sama horfi án þess að nokkur hafi leitt að því hugann hvort háttsemin bryti í bága við samkeppnislög.

OHF hefur ekki lagt fram nein gögn sem styðja þá fullyrðingu að stjórnvöld hafi átt frumkvæði að því að olíufélögin skiptu með sér sölnunni til ÍSAL. Gögn málsins benda heldur ekki til þessa. Olíufélögin sömdu um þessa markaðsskiptingu á fundi sínum 8. mars 1967 og árétuðu og útfærðu hana nánar á fundi sínum 4. september 1969.

<sup>2226</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>2227</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

Hvergi í fundargerðum vegna þessara funda er minnst á frumkvæði eða aðkomu stjórnvalda. Gögnin bera þvert á móti með sér að olíufélögin hafi ákveðið þetta án utanaðkomandi afskipta. Hvað sem þessu líður bendir samkeppnisráð á að við gildistöku samkeppnislaga varð allt framangreint samráð olíufélaganna varðandi ÍSAL ólögmaett. Olíufélögin gátu við gildistöku laganna hætt þessu samstarfi sínu og hefðu þá engir eftirmálar orðið, a.m.k. ekki hvað samkeppnislög áhrærir. Jafnvel þótt fallist yrði á að stjórnvöld hefðu átt einhvern þátt í þessari skiptingu þegar ÍSAL var stofnað fæst ekki séð hvaða rétt OHF telur sig geta byggt á þeirri hugsanlegu forsögu málsins. Það þarf vart að fjölyrða um það að allir íslenskir þegnar, bæði fyrirtæki og einstaklingar, þurfa að breyta hegðun sinni í samræmi við kröfur gildandi laga hverju sinni eða eiga að öðrum kosti hættu á að sæta viðurlögum. Samkeppnisráð telur það ekki trúverðugt að fyrirtæki eins og OHF hafi ekki þekkt bannákvæði samkeppnislaga. Hafa verður í huga í því samhengi framangreind ummæli í gögnum málsins um ákvæði samkeppnislaga og að markaðsskiptingin til ÍSAL sé „*afar vel varðveitt leyndarmál af eðlilegum ástæðum*“. Fjölmörg gögn málsins þar sem olíufélögin hvetja hvert annað eða eigin starfsmenn til að eyða eða leyna gögnum um samráð benda heldur ekki til almenns ókunnugleika um efni samkeppnislaga. Hér skiptir og máli að þegar olíufélögin hófu viðræður á árinu 2001 um að hætta skiptisölu til m.a. ÍSAL þá gengu þær viðræður ekki út á það að hætta ólögmaetri markaðsskiptingu. Þvert á móti áttu olíufélögin marga fundi þar sem rætt var um taka upp viðtæka og nýja gerð af ólögmaetri markaðsskiptingu, sbr. kafla VIII 11 hér á eftir. Fæst því ekki séð að nokkrar málsbætur geti falist í því að olíufélögin hafi hætt einni tegund af markaðsskiptingu og í tengslum við það hafið viðræður um aðra tegund af slíku samstarfi.

Hafa ber einnig í huga að það er ekki rétt sem OHF heldur fram að félagið hafi ekki leitt hugann að „*svo rótgrónu fyrirkomulagi*“. Í kafla VIII 1.1 hér að framan er vísað til skjalsins „*Birgðamál*“ sem innkaupastjóri OHF á eldsneyti tók saman 8. október 1997. Í því skjali er velt upp kostum og göllum m.a. á því að hætta skiptisölu vegna ÍSAL, Kísiliðjunnar og SR-mjöls. Kostirnir eru sagðir vera möguleikar á því að „*auka sölumagn*“. Ókosturinn var hins vegar talinn vera að framlegð „*á lítra lækkar verulega*.“ OHF hætti ekki þessari markaðsskiptingu á þessum tíma og unnt er af þessu að draga þá ályktun að félagið hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að taka ekki upp samkeppni á þessu sviði til þess að verja framlegð sína.

Samkvæmt öllu framangreindu er að mati samkeppnisráðs ljóst að olíufélögin hafa skipt með sér viðskiptum Skeljungs við ÍSAL frá gildistöku samkeppnislaga. Auk markaðsskiptingar fólst í þessu samstarfi samráð um verð til ÍSAL og samvinna um gerð tilboða í útboði ÍSAL 1997, sbr. kafla IV. Fara þessar aðgerðir gegn 10. gr. samkeppnislaga og voru hluti af samfelldu samráði félaganna. Þessu samráði félaganna vegna ÍSAL lauk í ágúst 2001.

OHF hefur veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um magn og verðmæti hlutdeildar félagsins í skiptisölu á svartolíu, gasolíu og bensíni til ÍSAL á árunum 1993–2001. Á grundvelli þessa áætlað samkeppnisráð að heildarverðmæti skiptisölu til ÍSAL hafi á þessu tímabili numið um 1.086 millj. króna.

## 10. Markaðsskipting vegna sölu til Kísiliðjunnar við Mývatn

Í gögnum málsins er að finna undirritaða fundargerð sem lýsir fundi forstjóra olíufélaganna frá 27. apríl 1967. Í fundargerðinni segir m.a. þetta:

*„Rætt um fuelolíuafgreiðslu til Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn. Þessum viðskiptum verði skipt milli allra olíufélaganna 1/3 hluti hvert félag. V.J.<sup>2228</sup> bauð að Esso myndi sjá um aksturinn frá Akureyri hinum félögum að kostnaðarlausu þ.e. að fyrir aksturinn sé greitt verðjöfnunarsjóðsgjald að viðbættum 5 aura gjaldinu. Ennfremur bauð V.J. að BP og Shell greiddu kr. 30/- per tonn fyrir uppskipun, afgreiðslu og geymaleigu og hitunarkostnað. Þá var ákveðið að takmarka skiptingu gasolíunnar til Kísilgúrverksmiðjunnar við þá olíu sem verksmiðjan kaupir sjálf.“<sup>2229</sup>*

Gögn málsins sýna að sölu OHF til Kísiliðjunnar á Mývatni hafi verið skipt jafnt milli olíufélaganna þriggja. Hefur þessi markaðsskipting verið í framkvæmd um áratugaskeið. Samkeppnisstofnun hefur beðið forstjóra OHF að upplýsa um þessa samvinnu félaganna. Í skýrslu hans segir þetta:

*„GM staðfesti að skiptisala hefði tíðkast gagnvart Kísiliðjunni allt frá því er starfsemi verksmiðjunnar hófst, og hefði OHF haft umsjón með þeirri sölu og salan til verksmiðjunnar hefði skipst jafnt milli olíufélaganna. Sagði GM að í þessu felist að OHF greiddi hinum olíufélögum fé vegna þessara viðskipta. OHF myndi afhenta yfirlit um þetta atriði. Kísiliðjan hefði ekki staðið fyrir útboði á olíukaupum sínum. Hins vegar hefði um tíma verið ágreiningur milli olíufélaganna um flutningskostnað á svartolíu til verksmiðjunnar.“<sup>2230</sup>*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF sagði skýringuna á deilu um flutningskostnað vera að árið 1997 hefði verið gerð breyting á reglum um flutningsjöfnun olíuvara sem m.a. hafi falið í sér að kostnaður vegna flutnings á svartolíu á landi væri ekki flutningsjafnaður. OHF hefði krafist hin olíufélögin um að þau tækju þátt í þessum flutningskostnaði, en þau hefðu hafnað því. Forstjóri OHF tók

<sup>2228</sup> Vilhjálmur Jónsson þáverandi forstjóri OHF.

<sup>2229</sup> Fundargerð vegna fundar olíufélaganna 27.4.1967 (Hs. nr. 7079).

<sup>2230</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

einnig fram að skiptisölu til Kísiliðjunnar hefði verið hætt í ágúst 2001. Kvaðst forstjórinn telja mikilvægt að þessari framkvæmd hefði verið hætt áður en til rannsóknar samkeppnisyfirvalda kom. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hefur sagt að ástæða þess að félögin hæfi hætt þessari skiptisölu hafi verið sú að þau hafi óttast að þetta fæli í sér brot á samkeppnislögum.<sup>2231</sup> Forstjóri Olís hefur staðfest að sölu OHF til Kísiliðjunnar hafi verið skipt á milli olúfélaganna.<sup>2232</sup> Aðspurður um skiptisölu til Kísiliðjunnar sagði aðstoðarforstjóri Skeljungs þetta: „*GKG sagði að eldsneytissala til Kísiliðjunnar hafi verið lítil og tap af þeim viðskiptum.*“<sup>2233</sup>

Ýmis gögn málsins staðfesta þennan framburð OHF og Olís. Má hér nefna yfirlit frá OHF frá árunum 1994 og 1995.<sup>2234</sup> Benda má einnig á skjal framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF sem ber heitið „*Skiptisala olúfélaganna*“. Skjalið var tekið saman í ágúst 1997 og kemur skýrt fram í því að sölu OHF til Kísiliðjunnar hafi verið skipt jafnt milli félagana.<sup>2235</sup> Þetta kemur einnig skýrt fram í gagni OHF frá árinu 2000.<sup>2236</sup> Gögn frá Skeljungu staðfesta einnig þessa samvinnu félaganna.<sup>2237</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að frá seinni hluta sjöunda áratugarins hefðu olúfélögin skipt með sér sölu á eldsneyti til Kísiliðjunnar á Mývatni. Þetta fyrirkomulag hefði haldist óbreytt eftir gildistöku samkeppnislaga enda hefði OHF ekki leitt hugann sérstaklega að svo rótgrónu fyrirkomulagi. Um aldamótin síðustu hafi félögin gert sér betur grein fyrir kröfum samkeppnislaga og því hefði þessari skiptisölu verið hætt í ágúst 2001. OHF telur að hafi brot verið framin gegn samkeppnislögum í þessu sambandi hafi það verið af gáleysi og beri að líta til þess komi til ákvörðunar viðurlaga. Einnig verði að virða það OHF til málsbóta að hafa látið af meintri ólögmati háttsemi áður en rannsókn samkeppnisyfirvalda hófst. OHF heldur því einnig fram að stjórnvöld hafi haft frumkvæði að þessari skiptingu og virðist félagið að því leyti setja fram sömu sjónarmið varðandi Kísiliðjuna og félagið gerði varðandi ÍSAL, sbr. umfjöllun hér að framan.

OHF hefur ekki lagt fram nein gögn sem styðja þá fullyrðingu að stjórnvöld hafi átt frumkvæði að því að olúfélögin skiptu með sér sölunni til Kísiliðjunnar. Gögn málsins benda heldur ekki til þessa. Olúfélögin sömdu um þessa markaðsskiptingu á fundi sínum 27. apríl 1967. Hvergi í fundargerð vegna þess fundar er minnst á

<sup>2231</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 7.5.2002.

<sup>2232</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>2233</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>2234</sup> Yfirlit Magnúsar Ásgeirssonar OHF, dags. september 1994 (Hs. nr. 3164). Yfirlit Helga Kristjánssonar hjá OHF frá 1995 með yfirskriftinni „*Skiptisölustaðir*“ (Hs. nr. 2405). Sjá í því sambandi fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 17.1.1995 (Hs. nr. 2405).

<sup>2235</sup> Yfirlit Bjarna Bjarnasonar, dags. 1.8.1997 (Hs. nr. 1013).

<sup>2236</sup> Yfirlit frá OHF með yfirskriftinni „*Sala á bensinstöðvum sem reknar eru sameiginlega með Shell og Olís*“, dags. 16.6.2000 (Hs. nr. 2823).

<sup>2237</sup> Sjá t.d. tölvupóst Ólafs Jónssonar Skeljungu til Magnúsar Ásgeirssonar OHF, dags. 24.4.1996 kl. 9:56 (Hs. nr. 7969.)

frumkvæði eða aðkomu stjórnvalda. Gögnin bera þvert á móti með sér að olíufélögin hafi ákveðið þetta án utanaðkomandi afskipta. Hvað sem þessu líður bendir samkeppnisráð á að við gildistöku samkeppnislaga hafi allt framangreint samráð olíufélaganna varðandi Kísiliðjuna orðið ólöglegt. Olíufélögin gátu við gildistöku laganna hætt þessu samstarfi sínu og hefðu þá engir eftirmálar orðið, a.m.k. ekki hvað samkeppnislög áhrærir. Jafnvel þótt fallist yrði á að stjórnvöld hefðu átt einhvern þátt í þessari skiptingu þegar Kísiliðjan var stofnuð fæst ekki séð hvaða rétt OHF telur sig geta byggt á þeirri hugsanlegu forsögu málsins. Hér eiga nánar við sömu sjónarmið og koma fram í umfjöllun um ÍSAL og vísast til þeirra. Hér verður hins vegar að nefna að þegar olíufélögin hófu viðræður á árinu 2001 um að hætta skiptisölu til m.a. ÍSAL og Kísiliðjunnar þá gengu þær viðræður ekki út á það að hætta ólöglegri markaðsskiptingu. Þvert á móti áttu olíufélögin marga fundi þar sem rætt var um að taka upp viðtæka og nýja gerð af ólöglegri markaðsskiptingu, sbr. kafla VIII 11 hér á eftir. Fæst því ekki séð að nokkrar málsbætur geti falist í því að olíufélögin hafi hætt einni tegund af markaðsskiptingu og í tengslum við það hafið viðræður um aðra tegund af slíku samstarfi.

Samkvæmt öllu framangreindu er ljóst að olíufélögin hafa skipt með sér viðskiptum OHF við Kísiliðjuna á Mývatni frá gildistöku samkeppnislaga. Fóru þessar aðgerðir gegn 10. gr. samkeppnislaga og eru hluti af samfelldu samráði olíufélaganna. Þessu samráði félaganna vegna Kísiliðjunnar lauk í ágúst 2001.

OHF hefur veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um magn og verðmæti þeirrar sölu sem félagið hefur skilað hinum olíufélagunum í skiptisölu félaganna á svartolíu til Kísiliðjunnar á árunum 1993–2001. Á grundvelli þessa áætla samkeppnisráð að heildarverðmæti skiptisölu til Kísiliðjunnar hafi á þessu tímabili numið 294 milljónum króna.

#### **11. Markaðsskipting vegna sölu til Íslenska járnblendifélagsins, Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytisins, Vestmannaeyjabæjar o.fl.**

Í kafla IV hér að framan er gerð m.a. grein fyrir umfangsmiklu samráði olíufélaganna við gerð tilboða vegna útboða árin 1996 og 1997. Hér var m.a. um að ræða útboð Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæslunnar og dómsmálaráðuneytisins á árinu 1996 og útboð Vestmannaeyjabæjar árið 1997. Samkeppnisráð telur að þau gögn sem reifuð voru í þeim kafla og þau gögn sem nú verður gerð grein fyrir sýni ótvírætt að auk samráðs við gerð tilboða í tengslum við þessi útboð hafi olíufélögin ákveðið að skipta með sér framlegð af þessum viðskiptum.

Í kafla IV er einnig gerð grein fyrir útboði Íslenska járnblendifélagsins hf. (ÍJ) árið 1994 og deilum olíufélaganna um hvort samráð hafi verið við gerð tilboða í því

útboði. Niðurstaða ráðsins var sú að ekki þótti sannað að um samráð hafi verið að ræða í því tilvik. Jafnframt er gerð grein fyrir viðræðum olíufélaganna um útboð ÍJ árið 2000. Hér er nauðsynlegt að rifja upp forsögu samvinnu olíufélaganna um viðskipti við ÍJ.

ÍJ var stofnað 28. apríl 1975. Byggingarframkvæmdir hófust á Grundartanga árið 1977 og hófst framleiðsla árið 1979. Hjá Olís fannst minnisblað sem lýsir fundi forstjóra olíufélaganna 7. ágúst 1975. Minnisblaðið hljóðar svo:

*„Á fundi þriggja forstjóra olíufélaganna í dag var ákveðið að hafa sameiginlega aðild að viðskiptum við Málblendiverksmiðjuna að Grundartanga og byggingaraðila hennar, þannig að viðskiptin skiptust til þriðjunga milli olíufélaganna.*

*Ákveðið var að afsláttur til Málblendiverksmiðjunnar h.f., af bensíni verði kr. 1.25 pr. lítra frá útsöluverði frá dælu, en afsláttur af gasolíu frá tankbíl verði kr. 0.05 pr. lítra frá útsöluverði. Verð þessi eru nú kr. 24.05 fyrir gasolíu frá tankbíl og kr. 57.00 fyrir bensín frá dælu.*

*Þá var enn fremur ákveðið að Olíuverslun Íslands h.f., skyldi vera umsjónaraðili með þessum viðskiptum, enda hefur Olíuverslun Íslands h.f., þegar tekið að sér að selja undir verktaka Jóni V. Jónssyni, bensín og gasolíu í sambandi við jarðvinnu fyrir verksmiðjuna í Grundartanga.<sup>2238</sup>*

Í upphafi árs 1997 hóf Olís að knýja á um að Skeljungur myndi efna samkomulagið um framlegðarskiptingu varðandi Reykjavíkurborg og Landhelgisgæslu. Í kjölfar þessa krafðist Skeljungur efnda á m.a. samkomulaginu frá 1975 um ÍJ. Leiddi þetta til tíðra bréfaskrifta og fundahalda olíufélaganna. Verður nú gerð grein fyrir þessu.

Ljóst er að umfjöllun í þessum kafla skarast að nokkru við viss atvik sem lýst er í kafla IV. Í þeim kafla var fjallað um samráð olíufélaganna sem laut að gerð tilboða vegna umræddra útboða. Laut sú umfjöllun aðallega að því að sýna fram á brot á c-lið 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga sem bannar slíkt samráð. Samhengisins vegna var og tekið fram í þeim kafla að olíufélögin hefðu auk samráðs við gerð tilboða náð samningum um markaðsskiptingu vegna þeirra viðskipta sem útboðin tóku til. Í þessum kafla er áherslan lögð á umfjöllun um þessa markaðsskiptingu olíufélaganna sem fer gegn b-lið 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Er þessari umfjöllun ætlað að lýsa nánar þeim samningum um markaðsskiptingu sem félögin gerðu í tengslum við þessi útboð viðskiptavina sinna og gera heildstæða grein fyrir þeim tíðu ólögsmætu samskiptum olíufélaganna á árunum eftir útboðin sem höfðu þann tilgang að knýja

<sup>2238</sup> Minnisblað vegna fundar forstjóra olíufélaganna, dags. 7.8.1975 (Hs. nr. 4325).



fram efndir á þessum samningum. Þó þessi atvik sé að þessu leyti tengd þykir heppilegra og skýrara að fjalla með þessum hætti um þau.

#### 11.1. Atvik á árinu 1997

Þann 1. apríl 1997 sendi forstjóri Olís tölvupóst til framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu og spurði hvort Skeljungur hafi gengið frá uppgjöri vegna Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar.<sup>2239</sup> Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís sendi tölvupóst til forstjóra félagsins þann 15. apríl 1997 og spurði hann hvort búið væri að skipta framlegð fyrir 1996. Forstjórinn svaraði og sagði að síðast þegar hann hefði spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu þá hafi ekki verið komið uppgjör vegna Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar. Forstjórinn tók einnig fram að gengið hafi verið eftir uppgjöri.<sup>2240</sup> Þann 2. maí 1997 tók framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís saman yfirlit þar sem tilgreind eru þau „*samkomulög sem eru í gildi milli olíufélaganna*“ og hann sjái um „*að viðhalda*“. Á yfirlitinu er vísað m.a. til Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæslunnar, dómsmálaráðuneytisins og Vestmannaeyjabæjar.<sup>2241</sup> Forstjóri Olís sendi framkvæmdastjóranum tölvupóst vegna yfirlitsins og tók sérstaklega fram að „*samkomulag um skiptingu framlegðar og eldsneytissölu til Landhelgisgæslu*“ væri í gildi og þetta hefði verið rætt af forstjórum félaganna þriggja.<sup>2242</sup> Forstjóri Olís hefur staðfest efni þessa tölvupósts.<sup>2243</sup>

Hjá OHF fannst eftirfarandi yfirlit yfir skiptisölu olíufélaganna. Það er dagsett 1. ágúst 1997 og samið af framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu.<sup>2244</sup> Skáletraður texti í yfirlitinu eru handskrifaðar viðbætur forstjóra OHF:

---

<sup>2239</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 1.4.1997 kl. 15:46.

<sup>2240</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Milli Einars Benediktssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 15.4.1997 kl. 13:11 og 28.4.1997 kl. 14:59.

<sup>2241</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 2.5.1997 (Hs. nr. 4320 b).

<sup>2242</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, dags. 5.5.1997 (Hs. nr. 4320).

<sup>2243</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>2244</sup> Skjal Bjarna Bjarnasonar með yfirskriftinni „*SKIPTISALA OLÍUFÉLAGANNA*“, dags. 1.8.1997 (Hs. nr. 1013).

SKIPTISALA OLÍUFÉLAGANNA

Staður	Rekstur	Umsjón	Skipting	Olís	Shell
Ísafjörður	bensinstöð	Esso	1/3	x	x
Staðarskáli	bensinstöð	Esso	1/2		x
Varmahlíð	bensinstöð	Esso	68/32		x
Dalvík	bensinstöð	Esso	1/2		x
Skaftárskáli	bensinstöð	Esso	1/3	x	x
Hvammstangi	bensinstöð	Shell	1/3	x	x
Fáskrúðsfjörður	bensinstöð	Shell	1/3	x	x
Þorlákshöfn	bensinstöð	Shell	1/3	x	x
BSÍ	bensinstöð	Shell	1/3	x	x
Ólafsvík	bensinstöð	Olís	1/3	x	x
Stykkishólmur	bensinstöð	Olís	1/3	x	x
Siglufjörður	bensinstöð	Olís	1/3	x	x

Kísiliðjan - Mývatnssv		Esso	1/3	svartolía	x	x
S.B.K.		Esso	1/2	gasolía		x
Áhaldahús Keflavíkur		Shell	1/2	gasolía		x
Ísal - Straumsvík		Shell	1/3	sv/g/ben	x	x

S.R. - mjöl Helguvík		Esso	20-40-40	svartolía	x	x
S.R. - mjöl Seyðisfjörður		Shell	20-40-40	svartolía	x	x
S.R. - mjöl Raufarhöfn		Shell	20-40-40	svartolía	x	x
S.R. - mjöl Reyðarfjörður		Olís	20-40-40	svartolía	x	x
S.R. - mjöl Siglufjörður		Olís	20-40-40	svartolía	x	x

Raufarhöfn- útgerð,hús,dæla			1/3		x	x
-----------------------------	--	--	-----	--	---	---

Erlend sala			39,0-30,5-30,5		x	x
-------------	--	--	----------------	--	---	---

Flugleiðir		Esso			x	x
------------	--	------	--	--	---	---

EFTIR AÐ GANGA FRÁ SKIPTUM

Grundartangi		Olís				
SVR		Shell				
Grandi		Shell/Olís				

Innkaup		Esso/Olís				
---------	--	-----------	--	--	--	--

*Landhelgisgæslan*  
*Stykkishólmur gas/olía*  
 BB 1.8.97

*Dómsmálaráðuneytið*      *Esso einnig*

Þetta gagn sýnir að OHF hafi talið að skipta ætti sölu/framlegð vegna m.a. ÍJ, dómsmálaráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar og Reykjavíkurborgar. Jafnframt staðfestir þetta aðra markaðsskiptingu sem fjallað er um í kafla VIII. Í athugasemdum við frumathugun II staðfestir OHF að náðst hafi samkomulag um að skipta framlegð vegna viðskipta við Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna. OHF staðfestir einnig að slíkt samkomulag hafi náðst varðandi Vestmannaeyjabæ.

Þann 1. september 1997 hittust forstjóri Olís og OHF og ræddu um Skeljung, Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna.<sup>2245</sup> Þann 8. september 1997 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungu, Olís og OHF afrit af framangreindu samkomulagi frá 1975 um ÍJ. Í meðfylgjandi minnisblaði var sagt að þetta hafi aldrei verið gert upp og uppgjörs krafist.<sup>2246</sup> Þessar umræður og samskipti héldu áfram í janúar 1998, sbr. umfjöllun hér á eftir.

11.1.1. Almennt samkomulag um að skipta viðskiptum við opinbera aðila og stóriðjur  
Samkeppnisráð telur að í þessu samhengi verði að rifja upp samskipti olíufélaganna í september 1997 vegna fyrirhugaðrar magnesíumverksmiðju, sbr. kafla IV 8. Á þessum tíma var óskað eftir tilboðum olíufélaganna í umtalsvert magn af svartolíu vegna þessarar fyrirhuguðu verksmiðju. Forstjóri Olís sagði í tölvupósti 24. september 1997 að þetta væru það umfangsmikil viðskipti að þau ættu að „falla undir samkomulag sem er í gangi um ríki o.fl.“. Bað forstjórinn um að samband yrði haft við OHF og Skeljung vegna málsins.<sup>2247</sup> Forstjóri Olís hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að hann hafi í þessum tölvupósti verið að vísa til „óformlegs samkomulags olíufélaganna um viðskipti við stóriðjur.“<sup>2248</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hafði samband við OHF og Skeljung og greindi frá því að „menn eru í grundvallar atriðum sammála um að þetta mál falli undir skilgreiningu á viðskiptum við stóriðjur.“<sup>2249</sup> Forstjóri OHF hefur sagt að fyrir hafi legið að þessi verksmiðja hefði orðið mjög stór kaupandi á eldsneyti. Forstjórinn hefur jafnframt upplýst að forstjórar félaganna hefðu rætt um að þessi verksmiðja kæmi til skipta. Einnig hefur forstjórinn sagt að umræður hafi farið fram milli forstjóranna um olíu- og gaskaup Norðuráls. Forstjórinn var spurður um hvort draga mætti þá ályktun af gögnum málsins að þegar um væri að ræða tiltekna tegund viðskipta þar sem umfangið væri mikið, s.s. vegna sölu til stóriðju, þá væri í gildi samkomulag milli olíufélaganna um að skipta slíkum viðskiptum sín á milli. Í svari forstjórans segir þetta:

<sup>2245</sup> Dagbók Einars Benediktssonar, færsla 1.9.1997 (Hs. nr. 4002).

<sup>2246</sup> Nóta Friðriks Stefánssonar hjá Skeljungu til Jóns Halldórssonar hjá Olís, dags. 8.9.1997. Tekið er fram að samrit hafi verið sent OHF. (Hs. nr. 4325).

<sup>2247</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 24.9.1997 (Hs. nr. 4029).

<sup>2248</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>2249</sup> Minnisblað Jóns Halldórssonar, dags. 29.9.1997 (Hs. nr. 4029).

„GM sagði að hér væri um að ræða mál sem væri arfur af gamalli hefð frá því er eitt verð á olíuvörum var lögbundið. Þá var enginn grundvöllur fyrir því að olúfélögin kepptu sín á milli í útboðum og samið hefði verið um það að skipta viðskiptum vegna stærri kaupenda á milli þeirra. Félögin hefðu reynt að halda þessu fyrirkomulagi til streitu eftir að verðlagning var gefin frjálts. Það hefði t.d. verið reynt í sambandi við viðskipti við Norðurál, en OHF hefði hins vegar náð þeim viðskiptum. Skipting á sölu til stærri viðskiptavina og umræður um hana hafi þannig byggt á verklagi fortíðarinnar. Tók GM fram að í tilviki magnesíumvinnslunnar hefði verið gert ráð fyrir gífurlegu magni í innkaupum á olíuvörum. Aðspurður um það hvort gagnkvæmur skilningur hefði verið milli olúfélaganna um að viðskiptum af þessari stærðargráðu ætti að skipta milli félaganna sagði GM að sá skilningur hefði verið fyrir hendi. Hins vegar væri álver Norðuráls eina dæmið um nýtt verkefni á sviði stóriðju sem komist hefði í framkvæmd eftir að verðlagning var gefin frjálts, en þeim viðskiptum náði OHF til sín.“<sup>2250</sup>

Forstjóri Skeljungs kannast ekki við að hafa rætt við hin félögin vegna þessa máls. Hann hefur þó sagt að hafi „mál þetta verið rætt milli félaganna, hefur það trúlega aðeins verið rætt í flimtingum, þar sem menn hafi talið að um óraunhæfar hugmyndir væri að ræða“.<sup>2251</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, sem samkvæmt ofangreindum gögnum er sagður hafa í átt í samskiptum við hin félögin, kveðst ekki muna eftir þessu máli.<sup>2252</sup> Hafi hann átt samtöl við Olís og OHF hafi það einungis verið til þess að hlýða á skilaboð þeirra eða tilmæli. Framkvæmdastjórinn hefur einnig sagt að „hugsanlega hafi starfsbræður hans hjá hinum olúfélögunum litið svo á að viðskipti við þetta væntanlega fyrirtæki yrðu sambærileg við fyrirkomulagið sem var hjá Ísal.“

Hér ber einnig að líta til þess að þann 19. september 1997 sendi forstjóri Skeljungs tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta og forstöðumanns innlendrar sölu hjá félaginu. Spurði forstjórinn hvernig „þetta Norðurálmál“ hefði farið og um viðskipti við það fyrirtæki með gas og aðrar olíuvörur. Forstöðumaðurinn sendi í kjölfar þessa tölvupósts til framkvæmdastjórans og spurði hann hvort rætt hafi verið við OHF og Olís um hver eigi að „fá viðskiptin á disel og smurolium“. Framkvæmdastjórinn svaraði með þessum hætti:

<sup>2250</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda OHF, dags. 8.5.2002.

<sup>2251</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

<sup>2252</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

*„Þetta verður boðið út. Líklega endar þetta allt í skiptingu en ekki hefur verið ákveðið hjá hverjum.“<sup>2253</sup>*

Samkeppnisráð telur ljóst að þetta orðlag merki að framkvæmdastjórinn hjá Skeljungu hafi talið líklegt að þrátt fyrir útboðið myndu olíufélagin hafa samráð um að skipta þessari sölu á milli sín, en ekki lægi fyrir hvert félaganna hefði umsjón með þeirri framkvæmd. Þetta styður einnig þá niðurstöðu sem lýst er í kafla IV 9.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið staðfesta að „*ein hver sameiginlegur skilningur hafi enn ríkt meðal olíufélaganna eftir 1993 þess efnis að eðlilegt væri að mjög stórum verkefnum sem ríkið réðist í á borð við stóriðjur ætti að leitast við að starfa saman um að afgreiða viðskiptin. Var þetta arfur frá gamalli tíð þegar eitt verð á olíuvörum var lögákveðið í landinu og þar með engin samkeppni raunhæf. Ennþá hafi eimt af þessum vinnubrögðum eftir að verðlag var gefið frjálst en eftir það hafi þó hafi einungis einu sinni náðst samkomulag um samvinnu, þ.e.a.s. um gasviðskipti við Norðurál.*“ OHF mótmælir því hins vegar að samkomulag hafi ríkt um að skipta sölu í öllum tilvikum þar sem stórir aðilar ættu í hlut. Einungis hafi verið sá skilningur uppi að rétt hafi verið að ræða saman og reyna að ná samkomulagi í slíkum tilvikum. Alls óvíst sé hins vegar hvort slíkar viðræður hafi getað leitt af sér samstarf eður ei. OHF árétti að grundvallarmunur sé á því að ákveða fyrirfram að starfa saman í tilteknum málum eða að félagin hafi stöku sinnum reynt að ná samkomulagi vegna gamalla starfshátta. Ekki hafi verið um að ræða heildarsamkomulag í skilningi 10. gr. samkeppnislaga heldur hafi verið um að ræða einstök tilvik og þurfi að meta í hvert sinn hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu.

Samkeppnisráð telur að framangreind gögn gefi skýrt til kynna að í gildi hafi verið almennt samkomulag milli olíufélaganna um að skipta ætti á milli félaganna viðskiptum við opinbera aðila og stóriðjur. Framangreind markaðsskipting vegna t.d. ÍSAL, Kísiliðjunnar, SR-mjöls og Áhaldahúss Keflavíkur staðfestir þetta. Samráð félaganna vegna Norðuráls gerir það einnig, sbr. kafla IV 9. Samningar um framlegðarskiptingu vegna dómsmálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæslunnar, Vestmannaeyjabæjar og ÍJ styðja þetta einnig. Samkomulag þetta um markaðsskiptingu milli olíufélaganna hafði það að markmiði að raska samkeppni og fór því gegn 10. gr. samkeppnislaga alveg án tillits til þess hvort því hafi verið fylgt í öllum tilvikum. Eftirfarandi umfjöllun sýnir að þetta samkomulag hafi verið í gildi fram á árið 2001. Leiðir af sjálfu sér að þetta samkomulag var hluti af hinu samfellda samráði olíufélaganna.

<sup>2253</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Tölvupóstur milli m.a. Kristins Björnssonar, Friðriks Stefánssonar og Lúðvíks Björgvinssonar, dags. 19.9.1997 kl. 10:27, 12:55 og 14:05.

## 11.2. Atvik á árinu 1998

Í janúar 1998 var áfram unnið að því innan Olís að krefja Skeljung um efndir á samkomulagi varðandi Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna. Forstjóri Olís og framkvæmdastjórar fjármálasviðs og markaðssviðs stórnotenda sendu fjölmarga tölvupósta sín á milli þann 26. janúar 1998 og rifjuðu upp hvaða kröfur Olís átti á Skeljung. Í þessum samskiptum reifaði forstjóri Olís efni samkomulags félaganna þriggja um Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna með þessum hætti:

*„Mig minnti að þetta hefði verið í maí, en við þessar upplýsingar frá KBÓ finn ég þetta í dagbók minni 18. sept 96, en þá verður endanlegt samkomulag um.*

*1. SVR til Olís og Esso pr. félag.*

*Dísel kr. 1,31  
Bensín kr. 1,97  
Steinólía kr. 1,97*

*2. LHG til Olís og Esso pr. félag*

*Skipagasolía kr. 0,54  
Jet kr. 0,58*

*Fleira í sama dúr, en þessu óviðkomandi var samþykkt á sama fundi.*

*JH<sup>2254</sup> hringja þetta til FS<sup>2255</sup> og segja samkomulagið gert á fundi 18 sept 96.<sup>2256</sup>*

Framangreint sýnir hvað Skeljungur átti að greiða hinum félögunum vegna viðskipta við Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna. Þann 27. febrúar 1998 sendi Olís Skeljungi bréf vegna þessa.<sup>2257</sup> Bréf þetta fannst hjá Skeljungi og hljóðar svo:

**„TRÚNAÐARMÁL**

*Meðfylgjandi er reikningur vegna umsamdra þjónustugjalda frá 1.10.96 til 31.12.97. Einnig er hér að finna útreikning fyrir þjónustugjöldunum þar sem ekkert hefur borist frá þér um þetta mál þrátt fyrir ítrekaðar óskir okkar.*

<sup>2254</sup> Jón Halldórsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís.

<sup>2255</sup> Friðrik Þ. Stefánsson, framkvæmdastjóri hjá Skeljungi.

<sup>2256</sup> Tölvupóstur frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 26.1.1998 kl. 18:13 (Hs. nr. 4333).

<sup>2257</sup> Bréf Jóns Halldórssonar Olís til Friðriks Stefánssonar Skeljungi, dags. 27.2.1998 (Hs. nr. 7622).

*Það er orðið alvarlegt ef mál sem eru samþykkt á efsta þrepi ná ekki fram að ganga með eðlilegum hætti og því vona ég að þetta mál fái skjóta afgreiðslu.*

*Það gengur ekki að við séum að hengja mál aftan í hvert annað heldur verðum við að afgreiða hvert mál fyrir sig. Í því sambandi eigum við eftir að afgreiða LHG.<sup>2258</sup>“*

Með bréfi þessu var Olís að krefja Skeljung um greiðslu á hluta Olís af framlegð Skeljungs af sölu til Reykjavíkurborgar. Með bréfinu var reikningur upp á 10.027.269 kr. með vsk. Í bréfinu og á reikningnum er þessari hlutdeild í framlegð gefið heitið „*Umsamið þjónustugjald*“. OHF hefur afhent Samkeppnisstofnun símbref frá Olís sem sent var 6. mars 1998. Í því koma fram sömu útreikningar og sendir voru Skeljungi með framangreindu bréfi.<sup>2259</sup> Á símbrefið hafa verið ritaðar tillögur að öðrum heitum fyrir þessa greiðslu, eins og t.d. „*leiðrétt birgðaverð v/milliviðskipta*“.

Þrátt fyrir kröfubréfið gerði Skeljungur ekki upp við Olís. Þess í stað sendi fyrirtækið þann 10. mars 1998 eftirfarandi bréf til OHF og Olís:

**„Trúnaðarmál**

**Varðar: Óuppgerð þjónustugjöld**

*Meðfylgjandi er tillaga Skeljungs hf. að uppgjóri þjónustugjalda fyrir árin 1996 og 1997 hvað Skeljung varðar, árið 1997 hvað Olíufélagið varðar og árin 1975–1997 hvað Olís varðar.*

*Skv. samkomulaginu ber Skeljungi hf. að greiða hvoru hinna olíufélaganna kr. 9.058.178.- fyrir árin 1996 og 1997 vegna Reykjavíkurborgar og kr. 52.675.- vegna Hafnarsjóðs Vestmannaeyja. Samtals nemur greiðslan því kr. 9.110.853.- til hvors félags.*

*Hér er Landhelgisgæslan undanskilin enda ágreiningur um þau þjónustugjöld.*

**Olíufélaginu hf.** ber að greiða hvoru hinna félaganna kr. 434.602.- fyrir tímabilið maí til des 1997.

*Ekki er gerð krafa um uppgjör vegna Dómsmálaráðuneytis af sömu ástæðum og hvað Landhelgisgæsluna varðar.*

---

<sup>2258</sup> Landhelgisgæslan.

<sup>2259</sup> Gagn afhent af OHF. Símbref frá Olís til OHF, dags. 6.3.1998.

*Olís hf. ber að greiða Skeljungu hf. kr. 19.803.194.-, vegna þjónustugjalda á Grundartanga skv. undirrituðu samkomulagi dags. 07.08.1975 sem aldrei hefur verið efnt. ...*

*Meðfylgjandi er yfirlit heildarviðskipta þeirra aðila sem þjónustugjöldin taka til ásamt sundurliðun á greiðslum hvers félags skv. þessari tillögu.<sup>2260</sup>*

Eftirfarandi yfirlit fylgdi með bréfinu:

<b>Opinber útböð</b>				
<b>(áætlaðar magntölur í útböðsgögnum + Grundartangi)</b>				
<b><u>Nafn fyrirtækis</u></b>	<b><u>Gasolía/Svartolía ltr.</u></b>	<b><u>Bensín ltr.</u></b>	<b><u>Steinolía ltr.</u></b>	<b><u>Smurolía</u></b>
<b><u>Reykjavíkurborg</u></b>				
- Strætisvagnar	2.700.000			
- Malbikunarstöð	700.000			
- Vélamiðstöð	600.000	250.000	8.000	
	<b>4.000.000</b>	<b>250.000</b>	<b>8.000</b>	
<b><u>Landhelgisgæslan</u></b>	<b>1.980.000</b>			<b>26.000 ltr</b>
<b><u>Dómsmálaráðuneytið</u></b>	<b>90.000</b>	<b>650.000</b>		<b>1.300 bílar</b>
<b><u>Vestmannaeyjar</u></b>				
- Bæjarveitur	200.000	30.000		
- Sorpeyðing	100.000			
- Áhaldahús	91.000	9.000		1.000.000 kr.
- Hafnarsjóður	50.000	3.000		
	<b>441.000</b>	<b>42.000</b>		<b>1.000.000</b>
<b><u>Grundartangi</u></b>	<b>330.000</b>	<b>2.000</b>		<b>5.000 ltr</b>
<b>Samtals</b>	<b>6.841.000</b>	<b>944.000</b>	<b>8.000</b>	
Skipting milli félaga:				
<b>Skeljungur hf.</b>	<b><u>6.030.000</u></b>	<b><u>253.000</u></b>	<b><u>8.000</u></b>	
<b>Olíufélagið hf.</b>	<b><u>481.000</u></b>	<b><u>689.000</u></b>		<b><u>Athuga</u></b>
<b>Olís hf.</b>	<b><u>330.000</u></b>	<b><u>2.000</u></b>		<b><u>31.000 ltr.</u></b>

<sup>2260</sup> Bréf Friðriks Stefánssonar til Jóns Halldórssonar, dags. 10.3.1998 (Hs. nr. 4961). Bréf Friðriks Stefánssonar til Þórólfs Árnasonar, dags. 10.3.1998 (Hs. nr. 3167).



Samkeppnisstofnun hefur beðið höfund framangreindra gagna að skýra þau. Í skýrslu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu segir fyrst þetta:

*„FS sagði að óumdeilt væri að oliufélögin hafi sammælt í útboði Reykjavíkurborgar í september 1996. Það mál væri hins vegar það eina þar sem FS teldi að félögin hafi haft þess háttar samstarf. FS kvaðst muna eftir að sótt hafi verið að Skeljungu um uppgjör vegna annarra mála. Umrætt bréf lýsti viðbrögðum hans við slíkum kröfum.“*

Framkvæmdastjóranum var þá bent á að í bréfi hans segði m.a. „*Skv. samkomulaginu*“, og virtist ljóst að þar væri ekki aðeins vísað til viðskipta við Reykjavíkurborg, heldur einnig m.a. til Vestmannaeyjabæjar og Landhelgisgæslunnar. Í sama bréfi segði að ekki væri gerð krafa um uppgjör vegna dómsmálaráðuneytisins, enda væri ágreiningur um þau þjónustugjöld eins og gagnvart Landhelgisgæslunni. Hlyti að vera einhver ástæða fyrir því að dómsmálaráðuneytið væri nefnt í þessu bréfi. Var framkvæmdastjórinn beðinn að útskýra hvað fælist í samkomulaginu sem vísað væri til í bréfinu, hvað hugtakið „þjónustugjöld“ merkti og til hvaða ágreinings væri vísað í bréfinu. Í svari framkvæmdastjórans segir þetta:

*„FS sagði ljóst að í bréfinu væri m.a. fjallað um uppgjör á málum sem Skeljungur teldi að ekkert samkomulag hafi verið um. Nokkur önnur opinber útboð voru rædd meðal félaganna en ekki varð niðurstaða í þeim viðræðum. Uppsetning Skeljungs í umræddu bréfi varðandi Vestmannaeyjabæ var til þess að skapa félaginu samningsstöðu og búa til aðlaðandi pakka til að fallist yrði á uppgjörið.“*

Með tilvísun til efnis ofangreindra gagna var framkvæmdastjórinn beðinn um að útskýra þetta nánar. Í svari hans segir að hann telji að orðið samkomulag vísi aðeins til viðskipta við Reykjavíkurborg og að þjónustugjöld vísi til hlutdeildar í framlegð vegna viðskipta við Reykjavíkurborg.<sup>2261</sup> Afrit af framangreindum gögnum fundust hjá aðstoðarforstjóra Skeljungs. Samkeppnisstofnun hefur beðið aðstoðarforstjóran um að skýra þessi gögn. Hann hefur sagt að honum hafi verið falið að ganga frá uppgjöri á framlegð vegna Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti kveðst hann ekkert vita um þetta mál.<sup>2262</sup> Aðstoðarforstjórinn hefur fullyrt að hann hafi ekki séð framangreind gögn fyrir en haldlögðum skjölum hans var skilað frá Samkeppnisstofnun.

Hjá aðstoðarforstjóra Skeljungs fannst sambærilegt yfirlit og sundurliðanir og þær sem sendar voru OHF og Olís með bréfunum frá 10. mars 1998.<sup>2263</sup> Þau gögn eru þó

<sup>2261</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

<sup>2262</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>2263</sup> Ódagsett skjal með fyrirsögninni „Opinber útboð (áætlaðar magnölur í útboðsgögnum + Grundartangi)“ (Hs. nr. 7619).

frábrugðin að því leyti að þar er gert ráð fyrir því að OHF greiði hinum félögunum rúma 1,7 millj. kr. vegna dómsmálaráðuneytisins og að Skeljungur greiði Olís tæpar 3 millj. kr. og OHF sömu upphæð vegna Landhelgisgæslunnar. Var aðstoðarforstjórinn beðinn um að skýra þessi skjöl og hvers vegna ráð væri fyrir því gert í þessum skjölum að Skeljungur myndi greiða hinum olíufélögunum vegna viðskipta við Landhelgisgæsluna og fengi greitt vegna viðskipta OHF við dómsmálaráðuneytið. Svar hans var svohljóðandi.

*„GKG kvaðst ekki telja neitt óeðlilegt við það að FS<sup>2264</sup> skrifaði hjá sér þau fyrirtæki sem ættu eftir að bjóða út, væntanlega með það í huga að marka stefnu fyrirtækisins í þeim útboðum.“*

Samkeppnisstofnun vísaði aftur til þess að skjöl þessi hefðu fundist á skrifstofu aðstoðarforstjórans. Meðal annars í því ljósi væri eðlilegt að spyrja hvort hann gæti ekki útskýrt þetta frekar. Aðstoðarforstjórinn kvaðst hins vegar engar frekari skýringar geta gefið.<sup>2265</sup> Eins og framangreint svar aðstoðarforstjórans gefur til kynna er framkvæmdastjóri markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungu höfundur að þessum skjölum. Samkeppnisstofnun hefur beðið hann um að útskýra þau en hann kveðst ekki geta það.<sup>2266</sup>

Samkeppnisráð telur framangreindar skýringar órökréttar og ótrúverðugar. Jafnframt eru þær í ósamræmi við framangreind gögn Skeljungs frá 1998. Það er til að mynda mjög ósennilegt að Skeljungur hafi boðist til að greiða Olís og OHF fjárhæð vegna viðskipta við Vestmannaeyjabæ ef engar skuldbindingar hafi staðið til þess. Það er einnig ótrúlegt að Skeljungur hafi kafið Olís um tæpar 20 millj. kr. ef félagið teldi engin rök fyrir slíkri kröfu. Jafnframt er það ótrúverðugt að ædstu stjórnendur fyrirtækisins geti ekki skýrt mikilvæg skjöl sem þeir hafa samið eða haft undir höndum. Samkeppnisráð telur gögnin frá 1998 sýna að Skeljungur hafi talið „þjónustugjöldin“ taka til Reykjavíkurborgar, Landhelgisgæslunnar, dómsmálaráðuneytisins, ÍJ og Vestmannaeyjabæjar. Það þýðir að fyrirtækið hafi talið að í gildi væri samkomulag um að skipta ætti sölu eða framlegð vegna viðskipta við þessa aðila. Önnur gögn málsins sem hafa verið og verða reifuð styðja að samkomulag um þessa markaðsskiptingu hafi verið í gildi.

Í kafla IV 10 er gerð grein fyrir útboði Flugfélags Íslands í apríl 1998. Í þeim kafla er rökstutt að Olís hafi fallist á að hafa samráð við Skeljung um gerð tilboða vegna þess útboðs sem miðaði að því að Skeljungur héldi viðskiptunum. Gegn þessu myndi Skeljungur gera upp skiptinguna á framlegðinni vegna viðskipta við Reykjavíkurborg.

<sup>2264</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungu.

<sup>2265</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>2266</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

Er vísað hér til þeirrar umfjöllunar. Uppgjörið dróst vegna sumarleyfa aðstoðarforstjóra Skeljungs og fór fram í júlí 1998. Í því fólst að Skeljungur greiddi OHF 9.058.178 kr. og Olís sömu fjárhæð. Kemur fram á reikningum að þetta væru „þjónustugjöld skv. samkomulagi“<sup>2267</sup> Með þessu móti hafði Skeljungur gert upp við Olís og OHF vegna viðskipta við Reykjavíkurborg frá gildistöku samninga eftir útboðið 1996 og til og með árinu 1997. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er staðfest að félagið hafi fengið þessa greiðslu frá Skeljungu. Umræður um efndir og uppgjör vegna annarra aðila héldu hins vegar áfram.

Þann 11. maí 1998 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu tölvupóst til forstjóra Skeljungs, forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís. Efni tölvupóstsins var „þjónustugjöld“ og gerði framkvæmdastjórinn grein fyrir viðræðum sínum við fyrrverandi forstjóra Skeljungs um samninginn um ÍJ en hann var einn þeirra sem undirrituðu hann. Í tölvupóstinum segir þetta:

*„Af gefnu tilefni átti undirritaður fund með IP<sup>2268</sup>, sem var einn þeirra þriggja sem stóðu að samningnum frá 07.08.1995<sup>2269</sup> til að ganga úr skugga um það hvort einhver sérgreind sjónarmið hefðu legið til grundvallar því að þessi tilteknu þjónustugjöld hefðu ekki verið gerð upp.*

*Hann rifjaði upp að OÍ<sup>2270</sup> hefði sérstaklega verið falin umsjón með málinu eins og tilgreint er í 3. mgr. minnisblaðsins, þar sem OS<sup>2271</sup> fór þegar á þeim tíma með umsjón með sambærilegu verkefni á Reykjanesi<sup>2272</sup> og með þessi þjónustugjöld hefði átt að fara á nákvæmlega sama hátt og þar er gert og hefur alltaf verið gert.*

*Hafi þessi þjónustugjöld ekki verið gerð upp hljóti þar mannleg mistök/gleymiska að koma til. Aðilar hafi ekki í sinni tíð samið sig frá samkomulaginu og það sé því í fullu gildi.*

*Vona að þetta flýti fyrir uppgjöri.*<sup>2273</sup>

---

<sup>2267</sup> Reikningur OHF til Skeljungs, dags. 7.7.1998, vegna „Þjónustugjalda skv. samkomulagi“. Tvö eintök, annað lagt fram af OHF. Hitt fannst hjá Skeljungu og á það er ritað „Rétt“ (Hs. nr. 7618). Reikningur Olís til Skeljungs, dags. 31.7.1998 og á hann er ritað „Sp“ (Hs. nr. 7617)

<sup>2268</sup> Indriði Pálsson fyrrum forstjóri Skeljungs.

<sup>2269</sup> Samkeppnisstofnun telur ljóst að þetta sé misritun. Samningurinn um ÍJ var gerður 1975.

<sup>2270</sup> Olís.

<sup>2271</sup> Skeljungur.

<sup>2272</sup> Að mati Samkeppnisstofnunar er hér verið að vísa til ÍSAL.

<sup>2273</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Friðriki Stefánssyni til Kristins Björnssonar, Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 11.5.1998 kl. 13:31.

Sýnir þetta skýra afstöðu Skeljungs til samningsins frá 1975. Jafnframt dregur þessi tölvupóstur enn úr trúverðugleika framangreinds framburðar framkvæmdastjóra markaðssviðs stórvíðskipta hjá Skeljungi. Þann 26. júní 1998 sendi framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís tölvupóst til aðstoðarforstjóra Skeljungs. Tilgangur tölvupóstsins var að fá Skeljung til að hraða framkvæmd uppgjorsins vegna Reykjavíkurborgar. Aðstoðarforstjórinn svaraði og minnti framkvæmdastjórann hjá Olís á að hann skuldaði enn uppgjör vegna ÍJ.<sup>2274</sup> Sýnir þetta að aðstoðarforstjóri Skeljungs kom að öðrum markaðsskiptingarmálum en Reykjavíkurborg og að framburður hans fyrir Samkeppnisstofnun sé að þessu leyti ótrúverðugur.

Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF hvers vegna samningurinn um ÍJ hafi ekki verið efndur. Í svari hans segir þetta:

*„GM kvaðst ekki geta útskýrt hvers vegna ekki hefði verið farið eftir samningi um skiptingu á viðskiptum á Grundartanga. Hann tók þó fram að traust milli forstjóra olíufélaganna væri mun minna hin síðari ár en þegar samningurinn var gerður árið 1975. GM taldi hins vegar líklegt að krafa Skeljungs um uppgjör á skiptisölu vegna ÍJ hafi verið sett fram sem mótleikur vegna kröfu á hendur Skeljungi vegna SVR.“<sup>2275</sup>*

Forstjórar olíufélaganna þrígga hittust á fundi 9. desember 1998. Samkvæmt dagskrá fundarins sem forstjóri OHF lét Samkeppnisstofnun í té voru 15 mál til umræðu á fundinum. Auk þessarar dagskrár lét forstjórinn Samkeppnisstofnun í té bæði handskrifaða og prentaða minnispunkta sína um fundinn.<sup>2276</sup> Forstjóri Olís sendi tölvupóst til undirmanna sinna 10. desember 1998 og lýsti umræðum forstjóranna varðandi 10 málefni.<sup>2277</sup> Á dagskránni var m.a. umræða um „Málefni Grundartanga“. Samkvæmt tölvupósti forstjóra Olís lagði hann fram tillögu í málinu. Í henni bauðst Olís til að greiða OHF og Skeljungi rúmlega 1 millj. kr. vegna framlegðar Olís af viðskiptum við ÍJ frá 1978–1993. Forsendur tillögunnar voru þessar:

- „1. Útboð fór fram 13.01.94. Ekkert rætt um skipti þá.*
- 2. Reiknað kr. 0,54 frá '92, eftir að framlegð fór að hækka, sem er sama og samkomulag varð um varðandi Landhelgisgæsluna 18/9'96.*  
*Árin þar á undan reiknað kr. 0,35 og magn áætlað.*

<sup>2274</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Kristjáns B. Ólafssonar, dags. 26.6.1998 kl. 16:16.

<sup>2275</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 8.5.2002.

<sup>2276</sup> Gögn afhent af OHF. Dagskrá fundar forstjóra olíufélaganna 9.12.1998. Handskrifaðir og prentaðir minnispunktar forstjóra OHF vegnar fundar forstjóra olíufélaganna 9.12.1998.

<sup>2277</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Einari Benediktssyni til Jóns Halldórssonar, Thomasar Möller, Kristjáns B. Ólafssonar og Samúels Guðmundssonar, dags. 10.12.1998 kl. 14:12.

3. Engin þátttaka hefur verið reiknuð vegna flutningskostnaðar, tækja og búnaðar.
4. Framhald ræðst af því, hvort samkomulag tekst um óleyst mál af sama toga, svo sem Landhelgisgæsluna, Dómsmálaráðuneytið og Póst og síma. Einnig vaknar spurning um Norðurál.“

Eintök af þessari tillögu fundust hjá forstjóra Olís og Skeljungs og aðstoðarforstjóra Skeljungs. Á eintak forstjóra Olís er skrifað að tillagan hafi verið lögð fram á fundi með forstjórum Skeljungs og OHF 9. desember 1998.<sup>2278</sup> Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra Olís hvort framangreint gagn feli ekki í sér staðfestingu á því að oliufélögin hafi náð víðtæku samkomulagi um samstarf varðandi útboð og skiptisölu. Svar forstjórans var svohljóðandi:

*„EB sagði að í þessu tilviki hefði Olís verið að sækja á hin félögin og hann sett fram þá hugsun að félögin væru ennþá í þeim stellingum að semja um skiptisölu vegna opinberra fyrirtækja og stóriðju. Aðspurður um þá staðreynd að Norðurál væri þarna nefnt, en upplýsingar lægju einnig fyrir frá OHF um að Olís hefði krafist skipta vegna þeirra viðskipta, sagði EB að JH, sem hefði farið með þessi mál fyrir hönd Olís, hefði sagt sér að óeðlilegt væri af Olís að gera slíka kröfu, þar sem oliufélögin hefðu ekki samið um slík skipti.“<sup>2279</sup>*

Á forstjórafundinum 9. desember 1998 bókaði forstjóri OHF hjá sér eftirfarandi atriði varðandi umræður um m.a. ÍJ:

...	
7.	Grundartangi\EB
	<ul style="list-style-type: none"> <li>· ath gögn um útboð á olíu o.fl. frá Járblendifélaginu frá 1994</li> <li>· Tillaga EB = gerir tillögu um Grundart. frá 1994-1998 1.406.000 l. samtals x 0,54</li> <li>· Landhelgisgæslan = var gert 18/09/96 <ul style="list-style-type: none"> <li>· samkomul. Skelj. 0,54 pr. l.</li> </ul> </li> </ul>
> ÞÁ/BB	Norðurál <—> Dómsmálaráðuneyti: Lögreglubílamir? Póstur og sími: ef landað öðru þá sleppa > fundur næstu viku

Forstjóri OHF vélritaði einnig þessa minnispunkta sína og í því skjali hefur hann bætt við tilvísun til Granda. Samkeppnisstofnun hefur spurt forstjóra OHF um þessar umræður. Í svari hans segir þetta:

<sup>2278</sup> Skjal forstjóra Olís með yfirskriftinni „Grundartangi“, dags. 19.11.1998 (Hs. nr. 4961, 7080 og 7620).

<sup>2279</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

„GM sagði að á fundinum hefði verið rætt um tillögur Olís um uppgjör á samkomulaginu vegna Íslenska Járblendifélagsins. Í tengslum við þær umræður á fundum forstjóranna hefðu Skeljungur og Olís sett fram ýmsar kröfur um að sölu til annarra stórnotenda, s.s. Norðuráls, eða framlegð vegna hennar yrði skipt milli félaganna. Oft hefði verið um að ræða viðskiptavinum OHF. OHF hefði ekki fallist á slíka skiptingu varðandi eldsneytisviðskiptin við Norðurál. Í þessu samhengi var einnig rætt um Landhelgisgæsluna, dómsmálaráðuneytið, Póst og síma og Granda.“<sup>2280</sup>

Eins og fram kom hér að framan fólst í tillögum forstjóra Olís að framlegð vegna ÍJ yrði gerð upp frá 1978–1993 og frekari uppgjör myndi ráðast af því hvort samkomulag tækist um framangreind „óleyst mál af sama toga“. Samkvæmt minnispunktum forstjóra OHF frá fundinum 9. desember 1998 hefur forstjóri Olís ætlað að setja fram tillögur um uppgjör vegna ÍJ fyrir árin 1994–1998. Gefur það til kynna að forstjórnarnir hafi viljað skoða þessi mál áfram. Hér má hafa í huga að hjá forstjóra Olís fannst skjal þar sem miðað er við að OHF og Skeljungur yrði greitt vegna framlegðar af viðskiptum við ÍJ á tímabilinu 1994–1998.<sup>2281</sup> Á það hefur forstjóri Olís skrifað: „Ekki verið sýnt enn 22/12 '98“.

Forstjórnar olíufélaganna hittust aftur á fundi 16. desember 1998. Samkvæmt dagskrá fundarins sem forstjóri OHF hefur látið Samkeppnisstofnun í té voru 6 mál á dagskrá. Fjórði liðurinn á dagskrá var Grundartangi, fimmti liðurinn var dómsmálaráðuneytið og sjötti liðurinn var Norðurál.<sup>2282</sup> Samkeppnisráð telur að á þessum fundi hafi Skeljungur lagt fram athugasemdir við tilboðið sem Olís lagði fram á fundinum 9. desember 1998. Afrit af þessum athugasemdum fannst hjá Olís og aðstoðarforstjóra Skeljungs.<sup>2283</sup> Í athugasemdunum er vísað til atriða í tilboði Olís og þeim svarað.

#### Grundartangi

#### Athugasemdir við minnispunkta EB

1. Útboðið fór fram 13.01.94. Ekkert rætt um skipti þá.

*Rangt, ákveðið var að halda óbreyttu fyrirkomulagi í eldsneyti, samkvæmt upplýsingum BSJ.<sup>2284</sup> Samningur því enn í fullu gildi enda aldrei sagt upp.*

2. Reiknað kr. 0,54 frá '92 eftir að framlegð fór að lækka, sem er sama og samkomulag varð um varðandi Landhelgisgæsluna 18/9 '96.

<sup>2280</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF, dags. 1.8.2002.

<sup>2281</sup> Skjal forstjóra Olís með yfirskriftinni „Grundartangi“, dags. 4.11.1998 (Hs. nr. 4961).

<sup>2282</sup> Gagn afhent af OHF. Dagskrá forstjórafundarins 16.12.1998.

<sup>2283</sup> Ódagsett gagn með yfirskriftinni „Grundartangi Athugasemdir við minnispunkta EB“ (Hs. nr. 4961 og 7620).

<sup>2284</sup> Bjarni S. Jónsson fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Skeljungu.

*Samkomulag um Landhelgisgæsluna tók aldrei gildi þar sem öllum tilboðum var hafnað. Sú viðmiðun sem vísað er til byggðist á öðrum tegundum þ.e. jet og skipagasolíu með mun lægri álagningu. Í þeim tilfellum þar sem öllum tilboðum er hafnað, gildir óbreytt fyrirkomulag sbr. Dómsmálaráðuneytið og Grandi. Litið er á að hér gildi það sama og varðar önnur opinber fyrirtæki sem ekki hafa farið í útboð s.s. Vegagerðin, Landsvirkjun og Rarik enda hafa þau afráðið að fara ekki í útboð í ljósi þessarar niðurstöðu (framlegðin hefur verið varin)*

3. Engin þátttaka hefur verið reiknuð vegna flutningskostnaðar tækja og búnaðar.

*Sá hluti framlegðar sem skipt er að teknu tilliti til afgreiðslu, flutnings og umsýslukostnaðar. Olís hefur fengið greidda flutningsjöfnun miðað við næsta sölustað sem er Akranes.*

4. Sjá lið 2.

...

Samkeppnisstofnun hefur spurt aðstoðarforstjóra Skeljungs um hvort hann sé höfundur að þessu skjali. Hann kvaðst í fyrstu efast um að hann hefði samið skjalið en við „*nánari umhugsun sagði GKG þó að það gæti verið að hann hafi samið þessar athugasemdir. Aðalatriðið væri þó að það væri rangt sem þar væri haldið fram að olíufélögin hafi haft samráð um útboð ÍJ í janúar 1994. Hugsanlega hafi hann fengið rangar upplýsingar og sett þær niður á blað. Vegna þessa hafi ekkert verið gert með þessar upplýsingar hjá Skeljungu.*“<sup>2285</sup> Engin gögn er hins vegar að finna í málinu sem gefa til kynna að innan Skeljungs hafi verið litið svo á að um rangar upplýsingar væri að ræða. Það er rangt hjá aðstoðarforstjóranum að ekkert hafi verið gert með þessar upplýsingar varðandi ÍJ, sbr. umfjöllun hér á eftir. Aðspurður um ofangreint gagn hefur forstjóri Olís sagt að hann hafi verið ósammála Skeljungu og talið að ekkert samkomulag hafi verið gert í tengslum við útboð ÍJ 1994.<sup>2286</sup>

### 11.3. Atvik á árinu 1999

Þann 8. janúar 1999 sendi forstjóri Olís tölvupóst til forstjóra OHF og Skeljungs. Í honum vísaði hann til síðasta fundar þar sem ákveðið hafi verið að hann hefði frumkvæði að því að boða til næsta fundar þegar hann væri „*tilbúinn með viðbrögð við Grundartanga málinu.*“<sup>2287</sup> Forstjórufundurinn var haldinn 18. janúar 1999.<sup>2288</sup> Samkvæmt handskrifuðum minnispunktum forstjóra OHF voru 13 málefni á dagskrá.<sup>2289</sup> Í minnispunktum forstjóra OHF segir m.a. þetta:

<sup>2285</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<sup>2286</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>2287</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Einari Benediktssyni til Geirs Magnússonar og Kristins Björnssonar, dags. 8.1.1999 kl. 14:13.

<sup>2288</sup> Sjá t.d. dagbók forstjóra Olís, færsla 18.1.1999 (Hs. nr. 4002).

<sup>2289</sup> Gagn afhent af OHF. Minnispunktur Geirs Magnússonar með yfirskriftinni „*Forstjórufundur*“, dags. 18.1.1999.

„12. Grundartangi  
EB lagði fram tillögu dags. 18/1/99

*Vestmannaeyjabær. eitthvað stillt saman. bréf 11/12/97*  
*Dómsmála.*“

Í hinni nýju tillögu forstjóra Olís fólst að félagið bauðst nú til að greiða OHF og Skeljungi hærrí upphæð vegna árána 1978–1993, rúmar 2 millj. kr. í stað 1 millj. kr. áður. Áréttað var í nýja tilboðinu að greiðslur vegna viðskipta eftir 1994 réðust af því hvort samkomulag tækist um óleyst mál af sama toga. Í því sambandi var aftur vísað til m.a. Landhelgisgæslunnar og dómsmálaráðuneytisins. Á eintak sitt af tillögunni hefur forstjóri Skeljungs skrifað „e. '94 tæpl. 4.0m.“ sem vart verður skilið öðruvísi en tilvísun til greiðslu vegna hlutdeildar í framlegð vegna sölu til ÍJ fyrir tímabilið eftir 1994.<sup>2290</sup>

Forstjóri Skeljungs svaraði þessari tillögu með bréfi sem hann sendi forstjóra Olís. Bréfið er dagsett 4. febrúar 1999 og var samrit þess sent forstjóra OHF.<sup>2291</sup> Í bréfinu eru gerðar ýmsar athugasemdir við forsendur í tillögu Olís. Í bréfinu segir einnig þetta:

„**Útboðið 13. janúar 1994:**

*Í bréfi Íslenska Járblendifélagsins hf. dagsett 13. janúar 1994, er óskað tilboða í eldsneyti, sem og smurolíur og aðrar tilgreindar rekstrarvörur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrrverandi starfsmenn Skeljungs hafa veitt, var óformlegt samkomulag um óbreytt fyrirkomulag á Grundartanga, þ.e. áframhaldandi rekstur Olís með skiptingu framlegðar. Það er í fullu samræmi við venjur og hefðir sem skapast hafa í sambærilegum málum.*

*Eðli málsins skv. er ekki hægt að kalla til þá aðila sem að þessu máli komu þar sem málið er að sjálfsögðu mjög viðkvæmt. Eftir stendur, jafnvel þótt túlkun útboðs sé umdeild, að undirrituðu samkomulagi frá 7. ágúst 1975 hefur aldrei verið rift af Olís hálfu og verður að líta svo á að samkomulag um skiptingu framlegðar sé enn í fullu gildi. Því er óeðlilegt að tengja lúkningu þessa máls öðrum málum, s.s. útboðs Landhelgisgæslunnar, Dómsmálaráðuneytisins og Norðuráli þar sem samningar eru ófrágengnir enda forsendur allt aðrar þar sem tilboðum var hafnað.*

*Niðurstaða Skeljungs hf.*

<sup>2290</sup> Skjal forstjóra Olís með yfirskriftinni „Grundartangi“, dags. 18.1.1999 (Hs. nr. 7080).

<sup>2291</sup> Bréf Kristins Björnssonar til Einars Benediktssonar, dags. 4.2.1999 (Hs. nr. 7080).



*Krafa Skeljungs er því kr. 6.154.514 án VSK sbr. meðfylgjandi útreikningi. Hlýtur að mega fallast á, að hér er reynt til hins ýtrasta að koma til móts við önnur framkomin sjónarmið í málinu.“*

Forstjóri Skeljungs hefur verið spurður um hvort þetta bréf sýni ekki að um hafi verið samið að OHF myndi skipta framlegð vegna viðskipta við dómismálaráðuneytið. Forstjórinn sagði að bréfið hafi verið „skrifað í framhaldi af því að Skeljungur hafði gert upp við hin félögin framlegð vegna viðskipta við Reykjavíkurborg til ársloka 1997. Vildi Skeljungur þá hætta þessari skiptingu. Við þessar aðstæður kvaðst KB hafa gripið það ráð að vísa til samnings olíufélaganna þriggja frá árinu 1975, sem undirritaður var af þáverandi forstjórum félaganna. Vörn Skeljungs fólst m.ö.o. í því að félagið ætlaði ekki að halda áfram þessari skiptingu, enda hefðu hin félögin ekki staðið við aðra samninga. Sagði KB að sér hafi þannig hlaupið kapp í kinn við að verja þá skoðun Skeljungs að hætta ætti framlegðarskiptingu vegna Reykjavíkurborgar og vísað til þessa gamla samnings olíufélaganna frá 1975.“ Undir lok bréfsins kæmi fram sú skoðun Skeljungs að óeðlilegt sé að tengja lúkningu þessa máls (þ.e. uppgjör á framlegð vegna viðskipta við ÍJ) öðrum málum, s.s. útboðs Landhelgisgæslunnar, dómismálaráðuneytisins og Norðuráls, þar sem samningar væru ófrágengnir og forsendur allt aðrar, þar sem tilboðum var hafnað. Sagði forstjórinn um þetta „að olíufélögin hafi ekki gert samninga um Landhelgisgæsluna, dómismálaráðuneytið og Norðurál, heldur bara talað um þau mál.“<sup>2292</sup> Forstjóri Skeljungs hefur líka haldið því fram að eftir að hann skrifaði þetta bréf hafi honum verið tjáð af fyrrum starfsmanni fyrirtækisins að skilningur hans væri rangur og ekkert samstarf hafi verið milli olíufélaganna tengt útboði ÍJ 1994.

Samkeppnisráð telur framangreinda skýringu forstjóra Skeljungs ekki trúverðuga. Hvergi kemur fram í umræddu bréfi eða öðrum gögnum frá þessum tíma að Skeljungur hafi viljað hætta samstarfinu um Reykjavíkurborg vegna vanefnda Olís á samkomulaginu um ÍJ. Skeljungur hafi þvert á móti efnt samkomulag um Reykjavíkurborg að hluta og krafðist efnda frá Olís vegna ÍJ. Jafnframt verður hér að líta til kafla IV 13. Þar kemur fram að Skeljungur hafi farið fram á samstarf við hin félögin vegna útboðs Reykjavíkurborgar 2001. Það styður ekki framangreind sjónarmið forstjóra Skeljungs. Í bréfi forstjóra Skeljungs er vísað með skýrum hætti til þess að samningar hafi gilt um m.a. Landhelgisgæsluna og dómismálaráðuneytið. Er það í samræmi við önnur skýr gögn frá m.a. 1997 og 1998 um að olíufélögin hafi samið um að skipta framlegð vegna viðskipta við þessa aðila. Ekki er hægt að leggja til grundvallar órökstuddar fullyrðingar forstjóra Skeljungs um annað. Líta ber einnig til þess að hvað sem líður ágreiningi um útboð ÍJ 1994, kemur skýrt fram í bréfi forstjóra Skeljungs það mat að samningurinn frá 1975 hafi verið í fullu gildi.

<sup>2292</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Skeljungs, dags. 25.10.2002.

Þann 9. febrúar 1999 sendi forstjóri Olís bréf til forstjóra Skeljungs. Afrit var sent til forstjóra OHF. Í bréfinu er vísað til viðræðna olíufélaganna um ÍJ og til bréfs Skeljungs frá 4. febrúar 1999. Síðan segir þetta í bréfinu:

*„Fyrir liggur tilboð Olís með minnisblaði dags. 18/1 sl.*

*Með ofangreindu bréfi Skeljungs hafnar félagið fyrir sitt leyti fyrrgreindu tilboði Olís, en ekkert liggur fyrir um afstöðu Olíufélagsins.*

*Með hliðsjón af því að viðræður hafa staðið um málið og samkomulag hefur ekki tekist um lyktir þess, endursendist hér einhliða reikningur sá, dags. 31/12'98, er fylgdi fyrrgreindu bréfi Skeljungs 4/2 sl. að upphæð kr. 6.154.514 án vsk.*

*Af okkar hálfu er þó lýst yfir vilja til frekari viðræðna í þeirri von að samkomulag geti tekist um lyktir málsins.“<sup>2293</sup>*

Þann 24. maí 1999 sendi starfsmaður Skeljungs tölvupóst til forstjóra félagsins og framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Benti hann á að milliuppgjör væri að nálgast fljótt og taldi hann nauðsynlegt að haldinn yrði fundur til að taka ákvörðun í tilteknum málum, m.a. „Grundartangi – staða mála við Olís“ og „Kísiliðjan – staða mála við ESSO“.<sup>2294</sup> Er þetta gagn til frekari vitnis um að Skeljungur hafi talið samkomulagið um ÍJ í gildi.

Þann 13. september 1999 sendi forstjóri Olís tölvupóst til m.a. framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda og spurði hvort fyrirtækið væri búið að fá skiptisölu vegna skipsins Sveins Benediktssonar sem væri í eigu SR-mjöls. Fjallað er um samstarf olíufélaganna vegna SR-mjöls í kafla VIII 6. Starfsmaður Olís svaraði forstjóranum og kannaðist ekki við þetta. Forstjóri Olís sendi þá annan tölvupóst og bað framkvæmdastjóran að ganga eftir því að þetta skilaði sér. Síðar segir í tölvupóstinum:

*„JH vinsamlegast kanna við Ragnar Boga<sup>2295</sup> hvort þeir hafa fengið uppgjör frá Shell vegna SVR. Tel ekki rétt að þú ræðir þetta við Friðrik<sup>2296</sup>, því þá kemur bara upp Grundartanga málið sem enn er óafgreitt. Grundartanga*

<sup>2293</sup> Bréf Einars Benediktssonar til Kristins Björnssonar, dags. 9.2.1999 (Hs. nr. 7080).

<sup>2294</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Frá Árna Á. Árnasyni til Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 24.5.1999 kl. 18:31.

<sup>2295</sup> Ragnar Bogason framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF.

<sup>2296</sup> Friðrik Stefánsson framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

*málið gæti þýtt að Shell hafi gert SVR upp við Esso en látið okkur bíða. Er ekki rétt að þú kannir stöðu útboðs SVR.* <sup>2297</sup>

#### 11.4. Atvik á árinu 2000

Í kafla IV 12 er gerð grein fyrir samskiptum oliufélaganna vegna útboðs ÍJ í febrúar 2000. Rétt er rifja upp að ÍJ óskaði þann 4. febrúar 2000 eftir tilboðum frá oliufélögunum og var skilafrestur til 22. febrúar 2000. Gögn málsins gefa til kynna að a.m.k. Skeljungur hafi viljað nota þetta útboð til að knýja á um að útistandandi kröfur um skiptisölu yrðu gerðar upp.

Þann 5. febrúar 2000 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi tölvupóst til forstjóra félagsins og aðstoðarforstjóra og greindi frá nefndu útboði. Í tölvupósti hans kemur einnig fram að skoða þyrfti þetta „í sögulegu samhengi og spurning hvort ekki er hægt að klára ýmis eldri mál, þar sem loks skapast aðgengi að þessu ágæta félagi.“ Forstjóri Skeljungs svaraði og spurði hvort Olís hefði „rætt málið.“ <sup>2298</sup>

Eins og lýst er í kafla IV 12 greindi forstjóri Olís framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda frá því 14. febrúar 2000 að forstjóri Skeljungs hefði hringt og viljað ræða umrætt útboð. Þar er einnig greint frá að forstjórar Olís og Skeljungs virðast hafa hist 16. febrúar 2000. Þann 17. febrúar 2000 sendi forstjóri OHF tölvupóst til forstjóra Skeljungs og var efni hans „fundur 18.2.2000 kl. 8.00“. Í tölvupóstinum segir þetta:

*„Ég geri það að tillögu minni að við tökum aðeins fyrir uppgjörsmál á fundinum og frestum öðru. Óuppgert er: Grundartangi, SVR, Raufarhöfn og Kísiliðjan. Ef ég gleymi einhverju þá bætið þið við.*

*Málefnið fyrir annan fund eru: Nýr samningur um Örfirsey milli ODR og Skeljungs. Hagsmunafélag oliufélaganna??*

*Vinsamlegast eyðið þessari orðsendingu þegar þið hafið lesið hana.* <sup>2299</sup>

Forstjóri Skeljungs framsendi þennan póst til aðstoðarforstjóra félagsins og spurði hann hvort þetta séu einu málin sem óuppperð séu. Í svari hans segir þetta:

*„Það er spurning um Dómsmálaráðuneytið, en þá munu þeir væntanlega benda á Landhelgisgæsluna. Ég kannast ekki við ágreining varðandi*

<sup>2297</sup> Tölvupóstur milli m.a. Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 13.9.1999 kl. 10:21 og 15:30 (Hs. nr. 4333).

<sup>2298</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Milli Friðriks Stefánssonar, Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 5.2.2000 kl. 11:02 og 7.2.2000 kl. 16:54.

<sup>2299</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungi. Frá Geir Magnússyni til Kristins Björnssonar, dags. 17.2.2000 kl. 10:52.

*Raufarhöfn, þar er skiptisala vegna SR 40/40/20 og önnur skipting er 33/33/33.*

*Ætlar þú ekki að afboða eða fresta fundinum?*

*Það er sjálfsagt að eyða þessu en mér finnst glannalegt að senda þetta svona í gegnum netþjóna út um allan bæ. “<sup>2300</sup>*

Í dagbók forstjóra Olís 18. febrúar 2000 er bókað að hann eigi fund með forstjóra OHF, sbr. kafla IV 12. Eins og fram kemur þar hafa forstjórar OHF og Skeljungs lýst því yfir að þeir muni ekki eftir viðræðum milli olíufélaganna um málefni tengd þessu útboði ÍJ. Í skýrslu forstjóra Olís segir hins vegar þetta:

*„EB staðfesti að samtöl hefðu átt sér stað milli félaganna í tengslum við þetta útboð. Á þessum tíma hefði ennþá verið til staðar óleystur ágreiningur félaganna vegna uppgjors á skiptisölu frá fyrri árum. Hefði hann gefið til kynna að ef samkomulag næðist um þau mál, kæmi til greina samstarf um ÍJ í anda samkomulags um Ísal og Kísiliðjuna. Kvaðst EB þarna hafa reynt að knýja KB til að gera skil á óuppgerðri skiptisölu, sem einkum tengdist viðskiptum við SVR. Þessi samtöl hefðu hins vegar ekkert leitt af sér og var ekkert samkomulag gert hvorki um þátttöku í útboðinu né annað. “<sup>2301</sup>*

Samkeppnisráð telur að í þessu samhengi verði að líta til gagns frá aðstoðarforstjóra Skeljungs. Í minnisbók hans er eftirfarandi ritað:

*„Reykjavíkurborg  
1996–1997                      1998–1999  
lok árs '95  
Flugið –Flugleiðir-  
LHG ekki skilað                SVR+Malb+Vélam  
(Hafnarsj Vestmanna)  
Vegagerðin án útboðs”<sup>2302</sup>*

Aðstoðarforstjórinn kveðst ekki geta útskýrt þetta gagn. Í hans huga sé þetta órætt og óskiljanlegt.<sup>2303</sup> Þessir minnisþættir eru ódagsettir en miðað við aðrar bókanir í minnisbókinni er líklegt að þetta sé ritað í janúar eða febrúar 2000. Telur samkeppnisráð líklegast að þetta gagn tengist forstjórafundinum 18. febrúar 2000.

<sup>2300</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli Kristins Björnssonar og Gunnars Karls Guðmundssonar, dags. 17.2.2000 kl. 13:03 og 13:31.

<sup>2301</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

<sup>2302</sup> Minnisbók Gunnars Karls Guðmundssonar (Hs. nr. 7605).

<sup>2303</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

Framangreind gögn frá árinu 2000 staðfesta að olúfélögin hafi talið að samkomulag um framlegðarskiptingu gildi varðandi viðskipti við m.a. ÍJ, dómsmálaráðuneytið og Landhelgisgæsluna. Gögnin eru einnig til ennfrekari stuðnings þeim niðurstöðum sem koma fram í kafla IV 12.

#### 11.5. Umræður 2001 um lok skiptisölu og nýja markaðsskiptingu

Eins og nefnt er í kafla IV 13 áttu sér stað á árinu 2001 margir viðræðufundir milli olúfélaganna um skiptingu milli þeirra á viðskiptum við tiltekna viðskiptavini. Að sögn OHF og Olís hófust þessar viðræður að frumkvæði Skeljungs og hafi fyrirtækið lagt til að þágildandi fyrirkomulagi á skiptisölu eða skiptingu framlegðar yrði hætt. Þess í stað myndu olúfélögin ná nýju samkomulagi um markaðsskiptingu sem í myndi felast að olúfélögin héldu hvert um sig tilteknum viðskiptavinum. Að mati OHF og Olís hafi tilgangur Skeljungs verið að reyna að sannfæra hin félögin um að Skeljungur gæti haft viðskiptin við ÍSAL og Reykjavíkurborg í friði þrátt fyrir að skiptisölu yrði hætt.<sup>2304</sup> Samkeppnisstofnun hefur beðið þá starfsmenn Skeljungs sem sátu þessa fundi að gera grein fyrir þeim. Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hefur sagt að á árinu 2001 hefðu farið fram viðræður vegna „*gamalla samstarfsmála*“ olúfélaganna. Á þessum fundum hefðu menn leitað leiða til þess að félögin gætu „*hætt því samkrulli sem tíðkast hefði*.“<sup>2305</sup> Ekki hefði hins vegar „*gengið vel að finna lausn sem allir gátu sætt sig við*.“ Aðstoðarforstjóri Skeljungs segist kannast við samtöl við hin félögin um „*ýmis fortíðarmál, sem ekki hafi fundist á lausn á árinu 1998*“. Þar hefðu viðskipti við ÍSAL verið rædd. Skeljungur hefði viljað hætta allri skiptisölu og um það hefðu allir verið sammála.<sup>2306</sup> Verður nú gerð nánari grein fyrir þessu.

Þann 18. júní 2001 sendi aðstoðarforstjóri Skeljungs tölvupóst til framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá OHF og þakkaði honum fyrir ágætan fund um morguninn. Tók hann einnig fram að „*önnur mál sem við ræddum eru nú þegar í skoðun. Hef samband við þig í næstu viku*.“<sup>2307</sup> Framkvæmdastjórinn hjá OHF hefur upplýst að þessi fundur hefði verið haldinn að frumkvæði Skeljungs og rætt hefði verið um skiptisölu, sbr. nánar hér á eftir. Þann 26. júlí 2001 hittust á fundi framkvæmdastjórar markaðssviða stórnotenda hjá OHF og Olís og aðstoðarforstjóri Skeljungs. Hjá OHF fundust þessir minnisþingir framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá félaginu sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið um á fundinum:

---

<sup>2304</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 8.5.2002. Einnig fundargerð með sömu aðilum, dags. 3.4.2002. Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>2305</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu, dags. 7.11.2002.

<sup>2306</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 7.11.2002.

<sup>2307</sup> Tölvupóstur frá Gunnari Karli Guðmundssyni til Ragnars Bogasonar, dags. 18.6.2001 kl. 13:44 (Hs. nr. 2252).

„26/7 '01

*Gunnar Karl / Jón H. / R.B.*

*Meirihl. eign íslendinga, Ísl. útgerð*

*ÍSAL/*

*ÍSAL* 7,5

*KÍSILIÐJAN* 2,1

*GRUNDART.*

*SVR.* 4000

*LANDH*

*DÓMSMR*

*HAFRÓ*

*LANDSVIRKJUN*

*RARIK*

*Ath. önnur mál.* <sup>2308</sup>

Samkeppnisstofnun hefur beðið framkvæmdastjórnann hjá OHF að lýsa því sem fram hafi farið þessum fundum. Í svari hans segir þetta:

*„RB sagði að fundir þessir hefðu verið haldnir að frumkvæði Skeljungs. Forráðamönnum Skeljungs hefði á þessum tíma verið orðið ljóst að hér væri mál á ferðinni sem ekki þyldi dagsljósið. Þess vegna vildi Skeljungur hætta skiptisölu. Hins vegar hefði Skeljungur jafnframt séð mest eftir þessu fyrirkomulagi, þar sem félagið hagnaðist mest á því. GKG<sup>2309</sup> hefði fullýrt við sig að samkvæmt samningum ættu ýmsir aðilar að falla undir skiptisölu sem hann ekki kannaðist við. Að mati RB hefðu verið í gildi samningar um söluskiptingu varðandi Ísal, Kísiliðjuna og erlend skip en um aðra aðila vissi hann ekki. Í reynd hefði mál þetta þó að mati RB að mestu snúist um Ísal og SVR. Skeljungur hefði viljað sannfæra hin félögin að þar sem þau hefðu það mikil viðskipti við fyrirtæki sem ættu að falla undir skiptisölu þá gæti Skeljungur haldið Ísal, þegar skiptisölu yrði hætt. Fyrir Skeljung hefði allt verið til vinnandi að halda viðskiptum við Ísal og tryggja framlegð í*

<sup>2308</sup> Minnispunktar Ragnars Bogasonar með yfirskriftinni „Gunnar Karl/Jón H./R.B.“, dags. 26.7.2001 (Hs. nr. 2256).

<sup>2309</sup> Gunnar Karl Guðmundssonar aðstoðarforstjóri Skeljungs.



„Platts + 80 usd/tonn“ er tilvísun til nýrrar aðferðar sem olúfélögin tóku upp á árinu 2001 til að verðleggja olíu til erlendra skipa hér á landi, sbr. kafla V 3.8. Hin atriðin í minnisþingnum gefa það sterklega til kynna að Olís hafi á þessum tíma verið að skoða hugmynd Skeljungs um nýja markaðsskiptingu.

Í kafla IV 13 er gerð grein fyrir tilraunum Skeljungs til að fá hin félögin til að hafa samráð vegna útboðs Reykjavíkurborgar (SVR/Strætó) 2001. Er vísað hér til þeirrar umfjöllunar. Skilafrestur í því útboði rann út 6. desember 2001 og kemur fram í frumathugun I að viðkomandi starfsmenn olúfélaganna hafi hist 5–6 sinnum á tímabilinu frá lokum september til 6. desember 2001. Telur samkeppnisráð augljóst að hugsanleg samvinna tengd útboðinu hafi verið rædd í tengslum við framangreindar hugmyndir um nýja markaðsskiptingu.

Framkvæmdastjórar markaðssviða stórnotenda hjá Olís og OHF og framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi hittust á fundi 28. september 2001.<sup>2313</sup> Þeir hittust aftur á fundi þann 21. nóvember 2001.<sup>2314</sup> Aðstoðarforstjóri Skeljungs sat einnig þann fund.<sup>2315</sup> Í minnisþingnum framkvæmdastjórans hjá Olís vegna fundarins er eftirfarandi bókað: „skoða mynd af opinbera markaðnum.“<sup>2316</sup> Hjá Olís fannst yfirlit frá Skeljungi þar sem búið er samkvæmt lýsingu framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís „að kortleggja mikilvæg fyrirtæki á markaðnum“.<sup>2317</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi hefur staðfest að hann hafi tekið þetta skjal með sér á fund með Olís og OHF og sennilega skilið eftir eintak af því.<sup>2318</sup> Yfirlitið er fimm síður og eftirfarandi kemur fram á síðustu síðunni. Skáletraði textinn eru handskrifaðar athugasemdir framkvæmdastjórans hjá Olís.

						<i>Bensín</i>	14,0	
						<i>Gasolía</i>	10,0	
						<i>Skipagasolía</i>	3,5	
						<i>Svartolía</i>	4,0	
						<i>JET</i>	3,0	
	<b>Gasol./Svartol.</b>	<b>Bensín</b>	<b>Steinol.</b>	<b>Jet A-1</b>	<b>Samtals ltr.</b>	<b>Skeljungur h</b>	<b>Olúfélagið h</b>	<b>Olís hf</b>
<b>Landsvirkjun*</b>	350.000	150.000			500.000	70.000	215.000	215.000
<b>RARIK*</b>	700.000	200.000			900.000	25.000	780.000	95.000
<b>Vegagerðin</b>	1.500.000	130.000			1.630.000	90.000	180.000	1.360.000
<b>Norðurál</b>	1.300.000				1.300.000		1.300.000	
<b>Dómsmálaráðuneytið</b>	90.000	650.000			740.000		740.000	
<b>Kísiliðjan</b>	2.000.000				2.000.000	666.000	668.000	666.000

<sup>2313</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 28.9.2001 (Hs. nr. 8219). Minnisbók Jóns Halldórssonar, færsla 28.9.2001 (Hs. nr. 4301).

<sup>2314</sup> Dagbók Friðriks Stefánssonar, færsla 21.11.2001 (Hs. nr. 8219).

<sup>2315</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungi. Tölvudagbók Gunnars Karls Guðmundssonar, færsla 21.11.2001.

<sup>2316</sup> Minnisbók Jóns Halldórssonar, færsla 21.11.2001 (Hs. nr. 4301).

<sup>2317</sup> Ódagsett yfirlit sem fannst hjá Jóni Halldórssyni (Hs. nr. 4300). Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>2318</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi, dags. 7.11.2002.



Vestmannaeyjabær	441.000	42.000	8.000		491.000	62.000	429.000		
Ísal	7.500.000				7.500.000	2.500.000	2.500.000	2.500.000	v
Hafró	2.200.000				2.200.000	2.200.000			
Landhelgisgæslan	1.250.000			700.000	1.950.000	1.950.000			
Strætó	2.900.000				2.900.000	2.900.000			xx
Vélamiðstöðin	600.000				600.000	600.000			
Grundartangi	330.000	2.000			400.000			400.000	
Erlend sala til skipa	15.000.000				15.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	xxx
Erlent flug				42.300.000	42.300.000	5.799.000	23.990.000	12.511.000	x 2000
<b>Samtals lítrar</b>	<b>36.161.000</b>	<b>1.174.000</b>	<b>8.000</b>	<b>43.000.000</b>	<b>80.411.000</b>	<b>21.862.000</b>	<b>35.802.000</b>	<b>22.747.000</b>	
Grundart. óuppgert					5.000.000			6.000.000	
* áætlaðar tölur					→	26,0	20,8	19,6	v
						22,6	20,8	23,8	xx
Tillaga RB									
x Knútsstöð tekin út og restin jöfnuð									
xx Olís fær SVR í útboði									
xxx ... rest í gegnum erlendu sölu									

Samkeppnisstofnun hefur beðið oliufélögin að skýra m.a. þetta skjal og útskýra umræðurnar á fundinum:

#### Skýringar Olís

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís hefur sagt að framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu hafi lagt þetta yfirlit fram á fundi oliufélaganna en aðstoðarforstjóri Skeljungs hafi væntanlega samið það. Síðan segir þetta í skýrslu hans:

„Sagði JH að Skeljungur hafi verið búinn að kortleggja mikilvæg fyrirtæki á markaðnum til þess að rökstyðja að hin félögin gætu verið ánægð með sinn hlut, þótt Skeljungur héldi Ísal og SVR. Væri á yfirliti eingöngu um að ræða áætlanir sem Skeljungur gerði á eigin forsendum um viðskipti við þessi fyrirtæki. Sagði JH aðspurður að tölur á yfirlitinu sýndu trúlega viðskiptamagn í lítrum. Þar væru talin upp ýmis fyrirtæki sem enginn samningur væri um milli oliufélaganna. Olís var staðráðið í að bjóða í útboð Strætó með það að markmiði að fá viðskiptin, og mætti raunar ráða það af tilboði félagsins. Var Olís ekki til viðræðu um frekari samninga vegna þessara viðskipta.

Á síðustu blaðsíðu yfirlitsins er handskrifað: „Tillaga RB. x Knútsstöð tekin út og restin jöfnuð. xx Olís fær SVR í útboði xxx (ólæsilegt) rest í gegnum erlenda sölu“. Aðspurður um þessa athugasemd sagði JH að „Tillaga RB“

*þýddi einfaldlega tillaga RB<sup>2319</sup>. Hefði RB sett fram hugmynd að einhvers konar lausn. Kvaðst JH aðspurður ekki geta útskýrt frekar hvað RB átti við með einstökum liðum í tillögu sinni. Sagðist JH einfaldlega hafa punktað tillögunu niður með þessum hætti þegar RB setti hana fram. Kvaðst JH hafa skilið þessar hugmyndir frá OHF sem einhvers konar málamiðlun til að halda jafnvægi og koma í veg fyrir að allt færi í uppnám. Aðspurður um það hvort honum hafi fundist að RB hafi sýnt mikinn áhuga á að finna lausn þar sem sölu væri skipt sagði JH að Skeljungur hafi leitað hófanna bæði hjá Olís og OHF. RB hafi tekið þessu frumkvæði Skeljungs eitthvað betur heldur en Olís og RB sýnt vilja til að miðla málum.*“<sup>2320</sup>

Forstjóri Olís hefur sagt þetta um umrætt yfirlit:

*„Umrætt skjal væri samið í Skeljungu, í tilefni umræðna um að hætta skiptisölu. Hefði Skeljungur greinilega verið að reyna að sannfæra hin félögin um að unnt væri að hætta skiptisölnunni með þeim hætti að hvert félag héldi viðskiptum við þau fyrirtæki sem þau höfðu umsjón með og þar með að Skeljungur héldi Ísal áfram. Kortlagningin væri algjörlega komin frá Skeljungu. Félagið vildi sannfæra hin félögin um að þau hefðu nóg fyrir sig, þannig að Skeljungur gæti verið í friði með Ísal og SVR.*“<sup>2321</sup>

#### *Skýringar OHF*

Samkeppnisstofnun hefur tvívegis spurt umræddan starfsmann OHF um þessar tillögur sem sagðar eru stafa frá honum. Svör hans hafa verið þau að hann kveðst ekki muna eftir þessu eða kannast við að þær væru frá honum komnar. Hann hafi þó hugsanlega „í hálfkæringi í viðræðum félaganna um þessi efni nefnt Knútsstöð á nafn og þá átt við að ekki kæmi til umræðu að gera þar breytingar.“<sup>2322</sup> Knútsstöð er heiti á afgreiðslustöð OHF á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkeppnisstofnun benti framkvæmdastjóranum á að hann hefði átt fund með Skeljungu um Reykjavíkurborg (Strætó bs.) kl. 9 þann 28. nóvember 2001 og að hann hefði hitt Olís og Skeljung eftir hádegi þann dag. Til svars sagði framkvæmdastjórinn þetta:

*„RB kvaðst ekki muna eftir þessu eða kannast við þá tillögu sem var að finna á yfirliti JH og sögð var frá honum komin. Þá kvaðst RB í fyrstu ekki muna eftir nefndum fundi með FS. Hann upplýsti hins vegar að tilboðsfrestur í útboði Strætó bs. hefði runnið út 6. desember 2001. Við*

<sup>2319</sup> Ragnar Bogason framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá OHF.

<sup>2320</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 22.8.2002.

<sup>2321</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís, dags. 9.8.2002.

<sup>2322</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 8.5.2002. Einnig fundargerð með sömu aðilum, dags. 3.4.2002.

*nánari umhugsun ríffaðist það upp fyrir RB að FS hefði farið fram á að OHF „verði“ Skeljung í þessu útboði. Af hans hálfu hefði ekki komið til álita að verða við þessari beiðni um samráð um tilboð í þessu útboði. RB tók fram að fulltrúar oliufélaganna sem voru þátttakendur á umræddum fundum hefðu eflaust stillt upp ýmsum möguleikum heima hjá sér og reiknað eitt og annað út. Fyrir honum hefði hins vegar hér ekki verið um mál að ræða sem haft hefði mikla þýðingu. Almennt hefði hann gengið til þessara funda með það í huga að sjá svo til að skiptisölu yrði hætt. Um þetta væri því ekkert meira að segja.*<sup>2323</sup>

Samkeppnisstofnun hefur bent forstjóra OHF á að ýmis fyrirtæki eða stofnanir væru ítrekað nefnd í gögnum málsins sem aðilar sem féllu undir skiptisölu. Hér væri t.d. um að ræða dómsmálaráðuneytið, Hafrannsóknastofnunina, Vegagerðina, Granda o.fl. OHF hefði ekki viljað kannast við að þessi fyrirtæki væru í skiptisölu. Samkeppnisstofnun spurði forstjórann hvort það væri ekki eina rökrétta skýringin á því að Olís og Skeljungur tilgreindu fyrirtæki sem OHF kannaðist ekki við að heyrðu undir skiptisölu að hin oliufélögin teldu að samkomulag væri um að skipta ætti þessari sölu allri. Í svari hans segir þetta:

*„GM sagði að hin félögin hefðu verið þeirrar skoðunar að viðskipti við þessa aðila ættu að falla undir skiptisölu. Svo hefði hins vegar ekki verið. GM sagði að OHF hefði sérstaklega mótmælt því að eitthvert samkomulag væri í gildi um að skipta framlegð milli félaganna vegna sölu til dómsmálaráðuneytis. Skeljungur og Olís hefðu þarna verið að reyna að halda í gamalt og úrelt fyrirkomulag. Þetta flokkaðist að hans mati undir þráhyggju.*<sup>2324</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að félagið kannist ekki við það að framlegð vegna viðskipta við dómsmálaráðuneytið hafi verið skipt. Ástæða þess að dómsmálaráðuneytið væri stundum nefnt í skjölum þar sem fjallað væri um skiptisölu sé sú að hin félögin hafi átt það til að reyna að halda því fram að skipta ætti sölu til þess ráðuneytis. OHF hafi stundum sjálft ritað nafn ráðuneytisins í þessu sambandi til hægðarauka og minnis. OHF telji það ekki vera næga sönnun þess að samið hafi verið um skiptisölu vegna dómsmálaráðuneytisins þótt nafn þess hafi stundum verið ritað á blað af starfsmönnum oliufélaganna í tengslum við þrætur vegna uppgjors á skiptisölu.

<sup>2323</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 3.4.2002.

<sup>2324</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda, dags. 3.4.2002.

Varðandi dómsmálaráðuneytið sérstaklega bendir samkeppnisráð fyrst á í þessu sambandi að ekki er á því byggt í þessu máli að framlegð vegna viðskipta við dómsmálaráðuneytið hafi í raun verið skipt. Hins vegar telur ráðið að öll framangreind umfjöllun gefi ótvírætt til kynna að olíufélögin hafi í tengslum við útboðið 1996 samið um slíka markaðsskiptingu. Ráðið áréttar t.d. að dómsmálaráðuneytið hafi komið fram á yfirliti OHF frá 1. ágúst 1997 um aðila sem féllu undir skiptistölu. Jafnframt má benda á að í kafla IV 3 kemur fram að OHF hafi upplýst að Olís og Skeljungur hefðu talið að gert hefði verið samkomulag, í tengslum við útboð ráðuneytisins 1996, um að félögin fengju hlutdeild í framlegð OHF af þessum viðskiptum. Olís hefur staðfest þetta. Ummæli OHF varðandi dómsmálaráðuneytið eru því ekki í samræmi við skýr gögn málsins.

### *Skýringar Skeljungs*

Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum hefur sagt að umrætt yfirlit sé „*einungis*“ vinnuskjal hans, þar sem væri að finna greiningu á opinbera markaðnum.<sup>2325</sup> Þar væru ýmis fyrirtæki tilgreind sem ekkert samkomulag hafi verið um milli olíufélaganna. Hann hefði tekið þetta skjal með sér á fund með Olís og OHF og sennilega skilið eftir eintak af því. Framkvæmdastjórinn var beðinn um að útskýra tillögurnar sem framkvæmdastjórinn hjá Olís hafði ritað niður. Til svars sagði hann þetta:

*„FS kvaðst ekki minnst þessarar tillögu RB hjá OHF. Gæti hann ekki staðfest að hafa hlýtt á hana. Þá sagði FS að það væri af og frá að Skeljungur hafi farið að bjóða sem skiptimynt viðskipti við SVR, sem var meðal stærstu viðskiptavina Skeljungs.“*

Framkvæmdastjórinn var spurður hvort hann kannaðist ekki við að hafa fært rök að því við fulltrúa hinna félaganna að Skeljungur ætti að fá að halda viðskiptum við SVR og ÍSAL. Hann kvaðst ekki muna eftir þessu. Á skjalinu sem var til umræðu milli félaganna koma fram upplýsingar um viðskipti við eftirtalda aðila: Landsvirkjun, RARIK, Vegagerðina, Norðurál, dómsmálaráðuneytið, Kísiliðjuna, Vestmannaeyjabæ, ÍSAL, Hafrannsóknastofnunina, Landhelgisgæsluna, Strætó, Vélamiðstöðina, Grundartanga, erlenda sölu til skipa og erlent flug í Leifstöð. Þessir aðilar eru flestir nefndir í fjölmörgum öðrum gögnum málsins, m.a. í bréfaskrifum Skeljungs vegna úppgerðra þjónustugjalda á árunum 1998–99. Var nefnt við Skeljung að eitthvað hlyti að búa að baki því að upplýsingar um viðskipti við þessa aðila væru á ný settar á blað hjá Skeljungum á árinu 2001. Framkvæmdastjórinn kvaðst þó telja að þetta hafi verið eðlilegt þar sem Skeljungur hafi verið með þess háttar flokkun á viðskiptavinum sínum. Í skýrslu framkvæmdastjórans segir einnig þetta:

<sup>2325</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungum, dags. 7.11.2001.

„FS sagði að á fundum þessum hafi verið leitað leiða til þess að félögin gætu hætt því samkrulli sem tíðkast hefði. FS tók fram að skjalið hafi ekki verið tekið saman vegna þessara funda heldur væri það vinnugagn sem hann átti fyrir.“

Aðstoðarforstjóri Skeljungs kveðst ekki hafa samið umrætt yfirlit og hann minni að hann hafi fengið það afhent frá markaðsdeild Skeljungs.<sup>2326</sup> Hann kvaðst ekki geta skýrt tilganginn með því að leggja þetta yfirlit fram á fundi með Olís og OHF. Hann gæti heldur ekki skýrt tillöguna sem fram kæmi á yfirlitinu þar sem hann hefði ekki setið fund þar sem mál hafi verið rædd með þessum hætti. Samkeppnisstofnun bendir hér á að tölvudagbók aðstoðarforstjórans sýnir að hann hafi setið fundinn 21. nóvember 2001. Aðstoðarforstjórinn hefur sagt að Skeljungur hefði á þessum tíma verið staðráðinn í að hætta skiptisölu. Í ljósi þessa spurði Samkeppnisstofnun aðstoðarforstjórann hver hefði verið tilgangurinn með því að halda umrædda fundi og hvers vegna Skeljungur hefði tekið þátt í mörgum slíkum fundum í stað þess einfaldlega að draga sig strax út úr allri skiptisölu. Í svari aðstoðarforstjórans segir þetta:

„GKG sagði að Skeljungur hafi haft frumkvæði að því að hætta skiptisölu gagnvart Ísal. Tilgangur fundanna hafi m.a. verið að fá hin félögin til þess að samþykkja að krefja Skeljung ekki um slíka skiptingu. Menn hafi verið tregir til að samþykkja það vegna þess að þetta hafi tíðkast lengi.“

Aðstoðarforstjórinn var beðinn um að útskýra nánar hvað hann hafi verið að fara fram á við hin félögin og hvernig hafi átt að standa að málum. Í svari hans segir þetta:

„GKG sagði að Skeljungur hafi með viðræðunum fyrst og fremst reynt að sjá til þess að engir eftirmálar yrðu af því ef skiptisala væri lögð af. Hin félögin hafi talið sig eiga eitthvað vantalað við Skeljung, fyrst skiptisölu gagnvart Ísal var hætt, en ekki öfugt.“

Að virtum þessum skýringum olíufélaganna ber einnig að líta til þess að þann 22. nóvember 2001, eða daginn eftir umræddan fund olíufélaganna, ritaði framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís eftirfarandi í minnisbók sína:

„Ragnar Bogason?  
— Stykkishólmur — Klár [eða klára]  
— Skipti  
Ísal 7,5 3\*2,5  
Kísil 2,5  
LHG 5,0 >

<sup>2326</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með aðstoðarforstjóra Skeljungs, dags. 8.11.2002.

<i>Hafró</i>	4,0	<i>Esso</i>
<i>SVR</i>	3,4	<i>Olís</i> <sup>“2327</sup>

Sýnir þetta að Olís hefur verið að velta fyrir sér hugmyndum um markaðsskiptingu, þ.m.t. þeirri hugmynd OHF að Olís myndi fá viðskiptin við Reykjavíkurborg. Þann 29. nóvember 2001 er bókað í minnisbók framkvæmdastjórans hjá Olís að kynna þyrfti fyrir forstjóra félagsins „*umræður milli félaga*“.<sup>2328</sup> Forstjóri OHF hefur upplýst að honum hafi verið kunnugt um þessar viðræður oliufélaganna en forstjórnir hefðu ekki rætt þetta sín á milli.<sup>2329</sup> Daginn fyrir skilafrest vegna útboði Reykjavíkurborgar ritaði framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnótenda hjá Olís eftirfarandi í minnisbók sína:

„... >Þýðir ekki að semja eftirá.

*Hvernig ætla menn að skila?*

>erlenda salan dugar ekki

Shell mun ekki bakka

>Ísal er það stórt

> + Strætó =>

*LHG => samkomulag frá sept 96: Aldrei verið efnt*

*40–50 milljónir/ári*

*ca 4.0 —"—*

*Munnlegt skv. ?? gengur ekki.* <sup>“2330</sup>

Þessir minnisþættir bera með sér að Olís hafi verið að íhuga tilboð Skeljungs en fyrirtækið hefði ekki fyllilega treyst Skeljungi. Var óskað skýringa framkvæmdastjórans hjá Olís á þessu. Í svari hans segir þetta:

*„JH staðfesti að hann hafi aldrei getað treyst Skeljungi. Að öðru leyti sagði hann að minnisþættirnir lýstu einhverjum hugrenningum sínum eða þá að hann væri þar að hafa eitthvað eftir öðrum. Olís hafi verið undir miklum þrýstingi á þessum tíma frá Skeljungi sem hafi farið fram á að samráð yrði viðhaft í útboði Strætó. Þetta hafi þó engu breytt um þá endanlegu afstöðu félagsins að bjóða með ákveðnum hætti og án samstarfs við hin félögin í viðskipti við Strætó.* <sup>“2331</sup>

Hér er rétt að rifja upp að í kafla IV 13 er komist að þeirri niðurstöðu að oliufélögin hafa ítrekað rætt í fullri alvöru um að hafa með sér samvinnu vegna útboðs Reykjavíkurborgar. Jafnframt hafi félögin skipst á upplýsingum um viðskiptastefnu

<sup>2327</sup> Minnisbók Jóns Halldórssonar, færsla 22.11.2001 (Hs. nr. 4301).

<sup>2328</sup> Minnisbók Jóns Halldórssonar, færsla 29.11.2001 (Hs. nr. 4301).

<sup>2329</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 8.5.2002.

<sup>2330</sup> Minnisbók Jóns Halldórssonar, færsla 5.12.2001 (Hs. nr. 4301).

<sup>2331</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra Olís og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 22.8.2002.

sína vegna þessa útboðs. Gögn málsins gefi hins vegar ekki til kynna að félögin hafi ákveðið sameiginlega tilboð sín í málinu.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að á árinu 2001 hefði Skeljungur tekið frumkvæði í því að skiptisölu olíufélaganna yrði hætt, m.a. með því að hætta uppgjörum við hin olíufélögin. OHF hefði ekki tekið illa í þá hugmynd enda hefði mönnum verið að verða ljóst að þáverandi fyrirkomulag kynni að brjóta í bága við samkeppnislög. Það hefði verið Skeljungur sem hagnast myndi mest þegar skiptisölnunni yrði hætt og hefði félagið viljað tryggja að missa ekki spón úr aski sínum til framtíðar við lok skiptisölnunnar, þ.e. við síðari væntanleg útboð. Hefði Skeljungur því gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná sáttum við hin félögin um að Skeljungur fengi að halda viðskiptum við ÍSAL og SVR. Í því sambandi hefði Skeljungur bent á ýmis viðskipti hinna félaganna sem félagið hefði haldið fram að hefði allt eins átt að skipta. Ekki hefði náðst nein niðurstaða í þrætur olíufélaganna um þetta atriði og hefði skiptisölnunni einfaldlega verið hætt áður en rannsókn samkeppnisyfirvalda hefði hafist á málinu. Skipti sú staðreynd máli að olíufélögin hafi látið af skiptisölnunni af sjálfsdáðum, komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.

Þegar allt framangreint er virt telur samkeppnisráð að gögn málsins sýni að olíufélögin hafi ítrekað á árinu 2001 rætt um að skipta með sér markaðnum varðandi viðskipti við tiltekna aðila. Hafi þessi hugmynd verið rædd að frumkvæði Skeljungs í tengslum við umræður um að hætta þágildandi fyrirkomulagi á skiptisölu. Í tillögu Skeljungs að nýrri markaðsskiptingu hafi falist að olíufélögin skiptu með sér viðskiptum við þá aðila sem tilgreindir hafi verið á yfirlitinu frá Skeljungi sem rætt hafi verið á fundinum 21. nóvember 2001. Skeljungur hafi í þessu sambandi lagt áherslu á að halda viðskiptum við ÍSAL og Reykjavíkurborg og í ljósi þessa farið fram á samráð vegna útboðs Reykjavíkurborgar í desember 2001. OHF hafi sett fram málamiðlunartillögu sem miðað hafi að sem jafnastri skiptingu milli félaganna og lagt í því sambandi til að Olís fengi í útboðinu viðskiptin við Reykjavíkurborg. Samkeppnisráð telur gögn málsins ekki gefa til kynna að olíufélögin hafi gert með sér samning um nýja markaðsskiptingu. Telur ráðið að í raun hafi forsendur fyrir slíkum samningi brostið þegar ekki hafi náðst saman með félögunum varðandi samstarf vegna útboðs Reykjavíkurborgar. Þessi tvö atriði voru eðli málsins samkvæmt náskyld. Að mati samkeppnisráðs gefa gögn málsins til kynna að sennilegasta skýringin á því að félögin hafi ekki náð saman um þessi atriði hafi verið sú að a.m.k. Olís hafi ekki treyst því að Skeljungur myndi efna gerða samninga. Hefur Olís þá væntanlega haft í huga að Skeljungur skipti aldrei framlegð vegna viðskipta við Landhelgisgæsluna og efndi samkomulagið varðandi Reykjavíkurborg aðeins að hluta. Hvað sem þessu líður er ljóst að olíufélögin áttu í þessu skyni marga fundi sem höfðu það skýrlega að markmiði að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Þátttaka í þeim fundum felur í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir samkvæmt 10. gr.

samkeppnislaga og voru þessar aðgerðir hluti af hinu samfellda samráði olíufélaganna.

Ofangreind umfjöllun er einnig því til stuðnings að í gildi hafi verið samkomulag um sölu/framlegðarskiptingu varðandi viðskipti við Reykjavíkurborg, dómsmálaráðuneytið, Vestmannaeyjabæ, Landhelgisgæsluna og ÍJ.

#### 11.6. Niðurstaða

Framangreind umfjöllun sýnir þetta:

- Olíufélögin náðu á árinu 1996 samkomulagi um að skipta á milli sín framlegð vegna viðskipta Skeljungs við fyrirtæki Reykjavíkurborgar (SVR (síðar Strætó bs.) Vélamiðstöð og Malbikunarstöð). Samkomulagið var í gildi fram til útboðsins sem lauk í desember 2001. Samkomulagið var efnt að hluta með greiðslu Skeljungs til hinna olíufélaganna vegna tímabilsins 1996–1997. Umræður og önnur samskipti milli félaganna áttu sér stað til að knýja fram frekari efndir á samkomulaginu.
- Olíufélögin náðu á árinu 1996 samkomulagi um að skipta á milli sín framlegð vegna viðskipta Skeljungs við Landhelgisgæsluna. Samkomulagið var í gildi fram á árið 2001. Samkomulagið var ekki efnt af hálfu Skeljungs en umræður og önnur samskipti áttu sér stað til að knýja fram efndir á því.
- Olíufélögin náðu á árinu 1996 samkomulagi um að skipta á milli sín framlegð vegna viðskipta OHF við dómsmálaráðuneytið. Samkomulagið var í gildi fram á árið 2001. Samkomulagið var ekki efnt af hálfu OHF en umræður og önnur samskipti áttu sér stað til að knýja fram efndir á því.
- Olíufélögin náðu á árinu 1997 samkomulagi um að skipta á milli sín framlegð vegna viðskipta OHF og Skeljungs við Vestmannaeyjabæ. Samkomulagið var í gildi fram á árið 2001. Samkomulagið var ekki efnt af hálfu OHF og Skeljungs en umræður og önnur samskipti áttu sér stað til að knýja fram efndir á því.
- Olíufélögin náðu á árinu 1975 samkomulagi um að skipta á milli sín framlegð vegna viðskipta Olís við ÍJ. Samkomulagið var í gildi fram á árið 2001. Samkomulagið var ekki efnt af hálfu Olís en umræður og önnur samskipti áttu sér stað til að knýja fram efndir á því.
- Á árunum 1993–2001 var í gildi almennt samkomulag milli olíufélaganna um að skipta ætti viðskiptum við opinbera aðila og stóriðjur.
- Á árinu 2001 fóru fram viðræður milli olíufélaganna um að hætta skiptisölu og taka þess í stað upp nýja gerð af markaðsskiptingu.

Í athugasemdum OHF er vísað til þess að Skeljungur hafi ekki staðið nema að hluta við samkomulagið varðandi fyrirtæki Reykjavíkurborgar og hafi aðeins greitt OHF einu sinni. Hafi OHF því ekki notið ávinnings af brotinu. Varðandi



Landhelgisgæsluna segir OHF að Skeljungur hafi ekki staðið við samkomulagið þannig að það hafi fallið niður árið 1996. OHF hafi því ekki notið ávinnings af brotinu. Hvað samkomulagið um Vestmannaeyjabæ varði segir OHF að þessi viðskipti hafi verið óveruleg að umfangi og bundinn hafi verið endir á það áður en rannsókn samkeppnisyfirvalda hófst á málinu.

Samkeppnisráð vísar til þess að gögnin sem reifuð hafa verið gefa það ótvírætt til kynna að olíufélagin hafi litið svo á að samningarnir um Reykjavíkurborg og Landhelgisgæsluna hafi verið í gildi þó Skeljungur hefði ekki efnt þá. Sökum þessa hafi þess ítrekað verið krafist að þessir samningar yrðu efndir. Viðræður og samskipti olíufélaganna um efndir á öllum framangreindum samningum höfðu þann tilgang að knýja fram markaðsskiptingu. Aðgerðirnar höfðu þannig að markmiði að raska samkeppni og fara því gegn 10. gr. samkeppnislaga. Jafnvel þó umrædd framlegðarskipting hafi ekki verið framkvæmd nema að hluta voru þessar aðgerðir olíufélaganna til þess fallnar að takmarka samkeppni. Framangreind umfjöllun sýnir mikil samskipti og fundarhöld olíufélaganna vegna þessara samninga. Þau samskipti sem slík voru til þess fallin að draga úr viðskiptalegu sjálfstæða keppinauta og styrkja hið samfellda samráð þeirra.<sup>2332</sup> Þetta á ekki síst við á samanhjöppuðum fákeppnismarkaði eins og olíumarkaðurinn er hér á landi.

## 12. Samkomulag um að keppa ekki um samningsbundna viðskiptavini

Að mati samkeppnisráðs gefa gögn málsins til kynna að á tímabilinu 1993–2001 hafi verið í gildi samkomulag eða sameiginlegur skilningur olíufélaganna um að félögin myndu ekki keppa um fasta/samningsbundna viðskiptavini hvers annars. Í því skyni að festa þetta fyrirkomulag í sessi hafi einnig verið í gildi samkomulag um að ef viðskiptavinur flytti viðskipti sín frá einu olíufélagi til annars þá myndi nýja félagið yfirtaka viðskiptaskuldir viðskiptavinarins hjá hinu félaginu. Þetta fyrirkomulag latti félögin frá því að reyna að ná til sín viðskiptavinum hinna félaganna. Samkeppnisráð telur hins vegar að olíufélagin hafi í ýmsum tilvikum vikið frá þessu samkomulagi og samstaða þeirra að þessu leyti kunni að hafa minnkað um mitt ár 2001. Verður nú gerð grein fyrir gögnum málsins að þessu leyti.

Samkeppnisstofnun hefur spurt framkvæmdastjóra markaðssviðs hjá OHF, sem starfaði hjá félaginu fram á árið 1998, hvort í gildi hafi verið einhverskonar samkomulag milli olíufélaganna um að láta í friði samningsbundna viðskiptavini hvers annars. Í svari hans segir þetta:

---

<sup>2332</sup> Sjá hér t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *Zinc Phosphate Cartel* málinu [2003] 5 CMLR 14: „As the Court of Justice has confirmed in its case law, the participation by undertakings in meetings that have an anti-competitive object has the effect de facto of creating or strengthening a cartel ...“.

„ÞÁ sagði að það hefði verið í gildi samkomulag milli félaganna um innheimtu viðskiptakrafna þegar viðskiptamenn skiptu um olíufélag. Menn hefðu orðið mjög sárir ef viðskiptavinum í samningsbundnum viðskiptum var „stolið af þeim“. Að sögn ÞÁ voru félögin oft með gagnkvæm tilmæli um að láta þessa viðskiptavini í friði en það hefði e.t.v. ekki haft afgerandi áhrif, en tónninn var þessi. ÞÁ tók fram að starfsmenn hinna olíufélaganna hefðu oft hringt í hann vegna einstakra viðskiptavina. Hefðu þeir þá gjarnan haldið því fram að fjöldi viðskiptavina Ohf hefðu verið í sambandi við þá og sýnt áhuga á að flytja viðskipti sín. Hefðu þeir síðan sagt: „Ef þú hefur þig í frammi munum við taka til okkar önnur viðskipti.“<sup>2333</sup>

Samkeppnisstofnun hefur lagt sömu spurningu fyrir sölustjóra á stórnötendasviði hjá OHF. Í svari hans segir þetta:

„KK kvaðst kannast við það að starfsmenn olíufélaganna brýndu hvern annan til að virða gerða samninga við viðskiptavini þeirra. Kvaðst KK minnst þess að hafa fengið skammir t.d. frá Friðriki Þ. Stefánssyni<sup>2334</sup> fyrir að OHF hafi brotið samninga með því að hefja viðskipti við Bílabúð Benna. Kvaðst KK ekki neita því að einhver sameiginlegur skilningur hafi ríkt milli olíufélaganna um að menn létu í friði samningsbundna viðskiptavini hvers annars.“<sup>2335</sup>

Aðspurður um samkomulag um viðskiptaskuldir hefur framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnötenda hjá OHF sagt þetta:

„RB staðfesti að samkomulag hefði ríkt milli olíufélaganna um það að viðskiptavinir gætu ekki farið með skuldahala milli olíufélaganna. Ef tiltekið félag hafði lokað á viðskipti við tiltekinn aðila vegna vanskila gat sami aðili ekki fengið afgreiðslu hjá hinum félögunum.“<sup>2336</sup>

Framkvæmdastjórinn var einnig spurður hvort samstarf olíufélaganna varðandi viðskiptaskuldir væri ekki þáttur í að tryggja samkomulag félaganna um að láta samningsbundna viðskiptavini í friði. Í svari hans segir þetta:

---

<sup>2333</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs, dags. 2.4.2002.

<sup>2334</sup> Framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu.

<sup>2335</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og gæðastjóra, dags. 15.4.2002.

<sup>2336</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnötenda, dags. 8.5.2002.

„RB sagði að það hefði ekki verið neinn skriflegur samningur um að láta samningsbundna viðskiptavinum í friði, en hins vegar hefði verið samstaða um það að virða gerða samninga.“<sup>2337</sup>

Framkvæmdastjórinn var spurður aftur hvort samkomulag olíufélaganna um viðskiptaskuldir hefði verið liður í að tryggja samstöðu um að samningsbundnir viðskiptavinir yrðu látnir í friði. Í svari framkvæmdastjórans kemur þetta fram:

„RB endurtók að í gildi væri samkomulag um að viðskiptaskuldir til olíufélags fylgdu með viðskiptavinum þegar þeir skiptu um olíufélag. Hann samsinnti því jafnframt að slíkt samkomulag hefði leiðandi áhrif á að viðskiptavinir færðu sig milli olíufélaga.“

Í þessu sambandi nefndi forstjóri OHF dæmi um stórt útgerðarfélag, sem ekki hefði flutt viðskipti sín til OHF vegna skuldar við annað olíufélag.<sup>2338</sup> OHF hefur afhent Samkeppnisstofnun skjal frá félaginu sem ber heitið „Vinnureglur vegna hinna olíufélaganna“. Í skjalinu segir þetta:

„1. Þegar Olíufélagið h.f. tekur í viðskipti, viðskiptaskip hinna Olíufélaganna, eru skuldir að fullu gerðar upp, með greiðslu peninga eða uppáskrift veðskuldabréfa, þar sem hin Olíufélögin hafa verið í ábyrgð fyrir.

2. Þegar skip eru leigð milli útgerðaraðila, hefur Olíufélagið h.f. afgreitt viðskiptaskip hinna Olíufélaganna, hafi leigutaki bedið um viðskipti og er okkar viðskiptaaðili.

3. Þegar hin Olíufélögin tilkynna um lokun á sína viðskiptaaðila vegna vanskila, afgreiðum við ekki þó staðgreiðsla sé í boði. ...

Um aðra viðskiptaaðila (önnur viðskipti en skip) eiga að gilda sömu vinnureglur.“<sup>2339</sup>

Dæmi um hvernig þessar reglur virkuðu í framkvæmd er bréf Skeljungu til Olís frá 12. október 1993. Þar kemur fram að tiltekið skip væri komið í viðskipti hjá Olís og færi Skeljungur fram á það að Olís leysti til sín skuldabréf að fjárhæð rúmlega 17 millj. kr.<sup>2340</sup> Olíufélögin virðast hafa fest þessar reglur í sessi á fundi forstjóra

<sup>2337</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 8.5.2002.

<sup>2338</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnótenda, dags. 8.5.2002.

<sup>2339</sup> Gagn afhent af OHF. Skjal sem ber heitið „Vinnureglur vegna hinna Olíufélaganna“, dags. 3.3.1992.

<sup>2340</sup> Bréf Friðriks Stefánssonar hjá Skeljungi til Einars Benediktssonar Olís, dags. 12.10.1993 (Hs. nr. 7080).

félaganna 17. desember 1993. Forstjóri Skeljungs sendi forstjóra OHF dagskrá fundarins og samkvæmt 2. lið átti að ræða: „*Afstaða til útistandandi skulda hjá félögunum. Almenn meðferð innheimtumála. Afstaða til beiðna um veðleyfi og fl. og fl.*“<sup>2341</sup> Ljóst er að tilgangur þessa fundar hefur verið að samræma viðskiptakjör olíufélaganna að þessu leyti og að bindandi ákvarðanir hafi verið teknar á þessum fundi. Þetta má m.a. ráða af símbréfi sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olís sendi til OHF og Skeljungs 20. febrúar 1995. Í því segir þetta:

*„Hér með tilkynnist að fyrirtækið ... í Borgarnesi er á vanskilalista hjá OLÍS. Óskað er eftir að þið afgreiðið ekki vörur til þess nema í samræmi við gildandi reglur milli olíufélaganna, sbr. minnispunkta frá fundi félaganna 17. desember 1993.“*<sup>2342</sup>

Ýmis önnur gögn frá árinu 1997 sýna fram á þetta samstarf félaganna.<sup>2343</sup> Þann 9. september 1997 ritaði framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís minnispunkta þar sem fram kemur að tiltekinn verktaki sem var í viðskiptum við Olís hafi fengið bréf frá OHF þar sem boðið hafi verið upp á viðræður um viðskiptakjör. Síðan er bókað: „*Skoða þarf þetta mál aðeins betur við Esso.*“<sup>2344</sup> Þann 15. október 1999 sendi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís tölvupóst til Skeljungs. Tölvupósturinn varðaði fyrrum viðskiptavin Olís sem hafði flutt viðskipti sín til Skeljungs og í honum segir m.a. þetta:

*„Eins og þú þekkir hafa verið ágætar heiðursmannareglur í gildi þegar viðskipti færast milli félaga að þá tekur nýr viðskiptaaðili við þeim skuldbindingum sem viðskiptamanni fylgja og ekki er lagst í prútt af neinu tagi þegar það gerist.“*

Svar Skeljungs ber með sér að fyrirtækið hafi verið sammála að þessar reglur hafi verið í gildi.<sup>2345</sup>

Í tölvupósti frá Olís frá 7. júlí 2000 er vísað til óformlegs samkomulags um að viðskiptavinir „*hlaupi ekki milli félaga með viðskiptaskuldir.*“ og síðan er sendur tölvupóstur til OHF og óskað eftir því að félagið tæki yfir tiltekna skuld fyrrum viðskiptavinar Olís.<sup>2346</sup> Í kafla VIII 6 er fjallað um markaðsskiptingu olíufélaganna

<sup>2341</sup> Símbréf Kristins Björnssonar til Geirs Magnússonar, dags. 17.12.1993 (Hs. nr. 7079).

<sup>2342</sup> Símbréf frá Olís til OHF og Skeljungs, dags. 20.2.1995 (Hs. nr. 5863).

<sup>2343</sup> Tölvupóstur Kristjáns B. Ólafssonar til m.a. Einars Benediktssonar, dags. 26.9.1997 kl. 15:30, ásamt handskrifaðri nótu dags. 2.10.1997 (Hs. nr. 4324).

<sup>2344</sup> Minnispunktar Jóns Halldórssonar, dags. 9.9.1997 (Hs. nr. 4320 b).

<sup>2345</sup> Tölvupóstur milli Jóns Halldórssonar og Friðriks Stefánssonar, dags. 15.10.1999 kl. 12:08 og 18.10.1999 kl. 17:48 (Hs. nr. 4323).

<sup>2346</sup> Tölvupóstur frá Kristjáni B. Ólafssyni til m.a. Jóns Halldórssonar, dags. 7.7.2000 kl. 12:40. Tölvupóstur frá Kristjáni B. Ólafssyni til m.a. Ragnars Bogasonar OHF, dags. 7.7.2000 kl. 12:56 (Hs. nr. 5819).

varðandi SR-mjöl. Í þeim kafla er greint frá tölvupósti sem framkvæmdastjóri markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungu sendi forstjóra félagsins og forstjóra og framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Olís. Í tölvupóstinum er fjallað m.a. um tiltekinn afslátt sem OHF hafi boðið og þetta tekið fram:

*„... en þakka ber Esso að gera verðtilboð í samningsbundin viðskipti. Það er eitt af þeim princippum sem Skeljungur telur út frá eðlilegu viðskiptasiðferði að eigi ekki að brjóta. Eru menn ekki sammála því?“<sup>2347</sup>*

Gögn frá árinu 2001 sýna einnig þessa samvinnu félaganna.<sup>2348</sup> Gögn málsins gefa þó til kynna að samstaða olíufélaganna að þessu leyti kunni að hafa minnkað um mitt ár 2001. Þetta má ráða af eftirfarandi tölvupósti sem starfsmaður OHF sendi framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá félaginu og framkvæmdastjórum markaðssviða stórnotenda og smásölu:

*„Mig langar að láta ykkur vita af því að hingað hafa hringt margir viðskiptavinir og eru þeir að leita eftir auknum afslætti.*

*Ástæðan er fyrst og fremst hátt eldsneytisverð en einnig hafa margir sagt mér að hin olíufélögin og þá aðallega Shell eru að senda til þeirra menn og bjóða þeim afslátt að fyrra bragði. Mönnum finnst greinilega mikið til koma að það skuli vera sendur til þeirra maður með sérstök tilboð og ég hef fengið að heyra “að þetta gerum við sko ekki”.*

*Er þá verið að bjóða þeim bæði krónutöluafslátt af eldsneyti og einnig prósentuafslátt af öðrum vörum úti á stöðvunum. Og þessir aðilar eru að athuga hvort við getum boðið það sama eða hærra.*

*Það er því greinilegt að það heiðursmannasamkomulag sem var í gildi milli olíufélaganna að láta viðskiptavini hinna í friði er ekki lengur í gildi. Sérstaklega finnst mér að Shell sé að vinna í því að ná frá okkur viðskiptavinum með alls konar tilboðum.*

---

<sup>2347</sup>Tölvupóstur frá Olís um olíuviðskipti Sveins Benediktssonar. Frá Friðriki Stefánsyni hjá Skeljungu til Jóns Halldórssonar og Kristjáns B. Ólafssonar hjá Olís, cc: Einar Benediktsson forstjóri Olís og Kristinn Björnsson forstjóri Skeljungs, dags. 5.7.2000, kl. 11:37 (Hs. nr. 4333).

<sup>2348</sup>Tölvupóstur milli m.a. Einars Benediktssonar og Jóns Halldórssonar, dags. 28.12.2000 kl. 18:08 og 2.1.2001 kl. 12:12. Tölvupóstur frá Árna Ármanni Árnasyni Skeljungu til Einars Marinóssonar Olís, dags. 5.1.2001 kl. 14:36 (Hs. nr. 5845).

*Mér finnst ástæða til að láta ykkur vita af þessu til þess að hægt sé að skoða málin og bregðast við sem fyrst áður en við töpum of mörgum viðskiptavinum.* <sup>2349</sup>

Í athugasemdum OHF við frumathugun II kveðst félagið staðfesta að umrætt fyrirkomulag um yfirtöku viðskiptaskulda hafi lengi verið við lýði á olíumarkaðnum og hefði fyrirkomulagið haldist óbreytt eftir gildistöku samkeppnislaga árið 1993. OHF mótmælir því hins vegar að þetta fyrirkomulag hafi verið til þess að tryggja í sessi eitthvert almennt samkomulag um að keppa ekki um viðskiptavinum hvers annars. Í gögnum málsins sé að finna ótal dæmi um að viðskiptavinir flyttu viðskipti sín á milli félaganna. Hörð samkeppni hafi verið um viðskiptavinum. Ef samkomulag hefði verið um að keppa ekki um viðskiptavinum hvers annars hefði verið hægt vandi fyrir félögin einfaldlega að neita fyrirtækjum um að flytja viðskipti til sín. OHF heldur því fram að umrætt fyrirkomulag hafi fyrst og fremst verið til þess að auðvelda innheimtu viðskipta- og/eða vanskilaskulda auk þess sem haganlegra hafi verið að kröfuhafi sé það olíufélag sem á í viðskiptum við viðkomandi fyrirtæki. Markmið þessa fyrirkomulags hafi ekki verið að skerða samkeppni á neinn hátt. Einungis örfá dæmi hafi verið um að þetta fyrirkomulag hafi haft áhrif á markaðinn og nefndi OHF helsta dæmi þess í skýrslu sinni fyrir Samkeppnisstofnun.

Að mati OHF sé mikilvægt að hafa í huga að ofangreint fyrirkomulag hafi verið komið á fót vegna frumkvæðis og þrýstings frá ríkisbönkunum en sé ekki runnið undan rifjum olíufélaganna sjálfra. Ef um ólögmeta háttsemi hafi verið að ræða sé umrætt tilvik enn eitt dæmi þess að ríkið, beint og/eða óbeint, kom á ástandi sjálft sem það síðan gerir ólögmett með lögum.

Þetta fyrirkomulag hafi síðan fjarað smám saman út og megi segja að a.m.k. um mitt ár 2001 hafi samstarfinu algerlega verið lokið. Samkeppnisstofnun virðist reyndar draga úr þessari staðreynd þar sem því er haldið fram að samstaða olíufélaganna að þessu leyti kunni að hafa minnkað um mitt ár 2001. Ef orðalag tölvupósts OHF frá 21. júní 2001 sé skoðað komi glögglega fram að samstarf félaganna hafi verið á enda, hafi það yfir höfuð enn verið í gildi árið 2001. Eins og fram hafi komið skiptir sú staðreynd miklu máli að meintu ólögmetu samstarfi hafi lokið áður en samkeppnisyfyrvöld hófu rannsókn málsins, komi til ákvörðunar viðurlaga í málinu.

OHF hefur ekki lagt fram nein gögn sem styðja það að samkomulag olíufélaganna um yfirtöku viðskiptaskulda hafi verið gert að frumkvæði þáverandi ríkisviðskiptabanka. Í gögnum málsins er hvergi vísað til þessa. Jafnvel þó fallist yrði á að ríkisbankarnir hefðu komið að þessu fyrir gildistöku samkeppnislaga verður að hafa í huga að grundvallarbreyting varð á bankastarfsemi skömmu eftir gildistöku samkeppnislaga

<sup>2349</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Heiðu Friðjónsdóttur til Bjarna Bjarnasonar, Heimis Sigurðssonar og Ragnars Bogasonar, dags. 21.6.2001 kl. 16:39.

með nýrri heildarlöggjöf á því sviði. Einnig ber að hafa í huga að skortur á rekstrarfjármagni á árum áður, sem kann að hafa tengst þessu, var ekki lengur fyrir hendi eftir gildistöku samkeppnislaga. Hvað sem þessu líður bar olíufélögunum að fella þessa ólögmetu markaðsskiptingu niður við gildistöku samkeppnislaga.

Samkeppnisráð telur að framangreind gögn sýni með ótvíræðum hætti að olíufélögin hafi skipt markaðnum á milli sín með því að ákveða að keppa ekki um samningsbundna viðskiptavini. Samkomulaginu um yfirtöku viðskiptaskulda var ætlað að festa þetta í sessi. Engu breytir um ólögmeti þessa þó olíufélögin hafi ekki alltaf virt samkomulagið.<sup>2350</sup> Gögn málsins sýna að þetta samráð var í framkvæmd á árinu 2001, sbr. tölvupóstana milli Olís og Skeljungs frá janúar s.á. Þessar aðgerðir olíufélaganna fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga og eru hluti af samfelldu samráði þeirra. Gegn neitun OHF þykir hins vegar ekki sannað að þetta samráð hafi verið til staðar eftir júní 2001.

---

<sup>2350</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB frá 11.12.2003 í máli nr. T-56/99 *Marlines SA v Commission*.

## IX. SAMSTARF Í REKSTRI BENSINSTÖÐVA

Samkeppnisráð telur ljóst af gögnum málsins að Skeljungur, Olís og OHF hafi frá gildistöku samkeppnislaga til ársloka 2001 haft með sér náið samstarf um rekstur bensinstöðva og skiptingu tekna vegna þess rekstrar. Meginefni þessa kafla er að lýsa samstarfi olíufélaganna varðandi samrekstur bensinstöðva til ársloka 2001. Samhengisins vegna verður fyrst í stuttu máli gerð grein fyrir þessum samrekstri fram til 1. mars 1993.

### 1. Samrekstur bensinstöðva fram að gildistöku samkeppnislaga

Samrekstur bensinstöðva olíufélaganna virðist hafa verið tíðkaður a.m.k. frá árinu 1972. Í mars það ár undirrituðu Skeljungur og Olís samning um samvinnu við rekstur sameiginlegra bensinstöðva.<sup>2351</sup> Ári síðar undirrituðu olíufélögin þrjú samkomulag um rekstur sameiginlegra bensínsölustaða.<sup>2352</sup> Í þessu samkomulagi var gert ráð fyrir því að sölu bensínastöðvanna og kostnaði vegna þeirra væri skipt upp á milli félaganna, sbr. 2. og 5. gr. samkomulagsins. Auk þess var olíufélögunum óheimilt að koma á öðrum bensinstöðvum á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samkomulaginu nema með samþykki hinna, sbr. 10. gr. Eftir þetta virðist samvinna olíufélaganna hvað varðar samrekstur bensinstöðva hafa aukist enn frekar. Árið 1980 var gert samkomulag milli Skeljungs og Olís annars vegar um rekstur bensinstöðvar við Suðurströnd á Seltjarnarnesi<sup>2353</sup> og hins vegar um rekstur bensinstöðvar við Vatnsveg í Keflavík.<sup>2354</sup> Efnisákvæði samninganna voru þau sömu en þar var m.a. gert ráð fyrir því að stöðvarnar verði í eigu beggja félaga, sbr. 1. gr., og að sölu bensíns og kostnaði vegna rekstrarins yrði skipt milli félaganna, sbr. 3. og 4. gr. Tveimur árum síðar gerðu Skeljungur og Olís með sér samkomulag um byggingu sameiginlegrar bensinstöðvar við Vesturlandsveg í Mosfellssveit (sk. Langitangi).<sup>2355</sup> Samkvæmt samkomulagi félaganna varð Olís í upphafi umsjónaraðili með rekstri stöðvarinnar en jafnframt átti að skipta allri eldsneytissölu jafnt milli félaganna. Árið 1983 var samningurinn endurnýjaður ásamt samningi félaganna um rekstur bensinstöðvarinnar við

---

<sup>2351</sup> Samkomulag Skeljungs hf. og Olíuverslunar Íslands hf. um samvinnu við rekstur sameiginlegra bensínsölustaða, dags. 9.3.1972 (Hs. nr. 4620). Sbr. einnig minnisblað Einars Benediktssonar forstjóra Olís, dags. 10.3.1997 (Hs. nr. 5841).

<sup>2352</sup> Samkomulag Skeljungs, Olís og OHF um rekstur sameiginlegra bensínsölustaða. Samkomulagið er ódags. en samkvæmt 10. gr. þess tók það gildi 1.1.1973 (Hs. nr. 7956).

<sup>2353</sup> Samkomulag Skeljungs og Olís um rekstur bensinstöðvar við Suðurstönd á Seltjarnarnesi, dags. 17.12.1980 (Hs. nr. 7956).

<sup>2354</sup> Samkomulag Skeljungs og Olís um rekstur bensinstöðvar við Vatnsveg í Keflavík, dags. desember 1980 (Hs. nr. 7956).

<sup>2355</sup> Samkomulag Skeljungs og Olís um sameiginlega bensinstöð við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ, dags. 8.6.1982 (Hs. nr. 7956).



Suðurströnd á Seltjarnarnesi.<sup>2356</sup> Af gögnum málsins er ljóst að áframhaldandi samstarf var milli Skeljungs og Olís fram að gildistöku samkeppnislaga um rekstur bensínstöðva. Þannig eru í gögnum málsins átta óundirritaðir samningar um óskipta sameign félaganna á bensínstöðvum í Mosfellsbæ, Akureyri, Sandgerði, Keflavík, Þórshöfn, Skagaströnd, Búðardal og Suðurstönd á Seltjarnarnesi. Hinir óundirrituðu samningar eru dagsettir í mars 1993.<sup>2357</sup> Við samningana hefur verið fest þinglýst yfirlýsing stjórnar Olís til viðskiptabanka félagsins með lista yfir bensín- og smurstöðvar sem Olís átti sameiginlega með hinum olíufélagunum.<sup>2358</sup> Á þeim lista er, auk þeirra bensínstöðva sem nefndar hafa verið, einnig að finna bensínstöðvar m.a. á Raufarhöfn, við Umferðarmiðstöðina í Reykjavík, í Þorlákshöfn, á Kirkjubæjarklaustri, Siglufirði, Hvammstanga, Ísafirði og fleiri stöðum.

Af gögnum málsins er einnig ljóst að samstarf OHF við Skeljung og Olís hefur verið töluvert á þessu sviði fram að gildistöku samkeppnislaga. Sem dæmi má nefna samning OHF, Skeljungs og Olís frá árinu 1984 um rekstur bensínstöðvar á Siglufirði.<sup>2359</sup> Samkvæmt samningnum varð Olís umsjónaraðili með bensínstöðinni og tók sölulaun fyrir sölu eldsneytis. Selja átti smuroliur og aðrar vörur frá olíufélagunum þremur á stöðinni. Árið 1988 undirrituðu olíufélagin yfirlýsingu um uppgjör á sölu og kostnaði bensínstöðva sem voru í sameign félaganna eða reknar sameiginlega af þeim.<sup>2360</sup> Í yfirlýsingunni segir m.a.:

*„Í framhaldi af viðræðum milli olíufélaganna um tilhögun skiptingar og uppgjörs á sölu á sameiginlegum bensínstöðvum, hefur verið ákveðið að skipta sölu á bensíni, diselolíu og steinolíu mánaðarlega til þriðjunga milli eignaraðila á sameignarstöðvum félaganna þriggja. Breytingin taki gildi frá og með 1. janúar 1988. Kostnaði við þessar sameignarstöðvar verður eftir sem áður skipt í árslok.*

*Aðilar eru sammála um að taka beri tillit til meiri háttar kostnaðar við viðhald og endurbætur slíkra sameignarstaða í peningalegu uppgjöri milli félaganna jafnóðum og til þess stofnast. [...]“*

---

<sup>2356</sup> Samningur Skeljungs og Olís um rekstur bensínstöðvar við Langatanga í Mosfellssveit og við Suðurstönd á Seltjarnarnesi, dags. 30.11.1983 (Hs. nr. 5219).

<sup>2357</sup> Sameignarsamningar fyrir bensínstöðvar Skeljungs og Olís í Mosfellsbæ, Akureyri, Sandgerði, Keflavík, Þórshöfn, Skagaströnd, Búðardal og Suðurstönd á Seltjarnarnesi, dags. mars 1993 (Hs. nr. 5219).

<sup>2358</sup> Yfirlýsing stjórnar Olís, dags. 10.1.1990 (Hs. nr. 5219).

<sup>2359</sup> Samningur Skeljungs, Olís og OHF um rekstur bensínstöðvar á Siglufirði, dags. 3.1.1984 (Hs. nr. 5508).

<sup>2360</sup> Yfirlýsing olíufélaganna vegna uppgjörs á sölu og kostnaði bensínstöðva, sem eru í sameign olíufélaganna eða reknar sameiginlega af þeim, dags. 5.10.1988 (Hs. nr. 7956).

Um tveimur mánuðum síðar gerðu félögin svo með sér samkomulag um rekstur bensínsölustaða í sameign félaganna.<sup>2361</sup> Samkvæmt samkomulaginu var sölu skipt jafnt á milli félaganna mánaðarlega, sbr. 2. gr., en öllum rekstrarkostnaði var skipt árlega, sbr. 4. gr. Samkvæmt 1. gr. var einu félagi falin öll umsjón með ákveðnum sölustöðum.<sup>2362</sup> Skiptingin var þannig að OHF sá um Ísafjörð og Kirkjubæjarklaustur, Olís tók að sér Ólafsvík, Stykkishólm, Siglufjörð og Þingvelli en Skeljungur sá um að reka bensínstöðvar við Umferðamiðstöðina í Reykjavík, á Hvammstanga, í Þorlákshöfn og á Bíldudal. Samkvæmt 7. gr. var félögunum heimilt að óska eftir öllum upplýsingum um rekstur einstakra stöðva frá umsjónaraðila þeirra. Gögn málsins sýna einnig að samningur þessi var í gildi til 1. janúar 2001, en þann dag tók gildi nýr samningur olíufélaganna um rekstur og eignarhald á bensínstöðvum í eigu þeirra þriggja.<sup>2363</sup> Fjallað er um þá landfræðilega markaðsskiptingu sem tengdist þessu í kafla VIII 1.1 hér að framan.

Samkvæmt gögnum málsins virðast a.m.k. um 29 dælu-, bensín- og birgðastöðvar víðsvegar um landið hafa verið í sameiginlegum rekstri fleiri en eins olíufélags við gildistöku samkeppnislaga. Einnig er ljóst að mikið hefur verið um annarskonar samstarf, t.d. varðandi áfyllingar bensíngeyma o.fl. Auk þess var samstarf milli Olís og Skeljungs um rekstur 12 bensínstöðva og einnar birgðastöðvar en samstarf var milli Olís og OHF um bensín- og birgðastöðvar í Stykkishólmi.<sup>2364</sup>

Fyrirkomulag á rekstri bensínstöðvanna á þessu tímabili var með svipuðu sniði í flestum tilvikum.<sup>2365</sup> Almennt var eitt olíufélag umsjónaraðili með hverri stöð fyrir hönd allra eigenda hennar og sá það almennt um rekstur stöðvarinnar. Í sumum tilvikum var einnig ráðinn sjálfstæður aðili til að sjá um rekstur stöðvarinnar í umboði umsjónaraðilans. Uppgjör vegna rekstrar samrekinna bensínstöðva fór þannig fram að eldsneytissala var gerð upp mánaðarlega og henni skipt á milli félaganna en rekstrarkostnaður var gerður upp einu sinni á ári. Umsjónaraðili fékk sölulaun fyrir hvern seldan lítra eldsneytis en stundum var einnig um að ræða sérstakan rekstrarstyrk sem var óháður seldu magni. Viðhald samrekinna stöðva var greitt jafnt af öllum eigendum þeirra en umsjónaraðilar sáu um að skilgreina viðhaldsþarfir

---

<sup>2361</sup> Samkomulag Skeljungs, Olís og OHF um rekstur bensínsölustaða í sameign félaganna, dags. 30.12.1988 (Hs. nr. 5219).

<sup>2362</sup> Í samkomulaginu er það félag sem sér um rekstur sameiginlegrar bensínstöðvar nefnt umsjónaraðili. Hér eftir verður notast við hugtakið í sama skilningi.

<sup>2363</sup> Samningur Olís, Skeljungs og OHF um rekstur og eignarhald á 3ja félaga bensínstöðvum olíufélaganna, dags. 14.3.2001 (Hs. nr. 1602).

<sup>2364</sup> Yfirlit yfir sölu- og birgðastöðvar Olís, dags. 2.6.1993 (Hs. nr. 4017).

<sup>2365</sup> Við eftirfarandi lýsingu verður einkum stuðst við samning Skeljungs og Olís vegna rekstrar bensínstöðvar í Sandgerði, dags. 30.1.1991 (Hs. nr. 8208) og samning olíufélaganna þriggja vegna rekstrar bensínstöðvar á Siglufirði, dags. 3.1.1984 (Hs. nr. 5508) en slíkt rekstrarform virðist hafa verið í nokkuð föstum skorðum hjá olíufélögunum.

stöðvanna og gerðu meðeigendum grein fyrir kostnaði vegna þeirra.<sup>2366</sup> Í árslok var svo sendur reikningur til meðeigenda fyrir þeirra hluta af rekstrarkostnaði.<sup>2367</sup>

## 2. Erindi FÍB 1993 og bréf Olís 1994

Áður en lýst verður samstarfi olíufélaganna frá gildistöku samkeppnislaga er nauðsynlegt að rekja erindi Félags íslenskra bifreiðaeigenda (hér eftir FÍB) til Samkeppnisstofnunar, dags. 26. maí 1993, tilkynningu samkeppnisráðs í Lögbirtingablaðinu þann 19. maí 1993 og símbref Olís til Samkeppnisstofnunar, þann 4. nóvember 1994.

Með bréfi, dags. 26. maí 1993, barst Samkeppnisstofnun erindi frá FÍB er varðaði aðallega meintar samræmdar hækkanir á bensínverði.<sup>2368</sup> Hluti erindisins beindist að samreknnum bensínstöðvum olíufélaganna og taldi FÍB að slíkur samrekstur stæðist ekki ákvæði samkeppnislaga. Erindi FÍB var sent olíufélögunum með bréfi, dags. 16. júní s.á.,<sup>2369</sup> og óskað eftir umsögnum þeirra. Í umsögnum félaganna var staðfest að félögin ættu saman átta bensínstöðvar. Jafnframt var rekstrinum lýst með eftirfarandi hætti í bréfi OHF:

*„Olíufélögin eiga og reka saman átta bensínstöðvar þó þannig að eitt félaganna er rekstraraðili að hverri stöð. ... Rekstur sameignarstöðvanna er með þeim hætti að það olíufélag sem hefur með reksturinn að gera notar stærsta hlutann af hillurými undir sína vöru. Þó er þess gætt að algengustu vörur hinna félaganna eins og smurolíur séu til sölu. Þá eru merki rekstraraðila mun meira áberandi. Af þessum sökum þykir eðlilegast eftir að verðlag á olíuvörum hefur verið gefið frjálst að bensínverð viðkomandi olíufélags gildi á þeirri sameignarstöð sem það rekur. Í þessu sambandi má benda á að olíufélögin hafa sín á milli nokkurt samstarf í dreifingu á olíuvörum til hagræðingar í rekstri ...“*

Í bréfum hinna félaganna var ekki fjallað frekar um þennan rekstur. Að fengnum skýringum olíufélaganna var ekki af hálfu samkeppnisyfirvalda gripið til frekari aðgerða vegna málsins.<sup>2370</sup> Af þessu er ljóst að olíufélögin höfðu gert samkeppnisyfirvöldum grein fyrir samrekstri sínum að einhverju leyti skömmu eftir

<sup>2366</sup> Sbr. t.d. bréf frá Gissuri Pálssyni Skeljungu til Hafsteins Guðmundssonar OHF og Thomasar Möller Olís, dags. 11.1.1999 (Hs. nr. 5219).

<sup>2367</sup> Sbr. t.d. reikning Skeljungs til OHF vegna bensínstöðvar í Þorlákshöfn, dags. 31.12.1998 (Hs. nr. 3167).

<sup>2368</sup> Erindi Félags íslenskra bifreiðaeigenda, dags. 26.5.1993.

<sup>2369</sup> Bréf Samkeppnisstofnunar til OHF, Olís og Skeljungs, dags. 16.6.1993.

<sup>2370</sup> Umsögn OHF barst með bréfi dags. 22. júlí 1993, frá Olís dags. 11. ágúst 1993 og frá Skeljungu 17. ágúst 1993.

gildistöku samkeppnislaga að því er varðar rekstrarfyrirkomulagið, þ.e. að félögin stæðu sameiginlega að rekstri tiltekinna bensínstöðva og að í hverju tilviki annaðist eitt félaganna umsjón með rekstri viðkomandi stöðvar fyrir hönd allra félaganna og tæki sjálfstæðar ákvarðanir um útsöluverð stöðvarinnar. Samkeppnisráð telur að í umsögnum olíufélaganna hafi ekki verið upplýst um mikilvæg atriði í samstarfi olíufélaganna, t.d. þá staðreynd að sölu viðkomandi bensínstöðva var skipt á milli olíufélaganna.

Eins og fram hefur komið birti Samkeppnisstofnun tilkynningu í Lögbirtingablaðinu þann 19. maí 1993 þar sem fyrirtæki voru hvött til þess að sækja um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga við samkeppnishömlum. Frestur var veittur til 1. nóvember það ár til þess sækja um undanþágu. Samkeppnisstofnun barst ekki umsókn um undanþágu vegna þess samstarfs olíufélaganna, sem hér verður lýst, fyrir þann tíma. Rúmlega ári eftir að fresturinn hafði runnið út, þ.e. þann 4. nóvember 1994, barst Samkeppnisstofnun hins vegar símbréf frá Olís.<sup>2371</sup> Símbréfið ber yfirskriftina „Uppkast að erindi“. Það er ritað sem drög að sameiginlegu bréfi olíufélaganna þriggja og inniheldur stutta lýsingu á samrekstri bensínstöðva. Þar segir m.a.:

*„Tekið skal fram að olíufélögin hafa um áratuga skeið rekið í samstarfi ákveðna sölustaði. Ástæðan er einfaldlega sú að bein hagkvæmnisjónarmið hafa ráðið ferðinni eða úthlutun sveitarfélaga á lóðum eða aðstöðu. Víða utan Reykjavíkur er olíumarkaðurinn það lítill að samstarf eða samvinna leiðir beint til lægri fjárbindingar og lægri rekstrarkostnaðar, sem aftur skilar sér til notandans í hagstæðara vöruverði. Þá er sala sameiginlegra sölustaða aðeins lítill hluti af heildarsölu olíufélaganna.“*

Í uppkastinu rökstuddu olíufélögin frekar tilvist slíks rekstrarforms bensínstöðva úti á landi, en fyrirkomulagi vegna samrekstrar bensínstöðva var þó ekki lýst nánar. Þannig var ekki upplýst um mikilvæg atriði þessa samstarfs, t.d. var tekju- og kostnaðarskiptingu ekki lýst. Í símbréfinu var óskað eftir afstöðu Samkeppnisstofnunar til uppkastsins. Af hálfu Samkeppnisstofnunar var þessu óformlega bréfi olíufélaganna ekki svarað með formlegum hætti en á fundi stuttu síðar var olíufélagunum gerð grein fyrir því að samstarf þeirra í rekstri bensínstöðva gengi hugsanlega gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt þessu liggur fyrir að olíufélögin tilkynntu Samkeppnisstofnun með óformlegum hætti um samstarf sitt í rekstri bensínstöðva úti á landi í byrjun nóvember 1994. Jafnframt var samstarf olíufélaganna í samrekstri bensínstöðva augljóst að því leyti að samreknar bensínstöðvar voru í flestum tilvikum merktar þeim

---

<sup>2371</sup> Símbréf frá framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís til Samkeppnisstofnunar, dags. 4.11.1994. Olís sendi uppkastið til OHF og Skeljungs með símbréfi dags, 27.10.1994 (Hs. nr. 7072).

félögum sem að þeim stóðu. Hins vegar var Samkeppnisstofnun ekki á þessum tíma upplýst um þá markaðsskiptingu sem átti sér stað í þessu samstarfi.

### 3. Samrekstur bensinstöðva 1993–2001

Fyrir liggur að olíufélögin ráku saman á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ársloka 2001 bensinstöðvar víðsvegar um landið. Fyrirkomulag á samstarfi olíufélaganna var með þeim hætti sem þegar hefur verið lýst, þ.e. að eitt félag sá almennt um rekstur hvernar bensinstöðvar fyrir sig.<sup>2372</sup> Það félag sá jafnframt um verðlagningu fyrir bensinstöðina. Rannsókn þessa máls hefur hins vegar leitt í ljós að samstarf olíufélaganna var mun nánara en félögin upplýstu um á árunum 1993 og 1994, sbr. umfjöllun hér að framan. Þannig hefur komið í ljós að olíufélögin hafa skipt með sér sölu á þeim stöðvum þar sem samvinna átti sér stað en söluskiptingin var almennt jöfn milli félaganna. Jafnframt er ljóst af gögnum málsins að upplýsingaskipti milli félaganna voru vegna þessa samstarfs tíð og ítarleg.

Hér á eftir verður fjallað um samrekstur olíufélaganna á bensinstöðvum víðsvegar um landið. Í gögnum málsins er almennt vísað til bensinstöðva sem tvö félög reka saman sem „tveggja félaga“ stöðva en bensinstöðvar sem félögin hafa rekið öll saman eru almennt kallaðar „þriggja félaga“ stöðvar.

#### 3.1. Samrekstur Olís og Skeljungs

Miðað við gögn málsins er unnt að fullyrða að samstarf Olís og Skeljungs hafi verið hvað nánast varðandi rekstur bensinstöðva í Mosfellsbæ (sk. Langitangi), við Vatnsveg í Keflavík og við Suðurströnd á Seltjarnarnesi. Upphaflegir samningar félaganna eru dagsettir í desember 1980 vegna Seltjarnarness og Keflavíkur<sup>2373</sup> og 8. júní 1982 vegna byggingar sameiginlegrar bensinstöðvar við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ.<sup>2374</sup> Árið 1983 var svo gerður samningur vegna rekstrar bensinstöðvanna á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ.<sup>2375</sup>

---

<sup>2372</sup> Á yfirlitum sem fundust hjá olíufélögunum þar sem sameiginlegar bensinstöðvar eru taldar upp er þetta almennt sýnt á eftirfarandi hátt: Kirkjubæjarklaustur: Esso/Olís/Shell. Fyrsta nafnið er nafn umsjónaraðila bensinstöðvarinnar, sbr. t.d. afritað tölvugagn frá Olís. Listi yfir samreknar bensinstöðvar, dags. 26.1.1995.

<sup>2373</sup> Samkomulag um rekstur bensinstöðvar Skeljungs og Olís við Suðurströnd á Seltjarnarnesi, dags. 17.12.1980 (Hs. nr. 7956). Samningur um rekstur bensinstöðvar Skeljungs og Olís við Vatnsveg 16, Keflavík, dags. desember 1980 (Hs. nr. 7956).

<sup>2374</sup> Samkomulag um byggingu bensinstöðvar Skeljungs og Olís við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ, dags. 8.6.1982 (Hs. nr. 7956).

<sup>2375</sup> Samningur um rekstur bensinstöðva við Langatanga í Mosfellssveit og við Suðurströnd á Seltjarnarnesi, dags. 30.11.1983 (Hs. nr. 5219).

Eins og rakið er að framan hófst samstarf Olís og Skeljungs í rekstri bensínstöðva fyrir rúmum 30 árum. Á yfirliti sem fannst hjá Olís og dagsett er 2. júní 1993<sup>2376</sup> kemur fram að Olís og Skeljungur hafa rekið saman a.m.k. 12 bensínstöðvar og umboð ásamt einni birgðastöð á þeim tíma. Gögn málsins benda til þess að samstarf Olís og Skeljungs að þessu leyti hafi á þessum tíma verið mjög náíð.

Á yfirliti frá upphafi árs 1995 sem fannst hjá Olís eru sameiginlegar bensínstöðvar Olís og Skeljungs ellefu talsins, þ.m.t. þær stöðvar sem nefndar voru hér að ofan í Mosfellsbæ, Keflavík og á Seltjarnarnesi.<sup>2377</sup> Í febrúar 1995 sendi Olís tillögur til Skeljungs um samstarf til sparnaðar.<sup>2378</sup> Lagðar voru til breytingar á samstarfi félaganna í 18 liðum sem einkum vörðuðu samstarf í dreifingu á olíu og bensíni.<sup>2379</sup> Jafnframt var lagt til að bensínstöðvum yrði fækkað, m.a. að sameiginlegum bensínstöðvum félaganna á Suðurströnd og Langatanga yrði skipt upp.

Samrekstur Olís og Skeljungs virðist hafa verið óbreyttur að mestu leyti þar til um mitt ár 1996, en þá hófust viðræður milli Skeljungs og Olís varðandi uppskiptingu á sameiginlegum stöðvum.<sup>2380</sup> Á yfirliti sem fannst hjá Olís og er frá árinu 1997 sést að á þeim tíma voru a.m.k. sjö bensínstöðvar í sameiginlegum rekstri Olís og Skeljungs.<sup>2381</sup> Árið 1997 var einnig unnin skýrsla hjá eignaumsýslu og innra eftirliti Skeljungs um bensínstöðvar sem fyrirtækið átti með Olís.<sup>2382</sup> Þar kemur fram að bensínstöðvar félaganna á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ eru meðal þeirra verðmætustu ásamt bensín- og smurstöð við Vatnsveg í Keflavík. Viðræður fóru aftur á skrið síðar sama ár en þá átti sér stað röð funda fulltrúa Olís og Skeljungs<sup>2383</sup> auk töluverðra bréfaskrifta milli forstjóra félaganna.<sup>2384</sup> Ágreiningur var meðal félaganna um hvernig bæri að standa að þessum málum og kemur m.a. fram að Skeljungur hótai því að krefjast þess að sameiginlegar eignir yrðu settar á uppboð.<sup>2385</sup>

---

<sup>2376</sup> Yfirlit yfir sölu- og birgðastöðvar Olís, dags. 2.6.1993 (Hs. nr. 4017).

<sup>2377</sup> Listi yfir samreknar bensínstöðvar. Afritað tölvuskjal frá Olís, dags. 26.1.1995.

<sup>2378</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Bréf Thomasar Möller Olís til Bjarna S. Jónssonar og Þóris Haraldssonar Skeljungu, dags. 21.2.1995. Sjá einnig símbref, dags. 21.2.1995 (Hs. nr. 7080).

<sup>2379</sup> Svipað bréf var einnig sent OHF varðandi samstarf Olís og OHF, dags. 21.2.1995. Afritað tölvuskjal frá Olís.

<sup>2380</sup> Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur til Kristins Björnssonar forstjóra Skeljungs, dags. 23.4.1996 (Hs. nr. 7080).

<sup>2381</sup> Minnisblað frá Einari Benediktssyni til Thomasar Möller, Kristjáns B. Ólafssonar o.fl., dags. 10.3.1997 (Hs. nr. 5841).

<sup>2382</sup> Greinargerð vegna bensínstöðva í sameign Skeljungs og Olís, dags. 10.4.1997 (Hs. nr. 7080).

<sup>2383</sup> Tölvupóstur frá Árna Ármanni Árnasyni til forstjóra Skeljungs, dags. 4.7.1997 kl. 13:17 (Hs. nr. 7080).

<sup>2384</sup> Bréf forstjóra Skeljungs til forstjóra Olís, dags. 10.6.1997 (Hs. nr. 4627) og 5.8.1997 (Hs. nr. 4627) auk bréfa forstjóra Olís til forstjóra Skeljungs, dags. 13.6.1997 (Hs. úr nr. 4627) og 28.8.1997 (Hs. nr. 7080).

<sup>2385</sup> Bréf Skeljungs (Árna Á. Árnasonar, Margrétar Guðmundsdóttur og Kristins Björnssonar) til Olís (Einars Benediktssonar, Thomasar Möller og Kristjáns B. Ólafssonar), dags. 10.10.1997 (Hs. nr. 7080).

Í bréfi Skeljungs var svo lögð fram enn ein tillagan að lausn málsins. Þetta virðist hafa borið tilætlaðan árangur þar sem samningaviðræðum þessum lauk með undirritun nokkurra samninga þann 28. nóvember 1997.<sup>2386</sup> Meðal annars var undirritaður samningur félaganna um sameiginlega bensínstöð félaganna við Langatanga í Mosfellsbæ.<sup>2387</sup> Samkvæmt samningnum skyldi tekjum af sölu eldsneytis skipt mánaðarlega jafnt milli félaganna en auk þess skyldi umsjónaraðili greiða meðeiganda 4,5% af smásöluveltu stöðvarinnar þ.m.t. smurolíusölu, tvisvar á ári. Samningurinn er ótímabundinn en samkvæmt honum skuldbinda Olís og Skeljungur sig til þess að óska ekki eftir slitum á sameigninni næstu tíu ár eftir undirritun samningsins.

Sama dag undirrituðu félögin einnig samning um uppskipti annarra stöðva í samrekstri þeirra.<sup>2388</sup> Ljóst er að félögin hittust áfram reglulega vegna samrekstrar eftir framangreinda uppskiptingu.<sup>2389</sup>

Samstarf Olís og Skeljungs leiddi m.a. til þess að fyrirtækin skiptust á nákvæmum upplýsingum um rekstur bensínstöðva hvors annars. Meðal gagna málsins eru t.d. samskipti félaganna vegna bensínsölu á Ólafsfirði.<sup>2390</sup>

Samkvæmt upplýsingum frá Skeljungu eru nú tvær bensínstöðvar í sameiginlegum rekstri Skeljungs og Olís: á Ólafsfirði og í Mosfellssveit.

### 3.2. Samrekstur Olís og OHF

Á yfirliti frá miðju ári 1993 sem fannst hjá Olís komu fram upplýsingar um samstarf Olís og OHF.<sup>2391</sup> Samvinna milli félaganna virðist hafa verið minni í sniðum hvað varðar bensínstöðvar en áður nefnd samvinna Skeljungs og Olís. Eftir að samningur var gerður um kaup OHF á eignarhlut í Olís vorið 1995 og samið var um stofnun Ólíudreifingar ehf. jókst hins vegar samstarf félaganna en á þeim tíma ráku Olís og OHF aðeins saman eitt umboð og eina birgðastöð í Stykkishólmi. Á yfirliti frá upphafi árs 1995 kemur fram að Skeljungur hafi einnig verið farinn að taka þátt í samrekstri bensínstöðvar í Stykkishólmi ásamt Olís og OHF, en ekkert kemur fram

---

<sup>2386</sup> Tölvupóstur frá Árna Ármanni Árnasyni til Margrétar Guðmundsdóttur o.fl., dags. 1.12.1997 kl. 11:38. Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Samkeppnisstofnun hefur einnig fengið afhent undirrituð eintök af samningunum frá Skeljungu, sbr. bréf Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 16.9.2002.

<sup>2387</sup> Samningur Olís og Skeljungs um rekstur og eignarhald á bensínstöðinni við Langatanga í Mosfellsbæ, dags. 28.11.1997 (Hs. nr. 5508).

<sup>2388</sup> Afritað tölvugagn frá Olís. Samningur Olís og Skeljungs um gagnkvæm kaup á fasteignum, dags. 28.11.1997. Tölvupóstur frá Kristjáni B. Ólafssyni til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 29.11.1997 kl. 13:40.

<sup>2389</sup> Sbr. t.d. fundargerð vegna fundar Thomasar Möller og Ólafs B. Ragnarsonar Olís með Margréti Guðmundsdóttur og Ólafi Jónssyni Skeljungu, dags. 18.12.1998 (Hs. nr. 7956).

<sup>2390</sup> Símbref Kristjáns B. Ólafssonar Olís til Hjartar Árnasonar Skeljungu, dags. 6.3.1995 (Hs. nr. 7080).

<sup>2391</sup> Yfirlit yfir sölu- og birgðastöðvar Olís, dags. 2. júní 1993 (Hs. nr. 4017).

um annað samstarf milli Olís og OHF sérstaklega.<sup>2392</sup> Olís og OHF hafa einnig haft með sér samstarf í eldsneytissölu að Flúðum.<sup>2393</sup>

Árið 1995 lagði Olís til að breytingar yrðu gerðar á samstarfi félagsins við OHF og það aukið.<sup>2394</sup> Tillögur Olís voru í 13 liðum og fjölluðu nokkrir liðir um samstarf olíufélaganna þriggja.<sup>2395</sup> Í lið 2 er fjallað um sameiginlega bensínstöð Olís og OHF að Flúðum, og fram kemur að flytja þurfi stöðina. Jafnframt er lagt til að könnuð verði hagkvæmni þess að reka stöðina áfram sem tveggja félaga stöð.

Í maí 1995 hittust fulltrúar Olís og OHF á fundi. Samkvæmt fundargerð sem fannst hjá Olís var rætt um aukið hagræði í bensínsölu.<sup>2396</sup> Meðal annars var rædd sú ósk hreppstjórans að Flúðum að Olís og OHF byggðu nýja bensínstöð skammt frá þáverandi stöð. Á yfirliti sem fannst hjá Olís yfir samrekstur og sameignir olíufélaganna á árinu 1997 kemur jafnframt fram að OHF og Olís hafi á þessum tíma átt saman þvottaplan, dælur og geymslu að Flúðum.<sup>2397</sup>

Samkvæmt upplýsingum frá OHF rekur félagið ekki lengur bensínstöðvar eingöngu í samvinnu við Olís.<sup>2398</sup>

### 3.3. Samrekstur OHF og Skeljungs

Samstarf milli OHF og Skeljungs virðist hafa byrjað snemma.<sup>2399</sup> Í greinargerð um samstarf Skeljungs og OHF frá árinu 1994 er fjallað um samstarf félaganna á ýmsum stöðum í kringum landið.<sup>2400</sup> Samtals er um að ræða 19 staði þar sem ýmis samvinna fór fram.

Jafnframt fannst yfirlit hjá Olís frá upphafi árs 1995 þar sem fram kemur að OHF og Skeljungur hafi rekið saman þrjár bensínstöðvar: á Dalvík, í Varmahlíð og við Staðarskála.<sup>2401</sup> Meðal þeirra gagna sem fundust hjá OHF var m.a. undirritaður samningur félagsins við Skeljung um rekstur bensínafgreiðslu í Varmahlíð.<sup>2402</sup> Samkvæmt samningnum er OHF rekstraraðili bensínstöðvarinnar en tekjum vegna eldsneytissölu er skipt þannig að OHF fær 68% og Skeljungur 32%. Jafnframt greiðir

<sup>2392</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Listi yfir samreknar bensínstöðvar.

<sup>2393</sup> Afritað tölvugagn frá Olís. Minnisblað Thomasar Möller vegna fundar með OHF, dags. 5.5.1995.

<sup>2394</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Bréf frá Thomasi Möller Olís til Knúts Haukssonar og Þórólfs Árnasonar OHF, dags. 21.2.1995.

<sup>2395</sup> Sbr. kafla 4.1.

<sup>2396</sup> Minnisblað ritað af Thomasi Möller, dags. 23.5.1995 (Hs. 3166), sbr. einnig minnisblað Thomasar Möller, dags. 19.5.1995 (Afritað tölvuskjal frá Olís).

<sup>2397</sup> Minnisblað frá forstjóra Olís, dags. 10.3.1997 (Hs. nr. 5841).

<sup>2398</sup> Bréf Magnúsar Ásgeirssonar OHF til Samkeppnisstofnunar, dags. 27.3.2002.

<sup>2399</sup> Sbr. kafla 2.

<sup>2400</sup> Greinargerð um samstarf OHF og Skeljungs, rituð af Magnúsi Ásgeirssyni, dags. sept. 1994 (Hs. nr. 3164).

<sup>2401</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Listi yfir samreknar bensínstöðvar, dags. 26.1.1995.

<sup>2402</sup> Samningur OHF og Skeljungs um rekstur bensínafgreiðslu í Varmahlíð, dags. 10.10.1995 (Hs. nr. 1619).



Skeljungur 32% af rekstrarkostnaði stöðvarinnar. Samningurinn, sem var undirritaður 10. október 1995, var afturvirkur til 1. apríl 1994 og skyldi endurskoðast árlega.

Samkvæmt gögnum frá Skeljungi<sup>2403</sup> og OHF<sup>2404</sup> reka félögin nú saman þrjár bensínafgreiðslur: við Staðarskála, í Varmahlíð og á Dalvík. Samkvæmt gögnum frá OHF er að auki upplýst að félögin reka saman bensínafgreiðslu hjá Sérleyfisbílum Keflavíkur (SBK).

#### 3.4. Samrekstur Olís, Skeljungs og OHF

Á yfirliti sem fannst hjá Olís frá miðju ári 1993 kemur fram að níu bensínstöðvar hafi verið í sameign olíufélaganna þriggja á þeim tíma á eftirtöldum stöðum: í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Ísafirði, Hvammstanga, Siglufirði, Fáskrúðsfirði, Kirkjubæjarklaustri, í Þorlákshöfn og Bíldudal.<sup>2405</sup> Auk þess var eitt umboð rekið sameiginlega á Raufarhöfn. Á yfirliti sem einnig fannst hjá Olís kemur fram að í upphafi árs 1995 hafi Bíldudalur ekki lengur verið á lista yfir sameiginlegar stöðvar og hafi olíufélögin þrjú því rekið saman átta bensínstöðvar á þeim tíma.<sup>2406</sup> Árið 1998 voru enn sömu átta bensínstöðvar í samrekstri olíufélaganna þriggja og á árinu 1995.<sup>2407</sup>

Samvinna olíufélaganna um rekstur bensínstöðvanna var nán. Þannig var rætt opinskátt milli félaganna um þörfina á að sameina, aðskilja eða loka bensínstöðvum úti á landi, sbr. t.d. bréf Olís til OHF og Skeljungs varðandi bensínstöðvar á Þórshöfn.<sup>2408</sup>

Viðræður félaganna snérust ekki aðeins um rekstur bensínstöðva og uppskiptingu þeirra<sup>2409</sup> heldur einnig samræmingu í rekstri þeirra. Í byrjun árs 1998 sendi Skeljungur t.d. hinum olíufélagunum tillögur að uppgjörsreglum fyrir sameiginlegar stöðvar félaganna.<sup>2410</sup> Í tillögum Skeljungs var lagt til að kostnaðarskipting fyrir þær átta bensínstöðvar sem voru í samrekstri félaganna þriggja færi fram í lok hvers árs. Þar eru upptaldir einstakir kostnaðarliðir sem skipt skal á milli félaganna og þeir sem rekstraraðili skyldu greiða. Jafnframt var lögð fram tillaga að samræmingu sölulauna og hvaða skyldur rekstraraðili ætti að bera. Þessi tilraun Skeljungs virðist ekki hafa borið árangur þar sem fyrirtækið gerði fleiri tilraunir til þess að samræma atriði í samrekstri olíufélaganna. Í mars 1999 sendi Skeljungur t.d. tölvupóst til Olís og OHF

<sup>2403</sup> Bréf Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 16.9.2002.

<sup>2404</sup> Bréf Magnúsar Ásgeirssonar (OHF) til Samkeppnisstofnunar, dags. 27.3.2002.

<sup>2405</sup> Yfirlit yfir sölu- og birgjustöðvar Olís, dags. 2.6.1993 (Hs. nr. 4017).

<sup>2406</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís. Listi yfir samreknar bensínstöðvar, dags. 26.1.1995.

<sup>2407</sup> Bréf Margrétar Guðmundsdóttur Skeljungi til Thomasar Möller Olís og Þórólfs Árnasonar OHF, dags. 21.1.1998 (Hs. nr. 4627). Sjá einnig yfirlit yfir starfsstöðvar Olís, dags. febrúar 1998 (Hs. nr. 4576).

<sup>2408</sup> Bréf Olís til OHF og Skeljungs, dags. 12.10.1994 (Hs. nr. 3167).

<sup>2409</sup> Fjallað er um landfræðilega markaðsskiptingu olíufélaganna í kafla IV.

<sup>2410</sup> Bréf Margrétar Guðmundsdóttur til Thomasar Möller Olís og Þórólfs Árnasonar OHF, dags. 21.1.1998. (Hs nr. 4627).

og fjallaði um þessi málefni.<sup>2411</sup> Hugmyndir Skeljungs virðast ekki hafa hlotið mikinn hljómgrunn hjá OHF en félagið var þó tilbúið að ræða þessi mál frekar.<sup>2412</sup>

Stórtækari hugmyndir voru jafnframt ræddar milli félaganna. Á ódagsettu minnisblaði sem fannst hjá Olís en er líklega frá árinu 1998 er fjallað um hugmynd að fyrirtækinu „Íslandsbensín ehf.“<sup>2413</sup> Þetta fyrirtæki áttu olíufélögin að stofna sameiginlega í þeim tilgangi að reka allar bensínstöðvar olíufélaganna úti á landi. Í fyrstu átti fyrirtækið að taka við rekstri átta sameiginlegra bensínstöðva olíufélaganna þriggja. Því næst átti Íslandsbensín að kaupa allar bensínstöðvar úti á landi þar sem fyrir voru fleiri en ein bensínstöð, halda þeirri stöð í rekstri sem best bar sig en loka hinum. Með þessum aðgerðum átti að loka strax tólf bensínstöðvum úti á landi en hugsanlegt væri að bæta fleiri bensínstöðvum inn í fyrirtækið. Íslandsbensín átti að vera sjálfstætt, hafa eigið vörumerki og ákveða sjálft þjónustustig úti á landi. Endanlegt markmið var að Íslandsbensín ætti eingöngu að bjóða bensín í sjálfsafgreiðslu en á fullu verði.

Þessi hugmynd var aftur rifjuð upp síðar. Þannig segir t.d. í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs smásölu hjá Olís til framkvæmdastjórnar félagsins frá 14. apríl 1999 varðandi fund hans með framkvæmdastjórum markaðssviða smásölu hjá Skeljungi og OHF.<sup>2414</sup>

*„Skóðaður verði möguleiki 3ja fél stöðva á grundvelli Langatangasamnings um Dalvík, Raufarhöfn, Reyðarfjörð og Húsavík og 2ja félaga stöðvar á Ólafsfirði og Seyðisfirði. Áætlaður árssparnaður er á bilinu 50–75 milljónir. Einnig rætt um hugsanlegan rekstur allra 3ja fél stöðva í sérstöku rekstrarfélagi með eigin logo og eigin verðlagningarstefnu/þjónustustefnu. [...]“*

Eftir þennan fund virðist vinna hafa farið af stað innan félaganna til þess að kanna þennan möguleika ef marka má eftirfarandi tölvupóst frá Skeljungi til hinna félaganna.<sup>2415</sup>

*„Við höfum fjallað um þetta hjá okkur og viljum gefa þessu forgang. Það er þrennt sem okkur finnst að gera þurfi:*

<sup>2411</sup> Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur Skeljungi til Thomasar Möller Olís og Heimis Sigurðssonar OHF, dags. 26.3.1999 kl. 15:09 (Hs. nr. 3112).

<sup>2412</sup> Tölvupóstur frá Geir Magnússyni forstjóra OHF til Heimis Sigurðssonar, dags. 28.3.1999 kl. 17:25 (Hs. nr. 3112).

<sup>2413</sup> Minnisblað Thomasar Möller, ódags. (Hs nr. 4925).

<sup>2414</sup> Tölvupóstur frá Thomasi Möller til framkvæmdastjórnar Olís, dags. 14.4.1999 kl. 9:15 (Hs. nr. 4005).

<sup>2415</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Margréti Guðmundsdóttur Skeljungi til Thomasar Möller Olís og Heimis Sigurðssonar OHF, dags. 15.4.1999 kl. 8:32.

- *Hvert félag búi til lista og forgangsraði hvaða stöðvar eigi að fara í slíka púlju*
- *Að við einbeitum okkur að því að sameinast í 3ja félaga stöðvar og þar með fækka 3 félögum í eitt á ákveðnum stöðum*
- *Að nýtt rekstrarfélag og hugmyndum um það verði vísað til fjármálastjóra félaganna*

*Við værum tilbúin að hittast eftir hádegi á morgun og halda þessu máli áfram. ...“*

Niðurstaða þessarar vinnu var sú að félögin töldu ekki grundvöll fyrir samvinnu á þessum nótum, sbr. m.a. ummæli í fundargerð framkvæmdastjórnar OHF tveimur mánuðum síðar:<sup>2416</sup>

*„Hugmyndir um stofnun rekstrarfélags með Skeljungu og Olís sem sæi um rekstur landsbyggðarstöðva – málið fær ekki undirtektir. [...]“*

Viðræður olíufélaganna héldu þó áfram, en á öðrum grundvelli. Nú var rætt um að sameina rekstur félaganna á þann hátt að félögin keyptu sig inn í rekstur hvert hjá öðru á ákveðnum stöðum á landinu.<sup>2417</sup>

Innan félaganna var unnið áfram að tillögum í tengslum við þetta<sup>2418</sup> og málið m.a. kynnt á framkvæmdastjórnarfundi hjá OHF.<sup>2419</sup> Viðræður olíufélaganna stóðu yfir út árið 1999 og fram á árið 2000. Sú breyting varð þó á að aftur var rætt um samvinnu og samrekstur í stað þess að félögin keyptu hluti hvert í öðru. Hjá OHF fannst t.d. uppkast að samningi um rekstur sameiginlegra stöðva, dags. 8. maí 2000.<sup>2420</sup> Samkvæmt samningnum átti OHF að sjá um rekstur bensínstöðva á Ísafirði og Kirkjubæjarklaustri, Olís á Ólafsvík, Stykkishólmi og Siglufirði, en Skeljungur átti að sjá um rekstur á Hvammstanga og Þorlákshöfn. Í þessu skjali er jafnframt nefnt að Skeljungur ætti að sjá um rekstur „Umferðamiðstöðvarinnar“ en stríkað hefur verið yfir þann lið. Í tölvupósti frá Skeljungu til OHF og Olís var nokkrum dögum síðar m.a. fjallað um þetta uppkast.<sup>2421</sup>

<sup>2416</sup> Fundargerð framkvæmdastjórnar OHF, dags. 1.6.1999 (Hs. nr. 1360).

<sup>2417</sup> Tölvupóstur Heimis Sigurðssonar til Ragnars Bogasonar og Bjarna Bjarnasonar, dags. 9.6.1999 kl. 10:22 (Hs. nr. 1384).

<sup>2418</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Heimi Sigurðssyni til Bjarna Bjarnasonar og Ragnars Bogasonar, dags. 26.8.1999 kl. 20:22 og frá Bjarna Bjarnasyni til Heimis Sigurðssonar og Ragnars Bogasonar, dags. 27.8.1999 kl. 8:15.

<sup>2419</sup> Fundargerð vegna framkvæmdastjórnarfundar hjá OHF, dags. 9.9.1999 (Hs. nr.1360).

<sup>2420</sup> Uppkast að samningi milli Olís, Skeljungs og OHF, dags. 8.5.2000 (Hs. nr. 2800).

<sup>2421</sup> Tölvupóstur Margrétar Guðmundsdóttur (Skeljungu) til Thomasar Möller (Olís) og Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 17.5.2000 kl. 9:08 (Hs. nr 3112).

Frekari tillögur voru ræddar innan félaganna<sup>2422</sup> en af gögnum málsins er ljóst að þrýstingur á að ljúka samningagerðinni kom að mestu frá Skeljungu.<sup>2423</sup> Þessum viðræðum var tímabundið slitið af hálfu Olís<sup>2424</sup> vegna atburða í Grindavík.<sup>2425</sup> Þeim viðræðum var síðar haldið áfram.<sup>2426</sup> Nokkrar breytingar voru gerðar á samningsdrögum undir lok árs 2000.<sup>2427</sup> Átti nú m.a. að samræma sölulaun fyrir sölu eldsneytis milli félaganna (sbr. 4.gr.), uppgjör flutnings- og rekstrarkostnaðar var ákveðið (sbr. 5. og 4. gr.) og framkvæmd samningsins skipulögð (sbr. 10. gr.).

Í upphafi árs 2001 héldu viðræður olúfélaganna enn áfram.<sup>2428</sup> Einhverjar breytingar voru aftur gerðar á samningsdrögum,<sup>2429</sup> en þann 14. mars 2001 hittust fulltrúar olúfélaganna loks á fundi<sup>2430</sup> og undirrituðu samning um rekstur og eignarhald á bensínstöðvum í sameiginlegri eigu félaganna þriggja.<sup>2431</sup> Undirrituð eintök samningsins fundust hjá OHF og Olís. Samkvæmt samningnum eiga olúfélögin þrjú saman átta bensínstöðvar og er umsjón með stöðvunum skipt þannig að OHF rekur stöðvar á Ísafirði og Kirkjubæjarklaustri, Olís á Ólafsvík, Stykkishólmi og Siglufirði, en Skeljungur sér um bensínstöðvar á Fáskrúðsfirði, Hvammstanga og Þorlákshöfn. Sölu hverrar bensínstöðvar skal skipt mánaðarlega jafnt milli olúfélaganna. Þrátt fyrir að umsjónaraðili sjái um rekstur viðkomandi stöðvar og beri þannig fulla ábyrgð á rekstri hennar, er í samningnum t.d. búið að samræma umboðslaun til rekstraraðila á öllum stöðvunum. Þetta hindraði t.d. OHF í að hækka sölulaun til rekstraraðila sinna.<sup>2432</sup> Samningurinn átti að gilda til loka árs 2005 en eftir það var hann uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara.

---

<sup>2422</sup> Tölvupóstur Margrétar Guðmundsdóttur (Skeljungu) m.a. til Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 23.5.2000 kl. 15:00 (Hs. nr. 3112) og tölvupóstur Heimis Sigurðssonar til Geirs Magnússonar, dags. 24.5.2000 kl. 13:36 (Hs. nr. 3112).

<sup>2423</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Frá Margréti Guðmundsdóttur (Skeljungu) til Thomasar Möller (Olís) og Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 20.9.2000 kl. 13:57, sbr. einnig athugasemdir í fundargerð vegna framkvæmdastjórnarfundar hjá Olís, dags. 13.9.2000 (Hs. nr. 4925).

<sup>2424</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Tölvupóstur Thomasar Möller (Olís) til Margrétar Guðmundsdóttur (Skeljungu), dags. 5.6.2000 kl. 23:23.

<sup>2425</sup> Nánar er fjallað um atburði í Grindavík í kafla VIII 2.

<sup>2426</sup> Fundargerð vegna framkvæmdastjórnarfundar hjá Olís, dags. 13.9.2000 (Hs. nr. 4925).

<sup>2427</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur Heimis Sigurðssonar (OHF) til framkvæmdastjórnar félagsins, dags. 5.10.2000 kl. 15:44. Sbr. einnig tölvupóst Thomasar Möller, dags. 10.10.2000 kl. 14:24 (Hs. nr. 5848).

<sup>2428</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstur frá Margréti Guðmundsdóttur (Skeljungu) til Heimis Sigurðssonar (OHF) og Thomasar Möller (Olís), dags. 17.1.2001 kl. 13:24.

<sup>2429</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Tölvupóstar milli Thomasar Möller og Einars Benediktsonar (Olís), dags. 21.2.2001 kl. 15:10, 15:50 og 15:52. Sjá einnig tölvupósta milli Margrétar Guðmundsdóttur (Skeljungu), Thomasar Möller (Olís) og Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 8.3.2001 kl. 15:50 og 9.3.2001 kl. 11:38, 13:19, 14:00 og 14:28 (Hs. nr. 8867).

<sup>2430</sup> Afritaður tölvupóstur frá OHF. Tölvupóstar milli Margrétar Guðmundsdóttur (Skeljungu), Thomasar Möller (Olís) og Heimis Sigurðssonar (OHF), dags. 12.3.2001 kl. 9:39, 10:56, 14:01, 15:51 og 15:57 og 13.3.2001 kl. 9:37 og 9:39.

<sup>2431</sup> Samningur Olís, Skeljungs og OHF um rekstur og eignarhald á 3ja félaga bensínstöðvum olúfélaganna, dags. 14.3.2001 (Hs. nr. 1602).

<sup>2432</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Tölvupóstur Heimis Sigurðssonar (OHF) til Margrétar Guðmundsdóttur (Skeljungu) og Thomasar Möller (Olís), dags. 10.5.2001 kl. 00:03 og svar Margrétar Guðmundsdóttur, dags. sama dag kl. 8:46.

Olís og Skeljungur undirrituðu við sama tækifæri samning um rekstur sameiginlegrar bensínstöðvar þeirra á Ólafsfirði<sup>2433</sup> og samning um rekstur sameiginlegra bensínstöðva þeirra á Dalvík og Staðarskála.<sup>2434</sup> Orðalag samninganna og uppsetning er svipuð því sem fram hefur komið um samning olíufélaganna þriggja. Samningnum fylgdi einnig undirritað fylgiskjal þar sem kostnaður er sundurliðaður.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir eftirfarandi um þennan þátt málsins: „Tekið skal fram í upphafi að umbj. okkar mótmælir því ekki að olíufélögin höfðu um langt skeið rekið saman nokkrar bensínstöðvar úti á landi. Það samstarf hélt áfram í óbreyttri mynd eftir gildistöku samkeppnislaga 1993.

*Umbj. okkar telur að rekstrarformið sem slíkt, að reka saman bensínstöð, hafi ekki brotið gegn eldra ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Hins vegar hafi verðsamráð og markaðsskipting verið ólögmet og gildir það burtséð frá því hvort stöðvar séu samreknar eða ekki. Samkeppnisstofnun gerir ítarlega grein fyrir meintu verðsamráði og markaðsskiptingu í sérstökum köflum í frumathugunum sínum og hefur þeim ásökunum verið svarað hér að framan. Sérstök umfjöllun um samreknar stöðvar getur því einungis haft raunhæfa þýðingu um önnur atriði ef ekki er ætlunin að saka umbj. okkar oft um sömu brot.*

*Umbj. okkar telur að Samkeppnisstofnun hafi haft fulla vitneskju um rekstrarform samreknur bensínstöðvanna allt frá gildistöku samkeppnislaga án þess að beina þeim tilmælum til olíufélaganna að reksturinn kynni að brjóta gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í þessu sambandi má nefna erindi FÍB til Samkeppnisstofnunar, dags. 26. maí 1993 sem sent var olíufélögunum 16. júní s.á. og óskað eftir umsögnum félaganna. Í umsögnum félaganna var staðfest að félögin ættu saman átta bensínstöðvar auk þess sem gerð var almenn grein fyrir rekstrinum eins og gerð er nánari grein fyrir á bls. 409 í seinni frumskýrslu Samkeppnisstofnunar. Ekki var gripið til frekari aðgerða eða óskað eftir frekari upplýsingum eða skýringum af hálfu Samkeppnisstofnunar. Eftir á að hyggja telur Samkeppnisstofnun þó að olíufélögin hafi ekki upplýst stofnunina um mikilvæg atriði í samstarfi félaganna. Umbj. okkar mótmælir þessu og telur að félagið hafi gert Samkeppnisstofnun nægjanlega grein fyrir því hvernig rekstri bensínstöðvanna var háttað. Ekki hefði verið óskað eftir ítarlegri greinargerð um alla fleti í rekstri félagsins. Ef Samkeppnisstofnun hefði sérstaklega óskað eftir einhverjum upplýsingum hefði þær verið veittar.*

---

<sup>2433</sup> Samningur Olís og Skeljungs um rekstur og eignarhald á 2ja félaga bensínstöðvum olíufélaganna (Ólafsfjörður), dags. 14.3.2001 (Hs. nr. 4064).

<sup>2434</sup> Samningur Olís og Skeljungs um rekstur og eignarhald á 2ja félaga bensínstöðvum olíufélaganna (Dalvík/Staðarskáli), dags. 14.3.2001 (Hs. nr. 1602).

*Eins og áður hefur verið getið birti Samkeppnisstofnun tilkynningu í Lögbirtingablaðinu þann 19. maí 1993 þar sem fyrirtæki voru hvött til þess að sækja um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga við samkeppnishömlum. Þann 4. nóvember 1994 barst Samkeppnisstofnun símbréf frá Olís þar sem félögin gerðu Samkeppnisstofnun grein fyrir samreknnum bensínstöðvum félaganna.<sup>2435</sup> Í erindinu kemur síðan eftirfarandi ósk olíufélaganna til Samkeppnisstofnunar:*

*Í ljósi framansagðs óska félögin eftir að fá skýra afstöðu Samkeppnisstofnunar varðandi það hvort þetta rekstrarfyrirkomulag kunni að kalla á sérstaka undanþágubeiðni gagnvart samkeppnislögum.*

*Samkeppnisstofnun varð ekki við erindinu og óskaði ekki eftir nánari upplýsingum um hinar samreкну stöðvar. Umbj. okkar kannast hvorki við að hafa fengið skrifleg né munnleg svör við ofangreindu erindi olíufélaganna sem Olís sendi Samkeppnisstofnun. Þögn Samkeppnisstofnunar verður vart skilin öðruvísi en svo að stofnunin hafi lagt blessun sína á að samstarfið sem slíkt bryti ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga og því væri ekki sérstakrar undanþágubeiðni þörf.*

*Á bls. 411–421 í seinni frumskýrslu Samkeppnisstofnunar rekur stofnunin hvernig samstarfi olíufélaganna var háttað. Taldar eru upp þær stöðvar sem olíufélögin ýmist ráku öll saman eða tvö þeirra sameiginlega. Ástæðulaust er að fjalla ítarlega um þessi atvik hér. Óumdeilt er og á allra vitorði að olíufélögin ráku saman bensínstöðvar úti á landi. Fram hefur komið að Samkeppnisstofnun var auk þess ítrekað tilkynnt um samstarfið án þess að gripið væri til aðgerða af hálfu stofnunarinnar. Auk þess hefur þegar verið fjallað sérstaklega um öll meint brot umbj. okkar sem framin voru meðan á samrekstrinum stóð, þ.e.a.s. verðsamráð og markaðsskiptingu. Getur því sérstök umfjöllun um samreknar bensínstöðvar ekki haft neina raunhæfa þýðingu í málinu, enda heyrir slíkt samstarf og sögunni til.“*

Í athugasemdum Skeljungs segir að umfjöllun Samkeppnisstofnunar um samstarf olíufélaganna í rekstri bensínstöðva sé um margt gagnrýnisverð. Segir Skeljungur að það hafi legið skýrt fyrir að olíufélögin hafi sameiginlega átt og rekið bensínstöðvar í gegnum tíðina. Olíufélögin hafi ekki á nokkurn hátt reynt að leyna þessari staðreynd fyrir samkeppnisyfirlöndum og er m.a. vísað til framangreindra gagna frá 1993 þessu til stuðnings. Jafnframt vísar Skeljungur til uppkastsins sem olíufélögin hafi sent Samkeppnisstofnun 4. nóvember 1994. Því bréfi hafi ekki verið svarað og ekki frekari upplýsinga óskað. Í ljósi þessa sé furðulegt að halda því fram að samkeppnisyfirlönd hafi ekki verið upplýst um mikilvæg atriði þessa samstarfs. Segir Skeljungur að það liggi í augum uppi að sameigendur að rekstri skipti tekjum og gjöldum af honum á milli sín. Þetta hljóti samkeppnisyfirlönd að hafa vitað og það hafi því verið þeirra að

<sup>2435</sup> „Símbref Olís til Samkeppnisstofnunar dags. 27.10.1994. Olís sendi uppkastið til umbj. okkar með símbrefi dags. 27.10.1994 (haldlagningarskrá nr. 7072)“.

ganga eftir frekari upplýsingum hafi þau talið slíkt nauðsynlegt eða talið að um hugsanleg brot væri að ræða. Skeljungur hafi ævinlega verið tilbúinn til að veita samkeppnisyfirvöldum allar upplýsingar um þennan rekstur. Hins vegar virðist samkeppnisyfirvöld ekki hafa haft áhuga á frekari upplýsingum frá félögunum um þennan takmarkaða þátt í starfsemi þeirra og hafi félögin því sjálfsagt verið í góðri trú um að Samkeppnisstofnun liti svo á að samreksturinn væri ekki andstæður ákvæðum samkeppnislaga.

Samkeppnisráð bendir hér á að í samrekstri olíufélaganna á bensínstöðvum hefur falist sameiginleg sala keppinauta. Slík samvinna fer án nokkurs efa gegn núgildandi 10. gr. samkeppnislaga.<sup>2436</sup> Jafnframt hefur falist í samrekstrinum skipting á sölu sem einnig fer gegn samkeppnislögum. Eins og kemur fram í kafla X verður horft framhjá þessum samrekstri olíufélaganna við ákvörðun viðurlaga. Hins vegar er í málinu nauðsynlegt að fjalla um nefnd atvik í þeim tilgangi að skapa lagalegan grunn til þess að beita ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga í því skyni að olíufélögin hætti þessum samrekstri og að sú aðgerð verði framkvæmd með þeim hætti sem best er til þess fallinn að efla virka samkeppni.

---

<sup>2436</sup> Sjá t.d. Bellamy & Child, *European Community Law of Competition*, fimmta útgáfa, bls. 242.

## X. VIÐURLÖG OG ÚRRÆÐI

Í þessum kafla verður fjallað um viðurlög vegna brota OHF, Olís, Skeljungs og Orkunnar. Gerð verður grein fyrir ákvæðum 52. gr. samkeppnislaga og þeim sjónarmiðum sem líta verður til við ákvörðun viðurlaga í málinu. Í upphafi verður hins vegar fjallað um sjónarmið olúfélaganna um að ætluð brot þeirra séu fyrnd.

### 1. Sjónarmið olúfélaganna um fyrningu brota

#### 1.1. Athugasemdir Skeljungs og Olís

Í athugasemdum Skeljungs kemur fram að í samkeppnislögum sé ekki að finna ákvæði um fyrningu brota gegn lögnum. Almenn ákvæði um fyrningu afbrota sé hins vegar að finna í IX. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.), með síðari breytingum. Ákvæði 80. gr. laganna kveði á um að sakir fyrnist samkvæmt ákvæðum 81. og 82. gr. laganna. Eigi það einnig við um brot samkvæmt sérrefsilögum, nema þar sé á annan veg mælt. Skeljungur vísar til sjónarmiða sem félagið hefur sett fram og gerð er grein fyrir í kafla III 1.2.4. Telur Skeljungur með vísan til þessa að ljóst sé að brot gegn bannákvæðum samkeppnislaga teljist refsiverð háttsemi og sektir sem ákveðnar séu vegna slíkra brota teljist til refsinga. Af því leiði að um fyrningu slíkra brota fari eftir ákvæðum hgl.

Hvað varðar fyrningarfrest vísar Skeljungur til 1. mgr. 81. gr. hgl., eins og ákvæðið hafi verið fyrir breytingu með lögum nr. 39/2000. Þar hafi komið fram að sök fyrnist á tveimur árum þegar ekki liggi við þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fari ekki fram úr sektum. Í 52. gr. samkeppnislaga sé samkeppnisráði falin heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóti gegn bannákvæðum laganna eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim. Eins og fram komi í ákvæðinu liggi ekki þyngri refsingar við broti samkvæmt ákvæðinu en sekt. Slík niðurstaða leiði einnig af eðli máls og 19. gr. a í hgl., sbr. 1. gr. laga nr. 140/1998.

Þá bendir Skeljungur á að með 5. gr. laga nr. 39/2000 hafi verið bætt nýrri málsgrein við ákvæði 81. gr. hgl. þar sem tiltekið sé að fyrningarfrestur vegna refsíabyrgðar lögaðila sé fimm ár. Lögin hafi verið birt í Stjórnartíðindum 26. maí 2000 og öðluðust þegar gildi. Leiði af athugasemdum í greinargerð að þau brot sem Skeljungur sé sakaður um í frumathugun Samkeppnisstofnunar og eigi að hafa átt sér stað fyrir 26. maí 2000 fyrnist á tveimur árum. Brot sem sannanlega hafi átt sér stað eftir þetta tímamark fyrnist á fimm árum.



Skeljungur telur að þessi sjónarmið eigi sér ennfremur stoð í nýlegum dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2003. Í málinu hafi því verið haldið fram að tiltekin brot gegn 10. gr. samkeppnislaga væru fyrnd. Þessari málsástæðu hafi fyrst verið hreyft fyrir Hæstarétti og hafi hún verið of seint fram komin. Vísað hafi verið til þess að um samfellda brotastarfsemi hafi verið að ræða sem ekki hafi lokið fyrr en við upphaf rannsóknar samkeppnisyfirvalda 24. september 1999. Síðan segi orðrétt í dómnum „Ákvörðun var tekin 30. mars 2001, eða innan tveggja ára frá þeim tíma, og gat því ekki verið um fyrningu að ræða.“ Af tilvísun Hæstaréttar megi ráða að fyrningartími umræddra brota sé tvö ár og rof fyrningar miðist við ákvörðun samkeppnisráðs.

Varðandi upphaf fyrningarfrests kemur fram að samkvæmt 1. ml., 1. mgr. 82. gr. hgl. teljist fyrningarfrestur frá þeim degi er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi hafi lokið. Rannsókn Samkeppnisstofnunar nái aftur til ársins 1993 og í einhverjum tilvikum sé byggt á enn eldri gögnum. Skeljungur telur að öll brot sem félagið sé sakað um og eigi að hafa verið fullframin fyrir 26. maí 2000, þ.e. fyrir gildistöku laga nr. 39/2000, séu fyrnd. Af þeim dæmum sem nefnd hafi verið um þær vægu kröfur sem Samkeppnisstofnun virðist gera til sönnunar brota gegn samkeppnislögum verði ráðið að engan veginn sé unnt að leggja framsetningu stofnunarinnar til grundvallar ákvörðun um sektir gagnvart Skeljungum. Þá telur félagið að stofnunin teygi sig lengra í sönnunarfærslu eftir því sem líður á það tímabil sem rannsóknin taki til. Fullyrðingar um brot Skeljungs síðustu tvö ár rannsóknarinnar virðist reistar á einstaklega veikum grunni.

Til skoðunar kunni að koma hvort eitthvert þeirra brota sem rannsókn Samkeppnisstofnunar beinist að geti talist til ástandsbrota. Í refsirétti sé annars vegar talað um ástandsbrot í þrengri merkingu og hins vegar ástandsbrot í rýmri merkingu. Ástandsbrot í þrengri merkingu felist í því að koma á og viðhalda varanlegu ólögsmætu ástandi eða í vanrækslu á að sinna varanlegri lagaskyldu. Ástandsbrot í rýmri merkingu taki á hinn bóginn til ólögsmæts ástands sem að jafnaði fylgi eða leiði af athöfn sem lýst sé í refsíákvæðinu.

Telur Skeljungur að orðalag 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga hafi verið túlkað þannig af samkeppnisyfirvöldum að brot gegn ákvæðinu teljist fullframið við það eitt að fyrirtæki á sama sölustigi hafi með sér einhvers konar samvinnu um þau atriði sem falli undir greinina án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaði. Raunar hafi samkeppnisyfirvöld litið svo á að ekki þurfi að sýna fram á að tilteknum áætlunum um samráð hafi verið hrundið í framkvæmd.

Til þess að brot gegn ákvæðum samkeppnislaga, sem teljist fullframin samkvæmt framansögðu, teljist til ástandsbrota sé ljóst að færa þurfi fram sönnur fyrir því að samstarf fyrirtækja hafi í reynd haft áhrif á verð, skiptingu markaða o.s.frv. Framsetning Samkeppnisstofnunar í frumathuguninni sé í flestum tilvikum byggð á

óbeinum sönnunargögnum um samskipti olíufélaganna og séu viðtækar ályktanir dregnar af slíkum gögnum. Í fæstum tilvikum sé gerð tilraun til að sanna að þau samskipti hafi í reynd haft þau áhrif sem stofnunin telur að stefnt hafi verið að. Þegar af þeirri ástæðu telur Skeljungur að ekki komi til álita að líta á meint brot félagsins sem ástandsbrott.

Annað sem huga þurfi að í þessu sambandi séu lagaskil að því er varðar fyrningarfrest brota gegn samkeppnislögum. Ef talið yrði sannað að tiltekið ólöglegt ástand hafi skapast þá skipti miklu máli hvort slíkt ástand hafi hafist fyrir eða eftir gildistöku laga nr. 39/2000 um breytingu á hgl. Um brott sem hafi verið fullframið áður en fyrningarfrestur brota lögaðila var lengdur í fimm ár úr tveimur árum gildi skemmri fresturinn. Leiði þetta af 2. gr. hgl. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Hertum fyrningarreglum verði ekki beitt með afturvirkum hætti. Um ný brott sem ættu sér stað eftir 26. maí 2000 gildi hins vegar nýjar hertar fyrningarreglur.

Hvað varðar rof fyrningarfrests vísar Skeljungur til 4. mgr. 82. gr. hgl. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins rofni fyrningarfrestur við það að stjórnvald sem fari með sektarvaldið, í þessu tilviki samkeppnisráð, saki Skeljung um brott gegn ákvæðum samkeppnislaga. Engin slík ásökun hafi verið sett fram af samkeppnisráði gagnvart Skeljungu og því ljóst að fyrningarfrestur vegna meintra brota gegn samkeppnislögum hafi ekki verið rofinn. Samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga sé það samkeppnisráð, en ekki Samkeppnisstofnun, sem hafi heimild til að leggja á stjórnvaldssektir. Samkeppnisráði sé ekki heimilt samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar að framselja það vald sitt. Af þessum sökum geti ásökun Samkeppnisstofnunar gagnvart Skeljungu um brott á samkeppnislögum ekki rofið fyrningarfrestinn. Áðurnefnd 4. mgr. 82. gr. hgl. sé sérákvæði sem feli í sér að einungis það stjórnvald sem hafi ákvörðunarvaldið um refsingu geti rofið fyrningarfrestinn með því að bera upp ásökun um brott. Sú staðreynd að Samkeppnisstofnun undirbúi mál sem séu lögð fyrir samkeppnisráð og annist dagleg störf breyti engu þar um. Til að annað stjórnvald en það sem fari með ákvörðunarvaldið geti rofið fyrningarfrestinn þyrfti slíkt valdframsal að byggja á skýrri lagaheimild. Vísar Skeljungur í álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3047/2000 máli sínu til stuðnings.

Áþekk sjónarmið koma fram í athugasemdum Olís.

## 1.2. Athugasemdir OHF

Í athugasemdum OHF kemur fram að sjónarmið refsiréttarins eigi við í málinu vegna eðlis þeirra viðurlaga sem við brottunum liggi. Fyrning sé refsilokaástæða samkvæmt meginreglu 6. mgr. 82. gr. hgl. Fyrning refsiverðra brota leiði til sýknu og því sé ekki unnt að beita viðurlögum vegna meintra brota OHF.

Hvað varðar fyrningarfrest á brotum sem hafi átt sér stað eða hafist fyrir 26. maí 2000 bendir OHF á að XIII. kafli samkeppnislaga hafi að geyma reglur um viðurlög við brotum gegn lögnum. Brot lögaðila gegn bannákvæðum samkeppnislaga geti annars vegar varðað stjórnvaldssektum sbr. 52. gr. og hins vegar fésektum samkvæmt 57. gr. laganna. Samkvæmt 57. gr. megi einnig dæma einstaklinga til fésekta eða fangelsis allt að tveimur árum en fangelsis allt að fjórum árum, séu sakir miklar. Mál þetta varði aðeins OHF sem sé lögaðili og verði honum eðli máls samkvæmt ekki gert að sitja í fangelsi. Komi því einungis til greina að leggja stjórnvaldssektir á OHF.

Kveður OHF engar reglur um fyrningu sakar að finna í samkeppnislögum. Samkvæmt 80. gr. hgl. fyrnist sakir samkvæmt 81. og 82. gr. hgl. og það sama eigi við um sérrefsilög nema þar sé á annan veg mælt. Þar sem engin sérákvæði um fyrningu brota sé að finna í samkeppnislögum beri að fylgja almennum ákvæðum hgl. um fyrningu brota. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. hgl. fyrnist sök á tveimur árum þegar ekki liggi þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fari ekki fram úr sektum. Sé því ljóst að fyrningarfrestur vegna meintra brota OHF í málinu sé tvö ár. Mikilvægt sé að hafa í huga í þessu sambandi að ekki skipti máli þótt unnt sé að dæma einstaklinga til lengri fangelsisvistar en sem nemi einu ári fyrir brot gegn samkeppnislögum og því kunni lengri fyrningarfrestur að eiga við um brot einstaklinga en lögaðila. Ekki verði fallist á að unnt sé að láta strangari reglur um fyrningarfresti einstaklinga einnig taka til lögaðila án þess að lög mæli skýrt fyrir um slíkt. Slíku lagafyrirmæli sé hins vegar ekki til að dreifa.

Jafnvel þótt talið yrði að unnt sé að beita reglum um fyrningarfrest einstaklinga vegna brota lögaðila sé ekki hægt að álykta að þar sem hámark refsingar einstaklinga sé fjögur ár verði fyrningarfresturinn sjálfkrafa lengri en tvö ár. Fyrningarfrestur einstakra brota ráðist ekki af refsihámarkinu fyrir viðkomandi brotategund heldur þeirri refsingu sem hugsanleg sé, miðað við atvik hvers máls. Vísar OHF til dóms Hæstaréttar H1996–1868 þessu til stuðnings. Telur OHF að telja verði „*líklegt að ef þeir einstaklingar sem ákærðir séu fyrir þátt sinn í brotum sem fjallað sé um í málinu verði fundnir sekir, verði ekki beittir þyngri viðurlögum en sektum.*“ Allt að einu megi telja ljóst að ekki sé um svo alvarleg brot að ræða að þau varði meira en árs fangelsi.

Hvað varðar fyrningu brota sem hafi átt sér stað eftir 26. maí 2000 kemur fram að þann 26. maí 2000 hafi tekið gildi lög nr. 39/2000 sem hafi breytt ákvæðum hgl. Meðal breytinganna sé ákvæði 4. mgr. 82. gr. þar sem mælt sé fyrir um fimm ára fyrningarfrest vegna refsíabyrgðar lögaðila. Þar sem meint brot OHF hafi átt sér stað á tímabilinu 1993–2001 liggi fyrir að framangreindu ákvæði verði ekki beitt um allflest hinna meintu brota. Vísar OHF í skrif fræðimanna máli sínu til stuðnings. Þau brot sem hafi átt sér stað eftir 26. maí 2000 fyrnist samkvæmt hinu nýja ákvæði.

Verði talið að einstök brot eigi svo mikla samstöðu að unnt sé að líta á þau sem brotaeind, komi til álita hvaða fyrningarfrestur eigi við þegar brot hefst áður en breytingin hafi tekið gildi en ljúki eftir að breytingin eigi sér stað. OHF telur að það verði að hafa í huga að fyrningarreglur séu efnisreglur sem gildi um verknad félagsins. Hið sama gildi um fyrningarreglur sem og aðrar efnisreglur um saknæm brot að þeim verði ekki beitt afturvirk. Því sé ekki hægt að lengja fyrningarfrest meintra brota með því að setja strangari reglur í lög, þrátt fyrir að einhver takmarkaður hluti brotanna eigi sér stað eftir gildistöku laganna. Enginn eðlismunur sé á því að herða efnisreglur um viðurlög afturvirk og að gera verknad refsiverðan afturvirk sem áður hafi verið refsilaus. Af þessu leiði að ef talið sé að unnt sé að beita hinu nýja ákvæði um fimm ára fyrningarfrest um brot sem hófust áður en ákvæðið hafi tekið gildi, þá megi með sömu rökum telja að áratugalangt samstarf oliufélaganna sem hafi átt sér stað fyrir gildistöku samkeppnislaga, kunni að vera refsivert samkvæmt samkeppnislögum. Af framangreindu leiði að fyrningarfrestur vegna meintra brota sem hafi hafist eða hafi átt sér stað fyrir 26. maí 2000 sé tvö ár og fyrningarfrestur brota sem áttu sér alfarið stað eða hófust eftir 26. maí 2000 sé fimm ár. Ljóst sé að langflest brotanna falli í hinn fyrri flokk og fyrnist því á tveimur árum. Nokkur hinna meintu brota falli þó í hinn seinni flokk og fyrnist á fimm árum.

Hvað varðar upphaf fyrningarfrests kemur fram í athugasemdum OHF að í 1. mgr. 82. gr. hgl. segi að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi er refsiverðum verknadi eða athafnaleysi hafi lokið. Brot þau sem OHF sé talið hafa framið séu æði mörg samkvæmt frumathugun Samkeppnisstofnunar. Sé því atvikum háð hvenær hverju broti hafi lokið og fyrningarfrestur hafist. Upphafstími einstakra meintra brota dreifist á tímabilið frá 1. mars 1993 til 18. desember 2001. Eins og fram hafi komið telji OHF að mun færri brot hafi átt sér stað á síðari hluta tímabilsins en á fyrri hluta þess. Telur OHF að velflestum hinna meintu brota hafi verið lokið um mitt ár 2001. Verði talið að einhver hinna meintu brota teljist til brotaeindar sé ljóst að þeirri brotaeind hafi lokið um mitt ár 2001. OHF telur að upphaf fyrningarfrests hvers meints brots geti aldrei verið síðara tímamark en sá dagur sem sannað sé að brotið hafi enn staðið yfir. Sönnunarbyrðin hvíli á samkeppnisyfirvöldum um þetta atriði eins og önnur atriði sem leiði til sektar OHF.

Hvað varðar rof fyrningarfrests kemur fram að í 4. mgr. 82. gr. hgl. sé kveðið á um þetta atriði. Þar segi m.a. að fyrning rofni þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Í málum sem lögregla megi ljúka með sátt, rofni fyrningarfrestur þegar lögregla saki mann um brot og kynni honum sáttarboð. Síðan segi í greininni: „Þegar lög heimila stjórnvaldi endranær að kveða á um refsingu fyrir brot rofnar fresturinn þegar stjórnvald sakar mann um slíkt brot.“

Tilvitnað lagaákvæði hafi komið inn í hgl. með 6. gr. breytingalaga nr. 20/1981. Í athugasemdum greinargerðar komi eftirfarandi fram um þessa grein: „Stökum sinnum

*er stjórnvaldi heimilað að gera manni refsingu, og í því tilviki rofnar fyrningarfrestur, þegar stjórnvaldið sakar mann um tiltekið brot sem heimild þess nær til.“* Af þessu sé ljóst að fyrningarfrestur rofni við það að stjórnvald sem fari með viðurlagaheimild að lögum saki OHF um brot. Ekki sé nóg að slík ásökun komi frá öðru eða lægra settu stjórnvaldi. Í því sambandi beri að hafa í huga að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð séu tvö aðskilin stjórnvöld sem hvort um sig fari með afmarkaða valdheimild að lögum.

Sé ljóst að það sé samkeppnisráð en ekki Samkeppnisstofnun sem sé bært til að taka ákvörðun um sekt OHF. Engin ásökun hafi komið frá samkeppnisráði um að OHF hafi brotið gegn samkeppnislögum. Raunar sé ekki ennþá víst hvort að lokaniðurstaða samkeppnisráðs komi til með að vera sú að ráðið telji OHF hafa brotið gegn samkeppnislögum þar sem líklegt sé að önnur niðurstaða fáiast þegar Samkeppnisstofnun hafi tekið tillit til athugasemda aðila málsins. Þannig sé alls óvíst hvort OHF verði yfir höfuð sakað um brot gegn samkeppnislögum í málinu. Allt að einu sé stund slíkrar ásökunar ekki runnin upp. Vísar OHF einnig til álitis umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3047/2000 máli sínu til stuðnings.

### 1.3. Mat samkeppnisráðs

Í máli olíufélaganna er því í aðalatriðum haldið fram að fyrningarreglur hgl. gildi um brot gegn samkeppnislögum og í því ljósi séu brot félaganna fyrnd. Samkeppnisráð bendir í upphafi á að fyrir liggur að ekki er kveðið á um hvaða reglur gildi um fyrningu brota gegn samkeppnislögum í lögnum sjálfum eða reglum stjórnáskiluréttar. Samkeppnisráð telur einnig að ekki sé unnt að draga þá ályktun af dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2002 að fyrningarreglur hgl. gildi í þessu máli. Varðandi þann dóm ber að hafa í huga að það var fyrst við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti að grænmetisfyrirtækin báru fyrir sig að sakir væru fyrndar samkvæmt reglum hgl. Hæstiréttur benti á að þar sem þessari málsástæðu hefði ekki verið hreyft í héraði yrði ekki á henni byggt í málinu. Reyndi því ekki á þetta atriði í málinu. Verður að skilja ummæli Hæstaréttar um fyrningu með þeim hætti að rétturinn sé að benda á að jafnvel þótt þessi málsástæða hefði komist að og á það fallist að fyrningarreglur hgl. giltu, hefði það engu breytt um niðurstöðu málsins. Því hefði það ekki valdið grænmetisfyrirtækjunum réttarspjöllum þótt ekki væri tekið tillit til þessarar málsástæðu, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

Að mati samkeppnisráðs gilda fyrningarreglur hgl. ekki þegar ráðið beitir heimildum sínum samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur að tvö atriði skipti hér máli.

Í fyrsta lagi er ljóst að sú skoðun olíufélaganna að ákvæði hgl. um fyrningu gildi í þessu máli styðst aðallega við ákvæði 80. gr. hgl. Þar segir að sakir fyrnist samkvæmt ákvæðum 81. og 82. gr. laganna. Segir síðan í ákvæðinu að það eigi einnig við um

brot samkvæmt sérrefsilögum, nema þar sé á annan veg mælt. Í kafla III 1.2.4 hér að framan færði samkeppnisráð fyrir því rök að stjórnvaldssektir samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga teljist ekki til refsinga í skilningi íslensks refsiréttar. Vísast hér til þeirra sjónarmiða. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að ákvæði 80. gr. hgl. tekur ekki til beitingu 52. gr. samkeppnislaga heldur einungis til þess þegar ákvæðum 57. gr. samkeppnislaga er beitt í opinberu máli.

Í öðru lagi er það mat samkeppnisráðs að kveða beri á um fyrningu brota gegn samkeppnislögum með skýrum hætti í lögum til þess að reglur um fyrningu gildi um beitingu 52. gr. samkeppnislaga. Í þessu samhengi er gagnlegt að hafa hliðsjón af EB/EES-samkeppnisrétti því þar hefur reynt á þetta álitaefni. Fram til ársins 1974 var ekki að finna í settum rétti EB ákvæði um fyrningu vegna brota á samkeppnisreglum. Slíkar reglur voru hins vegar settar með reglugerð EB ráðsins nr. 2988/74 og er sú reglugerð hluti af EES-samningnum. Fyrir setningu þeirrar reglugerðar létu fyrirtæki, sem sektuð höfðu verið fyrir ólögmaett samráð, reyna á fyrningu fyrir dómstóli EB.

Í Boehringer málinu var um það að ræða að tiltekin fyrirtæki höfðu verið sektuð af framkvæmdastjórn EB fyrir ólögmaett samráð. Fyrir framkvæmdastjórninni höfðu fyrirtækin haldið því fram að beita ætti í málinu reglum um fyrningu úr rétti aðildarríkja EB. Þar sem að mati fyrirtækjanna væru liðin sex ár, eða a.m.k. fjögur ár, frá því brotin voru framin væri ljóst að þau væru fyrnd. Framkvæmdastjórnin féllst ekki á þetta. Fyrir dómstóli EB héldu fyrirtækin því einnig fram að brot þeirra væru fyrnd vegna þess langa tíma sem liðið hafði frá því brotin voru framin þar til rannsókn framkvæmdastjórnarinnar hófst. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að engar reglur séu til um fyrningu brota gegn samkeppnisreglum EB. Til þess að ekki sé fyrir hendi lagaleg óvissa þá beri að kveða fyrirfram úr um fyrningarfresti með lögum. Sökum þessa var ekki fallist á þessi sjónarmið um fyrningu.<sup>2437</sup> Að mati samkeppnisráðs er eðlilegt að líta til þessara grunnsjónarmiða sem koma fram í dómnum varðandi íslenska samkeppnislöggjöf. Af því leiðir að fyrningarreglur eiga hér ekki við þar sem engin slík ákvæði hafa verið sett sem beinlínis taka til beitingar 52. gr. samkeppnislaga. Leiðir þessi niðurstaða þó ekki til þess að samkeppnisyfirvöld geti dregið rannsókn og viðurlagaákvörðun úr hófi fram. Kröfur stjórnáslulaga um málshraða og meðalhóf, auk almennra sjónarmiða um réttaröryggi, leiða til þess að taka verður ákvörðun innan hæfilegs tíma. Í því sambandi má og hafa hliðsjón af dómi dómstóls EB í svonefndu Dyestuffs máli en sá dómur féll einnig fyrir setningu reglna um fyrningu í samkeppnisreglum EB. Í því máli áréttaði dómstóllinn að reglur um fyrningu yrði að setja með lögum. Hins vegar sagði dómstóllinn að sú niðurstaða

---

<sup>2437</sup> Mál nr. 45/69 *Boehringer Mannheim GmbH v Commission* [1970] ECR 769. Í dómnum segir þetta: „The provisions governing the Commission's power to impose fines for infringement of the rules on competition do not lay down any period of limitation. In order to fulfil their function of ensuring legal certainty limitation periods must be fixed in advance. The fixing of their duration and the detailed rules for their application come within the powers of the Community legislature. Consequently the submission is unfounded.“

hefði það ekki í för með sér að framkvæmdastjórn EB gæti dregið það endalaust að beita sektarheimild sinni. Grundvallarsjónarmið um réttaröryggi hefðu þau áhrif.<sup>2438</sup> Í málinu var um það að ræða að þrjú ár höfðu liðið frá broti þar til framkvæmdastjórnin hóf rannsókn sína sem leiddi til sekta. Þótti dómstóli EB þetta ekki óeðlilega langur tími. Í því máli sem hér er til umfjöllunar er ekki um það að ræða að málið hafi dregist óhóflega miðað við það sem eðlilegt er í samskonar viðamiklum samráðsmálum, sbr. það sem síðar segir í kafla X 7 um málshraða.

Í fræðilegri umræðu hafa verið sett fram sjónarmið um að fyrningarreglur hgl. gildi í málum fyrir samkeppnisyfirvöldum.<sup>2439</sup> Jafnframt hafa ummæli í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 verið túlkuð á þann veg að slíkar reglur gildi fyrir samkeppnisyfirvöldum. Í ljósi þessa og í ljósi þeirrar áherslu sem olúfélögin leggja á þennan þátt málsins telur samkeppnisráð rétt að leggja á það mat hver niðurstaðan yrði ef fyrningarreglur hgl. og ýmis sjónarmið refsiréttar um skilgreiningu brota o.fl. ættu við með beinum hætti í þessu máli. Eins og nánar verður nú gerð grein fyrir er það ótvíræð niðurstaða samkeppnisráðs að brot olúfélaganna teljist ekki fyrnt.

Í máli olúfélaganna kemur fram að þau telja fyrningarfrest meintra brota vera annars vegar tvö ár og hins vegar fimm ár á þeim brotum sem sannanlega hafi átt sér stað eftir 26. maí 2000, en þá tóku gildi lög nr. 39/2000 þar sem fyrningarfrestur vegna refsíabyrgðar lögaðila var lengdur í fimm ár. Einnig kemur fram að upphaf fyrningarfrests skuli miða við hvenær hverju broti lauk þannig að upphaf fyrningarfrests hvers meints brots geti aldrei verið síðara tímamark en sá dagur sem sannað sé að brotið hafi enn staðið yfir.

Eins og ítarlega var rökstutt í kafla III ber að líta á brotastarfsemi olúfélaganna í málinu sem samfellt samráð. Þetta þýðir með öðrum orðum að um er að ræða eitt áframhaldandi brot gegn 10. gr. samkeppnislaga sem varað hefur a.m.k. frá gildistöku samkeppnislaga. Í ákvörðun þessari hefur verið gerð nákvæm grein fyrir því hvað fólst í þessu samfellda samráði. Olúfélögin hafa m.a. átt í miklum og tíðum samskiptum sín á milli er tengdust verðlagningu, tilboðsgerð og markaðsskiptingu. Þessi samskipti hafa t.d. falist í reglulegum fundum forstjóra félaganna, símtölum, bréfaskrifum og ekki síst tölvupóstsamskiptum. Vísast hér til töflu í kafla III 2.2 sem með ótvíræðum hætti sýnir fram á reglubundin og áframhaldandi ólögmet samskipti

---

<sup>2438</sup> Mál nr. 48/69 *ICI v Commission* [1972] ECR 619: „*Although, in the absence of any provisions on this matter, the fundamental requirement of legal certainty has the effect of preventing the Commission from indefinitely delaying the exercise of its power to impose fines ...*“

<sup>2439</sup> Sjá; Eiríkur Tómasson. Sér sjónarmið hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum. *Úlfjótur*. 1. tbl. 2004, bls. 123–124. Sjá einnig; Þórunn Guðmundsdóttir. Fyrning samkeppnislaga brota lögaðila *Úlfjótur*. 1. tbl. 2004, bls. 87.

olíufélaganna. Brot af þessum toga eru nefnd rýmkuð brot í refsirétti.<sup>2440</sup> Fær sú niðurstaða stuðning í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 þar sem var litið á ólögmaett samráð dreifingarfyrtækja grænmetis og ávaxta sem samfellda brotastarfsemi. Þegar atvik í annars vegar grænmetismálinu og hins vegar í þessu máli eru borin saman er alveg ljóst að mati samkeppnisráðs að í brotum olíufélaganna felast mun tíðari og reglubundnari ólögmaett samskipti heldur en í brotunum í grænmetismálinu. Brot olíufélaganna er einnig mun skipulagðara og á allan hátt heildstæðara. Leikur því enginn vafi á því að líta ber á aðgerðir olíufélaganna sem samfellda brotastarfsemi í þessum skilningi.

Að mati samkeppnisráðs er ekki þörf á því að greina samráðið í einhvern af undirflokkum rýmkaðra brota eins og gert er í athugasemdum olíufélaganna. Slíkt er ekki gert í nefndum dómi Hæstaréttar heldur er einungis vitnað til brotanna í einu lagi sem samfellds brots. Grundvallaratriðið er að í máli þessu er um að ræða samfellda brotastarfsemi eðlislíkra brota og um þessi brot gilda sérstakar fyrningareglur.

Réttaráhrif slíkrar samfelldrar brotastarfsemi eru þau að fyrningarfrestur 1. mgr. 82. gr. hgl. hefst ekki fyrr en við lok síðasta verknaðar eða verknaðarþáttar í brotaheildinni, sem virt er sem eitt afbrot.<sup>2441</sup> Fræðimenn hafa og bent á að dómur Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 gefi þá vísbendingu „að almennt skuli litið á ólögmaett samráð í skilningi samkeppnislaga sem samfellda brotastarfsemi þannig að fyrningarfrestur byrji ekki að líða fyrr en látið hefur verið af hinu ólögmaetta atferli.“<sup>2442</sup> Hér má til samanburðar hafa hliðsjón af EES/EB-samkeppnisrétti. Samkvæmt framangreindri reglugerð EB nr. 2988/74 er fyrningarfrestur fimm ár í málum sem varða álagningu sekta vegna ólögmaetts samráðs. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar miðast upphaf fyrningarfrests við daginn sem brotið er framið, en sé um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða byrjar fresturinn að líða frá þeim degi sem brotinu lýkur. Dómaframkvæmd dómstóla EB sýnir að þegar um er að ræða samfellt samráð er litið á brotið í einu lagi og byrjar fyrningarfrestur að líða þegar hinu samfellda samráði lýkur.<sup>2443</sup> Hefur sérstaklega verið bent á það að reglubundin

<sup>2440</sup> Í bók sinni *Afbrot og refsíabyrgð* (1999), bls. 43. fjallar Jónatan Þórmundsson um rýmkað brotahugtak á þann hátt að „þegar annars vegar tvö eða fleiri afbrot eða brotaþættir og hins vegar tvö eða fleiri efnisatriði refsíákvæðis, þar sem að jafnaði mætti refsja sjálfstætt fyrir hvert (hvern) þeirra, en þau (þeir) eru engu að síður virt sem ein heild, þ.e. sem eitt afbrot. Hvert slíkt rýmkað brot varðar yfirleitt aðeins við eitt refsíákvæði sem tæmir sökina.“

<sup>2441</sup> Sjá; Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð* (1999), bls. 44. Sjá hér ennig ritið *Det strafferetlige ansvar efter Vagn Greve* (1999). Í umfjöllun um fyrningu og rýmkuð brot segir: „Et særligt forbrydelsesbegreb er „fortsatte forbrydelser“. Afgrænsningen af dette begreb er noget flydende. Det drejer sig om situationer, hvor en person har foretaget et antal handlinger, som alle skal subsummeres under den samme straffebestemmelse, og hvor det forekommer umrimeligt at dele dem op i flere forhold ... forbrydelsen først er afsluttet med begåelsen af den sidste delhandling, og at forældelsesfritten for den første delhandling først begynder at løbe ved afslutningen af den sidste.“

<sup>2442</sup> Eiríkur Tómasson. Sérjónarmið hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum. *Úlfjótur*. 1. tbl. 2004, bls. 124.

<sup>2443</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-11/89 *Shell International v Commission* [1992] ECR II-725.



samskipti keppinauta í samfelldu samráði réttlæti það að litið sé á brotið sem eitt áframhaldandi brot varðandi beitingu fyrningarreglna.<sup>2444</sup>

Varðandi fyrningarfrest er a.m.k. ljóst að sá frestur gat í fyrsta lagi byrjað að líða við húsleit Samkeppnisstofnunar þann 18. desember 2001. Hér skiptir máli að ekki verður dregin önnur ályktun af gögnum málsins en að hið samfellda samráð hafi átt sér stað a.m.k. fram til húsleitar Samkeppnisstofnunar og ekki fæst séð að dregið hafi úr því og það að mestu aflagst um mitt ár 2001 eins og haldið er fram í andmælum olíufélaganna. Sterk rök eru hins vegar fyrir því að fresturinn hafi í raun ekki byrjað að líða fyrr en á árinu 2002 eða jafnvel að hann sé enn ekki byrjaður að líða. Það sem hér skiptir máli er að ýmsum þáttum í hinu samfellda samráði olíufélaganna lauk ekki fyrr en á árinu 2002. Þannig er ljóst að ólögmætu samráði í Stykkishólmi lauk ekki fyrr en í mars 2002, sbr. kafla VIII 4. Í október 2002 var ólögmætu samráði olíufélaganna á Raufarhöfn ekki lokið, sbr. kafla VIII 5. Samningur olíufélaganna við SR-mjöl sem leggur grunn að ólögmætu samráði félaganna vegna þeirra viðskipta er samkvæmt ákvæðum samningsins óuppsegjanlegur til 1. október 2006, sbr. kafla VIII 6.2, og hafa olíufélögin ekki upplýst um neinar ráðstafanir til að ljúka því samráði. Olíufélögin hafa enn samvinnu sín á milli innan vébanda Gasfélagsins og EAK á Keflavíkflugvelli, sbr. kafla VI 8 og VII 2. Í málinu er hins vegar ekki þörf á því að úrskurða um þetta því jafnvel þótt lagt sé til grundvallar að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða 18. desember 2001 er alveg ljóst að brot olíufélaganna telst ekki vera fyrnt, sbr. nánar hér á eftir.

Hvað varðar tímalengd fyrningarfrestsins og áhrif laga nr. 39/2000 sem breyttu fyrningarfresti vegna refsíabyrgðar lögaðila úr tveimur árum í fimm ár, þá hefur lagabreytingin þau áhrif að mati samkeppnisráðs að fyrningarfrestur allrar brotastarfsemi olíufélaganna telst fimm ár frá þeim tíma er brotum lauk. Ráðið vísar til þess að reglur um rýmkuð brot eru á þá leið að litið er á öll þau brot eða brotþætti sem falla undir refsíákvæðið sem eitt stakt afbrot. Eins og áður segir byrjar því fyrningarfrestur ekki að líða fyrr en við lok síðasta verknaðar eða verknaðarþáttar úr þeirri brotaheild sem virða skal sem eitt afbrot. Í því máli sem hér er til umfjöllunar þá lauk brotastarfseminni ekki fyrr en a.m.k. einu og hálfu ári eftir að lagabreytingin til rýmkunar á fyrningarreglum átti sér stað. Leiðir þetta ótvírætt til þess að mati samkeppnisráðs að rýmkaður fyrningarfrestur nær til allrar samfelldu brotastarfseminnar í heild sinni. Sú afstaða fræðimanna að hertum fyrningarreglum megi ekki beita með afturvirkum hætti hefur ekki áhrif í þessu sambandi. Slíkt á einungis við um tilvik þar sem brotastarfsemi eða afbrot er fullframið og fyrningarfresturinn er byrjaður að líða þegar lagabreyting á sér stað. Broti því sem um ræðir var ekki lokið á þeim tíma sem fyrningarreglunum var breytt þannig að ekki er verið að beita reglunum með afturvirkum hætti. Í þessu samhengi má benda á að

<sup>2444</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-7/89 *Hercules v Commission* [1991] ECR II-1711, sbr. og dóm dómstóls EB í máli nr. C-51/92P.

fræðimenn hafa talið að ef sagnæm háttsemi hefur að hluta átt sér stað fyrir lagabreytingu og að hluta eftir lagabreytingu þá gildi hin nýju lög um brotið í heild sinni, ef um sé að ræða samfellda brotastarfsemi.<sup>2445</sup> Hérna skiptir einnig máli að almennt er litið á fyrningarreglur sem efnisreglur í refsirétti<sup>2446</sup> og því gilda væntanlega sömu lagatúlkunarsjónarmið um lagaskil og afturvirkni og vegna breytinga á efnisreglum refsíákvæða. Þá verður og að hafa í huga að oliufélögunum var í lófa lagið að hætta hinu ólögmeta samráði sínu áður en hertar fyrningarreglur tóku gildi. Í þessu ljósi eru því engin gild rök fyrir því að skipta eigi þessari samfelldu brotastarfsemi í tvo hluta, þ.e. fyrir og eftir gildistöku laga nr. 39/2000 og að ólíkar fyrningareglur skuli gilda um hvort tímabil fyrir sig. Að lokum fær ráðið ekki heldur séð að mögulegt sé að draga þá ályktun af athugasemdum í greinargerð með lögum nr. 39/2000 að beita skuli tveggja ára fyrningarfresti um rýmkuð brot sem enn stóðu yfir þegar lög in tóku gildi.

Samkeppnisráð telur í þessu samhengi ástæðu til að vekja athygli á dómi Hæstaréttar Noregs í svonefndu bylgjupappamáli.<sup>2447</sup> Í því máli var um það að ræða að fjórir framleiðendur þessarar vöru voru sakaðir um ólögmett verðsamráð sem staðið hafði frá 1983 til og með 1990. Höfðu fyrirtækin verið dæmd í refsiviðurlög af héraðsdómi (Oslo byrett). Fyrningarreglur norskra hegningarlaga tóku því til samráðsmála með beinum hætti. Í málinu komu upp álitamál varðandi fyrningu. Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að samráðið fæli í sér eitt áframhaldandi brot (n. *et fortsatt straffbart forhold*) sem varað hafði frá 1983 til og með 1990. Á þessu tímabili höfðu hins vegar fyrningarreglur breyst. Fram til 17. júní 1989 var fyrningarfrestur tvö ár. Eftir þann dag tóku gildi ný lög sem lengdu fyrningarfrestinn í fimm ár. Héraðsdómurinn taldi að eldri fyrningarreglan ætti við um þá þætti í hinu áframhaldandi broti sem átt höfðu sér stað fyrir 17. júní 1989 og að þau brot væru fyrnd, en fyrir lá í málinu að fyrningarfrestur hafði verið rofinn í desember 1992. Þeir þættir í hinni áframhaldandi brotastarfsemi sem átt höfðu sér stað eftir 16. júní 1989 féllu að mati dómsins undir fimm ára fyrningarfrestinn og töldust því ófyrndir og var refsað vegna þeirra.

Fyrir Hæstarétti Noregs hélt ákærvaldið því fram að fyrningarfresturinn byrjaði fyrst að líða þegar hinni samfelldu brotastarfsemi í heild sinni lyki og brotið væri því allt ófyrnt. Fyrirtækin héldu því aðallega fram að ekki væri um að ræða eitt brot heldur

---

<sup>2445</sup> Í bók sinni *Den danske Kriminalret, almindelig del* (1971), bls. 121, kemst Stephan Hurwitz svo að orði „*Er den strafbare virksomhed delvis begået før, delvis efter den ny lovs ikrafttræden, er den ny lov anvendelig på hele virksomheden, hvis den iøvrigt må betragtes som en enhedsforbrydelse...*“ Í ritinu *Kommentareret straffelov, almindelig del* (1999) eftir Greve, Jensen og Nielsen segir á bls. 111: „*Det er enighed om, at det afgørende er tidspunktet for ophøret af den strafbare virksomhed ... Er den strafbare virksomhed først ophørt, efter den nye lov er trådt i kraft, kommer den tidligere lovgivning ikke i betragtning, selvom en del af den strafbare virksomhed har fundet sted under dennes gyldighedstid.*“

<sup>2446</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum*, 1992, bls. 300.

<sup>2447</sup> Dómur frá 18.12.1995, Rt 1995:1922.

níu sjálfstæð brot og að sérstakur fyrningarfrestur byrjaði að líða þegar hverju þeirra lauk. Í ljósi þessa héldu fyrirtækin því fram að öll brot framin fyrir 1989 væru fyrnd. Til vara var þess krafist að niðurstaða héraðsdóms að þessu leyti yrði staðfest.

Í dómi Hæstaréttar Noregs segir fyrst að rétturinn sé sammála því mati héraðsdóms að um eitt áframhaldandi brot sé að ræða. Benti rétturinn m.a. á í því sambandi að samráðið hafi verið skipulagt, samfelld og reglubundið. Jafnframt var bent á að fyrirtækin hefðu fylgst hvert með öðru og gert athugasemdir ef vikið var frá því sem ákveðið var í samráðinu. Því næst sagði rétturinn að þar sem fyrir liggja eitt áframhaldandi brot gildi einn fyrningarfrestur fyrir allt brotið.<sup>2448</sup> Í ljósi þessa teldist fyrning hafa verið rofin hvort sem beitt væri eldri reglu um tveggja ára fyrningarfrest eða fylgt væri yngri fyrningarreglunni.<sup>2449</sup> Í þessu ljósi væri ekki nauðsynlegt að svara því hvort eldri fyrningarreglan hafi þýðingu varðandi val á fyrningarreglu og heldur ekki hvað hafi falist í hinni eldri fyrningarreglu.<sup>2450</sup>

Að mati samkeppnisráðs er þessi norski dómur í fyrsta lagi til enn frekari staðfestingar á því að líta ber á samfelld samráð sem eitt áframhaldandi brot þegar fyrning er metin. Jafnframt styður þessi dómur það sjónarmið samkeppnisráðs að þrátt fyrir að fyrningarreglur hafi breyst á meðan á samfelldu samráði stendur beri að beita einni fyrningarreglu um allt brotið og að fyrningarfrestur byrji að líða við lok síðasta verknaðar í þessari samfelldu brotastarfsemi.

Hvað varðar dóm Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 og þá ályktun sem Skeljungur dregur af dómnum að hann staðfesti að fyrningartími samkeppnislagabrota sé tvö ár bendir samkeppnisráð á að rannsókn samkeppnisyfirla á grænmetismarkaðnum hófst með húsleit 24. september 1999. Á þeim tíma höfðu lög nr. 39/2000 um breytingar á hgl. þar sem fyrningarfrestur vegna refsíabyrgðar lögaðila var lengdur í 5 ár ekki tekið gildi. Af þeim sökum, að því gefnu að fyrningarreglur hgl. gildi um samkeppnislög, er það eðlileg niðurstaða að miða við tveggja ára fyrningu eins og Hæstiréttur virðist gera í nefndum dómi. Brotum grænmetisfyrirtækjanna var að fullu lokið þegar umrædd lagabreyting átti sér stað og sökum þess var eðlilega ekki beitt nýjum fyrningarreglum um brotin.

Hvað varðar rof fyrningarfrests og þær málsástæður félaganna að samkeppnisráð þurfi að saka oliufélögin um brot gegn samkeppnislögum til þess að fyrningarfrestur rofni þá stenst sú lögskýring ekki að mati samkeppnisráðs.

<sup>2448</sup> „Når det slik foreligger et fortsatt straffbart forhold, vil det i utgangspunktet gjelde en foreldelsesfrist for hele forholdet ...“

<sup>2449</sup> „Foreldelsen må derfor anses avbrutt enten man følger den tidligere regel som eventuelt fastsatte en toårsfrist, eller man følger straffeloven § 67 femte ledd.“

<sup>2450</sup> „Det er da ikke nødvendig å gå inn på spørsmålet om straffeloven § 3 første ledd har betydning for valget av foreldelsesregel og heller ikke på hva den tidligere foreldelsesregel gikk ut på.“

Samkeppnisráð vísar hér fyrst til þess að hvort sem húsleit Samkeppnisstofnunar rýfur fyrningu eða að fyrningarrof eigi sér stað á síðari stigum þá hefur það ekki áhrif í því máli sem hér er til umfjöllunar. Ljóst er að brotum félaganna lauk og fyrningarfresturinn tók að líða í fyrsta lagi við húsleit Samkeppnisstofnunar 18. desember 2001. Einnig er fullljóst að fyrningarfrestur vegna brota félaganna er fimm ár frá þeim tíma er brotum lauk, sbr. umfjöllun hér að framan. Af þessu leiðir að brot félaganna fynast í fyrsta lagi í lok árs 2006 og kemur fyrning því ekki til álita í málinu.

Hvað sem þeirri staðreynd líður að fyrning komi ekki til álita, telur ráðið rétt að benda á nokkur atriði í tengslum við rof á fyrningu. Í fyrsta lagi skiptir hér máli títtnefndur dómur Hæstaréttar nr. 37/2002. Af þeim dómi virðist mega draga þá ályktun að rétturinn líti svo á að ákvörðun samkeppnisráðs hafi rofið fyrningu í málinu, eins og það var lagt fyrir. Að mati samkeppnisráðs verður dómurinn ekki túlkaður á þann veg að ákvörðun samkeppnisráðs sé það eina sem rjúfi fyrningu vegna brota á samkeppnislögum, enda væri sú niðurstaða óeðlileg og hefði verulega takmarkandi áhrif á aðgerðir samkeppnisyfirvalda til að stuðla að því að markmið samkeppnislaga náist. Túlkar ráðið dóminn á þann hátt að í málinu eins og það var lagt fyrir hafi fyrning í síðasta lagi rofnað við ákvörðun samkeppnisráðs. Athuga ber í þessu sambandi að fyrning var málsástæða sem talin var of seint fram komin fyrir Hæstarétti og var því ekki tekin til efnislegrar umfjöllunar. Af þessu leiðir að mati samkeppnisráðs að ýmis önnur tilvik geta leitt til rofs fyrningar eins og nánar er gerð grein fyrir hér að neðan. Fræðimenn virðast einnig vera þessarar skoðunar. Þannig hefur Eiríkur Tómasson prófessor bent á eftirfarandi:

*„Samhengisins vegna tel ég að ekki sé unnt að draga þá ályktun af dómi Hæstaréttar að fyrningarfrestur í málum sem þessum rofni fyrst þegar samkeppnisráð kemst að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða og tekur ákvörðun um að leggja stjórnvaldssektir á þá sem ráðið álitur brotlega. Eins og áður segir, þá verður að skoða tilvísun réttarins til ákvörðunar samkeppnisráðs í því ljósi að þá gat fyrningarfresturinn rofnað í síðasta lagi. Með hliðsjón af orðalagi 4. mgr. 82. gr. hegningarlaga er hugsanlegt að það hafi gerst fyrr ...“<sup>2451</sup>*

Í annan stað eru tengsl Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs ekki slík að hefðbundin sjónarmið um lægra og æðra stjórnvald gildi um þau. Má líta til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 14/2001 því til stuðnings. Þar segir m.a. þetta:

---

<sup>2451</sup> Eiríkur Tómasson, *Sérsjónarmið hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum*, Úlfjótur 1. tbl. 2004, bls. 125.

*„Samkvæmt 5. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er hlutverk samkeppnisráðs m.a. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna undirbýr Samkeppnisstofnun mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og annast dagleg störf þess auk þess sem hún hefur önnur störf lögum samkvæmt. Hafa verður í huga að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði er sameiginlega falin stjórnýsla á sviði samkeppnismála og hafa því saman þær skyldur að ná fram markmiðum samkeppnislaga. ... líta ber svo á að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð séu í raun aðilar sem beri að vinna sameiginlega að rannsókn og ákvörðunum í samkeppnismálum en ekki aðskilin stjórnvöld.“*

Hér skiptir og máli að samkvæmt 1. gr. reglna samkeppnisráðs nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda er Samkeppnisstofnun falið að framkvæma frumathugun á málum sem leggja grundvöll að frekari meðferð þeirra og annast jafnan samskipti samkeppnisráðs við m.a. fyrirtæki. Jafnframt hefur Samkeppnisstofnun það hlutverk samkvæmt 16. gr. reglnanna að rita frumathugun og senda málsaðilum hana til andmæla í málum sem m.a. falla undir 10. gr. samkeppnislaga.

Af þessum úrskurði áfrýjunarnefndar og nefndum ákvæðum verður ekki annað leitt en að tengsl milli Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs séu á þann hátt að þessi tveir aðilar starfi sameiginlega að því að ná fram markmiðum samkeppnislaga. Af þessu leiðir einnig að Samkeppnisstofnun hefur það hlutverk að lögum að saka fyrirtæki um brot á samkeppnislögum. Geri Samkeppnisstofnun það rýfur það sakfyrningarfrest. Í því samhengi bendir samkeppnisráð á að í úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 17. desember 2001, þar sem heimiluð var húsleit hjá olíufélagunum, var olíufélagunum gefið að sök að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Við þessa úrskurði og birtingu þeirra við húsleit Samkeppnisstofnunar þann 18. desember s.á. er ljóst að sakfyrningarfrestur rofnaði gagnvart félagunum.<sup>2452</sup> Hérna er rétt að taka fram að skilyrði varðandi rof fyrningar er að aðili sé með skýrum og sannanlegum hætti sakaður um tiltekið brot, sbr. t.d. ummæli í greinargerð með lögum nr. 38/2000 til breytinga á hgl. Þessi skilyrði voru augljóslega uppfyllt með uppkvaðningu og síðar birtingu framangreindra úrskurða. Jafnframt ber að hafa í huga að í bréfum Samkeppnisstofnunar til olíufélaganna á rannsóknartímabilinu hefur ítrekað komið fram að samkeppnisyfirvöld rannsókuðu meint brot olíufélaganna á 10. gr. samkeppnislaga. Einnig verður að líta til þess að þann 8. janúar 2003 sendu

---

<sup>2452</sup> Til samanburðar má nefna að fyrningarfrestur í EES/EB-samkeppnisrétti rofnar m.a. við húsleit framkvæmdastjórnar EB eða Eftirlitsstofnunar EFTA. Sjá t.d. 2. gr. reglugerðar nr. 2988/74 og ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 17.10.1983 *Cast Iron and Steel Rolls*. Í þeirri ákvörðun segir m.a.: „... the investigation carried out by the Commission officials on 26 June 1980 on the authority of a Commission Decision ordering the investigation and requesting information interrupted the limitation period in the present case in respect of all infringements committed between 26 June 1975 and 26 June 1980.“

samkeppnisyfirvöld oliufélögunum frumathugun I. Í henni kom skýrt fram að félögin væru sökuð um samfelld ólögmaett samráð.

Samkeppnisráð vísar hér einnig til eftirfarandi umfjöllunar um rof fyrningar í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 63/1998 um breytingar á hgl. Þar segir m.a.:

*„Átt er við að rof fyrningarfrests miðist við að tiltekinn maður er við rannsókn opinbers máls sannanlega hafður fyrir sökum vegna refsiverðs brots þannig að rannsókn málsins beinist að manni sem sakborningi í skilningi laga um meðferð opinberra mála. Nokkur vafi getur leikið á því hvenær maður er orðinn sakborningur samkvæmt þeim lögum. Stundum er það ljóst, t.d. þegar maður er handtekinn vegna gruns um refsivert brot, settur í gæsluvarðhald eða þegar framkvæmd er leit eða önnur þvingunarráðstöfun í þágu rannsóknar máls. Sama á við þegar maður er yfirheyrður við rannsókn máls vegna gruns á hendur honum um refsivert brot, en þá á hann rétt á því að fá vitneskju um að hann hafi réttarstöðu sem sakborningur, sbr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í öllum þessum tilvikum er ljóst að maður er orðinn sakborningur og að fyrningarfrestur er rofinn.“<sup>2453</sup>*

Í þessum orðum koma fram hugmyndir löggjafans um rof sakfyrningarfrests á mjög skýran hátt, þ.e. að þegar um er að ræða augljósa þvingunarráðstöfun í þágu rannsóknar máls, t.d. húsleit, þá rofni sakfyrningarfrestur. Í þessu samhengi bendir samkeppnisráð einnig á að samkvæmt 40. gr. samkeppnislaga þá er það Samkeppnisstofnun en ekki samkeppnisráð sem hefur heimild til að framkvæma húsleit hjá fyrirtækjum. Sú þvingunarráðstöfun sem stöðvar fyrningu sakar er m.ö.o. á forræði Samkeppnisstofnunar en ekki samkeppnisráðs, og stöðvaðist fyrning því eðli málsins samkvæmt við húsleit Samkeppnisstofnunar. Af öllu framangreindu leiðir að ótvírætt er að fyrning rofnaði í málinu við húsleit Samkeppnisstofnunar 18. desember 2001.

## **2. Atriði sem áhrif hafa á beitingu 52. gr. samkeppnislaga í málinu**

Áður en vikið er að ákvæðum 52. gr. samkeppnislaga og atriðum sem áhrif hafa á viðurlagaákvörðun í máli þessu er rétt að hafa hliðsjón af ríkjandi viðhorfum á alþjóðavettvangi til samráðs keppinauta og aðgerðum til að uppræta það. Óhætt er að fullyrða að almennt séð sé samráð keppinauta litið mjög alvarlegum augum a.m.k. í

---

<sup>2453</sup> Alþt. 1997–1998, A-deild, bls. 3694.

hinum vestræna heimi og notuð eru sterk orð til að lýsa alvarleika og skaðsemi þess.<sup>2454</sup>

Á síðustu tíu árum eða svo hefur það sjónarmið orðið ríkjandi m.a. í samstarfi ríkja að samráð keppinauta sé bæði mun algengara og skaðlegra en áður var talið. Styðst þetta mat ekki síst við þann lærdóm sem dreginn hefur verið af ýmsu umfangsmiklu ólögmætu samráði sem upprætt hefur verið á þessu tímabili. Í ljósi þessa hefur síðastliðin ár verið lögð aukin áhersla innan OECD á baráttu gegn skaðlegu samráði keppinauta. Þann 25. mars 1998 samþykkti OECD ráðið tilmæli til aðildarríkja um aðgerðir gegn samráði keppinauta. Í samþykktinni kemur m.a. fram að verðsamráð og áþekkar samkeppnishömlur séu alvarlegustu brotin á samkeppnislögum og valdi neytendum verulegu tjóni.<sup>2455</sup> Eru aðildarríki hvött til að berjast gegn slíkum brotum, m.a. með því að leggja á svo þung viðurlög að þau hafi nægjanleg varnaðaráhrif. OECD ráðið fól einnig nefnd OECD um samkeppnislög og -stefnu að skoða þessi mál frekar.

Umrædd nefnd OECD skilaði skýrslu á árinu 2000 og var megin niðurstaða hennar sú að frekari aðgerðir til að efla baráttu gegn ólögmætu samráði væru mjög mikilvægar fyrir hagkerfi aðildarríkja og alþjóðahagkerfið.<sup>2456</sup> Sagt er að niðurstöður í samráðsmálum eftir 1998 gefi það sterkt til kynna að tíðni og skaðsemi ólögmæts samráðs sé jafnvel enn meiri en talið hafi verið á árinu 1998 en nefndin hafi þó ekki lagt nákvæmt mat á þessa skaðsemi. Bent er þó á í skýrslunni að það sé talið að ólögmætur ávinningur af verðsamráði sé að meðaltali 10% af söluverði en tjón samfélagsins af samráðinu geti numið 20% af umfangi þeirra viðskipta sem samráðið

---

<sup>2454</sup> Í ræðu sem Mario Monti yfirmaður samkeppnisdeildar framkvæmdastjórnar EB flutti í Stokkhólmi í september 2000 var bent á þetta: „*Fighting cartels is one of the most important areas of activity of any competition authority and a clear priority of the Commission. Cartels are cancers on the open market economy, which forms the very basis of our Community. By destroying competition they cause serious harm to our economies and consumers. In the long run cartels also undermine the competitiveness of the industry involved, because they eliminate the pressure from competition to innovate and achieve cost efficiencies.*“ (Sjá: [http://europa.eu.int/comm/competition/index\\_en.html](http://europa.eu.int/comm/competition/index_en.html)). Í nýlegum dómi Hæstaréttar Bandaríkjanna er ólögmætu samráði keppinauta lýst sem; „*the supreme evil of antitrust*“, dómur frá 13. janúar 2004 *VERIZON COMMUNICATIONS INC. v LAW OFFICES OF CURTIS TRINKO*. Í ræðu sem Joel Klein, þáverandi yfirmaður samkeppnisdeildar bandaríska dómsmálaráðuneytisins, hélt í október 1999 kom þetta fram: „*Let me start with the obvious: Cartel behaviour (price-fixing, market allocation, and bid-rigging) is bad for consumers, bad for business, and bad for efficient markets generally. And let me be very clear: these cartels are the equivalent of theft by well-dressed thieves, and they deserve unequivocal public condemnation.*“ (Sjá: <http://www.usdoj.gov/atr/>).

<sup>2455</sup> 1998 Recommendation of the Council Concerning Effective Action Against Hard Core Cartels. [C(98)35FINAL]. Í aðfararorðum samþykktarinnar er bent á þetta: „... *hard core cartels are the most egregious violations of competition law and that they injure consumers in many countries by raising prices and restricting supply...*“

<sup>2456</sup> A report on implementing the hard core cartel recommendation and improving co-operation. OECD Journal of Competition Law and Policy, Volume 2/No. 2 bls. 11.

tekur til.<sup>2457</sup> Með öðrum orðum þýði verðsamráð að jafnaði 10% hærra verð en ella en tjón samfélagsins sé enn meira. Er talið í skýrslunni að nauðsynlegt sé að rannsaka enn frekar skaðsemi samráðs og var boðuð önnur skýrsla um það atriði.

Árið 2002 gaf þessi nefnd OECD út skýrslu um eðli og áhrif samráðs keppinauta og viðurlög gegn því.<sup>2458</sup> Í niðurstöðum nefndarinnar segir að nákvæm mæling á skaðsemi samráðs sé sem stendur ekki möguleg en að það sé enginn vafi á því að skaðsemin sé mjög mikil og nemi mörgum milljörðum bandaríkjadala á hverju ári. OECD ríkjunum sé að verða æ betur ljóst hið mikla umfang þessa vandamáls og nauðsyn þess að leggja veruleg viðurlög á þátttakendur í samráði í því skyni að vinna gegn slíkri hegðun. Viðurlög í nýlegum málum sýni þetta. Í skýrslunni er einnig bent á það að samráð fyrirtækja sé það form samkeppnishamlna sem er talið skaðlegast fyrir neytendur og skilvirkni markaða. Þá leiði ekki af samráði nokkurt samfélagslegt eða efnahagslegt hagræði sem réttlæti þann skaða sem samráðið veldur.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir jafnframt að spurning sé hversu þung viðurlög þurfi að vera til að stöðva slíka hegðun. Erfitt sé að svara þeirri spurningu en enginn vafi leiki á því að viðurlög verði að vera mjög ströng. Bent er á að margir sérfræðingar séu þeirrar skoðunar að fjárhæð sekta verði að vera hærri en sá ávinningur sem hlýst af brotunum. Sökum þess að ekki komist upp um allt samráð keppinauta og því ekki refsað fyrir það, þá er það skoðun sérfræðinga að til þess að sektir hafi nægjanleg varnaðaráhrif sé nauðsynlegt að þær séu margfalt þyngri en ávinningur fyrirtækja af því samráði sem upp um kemst. Eru nefndar sektir á bilinu tvöfaldur til þrefaldur ávinningur af samráðinu í þessu samhengi. Bent er einnig á að til séu rannsóknir sem styðji hugmyndir um enn hærri sektir.

Árið 2003 gaf OECD út enn aðra skýrslu um samráðsmál.<sup>2459</sup> Þar eru þau atriði sem fram hafa komið ítrekuð og m.a. lögð áhersla á að færa samkeppnisyfirvöldum enn öflugri rannsóknarheimildir, þyngingu sekta og samvinnu innan OECD landanna við rannsókn og miðlun upplýsinga um samráð keppinauta. Í skýrslunni eru samkeppnisyfirvöld í OECD ríkjum m.a. hvött til að leggja á hærri sektir og upp að því marki að sektin nemi þreföldum ávinningi af samráðinu. Eru samkeppnisyfirvöldin einnig hvött til þess að gera allt sem í valdi þeirra stendur til þess að upplýsa almenning, atvinnurekendur og stjórnvöld um samráðsmál sem þau rannsaka og þann skaða sem samráðið veldur viðkomandi samfélagi.

---

<sup>2457</sup> Í skýrslunni segir þetta: „It is estimated that the average illegal gain from price-fixing is 10 percent of the selling price, but in such cases the harm to society may amount to 20 percent of the volume of commerce affected by the cartel.“

<sup>2458</sup> Report on the nature and impact of hard core cartels and sanctions against cartels under national competition laws. DAFPE/COMP(2002)7.

<sup>2459</sup> Hard Core Cartels, Recent Progress and Challenges Ahead (2003).



## 2.1. Ákvæði 52. gr. samkeppnislaga

Samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku laga nr. 107/2000 getur samkeppnisráð lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Sektir geta numið frá 50 þúsundum til 40 millj. króna, en þó allt að 10% af veltu sl. almanaksárs af þeirri starfsemi sem í hlut á hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum ef sannanlegur ábati þeirra af broti hefur numið hærri fjárhæð en 40 millj. króna. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir um ákvæðið að hér sé „*um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf, en ákvæðið er sniðið eftir þeirri löggjöf sem væntanlega mun gilda innan EES og gildir nú í ríkjum EB.*“ Leiðir af þessu að eðlilegt er einnig að hafa hliðsjón af EES/EB-samkeppnisrétti við skýringu ákvæðisins, sbr. einnig almenn sjónarmið í kafla III.

Ákvæðið hefur verið skýrt í meðförum áfrýjunarnefndar samkeppnismála og dómstóla. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001 segir að ákvæði 52. gr. samkeppnislaga sé fyrst og fremst ætlað að hafa varnaðaráhrif. Síðan segir þetta í úrskurði nefndarinnar:

*„Við ákvörðun viðurlaga ber fyrst og fremst að hafa í huga hversu alvarlegs eðlis brot eru. Þar má m.a. taka tillit til þess skaða sem samkeppnishömlur hafa haft í för með sér. Líta ber einnig til stærðar þeirra fyrirtækja sem teljast brotleg, þess tíma sem brot hefur staðið, huglægrar afstöðu stjórnenda og fleiri atriða. Loks verður að hafa í huga þann ávinning sem samkeppnishömlur hafa haft í för með sér.“*

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 var staðfest skýring og beiting áfrýjunarnefndar samkeppnismála á 52. gr. samkeppnislaga í úrskurði nr. 14/2001.

Lög nr. 107/2000 tóku gildi 6. desember 2000 og breyttu lögina m.a. 52. gr. samkeppnislaga. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fjallaði um núgildandi ákvæði 52. gr. laganna í úrskurði nr. 1/2002 *Skífan hf. gegn samkeppnisráði*. Í úrskurðinum segir m.a. þetta:

*„Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 14/2001, Ágæti hf., Mata ehf. og Sölufélag garðyrkjumanna svf. gegn samkeppnisráði var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að líta til fleiri atriða en beinlínis var tilgreint í þágildandi sambærilegu ákvæði. Það sama á við nú. Ákvæðið felur aðeins í sér skyldu til að taka tiltekin sjónarmið ávallt til skoðunar og nefnir auk þess sérstaklega að taka megi tillit til tiltekins atriðis. Ekki verður talið að hér sé um tæmandi talningu að ræða og styðst slík niðurstaða við hefðbundnar skoðanir í samkeppnisrétti. Því verður litið*

*til fleiri atriða við ákvörðun viðurlaganna en þó því aðeins að þau séu í eðlilegum tengslum við það málefni sem fyrir liggur.*

*Við ákvörðun viðurlaga ber samkvæmt framansögðu fyrst og fremst að hafa í huga hversu alvarlegs eðlis viðkomandi brot er, umfang samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Líta má þó einnig til stærðar fyrirtækja sem teljast brotleg, huglægrar afstöðu stjórnenda, hagnaðarsjónarmiða og fleiri atriða.“*

Sektarákvörðun áfrýjunarnefndar í úrskurði nr. 1/2002 var staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 323/2003.

Framangreindir úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála sýna að tiltekin sömu sjónarmið eiga við um beitingu eldra og yngra ákvæðis 52. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er ljóst að bæði fyrir og eftir breytinguna á 52. gr. laganna er heimilt við ákvörðun viðurlaga að líta til fleiri atriða en beinlínis eru tilgreind í ákvæðinu að því gefnu að þau atriði séu í eðlilegum tengslum við viðkomandi mál. Er sú túlkun í fullu samræmi við lögmatisregluna, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/2002 *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði*. Verður nú fyrst litið til þeirra atriða sem sameiginleg eru eldra og yngra ákvæði 52. gr. laganna varðandi mat á hæfilegum viðurlögum í þessu máli. Að því búnu verður fjallað um lagaskil og tekin afstaða til þeirra atriða sem að ákveðnu marki eru mismunandi í eldra og yngra ákvæði 52. gr. laganna, sbr. kafla X 3.

## 2.2. Eðli brotsins og atriði sem horfa til þyngingar viðurlaga í málinu

Í dómi Hæstréttar í máli nr. 37/2003 segir að samráð fyrirtækja um þau atriði sem falla undir 10. gr. samkeppnislaga „er til þess fallið að valda neytendum og atvinnulífínu tjóni, enda er tekið fram í athugasemdum við 10. gr. í frumvarpi til samkeppnislaga að „vart er að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki koma sér saman um verð, álagningu eða hvaða afslætti skuli veita.““

Í máli þessu er um það að ræða að OHF, Olís og Skeljungur hafa haft með sér víðtækt og umfangsmikið samfellt samráð sem braut gegn 10. gr. samkeppnislaga. Brot olúfélaganna felast í þeim samstilltu aðgerðum og/eða samningum sem lýst er í ákvörðun þessari og höfðu það að markmiði að raska samkeppni milli félaganna í viðskiptum aðallega með fljótandi eldsneyti, smurolíu og gas. Í höfuðdráttum fólst eftirfarandi í hinu samfellda samráði þeirra:

- Samráð um verðlagningu á fljótandi eldsneyti, gasi, smurolíu og tengdum vörum.
- Samráð um aðgerðir til að auka álagningu og bæta framlegð, þ.m.t. aðgerðir til að draga úr afslætti.
- Samráð vegna útboða tiltekinna viðskiptavina.

- Markaðsskipting og eftir atvikum verðsamráð vegna sölu til einstakra viðskiptavina, tiltekinna hópa viðskiptavina eða á einstökum landsvæðum.

Til að framkvæma þetta samráð áttu olíufélögin í tíðum samskiptum sína á milli og skiptust á upplýsingum. Ljóst er því að brot olíufélaganna er í eðli sínu alvarlegt.

Hvað varðar umfang samkeppnishamlnanna í þessu máli ber að líta til þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur bent á að hafi fyrirtæki „ólögmætt samráð á tilteknum vörumarkaði verður almennt að telja samráðið því alvarlegra þeim mun stærri sem markaðurinn er sem samráðið nær til. Með svipuðum hætti má almennt telja slíkt samráð alvarlegra eftir því sem staða umræddra fyrirtækja er sterkari á markaðnum.“, sbr. úrskurð nefndarinnar nr. 14/2001. Samskonar sjónarmið eru lögð til grundvallar í EES/EB-samkeppnisrétti. Þannig hafa dómstólar EB bent á að velta á þeim markaði sem brotið tók til gefi sanngjarna vísbendingu um umfang brotsins. Jafnframt gefi velta á viðkomandi markaði til kynna hlutlægan mælikvarða á því tjóni sem samráðið veldur samkeppni.<sup>2460</sup> Jafnframt hefur verið bent á það að velta á viðkomandi markaði geti gefið ávinning af brotum til kynna.<sup>2461</sup> Einnig hefur verið talið að heimilt sé við mat á sektum að líta til heildarveltu hins brotlega fyrirtækis þar sem hún gefur til kynna stærð og efnahagslegan styrkleika þess.<sup>2462</sup>

Eins og fram kemur í kafla II tekur vörumarkaðurinn í þessu máli til fljótandi eldsneytis og annarra olíuvara. Landfræðilegi markaðurinn er Ísland. Eins og umfjöllun í kafla II sýnir greinilega er ljóst, hvort sem litið er á markaðinn í heild sinni eða með hliðsjón af einstökum undirmörkuðum, að olíufélögin hafa mjög sterka stöðu á markaðnum, og í heild skipta þau með sér um 99% þess markaðar sem um ræðir í þessu máli. Hafa félögin haft mjög sterka stöðu á markaðnum á öllum þeim tíma sem hið samfellda samráð stóð yfir.

Hvað stærð eða verðmæti markaðarins áhrærir má horfa hér til eftirfarandi töflu sem sýnir heildarveltu olíufélaganna á tímabilinu 1992–2001:

<sup>2460</sup> Sjá t.d. dóm undiréttar EB í máli nr. T-224/00 *Amnio Acids Cartel* [2003] 5 CMLR 12: „... as is clear from settled case-law ... the proportion of turnover derived from the goods in respect of which the infringement was committed is likely to give a fair indication of the scale of the infringement on the relevant market. In particular, as the Court of First Instance has emphasised, the turnover in products which have been the subject of a restrictive practice constitutes an objective criterion which gives a proper measure of the harm which that practice causes to normal competition ... “.


<sup>2461</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CLMR 10: „... the turnover of the undertakings may give an indication of any economic or financial benefit acquired by the offenders or of other specific characteristics which, depending on the circumstances, may need to be taken into consideration.“

<sup>2462</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 100/80 *Musique Diffusion Francaise v Commission* [1983] ECR 1825.

Tafla 1:

Rekstrartekjur olíufélaganna										
Milljónir króna á verðlagi hvers árs										
	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Skeljungur	5.610	6.173	6.014	6.483	7.875	8.346	8.359	9.834	13.384	15.444
Oliufélagið	7.422	8.526	8.395	8.424	9.583	10.423	9.897	10.839	13.990	15.119
Oliuverzlun Íslands	5.267	5.829	5.752	6.097	7.068	7.820	7.241	8.342	11.818	12.519
Samtals	18.300	20.528	20.160	21.004	24.526	26.590	25.498	29.015	39.191	43.082

Á eftirfarandi mynd má síðan sjá hvernig rekstrartekjur olíufélaganna hafa þróast á tíu ára tímabili (1992–2001) þegar þær eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 2001 miðað við vísitölu neysluverðs.



Er ljóst að framan af tímabilinu voru heildartekjur félaganna að raunvirði fremur stöðugar, en hafa hins vegar vaxið umtalsvert á síðari hluta tímabilsins, fyrst á árinu 1996 og á ný á árinu 1999 og hverju ári eftir það.

Þess skal einnig getið að stöðugleika hefur sömuleiðis gætt í þróun hagnaðar hjá félögunum að því leyti að þegar litið er yfir langt tímabil finnast vart dæmi um taprekstur hjá þeim. Arðsemissstig félaganna hefur almennt farið vaxandi, einkum eftir árið 1997, en jafnframt hafa komið fram meiri sveiflur í arðsemi en áður var. Er þetta meðal þeirra upplýsinga sem lesa má úr eftirfarandi töfluyfirliti um nokkrar lykilstærðir í rekstri olíufélaganna (móðurfélög) á árunum 1992–2001 ásamt línuriti um arðsemi eigin fjár hjá félögunum (m.v. samstæðuuppgjör), en upplýsingar þessar eru byggðar á ársreikningum félaganna.

Tafla 2:


## Nokkrar lykilstærðir úr rekstri olíufélaganna á árunum 1992-2001

Fjárhæðir í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
<b>Olíufélagið hf.:</b>										
Rekstrartekjur	7.422	8.526	8.395	8.424	9.583	10.423	9.897	10.839	13.990	15.119
Vörusala	7.198	8.318	8.212	8.242	9.314	10.161	9.639	10.550	13.712	14.808
Kostn.verð seldra vara	(5.288)	(6.176)	(5.967)	(5.996)	(6.936)	(7.615)	(6.751)	(7.394)	(10.300)	(10.841)
Framlegð af vörusölu	1.910	2.141	2.245	2.246	2.378	2.546	2.888	3.155	3.411	3.967
Framlegð af vörusölu	26,5%	25,7%	27,3%	27,3%	25,5%	25,1%	30,0%	29,9%	24,9%	26,8%
Hagnaður ársins	197	198	240	263	295	285	394	606	429	378
Arðsemi eigin fjár	5,0%	6,5%	7,2%	7,4%	7,7%	6,4%	8,4%	11,9%	7,3%	5,9%
<b>Skeljungur hf.:</b>										
Rekstrartekjur	5.610	6.173	6.014	6.483	7.875	8.346	8.359	9.834	13.384	15.444
Vörusala	5.550	6.112	5.925	6.367	7.687	8.072	8.012	9.545	13.086	15.043
Kostn.verð seldra vara	(4.101)	(4.565)	(4.398)	(4.743)	(5.918)	(6.339)	(6.043)	(7.227)	(10.357)	(11.841)
Framlegð af vörusölu	1.449	1.547	1.527	1.623	1.769	1.733	1.969	2.318	2.730	3.202
Framlegð af vörusölu	26,1%	25,3%	25,8%	25,5%	23,0%	21,5%	24,6%	24,3%	20,9%	21,3%
Hagnaður ársins	91	96	125	145	187	74	242	495	(208)	519
Arðsemi eigin fjár	4,2%	4,2%	5,3%	5,8%	6,6%	2,6%	8,5%	15,7%	8,1%	14,4%
<b>Oliuverzlun Íslands hf.:</b>										
Rekstrartekjur	5.267	5.829	5.752	6.097	7.068	7.820	7.241	8.342	11.818	12.519
Vörusala	5.237	5.798	5.714	6.041	7.043	7.775	7.207	8.266	11.749	12.446
Kostn.verð seldra vara	(3.858)	(4.249)	(4.184)	(4.419)	(5.320)	(5.871)	(5.134)	(5.870)	(8.926)	(9.212)
Framlegð af vörusölu	1.379	1.549	1.530	1.622	1.723	1.904	2.073	2.395	2.824	3.234
Framlegð af vörusölu	26,3%	26,7%	26,8%	26,8%	24,5%	24,5%	28,8%	29,0%	24,0%	26,0%
Hagnaður ársins	61	91	102	153	141	121	282	338	102	211
Arðsemi eigin fjár	3,5%	5,4%	5,6%	8,1%	7,0%	5,6%	12,6%	13,5%	3,5%	6,9%
<b>Olíufélögin samtals:</b>										
Rekstrartekjur	18.300	20.528	20.160	21.004	24.526	26.590	25.498	29.015	39.191	43.082

Mynd 10

## Arðsemi eigin fjár hjá olíufélögunum



Framlegð af sölu þeirra vöruflokka sem mál þetta tekur til nemur jafnaðarlega yfir 80% af heildarframlegð félaganna af vörusölu. Tekur málið því til mikils meirihluta í starfsemi félaganna. Samkvæmt framangreindu er því skýrt að markaðurinn sem mál

Þetta tekur til er mjög stór og staða oliufélaganna á honum er mjög sterk, sbr. einnig upplýsingar sem fram koma í kafla II.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er því haldið fram að staða oliufélaganna sé ekki jafn sterk á markaðnum og Samkeppnisstofnun haldi fram. Vísar OHF til þeirra sjónarmiða sem gerð er grein fyrir í kafla II. Heldur OHF því fram að þar sem markaðsstyrkurinn sé minni en Samkeppnisstofnun hafi gert ráð fyrir séu meint brot félagsins ekki jafn alvarleg og talið hafði verið. Að mati félagsins eigi þetta að leiða til þess, komi til sekta í málinu, að þær yrðu lægri en Samkeppnisstofnun hafði gert ráð fyrir í frumathugun sinni. Samkeppnisráð fjallaði um þessi sjónarmið OHF í kafla II. Með vísan til þeirrar umfjöllunar telur samkeppnisráð ekki unnt að fallast á þessi rök OHF.

Hér ber einnig að hafa í huga að hið samfellda samráð varðar mjög þýðingarmiklar nauðsynjavörur. Eins og fram kemur nánar í kafla II nam verðmæti innflutnings (fob) á eldsneyti, smurólíum og gasi á árinu 2000 alls um 9,2% af verðmæti alls innflutnings til landsins og um 8,9% á árinu 2001. Ljóst er að bensín og oliur veða almennt um og yfir 4% af útgjöldum almennings samkvæmt vísitölu neysliverðs. Þá kemur einnig fram í kafla II að útgjöld vegna kaupa á olíuvörum veða þungt í ýmsum atvinnugreinum, einkum fiskveiðum og samgöngum. Þannig námu t.d. útgjöld til olíukaupa fiskveiðiflotans 6.218 millj. króna á árinu 2000 eða um 12,1% af rekstrargjöldum alls og á árinu 2001 voru útgjöld fiskveiðiflotans vegna olíukaupa alls 6.600 millj. króna eða 11,5% af heildargjöldum. Til marks um þýðingu olíuvara í samgöngum má nefna að samkvæmt ársreikningi Flugleiða hf. fyrir árið 2001 námu eldsneytiskaup móðurfélagsins 4.626 millj. króna eða um 15,9% af rekstrargjöldum alls. Af þessu er ljóst að vörur þessar hafa mikla þjóðhagslega þýðingu og leikur ekki vafi á því að hið samfellda samráð oliufélaganna var til þess fallið að valda neytendum og atvinnulífinu umtalsverðu tjóni.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II segir að ekki fáist séð hvað Samkeppnisstofnun eigi við með því að mál þetta varði þjóðhagslega mikilvægar vörur. Spyr OHF hvort ekki megi færa fyrir því rök að nánast allar vörur séu mikilvægar. Burtséð frá því sé vandséð hvaða heimild samkeppnisyfirvöld hafi til þess að mismuna aðilum við beitingu stjórnisýsluviðurlaga eftir því hvaða vörur þeir selja í ljósi jafnræðisreglu stjórnisýslulaga. Samkeppnisráð bendir hér á að heimilt er við beitingu 52. gr. samkeppnislaga að hafa hliðsjón af eðli og þýðingu þeirrar vöru sem samráðið tekur til, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001.<sup>2463</sup> Er að finna í samkeppnisrétti ýmis dæmi þar sem litið er til mikilvægis vöru gagnvart

<sup>2463</sup> Þannig segir í úrskurðinum: „Stjórnendum umræddra fyrirtækja hlaut að vera ljóst að í aðgerðum þeirra fælist brot á samkeppnislögum og að af þeim leiddi, vegna stærðar fyrirtækjanna, markaðsstöðu þeirra og eðlis þeirra vara sem hér um ræðir, alvarleg röskun á samkeppni.“

neytendum og/eða atvinnulífinu við mat á sektum.<sup>2464</sup> Að mati samkeppnisráðs liggja augljós málefnaleg rök til grundvallar því að horfa til þessa við mat á hæfilegum sektum.

Samkeppnisráð telur að gögn málsins sýni að hið samfellda samráð olúfélaganna hafi varað frá gildistöku samkeppnislaga fram til a.m.k. 18. desember 2001. Brotin eru því mjög umfangsmikil hvað tímalengd áhrærir þar sem þau hafa staðið yfir á níunda ár. Í athugasemdum OHF við frumathugun II er þessu mótmælt og sagt að heildartímabilið sem horfa beri á í málinu sé aðeins um átta ár þar sem ekki sé hægt að refsa fyrir brot sem áttu sér stað fyrir 1. nóvember 1993. Er í því sambandi vísað til tilkynningar Samkeppnisstofnunar sem birt var í Lögbirtingablaðinu þann 19. maí 1993. Að mati OHF sé þýðing þess að stjórnvald veiti slíkan umþóttunartíma sú að ekki verði refsað fyrir brot sem eigi sér stað á þeim tíma. Engu máli skipti í því sambandi þótt brotið sé gegn lögnum eftir umþóttunartímamann. Þetta sé sama meginreglan og stuðst hafi verið við þegar tekið var að refsast fyrir að nota ekki bílbelti. Að sögn OHF hafi Samkeppnisstofnun vakið þær réttmætu væntingar í brjósti félagsins að ekki yrði beitt viðurlögum vegna brota fyrir 1. nóvember 1993. Stjórnvald geti ekki sagt að það muni ekki beita viðurlögum vegna brota á tilteknu tímabili og sekta síðan fyrir meint brot framin á því tímabili.

Samkeppnisráð vísar hér til nefndrar tilkynningar sem birtist í Lögbirtingablaðinu 19. maí 1993. Í henni kom þetta fram:

*„Í fjórða kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 eru ákvæði sem fela í sér bönn við samkeppnishömlum. Bannákvæðin taka til samráðs um verð, afslætti, álagningu, skiptingu markaða og gerð tilboða. Samráð af þessu tagi hefur tíðkast í ýmsum greinum, t.d. um verðtaxta sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Samkeppnisráð hefur ákveðið að veita hlutaðeigandi aðilum umþóttunartíma til 1. nóvember nk. til þess að afnema samkeppnishömlur sem brjóta í bága við bannákvæðin eða sækja um undanþágu frá bannákvæðunum telji þeir að skilyrði til þess séu fyrir hendi.“*

Eins og orðalag þessarar tilkynningar ber skýrlega með sér var tilgangur þessarar ráðstöfunar samkeppnisráðs að gefa íslenskum fyrirtækjum hæfilegan tíma til þess að aðlagast sig að kröfum samkeppnislaga og hætta ólöglegu samráði eða til að sækja um undanþágu fyrir samstarfi sem þau teldu nauðsynlegt. Tilgangur þessarar tilkynningar var því ekki að heimila fyrirtækjum tímabundið að taka upp eða viðhalda ólöglegu

---

<sup>2464</sup> Sjá hér t.d. Bellamy & Child, *European Community Law of Competition*, fimmta útgáfa 2001. Í umfjöllun á bls. 942 um sjónarmið sem lögð hafa verið til grundvallar í lagaframkvæmd við ákvörðun sekta er bent á þetta: „*The gravity of an infringement is increased where the product is widely consumed, or has no substitutes, or is especially important to at least certain categories of consumers, constitutes an important industrial material or ... Conversely, an infringement relating to a product of no great value or necessity to consumers may be viewed less seriously.*“

samráði sér að skaðlausu enda kom slíkt ekki fram í tilkynningunni. OHF gat því ekki haft lögmætar væntingar um almenna heimild til að stunda samkeppnishamlandi samráð á þessu tímabili. Olíufélögin nýttu ekki þennan umbóttunartíma til þess að leggja af hið samfellda samráð sitt. Þess í stað héldu þau áfram ýmsu reglubundnu samráði sínu eins og t.d. markaðsskiptingu varðandi ÍSAL og Kísiliðjuna, sbr. kafla VIII 8 og 9. Jafnframt ákváðu olíufélögin á þessum tíma að draga úr samkeppni í sölu til erlendra skipa og undirrituðu samning um verðsamráð og markaðsskiptingu þar að lútandi þann 30. júní 1993 og létu samninginn gilda afturvirkir frá 1. maí 1993, sbr. kafla V 2.1. Í júlí og ágúst 1993 rituðu olíufélögin Samkeppnisstofnun bréf og greindu ranglega frá því að samkeppni ríkti í sölu og verðlagningu á eldsneyti, sbr. kafla VI 1.1. Í ljósi þessa alls er ekki hægt að fallast á það með OHF að aðeins sé almennt unnt að líta aftur til 1. nóvember 1993 við mat á tímalengd brota olíufélaganna.

Eins og leiðir af úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. m.a. 14/2001 og 1/2002 má horfa til huglægrar afstöðu stjórnenda við ákvörðun sekta. Samkeppnisráð vísar hér einnig til þess að í samkeppnisrétti er talið að brot sé framið af ásetningi þegar viðkomandi aðila mátti vera ljóst að aðgerðum hans var ætlað að raska samkeppni, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögmeitt samráð innan Lögmannafélags Íslands*. Ekki er skilyrði að viðkomandi hafi verið það ljóst að aðgerðir hans fælu í sér brot á samkeppnisreglum.<sup>2465</sup> Skýr ásetningur getur falið í sér rök fyrir hækkun sekta en ekki er hins vegar sjálfgefið að brot framin af gáleysi eigi að leiða til lægri sekta en ella.<sup>2466</sup>

Samkeppnisráð telur gögn málsins gefa skýrt til kynna að olíufélögunum hafi mátt vera það ljóst að aðgerðir þeirra væru til þess fallnar að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Í því sambandi skiptir máli að olíufélögin þrjú eru stór fyrirtæki á íslenskan mælikvarða og verður að ætla að stjórnendur þeirra hafi talsverða þekkingu á rekstrar- og lagaumhverfi félaganna og séu því ljós möguleg áhrif samráðs við keppinauta á viðskiptavini og neytendur. Þar fyrir utan er að finna í málinu skýr dæmi sem sýna að olíufélögunum var það ljóst að samráð þeirra væri samkeppnishamlandi og ólögmeitt og gögn gefa einnig til kynna vilja til að leyna samráðinu. Gögn þessi gefa þannig til kynna beina vitneskju um að aðgerðir olíufélaganna hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og skýran og einbeittan vilja til að grípa til aðgerða í því skyni að vinna gegn því að upp kæmist um samráðið og gera þannig félögunum kleift að halda því áfram. Sérstaklega skýrt dæmi um þetta eru aðgerðir sem olíufélögin ákváðu að grípa til í apríl 2001 í því skyni að eyða gögnum, sbr. kafla VI 6.2. Þessar aðgerðir

<sup>2465</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. T-202, 204 og 207/98 *Tate & Lyle, British Sugar plc and Napier Brown plc v Commission* [2001] 5 CLMR 22: „It is settled case-law that, for an infringement of the competition rules of the Treaty to be regarded as having been committed intentionally, it is not necessary for an undertaking to have been aware that it was infringing those rules. It is sufficient that it could not have been unaware that its conduct was aimed at restricting competition.“

<sup>2466</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-137/95P *SPO v Commission* [1996] ECR I-1611.



voru ákveðnar í tengslum við opinbera umræðu um ólögmaett samráð fyrirtækja á grænmetis- og ávaxtamarkaði og ummæli lögmanns eins fyrirtækjanna um nauðsyn þess að taka til athugunar meint samráð olíufélaganna. Nefna má hér önnur dæmi:

- Í apríl 1996 greindi framkvæmdastjóri hjá Skeljungu frá viðræðum við Olís um verð og tillögu Olís um að OHF taki að sér að vera leiðandi í eldsneytisverði. Var vísað í því samhengi til þess að Olís hafi verið „mjög uggandi“ út af neikvæðri umræðu um olíufélögin, sbr. kafla VI 1.3.
- Í september 1996 var rætt innan Skeljungs um að tiltekin markaðsskipting sé „afar vel varðveitt leyndarmál, af eðlilegum ástæðum.“, sbr. kafla VIII 9.
- Í október 1996 hafnaði Landhelgisgæslan öllum tilboðum í útboði og var vísað til þess að lítill munur væri á tilboðunum. Þetta vakti athygli fjölmiðla. Framkvæmdastjóri hjá Skeljungu lýsti því yfir í fjölmiðlum að tilboð olíufélaganna í útboði Landhelgisgæslunnar sýndu hversu hörð samkeppni félaganna væri og að það væri „slegist um sölu á hverjum einasta olíudropa“. Fyrir liggur hins vegar að olíufélögin höfðu samráð vegna þessa útboðs, sbr. kafla IV 2.3.
- Í september 1997 var tekið saman skjal hjá Skeljungu um samráð við hin félögin um gerð tilboða og markaðsskiptingu vegna ÍSAL. Tekið er fram í skjalinu að „slíkt samráð er hinsvegar litið hornauga af löggjafanum, sbr. samkeppnislögin.“, sbr. kafla IV 7.
- Í september 1997 taldi forstjóri Olís það „óþolandi glannaskap“ að Skeljungur sendi með símbréfi skjal varðandi samráð um gerð tilboða í útboði ÍSAL og sagði að slík gögn yrði að „afhenda yfir borð“ eða boðsenda, sbr. kafla IV 7.
- Í september 1997 sendi starfsmaður Skeljungs tölvupóst til m.a. forstjóra og aðstoðarforstjóra félagsins. Gerði hann grein fyrir fundi með Olís og OHF þar sem m.a. hafi verið ákveðið að hækka verð á gasi. Bað hann viðtakendur tölvupóstsins að „[v]insamlega prentið þetta út og fargið svo þessu maili.“ Aðstoðarforstjórinn svaraði og sagði að samræmd hækkun á gasi væri afleit á sama tíma og þjóðfélagsumræðan snérist um ásakanir í garð olíufélaganna um markaðsskiptingu og verðsamráð en „samt sem áður óumflýjanleg. Hér þarf því að stíga varlega niður“, sbr. kafla VI 8.2.
- Í október 1997 fjölluðu m.a. forstjóri OHF og framkvæmdastjóri hjá félaginu um aðferðafræði til þess að tryggja að samræmd verðhækkun olíufélaganna „verði ekki talið samráð“, sbr. kafla VI 8.2.
- Í september 1998 tók Samkeppnisstofnun tiltekna verðhækkun til athugunar að kröfu Neytendasamtakanna. Fjallað er um þetta í tölvupósti aðstoðarforstjóra Skeljungs til forstjóra félagsins þar sem kemur fram að olíufélögin muni „hafa með sér samstarf í þessu máli.“, sbr. kafla VI 8.3.
- Í febrúar 1999 sendi forstjóri Skeljungs bréf til forstjóra OHF og Olís. Bréfið varðaði ágreining um hvort samráð hafi verið vegna tiltekins útboðs og segir

forstjóri Skeljungs að eðli málsins samkvæmt sé „*ekki hægt að kalla til þá aðila sem að þessu máli komu þar sem málið er að sjálfsgöðu mjög viðkvæmt*“, sbr. kafla VIII 11.3.

- Í janúar 2000 bað aðstoðarforstjóri Skeljungs m.a. forstjóra félagsins að eyða tölvupósti eftir lestur þar sem efni hans mætti „*ekki vera til á svona aðgengilegu formi*“. Í tölvupóstinum var fjallað um beiðni Olís um tiltekið verðsamráð, sbr. kafla VI 5.1.
- Í febrúar 2000 bað forstjóri OHF forstjóra Skeljungs að eyða tölvupósti sem fjallaði um tiltekið samráð. Fram kemur að aðstoðarforstjóra Skeljungs hafi fundist það „*glannalegt*“ hjá forstjóra OHF „*að senda þetta í gegnum netþjóna út um allan bæ.*“, sbr. kafla VIII 11.4.
- Í mars 2000 ákváðu olíufélögin með samráði að hækka verð á gasi. Fram kemur í tölvupósti starfsmanns OHF að hækkan á gaskútum sem notaðir eru við gasgrill hafi verið höfð eins lítil og unnt væri til að vekja ekki athygli fjölmiðla, sbr. kafla VI 8.5.
- Í maí 2000 sendi aðstoðarforstjóri Skeljungs tölvupóst til framkvæmdastjóra hjá OHF og Olís og sagði m.a. að félögin yrðu að „*passa sig á öllum samskiptum*“, sbr. kafla VI 5.8.
- Í september 2001 fóru tölvupóstar milli m.a. forstjóra Skeljungs og aðstoðarforstjóra sem tengdust aðgerðum olíufélaganna um að hækka verð í Færeyjum. Í tölvupósti aðstoðarforstjóra Skeljungs segir: „*Málið er að sjálfsgöðu grafalvarlegt, en við þurfum að nálgast þetta með gát og gæta hófs í skeytasendingum.*“, sbr. kafla VI 6.5.
- Í nóvember 2001 sendi Olís tölvupóst til OHF og Skeljungs sem fól í sér hvatningu til að hækka verð. Framkvæmdastjóri hjá OHF framsendi tölvupóstinn til tveggja starfsmanna félagsins og bað þá jafnframt um að eyða honum, sbr. kafla VI 6.5.
- Í desember 2001 bað framkvæmdastjóri hjá Olís forstjóra félagsins að eyða tölvupósti eftir lestur. Tölvupósturinn fjallaði um viðræður við Skeljung um samráð í tilteknu útboði, sbr. kafla IV 13.

Í samkeppnisrétti er það vel þekkt að slíkar aðgerðir þátttakenda í ólögmetu samráði hafa áhrif til þyngingar viðurlaga.<sup>2467</sup> Að mati samkeppnisráðs gefa nefnd gögn málsins til kynna skýran ásetning olíufélaganna til að raska samkeppni og leyna brotum félaganna. Horfir þetta til þyngingar viðurlaga í málinu.

---

<sup>2467</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-334/94 *Sarrió v Commission* [1998] 5 CMLR 195: „... the undertakings which participated in the meetings ... were not only aware of the unlawfulness of their conduct but also took steps to conceal the collusion. Accordingly, the Commission was fully entitled to hold those steps to be aggravating circumstances when assessing the gravity of the infringement.“, sbr. og dóm dómstóls EB í máli nr. C-291/98P.

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að hvað félagið varði sé það einfaldlega ekki rétt að um ítrekaðar aðgerðir hafi verið að ræða til að leyna brotum. Þau tilvik þar sem bæði er hægt að sanna brot og að því hafi verið vísvitandi leynt séu vandfundin. Finnist eitthvað slíkt tilvik varðandi OHF telur félagið það engin rök til að hækka sektir vegna þess. Samkeppnisráð bendir hér á að framangreind gögn benda skýrt til þess að almennur vilji hafi verið meðal olúfélaganna til að leyna brotum þeirra. OHF greip til aðgerða í því skyni. Nægir hér að benda á framangreindan tölvupóst forstjóra OHF frá febrúar 2000 og tillögu OHF um eyðingu gagna í apríl 2001, sbr. kafla VI 6.2. Að mati samkeppnisráðs er það málefnalegt að hafa hliðsjón af þessum einbeitta ásetningi við ákvörðun viðurlaga.

Að mati samkeppnisráðs ber einnig að líta til þess að æðstu stjórnendur olúfélaganna komu að hinu samfellda samráði og brotið var skipulagt og markvisst. Haldnir voru reglubundnir fundir forstjóra félaganna þar sem fjallað var um stærri mál í samráði olúfélaganna og reynt að leysa ágreining þegar hann kom upp. Rætt var þannig um forstjórafundum „*skv. hefðbundinni hringrás*“ og um gagnkvæma „*ásökunarfundi forstjóra*“, sbr. kafla VI 4.1. og 5.8. Forstjórar félaganna fólu síðan undirmönnum sínum að framkvæma það sem ákveðið hafði verið á forstjórafundum, sbr. t.d. kafla IV 10.2 og VI 2.1. Forstjórar félaganna ákváðu einnig verklag eða samskiptamáta sín á milli til þess að tryggja framgang samráðsins. Þannig var t.d. rætt um þetta milli forstjóra félaganna:

- „*Eins og við höfum oft rætt um er áriðandi að standa saman um að láta viðskiptavinum ekki komast upp með að ljúga viðskiptatilboðum upp á okkur*“, sbr. kafla VI 3.5.
- „*Legg til að við höldum okkur við það, eins og áður rætt, að tala saman áður en við trúum einhverjum (sic), sem á okkur er logið.*“, sbr. kafla VI 4.4.
- „*Við höfum áður rætt um það nokkrum sinnum, að hafa það sem vinnulag milli okkar, að skiptast á samtölum og/eða orðsendingum um mál, sem við kunnum að verða áskynja um að gætu verið að komast í óefni í samskiptum milli okkar starfsmanna og kanna hvort við gætum þá ekki lagt málum eitthvert lið áður en stofnað er til ónauðsynlegra leiðinda milli félaganna.*“ sbr. kafla VI 4.5.

Einnig bar við að forstjórnarnir upplýstu hver annan um að undirmenn þeirra væru ósamvinnuþýðir í samráðinu eða að undirmenn forstjóra tiltekins félags hefðu með tilboðum verið að reyna að ná viðskiptum af öðru hvoru hinna félaganna, sbr. t.d. kafla VI 3.5 og 4.1. Ræddu forstjórnarnir þá jafnvel saman um „*framgöngu*“ þessara starfsmanna og kom ítrekað fyrir að undirmenn þyrftu vegna þessara kvartana frá forstjóra keppinautar að standa skil gjörða sinna gagnvart sínum eigin forstjóra, sbr. t.d. einnig kafla VI 5.7. Einnig beittu forstjórnarnir hótunum gagnvart hverjum öðrum til að draga úr samkeppni milli félaganna, sbr. t.d. kafla VI 4.4 og VIII 1.1. Framkvæmdastjórar hjá olúfélögunum áttu einnig í miklum og reglubundnum

samskiptum sín á milli. Þannig er t.d. upplýst að framkvæmdastjórar markaðssviða smásölu hjá félögunum hittust oft á hverju ári og ræddu ítrekað um t.d. verð eða beiðni viðskiptavina um tilboð, sbr. kafla IV og VI 4.3. Þeir framkvæmdastjórar hjá olíufélögunum sem höfðu með verðlagningu á eldsneyti að gera áttu einnig í reglubundnum samskiptum sín á milli, sbr. kafla VI. Jafnframt var algengt að starfsmenn félaganna snéru sér hver til annars og kvörtuðu yfir því þegar þeir töldu að verið væri að brjóta það sem búið var að ákveða í samráðinu. Eru fjölmörg dæmi um þetta í gögnum málsins. Almennt má og segja að í hinu samfellda samráði olíufélaganna hafi falist reglubundin og tíð samskipti. Í því sambandi má vísa til töflunnar um ólöglegt samskipti olíufélaganna á árunum 1993–2001 sem birt er í kafla III 2.2. Í töflunni er merkt við þá dagsetningu þegar félögin hafa átt einhver samskipti um verð, markaðsskiptingu eða gerð tilboða, s.s. fundi eða sendingu tölvupósta eða bréfa. Í töflunni kemur ekki fram tæmandi upptalning á þessum samskiptum. Samanlagt sýnir taflan að olíufélögin öll eða tvö þeirra hafa samtals í rúmlega 490 tilvikum átt slík ólöglegt samskipti.<sup>2468</sup> Að mati samkeppnisráðs hafa þessi atriði öll áhrif til þyngingar viðurlaga.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er vísað til þess að Samkeppnisstofnun telji það til marks um alvarleika brotanna að æðstu stjórnendur hafi komið að brotunum. Segir OHF að varðandi mörg brotanna sé þetta einfaldlega ekki rétt. Burtséð frá því sé vandséð hvaða heimild samkeppnisyfirvöld hafi til þess að mismuna aðilum við beitingu stjórnvaldsviðurlaga eftir því hvaða starfsmenn fyrirtækisins eiga í hlut í ljósi jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar. Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að heimilt er að líta til fleiri atriða við beitingu 52. gr. samkeppnislaga en beinlínis er tilgreint í ákvæðinu svo fremi sem þau atriði séu í eðlilegum tengslum við viðkomandi málefni, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/2002. Samkeppnisráð telur ljóst að sönnuð virk þátttaka forstjóra olíufélaganna og annarra æðstu stjórnenda félaganna geri brotin enn alvarlegri en ella. Er það og viðurkennt sjónarmið í samkeppnisrétti að slík atriði horfi til þyngingar viðurlaga.<sup>2469</sup>

Að mati samkeppnisráðs verður hér einnig að hafa hliðsjón af áhrifum hins samfellda samráðs olíufélaganna á markaðnum. Hér verður þó fyrst að áréttta að brot á 10. gr. samkeppnislaga á sér stað við það eitt að gripið er til ráðstöfunar sem hefur það að

<sup>2468</sup> Ef t.d. sama dag hafa átt sér stað samskipti um tvö atriði sem fellur undir 10. gr. samkeppnislaga, t.d. verð og markaðsskiptingu, eru bæði tilvikin talin með.

<sup>2469</sup> Sjá hér t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *Pre-Insulated Pipe Cartel* málinu [1999] 4 CMLR 402, sbr. einnig dóm undirréttar EB í máli nr. T-31/99: „*The proven involvement in the cartel of the most senior level of management underlines the need to set the fine at a level which ensures it has sufficient deterrent effect.*“ Sjá hér einnig ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *Industrial/Medical Gases* málinu [2003] 5CMLR. Í umfjöllun um atriði sem leiddu til þess að tiltekið samráðsmál var talið fela í sér mjög alvarlegt brot var m.a. bent á þetta: „*Amongst the special features in that case were ... and the personal involvement of Interbrew's, Alken-Maes' and Danone's top managers at the time. The CEOs themselves and other top managers of the companies met regularly to initiate and monitor the illicit arrangements.*“

markmiði að raska samkeppni. Ráðstöfunin þarf ekki að vera framkvæmd eða hafa haft nein áhrif á markaðnum. Af þessu leiðir að bæði er heimilt og eðlilegt, í því skyni að skapa varnaðaráhrif, að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á bannreglum samkeppnislaga þrátt fyrir að samráð sé ekki framkvæmt eða hafi önnur áhrif. Er þetta sama regla og gildir í EB/EES-samkeppnisrétti.<sup>2470</sup> Bent hefur og verið á það að atriði sem tengjast ásetningi geti verið mun mikilvægari þáttur varðandi mat á sekt heldur en raunveruleg áhrif brotsins á markaði, sérstaklega þegar um er að ræða brot sem í eðli sínu eru alvarleg eins og t.d. verðsamráð og markaðsskipting.<sup>2471</sup> Ef hins vegar slík áhrif liggja fyrir geta þau falið í sér málefnalegar ástæður til að leggja á hærri sektir en ella.

Unnt er að skipta mati á áhrifum af samráðsbroti í tvennt. Annars vegar hvort tiltekið samráð hafi verið framkvæmt og hins vegar hvort framkvæmdin hafi leitt af sér bein áhrif á markaðnum, t.d. á verð.<sup>2472</sup> Báðar þessar tegundir af áhrifum af samráði geta falið í sér rök til hækkunar á sektum. Samkeppnisráð telur að gögn málsins sýni að samráð olíufélaganna hafi að verulegu leyti verið framkvæmt og það haft áhrif á markaðnum. Má í þessu sambandi benda á eftirfarandi atriði, talin í röð eftir árum, sem þó fela ekki í sér tæmandi talningu:

#### 1993:

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Raufarhöfn.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.

<sup>2470</sup> Hér má t.d. vísa til dóms dómstóls EB í máli nr. C-286/98P *Stora Kopparbergs Bergslags AB. v Commission* [2001] 4 CMLR 12.

<sup>2471</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v Commission* [1999] 4 CMLR 810. Í honum er bent á þetta: „... *the effect which an agreement or concerted practice may have had on normal competition is not a conclusive criterion in assessing the proper amount of the fine. As the Commission has correctly pointed out, factors relating to the intentional aspect, and thus to the object of a course of conduct, may be more significant than those relating to its effects, ... particularly where they relate to infringements which are intrinsically serious, such as price-fixing and market sharing.*“ Sjá hér einnig álit Vesterdorf aðallögmanns undirréttar EB í Polypropylene málinu [1991] ECR II-869: „... *in light of the clear intention I think considerations about the actual effects of the cartel should be given relatively little weight in the calculation of the fines.*“

<sup>2472</sup> Af úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001 má ráða að gerður er greinarmunur annars vegar á því hvort tiltekið samráð hafi komist til framkvæmda og hins vegar hvort samráðið hafi haft bein áhrif á verð (verðáhrif). Sjá hér einnig t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *Zinc Phosphate Cartel* málinu [2003] 5 CMLR 14: „... *the actual impact of a complex of agreements in the market depends on, first whether these arrangements were implemented and, secondly, whether the implementation of these arrangements produced an effect in the market.*“

- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.

#### 1994:

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Í gildi var samkomulag olíufélaganna um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Raufarhöfn.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð vegna útboðs Vegagerðarinnar.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð vegna útboðs Flugleiða.
- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.

#### 1995:

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Í gildi var samkomulag olíufélaganna um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði.
- Olíufélögin gerðu samkomulag um að draga úr framboði Skeljungs á SD olíu og framfylgdu því.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að hækka verð á smurolíu.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verð á gasi.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Raufarhöfn.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.

- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð vegna útboðs Vegagerðarinnar.
- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu á Keflavíkurflugvelli.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Reykjavíkurflugvelli.

#### 1996:

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Í gildi var samkomulag olíufélaganna um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr framboði Skeljungs á SD olíu.
- Olíufélögin ákváðu að vinna saman að því að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að hækka verð á smurolíu.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verð á gasi.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Reykjavíkurborgar.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Landhelgisgæslunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði dómsmálaráðuneytisins.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Flugleiða og skiptu með sér framlegð.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Raufarhöfn.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olíufélögin skiptu með sér markaðnum í Grindavík.
- Olíufélögin undirrituðu samning um landfræðilega markaðsskiptingu í rekstri bensínstöðva sem efndur var í Búðardal, á Mývatni, Þórshöfn, Neskaupstað og Eskifirði.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð vegna útboðs Vegagerðarinnar.

- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu á Keflavíkurflugvelli.
- Olíufélögin náðu samkomulagi um að draga úr samkeppni í tilboðum til erlendra flugfélaga sem óska eftir að kaupa eldsneyti á Keflavíkurflugvelli og framkvæmdu það.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Reykjavíkurflugvelli.

#### 1997:

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Í gildi var samkomulag olíufélaganna um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr framboði Skeljungs á SD olíu.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að hækka verð á smurolíu.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verð á gasi.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kisiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Flugleiða og skiptu með sér framlegð.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Vestmannaeyjabæjar.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð vegna útboðs Norðuráls.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Raufarhöfn.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- Olíufélögin skiptu með sér markaðnum í Grindavík.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Vegagerðarinnar.
- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.



- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu á Keflavíkurflugvelli.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr samkeppni í tilboðum til erlendra flugfélaga sem óska eftir að kaupa eldsneyti á Keflavíkurflugvelli.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Reykjavíkurflugvelli.

**1998:**

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Í gildi var samkomulag olíufélaganna um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr framboði Skeljungs á SD olíu.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti.
- Olíufélögin gerðu samkomulag um afsláttarkerfi fyrir bílafloa fyrirtækja og framkvæmdu það.
- Olíufélögin höfðu samráð um verð á smurolíu.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verð á gasi.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu á Raufarhöfn
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- Olíufélögin skiptu með sér markaðnum í Grindavík.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Flugfélags Íslands.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Landssíma Íslands.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð vegna sölu til Norðuráls.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Vegagerðarinnar.
- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu á Keflavíkurflugvelli.

- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr samkeppni í tilboðum til erlendra flugfélaga sem óska eftir að kaupa eldsneyti á Keflavíkurlflugvelli.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Reykjavíkurlflugvelli.

#### 1999:

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Í gildi var samkomulag olíufélaganna um að gefa ekki tiltekinn afslátt af gasolíuverði.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um afsláttarkerfi fyrir bílafloata fyrirtækja.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti.
- Olíufélögin höfðu samráð um verð á smurolíu.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verð á gasi.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Raufarhöfn.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- Olíufélögin skiptu með sér markaðnum í Grindavík.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð vegna sölu til Norðuráls.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Vegagerðarinnar.
- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu vegna sölu á Keflavíkurlflugvelli.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr samkeppni í tilboðum til erlendra flugfélaga sem óska eftir að kaupa eldsneyti á Keflavíkurlflugvelli.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Reykjavíkurlflugvelli.

#### 2000:

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti.

- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um sérstaka hækkun á gasolíuverði.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um afsláttarkerfi fyrir bílaflota fyrirtækja.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að keppa ekki vegna tímabundinna tilboða.
- Olíufélögin gripu til aðgerða gegn tilraunum LIÚ til að lækka verð á eldsneyti fiskiskiptaflotans.
- Olíufélögin höfðu samráð um verð á smurolíu.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verð á gasi.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu á Raufarhöfn.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- Olíufélögin skiptu með sér markaðnum í Grindavík.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð vegna sölu til Norðuráls.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Vegagerðarinnar.
- Í gildi var samningur um landfræðilega markaðsskiptingu í bensínstöðvarekstri á tilteknum stöðum á landinu.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu á Keflavíkurflugvelli.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr samkeppni í tilboðum til erlendra flugfélaga sem óska eftir að kaupa eldsneyti á Keflavíkurflugvelli.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Reykjavíkurflugvelli.

## **2001:**

- Olíufélögin höfðu með sér samráð um verðbreytingar á eldsneyti.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að auka álagningu og bæta framlegð þeirra af sölu á eldsneyti.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um sérstaka hækkun á gasolíuverði.
- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að hækka verð á olíuvörum í Færeyjum.
- Olíufélögin höfðu samráð um verð á smurolíu.

- Olíufélögin gripu til aðgerða í því skyni að minnka samkeppni í gasviðskiptum.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna ÍSAL.
- Olíufélögin höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til Kísiliðjunnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu til erlendra skipa.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu á Raufarhöfn.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu til SR-mjöls.
- Olís og Skeljungur skiptu með sér markaðnum á Ísafirði.
- OHF og Olís skiptu með sér markaðnum í Stykkishólmi.
- OHF og Skeljungur höfðu með sér markaðsskiptingu vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur.
- Olíufélögin höfðu með sér samráð vegna sölu til Norðuráls.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér samráð um gerð tilboða í útboði Vegagerðarinnar.
- Olíufélögin höfðu með sér verðsamráð og markaðskiptingu vegna sölu á Keflavíkurflugvelli.
- Olíufélögin framkvæmdu samkomulag um að draga úr samkeppni í tilboðum til erlendra flugfélaga sem óska eftir að kaupa eldsneyti á Keflavíkurflugvelli.
- Olís og Skeljungur höfðu með sér verðsamráð og markaðsskiptingu á Reykjavíkurflugvelli.

Samkeppnisráð telur ljóst að framangreint yfirlit gefi ótvírætt til kynna að samráð olíufélaganna var að verulegu leyti framkvæmt og hafði því umtalsverð skaðleg áhrif á markaðnum, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001.<sup>2473</sup> Þannig er t.d. ljóst að nefnt samráð olíufélaganna vegna útboða viðskiptavina þeirra var að fullu framkvæmt og hafði því skaðleg áhrif. Hið sama gildir um markaðsskiptinguna sem að langmestu leyti komst til framkvæmda. Að mati samkeppnisráðs verður einnig að líta svo á að hið reglubundna verðsamráð og ýmsir nefndir samningar sem ætlað var að takmarka verðsamkeppni hafi haft verulega skaðleg áhrif.<sup>2474</sup> Í því samhengi skiptir miklu að olíufélögin starfa á fákeppnismarkaði. Samráð á slíkum markaði er í samkeppnisrétti talið hafa enn alvarlegri áhrif á samkeppni. Í því sambandi hefur og verið bent á að fyrirtæki sem taka þátt í samráði geti ekki vísað til fákeppnisgerðar markaðarins til stuðnings því að

<sup>2473</sup> Af úrskurðinum verður að draga þá ályktun að framkvæmd á samráði raski samkeppni. Þannig er t.d. að finna þessi ummæli í úrskurðinum: „Ljóst þykir að hið ólögmeita samkomulag fyrirtækjanna hefur komið til framkvæmda á árunum 1995–1999 og raskað samkeppni verulega.“

<sup>2474</sup> Í bandarískri lagaframkvæmd er litið svo á að á verðsamráð hafi ávallt skaðleg áhrif á samkeppni. Þannig hefur t.d. alríkisdómtóll bent á þetta: „Price fixing, ..., is an activity with inevitable anticompetitive effects; because of its inevitable effects the Supreme Court designated it illegal per se ...“: United States v Cargo Serv. Stations, 657 F.2d 676, (5th Cir.).

samráð hafi ekki haft nein áhrif á markaðnum.<sup>2475</sup> Í kafla X 4 hér á eftir er fjallað um tiltekin bein áhrif af samfellda samráðinu í tengslum við mat á ávinningi olíufélaganna.

### 2.3. Atriði sem mögulega horfa til mildunar viðurlaga

#### 2.3.1. Sjónarmið OHF

Í athugasemdum OHF er vísað til sjónarmiða sem horfa til lækkunar sekta í EES/EB-samkeppnisrétti. Telur OHF að beita eigi þeim sjónarmiðum í málinu til lækkunar sekta félagsins. Vísar OHF hér sérstaklega til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES.

OHF bendir í þessu sambandi á að brotum hafi verið hætt um leið og rannsókn Samkeppnisstofnunar hófst þann 18. desember 2001. Þetta skipti máli þegar sektir séu ákvarðaðar.

OHF telur að líta verði til þess að félagið hafi með réttu mátt efast um að það væri að brjóta gegn samkeppnislögum. Erfitt sé að meta í hverju tilviki hvort tiltekin samskipti við keppinaut falli innan ramma laganna eða utan þeirra, jafnvel fyrir lögfróða menn. Skynsamlegur vafi um meint brot eigi að leiða til sýknu eins og félagið hafi áður bent á. Sé hins vegar ekki um nægilegan vafa að ræða beri að líta á hann sem sjónarmið til lækkunar sekta.

OHF heldur því fram að sum hinna meintu brota hafi verið afleiðing af vanrækslu og/eða gáleysi félagsins. OHF vísar til fyrri umfjöllunar félagsins og fullyrðir að samstarf olíufélaganna hafi að mörgu leyti verið „*komið á og skipulagt af íslenskum stjórnvöldum og hafði svo verið um áratugaskeið. Veruleikinn og viðskiptaumhverfið hafði verið með allt öðru sniði um allanga hríð og samskipti og kunningsskapur starfsmanna rötgróinn. Þegar samkeppnislög tóku gildi 1. mars 1993 voru margir gamlir samningar í gildi og þeir rúlluðu bara áfram án þess að sérstaklega væri hugað að þeim. Samkeppnisréttur innleiddi nýja hugsun í íslenska lögfræði og er mjög sérhæft og tæknilegt réttarsvið og lögin eru með þeim matskenndari sem heimila stjórnvaldssektir. Ómögulegt var fyrir starfsmenn umbj. okkar að átta sig á því hvaða grundvallarbreytingar höfðu átt sér stað á starfsumhverfi olíufélaganna. Það verður að meta það þeim til vanrækslu og gáleysis að hafa ekki gætt betur að samskiptum sínum eftir að samkeppnislög tóku gildi, sérstaklega þegar litið er til þess hvernig*

---

<sup>2475</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í *Amnio Acids Cartel* málinu [2003] 5 CMLR 12: „*It must also be observed that a concerted increase in prices has an even more deleterious effect on a market that is already oligopolistic. Such a structure is an objective economic factor likely to attenuate the effects of competition between producers. Conduct on the part of undertakings ... definitively reduces competition even further, particularly where there is price-fixing. Consequently, the applicants cannot rely on the oligopolistic nature of the market to justify their assertion that the infringement had no actual effect on the market*“

*staðið var að kynningu laganna, sbr. kafla VII. Þegar þetta er skoðað af skynsemi má færa sterk rök fyrir því að þetta lækkunarsjónarmið beri að hafa í huga, sérstaklega hvað varðar meint brot sem áttu sér stað fyrstu árin eftir gildistöku samkeppnislaga.“*

Á öðrum stað í andmælum OHF er nánar gerð grein fyrir því sem félagið telur vera sögulegan aðdraganda brota olíufélaganna. Telur OHF að hafa verði þær skýringar í huga þegar alvarleiki meintra brota sé metinn. Nefnir OHF dæmi um það hvernig „aðkoma ríkisvaldsins tvinnuði olíufélögin þrjú saman og atti þeim til samstarfs í stað þess að leyfa frjálsri samkeppni að þrífast.“ Í þessu sambandi vísar OHF fyrst til lagaákvæða um jöfnun á flutningskostnaði olíu sem hafi að mati félagsins útilokað verðsamkeppni fram yfir gildistöku samkeppnislaga. OHF vísar einnig til vöruskipta milli Íslands og Sovétríkjanna sem hafi byrjað 1953. Frá þeim tíma til 1992 hafi viðskiptaráðuneytið gert samning um kaup á öllu eldsneyti með einum samningi hverju sinni fyrir Íslands hönd. Samningurinn hafi síðan verið framseldur til olíufélaganna og þeim gert að skipta innkaupum sína á milli í samræmi við markaðshlutdeild. Jafnframt er bent á að verðákvæðanir hafi lotið eftirliti verðlagsyfirvalda sem hafi ákveðið hámarksverð og lágmarksverð á flestum tegundum eldsneytis. Með þessu móti hafi olíufélagunum verið skömmtuð álagning og þau hafi vegna afskipta verðlagsyfirvalda þurft að hittast reglulega. Fullyrðir OHF að þessi afskipti ríkisins hafi mótað þá fyrirtækjamenningu sem síðar eimdi eftir og hafi birst í því að starfsmenn félaganna hafi átt meiri samskipti en ella hefði verið. OHF heldur því einnig fram að ríkið hafi átt frumkvæði að því að viðskiptum við ÍSAL og Kísiliðjuna hafi verið skipt milli olíufélaganna og við gildistöku samkeppnislaga hafi ríkið ekkert gert til að stuðla að því að koma því ástandi sem það hafi sjálft komið á í lögmætt horf. Einnig er nefnt að samningur olíufélaganna vegna SR-mjöls og samstarf í birgðamálum eigi rót sína að rekja til hins opinbera. OHF fjallar einnig um samráð olíufélaganna vegna erlendra skipa. Segir félagið að erlend olíufélög hafi gengið mjög hart að íslenska markaðnum og hafi nánast mátt kalla það sjóræningjaaðferðir. Hafi olíufélögin ekki átt annars úrkosti en bregðast við þessu og því hafið samstarf um sölu til erlendra skipa. Segir OHF að telja verði víst „að ákvörðun um þetta mál byggðist á sjálfstæðisbaráttu forystumanna olíufélaganna fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, sem höfðu kjark og þor til að verjast erlendum áhrifum en kepptust ekki að komast undir erlent vald á tímum verslunarfrelsis.“

Í athugasemdum OHF er það áréttað að áratuga löng afskipti yfirvalda hafi gert virka samkeppni á olíumarkaðnum ómögulega. Samskipti félaganna og starfsmanna þeirra hafi mótast af þessu umhverfi og gert það að verkum að menn hafi talað saman reglulega um ýmislegt það sem hafi verið að gerast í þessum viðskiptum. Með samkeppnislögunum hafi blaðinu algerlega verið snúið við. Lögin hafi gjörbreytt starfsumhverfi fyrirtækjanna og lýst háttsemi ólögmæta sem hafi verið lögleg um áratugaskeið. Ekki sé nóg að yfirvöld hafi vitað af þessu ástandi heldur hafi þau stuðlað beinlínis að því. Að óathuguðu máli hefði mátt ætla að umfangsmikil kynning

hefði átt sér stað á samkeppnislögum í tengslum við gildistöku segir OHF. Svo ótrúlegt sem það virðist hafi kynningin hins vegar verið sama og engin. Nefnir OHF til samanburðar nýlega kynningu Fjármálaeftirlitsins á tilteknum lögum sem að mati félagsins hafi verið fullnægjandi.

OHF vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 37/2003. Vísar félagið til eftirfarandi ummæla í dómnum: „*Að þessu athuguðu verður ekki fallist á þau rök héraðsdóms að það eigi að leiða til lækkunar sekta að viðhorf, sem samkeppnislög byggja á, séu ný af nálinni ...*“. Segir OHF að mikilvægt sé að benda á að ofangreind ummæli hafi miðast við atvik annars máls þar sem bæði atvik voru ólík og aðrar röksemdir færðar fram í málinu en í þessu máli. „*Vissulega voru þau viðhorf sem samkeppnislögin byggðu á ný af nálinni. Lögin eru byggð á hagfræðilegum tilgátum og úrlausn mála samkvæmt þeim ræðst að miklu leyti af hagfræðilegri greiningu sem erfitt er að sjá fyrir. Jafnvel reyndir lögfræðingar eru enn í mikilli óvissu um inntak laganna enda byggja íslensk samkeppnisyfirvöld túlkun sína mjög á framkvæmd erlendra samkeppnisyfirvalda. ... Eins og tilvitnuð orð Hæstaréttar bera með sér dugir þetta eitt og sér þó ekki til þess að lækka beri sektir. Meira þarf til að koma. Í þessu máli er sú staða uppi að ríkisvaldið sjálft hefur komið á fót samstarfi og samskiptum milli fyrirtækjanna. Atvik málsins eru því í grundvallaratriðum frábrugðin atvikum máls þess sem tilvitnaður dómur Hæstaréttar féll í. Eru þessi ummæli í dómnum ekki því til fyrirstöðu að litið verði til framangreindra atriða í málinu. Að öðrum kosti væri um mjög hættulegt fordæmi að ræða sem gæfi ríkinu heimild til þess að skapa ástand og gera afleiðingar þess síðan refsivert með lögum, án þess að ríkið gerði atvinnulífinu sjálft góða grein fyrir þeim umbyltingum á viðskiptaumhverfinu sem það stæði fyrir. Þessi atriði sem rakin hafa verið í þessum kafla ber því hiklaust að skoða umbj. okkar í hag, komi til viðurlagaákvörðunar. Visast um það m.a. til almennra sjónarmiða refsiréttarins.“*

OHF bendir einnig á að þótt háttsemi félagsins hafi í einhverjum tilvikum brotið í bága við 10. gr. samkeppnislaga með samkomulagi við hin olíufélögin verði að hafa í huga að samkomulagið hafi ekki alltaf verið framkvæmt. OHF nefnir sem dæmi samkomulag vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins í október 1996 og meint samkomulag vegna verðkönnunar í tengslum við fyrirhugaða magnesíumverksmiðju. Á öðrum stað í andmælum sínum vísar OHF til þess að Olís og Skeljungur hafi átt í margskonar samstarfi sem félagið hafi hvergi komið nærri og jafnvel ekki starfað á þeim markaði sem um var að ræða. Segir OHF að mikilvægt sé að greina þessi brot hinna félaganna frá meintum brotum OHF. Það sé grundvallaratriði í refsirétti að ekki sé unnt að refsa sakborningi fyrir brot annars aðila sem hann eigi engan þátt í. Aðeins sé unnt að beita 52. gr. samkeppnislaga gagnvart félaginu vegna þeirra tilvika þegar OHF hafi haft samráð með öðrum fyrirtækjum. OHF bendir í þessu sambandi í dæmaskyni á eftirfarandi meint samráð Olís og Skeljungs sem félagið kveðst ekki hafa tekið þátt í:

- Útboð Flugleiða 1994.

- Útboð Vegagerðarinnar 1994–2001.
- Útboð Flugfélags Íslands 1998.
- Samráð um veitingu afsláttar til björgunarbátsins á Ísafirði.
- Samráð vegna Sterling European og Arrow Air.
- Samráð Olís og Orkunnar um að lækka ekki verð í september 1998.
- Samráð Olís og Skeljungs vegna erlendra viðskiptavina í september 2000.
- Samráð Olís og Skeljungs vegna afsláttar til Lögmannafélags Íslands í október 2000.
- Deilur Olís og Skeljungs í nóvember/desember 2000 í tengslum við innkaup á eldsneyti.
- Samráð Olís og Skeljungs vegna White Spirit, sbr. m.a. atvik í júlí 2001.
- Markaðsskipting Olís og Skeljungs í Neskaupstað.
- Samningur Olís og Skeljungs vegna olíuviðskipta við skipið Svein Benediktsson.

### 2.3.2. Sjónarmið Skeljungs

Í athugasemdum Skeljungs er bent á ýmis atriði sem að mati félagsins eiga að sýna að samstarf OHF og Olís hafi verið umtalsvert meira en samstarf Skeljungs við hin félögin. Er þessari umfjöllun ætlað að styðja það mat félagsins að engar forsendur séu til þess að leggja þyngri viðurlög á Skeljung en hugsanlega á Olís og OHF. Kemur þessi umfjöllun fram í þeim kafla andmæla Skeljungs sem fjallar um mögulega lækun á sektum vegna aðstoðar við að upplýsa málið, sbr. kafla X 7 hér á eftir. Að mati samkeppnisráðs er hins vegar eðlilegt að fjalla um þessi sjónarmið Skeljungs í þessum kafla því ef það er rétt hjá félaginu að þátttaka þess í samráðinu hafi verið mun minni en Olís og OHF kann það að horfa til lækkunar sekta.

Til stuðnings framangreindu bendir Skeljungur á að samstarf OHF og Olís hafi verið náði í gegnum tíðina. Félögin hafi verið bundin eignatengslum allt það tímabil sem rannsókn Samkeppnisstofnunar tekur til og hafi staðið sameiginlega að innkaupum á olíuvörum. Einnig reki félögin saman fyrirtækið ODR sem annist geymslu og dreifingu olíuvara. OHF og Olís hafi með þessu samstarfi styrkt stöðu sína á markaðnum og samstarfið hafi hlotið blessun samkeppnisyfirvalda, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 23/1995. Þetta samstarf keppinautanna hafi eðlilega haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu Skeljungs. Eftir stofnun ODR megi segja að Skeljungur hafi með réttu getað litið svo á að félagið væri í samkeppni við eitt gríðarlega sterkt félag. Þessi samkeppni hafi verið hörð og óvæginn. Skeljungur hafi t.d. fengið um það upplýsingar frá erlendum birgjum að OHF og Olís hafi sett það skilyrði fyrir eldsneytiskaupum að Skeljungur fengi ekki að kaupa frá sömu aðilum. Þetta séu alvarlegar samkeppnishindranir. Einnig bendir Skeljungur í þessu samhengi á samstarf OHF og Olís um geymslu og dreifingu á eldsneyti og að félagið þurfi að



greiða hlutfallslega hærri kostnað en hin félögin af olíustöð sem það rekur með ODR í Örfirsey.

Að mati Skeljungs hafi þetta aukna samstarf Olís og OHF óhjákvæmilega leitt til aukinna samskipta milli félaganna. Segir Skeljungur að samskipti félagsins við hin félögin hafi farið minnkandi eftir því sem liðið hafi á það tímabil sem Samkeppnisstofnun hafi til rannsóknar. Samskipti milli OHF og Olís virðist hins vegar hafa verið nán áfram. Nefnir Skeljungur eftirfarandi dæmi úr frumathugun II. Samkeppnisstofnunar um samstarf OHF og Olís sem Skeljungur eigi enga aðild að. Bendir Skeljungur einnig á að um virðist vera að ræða samstarf sem að hluta til hafi beinst gegn félaginu:

- Öflun og miðlun ODR á upplýsingum um Skeljung til Olís og OHF.
- Samband OHF og Olís varðandi verðlagningu á eldsneyti hafi eftir 1997 verið nánara en sambandið við Skeljung.
- Eftir 1997 hafi Skeljungur slitið samstarfi við Olís og OHF um mánaðarleg upplýsingaskipti um sölu eldsneytis en Olís og OHF hafi haldið þessu áfram.
- Skeljungur hafi ekki tekið þátt í tilteknum óeðlilegum upplýsingaskiptum milli OHF og Olís á tímabilinu frá júlí til desember 2000. Einnig hafi Skeljungur ekki tekið þátt í meintu verðsamráði um mánaðamótin október/nóvember 2000.
- Forstjóri OHF hafi á talið forstjóra Olís 4. maí 2001 fyrir að hækka ekki verð og í kjölfarið hafi Olís hækkað verð. Skeljungur hafi hins vegar ekki hækkað verð og því hafi hin félögin neyðst til þess að lækka verðið aftur.
- Sumarið 2001 hafi Olís og OHF rætt saman um viðbrögð við nýju bensíni Skeljungs.
- OHF hafi sent Olís tölvupóst 24. ágúst 2001 og hafi fylgt með honum minnisblað sem lýsti fundi félaganna um samstarf um upplýsingatæknimál á bensínstöðvum félaganna.
- Forstjórar OHF og Olís hafi hist á fundi 29. ágúst og 3. september 2001.

Telur Skeljungur þetta sýna að OHF og Olís hafi haft mun nánara samráð sín á milli um verðlagningu á eldsneyti heldur en við Skeljung. Virðist Samkeppnisstofnun þannig telja að allt frá árinu 1997 og til ársins 2001 hafi hin olíufélögin tvö haft með sér náð samráð um verðlagningu sem Skeljungur hafi að miklu leyti staðið utan við. Telur félagið að Samkeppnisstofnun beri að líta til þessa við mat á ákvörðun sekta og er félaginu fyrirmanað að skilja hvers vegna stofnunin hafi ekki fjallað frekar um þetta í frumathugun sinni.

### 2.3.3. Mat samkeppnisráðs

Varðandi framangreind sjónarmið OHF og Skeljungs bendir samkeppnisráð fyrst á að það er ekki rétt hjá OHF að brotum hafi verið hætt um leið og rannsókn

Samkeppnisstofnunar hófst þann 18. desember 2001. OHF hefur sjálft upplýst að ólögmætu samráði í Stykkishólmi hafi ekki lokið fyrr en í mars 2002, sbr. kafla VIII 4. Í október 2002 var ólögmætu samráði olíufélaganna á Raufarhöfn ekki lokið, sbr. kafla VIII 5. Samningur olíufélaganna við SR-mjöl sem leggur grunn að ólögmætu samráði félaganna vegna þeirra viðskipta er samkvæmt ákvæðum sammingsins óuppsegjanlegur til 1. október 2006, sbr. kafla VIII 6.2, og hafa olíufélögin ekki upplýst um neinar ráðstafanir til að ljúka því samráði.

Eins og bent var á í kafla X 2.2 hér að framan er talið í samkeppnisrétti að sé brot framið af ásetningi þegar viðkomandi aðila mátti vera ljóst að aðgerðum hans var ætlað að raska samkeppni. Ekki er skilyrði að viðkomandi hafi verið það ljóst að aðgerðir hans fælu í sér brot á samkeppnisreglum. Hvað sem því líður gerði samkeppnisráð grein fyrir því í nefndum kafla að olíufélagunum hafi mátt vera það ljóst að aðgerðir þeirra væru til þess fallnar að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Einnig var gerð grein fyrir skýrum dæmum sem sýna að m.a. OHF var fyllilega meðvitað um að samráð olíufélaganna var samkeppnishamlandi og ólögmætt. Visast til þessa. Samkeppnisráð getur því ekki fallist á að OHF hafi verið í efa um ólögmæti aðgerða sinna eða að brotin hafi verið afleiðing vanrækslu eða gáleysis.

Eins og samkeppnisráð gerði grein fyrir í kafla VIII 9 og 10 hefur OHF ekki lagt fram nein gögn sem styðja þá fullyrðingu að stjórnvöld hafi átt frumkvæði að því að olíufélögin skiptu með sér sölunni til ÍSAL og Kísiliðjunnar. Gögn málsins benda heldur ekki til þessa, sbr. nánari umfjöllun í nefndum köflum. Hvað sem þessu líður bendir samkeppnisráð á að við gildistöku samkeppnislaga varð markaðsskipting olíufélaganna varðandi ÍSAL og Kísiliðjuna ólögmæt. Það þarf vart að fjölyrða um það að allir íslenskir þegnar, bæði fyrirtæki og einstaklingar, þurfa að breyta hegðun sinni í samræmi við kröfur gildandi laga hverju sinni eða eiga að öðrum kosti hættu á að sæta viðurlögum. Af þessu leiðir einnig að engar málsbætur felast í þeim lögmæltu opinberu afskiptum sem voru af verðlagningu og starfsemi olíufélaga í tíð eldri laga. Við setningu samkeppnislaga mátti öllum vera ljóst, ekki síst stórfyrirtækjum með sérfræðinga í sinni þjónustu, að verðsamráð, markaðsskipting og samráð við gerð tilboða var bannað, sbr. og dóm Hæstaréttar nr. 37/2003. Í því sambandi má hafa í huga að þegar samkeppnislög tóku gildi í mars 1993 gaf Samkeppnisstofnun út kynningarit um lögin.<sup>2476</sup> Ritinu var dreift til fjölmiðla, fyrirtækja og samtaka þeirra. Hér verður einnig að líta til áður nefndrar tilkynningar Samkeppnisstofnunar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 19. maí 1993. Þar var vakin athygli á ákvæðum IV. kafla samkeppnislaga og hlutaðeigandi aðilum veittur umþóttunartími til 1. nóvember 1993 að afnema samkeppnishömlur eða óska eftir undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga. Af athugasemdum OHF er ljóst að þessi tilkynning Samkeppnisstofnunar um hið nýja lagaumhverfi fór ekki framhjá félaginu.

---

<sup>2476</sup> Samkeppni, fréttabréf nr. 1 mars 1993.

Olíufélögin nýttu sér þetta ekki heldur hertu á ólögsmætu samráði sínu, sbr. umfjöllun hér að framan. Líta ber og til þess að í júní 1993 sendi Samkeppnisstofnun olíufélagunum eintak af samkeppnislögum eftir að Félag íslenskra bifreiðaeigenda hafði sakað félögin um ólögsmætt samráð, sbr. kafla III 1. Hafa ber einnig í huga í þessu samhengi að ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti bönnuðu samráð við gerð tilboða og bann þeirra laga við verðsamráði varð virkt á olíumarkaðnum snemma á árinu 1992, sbr. kafla III 2.1. Því er ekki rétt hjá OHF að gildistaka samkeppnislaga hafi „*gjörbreytt starfsumhverfi fyrirtækjanna*“. Hins vegar var bann samkeppnislaga við markaðsskiptingu nýmæli.

Samkeppnisráð vísar hér einnig til kafla III 2.1. Þar er m.a. gerð grein fyrir því mati ráðsins að arfleifð áratuga ríkisafskipta, sem án efa hafði mikil áhrif m.a. á samskipti olíufélaganna og stjórnunarhætti meðan á afskiptunum stóð, getur ekki talist trúverðug skýring á því umfangsmikla samráði félaganna, sem nýir stjórnendur þeirra stóðu fyrir á árunum 1993–2001, eftir að lögfest hafði verið skýr stefnumörkun stjórnvalda um frelsi í viðskiptum, sem olíufélögin og heildarsamtök þeirra höfðu þrífaldlega óskað eftir.

Eins og nefnt var telur Skeljungur að samstarf OHF og Olís hafi verið umtalsvert meira en samstarf Skeljungs við hin félögin og hefur fyrirtækið tilgreint tilvik um samstarf OHF og Olís sem félagið hafi ekki átt aðild að. OHF hefur vísað til sjónarmiða úr EES/EB-samkeppnisrétti og telur á grundvelli þeirra að það hafi mildandi áhrif á hugsanleg viðurlög félagsins að samningar við hin olíufélögin hafi ekki alltaf verið framkvæmdir. OHF hefur einnig vísað til þess að Olís og Skeljungur hafi átt í margskonar samstarfi sem félagið hafi hvergi komið nærri. Segir OHF að mikilvægt sé að greina þessi brot hinna félaganna frá meintum brotum OHF. Það sé grundvallaratriði að ekki sé unnt að beita félagið viðurlögum fyrir brot annars aðila sem það á engan þátt í.

Við mat á þessum sjónarmiðum OHF og Skeljungs vísar samkeppnisráð fyrst til þess að í kafla III er gerð grein fyrir því hvað felst í samfelldu samráði í skilningi samkeppnisréttarins og að brot olíufélaganna í þessu máli teljist til samfellds samráðs. Hér ber þó að nefna að í þeim kafla er því lýst að í samfelldu samráði felist m.a. að allir þátttakendur í brotinu beri ábyrgð á því í heild sinni án tillits til þess hvort þeir hafi tekið þátt í öllum aðgerðum tengdum því. Hefur dómstóll EB sérstaklega lýst því yfir að þetta fari ekki gegn grunnreglum um persónulega ábyrgð á brotum heldur sé í samræmi við lagahefðir í Evrópuríkjum. Dómstóllinn hefur þannig sagt að fyrirtæki sem hafi tekið þátt í samfelldu samráði með eigin aðgerðum sem fólu í sér samning eða samstilltar aðgerðir og var ætlað að stuðla að hinu samfellda samráði, sé jafnframt ábyrgt fyrir aðgerðum annarra þátttakenda í sama broti. Þetta eigi við þegar sýnt er að viðkomandi fyrirtæki vissi um aðgerðir hinna fyrirtækjanna eða að því hafi mátt vera

þetta ljóst og að fyrirtækið hafi verið tilbúið að taka þessa áhættu.<sup>2477</sup> Hins vegar getur takmörkuð þátttaka einhvers fyrirtækis í samfelldu samráði hugsanlega haft mildandi áhrif á fjárhæð sekta.

Í öðru lagi vísar samkeppnisráð til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum. Þar kemur fram að sekt brotlegs fyrirtækis geti lækkað:

- „*ef fyrirtækið hefur eingöngu átt óvirkan þátt í brotinu eða eingöngu fylgt eftir forsprakkanum,*
- *ef fyrirtækið hefur ekki í reynd framfylgt ólögætum samningum eða aðhafst á ólögætun hátt.*“

Sama orðalag er að finna í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB. Dómstólar EB hafa einnig sett fram sjónarmið sem hafa verður í huga við mat á því hvort takmörkuð þátttaka í broti eigi að leiða til lægri sekta. Hér ber þó fyrst að hafa í huga að undirréttur EB hefur bent á að ekki sé sjálfgefið að sú staðreynd að fyrirtæki, sem sannanlega hefur tekið þátt í samráði, hegðaði sér ekki í samræmi við það sem ákveðið hafi verið í samráðinu eigi að hafa mildandi áhrif.<sup>2478</sup> Hefur rétturinn og vísað til þess að fyrirtæki sem hegði sér sjálfstætt þrátt fyrir þátttöku í samráði geti einfaldlega verið að hagnýta sér samráðið í eiginhagsmunaskyni.<sup>2479</sup> Jafnframt hefur rétturinn sagt að ef fyrirtæki eigi að njóta lægri sekta vegna þessa þá verði að liggja fyrir að á þeim tíma sem þau hafi verið aðilar að ólögætum samningum hafi þau í raun ekki farið eftir samningunum með því að taka upp samkeppnishvetjandi hegðun á markaðnum.<sup>2480</sup> Framkvæmdastjórn EB hefur sagt að þessar kröfur þýði að hvert fyrirtæki fyrir sig verði að sýna fram á að það hafi með kerfisbundnum og sýnilegum hætti látið hjá líða að fara eftir samkeppnishamlandi samningum.<sup>2481</sup> Framkvæmdastjórnin hefur einnig gert grein fyrir því að frávik frá eða brot á samningum sé algengt einkenni ólögætis samráðs og af þessu leiði að einstök tilvik þar sem ekki sé farið eftir hluta af heildarsamningi eða tímabundinn skortur á

<sup>2477</sup> Dómur dómstóls EB í máli nr. C-49/92P *Commission v Anic* [1999] ECR I-4125.

<sup>2478</sup> Dómur undirréttar EB í máli nr. T-224/00 *The Amino Acids Cartel* [2003] 5 CLMR 12: „...*the fact that an undertaking which has been proved to have participated in a cartel did not behave on the market in the manner agreed with its competitors is not necessarily a matter which must be taken into account as a mitigating circumstance when determining the amount of the fine to be imposed.*“

<sup>2479</sup> Dómur undirréttar EB í máli nr. T-308/94 *Cascedes v Commission* [1998] ECR II-925: „*an undertaking which, despite colluding with its competitors follows a more or less independant policy on the market may simply be trying to exploit the cartel for its own benefit.*“

<sup>2480</sup> Dómur undirréttar EB í máli nr. T-224/00 *The Amino Acids Cartel* [2003] 5 CLMR 12: „... *it remains to be established whether the Commission was entitled to conclude that ADM could not claim ... the benefit of the mitigating circumstance that the agreements were not implemented in practice. To that end it is necessary to ascertain whether the circumstances which the applicants plead are capable of showing that during the period in which they were party to the infringing agreements they actually avoided applying them by adopting competitive conduct in the market.*“

<sup>2481</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 16. desember 2003 í *Industrial tubes* málinu, nr. COMP/38.240: „*It would therefore be necessary for each individual undertaking to show that it systematically and clearly refrained from applying the restrictive agreements.*“

framkvæmd á hluta hans beri ekki að hafa mildandi áhrif.<sup>2482</sup> Til þess að þátttaka í broti teljist vera óvirk í skilningi leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA verður hún að vera verulega takmarkaðri en þátttaka annarra.<sup>2483</sup> Sem dæmi um þetta má nefna ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 18. júlí 2001.<sup>2484</sup> Málið varðaði umfangsmikið samráð átta fyrirtækja. Samráðið fór m.a. fram á reglulegum fundum í tveimur vinnuhópum (nefndir annars vegar af fyrirtækjunum „*Top Guy*“ fundir og hins vegar „*Working Level*“ fundir). Í öðrum hópnum voru meiri háttar ákvarðanir teknir og í hinum voru þær útfærðar og framkvæmdar. Eitt fyrirtækjanna tók ekki þátt í neinum þessara funda og var þátttaka þess í brotinu talin vera óvirk og voru sektir þess lækkaðar um 40%. Aðrir þátttakendur kröfðust lækkunar á sektum á þessum grunni. Eitt fyrirtækjanna hafði ekki setið neina „*Top Guy*“ fundi og krafðist þess að sektir fyrirtækisins yrðu lækkaðar vegna takmarkaðrar þátttöku. Framkvæmdastjórnin hafnaði því þar sem fyrirtækið hefði setið „*Working Level*“ fundi og verið virkt í umræðu um verð. Þrjú önnur fyrirtæki kröfðust lækkunar þar sem þau höfðu ekki setið næstum alla fundi. Framkvæmdastjórnin hafnaði því einnig þar sem fyrirtækin höfðu samt sem áður tekið virkan þátt í samráðinu. Þessi niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar var staðfest af undirrétti EB.<sup>2485</sup>

Samkeppnisráð fær ekki séð að OHF eða Skeljungur hafi með kerfisbundnum hætti látið hjá líða að taka þátt í hinu samfellda samráði eða að samráðið hafi ekki verið framkvæmt. Þvert á móti liggur fyrir í málinu að samráð olíufélaganna var framkvæmt með skipulögðum og víðtækum hætti, sbr. m.a. kafla X 2.2. OHF og Skeljungur voru virkir þátttakendur í samráðinu og gripu bæði félögin til margvíslegra aðgerða til að tryggja framgang þess. Þegar af þessari ástæðu fæst ekki séð að það horfi til mildunar þótt í einhverjum tilvikum hafi samráðið ekki náð að fullu fram að

---

<sup>2482</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 10. desember 2003 í *Organic Peroxides* málinu, nr. COMP/37.857: „*As deviations from the agreement are a frequent feature of cartels, occasional or temporary non-implementation of certain parts of the overall agreement must not be seen as attenuating circumstances.*“

<sup>2483</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB frá 29.4.2004 í sameinuðum málum nr. m.a. T-236/01 *Tokai Carbon Co. v Commission*: „*In that regard, it has been held that the factors capable of revealing the passive role of an undertaking within a cartel include the significantly more sporadic nature of its participation in the meetings by comparison with the ordinary members of the cartel.*“

<sup>2484</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. COMP/36.490 *Graphite Electrodes*.

<sup>2485</sup> Sjá dóm frá 29.4.2004 í sameinuðum málum nr. m.a. T-236/01 *Tokai Carbon Co. v Commission*: „*As regards the role played by Tokai, SEC and Nippon, the Commission could properly distinguish that role from the role played by C/G, since the Japanese producers actually participated in numerous 'Top Guy' and 'Working Level' meetings ... Where an undertaking has, even without playing an active role, participated in one or more meetings having an anti-competitive objective, it must be regarded as having participated in the cartel unless it proves that it openly distanced itself from the unlawful collusion .... Tokai, SEC and Nippon do not claim to have openly opposed the setting-up and the implementation of the cartel.*“

ganga.<sup>2486</sup> Tilvísun OHF til útboðs dómsmálaráðuneytisins frá 1996 á hér ekki við. Í því tilviki höfðu olíufélögin samráð um gerð tilboða og framkvæmdu það samráð að fullu, sbr. kafla IV 3. Sú staðreynd að ráðuneytið hafnaði öllum tilboðum á ekki að koma olíufélögunum til góða enda gerðu þau allt sem í þeirra valdi stóð til að láta þetta samráð þeirra heppnast. Hér skiptir og máli að þótt OHF hafi ekki efnt samkomulag sitt um að skipta framlegð vegna þessara viðskipta þá átti félagið í endurteknum viðræðum við hin félögin um efndir á þessum og öðrum samkeppnishamlandi samningum. Sú hegðun gefur ekki til kynna kerfisbundnar ráðstafanir til að taka ekki þátt í samkeppnishamlandi samráði. Né felst í því samkeppnishvetjandi hegðun á markaðnum. Aðgerðum OHF í tengslum við fyrirhugaða magnesíumverksmiðju er lýst í kafla IV 8. Eins og þar kemur fram höfðu olíufélögin samráð vegna óskar undirbúningsaðila um verðtilboð á eldsneyti og ákveðið var að þessum viðskiptum yrði skipt á milli félaganna, ef af þeim yrði. Þetta kom hins vegar ekki að fullu til framkvæmda vegna þess að verksmiðjan var ekki reist. Ekki er því um það að ræða að OHF hafi tekið um það ákvörðun að framkvæma ekki þetta samráð. Ekki er að mati samkeppnisráðs að finna í málinu veigamikil tilvik þar sem olíufélögin hafa með kerfisbundnum hætti látið hjá líða að taka þátt í hinu samfellda samráði.

Eins og nefnt hefur verið vísar OHF til tilvika þar sem félagið kom ekki að tilteknu samráði og hið sama gerir Skeljungur. Samkeppnisráð bendir fyrst almennt á það að þegar litið er á atvik málsins í heild sinni er ekki unnt að líta svo á að svo verulegur munur hafi verið á brotum félaganna að hann geti falið í sér réttlætingu á lækkun sekta. Í þessu samhengi má horfa til töflunnar um ólögmet samskipti olíufélaganna á árunum 1993–2001 sem birt er í kafla III 2.2. Í töflunni er merkt við þá dagsetningu þegar félögin hafa átt einhver samskipti um verð, markaðsskiptingu eða gerð tilboða, s.s. fundi eða sendingu tölvupósta eða bréfa. Í töflunni kemur ekki fram tæmandi upptalning á þessum samskiptum. Samanlagt sýnir taflan að olíufélögin öll eða tvö þeirra hafa í 492 tilvikum átt slík ólögmet samskipti. Ef þessi samskipti eru skoðuð nánar þá kemur eftirfarandi í ljós:

- Olís, Skeljungur og OHF áttu í 274 tilvikum slík samskipti.
- Olís og Skeljungur áttu í 101 tilvikum slík samskipti.
- Olís og OHF áttu í 99 tilvikum slík samskipti.
- Skeljungur og OHF áttu í 18 tilvikum slík samskipti.

Þetta yfirlit styður ekki þá fullyrðingu Skeljungs að samstarf eða samráð Olís og OHF hafi verið umtalsvert meira en samráð Skeljungs við hin félögin, a.m.k. ekki hvað

---

<sup>2486</sup> Hér má hafa hliðsjón af dómi undirréttar EB í máli nr. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CLMR 10. Í því máli var um það að ræða að fyrirtæki höfðu gert samning um m.a. tiltekna markaðsskiptingu. Fyrir lá að eitt fyrirtækjanna hafði í ýmsum tilvikum ekki farið eftir þeim samningi. Dómstóllinn féllst á það með framkvæmdastjórninni að þetta hafi ekki átt að horfa til mildunar við ákvörðun sekta. Var í því sambandi bent á að fyrirtækið hefði ekki hætt þátttöku í samráðinu og m.a. gert tillögur um nýja markaðsskiptingu.

samráð við Olís áhrærir. Jafnframt verður að hafa í huga að Olís og Skeljungur áttu í ýmsu samráði og samstarfi sem OHF tók ekki þátt í. Má þar t.d. nefna markaðsskiptingu á Reykjavíkflugvelli og á Ísafirði og verðsamráð vegna rafgeyma og bensínbrúsa, sbr. kafla VI–VIII. Jafnframt áttu Skeljungur og Olís í samstarfi við innflutning á White Spirit og flugvélabensíni. Einnig má hér nefna bensínstöðvar sem félögin tvö ráku saman. Af yfirlitinu leiðir einnig að OHF getur ekki haldið því fram að samráð Olís og Skeljungs hafi verið umtalsvert meira en samráð OHF við hin félögin, a.m.k. ekki hvað samráð við Olís áhrærir. OHF og Olís áttu einnig í samráði sem Skeljungur tók ekki beinan þátt í. Má hér t.d. nefna markaðsskiptingu félaganna í Stykkishólmi og umfangsmeiri skipti á viðskiptaleyndarmálum, sbr. kafla VI og VIII. Einnig áttu félögin í samstarfi við innflutning á tilteknu eldsneyti og á vettvangi ODR. Jafnframt ber að hafa í huga að OHF og Skeljungur áttu í samráði sem Olís tók ekki beinan þátt í. Má vísa til markaðsskiptingar í Varmahlíð og sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur, sbr. kafla VIII.

Varðandi mismunandi þátttöku olíufélaganna í samráðinu verður að hafa í huga að slíkt er vel þekkt í samkeppnisrétti. Þannig hefur dómstóll EB í umfjöllun sinni um samfelld samráð vísað til þess að vegna eðlis viðkomandi markaða og stöðu fyrirtækja á þeim og þeirra markmiða sem að er stefnt geti þátttaka hvers og eins fyrirtækis í samfelldu samráði verið mismunandi, sbr. kafla III 1.2.3. Einnig er þekkt í samkeppnisrétti að hagsmunir fyrirtækja í samráði fara ekki alltaf saman og geta breyst frá einum tíma til annars. Jafnvel geta myndast hagsmunabandalög innan samráðs og þátttakendur leikið tveimur skjöldum. Einnig geta komið upp deilur hjá samráðsfyrirtækjum og þau jafnvel gripið til „svika“. Slíkt hefur engin áhrif á ólögmati samráðsins og ábyrgð viðkomandi fyrirtækja svo fremi sem þau halda áfram að vinna saman. Ljóst er að það gerðu olíufélögin öll.

Næst skal vikið að þeim tilvikum sem OHF og Skeljungur nefna sérstaklega til stuðnings því að þátttaka félaganna hafi verið takmarkaðri í brotinu.

OHF vísar til samráðs í tilteknum útboðum sem átt hafi sér stað án þátttöku félagsins. Samkeppnisráð bendir hér á að sýnt er fram á það í málinu að samráð Olís og Skeljungs í útboði Flugleiða 1994, Flugfélags Íslands 1998 og útboðum Vegagerðarinnar frá 1994–2001 hafi verið hluti að hinu samfellda samráði olíufélaganna, sbr. kafla IV 1.5 og 10. OHF mátti a.m.k. vera ljóst að Skeljungur og Olís myndu grípa til aðgerða í samræmi við sameiginlega stefnumörkun félaganna um samráð tengt útboðum. Jafnframt sýnir kafli IV að OHF tók virkan þátt í þessu samráði olíufélaganna og hafði jafnvel frumkvæði að slíku samráði eða skipulagði aðgerðir til þess að dylja það, sbr. kafla IV 3 og 5.2. Jafnframt var um það að ræða að OHF hafði samráð við Olís í tengslum við útboð án beinnar þátttöku Skeljungs, sbr. kafla 1.4 og 1.5. Þegar á heildina er litið telur samkeppnisráð að þátttaka olíufélaganna í þeim hluta samfellda samráðsins sem varðaði útboð sé áþekkt.

Samráð Olís og Skeljungs vegna afsláttarbeiðni aðstandenda björgunarbátsins á Ísafirði og Lögmannafélagsins var einnig hluti af samfelldu samráði olíufélaganna, sbr. kafla VI 2.5 og 5.9. Olíufélögin ákváðu að vinna saman í því skyni að minnka afslætti og OHF mátti vera ljóst að Olís og Skeljungur myndu grípa til aðgerða í því skyni. OHF tók virkan þátt í þessum hluta hins samfellda samráðs og gerði m.a. athugasemdir við afslátt keppinauta sinna, sbr. m.a. kafla VI 3.5. Þegar á heildina er litið telur samkeppnisráð að þátttaka olíufélaganna í þeim hluta samfellda samráðsins sem varðaði samstarf gegn afslætti sé áþekkt.

Varðandi verðsamráð Olís og Orkunnar í september 1998 bendir samkeppnisráð á að OHF kom að verðsamráði sem tengdist Orkunni. Í kafla VI 2.2 kemur fram að framkvæmdastjóri hjá Olís hafi greint frá viðræðum við Orkuna um verðhækkun. Sú aðgerð hafi verið háð því að OHF „*spili með*“ og segir framkvæmdastjórinn hjá Olís að ekki þýði „*lengur*“ að ræða við framkvæmdastjóra hjá OHF og leggur til að rætt verði við forstjóra OHF. Þegar á heildina er litið telur samkeppnisráð að þátttaka olíufélaganna í þeim hluta samfellda samráðsins sem varðaði almennt verðsamráð sé áþekkt.

Samráð Olís og Skeljungs vegna erlendu flugfélaganna Sterling European og Arrow Air var einnig hluti af hinu samfellda samráði, sbr. kafla VII 2.2. Hið sama gildir um samráð félaganna vegna skipsins Sveins Benediktssonar, sbr. kafla VIII 6.3. Er hér heldur ekki ástæða til að gera mun á þátttöku félaganna í þessum brotum.

Samkeppnisráð fær ekki heldur séð að það skipti verulegu máli þótt OHF hafi ekki tekið fullan þátt í samskiptum og deilum Olís og Skeljungs í september og nóvember/desember 2000, sbr. kafla VI 5.9. Þessi samskipti eru m.a. til stuðnings því að hið samfellda samráð hafi verið til staðar og þeim samskiptamáta sem leiddi af því, t.d. tíðar kvartanir vegna hvers konar aðgerða sem aukið gátu samkeppni milli félaganna. OHF greip ítrekað sjálf til slíkra aðgerða, sbr. t.d. kafla 3.9, og aðgerðir félaganna í málinu að þessu leyti eru áþekkar. Jafnframt er það ekki rétt að OHF hafi að öllu leyti staðið utan þessara atvika á árinu 2000.

Ljóst er að samkeppnisráð hefur í eftirfarandi fjórum tilvikum komist að þeirri niðurstöðu að OHF hafi ekki mátt vera ljóst um ólöglegt samráð Olís og Skeljungs:

- Verðsamráð vegna White spirit, sbr. kafla VI 6.4.
- Verðsamráð vegna bensínbrúsa og rafgeyma, sbr. kafla VI 6.4.
- Markaðsskipting á Reykjavíkflugvelli, sbr. kafla VII 3.
- Markaðsskipting á Ísafirði, sbr. kafla VIII 3.

Af þessu leiðir óhjákvæmilega að OHF ber ekki ábyrgð á þessum brotum Olís og Skeljungs. Hins vegar er það ekki sjálfgefið að það eigi að leiða til þess að gera verði



mun á sektum félaganna í málinu. Samkeppnisráð áréttar að Skeljungur tók ekki beinan þátt í markaðsskiptingu Olís og OHF í Stykkishólmi og OHF og Olís stóðu í umfangsmeiri reglubundnum skiptum á viðskiptaleyndarmálum. Olís tók t.d. ekki beinan þátt í markaðsskiptingu OHF og Skeljungs í Varmahlíð og vegna sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur. Í málinu er að finna fleiri dæmi í þessa veru. Jafnframt er ljóst að nefnd tilvik varðandi White spirit, bensínbrúsa og rafgeyma eru ekki umfangsmikil í málinu. Aðalatriðið er að mati samkeppnisráðs að þegar gögn málsins eru virt í heild sinni verður að telja brot olíufélaganna áþekk að magni og umfangi.

Til stuðnings því að samráð OHF og Olís hafi verið umfangsmeira vísar Skeljungur fyrst til þess að ODR hafi aflað og miðlað upplýsingum um Skeljung til OHF og Olís. Að mati Skeljungs hafi tilgangur þessa væntanlega verið að freista þess að fylgjast náið með hegðun félagsins á markaði til þess að ODR, OHF og Olís gætu brugðist fljótt við aðgerðum Skeljungs. Skeljungur virðist mótmæla því að hafa látið ODR í té viðskiptaleyndarmál og bendir á að einungis hafi verið um að ræða tölvupóstsamskipti milli keppinauta félagsins. Að mati Skeljungs skipti mestu máli að Olís og OHF hafi talið þörf á að nýta starfsfólk ODR til að „njósna“ um aðgerðir félagsins. Af þessu sé ljóst að upplýsinga varð ekki aflað frá Skeljungi með beinum samskiptum við starfsmenn félagsins. Samkeppnisráð bendir hér á að atvik sem lýst er í kafla VI 6.7 gefa það skýrt til kynna að OHF og Olís hafi nýtt sér ODR til aðgerða sem raska samkeppni. Það er hins vegar rangt hjá Skeljungi að þessar aðgerðir hafi allar beinst að félaginu. Í kaflanum er þannig greint frá því að ODR hafi verið nýtt til að fylgjast með aðgerðum LÍÚ í desember 2000. Hér skal rifjað upp að olíufélögin þrjú höfðu með sér samráð gegn tilraunum LÍÚ til þess að lækka verð á eldsneyti, sbr. kafla VI 5.10. ODR var hér nýtt til hagsbóta sameiginlegum aðgerðum olíufélaganna þriggja. Einnig hafði ODR það hlutverk a.m.k. í einu tilviki að miðla viðskiptaleyndarmálum sem Skeljungur hafi upplýst um til Olís og OHF, sbr. kafla VI 6.7. Þá liggur einnig fyrir að forstjóri Skeljungs sat fund hjá ODR um verðlagsmál, sbr. kafla VI 1.3. ODR var einnig nýtt af Olís til að afla upplýsinga um OHF, auk þess að afla upplýsinga um Skeljung og miðla til OHF og Olís.

Skeljungur vísar einnig til eftirfarandi ummæla í frumathugun II: „*Af framangreindu leiðir að OHF og Olís ber saman um það að olíufélögin hafi að meginreglu haft með sér samvinnu um verðlagningu á eldsneyti frá gildistöku samkeppnislaga og fram á árið 1997. Eftir þann tíma hafi olíufélögin að sögn OHF „ekki ræðst eins oft saman og áður“ um það málefni. Sambandið við Olís hafi hins vegar verið nánara en við Skeljung að þessu leyti eftir 1997 þar sem forstjóri OHF hafi að beiðni forstjóra Olís heimilað framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá OHF að upplýsa Olís um verðákvarðanir OHF áður en þær voru birtar opinberlegar.*“ Af m.a. þessu virðist Skeljungur draga þá ályktun að Samkeppnisstofnun telji að allt frá árinu 1997 til ársins 2001 hafi Olís og OHF haft með sér náið samráð um verðlagningu á eldsneyti sem Skeljungur hafi að miklu leyti staðið utan við. Samkeppnisráð bendir fyrst á að

framangreind ummæli fela í sér endursögn á framburði OHF og Olís. Hvorki Samkeppnisstofnun né samkeppnisráð hafa í málinu komist að þeirri niðurstöðu að Skeljungur hafi að verulegu leyti staðið fyrir utan verðsamráð á tímabilinu 1997–2001. Þvert á móti var Skeljungur virkur þátttakandi í því samráði, sbr. umfjöllun í kafla VI 3 til og með 6. Skeljungur lætur þess m.a. ógetið í athugasemdum sínum að eftirfarandi ummæli komu í beinu framhaldi tilvitnaðra ummæla í frumathugun II: „*Samkvæmt OHF hafi Olís eftir 1997 jafnframt gegnt vissu milliliðahlutverki milli OHF og Skeljungs. Þannig hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá OHF upplýst að honum væri kunnugt um dæmi þess að upplýsingar sem Olís fékk frá OHF um fyrirhugaðar verðbreytingar hafi borist til Skeljungs.*“

Skeljungur bendir einnig á að fram komi í frumathugun II að fram á árið 1997 hafi reglan verið sú að olíufélögin þrjú hafi skipst mánaðarlega á upplýsingum um sölu hvers annars á öllum tegundum eldsneytis. Um mitt ár 1997 hafi komið upp ágreiningur og hafi Skeljungur slitið þessu samstarfi félaganna. OHF og Olís hafi hins vegar haldið þessu áfram fram til desember 2001. Það er rétt hjá Skeljungi að félagið sleit þessu reglubundna samstarfi við OHF og Olís á árinu 1997. Hér verður hins vegar að horfa til þess að Skeljungur hélt eftir sem áður áfram tilteknu samstarfi á þessu sviði. Eins og fram kemur í kafla VI 6.6 hélt Skeljungur áfram reglubundnum upplýsingaskiptum við OHF og Olís um sölu á svartolíu. Skiptust félögin í því samstarfi bæði á upplýsingum um raunverulega sölu og áætlaða sölu sem jafnvel var sundurliðuð eftir dögum. Jafnframt er ljóst að Skeljungur hélt áfram reglubundnum upplýsingaskiptum við Olís um sölu á flugvélabensíni. Einnig kemur fram í kafla VI 6.6 að olíufélögin þrjú skiptust á upplýsingum um 98 oktana bensín á árunum 1999 og 2000. Í júlí 2001 var innan Skeljungs farið yfir sölutölur olíufélaganna fyrir tímabilið janúar til maí 2001. Einnig tók Skeljungur þátt í ýmsum öðrum upplýsingaskiptum eftir 1997, sbr. kafla VI 3–8. Samkvæmt þessu hætti Skeljungur ekki öllum ólögðum upplýsingaskiptum á árinu 1997.

Skeljungur bendir á önnur atvik sem eiga að sýna mikil samskipti milli OHF og Olís sem félagið hafi ekki tekið þátt í. Vísar Skeljungur til óeðlilegra upplýsingaskipta milli Olís og OHF á tímabilinu frá júlí til desember 2000. Jafnframt segir Skeljungur að félagið hafi ekki tekið þátt í verðsamráði í byrjun nóvember 2000 og í maí 2001. Einnig vísar Skeljungur til samvinnu Olís og OHF vegna innflutnings Skeljungs á nýrri tegund af bensíni. Skeljungur bendir og á samskipti Olís og OHF um upplýsingatæknimál á bensínstöðvum félaganna sumarið 2001. Samkeppnisráð vísar hér fyrst til yfirlitsins í kafla III 2.2. Þar kemur fram að Skeljungur átti í umtalsverðum ólögðum samskiptum við bæði OHF og Olís á tímabilinu júlí–desember 2000. Nefna má dæmi úr kafla VI 5.9 og 5.10. Þannig var í júlí 2000 sagt frá því hjá Olís að Skeljungur hefði veitt tiltekna viðskiptalegar upplýsingar. Í september 2000 taldi Skeljungur öruggt að Olís myndi hafa samband vegna verðbreytinga á eldsneyti. Í sama mánuði gerði Skeljungur athugasemd við tiltekna

samkeppni frá Olís. Í október 2000 höfðu Skeljungur og Olís samráð vegna beiðni Lögmannafélagsins um afslátt. Í nóvember 2000 kvaðst starfsmaður OHF ætla að hafa samband við Skeljung vegna afsláttarmála. Í nóvember 2000 veittu OHF, Olís og Skeljungur hvert öðru upplýsingar um sölu á 98 oktana bensíni og ræddu um aðgerðir í því skyni að takmarka framboð á þessari vöru. Í desember 2000 höfðu félögin þrjú samráð vegna tilrauna LÍÚ til að lækka verð. Samkeppnisráð bendir einnig á að í maí 2001 átti Skeljungur a.m.k. tvisvar sinnum í samskiptum við hin félögin varðandi verðlagningu á eldsneyti, í annað skiptið við Olís og í hitt skiptið við Olís og OHF. Í byrjun júní átti Skeljungur í slíkum samskiptum við Olís, sbr. kafla VI 6.2. Að öðru leyti vísar samkeppnisráð í heild sinni til umfjöllunar um atvik á árunum 2000 og 2001. Telur samkeppnisráð að á því tímabili hafi þátttaka olíufélaganna verið áþekkt í hinu samfellda samráði þeirra þegar á heildina er litið.

Þegar allt framangreint er virt er það mat samkeppnisráðs að ekki hafi komið fram í málinu atriði sem hafa áhrif til mildunar viðurlaga. Samkeppnisráð áréttar að litið verður framhjá samrekstri olíufélaganna á tilteknum bensínstöðvum við ákvörðun viðurlaga, sbr. kafla IX.

#### 2.4. Samanburður olíufélaganna við önnur innlend mál

Í athugasemdum Olís er á það bent að líta verði til innlendra fordæma við ákvörðun á sektum í málinu. Ef samkeppnisráð komist að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að beita veltutengdum sektum í málinu þá bendir Olís á að ekkert innlent fordæmi sé fyrir slíkum sektum.

Olís telur að dómur Hæstaréttar í máli nr. 37/2003 sé það innlenda mál sem hafi mest fordæmisgildi varðandi mögulegar sektarfjárhæðir í þessu máli. Í því máli hafi því verið slegið föstu að við ákvörðun viðurlaga beri fyrst og fremst að líta til þess hversu alvarleg brot séu og þess skaða sem þau hafi valdið. Þá skuli litið til stærðar hinna brotlegu fyrirtækja, þess tíma sem brot hafi varað og huglægrar afstöðu stjórnenda. Olís telur útilokað að halda því fram að sú háttsemi sem er til umfjöllunar í þessu máli sé alvarlegri en þau atvik sem nefndur dómur Hæstaréttar taki til. Olís telur önnur sjónarmið ekki geta leitt til þess að þyngri sektir verði ákvarðaðar í þessu máli en í ofangreindu máli. Með vísan til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnarsýslulaga beri því að gæta samræmis við ákvörðun sekta.

Í athugasemdum OHF er bent á að á þeim ellefu árum sem samkeppnislög hafa verið í gildi á Íslandi hafi samkeppnisyfirvöld ekki ýkja oft haft afskipti af fyrirtækjum vegna meints samráðs þeirra. Einungis í fimm málum af þeim 448 málum sem komið hafa til kasta samkeppnisráðs hafi sektarheimild 52. gr. verið beitt að því er félagið komist næst. Þrjú málanna varði brot á bannákvæði 11. gr. um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í ákvörðun nr. 28/2001 hafi samkeppnisráð talið hæfilegt að leggja á 400 þúsund króna sekt. Í ákvörðun nr. 40/2001 hafi samkeppnisráð sektað aðila um 25

millj. króna. Hæstiréttur hafi talið rétt að sekta um 12 millj. kr., sbr. dóm réttarins í máli nr. 323/2003. Loks hafi samkeppnisráð talið að rétt væri að sekta um 40 millj. kr. í ákvörðun sinni nr. 34/2001. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi komist að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum nr. 2/2002 að hæfileg sekt væri 10 millj. króna. Eitt málið hafi varðað brot gegn 12. gr. samkeppnislaga og hafi aðila málsins verið ákvörðuð 3,5 millj. króna sekt, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004.

Þótt ofangreind mál séu, að mati OHF, ekki samanburðarhæf við mál það sem hér er til umfjöllunar nema að takmörkuðu leyti gefi þau glögga mynd af því hvernig samkeppnisráð hafi beitt sektarheimild 52. gr., þá sjaldan ráðið hafi talið ástæðu til þess að beita sektum. Svo virðist sem ekki hafi verið gætt hófs við beitingu úrræðisins og sektir samkeppnisráðs sætt endurskoðun æðra stjórnvalds og dómstóla sem talið hafi sektir ráðsins allt að fjórum sinnum of háar. Ljóst sé að ólíkur skilningur hafi verið hjá samkeppnisráði og æðra settum úrskurðaraðilum um hversu hart skuli fram ganga í sektum. Geri OHF ráð fyrir því að samkeppnisráð hafi fært vinnubrögð sín í rétt horf og að ekki þurfi að koma til frekari togstreitu um hvernig beita eigi sektarheimild 52. gr.

Það samkeppnismál sem hvað sambærilegast megi telja þessu máli verði að telja ólögmaett samráð dreifingarfyrirtækja grænmetis, svonefnt „grænmetismál“, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001. Í því máli hafi reynt á ákvæði 10. gr. samkeppnislaga og, rétt eins og í þessu máli, hafi samkeppnisyfírvöld haldið því fram að um stórfelld og alvarleg brot væri að ræða sem varað hefðu samfelld um nokkurt árabíll allt frá gildistöku samkeppnislaga. Í samræmi við mat sitt á alvarleika brotsins hafi samkeppnisráð ákveðið að sekta þrjú fyrirtæki um 40, 35 og 30 millj. króna. Mál þetta hafi farið til Hæstaréttar, sem hafi verið sammála áfrýjunarnefnd samkeppnismála, sem virðist hafa talið sektir samkeppnisráðs úr hófi enda hafi áfrýjunarnefnd/rétturinn talið hæfilegar sektir vera 25, 17, og 5 millj. króna.

OHF telji brotin í ofangreindu máli síst minna alvarleg en þau brot sem ávirðingar Samkeppnisstofnunar beinist að í frumathugunum stofnunarinnar í þessu máli, jafnvel þó öll meint brot teldust sönnuð. Því eigi ekki að beita sektarheimildinni á strangari hátt í þessu máli. Ljóst sé að Hæstiréttur hafi talið að einungis hafi verið efni til þess að beita frá sjöttungi og allt að rúmum helmingi af 40 millj. króna sektarrámmunum. Af þessu leiði að brot OHF þurfi að vera álitin tvöfalt alvarlegri en brotin í grænmetismálinu til þess að heimilt sé að nýta allan 40 millj. króna refsirámmann. Í þessu ljósi verði að telja óraunhæft að möguleg sekt OHF geti numið meira en 40 milljónum króna, jafnvel þó talið verði að formlega sektarhámarkið sé hærra en 40 milljónir króna. OHF telur rétt í þessu sambandi að minnast ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 17/2004. Þrátt fyrir að samkeppnisráð hafi talið að um margvísleg brot á samkeppnislögum hafi verið að ræða hafi ekki verið talin ástæða til þess að beita sektarheimild 52. gr. samkeppnislaga. Það mál sé að meginstefnu til sambærilegt

við þetta mál. Er þessi milda afstaða samkeppnisyfirvalda því vísbending þess að ekki eigi að beita hörðum viðurlögum í málinu, sbr. jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga.

Af ofangreindu sé ljóst að mati OHF að sektarheimild 52. gr. hafi tiltölulega sjaldan verið beitt. Þá sjaldan samkeppnisráð hafi séð ástæðu til að beita heimildinni hafi ráðið haft tilhneigingu til þess að ákvarða sektir hærri en ástæða hafi verið til. Einnig sé ljóst að enginn vafi sé á því að í samráðsmálum beri að ákvarða grunnfjárhæð sekta út frá þátttöku hvers fyrirtækis en ekki að ákvarða þeim öllum sömu sektina.

Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að fram hefur komið að ákvæði 52. gr. samkeppnislaga hafi verið nýmæli í íslenskum rétti og átt rót sína að rekja í höfuðdráttum til EES/EB-samkeppnisréttar. Ráðið telur því gagnlegt í upphafi að líta til þess hvernig fjallað hefur verið í þeim rétti um svipuð sjónarmið og OHF og Olís halda fram.

Í svonefndu Pioneer máli fyrir dómstóli EB var um það að ræða að framkvæmdastjórn EB hafði lagt sektir á fyrirtæki vegna ólögmeðs samráðs. Fyrir lá í málinu að þessar sektir voru mun hærri en framkvæmdastjórnin hafði áður lagt á í samráðsmálum. Fyrirtækin héldu því fram að þetta fæli í sér augljós brot á reglum um jafnræði. Dómstóll EB féllst ekki á þetta. Hann benti m.a. á að sektarheimild framkvæmdastjórnarinnar væri eitt þeirra tækja sem hún hefði til þess að tryggja að fyrirtæki færu að samkeppnisreglum.<sup>2487</sup> Í því sambandi væri framkvæmdastjórninni heimilt við mat á fjárhæð sekta að líta ekki aðeins til atvika viðkomandi máls heldur einnig til almennari atvika til að tryggja að sektir hafi næg varnaðaráhrif.<sup>2488</sup> Taldi dómstóllinn að framkvæmdastjórninni hafi verið heimilt að líta til þess að brot á samkeppnisreglum séu enn tiltölulega algeng vegna þess ávinnings sem sum fyrirtæki geti notið vegna þessara brota og sökum þessa hafi verið leyfilegt fyrir framkvæmdastjórnina að hækka sektir til þess að efla varnaðaráhrif þeirra.<sup>2489</sup> Í ljósi

---

<sup>2487</sup> Dómur dómstóls EB í máli nr. 100/80 *Musique Diffusion Francaise v Commission* [1983] ECR 1825. Sjá mgr. 105: „*In that connection it must be remembered that the Commission's power to impose fines on undertakings which, intentionally or negligently, commit an infringement of the provisions of Articles 85 (1) or 86 of the Treaty is one of the means conferred on the Commission in order to enable it to carry out the task of supervision conferred on it by Community law. That task certainly includes the duty to investigate and punish individual infringements, but it also encompasses the duty to pursue a general policy designed to apply, in competition matters, the principles laid down by the Treaty and to guide the conduct of undertakings in the light of those principles.*“

<sup>2488</sup> Sjá mgr. 106: „*It follows that, in assessing the gravity of an infringement for the purpose of fixing the amount of the fine, the Commission must take into consideration not only the particular circumstances of the Case but also the context in which the infringement occurs and must ensure that its action has the necessary deterrent effect, especially as regards those types of infringement which are particularly harmful to the attainment of the objectives of the Community.*“

<sup>2489</sup> Sjá mgr. 108: „*It was also open to the Commission to have regard to the fact that practices of this nature, although they were established as being unlawful at the outset of Community competition policy, are still relatively frequent on account of the profit that certain of the undertakings concerned are able to derive from them and, consequently, it was open to the Commission to consider that it was appropriate to raise the level of fines so as to reinforce their deterrent effect.*“

Þessa sé framkvæmdastjórninni ekki óheimilt að hækka sektir þrátt fyrir að lægri sektir hafi áður verið lagðar á vegna tiltekinna brota. Framkvæmdastjórninni sé ávallt heimilt að breyta fjárhæð sekta til þess að tryggja markmið samkeppnisreglna.<sup>2490</sup> Á grundvelli þessa dóms og annarra yngri dóma hafa fræðimenn dregið þá ályktun að ekki sé unnt að hnekkja sektarákvörðun framkvæmdastjórnar EB á þeim grunni að sektir í eldri sambærilegum málum hafi verið lægri.<sup>2491</sup> Sömu sjónarmið hafa komið fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB.<sup>2492</sup> Fræðimenn hafa einnig bent á að ekki sé brot á jafnræðisreglu þó framkvæmdastjórn EB leggi á sekt þrátt fyrir að ekki hafi verið lagðar á sektir í eldri málum.<sup>2493</sup> Fyrirtæki geta látið á það reyna að brotið hafi verið gegn reglum um jafnræði með því að aðrir þátttakendur í samráðinu hafi fengið lægri sekt. Í slíkum tilvikum verða viðkomandi fyrirtæki að sýna fram á að sambærileg tilvik hafi verið afgreidd með ólíkum hætti.<sup>2494</sup>

OHF og Olís virðast telja hið svonefnda grænmetismál sambærilegt þessu máli og því eigi að hafa hliðsjón af því máli við ákvörðun sekta olíufélaganna. Hvað sem almennt líður réttmæti þess að bera saman í þessu skyni einstök samkeppnismál telur samkeppnisráð ljóst að grænmetismálið og mál þetta séu með öllu ósambærileg. Kemur hér ýmislegt til.

Hér ber fyrst að líta til þess að brot olíufélaganna hefur staðið frá gildistöku samkeppnislaga til a.m.k. 18. desember 2001, eða á níunda ár. Í grænmetismálinu var sektað fyrir samráð sem átti sér stað á árunum 1995–9. Einnig er olíumarkaðurinn mun stærri en sá markaður sem grænmetismálið tók til og olíufélögin mun stærri og öflugri fyrirtæki en hin brotlegu fyrirtæki í eldra málinu. Í því sambandi ber að líta til

---

<sup>2490</sup> Sjá mgr. 109: „For the same reasons, the fact that the Commission, in the past, imposed fines of a certain level for certain types of infringement does not mean that it is estopped from raising that level within the limits indicated in Regulation No 17 if that is necessary to ensure the implementation of Community competition policy. On the contrary, the proper application of the Community competition rules requires that the Commission may at any time adjust the level of fines to the needs of that policy.“

<sup>2491</sup> Sjá t.d. Bellamy & Child, *European Community Law of Competition*, fimmta útgáfa 2001, bls. 930: „A fine cannot be challenged on the basis that fines in similar cases may have been lower.“

<sup>2492</sup> Í *Industrial Tubes* málinu vísaði eitt af fyrirtækjunum sem þátt tók í samráði til eldri ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB til stuðnings lægri sektum. Framkvæmdastjórnin benti á þetta: „... it must be noted that the Commission's practice in previous decisions does not itself serve as a legal framework for the fines imposed in competition matters, since the framework is defined solely in Regulation 17. (vísað er til dóms undirréttar EB í máli nr. T-23/99). Hence, KME's argument ... based on a previous Commission decision must be rejected.“ Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 16. desember 2003 í máli nr. COMP/38.240.

<sup>2493</sup> Sjá: C.S. Kerse, E.C. Antitrust Procedure, fjórða útgáfa 1998, bls. 317: „The fact that in some cases the Commission has not imposed any fine will not be a bar to the Commission imposing a fine on a subsequent occasion in a similar case. In *BMW*, the Court of Justice rejected the plea of certain dealers who had accepted an export ban proposed by the distributor, *BMW Belgium*, that in comparable previous situations the Commission had not imposed fines on dealers and therefore the Commission was infringing the principle of non-discrimination by fining them. The Court said: "The fact that in similar previous cases the Commission did not consider that there was a reason to impose fines on resellers as well cannot deprive it of such a power expressly granted to it by [Reg. 17] where the conditions required for the exercise thereof are satisfied.““

<sup>2494</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-143/89 *Ferriere Nord v Commission* [1995] ECR II-0917.

Þess að í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001 kemur fram að á árinu 1999 hafi heildarvelta viðkomandi fyrirtækja á heildsölumarkaðnum fyrir grænmeti, kartöflur og ávexti verið um 2,6 milljarðar króna. Ársvelta Sölufélags garðyrkjumanna var á árinu 1999 rúmlega 1.100 millj. króna (heildarvelta samstæðunnar sem Sölufélagið tilheyrði var um tveir milljarðar króna). Ársvelta Ágætis var rúmlega 1.100 millj. króna og ársvelta Mata var um 759 millj. króna. Til samanburðar má hafa í huga að heildarsala eldsneytis á árinu 2001 hjá olíufélögunum þremur nam u.þ.b. 33 milljörðum króna. Þá er ótalin heildarsala á smurolíu, gasi og öðrum vörum sem mál þetta tekur til. Ársvelta OHF á árinu 2001 var um 15,1 milljarðar króna, ársvelta Olís var 12,5 milljarðar króna og ársvelta Skeljungs var á sama tímabili 15,4 milljarðar króna. Af þessu má sjá að umrædd mál eru að þessu leyti ósambærileg.

Þar fyrir utan er mál þetta allt mun umfangsmeira og brotin víðtækari og skipulagðari heldur en í grænmetismálinu. Jafnframt ber að hafa í huga að við ákvörðun viðurlaga í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001 var tekið tillit til þess að ekki reyndist unnt vegna skorts á gögnum að leiða með viðunandi hætti í ljós þau áhrif sem samráðið hafði á verðþróun á umræddum markaði. Það er hins vegar gert í þessu máli. Einnig ber að horfa til þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði sektir á umrædd fyrirtæki í grænmetismálinu þar sem nefndin taldi færri brot sönnuð en samkeppnisráð hafði lagt til grundvallar í ákvörðun sinni. Að mati samkeppnisráðs hefur því tilvísun OHF og Olís til grænmetismálsins ekki þýðingu í þessu máli. Önnur mál sem OHF vísar til hafa að mati samkeppnisráðs heldur ekki þýðingu.

## 2.5. Niðurstaða vegna OHF, Olís og Skeljungs

Þegar horft til eðlis og umfangs brota OHF, Olís og Skeljungs og hvað þau hafa staðið lengi er það mat samkeppnisráðs að þau teljist vera mjög alvarleg. Önnur atriði sem nefnd hafa verið í þessari umfjöllun horfa til þyngingar viðurlaga og fela í sér rök fyrir því að lagðar verði á verulega háar sektir til að tryggja nægjanleg varnaðaráhrif. Ekki hafa komið fram atriði sem hafa áhrif til mildunar viðurlaga.

Í athugasemdum OHF segir að jafnvel þótt fallist yrði á þá tilgátu Samkeppnisstofnunar að um eitt brot sé að ræða þá sé ekki unnt að fallast á það að ákveðin verði ein grunnfjárhæð sekta í málinu sem hugsanleg lækkun vegna samstarfs miði við. Segir OHF að skoða verði þátt hvers aðila að meintu broti sjálfstætt og ákvarða honum viðurlög í samræmi við áhrif hans á markaðnum. Til stuðnings þessu vísar OHF til ummæla í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum. Skiljanlegt sé að Samkeppnisstofnun hafi farið þá leið að slá því föstu að olíufélögin þrjú beri jafna ábyrgð á meintum brotum enda flæki það málið eflaust að þurfa að kanna ábyrgð hvers félags fyrir sig. Segir OHF að það leysi þó samkeppnisyfyrvöld ekki undan þeirri skyldu að rannsaka málið til hlítar, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga, og ákvarða sektir í samræmi við ábyrgð hvers og eins.

Samkeppnisráð vísar hér fyrst til þess að í umræddum leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA segir eftirfarandi:

*„Ef brotið varðar mörg fyrirtæki (til dæmis ólögmætt samráð fyrirtækja) getur í ákveðnum tilvikum reynst nauðsynlegt að leggja misháar sektir innan hvers flokks til að taka mið af ákveðnu vægi og þar með raunverulegum áhrifum af ólögmætu athæfi hvers fyrirtækis á samkeppnina, einkum þegar um er að ræða verulegan stærðarmun á fyrirtækjum sem fremja samskonar brot.“<sup>2495</sup>*

Sömu ummæli er að finna í samskonar leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB. Við mat á því í EES/EB-samkeppnisrétti hvort gera skuli mun á fyrirtækjum í þessum skilningi er yfirleitt horft til stærðar viðkomandi fyrirtækja. Ef verulegur stærðarmunur er á fyrirtækjum er þeim oftast skipt í flokka eftir stærð. Dæmi er um að fyrirtækjum sé þannig skipt í stór fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki. Lögð er hærri sekt á stærri fyrirtækin til að tryggja nægjanleg varnaðaráhrif og lægri sekt á minni fyrirtækjum.<sup>2496</sup> Til þess að gera þennan mun á fyrirtækjum verður að vera umtalsverður munur á stærð fyrirtækja (e. *considerable disparity between the sizes of the undertakings*).<sup>2497</sup> Ef þátttakendur í samráði eru hins vegar áþekkir að stærð er þessi munur ekki gerður.<sup>2498</sup> Að mati samkeppnisráðs er ekki sá munur á stærð eða stöðu olúfélaganna þriggja á markaðnum, þ.e. OHF, Skeljungs og Olís, að eðlilegt sé sökum þessa að leggja misháar sektir á félögin til að tryggja nauðsynleg varnaðaráhrif.

## 2.6. Þáttur Orkunnar

Gögn málsins sýna að Orkan var að hluta til þátttakandi í samráði olúfélaganna um verðlagningu bifreiðaeldsneytis. Hér skal rifjað upp að Skeljungur stofnaði á árinu 1995 ásamt eignarhaldsfélögum Hagkaupa og Bónuss félagið Bensínorkuna ehf. (Orkan). Orkan opnaði fyrstu sjálfsafgreiðslustöðvar sínar í nóvember 1995. Félagið rekur nú ellefu stöðvar í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Akureyri, Selfossi og Hveragerði.

Sönnuð brot Orkunnar eru eftirfarandi:

<sup>2495</sup> Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES, 2003/EES/3/02. Birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB 16.1.2003.

<sup>2496</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *Belgian Beer Cartel* málinu [2004] 4 CMLR 2. Í því máli höfðu tvö fyrirtæki með sér tiltekið samráð. Í umfjöllun um sektir benti framkvæmdastjórnin á að annað fyrirtækið hefði 55% markaðshlutdeild en hitt um 15% hlutdeild. Grunnfjárhæð sektar á stærra fyrirtækið var ákveðin 65.25 millj. evrur en 36.25 millj. evrur á minna fyrirtækið.

<sup>2497</sup> Sjá dóm undirréttar EB í máli nr. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CLMR 10.

<sup>2498</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 8.12.1999 í máli nr. COMP/35.860 *Seamless steel tubes*. Í því máli taldi framkvæmdastjórnin ekki ástæðu til að gera þennan greinarmun þar sem allir þátttakendurnir í samráðinu voru stór fyrirtæki: „*All the firms covered by this decision are large firms. There is therefore no need to differentiate between the amounts adopted.*“ Þessi nálgun framkvæmdastjórnarinnar var staðfest með dómi undirréttar EB frá 8.7.2004 í máli nr. T-44/00.



- Verðsamráð í nóvember 1995, sbr. og atvik í október 1996. Sjá kafla VI 1.3.
- Verðsamráð í janúar og febrúar 1997, sbr. kafla VI 2.2.
- Verðsamráð í ágúst 1997, sbr. kafla VI 2.3.
- Verðsamráð í september 1998, sbr. kafla VI 3.6.
- Verðsamráð í september 1999, sbr. kafla VI 4.5.
- Verðsamráð í janúar 2000, sbr. kafla VI 5.1.
- Verðsamráð í mars 2000, sbr. kafla VI 5.8.
- Verðsamráð í maí 2001, sbr. kafla VI 6.2.

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að brot Orkunnar eru í eðli sínu alvarleg, enda lúta þau að samráði um verð á mikilvægum markaði. Vísast hér til framangreindra almennra sjónarmið um eldsneytismarkaðinn. Orkan er ekki innflytjandi á eldsneyti heldur kaupir félagið eldsneyti af Skeljungu. Á árinu 2000 nam verðmæti heildarsölu félagsins á bifreiðaeldsneyti (án virðisaukaskatts) um [...] milljónum króna, um [...] milljónum króna árið 2001 og um [...] milljónum króna árið 2002. Á árinu 2001 var hlutdeild félagsins um [...] % í sölu á bifreiðaeldsneyti en um [...] % á heildarmarkaðnum fyrir fljótandi eldsneyti.

Um var að ræða samfelld brot félagsins sem stóðu frá nóvember 1995 til a.m.k. maí 2001. Ljóst er hins vegar að brot Orkunnar voru mun takmarkaðri en brot OHF, Olís og Skeljungs.

Með bréfum, dags. 22. maí 2003, var Orkunni og Skeljungu tilkynnt að gögn málsins virtust gefa til kynna að Orkan hafi verið þátttakandi að hluta í samráði olíufélaganna. Skeljungur átti í upphafi 1/3 í Orkunni. Í janúar 2000 keypti Skeljungur öll hlutabréf Baugs hf. í Orkunni. Eftir kaupin átti Skeljungur 2/3 hluta í Orkunni og Þor hf. þriðjung. Frá og með 1. nóvember 2001 hefur Skeljungur átt 80% af hlutafé Orkunnar. Eftir janúar 2000 teljast Skeljungur og Orkan til fyrirtækjasamstæðu í skilningi samkeppnislaga, sbr. 4. gr. laganna og þágildandi 1. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Skeljungu og Orkunni var gerð grein fyrir þessu mati Samkeppnisstofnunar í bréfunum frá 22. maí 2003. Með vísan til þessara eignatengsla kom eftirfarandi fram í bréfi Samkeppnisstofnunar: „Í ljósi framangreinds og verði ekki gerð við það athugasemd mun Samkeppnisstofnun hér eftir líta svo á að Skeljungur fari með fyrirsvar fyrir Bensínorkuna í þessu máli.“ Hvorki Orkan né Skeljungur hafa gert athugasemd við þetta atriði. Var frumathugun II því birt Gesti Jónssyni hrl. f.h. Skeljungs og Orkunnar, sbr. bréf Samkeppnisstofnunar frá 5. desember 2003.

Í bréfi Skeljungs til Samkeppnisstofnunar frá 13. júní 2003 er fjallað um eignatengsl félagsins við Orkuna og ábyrgð á meintum brotum þess félags. Var bréf þetta svar við

bréfi Samkeppnisstofnunar frá 22. maí 2003. Kemur eftirfarandi fram í bréfi Skeljungs:

*„Í áðurnefndu bréfi yðar var því sem fyrr segir lýst að svo virtist sem Skeljungur hf bæri ábyrgð að lögum á meintum brotum Bensínorkunnar ehf gegn ákvæðum samkeppnislaga. Virðist sú ályktun dregin af því að Skeljungur hf og Bensínorkan ehf. hafi frá árinu 2000 talist til fyrirtækjasamstæðu í skilningi samkeppnislaga. Ekki verður hins vegar séð að ályktun Samkeppnisstofnunar um hugsanlega ábyrgð umbj. m. í þessu sambandi sé bundin við það tímamark þegar umbj. m. eignaðist meirihluta hlutafjár í Bensínorkunni ehf. Umbj. m. vill af þessu tilefni koma á framfæri mótmælum við þessa túlkun stofnunarinnar. Umbj. m. varð meirihlutaeigandi í Bensínorkunni ehf áramótin 1999/2000 er eignarhlutur hans jókst úr 1/3 í 2/3. Frá og með 1. nóvember 2001 hefur umbj. m. átt 80% af heildarhlutafé félagsins. Umbj. m. er því óljóst hver ábyrgð hans getur verið á meintum brotum Bensínorkunnar ehf. á árunum 1995–2000. Áskilinn er réttur til að koma að frekari mótmælum ef niðurstaða frumathugunar stofnunarinnar gefur tilefni til þess.“*

Í frumathugun II var gerð grein fyrir meintum brotum Orkunnar. Jafnframt var gerð grein fyrir því að til álita gæti komið í málinu að leggja stjórnvaldssekt á Orkuna eða Skeljung vegna brota Orkunnar. Ekki er fjallað um þessi atriði í andmælum Skeljungs.

Unnt er í samkeppnisrétti að leggja sekt á móðurfyrirtæki vegna brota dótturfyrirtækis, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001. Í ljósi framangreindra sjónarmiða Skeljungs mun samkeppnisráð hins vegar leggja sekt á Orkuna í þessu máli.

### **3. Lagaskil**

#### **3.1. Sjónarmið OHF um að hámarkssekt sé 40 millj. króna**

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er fjallað um núgildandi 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga. Er því haldið fram að það ákvæði sé hagstæðara fyrir félagið og beri að beita því eingöngu um þau meintu brot sem gerðust fyrir gildistöku laga nr. 107/2000 sem breyttu 52. gr. samkeppnislaga. OHF telur að ef orðalag núgildandi 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga sé skoðað „kemur í ljós að mistök hafa verið gerð því það gengur ekki upp rökfræðilega. Samkvæmt orðanna hljóðan geta sektir verið að lágmarki 50 þúsund krónur en að hámarki annars vegar 40 milljón krónur og hins vegar einnig allt að 10% af veltu. Ef svo er raunin hefur 40 milljón kr. þakið engan tilgang því 10% af veltu getur alltaf farið upp fyrir 40 milljónir. Ákvæðið gengi því rökfræðilega upp ef orðalagið „til 40 millj. kr.“ væri afmáð úr textanum. Rökréttara virðist í þessu sambandi að skilja ákvæðið svo að 40 milljónir séu þakið en það lækki

*hins vegar niður í 10% af ársveltu ef hún er minni en 40 milljónir. Til að hið síðastgreinda gangi upp þarf hins vegar að afmá orðalagið „eða meira“ úr textanum. Í raun er hér um að ræða mjög torskilinn og illa saminn texta sem hægt er að skilja á tvönnan hátt. Annars vegar þannig að orðalagið „til 40 millj. kr.“ hafi verið sett inn í textann af algeru tilefnisleysi og sé ofaukið í textanum. Hins vegar að orðunum „eða meira“ sé ofaukið. Það ræðst af lögskýringarsjónarmiðum hvorn skýringarkostinn ber að velja. Þegar um íþyngjandi sektarákvæði er að ræða eins og í þessu máli gætir vissra sérsjónarmiða og almennt er talið að velja verði þann skýringarkost sem er sakborningi til hagsbóta.“*

Heldur OHF því fram að það sé bæði fráleitt og villandi að skýra umrætt ákvæði þannig að sektarþakið geti verið hærra en 40 milljónir króna. Það sé einnig skynsamleg niðurstaða í ljósi þess að 40 millj. króna sekt gæti hæglega riðið litlum fyrirtækjum að fullu. Telur OHF því ljóst að ekki sé heimilt að leggja hærri sektir á félagið en sem nemur 40 millj. króna fyrir þau brot sem áttu sér stað fyrir gildistöku laga nr. 107/2000. Verði ekki fallist á þetta segir OHF að sektir geti numið allt að 10% af ársveltu takist Samkeppnisstofnun að sanna að meintur ávinningur af meintum brotum hafi numið meira en 40 millj. króna.

Samkeppnisráð bendir hér á að í núgildandi 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga kemur fram að sektir geti numið frá 50 þús. kr. til 40 millj. króna eða meira en sektir skulu þó ekki vera hærri en sem nemur 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Í þessu ákvæði felst að tvær reglur gilda um hámark sekta samkvæmt 52. gr. laganna, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögmeitt samráð innan Lögmannafélags Íslands*. Annars vegar er unnt að leggja á sektir allt að 40 millj. króna án tillits til veltu viðkomandi aðila. Ef sekt er hins vegar hærri en 40 millj. króna gildir veltuhámarkið og má þá sekt ekki vera hærri en 10% af heildarveltu síðasta almanaksárs áður en ákvörðun er tekin í málinu. Ákvæði 52. gr. laganna sækir að þessu leyti fyrirmynd til sambærilegra sektarákvæða í EES/EB-samkeppnisrétti.<sup>2499</sup> Hafa þau sektarákvæði verið túlkuð með þessum sama hætti.<sup>2500</sup> Túlkun OHF á núgildandi 52. gr. samkeppnislaga á því ekki við rök að styðjast.

---

<sup>2499</sup> Í 2. mgr. 15. gr. bókunar 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls segir: „Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um 1 000 til 1 000 000 evrópskar mynteiningar (ECU) eða meira, en sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 10% af veltu ...“ Efnislega samhljóða ákvæði var að finna í 2. mgr. 15. reglugerðar EB ráðsins nr. 17/62.

<sup>2500</sup> Sjá t.d. bls. 763 í *Competition Law of the European Community eftir Van Bael & Bellis* (þriðja útgáfa): „According to art. 15(2) of Regulation 17/62, the Commission may impose fines ranging from ECU 1,000 to ECU 1m, irrespective of the turnover of the company concerned. However, for fines in excess of ECU 1m it is provided in the same article that they may not exceed 10 per cent of the turnover in the preceding business year ...“

3.2. Sjónarmið oliufélaganna um að beita beri eldra ákvæði 52. gr. samkeppnislaga  
Fram til gildistöku laga nr. 107/2000, þann 6. desember 2000, sagði í 52. gr. samkeppnislaga að sektir geti numið allt að 10% af veltu sl. almanaksárs af þeirri starfsemi sem í hlut á hjá viðkomandi fyrirtæki ef sannanlegur ábati þess af broti hafi numið hærri fjárhæð en 40 milljónum króna. Samkvæmt nógildandi 52. gr. samkeppnislaga geta sektir numið allt að 10% af veltu viðkomandi fyrirtækis. Við ákvörðun sekta samkvæmt ákvæðinu skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/2002. Unnt er í málinu að beita nógildandi 52. gr. samkeppnislaga um atvik sem átt hafa sér stað eftir 6. desember 2000. Hins vegar er álitamál hvaða reglu ber að beita um atvik sem gerðust fyrir 6. desember 2000. Er rétt að víkja að þessu.

Í athugasemdum Olís er því haldið fram að yrði niðurstaða samkeppnisráðs sú að um einhverskonar rýmkað brot væri að ræða, þ.e. að hin meintu tilvik yrðu metin sem eitt brot, telur Olís að sektarákvörðun yrði að fara samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga eins og hún var orðuð fyrir gildistöku laga nr. 107/2000 ella væri brotið gegn 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í 69. grein sé skýrlega mælt fyrir um að viðurlög megi ekki vera þyngri en heimiluð voru í lögum þegar háttsemin átti sér stað. Sektarákvörðun vegna meintra brota Olís sem áttu sér stað fyrir 6. desember 2000 geti því ekki numið hærri fjárhæð en 40 milljónum króna nema sannað sé að ábatinn hafi numið hærri fjárhæð. Slík sönnun liggi ekki fyrir.

Í athugasemdum Skeljungs kemur fram að frumathugun Samkeppnisstofnunar taki til tímabilsins frá því samkeppnislögin öðluðust gildi þann 1. mars 1993 og þar til húsrannsókn var gerð í starfsstöðvum félaganna 18. desember 2001. Á umræddu tímabili hafi heimildin til þess að leggja veltutengdar sektir á fyrirtæki vegna sannaðra brota gegn samkeppnislögum lengst af verið bundin við sönnun ávinnings af brotunum og að brotið hafi valdið skaða. Þetta eigi við um tímabilið frá 1. mars 1993 til 6. desember 2000 þegar lagaskil hafi orðið. Veltutengdar sektir séu hins vegar hugsanlegar vegna samkeppnislagabrota, án sönnunar ávinnings eða skaða, tímabilið 6. desember 2000 til 18. desember 2001. Miðað við 360 daga ár og 30 mánaðardaga er fyrra tímabilið 2795 dagar en það síðara 372 dagar. Þegar litið sé til rannsóknartímabilsins í heild sinni séu viðurlög í formi veltutengdra sekta bundin sönnun ávinnings tæplega 89% tímabilsins. Við veltutengingu sé einungis heimilt að líta til þeirra brota sem kynnu að hafa átt sér stað frá 6. desember 2000 til 18. desember 2001. Þessu til viðbótar verði að hafa í huga að þar geti einungis komið til álita þau hugsanlegu brot sem hafi hafist á umræddu tímabili. Hugsanleg ástandsbrot, þar sem athöfnin sem skapaði ástandið hafi átt sér stað fyrir 6. desember 2000, lúti einnig eldri viðurlagareglum vegna banns við afturvirkni refsheimilda. Það séu því einungis brot, sem ættu uppruna sinn í athöfnum eftir 6. desember 2000, sem gætu

verið grundvöllur veltutengdrar sektarákvörðunar. Slíkum brotum sé ekki til að dreifa að mati Skeljungs.

Í athugasemdum OHF kemur fram að flest öll meint brot hafi verið framin fyrir 6. desember 2000. Því kunni að vera álitamál í einstaka brotum hvort beita skuli hinu nýja ákvæði eða hinu eldra. Gerð hafi verið grein fyrir því að sjónarmið refsiréttarins eigi við þegar viðurlagaákvæðum samkeppnislaga sé beitt. Af því leiði að um þau tilvik sem gerst hafi fyrir lagabreytinguna eigi við það sjónarmið refsiréttar að beita verði því ákvæði sem sé hagstæðara sakborningi um hvert það atriði sem á reyni við mat á sekt og ákvörðun viðurlaga.

Að mati samkeppnisráðs er ástæða til þess að fjalla nánar um þessar málsástæður félaganna. Verður fyrst að líta til þess að færa má fram sterk rök fyrir því að núgildandi sektarviðmið 52. gr. samkeppnislaga eigi við um brot olúfélaganna í heild sinni. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessu.

Eins og áður sagði liggur fyrir að þann 6. desember 2000 tóku gildi lög nr. 107/2000 sem m.a. breyttu 52. gr. samkeppnislaga um mat á sektum. Meirihluti brota olúfélaganna áttu sér því stað í gildistíð eldri laga og eldri sektarákvæðasjónarmiða. Álitafnið er því hvernig beri að túlka þessar lagabreytingar, hvort skipta eigi brotum félaganna í tvö tímabil þ.e. fyrir og eftir lagabreytingarnar þar sem mismunandi reglur komi til með að gilda um mat sekta fyrir hvort tímabil fyrir sig eða hvort beita beri 52. grein núgildandi laga um tímabilið í heild sinni.

Eins og áður hefur komið fram þá teljast brot olúfélaganna til samfellds samráðs eða samfelldrar brotastarfsemi.<sup>2501</sup> Eru færð nánari rök fyrir því í kafla III. Í þessu felst í raun eitt heildarbrott olúfélaganna sem hófst árið 1993 og lauk í fyrsta lagi í lok desember 2001. Að mati samkeppnisráðs er það meginregla í íslenskum rétti að þegar um er ræða atvik eða lögskipti sem hefjast í tíð eldri laga en er ólokið þegar yngri lög taka gildi þá ráðist réttaráhrif slíkra réttarsambanda af yngri lögunum.<sup>2502</sup> Samkvæmt þessu standa almenn sjónarmið til þess að núgildandi 52. gr. samkeppnislaga sé beitt um hið samfellda samráð olúfélaganna í heild sinni. Eins og fram hefur komið er það að mati samkeppnisráðs álitamál hvort ákvæði MSE gildi um stjórnvaldsákvarðanir á fyrsta stjórnarsýslustigi í samkeppnismálum. Verði ákvæði MSE talin gilda ber að líta til þess hvort sú niðurstaða að núgildandi ákvæði 52. gr. samkeppnislaga gildi um allt samfellt samráð olúfélaganna fari gegn banni 7. gr. MSE um að ekki megi „*dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar brotið var framið.*“ Samkeppnisráð telur að það myndi ekki fara gegn þessu ákvæði MSE þótt núgildandi ákvæði 52. gr. yrði

<sup>2501</sup> Í þessu máli er hugtakið samfellt samráð notað yfir brotastarfsemi olúfélaganna. Hæstiréttur notaði hinsvegar í máli nr. 37/2003 hugtakið samfelld brotastarfsemi yfir samfellt samráð fyrirtækja í grænmetisheildsölu.

<sup>2502</sup> Ármann Snævarr, Almenn lögfræði, bls. 326.

beitt um allt brot olíufélaganna. Hér skiptir höfuðmáli að olíufélögin héldu þessari brotastarfsemi sinni áfram eftir umræddar breytingar á 52. gr. samkeppnislaga. Brotastarfsemi olíufélaganna var með öðrum orðum ekki lokið á þeim tíma sem lagabreytingin átti sér stað. Þá verður og að hafa í huga að olíufélagunum var í lófa lagið að hætta hinu ólögmeta samráði sínu áður en breytingarnar á 52. gr. laganna tóku gildi. Því er ekki um að ræða ólögmeta afturvirkni í skilningi 7. gr. MSE.

Samkeppnisráð telur ástæðu til að vekja athygli á því að reynt hefur á þetta álitaefni í evrópskum samkeppnisrétti. Var það í dómi áfrýjunardómstóls Parísar frá apríl 1993.<sup>2503</sup> Málavextir voru þeir að frönskum samkeppnislögum var breytt árið 1986 og var m.a. lögleidd hækkun stjórnvaldssekta upp að 5% af veltu fyrirtækja vegna ákveðinna brota sem vörðuðu vægari sektum samkvæmt eldri rétti.<sup>2504</sup> Franska samkeppnisráðið sektaði tiltekin fyrirtæki, á grundvelli nýju laganna fyrir samkeppnislagabrot sem átti sér stað að hluta til fyrir og að hluta til eftir gildistöku nefndra breytinga á samkeppnislögum. Þeirri niðurstöðu var skotið til áfrýjunardómstóls Parísar. Fyrirtækin töldu að það lagaákvæði sem vægara væri ætti að gilda um alla brotastarfsemina og því ættu eldri lagaákvæði sem giltu fyrir lagabreytinguna 1986 að gilda um alla brotastarfsemina. Dómstólinn hafnaði því og taldi að samkeppnisráðið hefði gert rétt með því að beita nýrri lögum um brotið í heild sinni.

Samkeppnisráði er ekki kunnugt um að reynt hafi á þetta álitaefni í innlendum stjórnsýslurétti. Ráðið áréttar að viðurlög samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga teljast ekki til refsinga í skilningi íslensks réttar og reglur opinbers réttarfars og refsiréttar gilda ekki við meðferð samkeppnismála á stjórnsýslustigi, sbr. nánar kafla III 1.2.4. Hins vegar má að mati ráðsins hafa vissa fræðilega hliðsjón af reglum refsiréttar þar sem á því sviði er fyrir hendi réttarframkvæmd og túlkunarsjónarmið varðandi lagaskil og rýmkuð brot sem hafa má í huga í málinu. Er þetta og eðlilegt þar sem rýmkað brot er eðlislíkt lögfræðilegt hugtak og samfellt samráð í samkeppnisrétti.<sup>2505</sup>

Í 2. gr. hgl. kemur fram að hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur skuli dæma eftir nýrri lögum, bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu. Aldrei megi þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Í 69. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að viðurlög við refsingum megi ekki vera þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemi átti sér stað.

<sup>2503</sup> Paris, 29. apríl 1993, v. Cons. Conc. N°92-D-36.

<sup>2504</sup> Þetta sektahámark hefur nú verið hækkað í 10% af heildarveltu, sbr. lög sem tóku gildi í maí 2002.

<sup>2505</sup> Sjá nánari umfjöllun um rýmkuð brot í kafla X 1 um fyrningu. Sjá hér einnig álit Cosmas aðallögsögumanns í máli C-49/92P *Commission v Anic Partecipazioni* [2001] 4 CLMR 17. Í álitinu gerir Cosmas grein fyrir vissum fræðilegum skyldleika milli samfellds samráðs í samkeppnisrétti og tiltekinna rýmkaðra brota í refsirétti (e. *continuing infringements*).

Eins og fram hefur komið felst í samfelldu samráði að litið er á samráð sömu keppinauta sem varað hefur ákveðinn tíma og stefnt að sama markmiði sem eitt áframhaldandi brot sem allir þátttakendur bera ábyrgð á. Eins og áður sagði ber því að líta á allt brotaferli olúfélaganna frá gildistöku samkeppnislaga og a.m.k. til húsleitar samkeppnisyfirvalda 18. desember 2001 sem eitt brot. Hefur þetta þau réttaráhrif að lagabreytingar sem eiga sér stað og taka gildi á meðan samfelld samráð stendur yfir eigi við um samráðið í heild sinni sökum þess að brotinu er ekki lokið er lagabreytingin tekur gildi. Að mati ráðsins nær bann 69. gr. stjórnarskrárinnar við afturvirkni refsilaga einungis til þeirra brota sem eru fullframin á þeim tíma sem lagabreyting á sér stað. Af því leiðir að ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar eiga ekki við brotastarfsemi sem ekki var lokið á þeim tíma sem lagabreytingin átti sér stað. Í skrifum danskra fræðimanna á sviði refsiréttar kemur fram að ef saknæm háttsemi hefur að hluta átt sér stað fyrir lagabreytingu og að hluta eftir lagabreytingu þá gildi hin nýju lög um brotið í heild sinni, ef um sé að ræða samfellda brotastarfsemi.<sup>2506</sup> Í þessu ljósi verður að ætla að ekki séu gild rök í þessu máli að skipta samfelldri brotastarfsemi olúfélaganna í tvo hluta, þ.e. fyrir og eftir gildistöku laga nr. 107/2000 og að ólíkar sektarreglur skuli gilda um hvort tímabil fyrir sig, heldur eigi lög ein og þeim var breytt að gilda um brotið í heild sinni.

Samkvæmt framansögðu verður að beita núgildandi 52. gr. samkeppnislaga um allt samfelld samráð olúfélaganna í málinu. Að mati olúfélaganna telst hins vegar núgildandi ákvæði 52. gr. laganna meira íþyngjandi í þeirra garð sökum þess að samkvæmt eldra ákvæði 52. gr. var gerð krafa um sönnun ávinnings ef sekta átti umfram 40 millj. króna, en ekki er gerð slík krafa samkvæmt gildandi lögum. Samkeppnisráð bendir hér fyrst á að samkvæmt núgildandi 52. gr. samkeppnislaga er heimilt að hafa hliðsjón af ávinningi við mat á fjárhæð sekta, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2002. Hér hefur einnig þýðingu að gögn málsins gefa til kynna ólögmetan ávinning olúfélaganna og gera kleift að leggja mat á það hve mikill hann er. Í ljósi þessa og með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum olúfélaganna mun samkeppnisráð við ákvörðun viðurlaga í málinu leggja mat á sannanlegan ávinning olúfélaganna af broti þeirra gegn samkeppnislögum. Mun ráðið gera það með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í eldra ákvæði 52. gr. laganna.

---

<sup>2506</sup> Í bók sinni *Den danske Kriminalret, almindelig del* (1971), bls. 121, kemst Stephan Hurwitz svo að orði „*Er den strafbare virksomhed delvis begået før, delvis efter den ny lovs ikrafttræden, er den ny lov anvendelig på hele virksomheden, hvis den iøvrigt må betragtes som en enhedsforbrydelse...*“ Í ritinu *Kommenteret straffelov, almindelig del* (2001) eftir Greve, Jensen og Nielsen segir á bls. 111: „*Det er enighed om, at det afgørende er tidspunktet for ophøret af den strafbare virksomhed ... Er den strafbare virksomhed først ophørt, efter den nye lov er trådt i kraft, kommer den tidligere lovgivning ikke i betragtning, selvom en del af den strafbare virksomhed har fundet sted under dennes gyldighedstid*“

Hér skiptir og máli að í EES/EB-samkeppnisrétti er við álagningu sekta einnig litið til ávinnings þegar hann liggur fyrir.<sup>2507</sup> Jafnframt má hér hafa í huga þá áherslu sem OECD hefur lagt á að sektir í samráðsmálum séu hærri en ávinningur af broti, sbr. umfjöllun hér að framan. Verður fjallað um það í næsta kafla.

#### 4. Ávinningur olíufélaganna af ólögmætu samráði

##### 4.1. Inngangur

Í samkeppnislögum, öðrum íslenskum lögum eða reglugerðum er engar leiðbeiningar að finna um það hvernig meta skuli þann skaða sem samkeppnishömlur hafa valdið og þann ávinning sem þær hafa haft í för með sér fyrir viðkomandi fyrirtæki, sbr. eldra ákvæði 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga. Í athugasemdum við frumvarp til samkeppnislaga er að þessu leyti í skýringum aðeins endurtekinn fyrrgreindur texti lagagreinarinnar. Í framsöguræðu viðskiptaráðherra þann 10. september 1992 með frumvarpi til samkeppnislaga segir að við ákvörðun stjórnvaldssekta „skal tekið tillit til þess skaða sem samkeppnishömlurnar hafa valdið eða geta valdið og þess ávinnings sem þær hafa í för með sér.“ Í athugasemdum við frumvarpið segir að ákvæði 52. gr. sé sniðið eftir þeirri löggjöf sem væntanlega muni gilda innan EES og gildi í ríkjum EB. Í ákvæðum sem veita framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA heimild til að leggja á sektir er hins vegar ekki að finna samskonar orðalag um sannanlegan ábata/ávinning og var að finna í eldra ákvæði 52. gr. samkeppnislaga. Hins vegar er litið til ávinnings við mat á sektum í EES/EB-samkeppnisrétti, sbr. umfjöllun hér að framan. Réttarframkvæmd á því sviði getur því veitt hér leiðbeiningar. Í norskum og þýskum rétti eru sérstök ákvæði í lögum sem taka til ávinnings af brotum á samkeppnisreglum. Er því gagnlegt að horfa til lagaframkvæmdar í þeim ríkjum. Einnig má hér hafa nokkra leiðbeiningu af bandarískum rétti. Er rétt í upphafi að gera stutta grein fyrir sjónarmiðum úr þessum rétti.

##### 4.1.1. Bandarískur réttur

Í Bandaríkjunum eru mál vegna alvarlegra brota gegn samkeppnislögum rekin fyrir dómstólum og varða brotin refsingum en ekki stjórnvaldssektum eins og víða annars staðar. Um viðurlög í bandarískum samkeppnisrétti gilda tvær reglur. Annars vegar er um að ræða refsingar í formi sekta á fyrirtæki og fangelsis og sekta á einstaklinga á

---

<sup>2507</sup> Sjá hér 3. lið í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES. 2003/EES/3/02. Sjá hér einnig XXI. skýrslu framkvæmdastjórnar EB um samkeppnismál: „In assessing the fine, the Commission takes into account all the relevant facts of the case. The financial benefit which companies infringing the competition rules have derived from their infringements will become an increasingly important consideration. Wherever the Commission can ascertain the level of this ill-gotten gain, even if it cannot do so precisely, the calculation of the fine may have this as its starting-point. When appropriate, that amount could then be increased or decreased in the light of the other circumstances of the case, including the need to introduce an element of deterrence or penalty in the sanction imposed on the participating companies.“



grundvelli Sherman laganna<sup>2508</sup> og hins vegar refsingar í formi sekta á grundvelli annarrar refsheimildar.<sup>2509</sup>

Á grundvelli Sherman laganna var heimilt að refsa fyrir verðsamráð, samráð í tilboðsgerð og markaðsskiptingu með álagningu allt að 10 millj. bandaríkjadala sektar á fyrirtæki og sektar allt að 350 þúsund dölum og fangelsi allt að þremur árum hvað varðar einstaklinga. Í júní 2004 tóku gildi breytingar á Sherman lögnum og fólst í breytingunum þvinging á viðurlögum.<sup>2510</sup> Unnt er nú að sekta einstaklinga um allt að 1 millj. bandaríkjadala og fyrirtæki allt að 100 millj. bandaríkjadala. Allt að tíu ára fangelsisrefsing liggur nú við þessum brotum.

Á grundvelli hinnar refsheimildarinnar er unnt að leggja sektarrefsingu vegna sömu brota á fyrirtæki og er heimil sektarálagning tvöfaldur heildarhagnaður eða tvöfalt tap fórnarlambanna sem af brotinu leiðir.

Við mat á refsingum í framangreindum tilvikum ber að fara eftir refsileiðbeiningum á alríkisstigi.<sup>2511</sup> Refsileiðbeiningarnar eru settar af lögskipaðri refsinefnd<sup>2512</sup> og hafa þær m.a. það markmið að samræma refsingar í sakamálum á alríkisstigi. Dómendum ber að dæma refsingar innan þess refsiramma sem kemur fram í reglunum. Í undantekningartilvikum, ef málavextir eru slíkir að dómari telur að dæma beri refsingar utan ramma regnanna, þá er það heimilt, en ber að rökstyðja frávik frá reglunum sérstaklega.

Í nefndum refsileiðbeiningum er sérstakur kafli er varðar alvarleg samkeppnislagabrot eins og samráð við gerð tilboða, verðsamráð og markaðsskiptingu á milli keppinauta.<sup>2513</sup> Samkvæmt leiðbeiningunum ber dómendum, við mat á hæfilegri sekt á fyrirtæki, að meta ávinning fyrirtækisins af brotinu sem og þann skaða sem brotið hefur valdið. Í fyrstu er fundin út grunnsekt en hún er sú tala sem er hæst af eftirfarandi fjárhæðum:

- Fjárhæð miðuð við alvarleika brots.<sup>2514</sup>
- Ávinningur fyrirtækis af brotinu.
- Skaði sem brotið hefur valdið.

Í reglunum er vísað til þess að talið sé að meðal ávinningur fyrirtækja af verðsamráði sé 10% af söluverði vöru og ber að miða við þá tölu við mat á grunnsekt. Hvað varðar

---

<sup>2508</sup> Sherman-Act frá 1890.

<sup>2509</sup> Criminal Fines Improvements Act frá 1984, 18 U.S.C. §§3621–3624.

<sup>2510</sup> Antitrust Criminal Penalty Enhancement Act 2004.

<sup>2511</sup> 2003 Federal Sentencing Guidelines.

<sup>2512</sup> The United States Sentencing Commission.

<sup>2513</sup> Chapter 2 Part R- Antitrust Offenses.

<sup>2514</sup> Brot fyrirtækja eru flokkuð í ákveðin stig alvarleika og fer sektarfjárhæð stighækkandi eftir alvarleika brotanna.

tjón sem brotið hefur valdið ber að miða við 20% af veltu brotlegs fyrirtækis, á viðkomandi markaði.<sup>2515</sup> Í reglunum kemur fram að ástæðan fyrir því að miðað sé við ákveðið prósentuhlutfall við mat sektar sé sú að með því sparist tími sem annars færi í það að meta raunverulegan ávinning fyrirtækis og skaða samfélags af brotinu. Einnig kemur fram að ef um er að ræða mál þar sem talið er sannað að ávinningur fyrirtækis sé verulega meiri eða minni en 10% af söluverði vöru beri að taka mið af því við álagningu sekta. Grunnsektin er síðan aðlöguð samkvæmt leiðbeiningunum að teknu tilliti til stærðar þess markaðar sem brotið varðar. Eru nefnd sjö veltuþrep, frá 700 þúsund bandaríkjadöllum til meira en 100 millj. bandaríkjadala sem ber að miða við og eykst alvarleiki brots og fjárhæð sekta verulega eftir því sem markaðurinn er stærri. Hæsta sekt vegna ólöglegs samráðs sem beitt hefur verið í bandarískum samkeppnisrétti er í svonefndu vítamín máli frá 1999. Í því máli þurftu tilteknir lyfjaframleiðendur að greiða samtals rúmlega 910 milljónir bandaríkjadala í sekt.<sup>2516</sup>

#### 4.1.2. Skaðabótamál vegna brota á samkeppnisreglum EB

Framkvæmdastjórn EB lét nýlega taka saman skýrslu um skaðabótakröfur vegna brota á samkeppnisreglum EB og greiningu á hagrænum aðferðum til útreiknings á skaða.<sup>2517</sup> Þar kemur m.a. í ljós að mál af þessum toga í Evrópu hafa til þessa verið tiltölulega fátíð. Einungis í fjórum af 25 ríkjum Evrópusambandsins (þ.e. Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Bretlandi) hafi slíkar skaðabætur verið dæmdar, en auk þess væru slík mál til meðferðar í tveimur löndum (þ.e. Danmörku og Litháen). Í þessum málum hafi hagrænar aðferðir sem beitt hafi verið við útreikning almennt verið fremur einfaldar. Í löggjöf aðildarríkjanna væri í engum tilvikum mælt fyrir um hvaða aðferðum skyldi beitt við slíkt mat. Vegna þessa verði að líta svo á að talsverður sveigjanleiki gildi varðandi matsaðferðir. Matsaðferðir séu háðar löggjöf í hverju landi og ekki síst aðstæðum í hverju máli. Öllu mati á skaða sé það sameiginlegt að ávallt þurfi með einhverjum hætti að áætla eða reikna út aðstæður (s.s. verð, hagnað eða kostnað) á viðkomandi markaði án skaðlegra samkeppnishindrana. Ýmsar leiðir komi hins vegar til greina til að nálgast slíkt eðlilegt ástand. Eru í skýrslunni nefnd dæmi um fimm hugsanlegar leiðir:

1. Tímatengd aðferð, þ.e. aðstæður á markaðnum fyrir og/eða eftir samráðstímabil eru lagðar til grundvallar sem eðlilegt ástand án samráðs.

---

<sup>2515</sup> Í skýringum refsinefndarinnar segir m.a. þetta: „*In selecting a fine for an organization within the guideline fine range, the court should consider both the gain to the organization from the offense and the loss caused by the organization. It is estimated that the average gain from price-fixing is 10 percent of the selling price. The loss from price-fixing exceeds the gain because, among other things, injury is inflicted upon consumers who are unable or for other reasons do not buy the product at the higher prices. Because the loss from price-fixing exceeds the gain, subsection (d)(1) provides that 20 percent of the volume of the affected commerce is to be used in lieu of the pecuniary loss...*“

<sup>2516</sup> Sjá nánar, [http://www.usdoj.gov/atr/public/press\\_releases/2000/4494.htm](http://www.usdoj.gov/atr/public/press_releases/2000/4494.htm).

<sup>2517</sup> Skýrsla tekin saman af ráðgjafafyrirtækinu Ashurst: *Study on the conditions of claims for damages in case of infringement of EC Competition rules. Analysis of economic models for the calculation of damages*, 31 August 2004.

2. Viðmiðunaraðferð (e. *benchmark/yardstick approach*) sem felur í sér samanburð við annan skyldan markað eða sama markað á öðru landssvæði eða í öðru landi.
3. Kostnaðar- eða framlegðaraðferð sem felur í sér að afla upplýsinga um meðaltalseiningarkostnað viðkomandi vöru hjá þátttakendum í samráði og áætla eðlilegt verð við samkeppnisaðstæður með því að bæta við hæfilegri framlegð.
4. Spá um eðlilegt verð á samkeppnismarkaði, sem byggir á tölfræðilegu mati á sambandinu milli verðs og eftirspurnar- og framboðspátta, sem áhrif hafa á verð.
5. Notkun fræðilegs líkans og eftirlíkingar (e. *simulation*) af markaðnum, sem byggist á kenningum um fákeppnismarkaði og hagamælingum.

Fram kemur í skýrslunni að ekki sé um neina einhlíta aðferð að ræða í þessu sambandi og hafi allar aðferðirnar sína kosti og galla. Þá geti oft verið gagnlegt að styðjast við fleiri en eina aðferð, og geti það treyst niðurstöður rannsókna. Áhersla er lögð á að margvíslegar aðferðir komi til greina til að áætla skaða og séu þær misflóknar, allt frá notkun einfaldra stærða úr bókhaldi til flókinna tölfræðilegra líkana. Val á aðferð ráðist fyrst og fremst af aðstæðum í hverju máli og þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Auk þess að meta verðáhrif vegna samráðs þurfi við mat á skaða venjulega einnig að taka afstöðu til líklegra magnbreytinga, þ.e. hvert sölumagn hefði orðið við lægra verð miðað við eðlileg samkeppnisskilyrði. Í þessu felst að leggja þarf mat á verðteygni eftirspurnar og hugsanlega framboðs á viðkomandi markaði.

Í skýrslunni er síðan fjallað nánar um kosti og galla hinna ólíku matsaðferða. Kemur þar m.a. fram að við fyrstnefndu aðferðina, þar sem aðstæður fyrir eða eftir samráðstímabil eru notaðar sem viðmiðun til að finna „eðlilegt“ verð án áhrifa af samráði, þurfi helst að miða við meðalverð yfir alllangt tímabil, til að forðast tímabundnar sveiflur, og þar sem áhrif af samráði séu ekki til staðar. Varðandi viðmiðunaraðferðina, þar sem aðstæður á skyldum markaði eða á sama markaði í öðru landi eru lagðar til grundvallar, er bent á mikilvægi þess að aðstæður á viðmiðunarmarkaðnum séu sem líkastar þeim sem séu á þeim markaði sem til rannsókna er, t.d. að kostnaðaruppbygging sé áþekk og eftirspurnarþættir líkir, þannig að ætla megi að verðmun megi einkum rekja til áhrifa samráðsins fremur en ólíkra markaðsaðstæðna. Viðmiðunarmarkaðurinn þurfi þó að vera án áhrifa frá samráði.

Að mati samkeppnisráðs ber þó að hafa hér hugfast að það mat sem í slíkum skaðabótamálum er lagt á skaða viðkomandi aðila vegna brotlegs athæfis getur ekki talist að fullu sambærilegt við almennar viðurlagaheimildir í samkeppnislögum. Í fyrrnefnda tilvikinu veltur matið m.a. á því hvort skaðinn bitnar á þeim sem málið

höfðar, en í síðarnefnda tilvikinu hlýtur matið að vera víðtækara, þar sem um er að ræða skaða samfélagsins alls af samkeppnishömlum.

#### 4.1.3. Norskur réttur

Í 34. gr. norskra hegningarlaga er að finna ákvæði um endurkröfu ávinnings. Unnt er að beita ákvæðinu vegna brota á norskum samkeppnislögum. Ákvæði 34. gr. hefur verið beitt í einu máli sem varðaði ólögmett samráð, þ.e. með dómi héraðsdómsins í Ósló (Oslo byrett) frá 12. júlí 1994 og hæstaréttar Noregs frá 18. desember 1995 í svonefndu bylgjupappamáli. Við skoðun á því máli koma ýmsar athyglisverðar staðreyndir í ljós sem veitt geta leiðbeiningu í þessu máli. Í málinu voru fjögur fyrirtæki fundin sek um að hafa haft með sér verðsamráð á tímabilinu 1983–1990, sem braut í bága við bannreglu í þágildandi verðlagslögum,<sup>2518</sup> sbr. 52. og 53. gr. þeirra laga. Voru lagðar sektir á fyrirtækin og einnig á framkvæmdastjóra þeirra. Þá voru fyrirtækin krafín um endurgreiðslu á ávinningi (n. *vinning*) að fjárhæð samtals um átta milljónir norskra króna, á grundvelli 34. gr. hegningarlaga.

Nánar um efnisatriði málsins má m.a. nefna að verðsamráðið tengdist áframhaldandi notkun fyrirtækjanna á líkani til verðútreikninga, sem þau höfðu komið sér upp sameiginlega áður en bann við verðsamráði kom til framkvæmda og undanþága gagnvart samstarfi viðkomandi fyrirtækja var felld úr gildi frá ársbyrjun 1983. Þótt verðlagning fyrirtækjanna hafi ekki fylgt niðurstöðum úr líkaninu um viðmiðunarverð (n. *normalpris*), var litið svo á að samstarf þeirra, upplýsingaskipti o.fl., sem rekja mátti til þessa líkans, hefði haft mikil áhrif til samræmdrar verðlagningar. Notkun líkansins eftir að undanþága var dregin til baka hefði stuðlað að stöðugleika og samfellu í verðlagningu. Ekki hefði komið til verðlækkunar, eins og vænta hefði mátt í kjölfar þess að verðlagning var gefin frjáls. Þá hefði notkun líkansins stuðlað að aukinni mismunun í verðlagningu milli annars vegar smærri viðskiptavina, sem greiddu hærra verð, og hins vegar stærri kaupenda. Á umræddu tímabili hefðu verðbreytingar fyrirtækjanna átt sér stað einu sinni á ári, nánast á sama tíma og um mjög svipaðar fjárhæðir hjá öllum fyrirtækjunum. Þá lægi fyrir að framkvæmdastjórar fyrirtækjanna hefðu hist á ýmsum fundum. Hafi samstarfið birst í því að fyrirtækin virtust hafa komið sér saman um breytistærðir í nefndu líkani. Verðlag fyrirtækjanna hefði greinilega verið mjög líkt og markaðshlutdeild þeirra á tímabilinu 1982–1990 tiltölulega stöðug. Í skýrslu dómkvaddra sérfræðinga segir að hefði verið um það að ræða að virk samkeppni hefði tekið við, eftir að verðlagsákvæðum var aflétt í ársbyrjun 1983, væri nánast óhugsandi að markaðshlutdeild hefði verið svo stöðug sem raun varð á næstu árin á eftir. Leit hæstiréttur svo á að brot fyrirtækjanna á tímabilinu fælu í sér samfellt brot.

---

<sup>2518</sup> Prisloven av 26. juni 1953 nr. 4.

Varðandi mat á ávinningi segir í dómi hæstaréttar að líta verði svo á að ávinningur teljist vera mismunur á vissum tekjum og vissum kostnaði samkvæmt bókhaldi félaganna, en rétturinn skilgreindi þetta ekki nánar. Engir útreikningar á þessum stærðum hafi þó legið frammi, og gagnrýndi hæstiréttur raunar ákærvaldið fyrir að hafa aðeins lagt fram mjög takmarkaðar upplýsingar sem lúta að mati á ávinningi og sektum. Í skýrslu dómkvaddra sérfræðinga sem héraðsdómur og hæstiréttur styðjast við kemur m.a. fram að verðupplýsingar sem fyrir lágu í málinu hafi í raun verið mjög takmarkaðar. Framleiðslan væri pantanaframleiðsla, en fyrirliggjandi verðupplýsingar væru almennt ekki í samræmi við það heldur einkum um heildarveltu og framleiðslumagn í rúmmetrum, og þannig væri unnt að reikna út meðalverð á rúmmetra. Þá lögju fyrir einstaka verðlistar fyrirtækjanna fyrir staðlaða pappakassa. Einungis frá einu fyrirtæki lögju fyrir ítarlegar verðupplýsingar af þeim toga sem best ættu við í þessu máli og tækju þær aðeins til síðari hluta umrædds tímabils. Þessar upplýsingar væru þó hvað mikilvægastar, en þar kæmu m.a. fram upplýsingar um framlegð, annars vegar reiknaða framlegð samkvæmt líkaninu og hins vegar raunverulega framlegð.

Þá segir í dómi hæstaréttar að héraðsdómur hafi komist að þeirri niðurstöðu að öll fyrirtækin hafi haft ávinning af samstarfinu. Fyrirtækin hafi á hinn bóginn andmælt því og sagt að engin sönnun lægi fyrir um slíkt, að ekki væri unnt að meta umfang ávinnings á þann hátt sem héraðsdómur gerði og að ekki bæri að fallast á að fyrirtækin yrðu krafín um endurgreiðslu meints ávinnings.

Í héraðsdómnum kemur m.a. fram að rétturinn telji mjög erfitt að meta umfang þess ávinnings sem félögin hafi hlotið vegna brotlegs athæfis. Við mat á ávinningi byggir héraðsdómur annars vegar á því að dómkvaddir sérfræðingar hafi látið í ljós þá skoðun að verðhækkun eftir árið 1983 hefði orðið mun minni en raun varð á, ef afnám á undanþágu frá verðsamráði hefði leitt til almennrar samkeppni. Hins vegar er tekið tillit til staðhæfingar ákærvaldsins um að nokkrir liðir í sameiginlegu reiknilíkani félaganna hafi verið þannig ákveðnir að það leiddi til ofmats á verðhækkunarþörf samkvæmt viðmiðunarverði („normalpris“) líkansins. Í ljósi þessa krafðist ákærvaldið þess að fyrirtækin yrðu endurkrafín um ólögmetan ávinning að fjárhæð 12 milljónir norskra króna. Héraðsdómur bendir þó á að viðmiðunarverðinu hafi aðeins að hluta verið náð. Héraðsdómur áætlaði því að hæfilegt mat á ávinningi væri 8 milljónir norskra króna.

Hæstiréttur komst sömuleiðis að þeirri niðurstöðu að fyrirtækin hefðu notið ávinnings af samstarfinu og vísar m.a. til sérfræðinga sem dómstóllinn leitaði til. Segir í dómnum að þótt mikil óvissa ríki um þær stærðir sem máli skipti, sé það niðurstaðan að samstarfið hafi haft í för með sér herra verð og ávinning fyrirtækjunum til handa. Þrátt fyrir vandkvæði við að meta fjárhæðir ávinningsins, bæri að endurkrefja um hann. Hæstiréttur tekur tillit til þess að aðeins tiltölulega lítill hluti af veltu

viðkomandi fyrirtækja hafi orðið fyrir beinum áhrifum af samstarfi þeirra. Þá segir í dómnum að ávinningur væri að öllum líkindum meiri en ákærvaldið hélt fram fyrir héraðsdómi. Þar sem ákærvaldið hefði ekki áfrýjað niðurstöðu héraðsdóms varðandi endurkröfu ávinningsins, myndaði sú niðurstaða þó efri mörk þess sem hæstiréttur gæti ákvarðað. Í ljósi þessa staðfesti hæstiréttur að fyrirtækin skyldu endurkrafín um ávinning að sömu fjárhæð og héraðsdómur ákvað, þ.e. um 8 milljónir norskra króna.

Hæstiréttur leggur það til grundvallar að ávinningur hvers fyrirtækis væri tilkominn vegna sameiginlegs ólöglegs athæfis og hafi félögin því notið sameiginlegs ávinnings. Við endurköfu þessa ávinnings bæri að skipta kröfunni milli fyrirtækjanna ekki samkvæmt áætlun um ávinning hvers þeirra heldur samkvæmt áætlun sem miðaðist við veltu þeirra á umræddu tímabili, með sama hætti og héraðsdómur hefði gert.

#### 4.1.4. Þýskur réttur

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. þýskra samkeppnislaga er gert ráð fyrir því að tiltekin brot á lögnum varði sekt allt að 500 þúsund evrum og að auki fjárhæð sem nemur allt að þreföldum ávinningi sem hið brotlega fyrirtæki hlýtur vegna brotsins. Í öðrum málum getur sekt numið allt að 25 þúsund evrum.<sup>2519</sup>

Samkvæmt þeim aðferðum sem þýsk samkeppnisyfírvöld hafa fylgt er ávinningur reiknaður sem mismunur á veltu við samráð og áætlaðrar veltu sem ætla mætti að fyrirtækið hefði haft án brotsins.<sup>2520</sup> Regla um sektir sem nema allt að þreföldum ávinningi á við um ýmis brot, en hefur í framkvæmd aðeins verið beitt í samráðsmálum. Útreikningsreglan er því í raun mismunurinn á verði miðað við samráð og verði miðað við virka samkeppni margfaldað með seldu magni á samráðstímabilinu, stöku sinnum að teknu tilliti til magnáhrifa. Ekki hafa verið settar sérstakar reglur um þessa útreikninga, en framangreinda framkvæmd má ráða af þeim málum þar sem ákvæðinu hefur verið beitt. Varðandi ákvörðun samanburðarverðsins, hefur einkum tveimur aðferðum verið fylgt, annars vegar samanburður við annað tímabil utan samráðstímabils og hins vegar mat á eðlilegu verði á grundvelli upplýsinga um kostnaðarverð. Nýlega hefur í fáein skipti verið beitt hagamælingum. Langalgengasta aðferðin hefur í reynd verið sú að leggja til grundvallar verð á tímabilum utan samráðstímabils. Þá liggur fyrir að ástæðan fyrir því að sektir eru ákveðnar sem margfeldi á sannanlegum ávinningi er fyrst og fremst sú að tryggja að sektir hafi nægjanleg varnaðaráhrif.

<sup>2519</sup> Ákvæðið hljómar svo: „Die Ordnungswidrigkeit kann in den Fällen des Absatzes 1 Nr. 1, 2, 5, 6 Buchstabe a und Nr. 9 mit einer Geldbuße bis zu fünfhunderttausend Euro, über diesen Betrag hinaus bis zur dreifachen Höhe des durch die Zuwiderhandlung erlangten Mehrerlöses, in den übrigen Fällen mit einer Geldbuße bis zu fünfundzwanzigtausend Euro geahndet werden. Die Höhe des Mehrerlöses kann geschätzt werden.“

<sup>2520</sup> Sjá: <http://www.bundeskartellamt.de/>

#### 4.2. Ávinningur í skilningi samkeppnislaga

Samkeppnisráð telur að þróun í arðsemi eigin fjár eða hagnaði olíufélaganna hafi ekki ráðandi þýðingu við mat á því hvort samráð félaganna hafi skilað þeim ávinningi í skilningi eldra ákvæðis 52. gr. samkeppnislaga. Við slíkt mat ber að líta til áhrifa samkeppnishamlna á ávinning fyrirtækja og skaða samfélagsins í viðtækari skilningi. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins er gert ráð fyrir almennu mati á „ábata“ eða „ávinningi“ fyrirtækja ásamt skaða sem samkeppnishömlur hafa valdið.

Samkeppnisráð telur unnt í máli þessu að meta ávinninginn með því að líta til áhrifa hins ólögmeta samstarfs á framlegð af vörusölu og/eða álagningu. Þetta samsvarar því að horft sé til fyrsta hagnaðarmælikvarða félaganna. Athyglinni er þannig beint að þeim hagnaði sem félögin hafa úr að spila áður en tillit er tekið til þess hvernig honum er ráðstafað í breytilegan dreifingar- og rekstrarkostnað, afskriftir, fjármagnskostnað og annan fastan kostnað sem og í hreinan hagnað til eigenda félaganna. Þessi aðferð er einnig í samræmi við hið almenna orðalag um ávinning og skaða, sem var að finna í 52. gr. samkeppnislaga. Þrengri nálgun gæti ekki samrýmst markmiði laganna um að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Ella væri gert ráð fyrir því að sektarákvæði laganna næðu ekki að fullu til ólögmeats samráðs fyrirtækja, ef ávinningi af hærra vöruverði væri ráðstafað með óhagkvæmum hætti, t.d. með slökum rekstri á dreifikerfi, í óarðbærar fjárfestingar eða fjárfestingar í eignum sem hafa dulin verðmæti.

Þar sem mælt er með því í samkeppnisfræðum mun samkeppnisráð til viðbótar líta til fleiri aðferða við mat á ávinningi olíufélaganna. Telur samkeppnisráð að unnt sé m.a. að meta ávinning olíufélaganna af ólögmetri skiptisölu þeirra.


#### 4.3. Ávinningur vegna hækkunar einingaframlegðar

Hér á eftir verður lagt mat á ávinning olíufélaganna með hliðsjón af hækkun einingaframlegðar. Verður aðferðin í upphafi skilgreind fræðilega og sýnt fram á að hún er jafngild því að meta ávinning á grundvelli verðhækkana að teknu tilliti til breytinga á einingakostnaði. Þá verða nefnd nokkur dæmi þess að við stjórnun og áætlanagerð hafa olíufélögin markvisst beitt mælikvarða um einingaframlegð, en í því felast rök fyrir því að hafa þennan mælikvarða við mat á ávinningi. Í framhaldi af því verða settar fram upplýsingar um þróun einingaframlegðar í fljótandi eldsneyti hjá olíufélögunum. Á grundvelli þeirra upplýsinga verður síðan lagt mat á ávinning félaganna vegna hækkunar framlegðar eða aukinnar álagningar.

##### 4.3.1. Skilgreining

Útreikningur á ávinningi felst í því að bera saman raunverulegar aðstæður, þ.e. aðstæður þar sem samráð er til staðar, við áætlaðar aðstæður miðað við að samráð hefði ekki átt sér stað. Á eftirfarandi mynd er sýnt ímyndað dæmi um eftirspurn á

markaði, einingakostnað og mismunandi niðurstöðu um verð og magn eftir því hvort samráð er til staðar eður ei.



Hallandi línan sem merkt er E sýnir ímyndað eftirspurnarfall á markaðnum, þ.e. lýsir sambandinu milli verðs og þess magns sem neytendur vilja kaupa. Svæði A samsvarar brúttóávinningi af samráði, en það er mismunur raunverulegs verðs miðað við samráð og áætlaðs verðs án samráðs margfaldað með raunverulegu framleiðslu- eða sölumagni miðað við samráð. Þegar fyrirtæki taka upp verðsamráð og hækka verð, er líklegt að þau framleiði eða selji minna magn. Magnáhrifin ráðast þó af verðteygni eftirspurnar<sup>2521</sup> eftir viðkomandi vöru. Á myndinni er þetta auðkennt sem magn án samráðs og magn við samráð. Við fullkomna samkeppni er verð jafnt jaðarkostnaði. Að því gefnu að aðstæður á markaðnum án samráðs væru þannig að samkeppni væri engu að síður takmörkuð, eins og stundum er á fákeppnismörkuðum, myndu fyrirtækin ná fram fákeppnishagnaði, sem nemur verði umfram jaðarkostnað margfaldað með seldu magni. Þegar verð hækkar við samráð, minnkar selt magn, nema eftirspurn sé óteygjin. Við þær aðstæður sem lýst er á myndinni myndi verðmæti fákeppnishagnaðar við slíka breytingu skerðast sem nemur því sem sýnt er á skyggða svæðinu sem merkt er B. Má því líta svo á að nettóávinningur viðkomandi fyrirtækja af samráði nemi mismuninum á þessum svæðum, þ.e.  $A - B$ . Í þessu máli verður við

<sup>2521</sup> Verðteygni eftirspurnar segir til um hve næmir neytendur eða kaupendur eru fyrir breytingum á verði vörunnar. Er hún skilgreind sem hlutfallsleg breyting á eftirspurnarmagni eftir vörunni deilt með hlutfallslegri breytingu á verði. Hlutfall þetta er oftast neikvætt, þ.e. verðhækkun leiðir til minni eftirspurnar, en núll, ef eftirspurn er óteygjin. Oft er hlutfallið þó haft með jákvæðu formerki. Sem dæmi má nefna að ef eftirspurn eftir vöru minnkar um 5% við það að verð hennar hækkar um 10%, er verðteygni eftirspurnar 0,5.



mat á ávinningi byggt á þeim almennu hagfræðilegu forsendum sem lýst er hér að framan.

Ekki er ljóst hvort í þessu máli er um það að ræða að olíufélögin hafi búið við fákeppnishagnað áður en hið ólögmæta samráð þeirra hófst. Ekki liggja heldur fyrir rannsóknir hér á landi um verðteygni eftirspurnar á mörkuðum félaganna fyrir fljótandi eldsneyti. Hins vegar liggja fyrir margar erlendar rannsóknir sem gefa eindregið til kynna að verðteygni eftirspurnar eftir fljótandi eldsneyti sé mjög lítil þegar til skamms og miðlungslangs tíma er litið, þannig að verðbreytingar um fáeinar krónur á lítra hafi lítil sem engin áhrif á selt magn.<sup>2522</sup> Með hliðsjón af þessu verður hér lagt til grundvallar að ekki sé um það að ræða að verðhækkun vegna samráðs leiði til samdráttar í fákeppnishagnaði sem kynni að hafa verið til staðar áður en samráð hófst. Ávinningur olíufélaganna af samráði er m.ö.o. svæðið A á framangreindri mynd.

Ætla má að á hverjum tíma sé einingakostnaður fljótandi eldsneytis, þ.e. innkaupsverð erlendis, flutningskostnaður og verð viðkomandi gjaldmiðils, fastur og óháður magni, eins og sýnt er með láréttri línu á myndinni, enda er varan keypt á stórum erlendum mörkuðum, þar sem dæmigerðar magnbreytingar íslenskra olíufélaga hafa óveruleg áhrif á verð.

Á hinn bóginn verða miklar breytingar á einingakostnaði frá einum tíma til annars vegna sveiflna einkum á heimsmarkaðsverði á olíuvörum og gengi. Við útreikning á ávinningi yfir langt tímabil þarf því að taka tillit til þessa. Í stað þess að beina athyglinni að brúttó verði er í þessu máli talið rétt að leysa þetta viðfangsefni með því að byggja mat á ávinningi á upplýsingum olíufélaganna sjálfra um einingaframlegð, enda byggja þær á reglubundinni og ítarlegri greiningu á raunverulegu söluverði annars vegar og öllum helstu þáttum sem lúta að kostnaðarverði seldra vara hins

---

<sup>2522</sup> Í kennslubókum í hagfræði er fljótandi eldsneyti oft notað sem dæmi um vörur með óteygna eftirspurn til skamms og miðlungslangs tíma, en verðteygni kunni að aukast lítils háttar til lengri tíma lítið, við það að hátt verð á eldsneyti ýti undir breytta hegðun fólks, orkusparnað og þróun nýrra véla og búnaðar sem byggja á öðrum orkugjöfum. Það hvort um er að ræða nánar staðgönguvörur hefur afgerandi þýðingu varðandi verðteygni eftirspurnar. Svo er almennt ekki í tilviki fljótandi eldsneytis. Nefna má að fjármálaráðuneyti í hverju landi hafa yfirleitt góða vitneskju um verðteygni eftirspurnar mikilvægra vörflokka. Þannig er ljóst að mikil tilhneiging er til þess að skattleggja sérstaklega vörur sem hafa tiltölulega óteygna eftirspurn með tilliti til verðbreytinga, enda hefði minni tilgang að skattleggja sérstaklega vörur sem eru næmar fyrir verðbreytingum, þar sem slíkt leiðir til minni sölu og jafnvel takmarkaðs árangurs í skattheimtu. Ljóst er að bílabensín er skattlagt langt umfram almenna vörflokka. Þá liggur fyrir að stefnt er að því að færa skattlagningu vegna notkunar dísilknúinna ökutækja inn í verðlag á eldsneytinu. Er það því greinilega mat íslenskra stjórnvalda að verðteygni eftirspurnar eftir fljótandi eldsneyti sé lítil. Sem dæmi um erlendar rannsóknir á verðteygni eftirspurnar eftir olíuvörum má nefna: „*Price Elasticity of Demand for Crude Oil: Estimates for 23 Countries*“, John C.B. Cooper, Glasgow Caledonian University, Department of Economics, OPEC Review, Vol. 27, March 2003 og University of Calgary, Department of Economics, Discussion Paper 2004-07, „*A Literature Review of Demand Studies in World Oil Markets*“, Frank J. Atkins, University of Calgary og SM. Tayyebi Jazayeri, Petroleum Market Analysis Division, Organization of the Petroleum Exporting Countries, April 2004.

vegar. Telur samkeppnisráð að í þessu máli sé þetta traustasta leiðin til réttis mats á ávinningi, enda byggir hún á vinnulagi olíufélaganna sjálfra. Tekið skal fram að hugakið einingaframlegð, eins og því er beitt af öllum olíufélögum, er mismunur á söluverði (að frádregnum afsláttum) og öllum breytilegum kostnaði við innkaup. Má því segja að framlegð sé tæknilega séð ekki rétta hugtakið, en það orðfæri er þó notað í skýrslum allra félaganna, og verður svo einnig gert hér. Má segja að réttara væri að nota orðið álagning á einingarkostnað, því þannig er framlegð skilgreind og reiknuð af olíufélögum. Af þessu leiðir að sú aðferð sem hér verður beitt, þ.e. að meta ávinning á grundvelli breytinga á einingaframlegð, er jafngild því sem sýnt var á framangreindri mynd, að reikna ávinning út frá breytingum á söluverði að teknu tilliti til breytinga á einingakostnaði.

#### 4.3.2. Frekari rök fyrir mati á ávinningi á grundvelli breytinga á framlegð


Að mati samkeppnisráðs skiptir hér höfuðmáli að sannað er í málinu að olíufélögin ákváðu síðla árs 1996 að grípa til aðgerða í því skyni að auka framlegð félaganna af sölu eldsneytis, sbr. kafla VI 1.3.1. Var þessi samningur olíufélaganna framkvæmdur og gripu félögin frá og með árinu 1997 markvisst til ýmiskonar aðgerða til að auka framlegð. Voru í þeim tilgangi ákveðnar m.a. verðhækkanir, takmörkun á afslætti og gjaldtaka á viðskiptavini. Ítrekað er í gögnum málsins vísað til samvinnu félaganna um að efla framlegð og jafnvel kom fyrir að olíufélögin sendu hvert öðru „framlegðarkveðjur.“ Einnig var gripið til aðgerða í því skyni að auka framlegð af sölu á smurolíu og gasi. Er þessu ítarlega lýst í kafla VI. Hér skiptir og máli að á árinu 1996 áttu olíufélögin í umfangsmiklu samstarfi vegna útboða viðskiptavina þeirra og ákváðu veturinn 1996 að hafa samráð í öllum útboðum sbr. m.a. kafla IV 2. Var þetta samkomulag framkvæmt. Grunntilgangur þessa samstarfs var að verjast auknum kröfum viðskiptavina um afslátt og tryggja framlegð félaganna.

Samkvæmt þessu hafa olíufélögin haft með sér víðtækt samráð með það einkum að markmiði að auka framlegð félaganna. Liggja þannig fyrir fjölmargar heimildir sem sýna ótvírætt að samstarf og samskipti félaganna hafði einmitt þetta meginmarkmið. Felur þetta í sér mikilvæg rök til að horfa til breytinga á einingaframlegð við mat á ávinningi. Verða fyrirliggjandi upplýsingar olíufélaganna um framlegð þeirra af mikilvægustu vörutegundum og þær stærðir sem áhrif hafa á framlegð að teljast vera mjög góðar og traustur grunnur til að meta ávinning félaganna, m.a. þegar borið er saman við aðstæður í skyldum málum þar sem erlend yfirvöld hafa talið sér fært að leggja mat á áhrif samráðs á markaðinn og ávinning þátttakenda af því, sbr. t.d. fyrirnefnt bylgjupappamál í Noregi.

Hið nákvæma eftirlit sem olíufélögin sjálf hafa öll haft með þróun framlegðar í því skyni að fylgjast með árangri í rekstri styður það ennfrekar að beita þessum mælikvarða. Þannig á sú áhersla sem olíufélögin hafa í samstarfi sínu lagt á að bæta framlegð sér augljósa skýringu þegar litið er til áætlunargerðar þeirra. Er þar ýmist

litið til framlegðar af vörusölu í heild eins og hún birtist m.a. í ársreikningum félaganna, heildarframlegðar af einstökum vöruflokkum eða framlegðar á hverja einingu. Er ljóst m.a. við skoðun á fjárhags- og tekjuáætlunum félaganna að þetta eru lykilstærðir sem stöðugt hefur verið tekið mið af við stjórnun þeirra.<sup>2523</sup>

Við athugun á þróun framlegðar hjá olíufélögunum er eðlilegt að líta í upphafi til framlegðar af vörusölu í heild hjá fyrirtækjunum, eins og hún birtist í ársreikningum félaganna (móðurfélaga). Til þess að gefa til kynna raunaukningu á framlegð félaganna hafa þessar tölur á eftirfarandi mynd verið færðar til verðlags ársins 2001 miðað við vísitölu neysluverðs.



Af þessum upplýsingum er ljóst að þróun framlegðar í heild á föstu verðlagi hefur verið með áþekktum hætti hjá olíufélögunum þremur. Eftir fremur hægán vöxt fram til ársins 1997, hefur raunvirði framlegðar aukist umtalsvert ár frá ári, allt til ársins 2001. Hér skal á það minnt að frá og með árinu 1997 byrjuðu olíufélögin að hrinda í framkvæmd samráði félaganna um að hækka framlegð.

<sup>2523</sup> Sjá t.d. (1) kafla um framlegð eldsneytis í afrituðu tölvuskjali Olíufélagsins, *greinargerð 2001.doc*, um áætlanagerð OHF fyrir árið 2001, vistað á svæði: G:\allir\Bergtora\ýmislegt\stjórnarupplýsingar og eldri skjöl félagsins um árlega rekstrar- og tekjuáætlun þess; (2) skjal Skeljungs um áætlaða framlegð á árinu 2001, vistað í afrituðu tölvuskjali, *Samanb. framlegð milli ára.xls*, á svæðinu S:\Stjorendur\Stefán Karl Segatta\Hagdeild Stefán\Áætlanir\2000, aðrar áætlanir félagsins um sama efni og mánaðarlegar upplýsingar aðalbókara félagsins um framlegð einstakra vörutegunda, sbr. afritað tölvuskjal *GRIMSA.XLS*, vistað á svæði Aðalsteins Kjartanssonar; og (3) kafla um söluverð og framlegð eldsneytis í skjali Olíuverzlunar Íslands um tekjuáætlun 2002 (hs. nr. 4322) ásamt afrituðum tölvuskram Olís, *Framlegðarþróun.xls* og *framlegð eldsneytis 2001.xls*, vistað á svæði Samúels Guðmundssonar, og ýmis önnur skjöl Olís með hliðstæðu efni.

Af gögnum málsins er ljóst að við áætlanagerð og eftirlit með rekstri félaganna er leitast við að fylgjast vel með þróun framlegðar af mikilvægustu vöruflokkum. Eins og fram hefur komið tekur mál þetta einkum til sölu olíufélaganna á fljótandi eldsneyti, gasi og smurolíum, ásamt sölu á tilteknum efnavörum, s.s. white spirit, frostlegi og rúðuvökva. Miðað við árin 1999–2001 er skipting á starfsemi olíufélaganna miðað við vægi mikilvægustu vörutegunda í heildarframlegð með þeim hætti að fljótandi eldsneyti er uppistaðan í starfsemi félaganna og myndar yfirleitt á bilinu 78–82% af heildarframlegð félaganna af vörusölu. Næst mesta vægi hefur smurolía, 4–6%. Gas vegur gjarnan um 1–2% af heildarframlegð.

Auk framangreinds selja olíufélögin ýmsar bílavörur, hreinlætisvörur, matvæli, sælgæti, tóbak o.fl. Þá selja félögin einnig aðrar iðnaðar- og efnavörur, en þó í misríkum mæli. Loks skal nefnt að félögin hafa tekjur af annarri starfsemi en vörusölu, svo sem leigutekjur, umboðslaun, afgreiðslulaun, þjónustutekjur o.fl. Af því sem að framan segir er þó ljóst að þessi hliðarstarfsemi, sem rannsókn þessi tekur almennt ekki til, er tiltölulega léttvæg og vegur framlegð af henni einungis um 10–20% af heildarframlegð.

Í næstu köflum hér á eftir verður greint frá þróun einingaframlegðar olíufélaganna af fljótandi eldsneyti á árunum 1991–2001 (1993–2001 að því er Skeljung varðar), en þar kemur m.a. fram að frá árinu 1997/98 hefur einingaframlegð almennt hækkað umtalsvert að raungildi. Bent er á að þessi niðurstaða byggir algjörlega á gögnum sem stafa frá félögunum sjálfum.

Sem frekari rök fyrir því að beina athyglinni að þessum mælikvarða verða hér þó fyrst rakin nokkur önnur dæmi úr gögnum málsins sem sýna þá áherslu sem félögin lögðu á hann. Þá staðfesta þau enn frekar að félögin stefndu markvisst að því að auka einingaframlegð eða hækka álagningu. Jafnframt staðfesta gögnin að olíufélögin náðu þessu markmiði og að æðstu stjórnendum félaganna var það ljóst.

#### *OHF*

Í gögnum OHF er að finna margvíslegt talnaefni með samanburði á rekstri, framlegð, markaðshlutdeild og fleiru milli olíufélaganna. Sem dæmi má nefna upplýsingar er fram koma í töflu í tölvuskránni OLIUFEL.XLS.<sup>2524</sup> Meðal þess sem þar er að finna eru upplýsingar um það hvaða áhrif hækkun á einingaframlegð af fljótandi eldsneyti hefði á arðsemi eigin fjár hjá OHF. Í töflunni kemur fram að arðsemi eigin fjár hjá OHF var 7,7% árið 1996. Þá segir m.a.: „*Til þess að ná 10% arðsemi árið 1996 hefði framlegð á hvern seldan lítra þurft að vera [...] aurum hærri. Samkvæmt rekstraráætlun 1997 er hagnaður fyrir skatta áætlaður 610 mkr. og eftir skatta 389*

<sup>2524</sup> Afrituð tölvuskrá frá Olíufélaginu, OLIUFEL.XLS, vistuð á gagnasvæði Bjarna Bjarnasonar. Skrá þessi er 3237 línur að lengd. Það sem hér er vitnað til sérstaklega kemur fram í línunum 1636–1650.

*mkr sem er 8,8% arðsemi.<sup>2525</sup> Hagnaður fyrir skatta pr 30.6. var um 60 mkr lakari en áætlun gerir ráð [fyrir]. Ef gert er ráð fyrir að rauntölur ársins verði 60 mkr. lakari verður arðsemi árið 1997 7,7% eða nær sama og 1996. Til þess að ná 10% arðsemi árið 1997 þarf framlegð á hvern seldan lítra að vera [...] aurum hærri en áætlanir gera ráð fyrir.“*

Hliðstæðar upplýsingar koma fram í töflu sem forstjóri OHF afhenti Samkeppnisstofnun til upplýsingar á fundi hjá stofnuninni.<sup>2526</sup> Engin fyrirsögn er á töflunni, en hún sýnir þróun eftirfarandi fjárhagsstærða OHF fyrir árin 1991 til 2001, ásamt meðaltali fyrir þessi ár: Eigið fé í ársbyrjun, seldir lítrar í þús., afkoma, arðsemi eigin fjár, afkoma á seldan lítra, hagnaður af sölu eignarhluta í öðrum félögum, hagnaður nettó og nettó hagnaður á seldan lítra. Samkvæmt töflunni hefur arðsemi eigin fjár á þessu tímabili verið frá 5,3% á árinu 1991 til 11,86% á árinu 1999, en oftast á bilinu 6–8%. Kvaðst forstjórinn hafa tekið þessa töflu saman í tilefni fundar með Samkeppnisstofnun, en í fundargerð er m.a. eftirfarandi bókað um þetta efni:

*„Sagði GM<sup>2527</sup> að afkoma og arðsemi félagsins hafi verið með þeim hætti allt þetta tímabil að hún bæri ekki vott um verðsamráð oliufélaganna eða að meint samráð hafi borið einhvern árangur. Hefði arðsemin almennt verið slakari en vænst væri á hlutabréfamörkuðum. Í töflunni er einnig sýndur nettó hagnaður (þ.e. hagnaður að frádrögnum hagnaði af sölu eignarhluta) pr. seldan lítra, en á umræddu tímabili var hann að meðaltali [...] kr. Í töflunni er sýnt hver hagnaður félagsins og hagnaður pr. seldan lítra hefði þurft að vera til þess að ná 11% og 16% arðsemi. Að meðaltali hefði hagnaður pr. seldan lítra þurft að vera [...] kr. til þess að ná 11% arðsemi og [...] kr. til þess að ná 16% arðsemi.“<sup>2528</sup>*

Framangreindar upplýsingar sýna með skýrum hætti að hækkun á einingaframlegð í fljóttandi eldsneyti í krónum eða aurum talin hefur tiltölulega mikil áhrif á arðsemi eigin fjár. Þannig kemur fram að til þess að hækka arðsemi eigin fjár úr 7,7% í 10% á árinu 1996, hefði framlegð á hvern lítra aðeins þurft að vera [...] aurum hærri og samsvarandi hækkun á árinu 1997 krafðist [...] aura hækkunar á framlegð á lítra. Til þess að ná 11% arðsemi á tímabilinu 1991–2001 hefði framlegð á seldan lítra þurft að hækka um [...] eyri<sup>2529</sup> og um [...] kr.<sup>2530</sup> til þess að ná 16% arðsemi.

<sup>2525</sup> Annars staðar í töflunni kemur fram að í reynd varð arðsemi eigin fjár 6,4% hjá OHF á árinu 1997.

<sup>2526</sup> Gagn afhent af OHF. Tafla frá Geir Magnússyni.

<sup>2527</sup> Geir Magnússon forstjóri OHF.

<sup>2528</sup> Fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

<sup>2529</sup> Þ.e. hagnaður pr. seldan lítra þurfti að hækka úr [...] kr. í [...] kr.

<sup>2530</sup> Þ.e. hagnaður pr. seldan lítra þurfti að hækka úr [...] kr. í [...] kr.

Án þess að beinar tölur skuli nefndar, liggur fyrir að sambærileg sjónarmið eiga við um hin olíufélögin, þ.e. að tiltölulega lítil hækkun á einingaframlegð í fljótandi eldsneytis alls eða mikilvægum flokkum þess leiðir að öðru óbreyttu til umtalsverðrar hækkunar á arðsemi eigin fjár.

#### *Skeljungur*

Í skjali frá Skeljungu frá árinu 1995 með fyrirsögninni „*Minnisblað vegna framlegðarútreikninga*“, sem aðstoðarforstjóri félagsins er höfundur að, er vísað í meðfylgjandi línurit sem sýnir framlegð af vörusölu næstu tvö ár á undan, ásamt fyrri hluta viðkomandi árs. Á minnisblaðinu segir m.a.:

*„Eins og sjá má er framlegð af eldsneytissölu viðunandi um þessar mundir og skýrist það bæði af lækkandi verðum og falli dollars. Athyglisvert er að sjá niðursveifluna í janúar þegar Olíufélagið lækkað álagningu. Þá lækkaði framlegð af skipagasolíu verulega, en jákvæð ytri þróun er búin að skila henni í fyrra far.“<sup>2531</sup>*

Samkvæmt þessu taldi aðstoðarforstjóri Skeljungs í mars 1995 að framlegð af eldsneytissölu væri viðunandi á þeim tíma. Eins og fram kemur í kafla X 4.3.5 hefur einingaframlegð félagsins aukist verulega að raungildi frá þessum tíma. Þannig var einingaframlegð hjá Skeljungu í fljótandi eldsneyti alls [...] kr. á lítra á árinu 1995, miðað við verðlag ársins 2001, en á árinu 2001 var hún [...] kr. Á þessu tímabili hefur einingaframlegð því vaxið um [...] % að raungildi.

Í tölvugögnum Skeljungs er að finna skjal samið af aðstoðarforstjóra félagsins með fyrirsögninni „*Framlegðartölur 1998*“, sbr. kafla VI 3.3. Í upphafi skjalsins segir:

*„Samráðsnefnd olíufélaganna hefur ákveðið eftirfarandi framlegðartölur fyrir árið 1998“*

Eru síðan tilgreindar fjárhæðir um framlegð á lítra eftir eldsneytistegundum fyrir árið 1998 (áætluð framlegð), 1997 (áætluð framlegð) og október 1997 (rauntölur). Þá fylgja ýmsar skýringar á forsendum þessara talna.

Aðstoðarforstjóri Skeljungs, forstöðumaður innkaupadeildar og deildarstjóri hagdeildar hafa síðan á hverju hausti á árunum 1998–2001 tekið saman sambærilegar upplýsingar um áætlaða framlegð á komandi ári, þar sem m.a. eru tilgreindar nýjustu upplýsingar (rauntölur) um einingaframlegð á yfirstandandi ári og áætluð einingaframlegð á því næsta. Inngangsorðin eru að vísu ekki þau sem fram koma í skjalinu um framlegðartölur 1998 (þ.e. um samráðsnefnd olíufélaganna), en að öðru

<sup>2531</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu. Skjal Gunnars Karls Guðmundssonar með yfirskriftinni „*Minnisblað vegna framlegðarútreikninga*“, síðast vistað þann 15.3.1995 kl. 17:40.

leyti er efni þessara skjala áþekkt, og er þar sett fram áætlun um einingaframlegð á komandi ári og tilgreindar forsendur hennar. Í slíku skjali um áætlaða framlegð ársins 2002 er m.a. sýnd raunveruleg framlegð fyrir janúar–ágúst 2001 og áætlun fyrir árið 2002. Þar segir m.a. um framlegð á 95 okтана bensíni, sem áætlað er að verði lægri en á árinu 2001, en þá var hún [...] kr. á lítra: „*Framlegð ársins 2001 hefur verið mjög mikil vegna gengismunar og vart hægt að ætlast til þess að hún haldist*“.<sup>2532</sup> Í sambærilegu skjali frá árinu áður kom raunar fram hliðstæð athugasemd, en þar segir m.a. um áætlaða framlegð á árinu 2001: „*Framlegð á 95 okтана bensíni lækkar. Framlegð á síðasta ári var mjög mikil og vart hægt að ætlast til þess að hún haldist*“.<sup>2533</sup> Var í þessu tilviki áætlað að framlegð á lítra lækkaði úr [...] kr. á árinu 2000 í [...] kr. Í reynd varð framlegð fyrstu átta mánuði ársins 2001 [...] kr.

Snemma á árinu 2000 voru erfiðleikar í rekstri hjá SR-mjöli hf. vegna lágs afurðaverðs og höfðu forsvarsmenn félagsins m.a. samband við Skeljung vegna þess. Í tölvupósti framkvæmdastjóra markaðssviðs stórnotenda hjá Skeljungu með yfirskriftinni SR-mjöl til m.a. forstjóra félagsins er þessu máli lýst, sbr. einnig kafla VI 5.2. Segir þar að meðal þeirra úrræða sem SR-mjöl teldi koma til álita væri að lækka orkukostnað með því að félagið flytti inn lélegt afgangslýsi frá Noregi sem notað yrði til brennslu á kolmunnavertíð í stað svartolíu. Áður en fyrsti farmur yrði pantaður vildi SR-mjöl þó vita hvort Skeljungur hefði áhuga og getu til að bregðast við þessari samkeppni. Framkvæmdastjórinn gefur síðan til kynna að möguleikar séu á að bjóða SR-mjöli hagstæðari viðskiptakjör, „*en öll olíufélögin þurfi að koma að þessari ákvörðun*“. Segir síðan að svartolíusala Skeljungs í febrúar 2000 hafi að magni til verið mun minni en árið áður, en heildarframlegð af svartolíu hafi þó lítið lækkað. Þá segir:

*„Það er því ljóst að við höfum borð fyrir báru enda framlegðarstigið í nýjum hæðum og mín skoðun er sú að betra sé að selja svartolíuna þótt framlegðarstigið þurfi (tímabundið) að lækka í átt að því sem var í fyrra frekar en að horfa á þá brenna lýsi alla kolmunnavertíðina fram í nóvember. Hvernig maður svo svarar fyrir að geta lækkað svartolíuna (tímabundið) verður svo að koma í ljós en varla með öðrum rökum en þeim að við séum að seilast í vasa okkar og skerða framlegðina þeim til hagsbóta, meðan afurðaverð fyrir lýsi er svona lágt.“*<sup>2534</sup>

Framangreind orð framkvæmdastjórans hjá Skeljungu verða ekki skilin öðruvísi en svo að hann hafi talið að framlegðarstig félagsins a.m.k. í svartolíu hafi verið „*í nýjum*


<sup>2532</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu, Framlegd 2002 (031201).doc, vistað á svæði Stefáns Karls Segatta þann 3.12.2001, kl. 10:52.

<sup>2533</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungu, Framlegd 2001.doc, skrifað af Reyni A. Guðlaugssyni og vistað á svæði hagdeildar félagsins.

<sup>2534</sup> Afritaður tölvupóstur frá Skeljungu. Milli m.a. Friðriks Stefánssonar og Kristins Björnssonar, dags. 18. mars 2000 kl. 15:29, 19. mars 2000 kl. 12:18 og 14:23.

*hæðum*“ á árinu 2000, enda blasir við samkvæmt upplýsingum sem fram koma í kafla X 4.3.5 að á því ári var einingaframlegð félagsins í svartolíu ríflega [...] % hærra að raunvirði en á árinu 1993.

Í gögnum Skeljungs er að finna margvíslegar upplýsingar um sögulega þróun álagningar hjá félaginu, en álagning er fundin sem útsöluverð samkvæmt verðlista félagsins að frádregnu innkaupsverði (sem aftur ræðst af heimsmarkaðsverði og gengi), gjöldum sem leggjast á við innflutning og öðrum kostnaði. Dæmi um slíkar upplýsingar er að finna í afrituðu tölvuskjali frá Skeljungu sem nefnist *verdthroun-00-01.xls*. Eftirfarandi mynd um þróun álagningar á bifreiðaeldsneyti hjá Skeljungu á árunum 1991–2001 er teiknuð samkvæmt því talnaefni sem fram kemur í þessu skjali:



Athygli er vakin á að myndin sýnir þróun álagningar að raunvirði, þ.e. á föstu verðlagi í október 2000. Hækkunin skýrist því ekki af almennum verðhækkunum. Skylt er hins vegar að minna á að hér er ekki tekið tillit til afslátta, umboðslauna og rýrnunar.

### Olís

Í tölvugögnum Olís er að finna ýmsar upplýsingar um einingaframlegð á árunum 1991 til 2001. Meðal annars má nefna skrána „*framl 1991 1999.xls*“, en þar er m.a. sýnd framlegð í krónum á lítra á verðlagi í nóvember 2000. Kemur þar skýrt fram að veruleg aukning hafi orðið á einingaframlegð frá og með árinu 1998. Þannig hækkaði einingaframlegð á bensíni (á föstu verði) úr [...] kr. á árinu 1997 í [...] kr. á árinu 1998, [...] kr. á árinu 1999 og [...] kr. á árinu 2000 (áætl.). Veruleg hækkun varð



einnig á einingaframlegð gasolíutegunda og sömuleiðis talsverð hækkun á framlegð af svartolíu.

Í innanhússkjali frá Olís sem nefnist „*Tekjuáætlun 2002. Uppkast 1 – Vinnugögn*“ (Trúnaðarmál), sem dagsett er 12. nóvember 2001 og undirritað er m.a. af framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar koma fram ýmsar upplýsingar um framlegð eldsneytis á árunum 1993–2001. Í þessu skjali segir m.a. um þróun einingaframlegðar:

*„Meðfylgjandi línurit sýnir þróun framlegðarkröfu á verðlagi í júní 2001. Eins og yfirlitið ber með sér hefur náðst árangur í að hækka framlegð á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir að félagið haldi þeim sparnaði sem náðst hefur að semja um í innkaupum fyrir næsta ár, en ekki er gert ráð fyrir að unnt verði að verja að fullu þá framlegð sem félagið hefur haft síðustu mánuði.“*

Í töflu um tekjur og framlegð af eldsneyti, sem fylgir þessari áætlun, er m.a. sýnd framlegðarkrafa á verðlagi 2001. Þar blasir við að framlegð á 95 oktana bensíni, sem á árunum 1993–1997 var yfirleitt um [...] kr. á lítra, hækkaði á árinu 1998 í [...] kr., [...] kr. á árinu 1999 og [...] kr. á árinu 2000. Þá var áætlað að á árinu 2001 yrði hún [...] kr. á lítra. Hækkun framlegðar (á föstu verðlagi) er sérlega mikil í dísilolíu, eða úr [...] kr. á lítra á árinu 1993 í [...] kr. á árinu 2001. Raunar kemur fram hækkun að raungildi í öllum tegundum, en þó mismikil.

Í tölvuskjali frá Olís frá mars 1999 um fund með útibússtjórum<sup>2535</sup> er fjallað um ýmis markaðssvið og landsvæði sem falla undir eldsneytis- og smurolíusvið hjá félaginu. Undir fyrirsögninni „*Flugþjónusta*“ segir m.a. svo:

*„Í Keflavík reka olíufélögin 3 saman afgreiðsluþjónustu, svokallað “in to plane” fyrirtæki frá 1994 sem sér um að afgreiða viðskiptavinum félaganna. Helsta ástæða fyrir þessari samvinnu er að reyna að hámarka nýtingu fjármuna og tækjakosts en þessi þjónusta er mjög dýr miðað við það magn af eldsneyti sem hvert félag selur. Í sjálfri birgðastöðinni eru olíufélögin ásamt Flugleiðum sem eru langstærsti notandi þotueldsneytis á Íslandi. Flugleiðir flytja inn sitt eldsneyti sjálfir.“*

*Síðan 1990 hefur Olís átt í samstarfi við Texaco Aviation og eru allir viðskiptasamningar við erlenda aðila gerðir í gegnum Texaco. Við erum með um það bil [...] samninga við erlend félög í dag. Á síðustu 4 árum hefur tekist að hækka framlegð úr þessu[m] rekstri um [...]%.“*

<sup>2535</sup> Afritað tölvuskjal frá Olís sem nefnist „*fundur með utibustjórum 19 mars 1999.doc*“. Höfundur þess er Jón Halldórsson. Skjalið var síðast vistað þann 17.3.1999 kl. 18:41.

Minnt skal á að sannaður tilgangur samstarfs oliufélaganna á Keflavíkurflugvelli var að draga úr samkeppni og gefa oliufélögunum færi á að hækka verð í sölu á eldsneyti til erlendra flugrekenda, sbr. kafla VII 2.

Þá skal bent á innanhússkjal frá Olís með fyrirsögninni „Úttekt á arðsemi sjálfsafgreiðslustöðva“, frá apríl 2001. Þar segir m.a. undir fyrirsögninni „*Rekstrar-umhverfið*“: „Þrír þættir voru ræddir umfram aðra við gerð þessarar athugunar: 1. Hærri framlegð á eldsneyti hefur gert það að verkum að fjárfestingarkostir sem ekki voru fýsilegir fyrir nokkrum árum eru orðnir það núna. ...“

Þá segir m.a. undir yfirskriftinni „1.1. Hærri framlegð af eldsneyti“, að til að sýna fram á hvaða áhrif hækkuð eldsneytisframlegð hefur á arðsemi fjárfestinga sé sýnd tafla yfir arðsemi nýrra ÓB stöðva. Þá segir m.a.:

*„Hækkun á framlegð getur leitt af sér nokkrar stöður eða breytingar á markaðnum:*

*1. Allir aðilar auka hjá sér fjárfestingar þar til arðsemi nýrra fjárfestinga nálgast þá arðsemiskröfu sem fyrirtækin gera. ...“<sup>2536</sup>*

Með tölvupósti starfsmanns Landsbréfa hf. til forstjóra Olís þann 6. mars 2000 er sendur ársreikningur Skeljungs fyrir árið 1999, og er greint frá athugunum Landsbréfa á honum. Segir starfsmaður Landsbréfa þar m.a. að velta Skeljungs hafi aukist um 19%, m.a. vegna viðskiptasamnings við Flugleiðir, en félagið nái samt að halda framlegð sinni óbreyttri. Komi þetta spáskt fyrir sjónir. Annað hvort hafi Skeljungur aukið framlegð í eldsneyti eða í öðrum vörum, en hvorugt sé þó líklegt.

Forstjóri Olís sendi þessar upplýsingar áfram til framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar, m.a. með athugasemdinni: „*Hvert er þitt mat, eru þeir ekki bara að auk[a] framlegð af eldsneyti eins og við[?]*“.<sup>2537</sup>

Að mati samkeppnisráðs gefa framangreindar tilvísanir í gögn málsins ótvírætt til kynna að einingaframlegð gegndi lykilhlutverki bæði í stjórnun og áætlanagerð félaganna og í samfelldu samráði þeirra. Verður þetta að teljast frekari rök til þess að byggja á upplýsingum félaganna sjálfra um þetta efni við mat á ávinningi.

<sup>2536</sup> Innanhússkjal frá Olís „Úttekt á arðsemi sjálfsafgreiðslustöðva“, TM/GA apríl 2001. (Hs. nr. 5510).

<sup>2537</sup> Afritaður tölvupóstur frá Olís. Frá Hrafni Árna starfsmanns hjá Landsbréfum hf. til Einars Benediktssonar þann 6. mars 2000 kl. 17:24 og frá Einari Benediktssyni til Samúels Guðmundssonar þann 7. mars 2000 kl. 00:00.

#### 4.3.3. Einingaframlegð í fljótandi eldsneyti

Upplýsingar olíufélaganna um framlegð einstakra tegunda eru af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða áætlaða brúttó framlegð, sem er mismunur á söluverði, t.d. samkvæmt verðlista, og reiknuðu kostnaðarverði, þar sem kostnaðarverðið er reiknað út frá innkaupsverði samkvæmt sk. Platts-skráningu (innkaupsverð, frakt og váttryggingu), gengisskráningu og kostnaðarliðum sem leggjast á við innflutning, þ.m.t. hafnargjöld, vörugjöld og greiðslu í flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Hins vegar er um að ræða rauntölur úr bókhaldi um nettó framlegð, en þar er um að ræða raunverulegt söluverð, að frádregnum afsláttum og umboðs- og sölulaunum, en frá því dregst síðan bókfært kostnaðarverð seldra vara.

Mismunurinn á brúttó og nettó framlegð samkvæmt framansögðu felst einkum í því að í fyrnefnda tilvikinu er ekki tekið tillit til afslátta eða sölulauna, auk þess sem þar er um áætlaðar fjárhæðir að ræða. Upplýsingar um framlegð sem sýndar verða hér á eftir eru af síðarnefndu tegundinni, þ.e. þær sýna nettó framlegð samkvæmt bókhaldi miðað við raunverulegt söluverð, þegar tillit hefur verið tekið til afslátta.<sup>2538</sup>

Taka verður fram að nokkra fyrirvara verður að gera við samanburð á framlegðarstigi olíufélaganna. Í fyrsta lagi hafa félögin ekki að öllu leyti beitt sömu reikningsskilaaðferðum í ársuppgjöri sínu, þótt einnig á þessu sviði hafi verið samstarf milli félaganna. Meðal annars á þetta við um meðferð á greiðslum úr og í flutningsjöfnunarsjóð olíuvara.<sup>2539</sup> Þá getur skipt máli og haft áhrif á framlegðarstigið í hvaða mæli félögin þrjú selja til endurseljenda með lægri álagningu.<sup>2540</sup> Loks skiptir samsetning viðskiptanna og staðsetning máli og getur haft áhrif á framlegðarstig. Tölur um einingaframlegð, sem sýndar verða hér á eftir, eru því ekki fyllilega samanburðarhæfar milli olíufélaga. Framsetning þessa talnaefnis hér miðar raunar ekki að slíkum samanburði milli félaga, heldur að því að sýna fyrir hvert félag breytingu frá einum tíma til annars, en fyrir liggur að talnaefni þetta er fyllilega sambærilegt að þessu leyti, enda liggur fyrir að það hefur verið notað í gögnum olíufélaganna til langtíma samanburðar.

---

<sup>2538</sup> Í tölum Olíufélagsins er þó ekki tekið tillit til þeirra eftirágreiddu afslátta sem tengjast Safnkorti félagsins.

<sup>2539</sup> Hér má vísa til tölvupósts Samúels Guðmundssonar framkvæmdastjóra fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís til framkvæmdastjórnar félagsins dags. 26. júlí 2000 kl. 11:54, um samanburð á olíufélagunum 1995–1999, en þar segir m.a.: „Það hefur fengist staðfest hjá Skeljungu að þeir færa greiðslur úr flutningsjöfnunarsjóði sem aðrar tekjur, en greiðslur í flutningsjöfnunarsjóð eru færðar með vörunotkun, en þetta skýrir að hluta af hverju aðrar tekjur hjá Shell eru svona háar og af hverju þeirra framlegð sem hlutfall af sölu er mikið lakari en hjá hinum félögunum tveimur.“ Tekið skal fram að í talnaefni um einingaframlegð hjá Skeljungu hefur þetta misræmi verið leiðrétt, þannig að við útreikning framlegðar er tekið tillit til greiðslna félagsins í flutningsjöfnunarsjóð olíuvara og einnig endurgreiðslna til félagsins úr sjóðnum.

<sup>2540</sup> Hér má t.d. benda á að Skeljungur selur bifreiðaeldsneyti til Bensínorkunnar sem selur það síðan með tiltölulega lágri álagningu.

Athygli er vakin á því að þótt opinber framsetning tölulegra gagna hjá félögunum miðist gjarnan við skiptingu fljótandi eldsneytis í fjóra meginflokka og henni verði einnig fylgt hér, eru tegundirnar í raun oftast 8–10 talsins, sbr. skýringar í kafla II. Getur verð og framlegð einstakra undirtegunda verið mismunandi. Verður þetta einkum rakið annars vegar til þess að innkaupsverð tegundanna er mishátt eftir efnainnihaldi (t.d. er 98 oktana bensín dýrara í innkaupum en 95 oktana, og skipagasolía og MD-olía ódýrari í innkaupum en gasolía) og hins vegar að hagkvæmni í innkaupum og flutningi til landsins er gjarnan því meiri og þörf á einingaframlegð því lægri sem innflutningsmagn og sala eru meiri, þar sem fastur kostnaður dreifist þá á fleiri einingar. Við athugun á þróun framlegðar miðað við skiptingu á fljótandi eldsneyti í fjóra meginflokka getur því skipt máli hvort innbyrðis samsetning undirtegunda breytist verulega frá einum tíma til annars eða eru mismunandi milli félaga. Eins og greint er frá í kafla II hafa breytingar af þessum toga í reynd einkum snert flugeldsneyti, þar sem hvað mestar breytingar hafa orðið á sölu og markaðshlutdeild félaganna.

Auk þess má geta þess að OHF hefur ekki flutt inn eða selt flugbensín, en flugbensín er flutt inn í tiltölulega takmörkuðu magni og er verð þess og einingaframlegð jafnaðarlega mun hærrí en á flugsteinolíu, enda magnið þar margfalt. Í þessu ljósi er eðlilegt að einingaverð og einingaframlegð OHF á flugeldsneyti hafi verið lægri en hinna félaganna, einkum á árunum 1993–98 þegar félagið annaðist sölu til Flugleiða á flugsteinolíu vegna Evrópuflugs félagsins annars en flugs til Kaupmannahafnar. Á sama hátt skýrist mjög mikil lækkun á einingaframlegð Skeljungs í flugeldsneyti frá árinu 1999 af því að frá þeim tíma hóf félagið að annast sölu á flugsteinolíu til Flugleiða á Keflavíkurflugvelli vegna alls millilandaflugs félagsins, en áður höfðu þau viðskipti skipst milli OHF og eigin innflutnings Flugleiða að því er varðaði flug til Bandaríkjanna og Kaupmannahafnar.

Í töflum og myndum sem hér fylgja á eftir er sýnd þróun einingaframlegðar í fljótandi eldsneyti hjá hverju félagi fyrir árin 1991–2001<sup>2541</sup>, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar fært til fasts verðlags ársins 2001 miðað við vísitölu neysluverðs.

#### 4.3.4. Einingaframlegð OHF


Í gögnum OHF er að finna ýmsar upplýsingar um einingaframlegð í fljótandi eldsneyti, sem dregnar hafa verið saman í eftirfarandi töflu. Tekið skal fram að í andmælum OHF eru ekki gerðar athugasemdir vegna þessa talnaefnis:<sup>2542</sup>

<sup>2541</sup> Fyrirliggjandi upplýsingar frá Skeljungi ná þó aðeins aftur til ársins 1993.

<sup>2542</sup> Upplýsingar um einingaframlegð hjá Oliufélaginu byggjast á eftirfarandi afrituðum tölvuskram félagsins, sem vistaðar voru á gagnasvæðum Bjarna Bjarnasonar, Eiríks Arnþórssonar og Kolbeins Finnssonar: TLUN~.XLS, OLIUFEL.XLS, GR95.XLS, SAMSK.XLS, REKFRAML.XLS, Framlegð 1996-2000.xls, TEGUPPGJ.XLS, FRAML97.XLS, framlegðaráætlun eldsneytis.xls, Framlegð 2000.xls, Framlegð 2001.xls, Kolbeinn- áætlun 2001.xls, Framlegð 2002- áætlun.xls, FRAML.98.XLS, Framlegð vörusölu.xls, sala 98.xls, sala 99.xls, sala 994.xls og framlegðaráætlun þurrvöru 2001.xls.

Einingaframlegð fljótandi eldsneytis árin 1991-2001											Olíufélagið hf.
Framlegð í kr. pr. lítra - Verðlag hvers árs											
	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Áætlun 2001
Bensín											
Gasolíuteg. samtals				<b>Fellt út vegna trúnaðar</b>							
Svartolía											
Þotueldsneyti											
Fljót. eldsn. samtals											

Athyglisvert er að skoða þróun framlegðar á föstu verðlagi. Eins og fram kemur í kafla II hefur á því tímabili sem hér er til skoðunar orðið samdráttur í sölu á svartolíu. Frá sjónarhóli tekjumyndunar olíufélaganna er sú tegund þó tiltölulega léttvæg miðað við aðra meginflokka eldsneytis sem hér eru til skoðunar. Söluaukning hefur orðið í öðrum meginflokkum eldsneytis, og raunar umtalsverð í sumum tilvikum. Í þessu ljósi mætti vænta þess að einingaframlegð á föstu verðlagi færi heldur lækkandi á þessu tímabili þar sem magnaukningin er líkleg til að leiða til aukinnar hagkvæmni í dreifingu. Þá hefði mátt ætla að aukið viðskiptafrelsi og afnám verðlagsákvæða á eldsneyti á árunum 1991–1993 hefði stuðlað að aukinni samkeppni og lækkandi verði.



Á mynd 14 hér að framan blasir hins vegar við að hjá OHF hefur orðið veruleg aukning á einingaframlegð eldsneytistegunda á föstu verðlagi, sérstaklega frá og með árinu 1998. Þessi þróun er skýrust í mikilvægustu tegundunum, bensíni og gasolíutegundum. Varðandi svartolíu gæti það talist að nokkru eðlilegt að aukning hafi orðið á einingaframlegð, í ljósi magnsamdráttar. Þá verður að skoða þróun

einingaframlegðar í potueldsneyti í ljósi þýðingarmikilla breytinga á magntölum hjá félaginu vegna viðskipta við Flugleiðir, sbr. skýringar hér að framan og í kafla II um það efni. Framlegð á hvern lítra í fljótandi eldsneyti alls jókst að raungildi úr um [...] kr. að jafnaði á fyrri hluta tímabilsins í um [...] kr. í lok þess eða um [...] %.

#### 4.3.5. Einingaframlegð Skeljungs

Í frumathugun Samkeppnisstofnunar voru settar fram upplýsingar um einingaframlegð Skeljungs í fljótandi eldsneyti. Byggðust þær á upplýsingum sem var að finna í gögnum málsins, einkum afrituðum tölvugögnum félagsins.<sup>2543</sup> Í andmælum Skeljungs eru gerðar þær athugasemdir að félagið telji að upplýsingar um einingaframlegð, sem settar voru fram í frumathuguninni, séu ekki í fullu samræmi við bókhaldsgögn þess. Setti félagið fram línurit sem gáfu til kynna aðrar tölur um þetta efni og náðu þau aftur til ársins 1993.<sup>2544</sup> Í ljósi þessa óskaði Samkeppnisstofnun eftir árlegum upplýsingum frá félaginu fyrir árin 1993–2001 um framlegð ásamt þeim stærðum sem lágu til grundvallar útreiknings á henni. Var þess farið á leit að umbeðnar upplýsingar yrðu staðfestar af löggiltum endurskoðanda félagsins. Í svari félagsins komu fram umbeðin gögn um framlegð og tengd atriði.<sup>2545</sup> Hins vegar taldi félagið sig ekki geta orðið við beiðni um staðfestingu löggilts endurskoðanda þess, þar sem þau gögn sem um væri beðið væru ekki rekjanleg inn í ársreikning félagsins og ekki hefði farið fram úttekt á öllum þeim upplýsingum sem Samkeppnisstofnun óskaði eftir.

Við samanburð á upplýsingum í frumathugun um einingaframlegð Skeljungs og nýjum upplýsingum frá félaginu um það efni kom fram misræmi sem einkum má rekja til tveggja þátta. Í fyrsta lagi myndast minni háttar misræmi við það að í

---

<sup>2543</sup> Upplýsingar um einingaframlegð hjá Skeljungi sem settar voru fram í frumathugun Samkeppnisstofnunar byggðust á eftirfarandi afrituðum tölvuskram félagsins, sem vistaðar voru á gagnasvæðum Gunnars Karls Guðmundssonar, Aðalsteins Kjartanssonar, Stefáns Karls Segatta, Reynis A. Guðlaugssonar, Lúðvíks Björgvinssonar og Margrétar Guðmundsdóttur: FRAMLEGD.XLS, E-FRAML.XLS, FRAML-96.XLS, FRAML-97.xls, FRAML-98.xls, FRAML-99.xls, FRAML-des-99.xls, 1999framl.xls, FRAML-2000.xls, FRAML-2000-1999.xls, FRAML-2001.xls, FRAML-2001-2000.xls, mánaðarlegar upplýsingar fyrir árin 1994-95 um sölu, vörueyðslu, framlegð o.fl. í skránum AA-GASOL.XLS, AB-SD-OL.XLS, AC-SKIPO.XLS, AD-92OCT.XLS, AE-98OCT.XLS, AF-95OCT.XLS, AG-SVOL.XLS, AH-AVTUR.XLS, AI-AVGAS.XLS, AJ-SOLUD.XLS, AK-SMUR.XLS, AL-URGOL.XLS, AM-KEMIK.XLS, AN-GAS.XLS, AO-WHITE.XLS, AP-FROST.XLS, APP.HYLLK.XLS og upplýsingar um sama efni fyrir árin 1996-2001 í skráum með sambærilegum heitum (ýmist AA-GASOL.XLS, AB-SD-OL.XLS, AC-SKIPOL.XLS, ... eða 99-GASOL.XLS, 99-SD-OL-XLS, 99-SKIPO.XLS, ... 00-GASOL.XLS, 00-SD-OL.XLS, 00-SKIPO.XLS o.s.frv.), Minnispointar vegna framlegðar.doc, Samanburður á framlegð oliufélaganna 1996.doc, Framlegð.ppt, tölvupóstur Reynis A. Guðlaugssonar til Pálínu M. Hafsteinsdóttur dags. 21. september 1999 kl. 10:28 um framlegð '95-99 ásamt viðhengi í Book2.xls, Framlegðartölur 1991.doc, Framlegðartölur 1998.doc, Framlegðartölur 1998 endursk.doc, Aætlud framlegð 1999.doc, Aætlud framlegd 2000.doc, Framlegd 2001.doc, Framlegd 2002.doc, Framlegd 2002A.doc og Framlegd 2002 (031201).doc.

<sup>2544</sup> Í gögnum málsins var ekki að finna samfelldar upplýsingar um þetta efni, sem voru eldri en frá árinu 1995. Þá höfðu svör Skeljungs við fyrirspurn Samkeppnisstofnunar áður gefið til kynna að eldri upplýsingar væri ekki að finna hjá félaginu, sbr. bréf Skeljungs til Samkeppnisstofnunar dags. 15. ágúst 2002 og 16. september 2002, tölul. IV og V.

<sup>2545</sup> Bréf lögmans Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 27.8.2004.


frumathugun hefur Samkeppnisstofnun við útreikning einingaframlegðar deilt upp í verðmæti framlegðar eldsneytistegunda með seldu magni samkvæmt upplýsingum sem fram komu í svarbréfi Skeljungs til Samkeppnisstofnunar, dags. 15. ágúst 2002. Í ljós hefur komið að þessum upplýsingum um sölumagn bar ekki fyllilega saman við upplýsingar um sölumagn félagsins sem notaðar voru við framlegðargreiningu. Fallast má á að rétt sé að nota síðarnefndu upplýsingarnar.

Í annan stað má rekja misræmið til meðferðar á umboðslaunum hjá Skeljungu. Í andmælum félagsins kemur fram að breyting hafi orðið á meðferð umboðslauna hjá félaginu um áramótin 1996/97. Fram til ársins 1996 hafi umboðslaun til umboðsmanna félagsins verið dregin frá við útreikning framlegðar, en frá árinu 1997 hafi umboðslaun hins vegar horfið í kjölfar skipulagsbreytingar og allur sölu- og umboðskostnaður verið færður sem rekstrarkostnaður utan framlegðar. Vart verður séð hvornig Samkeppnisstofnun mátti vera þetta ljóst. Gögn Skeljungs um framlegðarútreikninga, sem Samkeppnisstofnun byggði á, gefa slíka breytingu ekki til kynna, þar sem þar er að finna dálk sem nefnist umboðslaun og afslættir bæði fyrir árin 1995–96 og síðar. Hvað sem þessu líður og þrátt fyrir að félagið hafi ekki séð sér fært að láta fylgja staðfestingu löggilts endurskoðanda á umræddum upplýsingum, verður hér byggt á þeim upplýsingum sem félagið lét Samkeppnisstofnun í té í kjölfar frumathugunar. Hér verður þó leiðrétt fyrir því að í framsetningu Skeljungs er framlegð reiknuð að teknu tilliti til greiðslna félagsins í flutningsjöfnunarsjóð olíuvara en hins vegar ekki tekið tillit til endurgreiðslna úr sjóðnum. Þótt það hafi ekki sérstaka þýðingu vegna mats á ávinningi, telur samkeppnisráð framsetningu félagsins ekki rökrétta og hafa tölur þess því verið leiðréttar vegna þessa. Samkvæmt þessu var einingaframlegð hjá félaginu sem hér segir:<sup>2546</sup>

<b>Tafla 4</b>		<b>Skeljungur hf.</b>								
<b>Einingaframlegð fljótandi eldsneytis árin 1993-2001</b>										
<b>Framlegð í kr. pr. lítra - Verðlag hvers árs</b>										
	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	
Bensín										
Gasolíutegundir										
Flugeldsneyti			Fellt út vegna trúnaðar							
Svartolía										
Fljótandi eldsn. alls										

<sup>2546</sup> Sala Skeljungs á flugsteinolíu til Flugleiða á árunum 1999-2001 er hér ekki innifalin, enda var slík starfsemi ekki til staðar á því árabili sem notað verður til viðmiðunar við mat á ávinningi. Þetta er einnig í samræmi við skýrslur Skeljungs um framlegðargreiningu, þar sem þessari sölu er haldið skýrt aðgreindri frá annarri sölu.

**Mynd 15**



Mynd 15 um einingaframlegð Skeljungs á föstu verðlagi sýnir að eftir að hafa að mestu staðið í stað á árunum 1993–1997 hefur orðið samfelld og veruleg raunaukning á árunum 1998–2001. Þannig liggur t.d. fyrir að meðaltal framlegðar á hvern lítra alls eldsneytis jókst úr [...] kr. á lítra á árinu 1993 í [...] kr. á árinu 2001 eða um [...] % að raunvirði.

#### 4.3.6. Einingaframlegð Olís

Í frumathugun II voru settar fram upplýsingar um einingaframlegð Olís í fljótandi eldsneyti.<sup>2547</sup> Byggðust þær alfarið á gögnum frá félaginu sjálfu. Í andmælum Olís er fullyrt að Samkeppnisstofnun hafi gerst sek um ofmat á framleiðniaukningu hjá félaginu og mætti rekja það til breytinga á fyrirkomulagi sölu- og umboðslauna, sem

<sup>2547</sup> Upplýsingar um einingaframlegð hjá Olís byggjast á eftirfarandi afrituðum tölvuskram félagsins, sem vistaðar voru á gagnasvæðum Kristjáns B. Ólafssonar (síðar vistað hjá Einari Marinóssyni), Samúels Guðmundssonar og á sameiginlegum gagnasvæðum fyrir fjármál, bókhald og áætlanir félagsins: framlegðarpróun9198.xls, framl 1991 1999.xls, Framlegðarpróun.xls, framlegð eldsneytis 2000.xls, framlegð eldsneytis 2001.xls, framleg\_eldsn\_samanb.xls, Framlegð\_fjárfesting\_arðsemi.doc, fundur með utibusstjórum 19 mars 1999.doc, þróun verðuttreikninga.xls, Verðuttreikningur 2001 12 (desember) 1.xls, Eldsneytissala2.doc og tölvupóstur Samúels Guðmundssonar til Einars Benediktssonar dags. 20. janúar 2000 kl. 14:04 ásamt viðhengi með skránni samtök fiskimjölframléidenda.doc. Einnig styðjast þær við eftirfarandi haldlögð pappírsgögn félagsins: Tekjuáætlun 2002. Uppkast 1 – Vinnugögn - (úr Hs. nr. 4322); Forsendur áætlunar fyrir árið 2000 (úr Hs. nr. 4569); Stutt hugvekja um bensínmarkaðinn og tengd mál (úr Hs. nr. 4569); Rekstur, fjárfestingar, framlegð og arðsemi, skýrslur KBÓ dags. 23. febrúar 1998 og 13. mars 1998 (úr Hs. nr. 4569); og Úttekt á arðsemi sjálfsafgreiðslustöðva. (Trúnaðarmál). TM/GA Apríl 2001 (úr Hs. nr. 5510).




stofnunin hafi ekki tekið tillit til. Um þetta segir m.a. svo í andmælum Olís: „Þannig voru sölu og umboðslaun tæplega helmingi hærri að meðaltali á ári á viðmiðunartímabilinu en á tímabili meints samráðs. Þessi lækkun á umboðslaunum kemur beint fram sem hækkun á framlegð þar sem þau voru dregin frá veltu áður en framlegð var reiknuð á fyrri hluta tímabilsins en töldust í síauknum mæli til almenns rekstrarkostnaðar á síðari hluta þess. Í skýrslunni er sýnt fram á að ofmat Samkeppnisstofnunar einungis vegna þessa atriðis geti numið rúmum [...] milljónum króna á verðlagi 2001 á tímabilinu sem meint samráð átti sér stað.“<sup>2548</sup>

Þessi athugasemd Olís verður að teljast fremur óljós. Þannig er ekki ljóst hvort í henni felist að breyting hafi orðið vegna breyttrar meðferðar sölu- og umboðslauna í bókhaldi félagsins eða hvort átt er við að smám saman hafi orðið breyting vegna þess að þjónustustöðvar sem áður voru reknar af umboðsaðilum voru færðar undir rekstur félagsins. Orðalag í athugasemdum Olís gefur fremur hið síðarnefnda til kynna, þótt fyrrnefnda skýringin gæti einnig átt við. Þá leggur félagið engar frekari upplýsingar eða gögn fram til staðfestingar á slíkri breytingu. Ennfremur verður skýringin að teljast sérstök í ljósi þess að í gögnum félagsins sjálfs, t.d. „Tekjuáætlun 2002“<sup>2549</sup>, birtast nákvæmlega sömu upplýsingar um einingaframlegð fyrir árin 1993–2001 og fram komu í frumathugun Samkeppnisstofnunar og engar athugasemdir eða fyrirvarar settir fram. Hvað sem þessu líður telur samkeppnisráð að það þjóni ekki tilgangi að rannsaka þetta atriði frekar. Verða hér því birtar sömu upplýsingar um einingaframlegð og í frumathugun Samkeppnisstofnunar, en við mat á ávinningi tekið fullt tillit til framangreindrar fullyrðingar Olís um að ávinningur hafi verið ofmetinn vegna nefndrar skipulagsbreytingar um sem nemur [...] milljónum króna.

Einingaframlegð fljótandi eldsneytis árin 1991-2001											Aætl. 2001
Framlegð í kr. pr. lítra - Verðlag hvers árs											
	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	
Bensín											
Gasolíutegundir											
Svartolía					Fellt út vegna trúnaðar						
Flugeldsneyti											
Fljót. eldsn. samtals											

<sup>2548</sup> Greinargerð um mat Samkeppnisstofnunar á ávinningi olíufélaganna af meintu ólöglegu samráði, tímabilið 1998–2001. Skýrsla til Olíuverzlunar Íslands. Bls. 4.

<sup>2549</sup> Hs. nr. 4322.



Framangreindar upplýsingar frá Olís sýna að framlegð á hvern lítra á föstu verðlagi var í aðalatriðum stöðug á árunum 1991–1997. Upp frá því hefur einingaframlegð í öllum eldsneytisflokkum farið vaxandi. Þannig má lesa að framlegð á lítra fyrir allt fljótandi eldsneyti hækkaði úr [...] kr. á árinu 1997 í [...] kr. á árinu 2001 eða um ríflega [...] % að raunvirði.

#### 4.3.7. Niðurstaða um einingaframlegð hjá olíufélögunum

Af framangreindu má ráða að þróunin í framlegð á hvern lítra eldsneytis á föstu verðlagi hefur verið mjög sambærileg hjá félögunum þremur. Eftir að hafa að mestu staðið í stað á árunum 1991–1997 hefur einingaframlegð hækkað ár frá ári að raunvirði hjá öllum félögunum. Greina má lítills háttar mun á því eftir félögum hvenær hækkunarferlið hófst. Þannig virðist sem nokkur hækkun hafi komið fram hjá Olíufélaginu á árunum 1996–97, en ekki að ráði fyrir en 1998 hjá Skeljungu og Olís. Þetta breytir þó engu um það sem gögnin sýna með skýrum hætti, að á árunum 1998–2001 hefur framlegð á hvern lítra eldsneytis almennt hækkað verulega að raungildi hjá öllum olíufélögunum.<sup>2550</sup> Í ljósi þess sem áður hefur komið fram jafngildir þetta því að olíufélögin hafi hækkað umtalsvert álagningu sína að raunvirði.

#### 4.3.8. Ávinningur olíufélaganna af hækkun einingaframlegðar

Aðferðin sem hér er beitt til að meta ávinning á grundvelli hækkunar á verði og einingaframlegð er að bera saman raunverulega þróun einingaframlegðar á

<sup>2550</sup> Eina fráviknið frá þessari niðurstöðu tengist breytingum á innkaupum Flugleiða á þotueldsneyti vegna millilandaflugs, en þegar hefur verið fjallað um áhrif þess á einingaframlegð Skeljungs og OHF.

undanförnum árum við meðaltal sömu stærða fyrir tiltekið árabil þar á undan. Í báðum tilvikum er einingaframlegð reiknuð á föstu verðlagi ársins 2001 miðað við vísitölu neysluverðs, og sýnir samanburðurinn því raunvirði breytinga. Ávinningurinn er m.ö.o. metinn sem ábati félaganna af því að einingaframlegð þeirra, á föstu verðlagi, hækkaði eða lækkaði á undanförunum árum samanborið við þá forsendu að einingaframlegð hefði haldist óbreytt að raungildi á tímabilinu, miðað við tiltekið viðmiðunartímabil fyrir upphaf þess. Gert er ráð fyrir að selt eldsneytismagn sé hið sama í báðum tilvikum, þ.e. samkvæmt raunverulegri sölu á umræddu tímabili.

Helsta álitafnið við þessa aðferð tengist vali á viðmiðunartímabili. Til þess að jafna sem mest út sveiflur í einingaframlegð ár frá ári, þykir rétt að miða við meðaltal 2ja til 4ra ára. Æskilegast væri að leggja til grundvallar tímabil áður en samráð félaganna hófst, þar sem verðlagning var frjáls. Niðurstaða þessa máls er sú að olíufélögin hafa haft með sér samfellt samráð allt frá gildistöku samkeppnislaga þann 1. mars 1993. Þá liggur fyrir að verðlagning fljótandi eldsneytis var ekki gefin frjáls fyrr en 1. apríl 1992. Einnig er ljóst að á árinu 1992 höfðu olíufélögin með sér verðsamráð, sbr. kafla III 2.1. Ennfremur liggur fyrir að elstu fáanlegar upplýsingar frá Skeljungu, sem eru sambærilegar við síðari ár, eru frá árinu 1993. Upplýsingar frá OHF og Olís ná að vísu aftur til ársins 1991, en nauðsynlegt þykir að leggja til grundvallar sama tímabil fyrir öll félögin. Af þessu leiðir annars vegar að efast má um að nokkurt tímabil sé til staðar að viðunandi lengd þar sem frjáls samkeppni hefur ríkt milli félaganna án samráðs og hins vegar að viðmiðunartímabil getur ekki náð lengra aftur en til ársins 1993. Næstbesta lausnin er því sú að leggja til grundvallar sem viðmiðunartímabil ársmeðaltal árána 1993–95. Rökin eru þau að á þessu tímabili höfðu olíufélögin ekki hafið hið markvissa samráð sitt í því skyni að auka álagningu og framlegð félaganna en grunnurinn að því samráði var lagður á árinu 1996, sbr. kafla VI 1.3.1. Vegna þess að félögin höfðu einnig samráð á tímabilinu 1993–1995, eru allar líkur á því að aðferð þessi feli í sér vanmat á ávinningi.

#### *OHF*

Á grundvelli framangreindra forsendna er í eftirfarandi töflu sýndur útreikningur á ávinningi OHF af hækkuð einingaframlegðar í fljótandi eldsneyti:

**Tafla 6**

**Mat á ávinningi Olúfélagsins  
af samstarfi um hækkun framlegðar í fljótandi eldsneyti**  
(Fjárhæðir reiknaðar á föstu verðlagi ársins 2001)

		1996	1997	1998	1999	2000	Aætlun 2001	1996 -2001
<b>Bensín:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Gasolíutegundir:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Svartolía:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Fellt út vegna trúnaðar</b>								
<b>Þotueldsneyti:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Fljótandi eldsn. samtals:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							

Niðurstaðan er sú að á tímabilinu 1996–2001 var samanlagður fjárhagslegur ávinningur OHF af því að einingaframlegð þess í fljótandi eldsneyti hækkaði að raungildi miðað við meðaltal áranna 1993–95 alls um [...] milljónir króna.

*Skeljungur*

Í eftirfarandi töflu er sýndur útreikningur á ávinningi Skeljungs af hækkun einingaframlegðar í fljótandi eldsneyti, miðað við þær forsendur sem greint var frá að framan:

<b>Tafla 7</b>								
Mat á ávinningi Skeljungs af samstarfi um hækkun framlegðar í fljótandi eldsneyti (Fjárhæðir reiknaðar á föstu verðlagi ársins 2001)								
		1996	1997	1998	1999	2000	2001	1996 -2001
<b>Bensín:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframlegð hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframlegð, ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun einf.framl.)	millj. kr.							
<b>Gasoliutegundir:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframlegð hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframlegð, ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun einf.framl.)	millj. kr.							
<b>Flugeldsneyti:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframlegð hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframlegð, ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun einf.framl.)	millj. kr.							
<b>Svartolia:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframlegð hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframlegð, ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun einf.framl.)	millj. kr.							
<b>Fljótandi eldsn. alls:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun einf.framl.)	millj. kr.							

Fellt út vegna trúnaðar

Miðað við meðaltal einingaframlegðar á árunum 1993–95 var fjárhagslegur ávinningur Skeljungs af hækkun einingaframlegðar að raungildi á árunum 1996–2001 um [...] milljónir króna.

#### *Olís*

Í eftirfarandi töflu er sýndur útreikningur á ávinningi Olís af hækkun einingaframlegðar í fljótandi eldsneyti, miðað við þær forsendur sem greint var frá að framan. Jafnframt er þar að fullu tekið tillit til þess sjónarmiðs sem fram kom í andmælum Olís að vegna meintra breytinga á fyrirkomulagi sölu- og umboðslauna hjá félaginu, sem Samkeppnisstofnun hafi ekki tekið tillit til, hafi ávinningur í frumathugun verið ofmetinn um [...] milljónir króna, sbr. nánari umfjöllun hér að framan.

Mat á ávinningi Olíuverzlunar Íslands af samstarfi um hækkun framlegðar í fljótandi eldsneyti (Fjárhæðir reiknaðar á föstu verðlagi ársins 2001)								
		1996	1997	1998	1999	2000	Aætl. 2001	1996 -2001
<b>Bensín:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Gasolíutegundir:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Svartolía:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Flugeldsneyti:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Einingaframl. hvers árs	kr./ltr.							
Einingaframl.-ársmeðaltal 1993-95	kr./ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
<b>Fljótandi eldsneyti samtals:</b>								
Sala	millj. ltr.							
Ávinningur (sala x hækkun ein.framl.)	millj. kr.							
Lækkun vegna sjónarmiðs Olís um ofmat vegna breytinga á sölu- og umboðslaunum								
<b>Ávinningur alls</b>								

Fellt út vegna trúnaðar

Samkvæmt þessu er fjárhagslegur ávinningur Olís af hækkun einingaframlegðar á árunum 1996–2001 umfram almennar verðlagshækkanir metinn á um [...] milljónir króna.

#### 4.3.9. Mögulegar aðrar skýringar á hækkun einingaframlegðar

Í frumathugun Samkeppnisstofnunar var fjallað um það hvort hækkun einingaframlegðar gæti átt sér aðrar mikilvægar skýringar en þær sem rekja mætti til samráðs olíufélaganna. Var bent á nokkrar hugsanlegar skýringar sem til greina gætu komið í því sambandi, t.d. lækkun á innkaupsverði vegna hagstæðari innkaupa erlendis, aukið hagræði í flutningum olíuvara til landsins, hagstæðari fjármögnun farma og lækkun á kostnaði við innflutningshafnir eða birgðastöðvar. Við virka samkeppni ætti slíkt hugsanlegt hagræði að vísu innan tíðar að koma neytendum til góða í lækkuðu vöruverði og því ekki að leiða til verulegrar framlegðaraukningar og þar með hækkunar á álagningu innflytjenda. Aðstæður á markaðnum kynnu þó að hafa verið með þeim hætti að slíkar breytingar gætu leitt til aukinnar framlegðar, án þess að samráði hafi verið til að dreifa. Niðurstaða frumathugunar um þetta efni var þó sú að Samkeppnisstofnun kæmi að öllu virtu ekki auga á neinar sérstakar rekstrarlegar forsendur sem réttlætt gætu þá hækkun á einingaframlegð olíufélaganna í fljótandi eldsneyti sem átt höfðu sér stað á árunum 1998–2001. Á meðan ekki hefðu

komið fram upplýsingar sem gæfu annað til kynna, teldi stofnunin því að líta bæri svo á að þessi hækkun fæli í sér ávinning í skilningi þágildandi 52. gr. samkeppnislaga af ólögmætu samráði félaganna.

Með þessari framsetningu í frumathugun voru samkeppnisyfirvöld að kalla eftir athugasemdum olíufélaganna um þetta atriði. Ætla verður að slík framsetning hefði gefið olíufélagunum tilefni til athugasemda ef þau gætu bent á mikilvægar rekstrarlegar forsendur er fælu í sér eðlilegar skýringar á aukinni framlegð sem væru ótengdar samráði þeirra. Að undanskildum tilvísunum í það sem fram kemur í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna, sem nánar verður fjallað um í köflum 4.5.3.–4.5.4. hér á eftir, koma þó í andmælum Skeljungs og Olís engar slíkar skýringar fram. Í andmælum Olíufélagsins koma á hinn bóginn fram athugasemdir um þetta efni og verður nú að þeim vikið.

OHF telur ósannað að hækkun einingaframlegðar megi rekja til ávinnings af ólögmætu samráði. Bendir félagið á nokkur atriði sem hafi haft í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka síðastliðin ár. Auk þess að vísa til atriða sem fram koma í skýrslu hagfræðinga olíufélaganna fyrir félagið, tilgreinir OHF fáein atriði sem haft hafi kostnaðarauka í för með sér, s.s. breytingu á launavísitölu umfram almennar verðlagsbreytingar, afskrifaðar viðskiptakröfur, auknar umhverfis- og öryggiskröfur og aðrar skýringar á hækkun einingaframlegðar.

Samkeppnisráð telur að þessi sjónarmið breyti engu um það sem þegar er fram komið í málinu. Skýringar á aukinni framlegð sem OHF setur fram í andmælum sínum felast ekki í því að vaxandi framlegð megi rekja til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni í innkaupum, sem setið hefðu eftir hjá félaginu vegna eðlis þess markaðar sem það starfar á. Á hinn bóginn virðast skýringar félagsins fólgnar í því að dreifingarkostnaður og annar kostnaður þess hafi vaxið, væntanlega umfram framleiðniaukningu, og réttlæti það þá staðreynd að félagið hafi smám saman aukið álagningu sína að raunvirði. Slíka skýringu verður þó að virða í ljósi gagna málsins um mikið samstarf olíufélaganna, sbr. m.a. kafla X 4.3.2 hér að framan og kafla IV–VIII, og einnig með hliðsjón af bættri rekstrarafkomu þeirra. Sannað er að olíufélögin höfðu með sér ólögmætt samráð með það ekki síst að markmiði að bæta framlegð félaganna. Birtist þetta meðal annars í auknum hagnaði og meiri arðsemi félaganna. Auk þess hafa félögin í vaxandi mæli fjárfest bæði í rekstrarfjármunum og eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum, en ekki síst í öðrum félögum sem eru ótengd rekstri þeirra. Þótt félögin kunni að einhverju leyti að hafa haft réttmæta þörf fyrir hærri framlegð, breytir það engu um það að aðgerðir þeirra í þessu skyni voru ólögmætar. Mat á ávinningi félaganna af slíku ólögmætu athæfi hlýtur að taka til allrar hækkunar sem af samráðinu leiðir, enda þótt henni kunni að einhverju leyti að hafa verið ráðstafað til greiðslu aukins kostnaðar félaganna. Með hliðsjón af framansögðu telur samkeppnisráð að líta verði svo á að ávinningur olíufélaganna af

aukinni framlegð, sem lagt var mat á hér að framan, feli í sér ávinning í skilningi þágildandi 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga.

#### 4.3.10. Niðurstaða

Niðurstaða framangreindra útreikninga er sú að samanlagður ávinningur olíufélaganna af hækkun einingaframlegðar að raunvirði á árunum 1996–2001, samanborið við viðmiðunarárin 1993–95, nam um 6.487 milljónum króna. Mat þetta er af ýmsum ástæðum varlegt. Matið tekur aðeins til fljótandi eldsneytis, en fyrir liggur að félögin hafa einnig haft ólögmett samráð um verðlagningu á m.a. smurolíu og gasi. Gripu félögin til aðgerða til að auka framlegð af sölu þessara vara, sbr. kafla VI 7 og 8. Þá má nefna að ekki er talinn með ávinningur Bensínorkunnar af þátttöku í samráði um verð á bifreiðaeldsneyti.

Mat af þessum toga felur vissulega í sér ýmis óvissuatriði, sem haft gætu talsverð áhrif á niðurstöðuna. Slík óvissuatriði tengjast annars vegar mati á ávinningi almennt og eiga við í hvaða máli sem er þar sem slíks mats er þörf. Eru þessi óvissuatriði að öðru jöfnu því fleiri sem viðskiptin eru flóknari. Hins vegar eru atriði sem tengjast aðgangi að nauðsynlegum upplýsingum til að bregða máli á ávinning. Varðandi síðarnefnda atriðið telur samkeppnisráð að með hliðsjón af ítarlegri og reglubundinni greiningu olíufélaganna sjálfra á framlegð, en gögn um þetta efni eru hluti af gögnum máls þessa, sem og með hliðsjón af fordæmum frá erlendum samkeppnisyfirlöðum um gögn sem þau hafa talið vera fullnægjandi við slíkt mat, sbr. umfjöllun í köflum X 4.1.1–4.1.4, þá liggja fyrir í þessu máli traustar upplýsingar, sem myndi góðan grundvöll til mats á ávinningi. Varðandi fyrrnefnda atriðið, um almenn vandkvæði við mat á ávinningi sem eiga við í hvaða máli sem er, lítur samkeppnisráð svo á að með hliðsjón af áður gildandi 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga, beri ráðinu, þegar viðunandi upplýsingar eru fyrir hendi, að leggja mat á ávinning fyrirtækja af brotum á bannreglum samkeppnislaga, þegar ætla má að ávinningur geti verið umfram 40 milljónir króna. Er það niðurstaða samkeppnisráðs að mat á hækkun einingaframlegðar, eins og það er fram sett hér að framan, sé varlega reiknað og megi færa fyrir því sterk rök að ávinningur olíufélaganna þriggja hafi verið meiri en útreikningarnir sýna, sbr. einnig kafla X 4.4.

Loks skal til þess vísað að samkvæmt fyrrnefndu ákvæði áður gildandi samkeppnislaga skal við ákvörðun stjórnvaldssekta taka tillit til „þess skaða sem samkeppnishömlur hafa valdið og þess ávinnings sem þær hafa haft í för með sér“. Með hliðsjón af mati erlendra aðila sem sérhæft hafa sig í rannsóknum á þessu sviði, t.d. erlendra samkeppnisyfirlöð og OECD, telur samkeppnisráð allar líkur á því að samfélagslegur skaði af svo víðtæku samráði sem um ræðir í þessu máli sé talsvert meiri en sem nemur ávinningi þátttakenda í samráðinu.



#### 4.4. Aðrir mælikvarðar við mat á ávinningi

Önnur hugsanleg leið til mats á ávinningi er að leita til heildarverðmætis ólögmætu skiptisölu olíufélaganna. Í kafla VIII er gerð grein fyrir því að olíufélögin hafi skipt sín á milli sölu til tiltekinna viðskiptavina. Í kafla V var gerð grein fyrir samstarfi félaganna um skiptingu á sölu til erlendra skipa í íslenskum höfnum.

OHF hefur veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um magn og verðmæti hlutdeildar í skiptisölu olíufélaganna til tiltekinna viðskiptavina og á tilteknum stöðum á landinu á árunum 1993–2001, eins og lýst var í kafla VIII. Á grundvelli þessa og með hliðsjón af skiptihlutföllum sem giltu í þessum viðskiptum samkvæmt samningum milli olíufélaganna er ljóst að heildarumfang þessarar skiptisölu hafi numið tæplega 5,8 milljörðum króna á þessu tímabili. Um er að ræða samtölu fyrir umdrædd ár á verðlagi hvers árs. Í þessari fjárhæð er ekki innifalin skiptisala Skeljungs og Olís frá birgðastöð á Ísafirði og sömuleiðis ekki skiptisala frá birgðastöð félaganna þriggja á Raufarhöfn á árunum 1999–2001, en samkeppnisráð býr ekki yfir fullnægjandi gögnum um umfang þessara viðskipta. Þá er í framangreindri fjárhæð ekki tekið tillit til markaðsskiptingar olíufélaganna í formi samninga um að félögin skiptu með sér framlegð af viðskiptum við tiltekna viðskiptavini, eins og lýst er í kafla VIII 11. Loks skal tekið fram að skiptisala olíufélaganna á bensínstöðvum er ekki innifalin í framangreindri fjárhæð. Nánar tiltekið er hér um að ræða eftirfarandi skiptisölu:

- Sala til erlendra skipa, sbr. kafla V. Heildarverðmæti skiptisölnunnar á árunum 1993–2001 var 1.322 milljónir kr. og skiptist salan í eftirfarandi hlutföllum: OHF 39%, Olís 30,5% og Skeljungur 30,5%.
- Sala í Stykkishólmi úr sameiginlegri birgðastöð OHF og Olís, sbr. kafla VIII 4. Heildarverðmæti skiptisölnunnar á árunum 1993–2001 var 625 milljónir kr. og skiptist salan jafnt milli OHF og Olís.
- Sala á Raufarhöfn, sbr. kafla VIII 5. Heildarverðmæti skiptisölnunnar á árunum 1993 til 1999 var 450 milljónir kr. og skiptist salan jafnt milli olíufélaganna þriggja.
- Sala til SR-mjöls, sbr. kafla VIII 6. Heildarverðmæti skiptisölnunnar á árunum 1993–2001 var 1.967 milljónir kr. Salan skiptist í eftirfarandi hlutföllum: OHF 20%, Olís 40% og Skeljungur 40%. Sala til verksmiðju SR-mjöls í Helguvík, sem var mjög lágt hlutfall af heildarsölu til SR-mjöls, skiptist þó þannig að hlutur OHF var 80%, en Olís og Skeljungur fengu 10% hvort félag.
- Sala til SBK hf. og áhaldahúss Keflavíkur (nú Reykjanesbæjar), sbr. kafla VIII 8. Heildarverðmæti skiptisölnunnar á árunum 1993–2001 var 48,5 milljónir kr. og skiptist salan jafnt milli OHF og Skeljungs.
- Sala til ÍSAL, sbr. kafla VIII 9. Heildarverðmæti skiptisölnunnar á árunum 1993–2001 var 1.086 milljónir kr. og skiptist salan jafnt milli olíufélaganna þriggja.

- Sala til Kísiliðjunnar, sbr. kafla VIII 10. Heildarverðmæti skiptisölunnar á árunum 1993–2001 var 294 milljónir kr. og skiptist salan jafnt milli olíufélaganna þriggja.

Í athugasemdum OHF við frumathugun II er vísað til þess að Samkeppnisstofnun telji að tekjur sem olíufélagin hafi aflað á grundvelli skiptisölu feli í sér ólögmetan ávinning í skilningi 52. gr. samkeppnislaga. Síðan segir í athugasemdum félagsins: „Umbj. okkar telur að hér sé Samkeppnisstofnun á villigötum við túlkun á hugtakinu ávinningur í 52. gr. samkeppnislaga. Svo virðist sem Samkeppnisstofnun líti svo á að heildarverðmæti þeirra viðskipta sem stunduð voru í skiptisölu teljist til ávinnings í skilningi 52. gr. samkeppnislaga þar sem að samningar um markaðsskiptingu voru bannaðir. Umbj. okkar telur að hugtakið ávinningur sé mun þrengra en ætla má af ofangreindum ummælum Samkeppnisstofnunar. Þannig verði að miða við hversu miklu meiri álagningin var vegna markaðsskiptingarinnar en hefði verið án skiptisölunnar. Ef sú takmarkaða samkeppni sem ríkti á þeim fákkeppnismarkaði sem um ræðir hefði þannig valdið því að verð á lítra væri 99 krónur en ekki 100 er ávinningurinn að óbreyttu 1 króna á lítra en ekki 100 krónur á lítra. Hafa verður í huga að hér er verið að ræða um viðskipti sem eru í eðli sínu lögmet þó vissar útfærslur og framkvæmd sé ólögmet. Þannig er ekki hægt að líta á ávinning í skilningi 52. gr. eins og ávinning, t.d. af bankaráni sem alltaf er að öllu leyti ólögmett að því er umbj. okkar kemst næst.

*Túlkun Samkeppnisstofnunar á hugtakinu ávinningur er samkvæmt ofangreindu í besta falli mjög rúm. Áður hefur verið gerð grein fyrir því að túlka ber íþyngjandi ákvæði Samkeppnislaga umbj. okkar í hag í málinu. Ef einhver vafi er á því að túlkun Samkeppnisstofnunar er röng, ber að skýra þann vafa umbj. okkar í hag. Er því niðurstaða Samkeppnisstofnunar um ólögmetan ávinning af skiptisölu ekki rétt og stórlega ofmetinn.“*

Í athugasemdum OHF eru hins vegar ekki gerðar athugasemdir við mat Samkeppnisstofnunar á heildarumfangi skiptisölunnar. Olís og Skeljungur gera engar athugasemdir við umfjöllun í frumathugun II um ávinning af skiptisölu, hvorki um mat Samkeppnisstofnunar á umfangi skiptisölu né um það að líta beri svo á að tekjur sem olíufélagin öfluðu sér á grundvelli ólögmetra samninga um markaðsskiptingu séu ávinningur í skilningi eldra ákvæðis 52. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð vísar fyrst til þess að fram kom í þágildandi 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga að unnt hafi verið að leggja á fyrirtæki hærri sekt en 40 milljónir króna „ef sannanlegur ábati þeirra af broti gegn samkeppnisreglum laga þessara hefur numið hærri fjárhæð en 40 milljónum króna.“ Ljóst er að samningar olíufélaganna um skiptisölu fela í sér markaðsskiptingu og brjóta þar með í bága við 10. gr. samkeppnislaga. Af þessu leiðir að þeirra tekna sem olíufélagin fengu á

grundvelli þessara samninga hefur að öllu leyti verið aflað með broti á 10. gr. laganna. Það er með öðrum orðum fullkomið orsakasamband milli hinna ólögmætu samninga og þeirra tekna sem af þeim leiddu. Telur samkeppnisráð að slíkar tekjur teljist til ábata eða ávinnings í skilningi 52. gr. samkeppnislaga. Frekari stoð fyrir þessari túlkun ráðsins má t.d. finna í mati framkvæmdastjórnar EB á ávinningi (e. *profit element*) í Eurocheque málinu. Í málinu var um það að ræða að framkvæmdastjórnin taldi að franskir bankar hefðu gert með sér ólögmætan samning (Helsinki samningurinn) um að leggja tiltekna þóknun á vissa viðskiptavinum. Niðurstaðan var sú að samningurinn var talinn hafa fært frönskum bönkum fimm milljónir ECU í þóknun frá viðskiptavininum. Hafi þetta verið tekjur sem stöfuðu frá ólögmætum samningi.<sup>2551</sup> Framkvæmdastjórnin ákvað að sekta frönsku bankana um sömu fjárhæð. Þóknun sú sem hér um ræðir er brúttófjárhæð með sambærilegum hætti og tekjur olíufélaganna af skiptisölusamningum eru brúttótekjur.

Sjónarmið OHF um álagningu og aðstæður á fákeppnismörkuðum hafa hér ekki þýðingu. Aðalatriðið er að á grundvelli ólögmætra samninga fengu olíufélögin öll tekjur af skiptisölu t.d. fékk OHF tekjur af sölu Skeljungs til ÍSAL og erlendra skipa. Ef þetta samráð hefði ekki verið fyrir hendi hefði OHF ekki fengið þessar tekjur. Þær fela því í sér augljósan ávinning OHF af brotinu. Jafnframt er ekki unnt að fallast á það með OHF að um hafi verið að ræða „viðskipti sem eru í eðli sínu lögmæt þó vissar útfærslur og framkvæmd sé ólögmæt.“ Allir framangreindir samningar olíufélaganna um markaðsskiptingu eru ólögmætir og hið sama gildir um alla þá skiptingu á sölu milli olíufélaganna sem fram fór á grundvelli þeirra. Þessi mælikvarði sýnir að ávinningur félaganna var langt umfram 40 milljónir króna.

Í kafla X 2 er gerð grein fyrir umfjöllun sérfræðinga OECD um ávinning og skaðsemi af samráði keppinauta. Er á það bent í skýrslu OECD frá árinu 2000 að talið sé að ólögmætur ávinningur af verðsamráði sé að meðaltali 10% af söluverði en tjón samfélagsins af samráðinu geti numið 20% af umfangi þeirra viðskipta sem samráðið tekur til.<sup>2552</sup> Með öðrum orðum þýði verðsamráð að jafnaði 10% hærra verð en ella en tjón samfélagsins sé enn meira. Í kafla X 4.1.1 var gerð grein fyrir sjónarmiðum í bandarískum samkeppnisrétti. Var fjallað um refsleiðbeiningar á alríkisstigi sem settar hafa verið af lögskipaðri refsinefnd. Ber dómstólum að beita þeim leiðbeiningum þegar viðurlög eru dæmd vegna brota á þarlendum samkeppnislögum. Í leiðbeiningareglunum er á það bent að það sé viðurkennt af nánast öllum að samráð keppinauta um verð, gerð tilboða og skiptingu markaða geti valdið alvarlegu

<sup>2551</sup> Í ákvörðun framkvæmdastjórnar EB segir m.a. þetta: „...the Helsinki Agreement must have earned the French banking sector approximately ECU 5 million in commissions from traders. This is income deriving from an Agreement which is illegal by virtue of Article 8[1].“ OJ [1992] L95/50.

<sup>2552</sup> Í skýrslunni segir þetta: „It is estimated that the average illegal gain from price-fixing is 10 percent of the selling price, but in such cases the harm to society may amount to 20 percent of the volume of commerce affected by the cartel.“

efnahagslegu tjóni.<sup>2553</sup> Í reglunum er vísað til þess að talið sé að meðalávinnungur fyrirtækja af verðsamráði sé 10% af söluverði vöru og ber að miða við þá tölu við mat á grunnsekt. Hvað varðar tjón eða skaða sem brotið hefur valdið ber að miða við 20% af veltu brotlegs fyrirtækis, á viðkomandi markaði.<sup>2554</sup> Hér ber og að hafa í huga að fræðimenn hafa sagt að það feli í sér hóflegt mat að telja að verðsamráð leiði til 10% hærra verðs en ella.<sup>2555</sup>

Samkvæmt þessum heimildum verður að telja það málefnalegt að líta svo á að verðsamráð leiði að jafnaði til a.m.k. 10% hærra verðs en ella. Gagnlegt er að átta sig á því hvað það þýddi ef framangreindum sjónarmiðum yrði beitt í þessu máli. Heildarvelta olíufélaganna á rannsóknartímabilinu reiknuð til verðlags ársins 2001 nemur u.þ.b. 280 milljörðum króna.<sup>2556</sup> Sala á mikilvægustu vöruflokkum sem rannsókn þessi tekur til, þ.e. fljótandi eldsneyti, smurolía og gas, nemur jafnaðarlega 80–90% af heildarveltu félaganna. Í þessu mati er hér í varúðarskyni gengið út frá lægra hlutfallinu, 80%. Heildarvelta félaganna á mikilvægustu mörkuðum þessa máls nam því u.þ.b. 224 milljörðum króna á sama tímabili, einnig miðað við verðlag ársins 2001. Áætlaður ávinnungur miðað við 10% af veltu á þeim mörkuðum þar sem samráð átti sér stað nam því um 22 milljörðum króna.

Ekki er í þessu máli lagt til grundvallar að ávinnungur olíufélaganna hafi numið þessari fjárhæð. Þessi mælikvarði, sem byggir á viðurkenndum sjónarmiðum, sýnir hins vegar að mat samkeppnisráðs á ávinningi olíufélaganna, hvort sem miðað er við ávinnung af hækkun framlegðar eða af skiptisölu, hlýtur að teljast hóflegt.

#### 4.5. Andmæli olíufélaganna vegna ætlaðs ávinnings af broti þeirra

Með andmælum olíufélaganna við frumathugun Samkeppnisstofnunar fylgdu sérstakar skýrslur sem nefnast „*Greinargerð um mat Samkeppnisstofnunar á ávinningi olíufélaganna af meintu ólöglegu samráði, tímabilið 1998–2001*“, og var ein skýrsla frá hverju félagi með þessu heiti. Texti skýrslanna er að mestu efnislega samhljóða, en talnaefni kemur frá hverju félagi um sig. Höfundar skýrslanna eru

<sup>2553</sup> 2003 Federal Sentencing Guidelines. Chapter 2 Part R- Antitrust Offenses: „...there is near universal agreement that restrictive agreements among competitors, such as horizontal price-fixing (including bid-rigging) and horizontal market-allocation, can cause serious economic harm.“

<sup>2554</sup> Í skýringum refsinefndarinnar segir m.a. þetta: „In selecting a fine for an organization within the guideline fine range, the court should consider both the gain to the organization from the offense and the loss caused by the organization. It is estimated that the average gain from price-fixing is 10 percent of the selling price. The loss from price-fixing exceeds the gain because, among other things, injury is inflicted upon consumers who are unable or for other reasons do not buy the product at the higher prices. Because the loss from price-fixing exceeds the gain, subsection (d)(1) provides that 20 percent of the volume of the affected commerce is to be used in lieu of the pecuniary loss...“

<sup>2555</sup> G.J. Werden and M.J. Simon, Why price fixers should go to prison, (Winter 1987) Antitrust Bulletin 917: „... a conservative estimate of the average price increase from price-fixing is 10 percent.“

<sup>2556</sup> Hér er átt við samtölu rekstrartekna Olíufélagsins, Skeljungs og Olís fyrir tímabilið frá mars 1993 til desember 2001. Velta fyrir árið 1993 er námunduð með því að margfalda ársveltu með 10/12. Þessar fjárhæðir eru síðan færðar til fasts verðlags miðað við vísitölu neysluverðs.

hagfræðingarnir Dr. Tryggvi Þór Herbertsson og Dr. Jón Þór Sturluson. Meginniðurstaða skýrslanna er sú að mat Samkeppnisstofnunar á meintum ávinningi olíufélaganna vegna meints samráðs þeirra sem fram kom í frumathugun stofnunarinnar sé algjörlega órökstutt og að líkur væru á að hækkun framlegðar ætti sér aðrar og eðlilegar skýringar. Skýrslur þessar verða hér eftir nefndar skýrslur hagfræðinga olíufélaganna. Varðandi mat á ávinningi vísa olíufélögin einkum til þessara skýrslna og fela andmæli félaganna sjálfra fyrst og fremst í sér endursögn á efni skýrslanna. Í andmælum félaganna er þó að finna nokkrar athugasemdir sem rétt er að fjalla sérstaklega um. Verða þessum athugasemdum hér fyrst gerð skil. Síðan verður vikið að sjónarmiðum hagfræðinga olíufélaganna.

#### 4.5.1. Almennar athugasemdir olíufélaganna

Til stuðnings niðurstöðum í skýrslu hagfræðinganna leggur OHF í fyrsta lagi fram „*skjal með samanburði á heimsmarkaðsverði og innkaupaverði farma árin 2001, 2002 og 2003 auk þess sem bornar voru saman raunverulegar breytingar og breytingar samkvæmt meðalverði og gengi. Skjal þetta var unnið í allt öðru samhengi en umbj. okkar telur það styrkja niðurstöðu umrædds sérfræðiálits og er því skjalið lagt fram í málinu.*“ Umrætt skjal er að finna í viðauka 2 við athugasemdir OHF.

Í annan stað segir í almennum andmælum OHF að hafa verði í huga hvert inntak hugtaksins ávinningur sé. Það taki aðeins til ávinnings af ólögmætri háttsemi. Segir félagið að stór hluti ávirðinga Samkeppnisstofnunar um ólögmætt samráð olíufélaganna sé ósannaður. Væri því auðsjáanlega ekki hægt að líta til þeirra tímabila sem ósannað væri að haft hafi verið samráð, þegar ávinningur af ólögmætri háttsemi væri reiknaður.

Áður hefur verið um það fjallað að OHF telur ósannað að hækkun einingaframlegðar megi rekja til ávinnings af ólögmætu samráði, sbr. kafla X 4.3.9.

Loks vísar OHF til fylgiskjals 3 með andmælum félagsins, en þar er að finna skýringar Geirs Magnússonar fyrrverandi forstjóra félagsins sem tengjast mati á ávinningi. Eru skýringarnar í formi yfirlits um ýmsar fjárhagsstærðir Olíufélagsins fyrir árin 1991 til 2001, m.a. veltu, afkomu og arðsemi eigin fjár. OHF gerir einnig athugasemdir við umfjöllun um ávinning af skiptisölu, sbr. kafla X 4.4.

Í athugasemdum Skeljungs kemur fram að félagið sé sammála því mati Samkeppnisstofnunar að þróun arðsemi eigin fjár eða hagnaðar olíufélaganna sé ekki einhlítur mælikvarði til þess að mæla ábata af ætlaðri ólögmætri háttsemi. Þessir „*mælikvarðar veita þó augljóslega engar vísbendingar um að olíufélögin hafi haft nokkra þá stöðu eða hegðun á markaðnum sem hafi skapað þeim óeðlilegan ávinning á því tímabili sem til rannsóknar hefur verið.*“ Skeljungur fjallar síðan um aðferð Samkeppnisstofnunar við að meta ávinning. Stofnunin hafi reynt að mæla ávinninginn

sem mismun (hærri) einingaframlegðar árin 1998 til 2001 og (lægri) einingaframlegðar árin 1995 til 1997. Félagið telur þessa aðferð gallaða og bendir á þetta:

*„Að mati Skeljungs er þessi nálgun Samkeppnisstofnunar víðs fjarri raunveruleikanum og aðferðin sem notuð er studd við ónothæfan mælikvarða til þess að reikna út ávinning af ætluðu samráði. Skal hér nefnt tvennt:*

- 1. Á fyrri hluta samanburðartímabilsins var að ljúka erfðri efnahagslægð en á síðara tímabilinu (1998–2001) var samfellt hagvaxtarskeið. Í rekstri fyrirtækja almennt jukust kröfur um arðsemi fjár mjög á milli tímabilanna. Laun starfsmanna hækkuðu mjög að raungildi. Hækkun framlegðar milli tímabilanna var því almenn regla sem leiddi af markaðsaðstæðum án þess að samráð hafi þar komið við sögu.*
- 2. Skeljungur telur að frumathugunin í heild og gögn málsins sýni að samvinna olíufélaganna hafi verið mun meiri á fyrri hluta þess tímabils sem var til rannsóknar (1993–1997) en hún var síðustu ár tímabilsins (1998–2001). Framlegðarútreikningar Samkeppnisstofnunar varðandi fljótandi eldsneyti sýna lægri framlegð hjá Skeljungi þann hluta tímabilsins sem samvinnan var meiri, en hærri framlegð eftir að samvinna félaganna minnkaði. Forsenda um að framlegðaraukning hafi stafað af samráði er því röng að mati Skeljungs.“*

#### 4.5.2. Mat samkeppnisáðs

Að mati samkeppnisráðs er það rangt hjá Skeljungi að samráð olíufélaganna hafi verið minna á tímabilinu eftir 1997. Hér nægir að vísa til yfirlitsins um ólöglegt samskipti olíufélaganna sem fram kemur í kafla III 2.2 og upptalningu í kafla X 2.2 á því samráði félaganna sem var framkvæmt. Í raun felst í framangreindum málflutningi Skeljungs staðfesting á meginniðurstöðu þessa máls varðandi ólöglegt ávinning. Eins og fram hefur komið telst það sannað í málinu að olíufélögin ákváðu síðla árs 1996 að grípa til aðgerða í því skyni að auka framlegð félaganna af sölu eldsneytis. Var þessi samningur olíufélaganna framkvæmdur og gripu félögin frá og með árinu 1997 markvisst til ýmiskonar aðgerða til að auka framlegð, sbr. kafla VI. Þetta samráð skilaði árangri og hækkaði framlegð olíufélaganna á síðara tímabilinu, eins og Skeljungur bendir réttilega á. Fjallað verður um meint áhrif breytinga í hagkerfinu síðar, sbr. kafla X 4.5.4.

OHF vísar í fyrsta lagi til fylgiskjals 2 með andmælum félagsins, en það fjallar um samanburð á heimsmarkaðsverði og innkaupsverði farma árin 2001, 2002 og 2003. Telur félagið að skjal þetta styrki niðurstöður í skýrslu hagfræðinga olíufélaganna fyrir félagið. Engar skýringar koma þó fram um þetta efni aðrar en þær sem vitnað var til hér að framan. Samkeppnisráð bendir á að rannsókn þessa máls tekur til atvika á árunum 1993–2001. Ekki er ljóst hvaða þýðingu umrætt fylgiskjal 2, sem tekur til

áranna 2001–2003, hefur í þessu sambandi, enda hefur það á engan hátt verið útskýrt af hálfu OHF. Í ljósi þessa telur samkeppnisráð að skjal þetta hafi enga þýðingu í málinu.

OHF heldur því fram að stór hluti ávirðinga Samkeppnisstofnunar um ólögmeitt samráð sé ósannaður. Ávinningur geti aðeins tekið til sannaðs ávinnings af ólögmeðtri háttsemi. Því megi ekki líta til þeirra tímabila þegar engin sönnun liggur fyrir um ólögmeitt samráð. Samkeppnisráð bendir á hinn bóginn á að í ákvörðun þessari telst það þegar fullsannað að olíufélögin höfðu með sér samfellt samráð á öllu rannsóknartímabilinu. Í því samráði fólust m.a. aðgerðir sem ætlað var að auka framlegð félaganna. Þetta sjónarmið OHF á því ekki við í þessu sambandi.

Í fylgiskjali 3 við athugasemdir OHF koma fram skýringar Geirs Magnússonar fyrrverandi forstjóra félagsins í formi yfirlits um ýmsar fjárhagsstærðir hjá félaginu fyrir árin 1991 til 2001, s.s. veltu, afkomu, arðsemi eigin fjár og afkomu pr. seldan lítra. Virðist þessu yfirliti ætlað að sýna fram á að afkoma og arðsemi félagsins hafi verið með þeim hætti á þessu tímabili að ekki bæri vott um samráð olíufélaganna eða að meint samráð hafi borið einhvern árangur. Að mati samkeppnisráðs verður ekki séð að fylgiskjal þetta feli í sér nokkuð nýtt í málinu sem hafi þýðingu fyrir úrlausn þess, en yfirlit þetta var raunar upphaflega lagt fram á fundi forstjórans með Samkeppnisstofnun í desember 2002.<sup>2557</sup> Það athyglisverðasta við skjalið er að forstjórinn fyrrverandi notar að hluta nánast sömu aðferð og hér er gert við að meta rekstrarárangur félagsins, þ.e. að setja fram afkomu á seldan lítra og það hve mikið hún þyrfti að batna til þess að ná tilteknum markmiðum um arðsemi eigin fjár. Er þetta raunar viðurkennt í athugasemdum OHF. Þá er minnt á það sem áður hefur komið fram að samkeppnisráð telur að þróun í arðsemi eigin fjár eða hagnaði hafi ekki ráðandi þýðingu við mat á ávinningi af samráði félaganna, heldur beri að meta það með þeim hætti sem gert var hér að framan. Telur samkeppnisráð því að fylgiskjal 3 við athugasemdir OHF hafi enga sérstaka þýðingu við mat á ávinningi.

Í athugasemdum olíufélaganna eru dregnar tiltekna ályktanir af skýrslum hagfræðinga olíufélaganna. Í athugasemdum OHF segir að í skýrslunni sem unnin var fyrir félagið séu færðar fram „[h]agfræðilegar vísbendingar þess að samkeppnin á íslenska olíumarkaðinum hafi farið vaxandi“ á síðari hluta þess tímabils sem meint brot hafi staðið yfir og samstarf félaganna hafi minnkað. OHF fullyrðir einnig að skýrsla hagfræðinganna styðji það sjónarmið að „orsakir markaðshegðunar umbj. okkar áttu fyrst og fremst rætur að rekja til eðlis þess markaðar sem umbj. okkar starfar á en ekki til ólögmeits samráðs.“ Í athugasemdum Skeljungs segir að á grundvelli tölfræðirannsóknar sem lýst sé í 5. kafla í skýrslunni og sögð byggjast á traustum hagfræðilegum grunni og gögnum frá olíufélagunum, telji hagfræðingarnir

<sup>2557</sup> Sjá fundargerð Samkeppnisstofnunar vegna fundar með forstjóra OHF og framkvæmdastjóra fjármálasviðs, dags. 3.12.2002.

að ekki sé með nokkru móti hægt að draga þá ályktun að háttsemi olíufélaganna á árabílinu 1998–2002 hafi leitt til minni samkeppni og aukinnar álagningar. Þá kemur fram í athugasemdum Olís að „...samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja, frá hlutlausum sérfræðingum, bendir ekkert til þess að meint samráð hafi orðið til tjóns fyrir neytendur. Raunar koma engar vísbendingar fram um það á markaði að samráð hafi verið um verðmyndun.“ Einnig kemur fram í athugasemdum Olís að: „Sú skýrsla sýnir svo ekki verður um villst að vinnubrögð Samkeppnisstofnunar við sönnunarfærslu stenst ekki fræðilega skoðun og að stór hluti ásakana og aðdróttana stofnunarinnar eiga einfaldlega ekki við nein rök að styðjast.“

Að mati samkeppnisráðs fæst ekki betur séð en olíufélögin telji að einhverju leyti að skýrslur hagfræðinganna geti hnekkst sönnunarfærslu um samráð í þessu máli eða feli í sér rök fyrir því að sönnun í þessu máli sé ekki byggð á traustum grunni. Ef það er réttur skilningur vill samkeppnisráð taka þetta fram.

Í málinu liggur fyrir fjöldi skjala sem með beinum hætti sýna fram á samráð olíufélaganna. Þegar svo ber undir hefur hagfræðileg greining á markaðnum enga þýðingu við mat á því hvort brot teljast sönnuð, sbr. kafla III 1.3.1.<sup>2558</sup> Þannig geta t.d. útreikningar á grundvelli fræðilegra líkana engu breytt um gildi beinnar sönnunar um samráð. Bent hefur og verið á það af hagfræðingum að hagfræðileg greining við mat á því hvort samráð hafi átt sér stað geti verið ófullkomið tæki.<sup>2559</sup> Talsverð reynsla er af notkun hagfræðiskýrslna í bandarískum samráðsmálum. Hafa komið fram sjónarmið í þeim rétti sem benda til þess að varhugavert sé að líta um of til slíkra skýrslna sem

---

<sup>2558</sup> Sjá einnig t.d. Doris Hildebrand, *The Role of Economic Analysis in the EC Competition Rules*, (önnur útgáfa 2002) bls. 187–188.

<sup>2559</sup> F M Scherer, „The Posnerian Harvest: Separating Wheat from the Chaff“ (1977) 86 *Yale Law Journal* 974: „The trouble is, economic analysis is an elastic instrument, and I am sorry to report, some economists’ consciences are also elastic, so one can find economists who with apparent conviction will explain away any pattern of behaviour, however bizarre, as the consequence of special but highly competitive industry circumstances ...“



fyrirtæki, sem sökuð er um samráð á grundvelli beinna sönnunargagna, afla sér til að sýna fram á að þau hafi ekki tekið þátt í slíku broti.<sup>2560</sup>

#### 4.5.3. Skýrslur hagfræðinga olíufélaganna

Meginathugasemdir í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna eru dregnar saman í samantektarköflum skýrslanna. Samantektin í skýrslu þeirra fyrir Skeljung er svohljóðandi.<sup>2561</sup> Til þess að einfalda framsetningu og gera umfjöllun samkeppnisráðs skýrari, hefur verið bætt við númeri við eftirfarandi málsgreinar:

1. *„Í þessari skýrslu eru meðal annars sett fram rök fyrir því að sú aðferð sem Samkeppnisstofnun notar til að meta áætlaðan ávinning af meintu samráði taki ekki tillit til þess að á hverjum tíma eru margir þættir sem hafa áhrif á verð, kostnað og framlegð fyrirtækja – þættir eins og heimsmarkaðsverð, arðsemiskrafa, þróun gengis, almennt efnahagsástand, næmni neytenda fyrir verðbreytingum o.s.frv.*
2. *Skýrsluhöfundar fá ekki séð, að sú framlegðaraukning sem á að hafa orðið í kjölfar meints samráðs hafi leitt til verðhækkana olíuvara á Íslandi eftir 1997 umfram almennar verðlagshækkanir. Að sjálfsögðu ber þó að skoða nánar hvaða undirliggjandi kostnaðarliðir hafa áhrif á verðlag, auk*

<sup>2560</sup> Sjá t.d. eftirfarandi ummæli: Prettyman, Proof of Economic and Scientific Facts, 20 A.B.A. Antitrust Sec. Proc. 64, 68 (1962): „Given the present state of economic science...any diligent lawyer...can find an economist..who is willing to testify to the economic validity of the theory of the case put forward by the hiring attorney“; Kenneth Elzinga, New Developments on the Cartel Front, 29 Antitrust Bull. 3, 15 (1984): „Neither economic theory nor research has been able to identify any reasonably invariable relationship between market price, performance or structure and either the presence or absence of collusion.“ Leary, Use and Misuse of Economic Experts, 52 Antitrust L. J. 823, 831 (1983): Greint er frá vitnisburði prófessors Stigler (sem hlaut nóbelsverðlaunin í hagfræði 1982) í tilteknu samkeppnismáli fyrir alríkisdómstóli. Fyrir dómnum var prófessorinn spurður að þessu:

„Q: In your own book you say that: „The apparatus of economics is very flexible. Without breaking the rules of profession by being illogical or denying the validity of the traditional theory, a sufficiently clever person can reach any conclusion he wishes on any real problem.“ Do you still agree with that statement?

A: Substantially.“

Hér má einnig líta til greinar eftir sama prófessor. George Stigler, What does an Economist Know?, 33 J. Legal Educ. 311 (1983): „Our participation in antitrust discussion, let alone litigation, has corrupted the terminology of economics. There is no established economic content to words such as „collusion“, „conspiracy“, or „concerted action“.“ Í tilteknu samráðsmáli var deilt um hvort ákveðin aðferð við verðlagningu („multiple basing point system“) sýndi fram á samráð. Í málinu hélt einn hópur hagfræðinga þessu fram; „competition alone could lead to the evolution of a multiple basing point system of uniform delivered prices and terms of sale for an industry with standardized product and with relatively high freight cost“. Annar hópur hagfræðinga hélt því hins vegar fram að þetta atriði; „contravened accepted economic principles and could only have been maintained through collusion.“ Federal Trade Commission v Cemente Inst. 333 U.S. 683, 715.

<sup>2561</sup> Sami kafli í skýrslum hagfræðinganna fyrir OHF og Olís er samhljóða, að öðru leyti en því að þar er ekki að finna sambærilegar athugasemdir um meðferð á gögnum um einingaframlegð og áhrif af breytingum á sölu- og umboðslaunakerfi eins og fram koma í 5. mgr. hér á eftir, auk þess sem fjárhæðir um mat á ávinningi eru aðrar, sbr. 6. mgr. hér á eftir.

*álagningar fyrirtækjanna, ef ætlunin er að draga ályktanir um áhrif meints samráðs, en það er einmitt efni þessarar skýrslu.*

- 3. Í frumathugun Samkeppnisstofnunar er engin sérstök skýring gefin á því hvers vegna einblínt er á einingarframlegð sem krónutölu en ekki álagningarhlutfall eins og almennt er gert í samkeppnisrannsóknnum. Sterk hagfræðileg rök eru fyrir því að miða eigi við álagningarhlutfall ef nota á framlegð sem viðmið yfir höfuð.*
- 4. Í 3. kafla er sýnt fram á að framlegð í krónutölu og álagningarhlutfallið hefur þróast með mismunandi hætti. Þannig getur framlegðarhlutfallið verið að lækka þrátt fyrir að framlegð í krónutölu sé að hækka. Í kaflanum kemur einnig fram að framlegðarhlutfallið hreyfist minna en framlegð í krónutölu, sem stafar af því að framlegðarhlutfallið er síður háð þáttum eins og breytingum á gengi og heimsmarkaðsverði á eldsneyti.*
- 5. Jafnvel þó litið sé framhjá vanköntum á aðferðafræði Samkeppnisstofnunar fæst ekki séð að samantekt stofnunarinnar á einingaframlegð Skeljungs sé í fullu samræmi við bókhaldsgögn félagsins. Sjálfstæð úttekt skýrsluhöfunda á einingarframlegð Skeljungs á tímabilinu 1994 til 2003 leiðir í ljós aðra mynd en Samkeppnisstofnun dregur fram af þróun einingarframlegðar. Hluta þessa mismunar má rekja til þess, að fram til ársins 1996, og þar með talið á viðmiðunartímabilinu sem hér um ræðir, voru laun til umboðsmanna Skeljungs vítt og breytt um landið dregin frá framlegð. Frá 1997 hafa umboðslaun hins vegar horfið í kjölfar skipulagsbreytinga og allur sölu- og umboðskostnaður er nú færður sem rekstrarkostnaður utan framlegðar. Þetta hefur augljóslega áhrif á framlegðina til hækkunar.*
- 6. Í frumskýrslu Samkeppnisstofnunar eru færð rök fyrir því að hækkun á framlegð sé besta vísbendingin um ábata olíufélaganna vegna samráðs. Þannig er það metið að ávinningur Skeljungs af samstarfi um hækkun einingarframlegðar í fljótandi eldsneyti hafi numið allt að [...] milljónum króna á verðlagi 2001 á árabilinu 1998–2001, borið saman við einingarframlegð á viðmiðunartímabilinu 1995–1997. Ef tekið er tillit til fyrrnefndra skipulagsbreytinga hefði framlegðin verið lægri sem nemur rúmlega [...] milljónum króna á tímabilinu 1998–2001 (á verðlagi ársins 2001) ef umboðslaunin hefðu fengið sömu bókhaldsmeðhöndlun og á viðmiðunartímabilinu. Þar sem Samkeppnisstofnun tekur ekki tillit til þessa atriðis er hægt að lækka meintan ávinning í [...] milljónir króna, eingöngu með því að leiðrétta þetta atriði.*

7. Mikill munur getur verið á framlegð einstakra ára vegna þróunar gengis íslensku krónunnar. Framlegð getur þannig mælst óvenju há ef gengi íslensku krónunnar hefur almennt verið hækkandi yfir árið en tiltölulega lág ef gengi krónunnar hefur farið lækkandi. Til lengri tíma litið ættu þessi áhrif að jafnast út, ef íslenska krónan endurspeglar efnahagsástand á Íslandi og góðæri og verri tímar skiptast nokkuð jafnt á. Á tímabili eins og árunum 1995–2001, þar sem gengi bandaríkjadals hækkaði jafnt og þétt úr u.þ.b. 65 krónum allt upp í 110 krónur, má búast við óvenju hárrí framlegð, samanborið við meðaltal margra ára. Sérstaklega á þetta við um tímabilið 1999–2001 þegar hækkun gengis bandaríkjadals var sem hröðust.
8. Á tímabilinu 1995–1997 var framlegðin nokkuð stöðug en fór svo óðum hækkandi á síðara tímabilinu og hrapaði síðan aftur með gengi dollars á árunum 2002 og 2003. Þessi atburðarrás er nærri nákvæmlega sú sem fræðileg umræða í 4. kafla spáir fyrir um. Það sem upp á vantar skýrist af breytingum sem urðu á álagningarhlutfallinu og heimsmarkaðsverði olíu.
9. Við fast framlegðarhlutfall er augljóst að breytingar á heimsmarkaðsverði olíu og gengis endurspeglast í breytilegri framlegð. Í 4. kafla er sýnt hvernig hækkandi verð á heimsmarkaði leiðir til hækkandi framlegðar við fast álagningarhlutfall og stöðugt gengi.
10. Fjöl margar alþjóðlegar rannsóknir á verðmyndun í mismunandi atvinnugreinum benda til þess að við fákeppnisaðstæður fylgi álagning hagsveiflunni. Tengsl álagningar og hagsveiflunnar eru þó ekki einsleit, en flestar athuganir benda til þess að há álagning fylgi uppsveiflu efnahagslífsins. Nú ber enginn brígdur á að fákeppni ríki í olíuverslun á Íslandi. Því er afar óheppilegt fyrir röksemdarfærslu Samkeppnisstofnunar að almennt efnahagsástand var mjög ólíkt á viðmiðunartímabilinu 1995–1997 því sem var á athugunartímabilinu 1998–2001. Á fyrra tímabilinu lauk einu lengsta samfellda samdráttarskeiði Íslandssögunnar og nýtt hagvaxtarskeið hófst. Á seinna tímabilinu var á hinn bóginn samfelldur hagvöxtur. Því er um gjörólikar aðstæður að ræða á þessum tveimur tímabilum og augljóst að taka verður tillit til þess við samanburð á álagningu.
11. Á grundvelli tölfræðirannsóknar í 5. kafla, sem byggist á traustum hagfræðilegum grunni og gögnum frá öllum olíufélögum, er ekki með nokkru móti hægt að draga þá ályktun að háttsemi olíufélaganna á tímabilinu 1998 til 2002 hafi leitt til minni samkeppni og aukinnar álagningar, að teknu tilliti til annarra þátta sem hafa áhrif á

*jaðarkostnað, svo sem þróunar gengis, heimsmarkaðsverðs, fjármagnskostnaðar og efnahagsástands.“*

#### 4.5.4. Mat samkeppnisráðs

Í köflum X 4.1–4.3.8 hér að framan er fjallað með ítarlegum hætti um mat á ávinningi af ólögumætu samráði olíufélaganna. Er þar að finna umfjöllun um ávinning og skaða, m.a. með tilvísun til hliðstæðrar umfjöllunar hjá erlendum samkeppnisyfyrvöldum, ásamt nánari lýsingu og skilgreiningu á ávinningi og mögulegum útreikningsaðferðum í því sambandi.

Þá hefur við mat á andmælum olíufélaganna verið farið yfir þá gagnrýni sem fram kemur í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna og lagt mat á réttmæti hennar. Í þessu samhengi hefur verið aflað nýrra upplýsinga frá Skeljungu, sem varða útreikning framlegðar, og hefur framlegð félagsins verið reiknuð á ný í ljósi þeirra. Sömuleiðis er tekið tillit til sjónarmiða Olís varðandi mat á framlegðartölum félagsins. Hvað önnur atriði varðar getur samkeppnisráð í meginatriðum ekki fallist á réttmæti þeirra athugasemda og gagnrýni, sem fram kemur í skýrslunum. Fjallað verður um einstök atriði síðar í þessum kafla, eftir því sem efni standa til. Áður en vikið verður nánar að einstökum atriðum í skýrslum hagfræðinganna, er hins vegar óhjákvæmilegt að fjalla um almenn atriði sem hafa grundvallarþýðingu fyrir mat á þeim sjónarmiðum sem þar eru sett fram.

Í athugasemdum Skeljungs kemur fram að olíufélögin hafi haft samstarf um það að leita til nefndra sérfræðinga. Er þessu lýst með eftirfarandi hætti í athugasemdum Skeljungs, bls. 60–61:

*„Þegar lögmönnum olíufélaganna barst síðari hluti frumathugunarinnar ... varð það sameiginleg niðurstaða lögmanna að leita til fremstu sérfræðinga hér á landi á þessu sviði í því skyni að fá fram mat þeirra á niðurstöðum og vinnuaðferðum starfsmanna Samkeppnisstofnunar að þessu leyti. Fengu umræddir sérfræðingar til skoðunar bls. 422–447 í seinni hluta frumathugunar hvað varðar Skeljung og ótakmarkaðan aðgang að bókhaldi og starfsmönnum félagsins til gagnaöflunar. Sérfræðingarnir fengu sambærilegan aðgang að gögnum hjá hinum olíufélögnum.“*

Á fundi samkeppnisráðs 18. október 2004 staðfesti lögmaður Skeljungs að verklagið hafi verið með þessum hætti. Hér er m.ö.o. tekið skýrt fram að hagfræðingarnir hafi einungis fengið til athugunar viðurlagakafli í frumathugun Samkeppnisstofnunar en ekkert um atvik málsins og þau fjölmörgu alvarlegu ætluðu brot sem viðurlögin beindust gegn og lýst var á 421 blaðsíðu þar að framan í frumathugun II sem og í frumathugun I allri, sem var 155 blaðsíður að lengd.

Í þessu samhengi verður að hafa í huga að óumdeilt er í málinu að framlegð olíufélaganna af sölu á eldsneyti hækkaði umtalsvert. Í skýrslum hagfræðinganna er reynt að færa fram rök sem eiga að sýna fram á að skýringin á þessu byggi í aðalatriðum á eðlilegri hegðun fyrirtækja á fákeppnismarkaði. Er í því sambandi m.a. vísað til erlendra rannsókna og settir fram útreikningar á grundvelli fræðilegra líkana. Hagfræðingarnir hafa hins vegar ekki samkvæmt framangreindri lýsingu haft fullnægjandi upplýsingar um hið sannaða markvissa samráð olíufélaganna um að auka framlegð. Hagfræðingarnir hafa með öðrum orðum sett fram tilgátu um orsakir á hækkun framlegðar án þess að hafa upplýsingar um atriði sem í þessu máli hljóta að hafa a.m.k. verulega þýðingu þegar reynt er að meta orsakir þessarar hækkunar á framlegð. Þegar af þessari ástæðu er ekki unnt að fallast á þá megin niðurstöðu hagfræðinganna að hækkun framlegðar olíufélaganna eigi sér eðlilegar skýringar. Með hliðsjón af þessu öllu verður að mati samkeppnisráðs einnig að telja að sú gagnrýni sem fram er sett í skýrslum hagfræðinganna sé ómarktæk, þar sem hún er þannig sett fram í tómarúmi um efni málsins og þau brot sem um ræðir.

Þessu til viðbótar verður að undirstrika að sú gagnrýni sem fram er sett í skýrslum hagfræðinganna á aðferðir í frumathugun Samkeppnisstofnunar byggist að mestu leyti á almennum fræðilegum forsendum í hagfræði, en grundvallast lítt eða ekki á þeim aðferðum sem erlend samkeppnisyfirköld hafa í reynd beitt við mat á ávinningi við sambærilegar aðstæður. Verður að telja að einnig þetta almenna atriði rýri mjög vægi þeirrar gagnrýni sem fram er sett í skýrslum hagfræðinganna.

Þessu til áréttingar má benda á stutta umfjöllun í inngangskafla skýrslna hagfræðinga olíufélaganna um skort á upplýsingum um áhrif samráðs og hvaða áhrif það hefur á sektargreiðslur. Er þar fyrst vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs í svokölluðu grænmetismáli, þar sem fram kom að þar sem ekki var unnt að leiða í ljós áhrif samráðsins á þróun heildsöluverðs á grænmeti, væri ekki mögulegt að beita íþyngjandi ákvæði áður gildandi 52. gr. samkeppnislaga um sektir vegna ávinningsviðkomandi félaga. Er þessu síðan jafnað við sektarákvarðanir framkvæmdastjórnar EB í samráðsmálum, þar sem fullyrt er að oft hafi komið fram að erfitt geti verið að meta verðáhrif af samráði, þar sem margir þættir hafi áhrif á verð viðkomandi vöru. Virðist þessari umfjöllun vera ætlað að sýna fram á að það sé nánast talið útilokað í samkeppnisrétti að meta ávinning af tjóni eða samráði. Þessi frásögn er þó villandi og ber ekki vott um að hagfræðingar olíufélaganna hafi kynnt sér vel sektarframkvæmd hér á landi og sektarreglur framkvæmdastjórnar EB og beitingu þeirra.

Í þágildandi ákvæði 52. gr. samkeppnislaga var það skilyrði fyrir því að heimilt væri að beita sektum umfram 40 milljónir króna og allt að 10% af veltu að sýnt væri fram á ábata fyrirtækja af samráðinu umfram 40 milljónir króna. Ástæða þess að veltutengdum sektum var ekki beitt í grænmetismálinu var sú að ekki tókst að afla

upplýsinga um m.a. verðþróun á viðkomandi markaði.<sup>2562</sup> Þessi niðurstaða byggðist því á skorti á áþreifanlegum gögnum en ekki á einhverjum almennum örðugleikum á því að meta skaða eða áhrif af samráði. Í þessu máli hins vegar liggja fyrir ítarleg og traust gögn sem leyfa mat á ávinningi.

Í sektarákvæðum í EES/EB-samkeppnisrétti er engin krafa um að sýna fram á sannanlegan ávinning og getur t.d. skýr ásetningur haft engu minni áhrif á sektarákvörðun en sannanleg áhrif af broti, sbr. kafla X 2.2. Á hinn bóginn getur sannaður ávinningur af samráði haft áhrif við mat á alvarleika brots og leitt til hærri sekta. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB og Eftirlitsstofnunar EFTA kemur fram að þessi samkeppnisyfirvöld muni hækka sektir í þeim tilvikum þar sem unnt er að leggja hlutlægan mælikvarða á ávinning af broti á samkeppnisreglum.<sup>2563</sup> Er að finna ýmis dæmi þar sem sönnuð áhrif af samráði hafa leitt til hærri sekta. Er því villandi að gefa til kynna að hugsanlegir erfiðleikar við að sýna fram á áhrif samráðs á markaði hafi almennt haft áhrif á sektir framkvæmdastjórnar EB.

Eins og fram kom hér að framan segir í andmælum Skeljungs að hagfræðingar olíufélaganna hafi haft ótakmarkaðan aðgang að bókhaldi félaganna og starfsmönnum þeirra til gagnaöflunar. Svo er þó ekki að sjá að þeir hafi nýtt sér þetta með þeim hætti sem eðlilegt hlýtur að teljast. Í það minnsta er þess hvergi getið í skýrslum þeirra hvaða þýðingu framlegð og einingaframlegð af fljótandi eldsneyti hafa gegnt í reglubundnu eftirliti með rekstri félaganna ásamt lykilhlutverki í áætlanagerð þeirra. Verður nánar að þessu vikið undir tölu 3 hér á eftir.

Í andmælum sínum hafa olíufélögin við kynningu á skýrslum hagfræðinga félaganna lagt ríka áherslu á að umræddar skýrslur hafi verið samdar af óháðum sérfræðingum, en skýrslurnar hefjast á yfirliti um námsferil, prófgráður og fræðistörf höfunda. Við mat á trúverðugleika og hlutleysi þessara skýrslna telur samkeppnisráð engu að síður að hafa beri í huga að hér er ekki um að ræða sjálfstæðar rannsóknarniðurstöður sem teknar hafi verið saman án tengsla við það mál sem hér um ræðir, heldur voru skýrslurnar þvert á móti samdar að beiðni olíufélaganna. Ýmis atriði í nefndum skýrslum eru raunar þess eðlis að efasemdir vakna um vísindaleg vinnubrögð höfunda þeirra. Sem dæmi má nefna umfjöllun um viðurlög í samkeppnisrétti EB, sem er að finna á bls. 6–7 í skýrslunum, og umfjöllun um 10. gr. samkeppnislaga á bls. 14, sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að einungis sk. „beint samráð“ en ekki „óbeint“ geti talist

---

<sup>2562</sup> Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2001 er m.a. bent á þetta: „Niðurstaðan er því sú að engar heildstæðar upplýsingar liggja fyrir um heildsöluverð á því tímabili sem rannsókn þessi tekur til og því ljóst að ekki er unnt með þeim hætti að upplýsa um þróun heildsöluverðs á grænmeti og ávöxtum.“

<sup>2563</sup> Commission Notice, Guidelines on the Method of Setting Fines Imposed pursuant to Article 15(2) of Regulation No 17, OJ 1998 C 9/3. Í leiðbeiningareglum þessum segir að framkvæmdastjórnin muni hækka sektir vegna t.d.: „need to increase the penalty in order to exceed the amount of gains improperly made as a result of the infringement when it is objectively possible to estimate that amount.“

brot á samkeppnislögum og samkeppnisreglum EES samningsins. Í báðum tilvikum er um að ræða óskýra umfjöllun hagfræðinga olíufélaganna um lögfræðileg atriði. Þá má nefna að á bls. 19 í skýrslu hagfræðinga olíufélaganna til Skeljungs er að finna harða gagnrýni á vinnubrögð Samkeppnisstofnunar og segir þar m.a. svo: „*Jafnvel þótt litið sé framhjá vanköntum á aðferðafræði Samkeppnisstofnunar fæst ekki séð að samantekt stofnunarinnar á einingaframlegð olíufélaganna sé í fullu samræmi við bókhaldsgögn félaganna.*“ Þetta er rangt: ásökun um að samantekt Samkeppnisstofnunar sé ekki í samræmi við bókhaldsgögn kemur einungis fram í skýrslu Skeljungs, en hvorki frá OHF né Olís, enda hefði slíkt verið erfitt, þar sem alfarið var byggt á gögnum félaganna sjálfra. Er yfirbragð skýrslanna að þessu leyti líkari málflutningi fyrir hönd olíufélaganna en úttekt óháðra sérfræðinga. Rýrir það fræðilegt gildi þeirra. Í umfjöllun um einstök efnisatriði skýrslanna hér á eftir verður nánar vikið að vinnubrögðum skýrsluhöfunda.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum telur samkeppnisráð í raun óþarft að fjalla nánar um skýrslur hagfræðinga olíufélaganna. Engu að síður verður hér á eftir fjallað stuttlega um helstu efnisatriði gagnrýnnar, í sömu röð og þau birtast í samantekt skýrslna hagfræðinga félaganna hér að framan.

1. *Aðferð Samkeppnisstofnunar tekur ekki tillit til þess að margir þættir hafa áhrif á verð, kostnað og framlegð fyrirtækja, s.s heimsmarkaðsverð, arðsemiskrafa og þróun gengis.*

Eins og ráða má af því sem komið hefur fram hér að framan, m.a. í kafla 4.3.1, er þessi gagnrýni ekki á rökum reist. Sú aðferð að meta ávinning á grundvelli breytinga á einingaframlegð hefur einmitt þann kost að með henni er tekið tillit til mikilvægustu þátta sem áhrif hafa á kostnaðarverð seldra vara og verðmyndun eldsneytis, m.a. breytinga á heimsmarkaðsverði á olíuvörum og gengi. Þá hafa olíufélögin sjálf augljóslega litið svo á að beint samband væri á milli markmiða þeirra um að auka einingaframlegð í sölu eldsneytis og arðsemi félaganna, sbr. m.a. fylgiskjal 3 með andmælum OHF, sem áður hefur verið fjallað um. Það er einmitt tilgangur félaganna með fastri og reglubundinni framlegðargreiningu að fylgjast sem best með þróun mikilvægustu þátta sem áhrif hafa á kostnað og verðmyndun.

2. *Skýrsluhöfundar fá ekki séð að sú framlegðaraukning sem eigi að hafa orðið í kjölfar meints samráðs hafi leitt til verðhækkana olíuvara á Íslandi eftir 1997 umfram almennar verðlagshækkunarir.*

Þessi athugasemd er á misskilningi byggð. Athugun samkeppnisyfirvalda á framlegð beinist ekki að því hvort hækkun hafi orðið á verði fljótandi eldsneytis umfram almennar verðhækkunarir, heldur að því að bregða máli á ávinning

félaganna af ólögsmætu samráði. Ávinningur hefði geta orðið jafnvel þótt eldsneytisverð hefði ekki hækkað til samræmis við breytingar á almennu verðlagi, enda hefði þá aðfangaverð t.d. lækkað í verði. Þessi athugasemd í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna hefur því enga þýðingu.

Í ljósi þess að skýrsluhöfundar vekja máls á samanburði við almennt verðlag, er athyglisvert að skoða þróun framlegðar annars vegar og rekstrarhagnaðar hins vegar með hliðsjón af breytingum almenns verðlags. Eftirfarandi tafla sýnir þessar upplýsingar í dæmaskyni fyrir eitt félaganna, þ.e. Skeljung, en hún byggir á ársreikningi félagsins (móðurfélag), sbr. einnig töflu 2:

Tafla 9										Skeljungur hf.
Þróun rekstrarstærða miðað við almennar verðbreytingar										
	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Hagnaður af reglulegri starfsemi	100,0	112,2	222,1	258,1	357,6	128,6	236,0	735,1	471,5	1.028,2
Framlegð	100,0	106,8	105,4	112,0	122,1	119,6	135,9	160,0	188,4	221,0
Sölu- og dreifingarkostnaður	100,0	98,9	105,5	102,2	132,6	150,0	172,1	174,8	186,1	206,7
Annar rekstrarkostnaður	100,0	115,5	85,5	113,3	84,7	87,7	88,3	95,5	97,1	111,5
Rekstrartekjur	100,0	110,0	107,2	115,6	140,4	148,8	149,0	175,3	238,6	275,3
Afskriftir	100,0	103,5	115,6	108,8	132,4	138,1	168,4	178,4	191,9	179,1
Vísitala neysluverðs	100,0	104,1	105,6	107,4	109,9	111,8	113,7	117,6	123,5	131,8

Samkvæmt þessum upplýsingum hækkaði almennt verðlag á þessu tíu ára tímabili um 32%, en á sama tíma hækkaði framlegð fyrirtækisins um 121% og hagnaður af reglulegri starfsemi um 928%. Misvægið milli hækkunar framlegðar og rekstrarhagnaðar skýrist af því að almennur rekstrarkostnaður hækkaði ekki til samræmis við aukna framlegð. Þannig hefur almennur rekstrarkostnaður nánast staðið í stað þessi ár, en sölu- og dreifingarkostnaður hefur nærfellt tvöfaldast.<sup>2564</sup> Á þessu sama tímabili hefur veltan nærfellt þrefaldast, en afskriftir tæplega tvöfaldast. Hið síðastnefnda getur bent til þess að afkastageta hafi verið mun betur nýtt en áður og því hafi ekki verið þörf á fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum til jafns við aukningu á veltu. Verður að telja að þessi þróun mála gefi ekki vísbendingu um að virkt samkeppnislegt aðhald hafi ráðið ferðinni á mikilvægustu mörkuðum fyrirtækisins.

3. *Engin skýring gefin á því hvers vegna einblínt sé á einingaframlegð sem krónutölu en ekki álagningarhlutfall.*

Augljósasta og mikilvægasta skýringin á þessu er sú að olíufélagin sjálf nota þennan kvarða stöðugt og markvisst til þess að fylgjast með rekstrinum og gera áætlanir. Hvergi sér þess stað í gögnum málsins að athygli félaganna hafi beinst að

<sup>2564</sup> Vöxtur sölu og dreifingarkostnaðar er þó í raun væntanlega heldur minni en samanburður úr ársreikningum félagsins gefur til kynna, þar sem breyting varð á meðferð sölu- og umboðslauna hjá félaginu um áramót 1996/97, eins og áður hefur komið fram.



Lerner-vísitölunni<sup>2565</sup> og því síður að þau hafi fylgst með lambda-stuðlinum<sup>2566</sup>, eins og ætla mætti af lestri skýrslna hagfræðinga olíufélaganna að þau ættu að gera (sbr. t.d. 5. kafla). Þá hefur verið sýnt fram á það í kafla X 4.3.1 hér að framan að eðlilegt sé að beina sjónum að fjárhæð einingaframlegðar. Auk þess sýnist þessi kvarði prýðilega til þess fallinn að fylgjast með rekstrinum. Einingaframlegð margfölduð með seldu magni hinna ýmsu tegunda sýnir getu fyrirtækjanna til þess að standa undir almennum rekstrarkostnaði, vöxtum og hagnaðarkröfu eftir skatta. Það er því rangt sem skýrslur hagfræðinga félaganna gefa til kynna að þessi mælikvarði sé nánast ótækur til rannsóknar á áhrifum samráðsins og mats á ávinningi.

Þá má benda á að í verðútreikningum olíufélaganna og skýrslum sem þau gáfu Samkeppnisstofnun um það efni áður en rannsókn þessa máls hófst, kemur fram að einnig við verðútreikninga hafa þau notað krónutölu álagningar ekki síður en hlutfallstölur.

Ennfremur er augljóst að vegna fasts kostnaðar hefur viðskiptamagn veruleg áhrif á framlegðarkröfu. Félag sem nær til sín auknum viðskiptum í ákveðinni eldsneytistegund er þannig líklegt til þess að geta boðið lægra verð og þar með sætt sig við lægri einingaframlegð, bæði í krónum talið og hlutfallslega, en félag sem selur lítið magn af sömu tegund. Með sama hætti blasir við að birgðahaldstími skiptir máli við mat á álagningarþörf sem og sú þjónusta sem veita þarf. Með þetta í huga er því almennt ekki sjálfgefið að olíufélögin stefni að föstu framlegðar- eða álagningarhlutfalli við verðlagningu á fljótandi eldsneyti.

Jafnvel þótt skýrsluhöfundar hafi augljóslega ekki kynnt sér málsatvik, hefðu þeir samt átt að geta séð gögn olíufélaganna um framlegðaraukningu þar sem þeirra er að nokkru getið í þeim kafla frumathugunar II, sem þeir þó fengu aðgang að. Er þar m.a. vísað til mikils fjölda gagna sem stafa bæði frá bókhaldsdeildum félaganna og æðstu stjórnendum, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um framlegð og einingaframlegð (í kr. á lítra) af fljótandi eldsneyti. Ekki er ljóst hvort hagfræðingar olíufélaganna fengu aðgang að þessum gögnum, en ætla verður að þeim hafi gefist kostur á því, miðað við yfirlýsingu þeirra um ótakmarkaðan aðgang að bókhaldi félaganna. Það er á hinn bóginn ljóst að ekkert er gert með þessi gögn og sætir það undrun. Ekki þarf ítarlega skoðun á gögnum félaganna til þess að komast að raun um það að olíufélögin sjálf meta árangur sinn með hliðsjón af krónutölu framlegðar á lítra. Sú staðhæfing í skýrslum hagfræðinga

---

<sup>2565</sup> Lerner-vísitalan er mælikvarði á markaðsstyrk og byggist hún á kenningu Abba Lerner. Samkvæmt henni er markaðsstyrkur mældur sem mismunur á söluverði og jaðarkostnaði sem hlutfall af verði, þ.e. markaðsstyrkur er mældur sem (P-MC)/P, þar sem P er söluverð og MC er jaðarkostnaður. Um þessa vísitölu er fjallað í 5. kafla í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna.

<sup>2566</sup> Lambda-stuðullin ( $\lambda$ ) er útskýrður í 5. kafla í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna.

félaganna að ótækt sé af Samkeppnisstofnun að meta ávinning félaganna á grundvelli einingaframlegðar í krónum hittir því fyrir félögin sjálf. Með þessu eru hagfræðingarnir í raun að segja að í stjórnun og áætlanagerð hafi stjórnendur félaganna allra verið á villigötum við stjórnun þeirra. Sem dæmi um skjal sem sýnir þetta ótvírætt má nefna skjal aðstoðarforstjóra Skeljungs um framlegðartölur 1998. Þar segir í upphafi: „*Samráðsnefnd olíufélaganna hefur ákveðið eftirfarandi framlegðartölur fyrir 1998*“<sup>2567</sup>. Í framhaldi eru síðan tilgreindar fjárhæðir um áætlaða framlegð 1998 fyrir átta helstu tegundir fljótandi eldsneytis, áætlaða framlegð 1997 og framlegð í október 1997, allt í kr. á lítra.

Um þetta atriði má loks nefna að erlend samkeppnisyfirköld, sem rannsakað hafa samkeppni og verðmyndun á eldsneytismörkuðum, hafa ekki síður beint athygli sinni að álagningu (einingaframlegð) í fjárhæðum. Má hér t.d. benda á rannsókn dönsku samkeppnisstofnunarinnar á verðlagi á bensíni og olíum frá maí 2000, *Analyse af danske benzin- og oliepriser*<sup>2568</sup>. Þar er m.a. fjallað um markaðsaðstæður og verðmyndun á bensíni, dísilolíu og olíu til húshitunar. Greining stofnunarinnar á álagningu á þessum vörum er í formi króna á hvern lítra og samanburður við Þýskaland og Svíþjóð er með sama hætti gerður, sbr. m.a. kafla 3.4 og 3.5, bls. 28–32 í skýrslunni.

4. *Framlegð í krónutölu og álagningarhlutfall hafa þróast með mismunandi hætti.*

Að mati samkeppnisráðs getur varla komið á óvart að hvort tveggja geti breyst. Ólíkt því sem gefið er til kynna í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna gæti verið gild ástæða til þess að lækka álagningarhlutfall þegar innkaupsverð hefur hækkað og fyrirtækið þarf ekki eins hátt álagningarhlutfall til þess að standa undir kostnaði og hagnaðarkröfum. Á sama hátt gæti verið ástæða til þess að hækka álagningarhlutfall ef innkaupsverð lækkar verulega, til þess að ná þeirri álagningu á einingu sem dugar til þess sama. Er því fráleitt að halda því fram að þótt ósamræmi geti verið milli breytinga á framlegð í krónum talið og álagningarhlutfalls að annar mælikvarðinn sé vafasamari fyrir vikið. Svipuð sjónarmið koma fram í 9. mgr. samantektar á skýrslu hagfræðinga olíufélaganna. Sjá einnig svör við þessu atriði hér á eftir.

5. *Jafnvel þó litið sé framhjá vanköntum á aðferðafræði Samkeppnisstofnunar fæst ekki séð að samantekt stofnunarinnar á einingaframlegð Skeljungs sé í fullu samræmi við bókhaldsgögn félagsins.*

<sup>2567</sup> Afritað tölvuskjal frá Skeljungi, Framlegðartölur 1998.doc, vistað m.a. á svæði Gunnars Karls Guðmundssonar og Reynis A. Guðlaugssonar.

<sup>2568</sup> <http://www.ks.dk/publikationer/konkurrence/2000/benzin-olie/>

Samkeppnisráð getur ekki fallist á að aðferð Samkeppnisstofnunar hafi falið í sér vankanta, en hún hefur verið frekar útskýrð hér að framan. Liggur ljóst fyrir að sambærilegum aðferðum hefur verið beitt af erlendum yfirvöldum í hliðstæðum málum.

Aðferðin er sömuleiðis í fullu samræmi við fjárhagslegar upplýsingar um félögin. Hefur í ákvörðun þessari verið bent á að verðmæti framlegðar olíufélaganna í þeim vöruflokkum sem rannsóknin beinist að – sem reikna má út sem margfeldi sölu viðkomandi vörutegunda og einingaframlegðar þeirra – hefur numið um og yfir 80% af heildarframlegð af vörusölu samkvæmt ársreikningum. Sýnist þessi niðurstaða trúverðug, enda var henni ekki andmælt af félögunum. Hafi verið ágreiningur um þetta efni, var olíufélögunum og hagfræðilegum ráðgjöfum félaganna í lófa lagið að gera grein fyrir hvornig framlegðin greindist. Það kusu þeir að gera ekki.

Hvað varðar samantekt Samkeppnisstofnunar um einingaframlegð, hefur þegar verið fjallað um þetta atriði í kafla X 4.3.1 hér að framan og tekið fullt tillit til sjónarmiða Skeljungs og Olís í því sambandi.

6. *Ekki tekið tillit til áhrifa vegna breytinga á fyrirkomulagi sölu- og umboðslauna.*

Þegar hefur verið fjallað um þetta atriði í kafla X 4.3.1 hér að framan og tekið fullt tillit til sjónarmiða Skeljungs og Olíuverzlunar Íslands í því sambandi.

7. *Mikill munur getur verið á framlegð einstakra ára vegna þróunar gengis íslensku krónunnar.*

Þessi fullyrðing í skýrslu hagfræðinga olíufélaganna byggir á því sjónarmiði að eðlilegt sé að álagning olíufélaganna sé fast hlutfall af kostnaðarverði seldra vara. Eins og samkeppnisráð hefur bent á er það alls ekki sjálfsagt að svo skuli vera, og raunar er það heldur ekki í samræmi við þær reglur sem félögin hafa fylgt við verðlagningu. Er því ekki unnt að skýra samræmda hækkun olíufélaganna á einingaframlegð með því einu að vísa til þróunar gengis íslensku krónunnar.

Hér má auk þess benda á að það eru einmitt slíkar sveiflur sem gefa svigrúm til þess að breyta álagningarhlutfalli með það að markmiði að bjóða samkeppnishæft verð. Þegar gengi krónunnar er sterkt ætti að vera talsvert svigrún til þess að lækka álagningu. Í skýrslum hagfræðinganna og andmælum olíufélaganna er á hinn bóginn engin tilraun gerð til þess að skýra hvers vegna slíkt svigrúm var ekki notað til þess að bjóða lágt verð.

8. *Þróun framlegðar er í samræmi við fræðilegar umræður í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna.*

Eins og fram hefur komið telur samkeppnisráð að skýrslur hagfræðinga olíufélaganna byggi um of á fræðilegum vangaveltum og hafi þar ekki verið sýnt fram á þýðingu þeirra í þessu máli, enda eru skýrslurnar settar fram án nokkurrar vitneskju um atvik málsins og efnisatriði. Jafnframt liggur fyrir að hagfræðingar olíufélaganna gera ekkert með þau gögn málsins sem þó tengjast þeim litla hluta frumathugunar sem þeim gafst kostur á að kynna sér, en í þessum gögnum kemur m.a. fram skýr mynd af reglubundnu eftirliti félaganna með framlegð, hlutverk slíkra upplýsinga í áætlanagerð og ólögsmætu samráði félaganna. Samkeppnisráð telur að niðurstöður í hagfræðilegu líkani sem byggist á slíkum forsendum séu til lítils gagns og hafi enga þýðingu í þessu máli.

Niðurstaða skýrsluhöfunda um þetta atriði er undirstrikuð með línuritum í skýrslunum, sbr. mynd 4 og 6, sem eiga að sýna tölfræðilegt samband milli einingaframlegðar annars vegar og gengis bandaríkjadals og heimsmarkaðsverðs á eldsneyti hins vegar. Í málsreifun lögmanns Skeljungs fyrir samkeppnisráði þann 18. október 2004 var auk þess sérstök áhersla lögð á þetta atriði og fullyrt að mynd 6 sýndi að sterkt tölfræðilegt samband væri milli einingaframlegðar félagsins og heimsmarkaðsverðs, með u.þ.b. eins árs tímatöf. Samkeppnisráð telur á hinn bóginn að umfjöllun og framsetning um þetta efni í skýrslu hagfræðinga olíufélaganna sé villandi. Hvorug myndanna sýnir raunverulegt samband milli umræddra stærða, heldur einungis fræðilegt samband. Forsenda myndar 4 er m.a. sú að heimsmarkaðsverð á olíu sé stöðugt, en á mynd 6 er gengið út frá því að gengi, væntanlega bandaríkjadals, sé stöðugt. Í skýrslunni er engu að síður lögð áhersla á að bæði heimsmarkaðsverð á fljótandi eldsneyti og gengi bandaríkjadals hafi sveiflast mikið á athugunartímabilinu, enda er augljóst að svo var. Auk þess er framsetning myndanna ónákvæm og ber ekki vott um vísindaleg vinnubrögð. Þannig kemur ekki fram á mynd 4 til hvaða tegundar eldsneytis myndin tekur. Skýring á myndinni í texta varpar heldur engu ljósi á þetta. Verður lesandinn því hreinlega að geta sér til um þetta. Mynd 6 er sömuleiðis haldin göllum. Þar kemur heldur ekki berlega fram til hvaða eldsneytistegundar mynd um einingaframlegð tekur, þótt líkur megi leiða að því að það sé gasolía. Þá kemur ekkert fram hvaða mælikvarðar eru notaðir á hægri og vinstri ás myndanna, og er erfitt að átta sig á þessu, ekki síst í ljósi þess að augljóslega eru aðrir mælikvarðar notaðir á mynd 4, en þar eru þeir raunar heldur ekki skýrðir. Með hliðsjón af framangreindum atriðum telur samkeppnisráð eins og fyrr sagði að umræddar myndir séu villandi og hafi enga þýðingu í þessu máli.

Einnig vísast til þess að undir næsta tölulið verður fjallað um raunverulegt samband milli einingaframlegðar fljótandi eldsneytis annars vegar og heimsmarkaðsverð og gengis bandaríkjadals hins vegar og leitt í ljós að umrætt samband er ekki með þeim hætti sem lýst er í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna.



9. *Við fast framlegðarhlutfall endurspeglar framlegð breytingar á heimsmarkaðsverði og gengi.*

Þessi niðurstaða liggur í sjálfu sér í augum uppi. Á hinn bóginn er það hvorki sjálfgefið eða nauðsynlega rökrétt né í samræmi við almennt verklag olíufélaganna að miða verðlagningu við fast framlegðarhlutfall, enda er framlegðinni einkum ætlað að fjármagna innlendan rekstrarkostnað og hagnaðarkröfu, sem hvorki tengist heimsmarkaðsverði á olíuvörum né gengisskráningu.

Í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna er gefið til kynna að meginreglan sé sú að hækkun á framlegð í krónutölu megi rekja til hækkunar á undirliggjandi kostnaðarþáttum, einkum heimsmarkaðsverðs á eldsneyti og gengis bandaríkjadals. Væri hækkun framlegðar því eðlileg afleiðing af því að olíufélögin stefndu að föstu álagningarhlutfalli fremur en álagningu í krónutölu. Hækkun á kostnaðarverði seldra vara leiði því sjálfkrafa til hækkunar á álagningu í krónum talið, eins og eðlilegt hljóti að teljast. Athugun á fyrirliggjandi upplýsingum um verðmyndun eldsneytis leiðir hins vegar í ljós að þessi kenning fær ekki staðist á mikilvægum tímabilum sem hér eru til skoðunar. Eftirfarandi myndir, sem byggja alfarið á gögnum frá Skeljungu, staðfesta þetta:<sup>2569</sup>

---

<sup>2569</sup> Hér er byggt á sömu gögnum frá Skeljungu um verðþróun og sögulega þróun álagningar og getið er um í kafla 4.3.2., sbr. mynd 15. Minnt er á að ólíkt upplýsingum um einingaframlegð, sem greint var frá í kafla 4.3.3., byggjast þessar upplýsingar ekki á bókhaldi félagsins, heldur er um útreiknaðar stærðir að ræða og er ekki tekið tillit til afsláttar. Er álagning fundin sem útsöluverð samkvæmt verðlista að frádregnu innkaupsverði (sem aftur ræðst af heimsmarkaðsverði og gengi), gjöldum sem leggjast á við innflutning og öðrum kostnaði. Hliðstæðar upplýsingar hafði félagið raunar sent Samkeppnisstofnun með bréfi dags. 25. október 2000, sem hluta af skýringum vegna fyrirspurnar stofnunarinnar um verðþróun á eldsneyti. Upplýsingar sem félagið sendi stofnuninni náðu þó aðeins til tímabilsins janúar 1997 til október 2000.



Á myndunum eru í dæmaskyni sýndar upplýsingar sem lúta að verðmyndun á bensíni og dísilolíu. Í hvoru tilviki er sýnd mánaðarleg þróun gengis bandaríkjadals, innkaupsverðs erlendis (í kr. á lítra) og útsöluverðs á tímabilinu 1991 til 2001, allt á verðlagi hvers árs. Jafnframt er sýnd þróun álagningar á viðkomandi tegund, á verðlagi í desember 2001. Fyrir síðastnefndu stærðina er einnig sýnd línuleg nálgun yfir tímabilið. Er ljóst hvað þessar tegundir varðar að á tímabilinu fór álagning hækkandi að raunvirði. Allar framangreindar stærðir eru

sýndar á vinstri ás myndanna. Á hægri ásnum er sýnd þróun heimsmarkaðsverðs (í bandaríkjadöllum á hvert tonn) á sama tímabili.

Myndirnar sýna báðar að á tímabilinu frá sumri eða hausti 1997 fram yfir mitt ár 1999 var heimsmarkaðsverð í verulegri lægð. Á sama tíma var gengi bandaríkjadals stöðugt og svipað því sem var næstu misseri þar á undan eða um og yfir 70 kr. Á þessu sama tímabili hækkaði álagning (einingaframlegð) félagsins á báðum tegundunum engu að síður umtalsvert og náði nýjum hæðum. Svipuðu máli gegnir um síðari hluta ársins 2001. Þá lækkaði heimsmarkaðsverð verulega frá því sem áður var, en gengi bandaríkjadals hélst að vísu áfram hátt. Á sama tíma hækkaði álagning (einingaframlegð) og varð hærri en áður hafði tíðkast.

Myndirnar sýna raunar almennt að á síðari hluta þess tímabils sem þær ná yfir var lítið samræmi milli þróunar heimsmarkaðsverðs og gengis bandaríkjadals annars vegar og álagningar félagsins hins vegar. Auk framangreinds samanburðar sést þetta ágætlega með því að bera saman þróun álagningar og innkaupsverðs, enda er innkaupsverðið einfaldlega heimsmarkaðsverð (á lítra) margfaldað með gengi. Má segja að í heild gefi myndirnar fremur til kynna að á síðari hluta umrædds tímabils hafi álagning (framlegð) annars vegar og heimsmarkaðsverð og gengi hins vegar þróast í andstæðar áttir, þ.e. þegar innkaupsverð lækkaði, hækkaði álagning í krónutölu og öfugt.

Eins og fram kemur byggjast framangreindar upplýsingar einkum á þróun heimsmarkaðsverðs, gengis bandaríkjadals og útsöluverðs hjá Skeljungu. Þar sem útsöluverð olíufélaganna var nánast það sama á þessu tímabili, er þó ljóst að sömu eða mjög sambærilegar upplýsingar eiga við um verðmyndun hjá OHF og Olís. Með hliðsjón m.a. af þessu telur samkeppnisráð að meginkenning hagfræðinga olíufélaganna um að hækkuð einingaframlegðar megi oftast rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði og gengi bandaríkjadals fái ekki staðist.

10. *Við fákeppnisaðstæður fylgir álagning hagsveiflunni. Afar óheppilegt er fyrir röksemdarfærslu Samkeppnisstofnunar að almennt efnahagsástand var mjög ólíkt á viðmiðunartímabilinu og á athugunartímabilinu.*

Eins og viðurkennt er í skýrslu hagfræðinga olíufélaganna er það ekki einhlítt að álagning fylgi hagsveiflunni á fákeppnismörkuðum. Raunar er því haldið fram annars staðar í skýrslunum að framlegð ráðist af heimsmarkaðsverði og gengi, sbr. 9. málsgrein. Ljóst er að ekki er samræmi milli þessara þátta, sbr. þróunina undanfarin misseri, þegar mikill hagvöxtur hefur verið, en gengi dollars lágt og heimsmarkaðsverð hátt. Staðhæfing í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna er því alhæfing sem ekki á rétt á sér.

Varðandi frekari rökstuðning fyrir ofangreindri staðhæfingu segir m.a. svo á bls. 27 í skýrslunni:

*„Í hagfræðilegum skilningi telst eðlilegt afgang til eigenda fjármagns til kostnaðar. Hvað telst eðlilegt afgang ræðst af almennri arðsemiskröfu á hlutabréfamarkaði og áhættumati viðkomandi fyrirtækja auk almenns vaxtastigs í landinu. Almenn arðsemiskrafa á hlutabréfamarkaði hækkaði gríðarlega á árunum 1997 til 1998 í takt við væntingar um miklar hækkanir á verði hlutabréfa. Í því samhengi er ómögulegt að sjá hvernig olíufélögin hefðu getað náð að uppfylla arðsemiskröfu hluthafa án þess að auka framlegð.“*

Þessi skýring er í meira samræmi við atvik og efni þessa máls en margt annað sem í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna er að finna. Í henni endurspeglast að stjórnendur olíufélaganna töldu sig knúna til að leita leiða til þess að auka arðsemi félaganna og mæta þannig kröfu hluthafa sinna. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt og sjálfsagt. Sömuleiðis er það rétt að í hagfræðilegum skilningi telst eðlilegt afgang til eigenda til kostnaðar. Þá er að sjálfsögðu aðeins gott eitt um það að segja að stjórnendur leiti allra löglegra leiða til þess að mæta kröfum hluthafa um arðsemi. Þær eru reyndar síður en svo bundnar við það að auka einingaframlegð, í þeim skilningi sem hún er mæld hjá olíufélagunum, heldur getur slíkur árangur ekki síður náðst með bættum rekstri félaganna að öðru leyti, svo sem með aukinni hagkvæmni við dreifingu eldsneytis. Það sem mál þetta snýst hins vegar um er að í viðleitni sinni fóru stjórnendur út fyrir mörk laganna með margvíslegu ólögsmætu samráði.

Samkeppnisráð undrast það orðalag í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna að það sé „afar óheppilegt fyrir röksemdafærslu Samkeppnisstofnunar“ að almennt efnahagsástand var mjög ólíkt á viðmiðunartímabilinu og á athugunartímabilinu. Það kom skýrt fram í frumathugun Samkeppnisstofnunar og kemur einnig skýrt fram hér, að viðmiðunartímabilið ræðst af atvikum málsins, en var á engan hátt „valið“ í ljósi almenns efnahagsástands, eins og ætla mætti af orðavali í skýrslu hagfræðinga félaganna. Auk þess telur samkeppnisráð að í skýrslum hagfræðinganna fyrir olíufélögin sé gert meira en efni standa til úr mismun á ytri aðstæðum olíufélaganna á viðmiðunarárunum og athugunartímabilinu, og gildir það bæði um viðmiðunartímabil í frumathugun og í ákvörðun þessari. Ofmælt er að á viðmiðunartímabilinu hafi verið að „ljúka einu lengsta samfellda samdráttarskeiði Íslandssögunnar.“ Nær væri að tala um stöðnun í íslensku efnahagslífi sem hófst á árinu 1988 og var vissulega langvinn, en þróunin snérist þó við á árinu 1993 og verulegur hagvöxtur var á árinu 1994. Eftir skammvinna stöðnun á árinu 1995, tók síðan á ný við verulegur hagvöxtur á árinu 1996. Eina árið á þessu tímabili þar sem samdráttur varð í landsframleiðslu var árið 1992. Aðalatriðið er þó að fyrirliggjandi upplýsingar um rekstrarafkomu og efnahag



olíufélaganna á viðmiðunarárunum og næstu árum þar á undan bera þess ekki merki að mjög hafi verið að félögunum þrengt á þeim tíma. Þannig kemur t.d. fram í ávarpi forstjóra OHF í ársskýrslu félagsins fyrir árið 1993 að þrátt fyrir fremur erfitt árferði í sjávarútvegi hafi hagnaður af rekstri félagsins á árinu numið 199 milljónum króna eftir skatta og arðsemi eigin fjár verið rúmlega 6%. Aukinn fjármagnskostnaður hafi að vísu rýrt afkomu félagsins, en hann mætti einkum rekja til kaupa OHF á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í félaginu. Þá liggur fyrir að einnig næstu ár á undan var afkoma OHF viðunandi og fjárhagsstaða þess mjög traust auk þess sem stöðugleiki í efnahagslífinu var félaginu hagstæður.<sup>2570</sup> Svipuð mynd blasir við þegar litið er til afkomu Skeljungs á þessum tíma. Þannig segir t.d. í ávarpi forstjóra þess félags í ársskýrslu þess fyrir árið 1993 að rekstur félagsins á árinu hafi verið viðunandi og fjárhagur þess traustur. Hagnaður af rekstri eftir skatta hafi numið 95,7 milljónum króna, en árið áður var hann 91,5 milljónir króna. Segja má að á umræddu árabili hafi orðið meiri breytingar hjá Olís, m.a. vegna breytinga á eignarhaldi á félaginu. Fyrirliggjandi gögn benda þó til þess að viðmiðunarárin megi fremur kenna við uppbyggingu hjá félaginu en erfiðleika í rekstri þess, enda kemur t.d. fram í ársskýrslum félagsins frá árunum 1991–95 að rekstur þess skilaði hagnaði öll árin, á bilinu 65–153 milljónir króna eftir skatta. Niðurstaðan af framangreindu er því sú að samkeppnisráð telur að fyrirliggjandi gögn í málinu gefi ekki til kynna að viðmiðunarárin hafi verið sérstök erfiðleikaár í rekstri olíufélaganna sem óraunhæft sé að taka til viðmiðunar, eins og ætla mætti af skýrslum hagfræðinga olíufélaganna og andmælum félaganna.

11. *Tölfræðirannsókn hagfræðinga olíufélaganna sýnir að háttsemi félaganna leiddi ekki til ávinnings þeirra.*

Eins og fram hefur komið telur samkeppnisráð að fræðilegar rannsóknir hagfræðinga olíufélaganna í tengslum við þetta mál, sem gerðar eru án nokkurrar vitneskju um atvik málsins, séu í raun til lítils gagns og ekki unnt að leggja þær til grundvallar í þessu máli. Jafnvel þótt hagfræðingar olíufélaganna hefðu kynnt sér

<sup>2570</sup> Hér má vísa til ávarps þáverandi forstjóra félagsins í ársskýrslu þess fyrir árið 1990. Þar segir m.a.: „Árið 1990 var fertugasta og fjórða starfsár Olíufélagsins hf. Á árinu ríkti stöðugleiki í efnahagslífi landsins, verðbólga hjaðnaði frá því sem verið hafði á undanförunum árum og vextir urðu hóflegri. Allt þetta virkaði til betri starfsskilyrða í atvinnulífinu en verið hafði. Afkoma félagsins var miklu betri en árið á undan og hagnaður með því besta sem náðst hefur. Hlutabréf félagsins hafa verið mjög eftirsótt á hlutabréfamarkaði og hafa á árinu 1990 hækkað meira en hlutabréf í öðrum almenningshlutafélögum. Hagnaður á rekstri félaganna á árinu nam 207,6 milljónum eftir að skattar að upphæð 127,4 milljónir höfðu verið reiknaðir og gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 89,3 milljónir færð til frádráttar. Fjármunamyndun frá rekstri hjá félögunum nam 542,7 milljónum en var á árinu 1989 385,7 milljónir. Eigið fé félagsins nam í árslok 3.407 milljónum og hafði hækkað frá fyrra ári um 653 milljónir eða 23,72%. Eigið fé er nú 62% af heildarfjármagni félaganna. Af þessum tölum er ljóst að staða félagsins er ákaflega sterk. Samfellt í 32 ár hefur félagið ætíð verið gert upp með hagnaði, stundum reyndar ekki stórum tölum en þó hafa endar alltaf náð saman á þessum árum.“

atvik málsins með viðunandi hætti, verður auk þess að hafa fyrirvara um bæði val á rannsóknaraðferð og hvernig að henni var staðið.

Tölfræðirannsókn hagfræðinga olíufélaganna byggir á notkun líkans um fákeppnishegðun sem á uppruna sinn í kenningu Cournot frá árinu 1838, en síðari tíma fræðimenn hafa síðan sett fram ýmis skyld afbrigði. Ekki er ástæða til að rekja þetta frekar hér, enda er í skýrslum hagfræðinganna settar fram ágætari fræðilegar vangaveltur um þetta efni, sem auk þess má finna í kennslubókum í hagfræði. Felst rannsóknin í því að meta markaðsgerð olíudreifingar á Íslandi tölfræðilega með því að meta stuðla í sk. Lerner vísitölu á grundvelli gagna frá olíufélögunum. Við rannsókn af þessum toga er einkum verið að meta styrk aðila á markaðnum. Líkönum um fákeppnishegðun er það sammerkt að gengið er út frá tiltölulega einföldum forsendum. Alþekkt eru vandkvæði við að meta hversu vel slíkum einföldum líkönum tekst að líkja eftir flóknum veruleika, enda er algengt að fræðimenn verði að ganga út frá handahófskenndum forsendum.<sup>2571</sup> Við notkun slíkra líkana skiptir miklu máli að lýst sé vandlega þeim forsendum sem byggt er á og metið með gagnrýnum hætti hversu vel þær eiga við í því máli sem fjallað er um. Samkeppnisráð telur að í umfjöllun í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna skorti verulega á að þetta hafi verið gert.

Vinnuaðferð hagfræðinganna við umrædda tölfræðirannsókn er gagnrýniverð vegna þess að þar er einungis lýst með lauslegum hætti því líkani sem stuðst er við, sagt að byggt sé á mánaðarlegum gögnum frá öllum olíufélögunum, sett fram niðurstaða um mat á stuðlum líkansins og síðan lagt út frá þeim. Gögnin sem byggt er á koma hins vegar hvergi fram. Er því ekki mögulegt að staðreyna hvort rétt hafi verið að málum staðið. Samkeppnisráð telur að einnig með hliðsjón af þessu atriði verði í máli þessu ekki byggt á niðurstöðu tölfræðirannsóknar hagfræðinga olíufélaganna.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum telur samkeppnisráð í raun ekki ástæða til að fjölyrða um niðurstöðu tölfræðirannsókna í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna. Engu að síður verður hér á eftir vikið að öðrum efnisatriðum.

Sú niðurstaða í skýrslum hagfræðinganna að tölfræðirannsókn þeirra sýni að háttsemi olíufélaganna hafi ekki leitt til ávinnings þeirra byggir á því að breytingar á einingaframlegð megi að öllu leyti skýra með breytingum á þáttum sem í frumathugun Samkeppnisstofnunar hafi ekkert tillit verið tekið til. Er einkum vísað til heimsmarkaðsverðs á olíuvörum og gengis bandaríkjadals, en nákvæmt tölfræðilegt samband sé milli þessara stærða og einingaframlegðar. Hér að framan hefur hins vegar verið bent á að matsaðferð samkeppnisyfirvalda í þessu máli

---

<sup>2571</sup> Sjá t.d. *Modern Industrial Organization*, Fourth Edition, Dennis W. Carlton og Jeffrey M. Perloff, Pearson Addison Wesley.

tekur fullt tillit til áhrifa af breytingum á heimsmarkaðsverði, gengi bandaríkjadals og annarra atriða sem áhrif hafa á innkaupsverð seldra vara. Þá hefur undir tölulið 9 hér að framan verið sýnt fram á að náíð og jákvætt tölfræðilegt samband milli einingaframlegðar annars vegar og heimsmarkaðsverðs og gengis hins vegar er ekki til staðar. Staðhæfing hagfræðinga olíufélaganna um hið gagnstæða er því einungis alhæfing sem ekki á rétt á sér.

Auk fjölmargra óvissuatriða sem tölfræðirannsókn hagfræðinga olíufélaganna er háð, byggist hún á því að greina mun á markaðsgerð annars vegar á tímabilinu 1994–2003 og hins vegar tímabilinu 1998–2001. Er þannig gengið út frá þeirri forsendu að samráð hafi aðeins verið á árabílinu 1998–2001, en að virk samkeppni hafi verið til staðar á árunum 1994–1997 og 2002–2003. Þetta er augljóslega rangt. Í málinu liggur fyrir að olíufélögin höfðu samfellt samráð á öllu rannsóknartímabilinu, frá mars 1993 til desember 2001. Var því augljóslega samráð á árabílinu 1994–97 og ólögætu samstarfi félaganna var ekki lokið þegar rannsókn málsins hófst í desember 2001. Með hliðsjón m.a. af þessu atriði verður rannsókn hagfræðinganna að teljast marklítill og á engan hátt fær um að veita gagnlegar skýringar í þessu máli.

Samkeppnisráð bendir ennfremur á að í mörgum atriðum er augljóst að víðtækt samráð olíufélaganna færði þeim ávinning. Má þar t.d. nefna samráð um gerð tilboða, þar sem m.a. eru dæmi um að félag sem hlaut viðskipti vegna samráðs endurgreiddi hinum félögunum hluta af álagningu sinni. Þá er augljóst að ólögætt samstarf félaganna um sölu til erlendra skipa hafði í för með sér verðhækkun sem og önnur ólögætt skiptisala félaganna. Með hliðsjón af þessu sem og fjölda beinna sönnunargagna um langvarandi ólögætt samráð milli olíufélaganna getur það að mati samkeppnisráðs ekki talist trúverðugt að hagfræðingar þeir, sem olíufélögin réðu til verka, komist óhikað að þeirri niðurstöðu í rannsóknnum sínum að umrædd háttsemi olíufélaganna hafi engum ávinningi skilað þeim. Samkeppnisráð telur það ekki líklegt að félögin hafi öll tekið þátt í svo víðtæku og langvarandi ólögætu samstarfi sem raun ber vitni, með þeirri miklu áhættu sem slíku fylgir, án þess að það hafi nokkrum árangri skilað þeim. Slík niðurstæða jafngildir því að segja að stjórnendur félaganna hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera. Samkeppnisráð getur ekki fallist á þetta og telur að fjölmörg gögn málsins bendi til annars

Eins og fram hefur komið hefur í ákvörðun þessari þegar verið tekið tillit til athugasemda í skýrslum hagfræðinga olíufélaganna varðandi gögn um framlegð Skeljungs og er hér byggt á gögnum sem félagið hefur lagt fram um það efni. Þá hefur verið tekið tillit til athugasemda Skeljungs og Olís varðandi breytingar á fyrirkomulagi umboðs- og sölulauna hjá félögunum. Að öðru leyti telur samkeppnisráð að athugasemdir þær sem fram koma í skýrslum hagfræðinga

olíufélaganna hafi enga þýðingu í þessu máli og hnekki ekki mati samkeppnisráðs á ávinningi sem þegar hefur verið fram sett.

## 5. Sektir í erlendum og EES/EB-samkeppnisrétti

### 5.1. Sjónarmið Olís og OHF

Í athugasemdum Olís er vísað til sekta sem dómstólar á Norðurlöndum hafa lagt á vegna ólögmeats samráðs. Virðist tilgangur umfjöllunarinnar vera sá að sýna fram á að sektir á þessu sviði séu tiltölulega lágar og er einnig sagt að þetta sé til stuðnings því „að hugmyndir Samkeppnisstofnunar á þessu sviði eru út í hött.“ Olís segir einnig að fyrir liggi að samkeppnislöggjöfin á hinum Norðurlöndunum sé mjög lík íslensku löggjöfinni. Það komi því ekki á óvart að dómaframkvæmd varðandi sektarfjárhæðir sé svipuð því fordæmi sem Hæstiréttur setti með dómi nr. 37/2003.

Olís vísar til þess að samkeppnisyfirvöld í Danmörku hafi sett sér viðmiðunarreglur vegna sekta í samkeppnismálum sem miði við alvarleika brots. Samkvæmt reglunum þá sé miðað við að vegna minniháttar brota séu sektir undir hundrað þúsund dönskum krónum, vegna alvarlegra brota milli hundrað og fimmhundrað þúsund krónur, og vegna mjög alvarlegra brota yfir fimmhundrað þúsund danskar krónur. Þá sé hæsta sektin sem dæmd hafi verið í samráðsmáli í Danmörku þrjár milljónir danskar krónur en ekki liggi fyrir hversu hátt hlutfall það hafi verið af veltu viðkomandi fyrirtækis.

Olís fjallar einnig um norskan rétt. Fullyrðir félagið að niðurstöður í samráðsmálum í Noregi séu svipaðar og í Danmörku. Gerir Olís síðan grein fyrir því hverjar sektarákvarðanir hafi verið í fimm „stærstu“ málunum á þessu sviði í Noregi. Samkvæmt yfirliti Olís virðast þetta vera dómsmál frá árunum 1992–1999. Yfirlitið gefur til kynna að hlutfallslega hæsta einstaka sektin hafi verið hjá fyrirtæki í nefndu bylgjupappamáli en sekt þess hafi verið 1,52% af veltu. Olís vísar einnig til framkvæmdar í sænskum rétti. Birtir félagið yfirlit yfir fjögur sænsk mál þar sem sektir hafa verið dæmdar. Eru þetta þrjú mál sem varða ólögmeatt samráð og eitt sem varðar misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Fullyrðir Olís að hæsta sekt sem úrskurðuð hafi verið á Norðurlöndum sé 2,4% af veltu sem sænska fyrirtækið Uponor þurfti að greiða.

Í athugasemdum OHF er einnig vísað til framkvæmdar í erlendum samkeppnisrétti. Segir félagið að óheppilegt sé að horfa um of til framkvæmdar samkeppnisréttar annarra réttarkerfa við beitingu íslenskra samkeppnislaga. Þó að mati OHF sé ekki ástæða til að fylgja framkvæmd erlendra yfirvalda á þarlandum samkeppnisreglum telur félagið eftir sem áður rétt að benda á að við beitingu samkeppnisreglna í nágrannalöndunum sé nokkurs hófs gætt við álagningu sekta. Tilvísun í réttarframkvæmd annarra ríkja séu því engin rök til þess að beita verulegum

viðurlögum í málinu. Að mati OHF sé athyglisvert í þessu sambandi að líta til nýlegs dóms héraðsdóms í Stokkhólmi í máli sænskra samkeppnisyfirvalda gegn fimm stærstu olíufélögum þar í landi. Félögin hafi verið fundin sek um ólögmætt samráð við samræmingu á afsláttarfyrirkomulagi. Þó það mál sé ekki að öllu leyti sambærilegt við þetta mál hafi það þó varðað meint samráð stórra olíufélaga á fákeppnismarkaði. Bendir OHF á að kröfur sænskra samkeppnisyfirvalda í málinu hafi numið tólf sinnum hærri fjárhæð en rétturinn taldi hæfileg viðurlög. Sænsku olíufélögin hafi fengið misháar sektir að upphæð 4–20 milljónir sænskra króna.

OHF bendir einnig á að sektir vegna brota á samkeppnisreglum EB hafi verið mun mildari þegar reglurnar voru nýjar en við beitingu þeirra í dag. Ef líta eigi til framkvæmdar EB-réttar við ákvörðun sekta í málinu gefi þetta vísbendingu um að gæta eigi sérstaks hófs þegar ákvarðaðar eru sektir vegna brota sem áttu sér stað rétt eftir gildistöku samkeppnislaga. OHF hefur einnig vísað til sjónarmiða í EB/EES-samkeppnisrétti sem horfa til lækkunar á sektum vegna ólögmæts samráðs.

## 5.2. Mat samkeppnisráðs

Að mati samkeppnisráðs virðist framangreindri umfjöllun Olís og OHF vera ætlað að sýna fram á að tiltölulega vægum viðurlögum sé beitt vegna ólögmæts samráðs í nágrannaríkjum og að horfa verði til þeirrar framkvæmdar í þessu máli. Umfjöllun félaganna um hinn erlenda rétt er hins vegar ófullkomin og villandi. Í því ljósi er að mati samkeppnisráðs rétt að gera grein fyrir sektarframkvæmd í erlendum og EES/EB-samkeppnisrétti. Samkeppnisráð telur að sú umfjöllun sýni að sektarákvörðun í þessu máli sé í samræmi við ríkjandi viðhorf og framkvæmd í öðrum réttarkerfum. Mun samkeppnisráð í þessu sambandi gera grein fyrir norskum, dönskum, sænskum, breskum og hollenskum samkeppnisrétti. Einnig verður gerð grein fyrir EES/EB-samkeppnisrétti.

### 5.2.1. Norskur réttur

Samkvæmt 3. kafla þágildandi norsku samkeppnislaganna nr. 65/1993 var verðsamráð, markaðsskipting og samráð við gerð tilboða bannað. Brot á bannreglum laganna varðaði refsingu. Brot gátu varðað sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Ef sakir voru miklar gátu brot varðað allt að sex ára fangelsi. Almennar reglur norskra hegningarlaga um upptöku ávinnings giltu.

Norska samkeppnisstofnunin sendi tilkynningar um meint brot til ákærvaldsins. Á tímabilinu 1986–2002 hafði stofnunin sent 39 slíkar tilkynningar vegna ætlaðra brota á samkeppnislögum og forvera þeirra (prisloven). Í 22 málum hafa verið lagðar á sektir en fangelsisrefsingu hefur aldrei verið beitt. Hæsta sektin var lögð á í nefndu bylgjupappamáli þar sem fjórir umbúðaframleiðendur höfðu gerst sekir um verðsamráð á tímabilinu frá 1983 til og með 1990. Sektir og upptaka námu samtals 22,9 milljónum norskra króna. Heildarvelta þessara fyrirtækja á markaðnum fyrir

Þessa vöru var 856,9 milljónir norskra króna á árinu 1990. Það þýðir að viðurlögin voru 2,67% af veltunni á þessum markaði.<sup>2572</sup>

Þann 1. maí 2004 tóku gildi ný samkeppnislög í Noregi. Meðal nýmæla er að norsku samkeppnisstofnuninni er veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna m.a. ólögmæts samráðs, en í eldri lögum var einungis að finna refsíákvæði. Refsíákvæði eldri laga voru tekin upp í nýju lögum og þau fela í sér sektarrefsingu á fyrirtæki og sektir og allt að 6 ára fangelsi gagnvart einstaklingum. Í norskum lögskýringagögnum kemur skýrt fram að ákvæðið um stjórnvaldssektir sé reist á sambærilegum ákvæðum í EES/EB-samkeppnisrétti og tilgangurinn sé að veita norskum samkeppnisyfyrvöldum samskonar heimildir til álagningar sekta og samkeppnisyfyrvöld EES/EB og einstakra aðildarríkja hafa. Forsaga þessarar löggjafar er sú að á árinu 2000 var skipuð þrettán manna nefnd til að endurskoða norsku samkeppnislögin. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu og frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í apríl 2003.<sup>2573</sup> Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að sektir í norskum samkeppnisrétti séu mun lægri en í EB/EES-rétti og ýmsum aðildarríkjum EES. Jafnframt er það mat nefndarinnar að stjórnvaldssektir á fyrirtæki séu mikilvægt tæki til að stuðla að virkri samkeppni. Til að efla varnaðaráhrif sekta var því lagt til að norsku samkeppnisstofnuninni yrði veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir og við það miðað að þeirri heimild yrði beitt með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem gildi í EB/EES-rétti. Í meðförum norska þingsins á umræddu frumvarpi kom skýrt fram að tilgangur með þessari lagabreytingu væri að hækka sektir í norskum samkeppnisrétti.<sup>2574</sup> Sama hefur komið fram af hálfu ráðuneytis samkeppnismála í Noregi.<sup>2575</sup>

Samkvæmt þessu má segja að Norðmenn hafi með hinum nýju lögum tekið upp sama fyrirkomulag varðandi viðurlög við ólögmætu samráði og gert var hér á landi með setningu samkeppnislaga 1993. Í báðum löndunum varðar ólögmætt samráð refsingu og bæði hér á landi og í Noregi hefur verið talin ástæða til að taka upp það nýmæli að

<sup>2572</sup> Sjá NOU 2003:12, *Ny konkurranselov*.

<sup>2573</sup> NOU 2003:12, *Ny konkurranselov*.

<sup>2574</sup> Í nefndarátliti viðkomandi nefndar norska þingsins segir m.a. þetta: „Reaksjonsniváet er blitt kritisert fordi det er for lavt, sett i forhold til oppdagelsesrisikoen ved brudd på konkurranseloven og gevinstpotensialet for konkurransebegrensende adferd. Lovforslaget går ut på en harmonisering med bøtenivået for et brudd på EU-/EØS-reglerne. Komiteen støtter dette.“: Innst. O. nr. 50 (2003–2004).

<sup>2575</sup> Í fréttatilkynningu frá Arbeids- og administrasjonsdepartementet, nr. 8/2004, dags. 5.3.2004 vegna hinna nýju laga segir m.a. þetta: „Høyere overtredelsesgebyr. Regjeringen foreslår at det innføres et nytt sivilrettslig sanksjonsmiddel, overtredelsesgebyr. Det er Konkurransetilsynet som skal illegge et slikt gebyr når ett eller flere foretak har overtrådt forbudene i loven. Beviskravet ved overtredelsesgebyr er lavere enn ved illeggelse av foretaksstraff. Det vil derfor bli lettere å reagere på overtredelser av loven og reaksjonen vil komme raskere fordi det ikke lenger er nødvendig å anmelde forholdet til påtalemyndighetene. En part som er ilagt overtredelsesgebyr kan få vedtaket prøvet ved domstolene. Regjeringen foreslår at størrelsen på et overtredelsesgebyr skal være vesentlig større enn de bøtene som i dag illegges. EU-kommisjonens reaksjoner på overtredelser vil være en målestokk for de norske overtredelsesgebyrene. I tillegg blir de nåværende regler om personlig straffeansvar og foretaksstraff opprettholdt.“

heimila stjórnvöldum að leggja á sektir vegna samkeppnislaga brota og byggja sektarákvæðið á EES/EB-samkeppnisrétti.

Ljóst er af framansögðu að eitt af meginmarkmiðum með breytingum á norsku samkeppnislögum er að hækka sektir með það að leiðarljósi að auka varnaðaráhrif vegna brota á lögnum. Ætlunin er að sektarviðmið í norskum rétti verði samskonar og tíðkast í EES/EB-rétti. Er þetta til stuðnings því sjónarmiði samkeppnisráðs að leggja verði á verulegar sektir vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum til að tryggja að markmið laganna náist. Í ljósi þessara breytinga á norskum rétti fæst ekki séð að tilvísun Olís til eldri dómaframkvæmdar í Noregi hafi hér sérstaka þýðingu.

### 5.2.2. Danskur réttur

Með dönsku samkeppnislögum nr. 384/1997 var tekið upp í fyrsta sinn í dönskum rétti bann við m.a. verðsamráði og markaðsskiptingu keppinauta. Lögin tóku gildi 1. janúar 1998. Brot á þessu banni varðar fyrirtæki sektarrefsingu sem lögð er á í opinberu máli, sbr. 23. gr. laganna. Fram til ágúst 2002 var lagt til grundvallar að sektir vegna ólögmæts samráðs væru í samræmi við danskar réttarhefðir vegna efnahagsbrota („*danske retstraditioner for overtrædelser af erhvervslovgivningen i øvrigt*“).<sup>2576</sup> Hámarkssekt samkvæmt þessu eldra viðmiði var þrjár milljónir danskra króna. Helsta samráðsmálið þar sem þessum reglum var beitt var samráð rafverktaka á danska markaðnum og hafa sektir verið lagðar á 256 fyrirtæki í því máli.<sup>2577</sup> Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum virðist hæsta einstaka sektin í því máli hafa verið 1.182.800 danskar krónur.<sup>2578</sup>

Þann 1. ágúst 2002 tóku gildi lög sem breyttu dönsku samkeppnislögum, lög nr. 426/2002. Lög þessi breyttu m.a. sektarákvæði samkeppnislaganna. Fram kemur í frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 426/2002 að sektir í dönskum samráðsmálum hafi verið lægri en í öðrum evrópskum löndum og til þess að tryggja nægjanleg varnaðaráhrif væri nauðsynlegt að hækka þær. Samkvæmt gildandi rétti í Danmörku á ekki lengur að miða við framangreindar danskar réttarvenjur vegna álagningar sekta í samráðsmálum. Þess í stað skulu dómstólar hafa hliðsjón af eftirfarandi viðmiðum um grunnupphæð vegna ólögmæts samráðs:

- Minniháttar brot. Sektir frá DKK 10. 000 til DKK 400.000
- Alvarleg brot. Sektir frá DKK 400. 000 til DKK 15 milljónir
- Mjög alvarleg brot. Sektir frá DKK 15 milljónir

Einnig er höfð hliðsjón af því hversu lengi brotin hafa varað. Ef brot hefur t.d. varað lengur en 5 ár getur grunnupphæðin hækkað um 10% fyrir hvert ár sem brotið hefur

<sup>2576</sup> Sjá skjal frá dönsku samkeppnisstofnuninni (Konkurrencestyrelsen): *Ændring af den danske konkurrencelov*.

<sup>2577</sup> Sjá ársskýrslu Konkurrencestyrelsen fyrir árið 2002.

<sup>2578</sup> Sjá *Forslag til Lov om ændring af konkurrenceloven*, lagt fram 20.3.2002.

staðið yfir. Þá er höfð hliðsjón af veltu viðkomandi fyrirtækis og er miðað við heildarveltu fyrirtækisins en ekki einungis af veltu vegna þeirrar vöru sem brotið tekur til. Athugun á veltu getur leitt til þess að grunnupphæð sektar hjá mjög litlu fyrirtæki sé lækkuð og öfugt.<sup>2579</sup> Dönsk samkeppnisyfirvöld hafa lýst því að þessi lagabreyting muni hafa í för með sér verulega hærri sektir vegna brota á þarlandum samkeppnislögum.<sup>2580</sup>

Samkvæmt þessu eru uppi svipuð sjónarmið í dönskum rétti og þeim norska. Óánægja hefur ríkt með of lágar sektir vegna ólögsmæts samráðs og gripið hefur verið til þess ráðs að breyta lögum í því skyni að hækka sektir og auka þar með varnaðaráhrif þeirra. Er þetta til stuðnings því sjónarmiði samkeppnisráðs að leggja verði á verulegar sektir vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum til að tryggja að markmið laganna náist. Í ljósi þessara breytinga á dönskum rétti fæst ekki séð að tilvísun Olís til eldri framkvæmdar í Danmörku hafi hér sérstaka þýðingu.

### 5.2.3. Sænskur réttur

Samkvæmt 6. gr. sænsku samkeppnislaganna nr. 20/1993 er lagt bann við t.d. verðsamráði keppinauta. Í 26. gr. laganna kemur fram að héraðsdómur Stokkhólms geti að kröfu sænsku samkeppnisstofnunarinnar lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn 6. gr. laganna. Samkvæmt 27. gr. sænskra samkeppnislaga er möguleg sekt allt að 5 milljónum sænskra kr. eða hærri fjárhæð, en þó að hámarki 10% af veltu viðkomandi fyrirtækja á síðasta reikningsári. Með veltu er átt við alla veltu fyrirtækisins, en ekki aðeins vegna sölu á viðkomandi markaði. Sektarfjárhæð fer m.a. eftir alvarleika og tímalengd brots. Jafnframt skal taka tillit til annarra atriða sem ýmist hafa mildandi áhrif eða stuðla að þyngingu sekta, sbr. 28. gr. laganna.

Í athugasemdum Olís er vísað til sektar sem lögð var á sænska fyrirtækið Uponor og hún sögð vera hæsta sektin sem úrskurðuð hefur verið á Norðurlöndum. Í ljósi þessa er rétt að gera grein fyrir því máli.

Að kröfu sænskra samkeppnisyfirvalda lagði héraðsdómur Stokkhólms í desember 2001 sekt á þrjú fyrirtæki sem störfuðu á markaðnum fyrir sölu plaströrum.<sup>2581</sup> Uponor var eitt þeirra. Fyrirtækin voru talin hafa náð samkomulagi um verð og markaðsskiptingu og skipst á upplýsingum um sölu fyrirtækjanna. Brotin áttu sér stað frá miðju ári 1993 til sumarsins 1995. Sænsku samkeppnisstofnuninni tókst ekki að

---

<sup>2579</sup> Þessi umfjöllun byggir á skjali frá dönsku samkeppnisstofnuninni (Konkurrencestyrelsen): „Ændring af den danske konkurrencelov“ og frumvarpi til breytinga á dönsku samkeppnislögum „Forslag til Lov om ændring af konkurrenceloven“, lagt fram 20.3.2002.

<sup>2580</sup> Í skýrslu dönsku samkeppnisstofnunarinnar til OECD segir m.a.: „The new Competition Act increases the level of penalties to the same level as in most other countries in the EU. In practice, the penalty level is expected to increase significantly following the Act.“ Annual Report on Competition Law and Policy in Denmark 2002, DAFPE/COMP(2003)9/05.

<sup>2581</sup> Dómur frá 18. desember 2001. Mál nr. T- 10594-99.



sýna fram á nein áhrif af samráðinu á markaðinn en dómurinn sagði að það væri nægjanlegt að samráð hefði það að markmiði að raska samkeppni. Heildarsektin í málinu var 10,6 milljónir sænskra króna. Velta fyrirtækjanna á þessum markaði var um 700 milljónir þannig að sektin var um 1,5% af veltunni. Sektin sem lögð var á Uponsor var 8 milljónir sænskra króna sem var um 2,4% af veltu fyrirtækisins. Uponsor skaut málinu til Markaðsdómstólsins sem staðfesti dóm undirréttar en sá dómstóll er æðsta dómsstig á sviði samkeppnismála í Svíþjóð. Þrátt fyrir að Markaðsdómstóllinn féllist á það með fyrirtækinu að ekki væri sannað að það hefði gegnt forystuhlutverki í brotinu og að ekki ætti að líta til veltu móðurfyrirtækis taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að lækka sekt þar sem brotið væri í eðli sínu alvarlegt.<sup>2582</sup>

Í athugasemdum OHF er vísað til dóms héraðsdóms Stokkhólms í máli sænsku olíufélaganna og bent á að dæmdar sektir í því máli hafi verið mun lægri en sænsk samkeppnisfyrivöld kröfðust. Að mati samkeppnisráðs er því einnig tilefni til að reifa þann dóm og bera stuttlega saman við það mál sem hér er til umfjöllunar.

Í apríl 2003 lagði héraðsdómur Stokkhólms sektir á fimm sænsk olíufélög.<sup>2583</sup> Í málinu héldu sænsk samkeppnisfyrivöld því aðallega fram að haustið 1999 hefðu olíufélögin átt með sér leynilega fundi til að ákveða verð og afslátt af eldsneyti. Nánar tiltekið var haldið fram:

1. Að olíufélögin hafi ákveðið „afsláttarhreinsun“ („*rabattsanering*“). Þessu hafi verið náð fram með því að lækka afslátt til viðskiptavina og á sama tíma að lækka eldsneytisverð. Jafnframt fólst aðgerðin í því að flokka viðskiptavinum í afsláttarflokka og ákveða hámarksafslátt.
2. Að olíufélögin hafi fyrir „afsláttarhreinsun“ ákveðið að hækka verð.
3. Að olíufélögin hafi ákveðið að samræma uppsögn á tilteknum samningum við viðskiptamenn.
4. Að olíufélögin hafi ákveðið að keppa ekki með veitingu afslátta.
5. Að olíufélögin hafi skipst á verðupplýsingum.
6. Að olíufélögin hafi ákveðið langtímaáætlun til að hækka verð og samráðið hafi haft áhrif á markaðnum.

Héraðsdómurinn taldi sannað að olíufélögin hafi sameiginlega ákveðið „afsláttarhreinsun“ sem átti að felast í lækkun á afslætti og lækkun á verði eldsneytis. Olíufélögin voru einnig talin hafa ákveðið hámarksafslátt fyrir einn hóp viðskiptamanna og að hafa skipst á upplýsingum. Önnur meint brot þóttu hins vegar ekki sönnuð né gátu samkeppnisfyrivöld að mati dómsins sýnt fram á að brotin hefðu haft áhrif á markaðnum. Dómstóllinn lækkaði því sektir verulega miðað við kröfur sænsku samkeppnisstofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir þær sektir í milljónum

<sup>2582</sup> Dómur nr. 2003:2 frá 24. janúar 2003 *Uponsor AB v Konkurrensverket*.

<sup>2583</sup> Dómur frá 29. apríl 2003, mál nr. T-9902/00.

sænskra króna sem samkeppnisyfirvöld kröfðust og þær sektir sem dómstóllinn dæmdi og hlutfall þeirra af veltu:

	Velta á bensínmarkaði	Krafa KKV um sektir	Hlutfall af veltu á bensínm.	Niðurstaða héraðsdóms í Stokkhólmi	Hlutfall af veltu á bensínm.
Norsk Hydro	1.000	48	4,8%	4	0,4%
Preem	1.000	81	8,1%	6	0,6%
OK-Q8	3.000	180	6,0%	12	0,4%
Svenska Shell	2.000	120	6,0%	10	0,5%
Statoil	3.000	222	7,4%	20	0,7%
Samtals	10.000	651	6,5%	52	0,5%

Sænsk samkeppnisyfirvöld hafa skotið málinu til Markaðsdómstólsins og krefjast hækkunar sekta. Hafa þau lýst yfir því mati sínu að sektarákvörðun héraðsdómsins sé í ósamræmi við almenna framkvæmd í Evrópusambandinu og því hafi málinu verið áfrýjað.<sup>2584</sup>

Varðandi þessi tvö sænsku mál telur samkeppnisráð samanburðargildi þeirra nær ekkert gagnvart því máli sem hér um ræðir. Samráðið sem Uponor tók þátt í varði aðeins í tvö ár og ósannað þótti að samráðið hefði haft áhrif á markaðnum. Jafnframt var markaðshlutdeild Uponor og hinna tveggja þátttakendanna í samráðinu innan við 40%. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að atvik í þessu sænska máli eru talsvert frábrugðin því máli sem hér er til skoðunar. Þrátt fyrir að engin sönnuð áhrif hafi leitt af samráðinu og það staðið í tvö ár var lögð sekt á Uponor sem var 2,4% af veltu.

Mál sænsku olíufélaganna hefur einnig takmarkað samanburðargildi í þessu máli. Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir endanleg niðurstaða í því máli. Jafnframt er ljóst að málið er mun minna umfangs en það mál sem er hérna til umfjöllunar. Málið varðar eins og að framan greinir tiltekið afmarkað verðsamráð sem fjallað var um á nokkrum fundum haustið 1999. Mál íslensku olíufélaganna er margfalt umfangsmeira, hefur varað lengur og varðar mun fleiri þætti í starfsemi olíufélaganna en sænska málið og er því ekki nema að takmörkuðu leyti samanburðarhæft. Héraðsdómurinn í Stokkhólmi lækkaði sektir þar sem rétturinn taldi færri brot sönnuð og sökum þess að sænsk samkeppnisyfirvöld voru ekki talin hafa sýnt fram á nokkur áhrif á markaðnum.

#### 5.2.4. EES/EB-samkeppnisréttur

Eins og gerð var grein fyrir hér að framan á 52. gr. samkeppnislaga rót sína að rekja til EES/EB-samkeppnisréttar og því almennt eðlilegt að hafa hliðsjón af þeim rétti við skýringu ákvæðisins og hefur verið gerð grein fyrir sjónarmiðum úr þeim rétti. Hins

<sup>2584</sup> Fréttatilkynning sænsku samkeppnisstofnunarinnar nr. 6, dags. 29.4.2003.

vegar þykir heppilegt í þessum kafla að gera heildstæðari grein fyrir sektarframkvæmd í EES/EB-samkeppnisrétti.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur heimild til að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja fyrir ólögmeitt samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Sekt getur numið frá „1 000 til 1 000 000 evrópskar mynteiningar (ECU) eða meira, en sektin skal þó ekki vera hærri en nemur 10% af veltu undanfarins rekstrarárs hjá hverju fyrirtækjanna“ Við ákvörðun um fjárhæð sekta „skal bæði taka tillit til þess hve alvarlegt brotið er og hve lengi það hefur viðgengist.“<sup>2585</sup>

Á árinu 1998 gaf framkvæmdastjórn EB út leiðbeiningar um útreikninga á sektum vegna brota á samkeppnisreglum. Fyrir þann tíma virðist framkvæmdastjórn EB hafa við mat á fjárhæð sekta notað sem upphafspunkt fjárhæð sem var á milli 2–4% af veltu viðkomandi fyrirtækis innan EB vegna sölu á þeirri vöru eða þjónustu sem brotið tók til.<sup>2586</sup> Síðan var horft til atriða sem horfðu til þyngingar eða lækkunar. Atriði sem horfðu til þyngingar voru t.d. eðli brotsins, há markaðshlutdeild, ásetningur, hagnaður af brotinu og mikilvægi viðkomandi vöru. Atriði sem horfðu til lækkunar voru t.d. samvinna við rannsókn, smávægileg þátttaka í brotinu, þrýstingur frá öðrum fyrirtækjum eða að ólögmeiti brotsins hafi verið óljóst.

Í janúar 1998 gaf framkvæmdastjórnin út nefndar leiðbeiningar um útreikninga á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EB. Í janúar 2003 birti ESA samskonar reglur.<sup>2587</sup> Í leiðbeiningunum kemur fram að aðferðin við að reikna sektarfjárhæð grundvallist á reglum þar sem gengið er út frá grunnupphæð sem er hækkuð ef um er að ræða íþyngjandi ástæður eða lækkuð ef um er að ræða mildandi ástæður.

Grunnupphæðin miðast við alvarleika brotsins og hversu lengi það hefur varað. Við mat á alvarleika brots er tekið mið af eðli þess, raunverulegum áhrifum á markaðinn þegar hægt er að meta það og stærð viðkomandi markaðar. Brotum er skipt í þrjá flokka:

1. Minniháttar brot og eru þau skilgreind sem viðskiptahindranir, alla jafna lóðréttar (þ.e.a.s. ekki milli keppinauta heldur fyrirtækja sem starfa á mismunandi sölustigum markaðarins), sem hafa takmörkuð áhrif á markaðinn og varða aðeins lítinn hluta EES. Hugsanlegar sektir: 1.000 til 1 millj. evrur.

<sup>2585</sup> 15. gr. bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Núgildandi sektarheimild framkvæmdastjórnar EB er að finna í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar EB ráðsins nr. 1/2003.

<sup>2586</sup> Sjá Micheal Reynolds, EC Competition Policy on Fines (October 1992) *European Business Law Review* 263.

<sup>2587</sup> Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES, 2003/EES/3/02. Birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB 16.1.2003.

2. Alvarleg brot. Hér er um að ræða láréttar (þ.e.a.s. milli keppinauta) eða lóðréttar takmarkanir, samskonar og getur um hér að framan, en sem beitt er af meiri hörku, með viðtækari markaðsáhrif og á stórum hluta EES. Hugsanlegar sektir: 1 millj. til 20 millj. evrur.
3. Mjög alvarleg brot. Almenn er hér um að ræða láréttar takmarkanir svo sem verðsamráð og samráð um markaðsskiptingu eða aðrar aðferðir sem stofna í hættu eðlilegri framkvæmd EES-samningsins, svo sem uppskiptingu innlendra markaða. Hugsanlegar sektir: yfir 20 millj. evrur.

Nefnt er í leiðbeiningunum að innan þessara flokka, einkum er varðar alvarleg og mjög alvarleg brot, skapi þessi sektarþrep svigrúm til að gera greinarmun á fyrirtækjum eftir eðli brota þeirra. Jafnframt segir að nauðsynlegt sé að hafa hliðsjón af efnahagslegri getu brotlegra fyrirtækja til að valda öðrum, einkum neytendum, verulegum skaða í raun og hafa upphæð sektarinnar það háa að hún hafi nægileg fyrirbyggjandi áhrif. Samkvæmt leiðbeiningunum hefur tímalengd brotsins þessi áhrif:

- Brot sem hafa viðgengist í stuttan tíma (alla jafna minna en eitt ár): engin hækkun á fjárhæð.
- Brot sem hafa viðgengist í miðlungstíma (alla jafna milli eitt og fimm ár): hækkun upphæðar um allt að 50%, allt eftir alvarleika brotsins.
- Brot sem hafa viðgengist lengi (alla jafna lengur en fimm ár): allt að 10% hækkun upphæðar fyrir hvert ár sem brotið varði, allt eftir alvarleika brotsins.

Grunnupphæðin er reiknuð út með því að leggja saman tvær fyrrnefndar stærðir:

$$x \text{ alvara brotsins} + y \text{ tímalengd} = \text{grunnupphæð}$$

Í leiðbeiningunum segir síðan að grunnupphæðin hækki ef um er að ræða íþyngjandi ástæður, svo sem:

- endurtekið brot af sama fyrirtæki,
- ef neitað er að eiga samvinnu við ESA eða reynt að hindra stofnunina við rannsókn mála,
- ef fyrirtæki er forsprakki eða á upptökin að brotinu,
- ef um er að ræða hefndaraðgerðir gegn öðrum fyrirtækjum í því skyni að þvinga þau til ólögðra viðskiptaaðferða,
- ef þörf er á að hækka sektina svo hún verði hærri en hagnaður af brotinu þegar hægt er að meta þá upphæð á hlutlægan hátt,
- annað.

Grunnupphæðin lækkar ef um er ræða mildandi ástæður, svo sem:

- ef fyrirtæki hefur eingöngu átt óvirkan þátt í brotinu eða eingöngu fylgt eftir forsprakkanum,
- ef fyrirtækið hefur ekki í reynd framfylgt ólögnum samningum eða aðhafst á ólögmetan hátt,
- ef fyrirtækið hættir að brjóta af sér jafnskjótt og ESA hefur afskipti af málinu,
- er fyrirtækið hefur haft réttmætar efasemdir um að samkeppnistakmörkunin væri brot,
- ef brot eru framin af gáleysi eða óviljandi,
- ef um er að ræða árangursríka samvinnu af hálfu fyrirtækis við ESA um að upplýsa málið,
- annað.

Í skjali framkvæmdastjórnar EB frá febrúar 2002 er fjallað um sektir í samráðsmálum frá 1996–2001.<sup>2588</sup> Sagt er frá því að í nokkrum samráðsmálum hafi framkvæmdastjórnin lagt á sektir sem nema 10% af veltu viðkomandi fyrirtækja. Hins vegar hafi fjárhæðirnar verið lækkaðar vegna samvinnu fyrirtækjanna. Fram kemur að á þessum tíma hafi sektir í samráðsmálum numið samtals 2,2 milljörðum evra. Dæmi um sektarákvarðanir í EB samkeppnisrétti.<sup>2589</sup>

- *Pioneer* málið.<sup>2590</sup> Í málinu hafði framkvæmdastjórn EB komist að þeirri niðurstöðu að Pioneer og þrjú önnur fyrirtæki hefðu skipt með sér markaðnum fyrir sölu á hljómflutningstækjum í Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi. Brotið stóð frá janúar til febrúar 1976. Framkvæmdastjórnin lagði 3,5 millj. ECU sekt á Pioneer sem var um 4% af heildarveltu fyrirtækisins. Dómstóll EB lækkaði sektina niður í 2 milljónir ECU þar sem dómstóllinn taldi að framkvæmdastjórnin hefði ekki getað sannað hluta brotanna. Þessi sekt dómstólsins var 2% af heildarveltu Pioneer og um 10% af veltu Pioneer í sölu á hljómflutningstækjum til Frakklands, Þýskalands og Bretlands. Melchier, sem var þýski dreifingaraðilinn á vörum Pioneer, var sektaður um 400.000 ECU sem var um 5% af veltu hans af sölu á hljómflutningstækjum.
- Árið 1986 lagði framkvæmdastjórn EB sektir á 14 framleiðendur á efninu polypropylene sem framleitt er úr hráolíu og notað sem hráefni í ýmsar neytendavörur. Fyrirtækin voru talin hafa haft með sér verðsamráð, markaðsskiptingu og skipst á viðkvæmum upplýsingum frá 1977 til 1983. Samtals nam sekt framkvæmdastjórnarinnar 57.850.000 ECU. Voru þessar sektir að meðaltali 4% af veltu viðkomandi fyrirtækja á markaðnum fyrir viðkomandi efni.<sup>2591</sup> Undirréttur EB staðfesti í aðalatriðum ákvörðun

<sup>2588</sup> Memo/02/23 Questions & Answers On the Leniency Policy, dags. 13.2.2002.

<sup>2589</sup> Reifuð eru hér mál þar sem fram koma upplýsingar um annaðhvort heildarveltu og/eða veltu á þeim markaði sem samráðið tók til. Slíkar upplýsingar gefa til kynna hlutfallslegt vægi sektar.

<sup>2590</sup> Dómur dómstóls EB í máli nr. 100/80 *Musique Diffusion Francaise v Commission* [1983] ECR 1825.

<sup>2591</sup> Ritter, Braun & Rawlinson, *EEC Competition Law*, Kluwer 1991, bls. 687.

framkvæmdastjórnarinnar en lækkaði sekt átta fyrirtækja og var heildarsekt dómstólsins 54.562.000 ECU.<sup>2592</sup> Dómstóll EB staðfesti dóma undirréttarins í þessu máli.<sup>2593</sup>

- Í júlí 1994 lagði framkvæmdastjórn EB sektir á 19 framleiðendur á pappakössum (e. *cartonboard*) fyrir verðsamráð og markaðsskiptingu. Brotin höfðu varað frá 1986 til a.m.k. 1992. Sektor á þessi fyrirtæki námu frá 6% til 9% af veltu á umræddum markaði innan EB.<sup>2594</sup> Fengu fyrirtækin sem gengdu forystuhlutverki í samráðinu hærri sektir. Til stuðnings þessum sektum benti framkvæmdastjórnin á háa markaðshlutdeild fyrirtækjanna á viðkomandi markaði og að hann væri mikilvægur. Samráðið hafi verið skipulagt og gripið hafi verið til aðgerða til að leyna því. Jafnframt hafði það þýðingu að samráð fyrirtækjanna náði að miklu leyti markmiði sínu. Heildarfjárhæð sektanna sem framkvæmdastjórnin lagði á í málinu var 138.750.000 ECU.<sup>2595</sup> Sektor nokkurra þátttakenda í samráðinu voru lækkaðar af dómstólum EB og var endanleg fjárhæð sekta 118.338.000 ECU.
- Í október 1998 lagði framkvæmdastjórn EB sektir á tíu framleiðendur á hitaveiturörum. Var talið að fyrirtækin hefðu um fimm ára skeið haft með sér verðsamráð, skipt með sér mörkuðum, haft samvinnu í útboðum og sameiginlega reynt að koma keppinauti út af markaðnum. Samtals námu sektirnar 92 milljónum ECU og var þetta eitt fyrsta málið þar sem framangreindum leiðbeiningum var beitt. Hæsta sektin var lögð á fyrirtækið Asea Brown Boveri (ABB), 70.000.000 ECU. Sekt fimm fyrirtækja samkvæmt reglunum í leiðbeiningunum var hærri en 10% af heildarveltu þeirra og var því lækkuð. ABB skaut málinu til undirréttar EB og var því m.a. haldið fram að beiting leiðbeininganna væri ólögmæt og að sektir væru of háar. Í málinu benti ABB á að framkvæmdastjórnin hefði í ákvörðun sinni lagt 100 millj. ECU sekt á fyrirtækið, sem síðan var lækkuð um 30% vegna aðstoðar við að upplýsa málið. Þessi sekt hafi verið 60% af heimsveltu fyrirtækisins á markaðnum fyrir hitaveiturör og 110% af veltunni á EB markaðnum fyrir þessa vöru. Sektor var hins vegar undir 10% af heildarveltu fyrirtækisins. Dómstóllinn taldi beitingu leiðbeininganna lögmæta og staðfesti sektarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar með þeirri breytingu að sekt ABB var lækkuð um 5 milljónir ECU þar sem dómstóllinn taldi að framkvæmdastjórnin hefði ekki tekið nægjanlegt tillit til þess að ABB hefði ekki mótmælt þátttöku í samráðinu og látið í té sönnunargögn.<sup>2596</sup> Sekt annarra fyrirtækja var staðfest með þeirri undantekningu að sekt eins þeirra var lækkuð um 100.000 ECU.<sup>2597</sup>

<sup>2592</sup> Sjá t.d. mál nr. T-33 *Shell v. Commission* [1992] ECR II 757.

<sup>2593</sup> Sjá t.d. mál nr. C-51/92P *Hercules v Commission* [1999] ECR I 4235.

<sup>2594</sup> Dómur undirréttar EB í máli nr. T-352/94 *Mo och Domsjö v Commission* [1998] ECR II-1989.

<sup>2595</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. 94/601 *Cartonboard*, OJ 1994 L 243/1.

<sup>2596</sup> Mál nr. T-31/99, *ABB Asea Brown Boveri Ltd. v Commission*, dómur kveðinn upp 20. mars 2002.

<sup>2597</sup> Mál nr. T-9/99, T-15/99, 16/99, T-17/99, T-21/99, T-23/99 og T-28/99.

- Mál nr. COMP/36.545 - *Amino acids*. Í júní 2000 sektaði framkvæmdastjórn EB fimm fyrirtæki fyrir verðsamráð, takmörkun á framleiðslu og upplýsingaskipti tengd þessu. Samráðið varðaði sölu á fæðubótarefni sem notað er í dýrafóðri. Samráðið stóð frá júlí 1990 til júní 1995. Tvö fyrirtækjanna fengu 50% lækkun á sektum vegna aðstoðar við að upplýsa málið. Önnur tvö fengu 30% lækkun og eitt fyrirtæki fékk 10% lækkun. Heildarsektin sem fyrirtækin þurftu að greiða var 110 millj. evrur. Samanlögð velta þessara fimm fyrirtækja vegna sölu á þessu efni á árinu 1995 á EES-svæðinu var 164 millj. evrur. Málinu var skotið til undirréttar EB. Dómstóllinn lækkaði sektina um rúmlega 7 millj. evrur þar sem ekki hafði með réttum hætti verið tekið tillit til tiltekinna mildandi atriða.<sup>2598</sup>
- Mál nr. COMP/36.490 - *Graphite electrodes*. Í júlí 2001 sektaði framkvæmdastjórn EB átta framleiðendur á grafit rafskautum sem notuð eru við stálframleiðslu. Fyrirtækin höfðu haft með sér verðsamráð og skipt markaðnum frá 1992 til 1998. Heildarveltan á þessum markaði á EES svæðinu var á árinu 1998 420 millj. evrur. Fyrirtækin voru samtals sektuð um 218.8 millj. evrur sem er yfir 50% af árlegri veltu á þessum markaði.<sup>2599</sup> Undirréttur EB lækkaði hins vegar þessar sektir í 152.8 millj. evrur þar sem framkvæmdastjórnin hefði að mati réttarins ekki beitt tilteknum reglum í sektarleiðbeiningum sínum með réttum hætti.<sup>2600</sup>
- Mál nr. COMP/37.512 - *Hoffman-La Roche + BASF + Rhône-Poulenc*. Framkvæmdastjórn EB sektaði í nóvember 2001 átta fyrirtæki fyrir þátttöku í víðtæku samráði um verð og markaðsskiptingu á vítamínmarkaðnum. Brotin höfðu varað frá 1989 til 1999. Samtals var sektarfjárhæðin 855 millj. evrur, þar af var Hoffman-La Roche AG sektað um 462 millj. evrur og BASF AG um 296 millj. evrur. Heildarvelta á vítamínmarkaðnum á EES var um 800 millj. evrur á árinu 1998.<sup>2601</sup> Sektarfjárhæðin var því hærri en heildarveltan á viðkomandi markaði.
- Mál nr. COMP/37.027 - *Zinc Phosphate*. Í desember 2001 sektaði framkvæmdastjórn EB sex framleiðendur á sink fosfati sem er efni sem notað er til ryðvarnar. Fyrirtækin höfðu haft samráð um verð og skipt markaðnum frá 1994 til 1998. Þessi fyrirtæki höfðu samanlagt 90% hlutdeild á EES markaðnum fyrir þetta efni og var heildarársvelta á þeim markaði 16 millj. evrur. Fyrirtækin voru samanlagt sektuð um 11,95 millj. evrur. Fram kom það mat framkvæmdastjórnarinnar að þó þessi sekt væri lág væri hún verulegt hlutfall af heildarveltu viðkomandi fyrirtækja („*significant percentage of the global turnover of the companies concerned*“)<sup>2602</sup>

<sup>2598</sup> Sameinuð mál nr. m.a. T-220/00.

<sup>2599</sup> Fréttatilkynning framkvæmdastjórnar EB, IP/01/1010.

<sup>2600</sup> Dómur undirréttar EB frá 29.4.2004 í sameinuðum málum nr. m.a. T-236/01.

<sup>2601</sup> Fréttatilkynning framkvæmdastjórnar EB, IP/01/1625.

<sup>2602</sup> Fréttatilkynning framkvæmdastjórnar EB, IP/01/1797.

- Mál nr. COMP/37.784 - *Fine art Auction Houses*. Í október 2002 sektaði framkvæmdastjórn EB uppboðsfyrirtækið Southeby's vegna verðsamráðs við Christie's. Brotið hafði varað frá 1993 til ársbyrjunar 2000. Fyrirtækið hafði samvinnu við að upplýsa málið og fékk því 40% afslátt af sekt. Fyrirtækið þurfti að greiða 20,4 millj. evrur sem er 6% af heildarveltu fyrirtækisins. Sekt Christie's var felld niður þar sem fyrirtækið upplýsti um samráðið.<sup>2603</sup>
- Mál nr. COMP/37.857 – *Organic Peroxides*. Þann 10. desember 2003 lagði framkvæmdastjórn EB sektir fyrir verðsamráð á fjóra framleiðendur á tilteknu efni sem notað er t.d. við plastframleiðslu. Hið samfellda samráð átti sér stað á árunum 1971 til ársloka 1999. Einnig var lögð sekt á ráðgjafafyrirtæki sem aðstoðað hafði við framkvæmd brotanna. Samanlagðar sektir fyrirtækjanna var voru millj. evrur en árleg velta á þessum markaði á EES-svæðinu var um 250 millj. evrur. Sekt eins fyrirtækjanna var felld niður þar sem það upplýsti um samráðið. Í fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar EB kemur fram að heildarsektir hefðu orðið mun hærri ef sekt þessa fyrirtækis hefði ekki verið felld niður.<sup>2604</sup>
- Mál nr. COMP/38.240 – *Industrial Copper tubes*. Þann 16. desember 2003 sektaði framkvæmdastjórn EB þrjá framleiðendur á koparrörum. Brot fyrirtækjanna fólst í því að hafa rætt um verð og markaðsskiptingu á árunum 1988 til 2001 á fundum hjá hagsmunasamtökum þeirra. Eitt fyrirtækjanna fékk 50% lækkun á sekt fyrir aðstoð við að upplýsa málið. Sektir sem fyrirtækin þurftu að greiða námu samtals 79 millj. evrum. Árleg velta á þessum markaði á EES-svæðinu var um 290 millj. evrur og höfðu fyrirtæki þrjú um 75–85% hlutdeild á honum.

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að mál olíufélaganna fellur undir 53. gr. EES-samningsins, sbr. umfjöllun í kafla III 1.1. Því ættu framangreindar reglur við með beinum hætti ef mál þetta væri til umfjöllunar hjá ESA.

Við samanburð EES/EB-reglnanna og þessa máls er ljóst að samfelld samráð olíufélaganna myndi teljast mjög alvarlegt. Í fyrsta lagi myndi brotið falla í flokk mjög alvarlegra brota, eða efsta flokk alvarleika, þar sem um er að ræða umfangsmikið verðsamráð og markaðsskiptingu. Í öðru lagi voru olíufélögin með nánast 100% hlutdeild á heildarmarkaðnum og vörur þær sem samráðið tekur til eru mjög mikilvægar hvort sem litið er til fyrirtækja eða heimila/einstaklinga. Þegar litið er til þess að með samráði sínu hafa félögin valdið neytendum verulegu fjárhagstjóni þá er líklegt að samkvæmt reglum EB myndi það leiða til verulegrar þyngingar sekta. Hvað varðar þann tíma sem samráðið stóð yfir, eða a.m.k. tæplega 9 ár, og að teknu

<sup>2603</sup> Fréttatilkynning framkvæmdastjórnar EB, IP/02/1585.

<sup>2604</sup> Fréttatilkynning framkvæmdastjórnar EB, IP/03/1700.



tilliti til umfangs og alvarleika brotsins þá kæmi samkvæmt reglunum líklegast til umtalsverðs sektarálags undir þessum lið.

Hvað varðar þyngingu sektar og mildunarástæður eru ýmsar ástæður til þyngingar sektar fyrir hendi í málinu á grundvelli framangreindra sjónarmiða. Brotin eru slík að alvarleika og umfangi að ekki er með nokkrum skynsamlegum rökum hægt að halda því fram að vafi kunni að hafa leikið á því að um brot hafi verið að ræða eða að vanræksla eða gáleysi hafi verið orsök. Fjöldi gagna er í málinu þar sem hvatt er til eyðingar gagna. Að mati ráðsins þá er ekkert í máli olúfélaganna sem myndi horfa til mildunar sekta samkvæmt reglunum.

Að mati samkeppnisráðs styðja framangreindar reglur og framkvæmd í EES/EB-samkeppnisrétti það sjónarmið ráðsins að leggja beri þungar sektir á olúfélögin til að tryggja að markmið samkeppnislaga náist.

#### 5.2.5. Breskur réttur

Að mati samkeppnisráðs er einnig gagnlegt og eðlilegt að horfa til landa í Evrópu sem sett hafa sérstakar reglur um útreikning sekta sökum þess að það auðveldar samanburð að hafa mælikvarða sem er hlutlægur. Er þessi umfjöllun hugsuð til samanburðar og skýringar. Verður fyrst vikið að breskum samkeppnisrétti og síðan verður fjallað um hollenskan rétt.

Í I. kafla bresku samkeppnislaganna frá 1998 er m.a. verðsamráð og markaðsskipting bönnuð og samkvæmt II. kafla laganna er misnotkun á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Á grundvelli 36. gr. laganna getur breska samkeppnisstofnunin lagt sektir á fyrirtæki sem vísvitandi eða af gáleysi brjóta bannreglur I. eða II. kafla laganna, að hámarki 10% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis.<sup>2605</sup>

Breska samkeppnisstofnunin hefur gefið út leiðbeiningarreglur um hvernig skuli reikna út sektir.<sup>2606</sup> Markmið leiðbeininganna er tvíþætt: Annars vegar að tryggja að fyrirtæki sem brjóta ákvæði laganna hljóti viðeigandi refsingu í samræmi við eðli brots og hins vegar að sjá til þess að sektir hafi nauðsynleg almenn varnaðaráhrif. Sektir eru ákvarðaðar í eftirfarandi fimm þrepum:

1. Fundin er viðmiðunarfjárhæð sem er allt að tíu prósentum af veltu viðkomandi fyrirtækis, á undangengnu fjárhagsári, á þeim vöru- og landfræðilega markaði sem brotið hafði áhrif á. Hve háa prósentutölu af veltu miðað er við ræðst af alvarleika brotsins. Vegna alvarlegra brota svo sem verðsamráðs og markaðsskiptingar eru líkur

---

<sup>2605</sup> Sektarhámark þetta er nánar skilgreint í reglugerð frá 2000. Þar kemur fram að veltuviðmiðið miðast við 10% af heildarveltu fyrirtækis in Bretlands þremur árum áður en broti er hætt.

<sup>2606</sup> Sjá *Director General of Fair Trading's Guidance as to the Appropriate Amount of a Penalty*, útgefið af Office of Fair Trading í mars 2000.

til þess að viðmiðunarprósentan sé nærri tíu prósentum. Við mat á alvarleika er einnig litið til ýmissa þátta, s.s. markaðsgerðar, markaðshlutdeildar viðkomandi fyrirtækja, aðgangs að markaði og áhrifa brots á keppinauta og neytendur.

2. Viðmiðunarfjárhæðin er aðlöguð miðað við tímalengd brota. Hafi brot varað lengur en eitt ár er viðmiðunarfjárhæðin margfölduð með þeim árafjölda sem brotið varði.

3. Aðlögun er gerð vegna annarra þátta. Sektarfjárhæðin sem liggur fyrir eftir útreikninga samkvæmt skrefi eitt og tvö hér að ofan er mögulega aðlöguð til þess að ná markmiðum sektanna um varnaðaráhrif. Hér er m.a. litið til hugsanlegs ávinnings fyrirtækja af samkeppnislagabroti. Er gert ráð fyrir að á þessu stigi geti átt sér stað veruleg þvinging á þeim sektarfjárhæðum sem reiknaðar hafa verið út á fyrri þrepum. Getur niðurstaðan orðið umfram 10% af veltu fyrirtækis á þeim markaði sem brotið átti sér stað en þó, eins og áður hefur komið fram, er sektarþakið 10% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis.

4. Sektarfjárhæð samkvæmt þrepum 1–3 er aðlöguð miðað við ýmsa þætti bæði til lækkunar og hækkunar sektar. Til hækkunar sektar leiðir m.a. ef fyrirtæki hefur verið leiðandi í brotinu; ef framkvæmdastjóri eða yfirstjórnendur hafa tekið þátt í brotinu; ef önnur fyrirtæki hafa verið beitt þvingunarúrræðum til áframhaldandi þátttöku í brotinu; ef brot heldur áfram eftir að rannsókn hefst; ef um endurtekið brot er að ræða. Til mildunar sektar leiðir m.a.; ef þátttaka fyrirtækis í brotinu skýrist af því að það hafi verið beitt þrýstingi eða þvingunum; ef veruleg óvissa er til staðar um hvort viðkomandi samningur eða háttsemi feli í sér brot, ef brot er framið af gáleysi fremur en ásetningi og ef viðkomandi fyrirtæki aðstoðar samkeppnisyfírvöld við að upplýsa brotið og aðstoðin er umfram það sem fyrirtækjum er skylt að gera.

5. Sektarfjárhæðin er aðlöguð ef þrep eitt til fjögur hafa leitt til sektar umfram sektarhámark. Er sektin þá lækkuð í hámark leyfilegra sekta.

Nefna má dæmi um bresk mál þar sem þessum reglum hefur verið beitt:

- Í janúar 2002 voru fyrstu fyrirtækin sektuð samkvæmt bresku samkeppnislögunum.<sup>2607</sup> Um var að ræða tvö fólksflutningafyrirtæki sem talin voru hafa skipt með sér markaðnum á tveimur fundum í mars 2000. Skiptu þau á milli sín fjórum áætlunarleiðum milli Leeds og Wakefield. Upphafsfjárhæðin hjá báðum fyrirtækjum var 10% af veltu þeirra á þessum markaði. Sú fjárhæð var ekki hækkuð vegna tímalengdar þar sem brotið hafði varað skemur en eitt ár. Til þess að auka varnaðaráhrifin var sektin hækkuð umtalsvert og sagt að hækkunin væri mikil miðað við veltu annars fyrirtækisins á þessu sviði.

<sup>2607</sup> Ákvörðun CA98/9/2002 *Market sharing by Arriva plc. and FirstGroup plc.*, dags. 30. janúar 2002.

Upphaflegar viðmiðunarfjárhæðir við útreikning á sektum fyrirtækjanna voru 318.175 og 529.852 sterlingspund. Þessar fjárhæðir voru síðan hækkaðar um 10% þar sem yfirmenn viðkomandi fyrirtækja sátu umrædda fundi. Þar sem annað fyrirtækið hafði upplýst um brotið var sekt þess felld niður og hitt fékk 36% lækkun vegna aðstoðar við að upplýsa málið.

- Þann 1. ágúst 2003 tók breska samkeppnisstofnunin ákvörðun um að sekta tíu fyrirtæki samtals um 18,6 milljónir sterlingspunda vegna ólögmæts samstarfs þeirra um verð á eftirlíkingum af íþróttatreyjum og fatnaði breska landsliðsins í knattspyrnu og nokkurra frægra breskra knattspyrnuliða.<sup>2608</sup> Í ákvörðuninni er kerfisbundið beitt fyrrgreindum leiðbeiningum um ákvörðun sekta. Hvað varðar ákvörðun sektar eins fyrirtækjanna (Umbro) kemur þar m.a. fram, að brotið væri alvarlegt og þótt markaðshlutdeild Umbro væri ekki sérlega há, var ákveðið að nota hlutfallstöluna 7% til að ákvarða upphafs fjárhæðina (hámark 10%). Sú fjárhæð er margfölduð með 1,5, sem er meðaltal þess árafjölda sem brotin vörðu. Í aðlögun vegna annarra þátta (þrep 3) eru varnaðaráhrif talin mikilvægust, og er sektarfjárhæðin samkvæmt þrepum 1–2 því margfölduð með tveimur. Í þrepi 4 var tekið tillit til íþyngjandi og mildandi þátta. Íþyngjandi þættir eru að Umbro var talið hafa gegnt vissu forystuhlutverki, það refsaði öðrum fyrirtækjum með tilteknum hætti, æðri stjórnendur tóku þátt í brotinu, auk þess sem endurtekin brot þyngdu viðurlögin. Þá var tekið tillit til fáienna mildandi þátta, s.s. að Umbro hafði verið undir þrýstingi frá öðru fyrirtæki og að Umbro aðstoðaði með vissum hætti við að upplýsa brotið. Mildandi þættir voru þó léttvægari en íþyngjandi. Sekt Umbro eftir 4. þrep var 6.641 milljónir punda (u.þ.b. 845 milljónir ísl. króna), sem var um 4,5% af heildarveltu fyrirtækisins.

#### 5.2.6. Hollenskur réttur

Ákvæði 6. gr. hollensku samkeppnislaganna nr. 242/1997 banna m.a. verðsamráð keppinauta. Samkvæmt 56. gr. laganna getur hollenska samkeppnisstofnunin lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem fara gegn þessu banni. Hámark sektanna eru 450 þúsund evrur eða 10% af veltu viðkomandi fyrirtækis.

Hollensk samkeppnisyfirkvöld hafa einnig sett sér reglur um álagningu sekta.<sup>2609</sup> Markmið með reglunum er sagt vera að veita innsýn í þá þætti sem ráða mestu við sektarákvörðun, með það að leiðarljósi að skapa almenn og sértæk varnaðaráhrif. Einnig sé ætlunin að bæta stjórnsýslu við sektarálagningu. Þannig stuðli reglurnar að jafnræði í álagningu sekta sökum þess að þær eru byggðar á hlutlægum mælikvarða. Þetta breyti því þó ekki að hvert mál sé metið sérstaklega og á eigin forsendum.

<sup>2608</sup> Ákvörðun CA98/06/2003 *Price-fixing of Replica Football Kit*, dags. 1. ágúst 2003.

<sup>2609</sup> Fréttatilkynning hollensku samkeppnisstofnunar frá 20.12.2001.

Við mat á sektum er tekið tillit til alvarleika brotsins og hversu lengi það hefur varað, sbr. 1. mgr. 57. gr. hollensku laganna. Er greint á milli þriggja alvarleikastiga brota gegn samkeppnislögum. Í fyrsta lagi er um að ræða mjög alvarleg brot sem teljast m.a. verðsamráð, sölusynjun, markaðsskipting, framleiðslustýring og misnotkun á markaðsráðandi stöðu sem ætlað er að knýja keppinaut út af markaðnum. Í öðru lagi eru alvarleg brot sem teljast t.d. endursölubann og ýmis tilvik misnotkunar á markaðsráðandi stöðu svo sem samtvinnun og mismunun í samskonar viðskiptum. Að lokum eru minniháttar brot sem eru ýmis minni brot sem hafa ekki bein áhrif á verð en raska þó samkeppni á viðkomandi markaði.

Fyrir utan þessi þrjú stig alvarleika er einnig horft til þess efnahagslega samhengis sem brotin voru framin í, eðlis og gerðar markaðarins, eðlis vörunnar eða þjónustunnar sem um ræðir og stærðar markaðarins og fyrirtækjanna á markaðnum.

#### *Grunnsekt fundin*

Í upphafi er byrjað á því að finna út grunnsektarfjárhæð. Grunnsektarfjárhæðin telst vera 10% af allri veltu brotlegs fyrirtækis vegna sölu á vöru eða þjónustu, yfir allan brotatímann, á þeim markaði sem brotið átti sér stað á.

#### *Grunnsekt aðlöguð*

Að teknu tilliti til alvarleika brotsins er grunnsektarfjárhæðin aðlöguð. Ef um vægasta stig brots er að ræða þá er ekkert sektarálag grunnsekta, þ.e. er margfaldað með 1. Ef um næsta stig brota er að ræða, þ.e. alvarlegt brot, þá er grunnsekt margfölduð með 2. Að lokum ef um er að ræða mjög alvarlegt brot þá ber að margfalda grunnsektarfjárhæðina með 1,5 til 3. Lægsta mögulega sektin fyrir mjög alvarleg brot er m.ö.o. 15% af veltu á þeim markaði sem um ræðir og allt að 30% af veltu, án þess þó að tekið hafi verið tillit til sérstakra íþyngjandi sjónarmiða sem þó er heimilt. Tekið er fram að engu skipti varðandi þessa veltu þótt t.d. samráð um verðhækkun hafi ekki verið hrint í framkvæmd. Þau sjónarmið sem koma til lækkunar og íþyngingar sekta sem stuðst er við í hollensku reglunum eru svipuð þeim sem nefnd eru hér að ofan í umfjöllun um bresku reglurnar og í leiðbeiningum í EES/EB-rétti. Eins og áður sagði þá er þó sektarhámarkið 10% af heildarveltu brotlegs fyrirtækis.

Á árinu 2002 lagði hollenska samkeppnisstofnunin á sektir vegna ólögmæts samráðs sem námu um 100 milljónum evra. Dæmi um hollensk sektarmál eru þessi<sup>2610</sup>:

- Í júní 2002 lagði hollenska samkeppnisstofnun sektir á olíufélagið Texaco og þrjár óháðar bensínstöðvar í Nijmegen héraði. Þegar nýr keppinautur kom inn á þennan markað ákváðu þessar bensínstöðvar og bensínstöð í eigu Texaco í samráði að lækka verð. Brotið var ekki flokkað sem mjög alvarlegt heldur sem alvarlegt sökum m.a. þess að hin sameiginlega verðlækkun varði í mjög

<sup>2610</sup> Upplýsingar um þessi mál er að finna á heimasíðu hollensku samkeppnisstofnunarinnar: [www.nmanet.nl](http://www.nmanet.nl)

skamman tíma. Bensínstöðvarnar þrjár voru hver fyrir sig sektaðar um 10% af veltu á þessum markaði. Með hliðsjón af heildarveltu Texaco og til að auka varnaðaráhrif var Texaco sektað um meira en 10% af veltu á þessum markaði og hlaut fyrirtækið sekt upp á eina millj. evrur.

- Í ágúst 2002 var lögð sekt á samvinnufélag hollenskra dýralækna og á heildsala á lyfjum fyrir dýr. Samvinnufélagið annaðist innkaup á lyfjum fyrir 90% af öllum óháðum hollenskum dýralæknum. Samvinnufélagið og heildsalinn takmörkuðu verðsamkeppni með ýmsum aðgerðum. Á samvinnufélagið var lögð sekt að upphæð 9,7 millj. evrur sem var 20% af veltu í viðkomandi viðskiptum. Grunnupphæð sektar á heildsalans var 20% af veltu hans en sektin var lækkuð um 75% þar sem samvinnufélagið hafði aðallega hagnast af þessum brotum og heildsalinn hafði reynt að fá samvinnufélagið til að hætta þeim.
- Í desember 2002 var lögð sekt á fjögur hollensk farsímafyrirtæki og var sektin samtals 88 millj. evrur. Var talið að fyrirtækin hefðu á fundi í júní 2001 stillt saman upphæð þóknunar sem greidd er aðilum sem selja farsímaáskriftir.
- Í janúar 2003 var lögð sekt á rækjuheildsala og útgerðir vegna m.a. verðsamráðs frá árslokum 1997 til 2000. Var heildarsektin 13,8 millj. evrur og var hæsta sektin á einstakt fyrirtæki rúmlega 5 millj. evrur. Heildarvelta á markaðnum fyrir Norðursjávarrækju var 75 millj. evrur og var heildarsektin því 18,4% af þeirri veltu.

#### 5.2.7. Samantekt

Ef leitast yrði við að beita sektarviðmiðunum samkvæmt EES/EB-samkeppnisrétti, reglum breskra og hollenskra samkeppnisyfirvalda í því máli sem hér er til umfjöllunnar er ljóst að í öllum tilvikum teldust brot olíufélaganna falla í flokk alvarlegustu brota og sektir yrðu háar. Að mati samkeppnisráðs á svo langt og samfellt samráð á markaði sem lætur nærri að nemi 10% af heildarinnflutningi þjóðar sér vart hliðstæðu. Í því ljósi undirstrika sektarviðmiðin alvarleika brotanna og gefa innsýn í hversu alvarlegum augum svo umfangsmikið samráð yrði litið í evrópskum samkeppnisrétti.

Jafnframt er ljóst að stefnan á Norðurlöndunum hefur verið á þann veg að horft hefur verið til þyngingar sekta. Bæði í Noregi og Danmörku hefur samkeppnislögum verið breytt m.a. með hækkun sekta að markmiði og til þess að samræma sektarviðmið því sem tíðkast innan EES/EB. Eins og áður hefur komið fram leiðir þetta til þess að eldri norræn mál sem m.a. Olís vísar til í athugasemdum sínum til rökstuðnings vægum sektum í málinu hafa mjög takmarkað fordæmisgildi.

Þrátt fyrir framangreint leggur samkeppnisráð á það áherslu að umfjöllun og túlkun sektarviðmiða í nágrannalöndum okkar hefur ekki gildi í málinu annað en það að vera til samanburðar og viðmiðunar.

## 6. Álagðar sektir á Olís, OHF, Skeljung og Orkuna

### 6.1. Sekt OHF

Með þátttöku í verðsamráði, samráði við gerð tilboða og markaðsskiptingu hefur OHF brotið gegn þýðingarmestu ákvæðum samkeppnislaga. Brot félagsins hafa staðið yfir í tæplega níu ár og þau varða mjög umfangsmikil viðskipti með nauðsynjavöru. Brot félagsins voru skipulögð og tóku þátt í þeim ædstu stjórnendum OHF. Jafnframt voru þau framin með einbeittum ásetningi og var reynt að hylma yfir þau. Hið ólögmæta samráð olíufélaganna sem OHF tók þátt í var að verulegu leyti framkvæmt og hafði því umtalsverð skaðleg áhrif á markaðnum. Visast hér til nánari umfjöllunar í kafla X 2.2. Að mati samkeppnisráðs eru því brot OHF á ákvæðum samkeppnislaga sem lýst hefur verið í þessari ákvörðun mjög alvarleg. Telur samkeppnisráð að sýnt sé fram á í málinu að ávinningur OHF af brotunum hafi a.m.k. verið 2.750 milljónir króna, ef miðað er við ávinning félagsins af ólögmætu samráði um að bæta framlegð. Ef hins vegar er litið á ávinning félagsins af skiptisölu þá var hann 1.697 milljónir kr. Eins og gerð er grein fyrir í kafla X 2.3 hafa ekki komið fram atriði í málinu sem hafa áhrif til mildunar viðurlaga.

OHF er öflugt fyrirtæki með sterka stöðu á þeim sviðum viðskipta sem mál þetta tekur til, sbr. nánar kafla II og X 2.2. Velta félagsins á árinu 2003 var um [...] milljónir króna

OHF ber með Olís og Skeljungi jafna ábyrgð á hinu samfellda samráði félaganna. Að mati samkeppnisráðs eru ekki forsendur til þess að neitt olíufélaganna njóti lægri sekta vegna umtalsvert minni þátttöku í samfellda samráðinu, sbr. nánar kafla X 2.3.

Í athugasemdum OHF er því haldið fram að formlegt hámark sekta í þessu máli sé 40 milljónir kr. Ef ekki er fallist á það telur OHF að formlegt hámark sekta vegna atvika sem gerðust eða hófust fyrir 6. desember 2000 sé 10% af ársveltu fyrirtækisins, takist samkeppnisyfirvöldum að sanna að ávinningur sé meira en 40 milljónir kr. Varðandi atvik sem gerðust eftir 6. desember 2000 telur OHF að formlegt hámark sekta sé 10% af veltu félagsins. Telur OHF að skýra beri 52. gr. samkeppnislaga með þeim hætti að miða beri við veltu „síðasta heila almannaksár áður en meint brot voru framin.“ Samkvæmt þessu heldur OHF því fram að miða beri við veltu ársins 2000 hjá félaginu sem hafi verið 13.989,5 milljónir kr. Frá þessari fjárhæð telur OHF að draga eigi áhrif opinberra gjalda, þannig að grunnfjárhæðin ætti að lækka um a.m.k. 15–25%.

Samkeppnisráð vísar hér fyrst til kafla X 3 þar sem fjallað er um sjónarmið olíufélaganna um lagaskil. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að tilvísun til veltu í 52. gr. vísar til veltu síðasta reikningsársins áður en ákvörðun er tekin í málinu að því

gefnu að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar. Eins og nefnt hefur verið sækir 52. gr. samkeppnislaga fyrirmynd sína til samskonar ákvæða í EES/EB-samkeppnisrétti. Er sama túlkun lögð þar til grundvallar.<sup>2611</sup> Samkeppnisráð telur engin lagarök standa til þess að draga frá áhrif opinberra gjalda og hefur OHF ekki sett fram nein slík rök.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið telur samkeppnisráð að nauðsynlegt sé að beita þeim viðurlögum sem samkeppnislög gera ráð fyrir gagnvart OHF fyrir brot fyrirtækisins á samkeppnislögum. Tilgangur stjórnvaldssekta samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga er að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif og verður fjárhæð sekta því að vera til þess fallin að hafa slík áhrif. Með tilliti til allra framangreindra sjónarmiða telur samkeppnisráð hæfilegt að OHF greiði kr. 1.100.000.000 kr. (eittþúsund og eitthundrað milljón krónur) sekt í ríkissjóð.

## 6.2. Sekt Olís

Með þátttöku í verðsamráði, samráði við gerð tilboða og markaðsskiptingu hefur Olís brotið gegn þýðingarmestu ákvæðum samkeppnislaga. Brot félagsins hafa staðið yfir í tæplega níu ár og þau varða mjög umfangsmikil viðskipti með nauðsynjavöru. Brot félagsins voru skipulögð og tóku þátt í þeim æðstu stjórnendum Olís. Jafnframt voru þau framin með einbeittum ásetningi og var reynt að hylma yfir þau. Hið ólögsmæta samráð olíufélaganna sem Olís tók þátt í var að verulegu leyti framkvæmt og hafði því umtalsverð skaðleg áhrif á markaðnum Vísast hér til nánari umfjöllunar í kafla X 2.2. Að mati samkeppnisráðs eru því brot Olís á ákvæðum samkeppnislaga sem lýst hefur verið í þessari ákvörðun mjög alvarleg. Telur samkeppnisráð að sýnt sé fram á í málinu að ávinningur Olís af brotunum hafi a.m.k. verið 2.083 milljónir króna, ef miðað er við ávinning félagsins af ólögsmætu samráði um að bæta framlegð. Ef hins vegar er litið á ávinning félagsins af skiptisölu þá var hann 2.008 milljónir kr. Eins og gerð er grein fyrir í kafla X 2.3 hafa ekki komið fram atriði í málinu sem hafa áhrif til mildunar viðurlaga.

Olís er öflugt fyrirtæki með sterka stöðu á þeim sviðum viðskipta sem mál þetta tekur til, sbr. nánar kafla II og X 2.2. Velta félagsins á árinu 2003 var um [...] milljónir króna

Olís ber með OHF og Skeljungu jafna ábyrgð á hinu samfellda samráði félaganna. Að mati samkeppnisráðs eru ekki forsendur til þess að neitt olíufélaganna njóti lægri sekta vegna umtalsvert minni þátttöku í samfellda samráðinu, sbr. nánar kafla X 2.3.

---

<sup>2611</sup> Sjá leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES, 2003/EES/3/02. Birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB 16.1.2003. Þar segir að velta miðist við „árið sem fer á undan árinu þegar ákvörðun var tekin eða, ef tölur eru ekki tiltækar, fyrir reikningsárið sem fer næst á undan.“ Dómstólar EB leggja þetta einnig til grundvallar. Sjá t.d. dóm undirréttar EB í sameinuðum málum nr. m.a. T-25/95 *Cimenteries CBR SA v Commission* [2000] ECR II-491: „*The Court points out that 'preceding business year, within the meaning of Article 15(2) of Regulation No 17, refers to the last full business year of each of the undertakings concerned as at the date of adoption of the contested decision ...*“

Í athugasemdum Olís er því haldið fram að við ákvörðun sekta verði að miða „við nettóveltú auk þess sem skilja verði frá veltu vegna annarra vara en eldsneytis og veltu vegna bensínjalds.“ Samkeppnisráð vísar til umfjöllunar um veltu hér að framan.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið telur samkeppnisráð að nauðsynlegt sé að beita þeim viðurlögum sem samkeppnislög gera ráð fyrir gagnvart Olís fyrir brot fyrirtækisins á samkeppnislögum. Tilgangur stjórnvaldssekta samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga er að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif og verður fjárhæð sekta því að vera til þess fallin að hafa slík áhrif. Með tilliti til allra framangreindra sjónarmiða telur samkeppnisráð hæfilegt að Olís greiði 1.100.000.000 kr. (eittþúsund og eithundrað milljón krónur) sekt í ríkissjóð.

### 6.3. Sekt Skeljungu

Með þátttöku í verðsamráði, samráði við gerð tilboða og markaðsskiptingu hefur Skeljungur brotið gegn þýðingarmestu ákvæðum samkeppnislaga. Brot félagsins hafa staðið yfir í tæplega níu ár og þau varða mjög umfangsmikil viðskipti með nauðsynjavöru. Brot félagsins voru skipulögð og tóku þátt í þeim æstu stjórnendur Skeljungu. Jafnframt voru þau framin með einbeittum ásetningi og var reynt að hylma yfir þau. Hið ólögmeta samráð olíufélaganna sem Skeljungur tók þátt í var að verulegu leyti framkvæmt og hafði því umtalsverð skaðleg áhrif á markaðnum Vísast hér til nánari umfjöllunar í kafla X 2.2. Að mati samkeppnisráðs eru því brot Skeljungu á ákvæðum samkeppnislaga sem lýst hefur verið í þessari ákvörðun mjög alvarleg. Telur samkeppnisráð að sýnt sé fram á í málinu að ávinningur Skeljungu af brotunum hafi a.m.k. verið 1.654 milljónir króna, ef miðað er við ávinning félagsins af ólögmetu samráði um að bæta framlegð. Ef hins vegar er litið á ávinning félagsins af skiptisölu þá var hann 2.032 milljónir kr. Eins og gerð er grein fyrir í kafla X 2.3 hafa ekki komið fram atriði í málinu sem hafa áhrif til mildunar viðurlaga.

Skeljungur er öflugt fyrirtæki með sterka stöðu á þeim sviðum viðskipta sem mál þetta tekur til, sbr. nánar kafla II og X 2.2. Velta félagsins á árinu 2003 var um [...] milljónir kr.

Skeljungur ber með Olís og OHF jafna ábyrgð á hinu samfellda samráði félaganna að mati samkeppnisráðs eru ekki forsendur til þess að neitt olíufélaganna njóti lægri sekta vegna umtalsvert minni þátttöku í samfellda samráðinu, sbr. nánar kafla X 2.3.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið telur samkeppnisráð að nauðsynlegt sé að beita þeim viðurlögum sem samkeppnislög gera ráð fyrir gagnvart Skeljungu fyrir brot fyrirtækisins á samkeppnislögum. Tilgangur stjórnvaldssekta samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga er að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif og



verður fjárhæð sekta því að vera til þess fallin að hafa slík áhrif. Með tilliti til allra framangreindra sjónarmiða telur samkeppnisráð hæfilegt að Skeljungur greiði 1.100.000.000 kr. (eittþúsund og eitthundrað milljón krónur) sekt í ríkissjóð.

#### 6.4. Sekt Orkunnar

Orkan var að hluta til þátttakandi í samráði oliufélaganna um verðlagningu bifreiðaeldsneytis. Tók félagið þátt í verðsamráði á því sviði viðskipta á tímabilinu nóvember 1995 – maí 2001. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að brot Orkunnar eru í eðli sínu alvarleg, enda lúta þau að samráði um verð á mikilvægum markaði. Ljóst er hins vegar að brot Orkunnar voru mun takmarkaðri en brot OHF, Olís og Skeljungs.

Í kafla X 2.6 er nánari grein gerð fyrir stöðu Orkunnar á markaðnum. Jafnframt ber að hafa í huga að Orkan er dótturfyrirtæki Skeljungs og tilheyrir því öflugri fyrirtækjasamstæðu á þeim markaði sem mál þetta tekur til.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið telur samkeppnisráð að nauðsynlegt sé að beita þeim viðurlögum sem samkeppnislög gera ráð fyrir gagnvart Orkunni fyrir brot fyrirtækisins á samkeppnislögum. Tilgangur stjórnvaldssekta samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga er að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif og verður fjárhæð sekta því að vera til þess fallin að hafa slík áhrif. Með tilliti til allra framangreinda sjónarmiða telur samkeppnisráð hæfilegt að Orkan greiði 40.000.000 kr. (fjörtíu milljón krónur) kr. sekt í ríkissjóð.

### **7. Krafa Skeljungs um að sekt verði felld niður eða lækkuð vegna ætlaðs dráttar á rannsókn málsins**

#### 7.1. Sjónarmið Skeljungs

Í athugasemdum Skeljungs kemur fram að við rannsókn meintra brota gegn bannákvæðum samkeppnislaga beri að gæta ákvæða 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994. Í 1. mgr. 6. gr. MSE komi fram sú mikilvæga regla að þegar kveða eigi á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann sé borinn um refsivert brot, skuli hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Ljóst sé að samkeppnisyfírvöld séu bundin af þessu ákvæði við meðferð málsins.

Sambærilegt ákvæði sé að finna í 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 en þar komi fram að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Reglu um málshraða sé einnig að finna í 9. gr. stjórnsýslulaga.

Þá segir að rannsókn Samkeppnisstofnunar á meintum brotum Skeljungs hafi hafist með húsleit 18. desember 2001. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi vísað til þess í dómum sínum að við mat á því hvort 1. mgr. 6. gr. MSE verði beitt um málsmeðferð verði ekki einungis litið til þess tíma sem hafi liðið frá því að maður hafi formlega verið borinn sökum af lögreglu, eða þar til bæru stjórnvaldi, heldur verði einnig litið til annarra aðgerða í þessu sambandi. Hafi þar m.a. verið vísað til húsleitar sem dæmi um aðgerð sem sé líkleg til að hafa áhrif á stöðu manns sem sé grunaður um refsiverða háttsemi. Eftir að slík aðgerð hafi átt sér stað fari um meðferð málsins eftir 1. mgr. 6. gr. MSE.

Það sé ljóst að rannsókn málsins hjá samkeppnisyfirvöldum hafi nú þegar staðið yfir í um tvö og hálf ár en rannsókninni sé enn ekki lokið. Frumathugun Samkeppnisstofnunar hafi fyrst legið fyrir í heild sinni 5. desember 2003. Það sé því ljóst að frumrannsókn málsins hafi nú þegar tekið Samkeppnisstofnun hátt í tvö og hálf ár. Eins og húsleit hafi verið háttað sé ljóst að Samkeppnisstofnun hafi haft gríðarlegt magn gagna til rannsókna. Engin tilraun hafi hins vegar verið gerð til þess af hálfu Samkeppnisstofnunar að takmarka rannsóknina við ákveðin tilvik sem grunur hafi beinst að í upphafi. Stofnunin hafi kosið að haldleggja og rannsaka allt bókhald félagsins mörg ár aftur í tímann, allan tölvupóst og gríðarlegt magn annarra gagna. Svo virðist sem ákveðið hafi verið að haldleggja sem mest af gögnum í þeirri von að þar kynni að leynast eitthvað sem gæfi til kynna ólögmaett samstarf olíufélaganna. Þá hafi stofnunin ekki takmarkað rannsóknina í tíma heldur kosið að rannsaka háttsemi Skeljungs allt frá gildistöku samkeppnislaga. Þetta sé gert þótt ljóst megi vera að stærstur hluti brotanna sem kynnu að hafa verið framin á umræddu tímabili séu fyrnd.

Skeljungur hafi staðið í umfangsmikilli gagnaöflun og skýrslugerð til Samkeppnisstofnunar þann tíma sem rannsókn stofnunarinnar hafi staðið yfir. Ómældur tími starfsmanna félagsins hafi farið í vinnu við rannsókn málsins. Á sama tíma sæti félagið sjálft og fjöldi starfsmanna þess rannsókn hjá Ríkislögreglustjóra með tilheyrandi óþægindum fyrir starfsmennina sjálfa og fjarvistir starfsmanna frá vinnu vegna skýrslutöku. Óhætt sé að segja að þessi staða hafi hamlað verulega allri eðlilegri starfsemi félagsins allt frá upphafi rannsóknarinnar. Allar langtímaáætlanir í rekstri hafi reynst erfiðar vegna óvissu um framhald málsins. Vitað sé að samstarfsfletir olíufélaganna hafi verið margvíslegir, svo sem samrekstur bensínstöðva víða um land. Engar leiðbeiningar hafi fengist frá Samkeppnisstofnun um það hvort og þá hvernig þurfi að breyta umræddu samstarfi. Þar til endanleg niðurstaða hafi fengist í þessu máli eigi Skeljungur erfitt um vik að takast á við margvísleg málefni í rekstri félagsins.

Sú staðreynd að gífurleg umfjöllun hafi átt sér stað um málið í fjölmiðlum hafi ekki orðið til þess að draga úr áhrifum rannsóknarinnar á Skeljung. Raunar sé það ekki

einleikið hversu hratt og örugglega upplýsingar um framgang rannsóknarinnar hafi borist til fjölmiðla. Ljóst sé að ekkert olíufélaganna hafi hag af því að koma slíkri umfjöllun af stað. Fyrri hluti frumathugunarinnar virðist hafa komið í heild sinni í hendur fjölmiðla með tilheyrandi umfjöllun og skaða fyrir Skeljung. Fréttir af fundum Skeljungs með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar hafi borist jafnharðan og þeir hafi átt sér stað og upplýsingarnar hafi borist til fjölmiðla um efni slíkra funda. Öll umfjöllun um málið, sem sé enn á rannsóknarstigi, í fjölmiðlum sé að mati Skeljungs til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á starfsemi Skeljungs og stöðu félagsins í þeim tveimur rannsóknum sem nú séu í gangi.

Skeljungur telur að sá dráttur sem hafi orðið á rannsókn málsins frá því að húsleit hafi verið gerð sé alfarið á ábyrgð samkeppnisyfirvalda. Í fjölmiðlum hafi verið vísað til þess að stofnunin sé undirmönnuð og nái af þeim sökum ekki að anna þeim fjölda mála sem henni berist. Í þessu sambandi sé rétt að taka fram að af dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu verði ráðið að vinnuálag dómstóla eða stjórnvalda geti ekki verið lögmæt ástæða fyrir drætti á málsmeðferð. Aðildarríki MSE verði að bera ábyrgð á því að skipuleggja mál með þeim hætti að unnt sé að ljúka rannsókn þeirra innan hæfilegs tíma.

Af álitum mannréttindanefndar Evrópu, dómum mannréttindadómstóls Evrópu og dómum Hæstaréttar verði ráðið að óhæfilegur dráttur á málsmeðferð geti leitt til þess að gripið sé til vægari refsinga eða þær felldar niður. Hæstiréttur hafi í dómum sínum einnig lagt áherslu á að sakamálum sé hraðað jafnt á rannsóknarstigi sem á síðari stigum málsmeðferðar. Ef brotið hafi verið gegn málshraðareglunni við meðferð málsins hafi dómstóllinn tekið tillit til þess við ákvörðun viðurlaga og mildað refsingu af þeirri ástæðu. Vísar Skeljungur til ýmissa dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Að öllu framangreindu virtu telji Skeljungur fullt tilefni til þess að fella niður sektir eða lækka verulega ef meint brot félagsins teljist sönnuð.

## 7.2. Mat samkeppnisráðs

Samkeppnisráð bendir hér á að mál þetta er það viðamesta sem samkeppnisyfirvöld hafa rannsakað. Í ljósi alvarleika málsins og umfangs þess, sem og rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga, hafa samkeppnisyfirvöld þurft að framkvæma ítarlega rannsókn á atvikum málsins. Getur ráðið ekki fallist á að sú rannsókn hafi tekið óhæfilega langan tíma. Verður þetta rökstutt nánar.

Sökum þess að samkeppnislög innihalda ekki ákvæði um málshraða verður að líta til málshraðareglu stjórnarsýslulaga við mat á málshraða í málum vegna brota á samkeppnislögum. Í 1. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 segir að ákvarðanir í málum skuli teknar eins fljótt og unnt er. Ekki er kveðið á um fastákveðinn

tímaramma þar sem starfsemi, verkefni og aðbúnaður stjórnvalda er misjafn.<sup>2612</sup> Við mat á því hver sé eðlilegur afgreiðslutími mála verður að horfa til þess hve umfangsmikil mál eru, hvort afla þurfi umsagnar annarra aðila, hvort afla þurfi gagna o.s.frv. Afleiðingar tafa á afgreiðslu máls valda yfirleitt ekki ógildi ákvörðunar, hins vegar getur hið opinbera bakað sér bótaábyrgð þegar dregist hefur óhóflega og að ástæðulausu að afgreiða mál, og það hefur bakað málsaðila tjón. Þá getur verið um brot að ræða í opinberu starfi hjá þeim starfsmanni sem fer með málið.<sup>2613</sup>

Rannsókn þessa máls sem hér er til umfjöllunar hefur verið afar umfangsmikil. Skjöl, tölvugögn og önnur málgögn eru margföld á við það sem samkeppnisyfirvöld hafa áður fengist við. Þá hefur átt sér stað umtalsverð gagnaöflun í málin. T.a.m. hafa málsaðilar setið fjölda funda með samkeppnisyfirvöldum og borist hafa ítarlegar athugasemdir aðila. Að mati samkeppnisráðs er ekki hægt að halda því fram með gildum rökum að málið hafi dregist óhæfilega í rannsókn. Hér má einnig benda á að málið hefur verið í samfelldri rannsókn<sup>2614</sup> og meðferð síðan það hófst með húsleit Samkeppnisstofnunar eins og eftirfarandi yfirlit, sem er ekki tæmandi, ber með sér:<sup>2615</sup>

- 18. desember 2001 var framkvæmd húsleit hjá olúfélögunum.
- 25. febrúar 2002 var félögunum gerð grein fyrir því á fundi hvernig staðið yrði að rannsókn tölvugagna.
- 25. febrúar 2002 kröfðust olúfélögin úrlausnar dómara um lögmati haldlagningar á gögnum sem framkvæmd var í umræddri húsleit.
- 1. mars 2002 ritaði OHF Samkeppnisstofnun bréf þar sem óskað er samvinnu við samkeppnisyfirvöld við að upplýsa málið.
- 5. mars 2002 svaraði Samkeppnisstofnun bréfi OHF frá 1. mars sama ár og útlistaði skilyrði samvinnu við samkeppnisyfirvöld.
- Frá apríl 2002 til apríl 2003 átti Samkeppnisstofnun 19 fundi með OHF vegna nefndrar samvinnu.
- 5. mars 2002 sendi Olís bréf til Samkeppnisstofnunar og lýsti yfir vilja til samstarfs um að upplýsa málið.
- 14. mars 2002 var fundur Olís og Samkeppnisstofnunar vegna samstarfs við að upplýsa málið.
- Frá ágúst til desember 2002 voru haldnir sex fundir með Olís vegna samstarfs um að upplýsa málið.
- 9. apríl 2002 hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Olís og Skeljungs um eyðingu tölvugagna.

<sup>2612</sup> Páll Hreinsson, Stjórnsýslulögin (1994), bls. 97.

<sup>2613</sup> Páll Hreinsson, Stjórnsýslulögin (1994), bls. 101–104.

<sup>2614</sup> Hérna má benda á að mannréttindadómstóll Evrópu hefur litið svo á að tímabil í málum þar sem ekkert er aðhafst, hvorki af hálfu yfirvalda né málsaðila, geti leitt til þess að brotið hafi verið gegn málshraðareglu 1. mgr. 6. gr. MSE. Sjá hérna t.d. mál *Bunkate gegn Hollandi*, dómur 26.5.1993, A 248-B.

<sup>2615</sup> Nánari yfirlit yfir samskipti olúfélaganna og samkeppnisyfirvalda er að finna í lista yfir gögn málsins, sbr. einnig umfjöllun í kafla I 2.

- 3. maí 2002 staðfesti Hæstiréttur úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur. Í kjölfar dómsins hóf Samkeppnisstofnun athugun á tölvugögnum.
- 29. og 30. maí 2002 sendi Samkeppnisstofnun bréf og óskaði eftir ýmsum upplýsingum og gögnum. Frestur var veittur til 31. júlí 2002.
- 24. júlí 2002 óskuðu Olís og Skeljungur eftir lengri fresti vegna gagnaöflunarbréfs Samkeppnisstofnunar frá því í lok maí 2002.
- Í ágúst, september og október 2002 bárust upplýsingar frá félögunum.
- 25. október 2002 átti Samkeppnisstofnun fund með Skeljungi varðandi m.a. hugsanlega aðstoð Skeljungs við að upplýsa málið.
- 5. nóvember 2002 barst Samkeppnisstofnun bréf frá Skeljungi vegna framangreindrar samvinnu.
- Í október og nóvember 2002 voru haldnir fimm fundir með Skeljungi vegna samstarfs um að upplýsa málið.
- 8. janúar 2003 sendi Samkeppnisstofnun félögunum frumathugun I í málinu. Frestur til athugasemda var veittur til 20. febrúar 2003.
- 17. og 20. febrúar 2003 sendu olíufélögin Samkeppnisstofnun bréf og óskuðu eftir lengri fresti. Frestur er veittur til 25. apríl 2003.
- Að ósk olíufélaganna voru haldnir þrjár fundir með lögmönnum þeirra þar sem rætt var um mögulega sátt. Viðræðum lauk um miðjan mars 2003.
- 25. apríl 2003 bárust athugasemdir frá OHF við frumathugun I og samdægurs bárust bréf frá Skeljungi og Olís þar sem sagði að félögin myndu ekki skila athugasemdum fyrr en þau hefðu frumathugun Samkeppnisstofnunar í heild sinni til athugasemda.
- 22. maí 2003 óskaði Samkeppnisstofnun tiltekinna gagna frá félögunum.
- 23. október 2003 var Skeljungi boðið að mæta á fund Samkeppnisstofnunar og veita upplýsingar um samstarf olíufélaganna í m.a. verðlagsmálum. Félagið hafnaði þessu boði sökum þess að opinber rannsókn væri hafin.
- 5. desember 2003 sendi Samkeppnisstofnun félögunum frumathugun II í málinu. Frestur til andmæla var veittur til 15. febrúar 2004
- Í upphafi árs 2004 voru að ósk olíufélaganna haldnir fundir með Samkeppnisstofnun þar sem kannaðir voru möguleikar á því að ljúka málinu með sátt.
- 13.–20. janúar óskuðu olíufélögin eftir gögnum málsins og auknum fresti til þess að koma að athugasemdum.
- 28. og 29. janúar 2004 veitti Samkeppnisstofnun félögunum frest til 3. maí 2004 og bárust andmæli þeirra í byrjun þess mánaðar.
- 27. ágúst 2004 var olíufélögunum sendur listi yfir gögn sem bæst höfðu við málið frá því að seinni frumathugun Samkeppnisstofnunar var send aðilum.
- 18. október 2004 tjáðu olíufélögin sig munnlega fyrir samkeppnisráði.

Í þessu samhengi má benda á úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 13/2001 í svokölluðu grænmetismáli. Í úrskurðinum kemur fram að talið væri að málið, sem tók u.þ.b. eitt og hálf ár frá því að rannsókn hófst þar til ákvörðun var tekin, hefði ekki tafist fram úr hófi og er m.a. vísað til þess að málið væri umfangsmikið og gagnaöflun hefði verið tímafrek. Þá er bent á að veittir hafi verið frestir vegna gagnaöflunar. Einnig er vísað til þess að frestur hafi verið veittur til andmæla eftir að frumathugun samkeppnisyfirvalda hafi verið send félögunum. Var af þessum sökum ekki talin ástæða til þess að finna að því að málsmeðferðin hafi tekið þann tíma sem raun varð á.

Ef grænmetismálið er borið saman við það mál sem hérna er til umfjöllunar er ljóst að þetta mál er margfalt umfangsmeira á allan hátt en grænmetismálið. Samráð dreifingarfyrirtækja grænmetis stóð yfir frá árunum 1995 til 1999 á meðan samráð olíufélaganna stóð yfir frá 1993 til 2001. Olíufélögin eru með mun umfangsmeiri rekstur en þau fyrirtæki sem voru aðilar að grænmetismálinu, sbr. kafla X 2.4. Þá ber einnig að taka mið af því að samráð olíufélaganna var mun samfelldara, heildstæðara og umfangsmeira. Í ljósi nefnds úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála og með hliðsjón af því að það mál sem hérna er til umfjöllunar hefur tekið tvö ár og tíu mánuði í rannsókn er ekki unnt að halda því fram að málshraðaregla stjórnisýslulaga hafi verið brotin við rekstur málsins.

Hér má einnig hafa í huga málarekstur Olís og Skeljungs gegn Samkeppnisstofnun þar sem beiðst var úrlausnar um lögmati haldlagningar á gögnum í framangreindri húsleit. Málið hófst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 25. febrúar 2002 og var síðan skotið til Hæstaréttar með kæru 11. apríl 2002. Hæstiréttur kvað upp úrskurð sinn í málinu 3. maí 2002. Samkeppnisráð gerir ekki athugasemd við að fyrirtæki leiti réttar síns. Á hinn bóginn verður að líta til þess að á meðan á þessum málarekstri stóð átti sér ekki stað rannsókn tölvugagna hjá Samkeppnisstofnun sem óhjákvæmilega tafði málið. Hér er einnig rétt að taka fram að félögin hafa ítrekað óskað lengri frests til þess að skila upplýsingum og athugasemdum, sbr. umfjöllun hér að framan. Að lokum vísar samkeppnisráð til viðleitni Samkeppnisstofnunar til þess að flýta fyrir rannsókn málsins með því að senda olíufélögunum frumathugun málsins í tveimur hlutum.<sup>2616</sup>

---

<sup>2616</sup> Nefna má í þessu samhengi að velþekkt er að frumathugun (e. statement of objections) framkvæmdastjórnar EB í tilteknu máli sé skipt í fleiri hluta. Má nefna t.d. mál framkvæmdastjórnarinnar gegn Microsoft þar sem frumathugun var send Microsoft í þremur hlutum. Sjá nánar fréttatilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, IP/04/382, 24.3.2004.

Skeljungur og Olís sáu sér ekki fært að vinna með Samkeppnisstofnun að þessu leyti.<sup>2617</sup>

Í athugasemdum sínum vísar Skeljungur til þess að málið hafi tafist sökum þess að Samkeppnisstofnun hafi ekki takmarkað rannsóknina í tíma heldur kosið að rannsaka háttsemi Skeljungs allt frá gildistöku samkeppnislaga. Þetta sé gert þótt ljóst megi vera að stærstur hluti brotanna sem kynnu að hafa verið framin á umræddu tímabili séu fyrnd. Samkeppnisráð getur ekki fallist á að tilefni hafi verið til þess að takmarka rannsókn málsins í tíma vegna þess að brotin væru að megni til fyrnd. Vísast til kafla X 1 um fyrningu þessu til rökstuðnings.

Skeljungur vísar til þess í athugasemdum sínum að málið hafi dregist svo óhóflega sökum þess að engin tilraun hafi verið gerð til þess af hálfu Samkeppnisstofnunar að takmarka rannsóknina við ákveðin tilvik sem grunur hafi beinst að í upphafi. Samkeppnisráð bendir á að efni og atvik þessa máls styðja ekki þetta mat Skeljungs.

Skeljungur telur að sá dráttur sem hafi orðið á rannsókn málsins frá því að húsleit hafi verið gerð sé alfarið á ábyrgð samkeppnisyfirvalda og vísar m.a. til fjölmiðlaumfjöllunar sem bendi til þess að stofnunin sé undirmönnuð og nái af þeim sökum ekki að anna þeim fjölda mála sem henni berist. Samkeppnisráð vísar til þess að mál það sem hér er til umfjöllunar hefur verið forgangsmál hjá samkeppnisyfirvöldum og hefur mannfæð Samkeppnisstofnunar aðallega haft áhrif á rekstur annarra mála en forgangsmála. Má benda á bókun samkeppnisráðs frá því í janúar 2003 um forgangsröðun mála á samkeppnisviði Samkeppnisstofnunar þessu til stuðnings. Þar kemur fram að lögð skuli áhersla á að hraða eftir föngum rannsókn mála er varða m.a. markaði fyrir viðskipti með bensín, olíur og skyldar vörur.

Skeljungur vísar til þess að Hæstiréttur hafi í dómum sínum lagt áherslu á að sakamálum sé hraðað jafnt á rannsóknarstigi sem á síðari stigum málsmeðferðar. Ef brotið hafi verið gegn málshraðareglunni við meðferð mála hafi dómstóllinn tekið tillit til þess við ákvörðun viðurlaga og mildað refsingu af þeirri ástæðu. Samkeppnisráð bendir á að mál það sem hérna er til umfjöllunar er stjórnsýslumál en ekki sakamál.

---

<sup>2617</sup> Í bréfi Skeljungs, dags. 25.4.2003, var vísað til þess að félagið hefði áður óskað eftir því að frumathugun Samkeppnisstofnunar yrði ekki birt í áföngum heldur í einu lagi. Það væri mat félagsins að athugasemdum við einstaka þætti málsins yrði ekki komið á framfæri með fullnægjandi hætti án tilvísunar til annarra þátta sem eftir atvikum kynnu að falla utan þess hluta frumathugunar sem til umfjöllunar væri hverju sinni. Í ljósi þessa tilkynnti Skeljungur að félagið myndi ekki skila athugasemdum á þessu stigi málsins við frumathugun I. Athugasemdum og eftir atvikum nýjum gögnum yrði hins vegar skilað þegar félagið hafi fengið eðlilegan frest til að kynna sér frumathugun stofnunarinnar í heild sinni. Olís tilkynnti með vísan til samskonar sjónarmiða að félagið myndi ekki á þessu stigi gera athugasemdir við frumathugun I. OHF skilaði hins vegar athugasemdum við frumathugun I.

Í athugasemdum Skeljungs er vísað til þess að við rannsókn á meintum brotum gegn bannákvæðum samkeppnislaga beri að gæta ákvæða 6. gr. MSE og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og áður hefur komið fram í málinu þá er það mat samkeppnisráðs að ekki sé fullkomlega ljóst á þessu stigi hvort eða að hvaða leyti MSE tekur til málsmeðferðar fyrir samkeppnisyfirvöldum á fyrsta stjórnarsýslustigi. Samkeppnisráði er það hins vegar ljóst að rök geta staðið til þess að 6. gr. MSE gildi að meira eða minna leyti í málum þegar stjórnvöld beita stjórnvaldssektum. Að mati ráðsins er hins vegar ekki nauðsynlegt að skera úr um það í máli þessu. Ástæða þess er sú að ráðið telur engan vafa leika á því að mál þetta uppfylli að öllu leyti þær kröfur MSE um málshraða sem Skeljungur vísar til. Verður þetta nú rökstutt nánar.

Í 6. gr. MSE segir að aðili hafi rétt til þess að leyst sé úr máli hans innan hæfilegs tíma. Ekki er skilgreint nánar í 6. gr. MSE hvað telst hæfilegur tíma í skilningi ákvæðisins. Í réttarframkvæmd hafa hins vegar þróast fjögur meginviðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort mál hafi dregist úr hömlu. Þau eru eftirfarandi:

- Þýðing þess fyrir aðila að fá skjóta úrlausn mála
- Er sakarefnið sem til úrlausnar er flókið eða einfalt
- Er drátturinn aðila sjálfum að kenna
- Er drátturinn yfirvöldum að kenna.

Hvað varðar fyrsta viðmiðið þá falla aðallega undir það mál sem eru þess eðlis að það skiptir sköpum eða hefur a.m.k. mjög mikla þýðingu fyrir aðila að þau fái skjóta úrlausn.<sup>2618</sup> Hér er t.d. um að ræða mál þar sem málsaðili er dauðvona og varðar því augljóslega miklu að fá úr rétti sínum skorið,<sup>2619</sup> mál varðandi félagslega aðstoð og lífeyrisgreiðslur,<sup>2620</sup> mál vegna forsjár barns<sup>2621</sup> o.s.frv.

Að mati samkeppnisráðs er það mál sem hér er til umfjöllunar annars eðlis en nefnd dæmi. Það getur vissulega varðað fyrirtæki miklu að fá skorið úr um sinn rétti með skjótum hætti en að mati samkeppnisráðs er þýðing þess að fá skjóta úrlausn mála ekki á neinn hátt sambærileg við framangreind mál. Hefur þetta atriði því ekki verulega þýðingu í málinu.

Hvað varðar annan flokkinn þá telur samkeppnisráð að þetta mál flokkist ótvírætt sem flókið og umfangsmikið mál eins og áður hefur komið fram. Er því eðlilegt að meðferð þess taki allnokkurn tíma.<sup>2622</sup>

<sup>2618</sup> Eiríkur Tómasson, Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, bls.120.

<sup>2619</sup> Dómur 31. mars 1992, A 234-C

<sup>2620</sup> Dómar 29. maí 1986, A 100, gr. 90, og 26. febrúar 1992, A 228.

<sup>2621</sup> Dómur 8. júlí 1987, A 120-B.

<sup>2622</sup> Hér má benda á að málsmeðferð í skattamáli sem talið var flókið og umfangsmikið var ekki talin hafa brotið gegn 1. mgr. 6. gr. þrátt fyrir að málaferlin hafi staðið í 7 ár og rúma 4 mánuði þegar MDE kvað upp dóm sinn. Sjá nánar dóm 27.6.1968, A 8.



Hvað varðar þriðja atriðið sem litið er til við mat á hæfilegum málshraða þá ber m.a. að hafa í huga óskir oliufélaganna um lengri fresti. Leiðir þetta viðmið því ekki til þess að brotið hafi verið gegn málshraðareglu MSE í málinu.

Að lokum hvað varðar síðasta liðinn þá telur samkeppnisráð að ekkert bendi til þess að nokkur dráttur hafi orðið á málinu í málsmeðferð Samkeppnisstofnunar. Vísast þar m.a. til framangreinds yfirlits um meðferð málsins sem og málsganga og umfangs ákvörðunar þessarar. Er af öllu þessu ljóst að mál þetta er mikið að umfangi og ekki fæst séð hvernig vinna hefði mátt málið á skemmri tíma. Að framangreindu virtu telur samkeppnisráð að ekki hafi verið brotið gegn kröfum MSE í málinu.

Í þessu sambandi má benda á að það er ekki óþekkt að mál í EES/EB-samkeppnisrétti taki þrjú til sjö ár í rannsókn áður en tekin er ákvörðun. Í því sambandi skiptir máli að þessi málaflokkur er oft á tíðum flókinn og efnismikill og brot eru iðulega framin með leynd og yfirhylmingu að leiðarljósi.<sup>2623</sup> Í þessu sambandi má einnig líta t.d. til dóms undirréttar EB í máli fyrirtækjanna SCK og FNK.<sup>2624</sup> Þar var því haldið fram af fyrirtækjum að framkvæmdastjórnin hefði brotið gegn reglum MSE um málshraða. Þar kemur fram að rétturinn hafi haft hliðsjón af reglum MSE um málshraða við mat á því hvort meðferð málsins hefði tekið óeðlilega langan tíma hjá framkvæmdastjórn EB.<sup>2625</sup> Í dómnum kemur fram að ekki beri eingöngu að líta til þess hve langur tími líður frá því að málsmeðferð hefst þar til ákvörðun er tekin, heldur verði m.a. að skoða hvert mál með tilliti til umfangs þess, hve flókið það er og hve mikilvægt er fyrir aðila að fá úr rétti sínum skorið.<sup>2626</sup> Í því máli hafði málsmeðferð

---

<sup>2623</sup>Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli *Pre-Insulated Pipe Cartel* málinu [1999] 3 CMLR 402, þar sem húsleit fór fram 28.6.1995 og ákvörðun framkvæmdastjórnar var tekin 21.10.1998, eða u.þ.b. þrem og hálfu ári seinna. Einnig ákvörðun framkvæmdastjórnar í máli nr. IV/34.621 *Irish Sugar PLC* og dómur undirréttar nr. T-228/97 *Irish Sugar PLC v Commission* [1999] 5 CMLR 1300. Þar fór húsleit fram 25. og 26.9.1990 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er dagsett 14.5.1997, eða tæpum 7 árum seinna.

<sup>2624</sup>Mál nr. T-18/96 [1998] 4 CMLR 259.

<sup>2625</sup>Í dómnum er hins vegar ekki skorið úr um hvort 1. mgr. 6. gr. MSE gildi um málsmeðferð fyrir framkvæmdastjórninni: „*It is a general principle of Community law that the Commission must act within a reasonable time in adopting decisions following administrative proceedings relating to competition policy ... Accordingly, without there being any need to rule on the question whether Article 6(1) of the European Convention on Human Rights is, as such, applicable to administrative proceedings before the Commission relating to competition policy, it is necessary to consider whether, in this case, in the proceedings preceding the adoption of the contested decision, the Commission offended against the general principle of Community law requiring it to act within a reasonable time.*“

<sup>2626</sup>Sbr. eftirfarandi ummæli í dómnum: „*The administrative proceedings in this case lasted, in all, approximately 46 months. However, as the Commission has rightly stated, the question whether the duration of an administrative proceeding is reasonable must be determined in relation to the particular circumstances of each case and, in particular, its context, the various procedural stages followed by the Commission, the conduct of the parties in the course of the procedure, the complexity of the case and its importance for the various parties involved (see, by analogy, the judgments of the European Court of Human Rights of 23 April 1987 in *Erkner*, Series A, No 117, p. 62, paragraph 66, of 25 June 1987 in *Milasi*, Series A, No 119, p. 46, paragraph 15, and in *Schouten and Meldrum v Netherlands*, cited above, p. 25, paragraph 63)*“

framkvæmdastjórnar EB tekið tæp fjögur ár og var það mat dómsins að málið hefði ekki tafist óhóflega.

Að lokum hvað varðar 70. gr. stjórnarskrárinnar vísar samkeppnisráð til umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 97/1995. Þar kemur m.a. fram að helsta markmið þessarar reglu sé að vera til aðhalds og leiðbeininga, enda sé ekki hægt að setja almenna reglu um hvað teljist vera hæfilegur tími eða hámarkstími sem leyfilegur væri samkvæmt ákvæðinu. Velti mat á því hvað teljist hæfilegur tími þannig mjög á atvikum hvers máls. Þá er vísað til svipaðra sjónarmiða og eru reifuð að ofan í umfjöllun um MSE við mat á hæfilegum málshraða. Í því ljósi vísast til framangreindrar umfjöllunar um MSE.

Að öllu framangreindu virtu og hvort sem litið er til málshraðareglu stjórnarsýsluréttar, MSE eða stjórnarskrár Íslands þá telur samkeppnisráð að málsmeðferð hafi ekki dregist úr hófi og er vandséð hvernig hefði mátt hraða meðferð málsins frekar.

## **8. Aðstoð olíufélaganna við að upplýsa málið og hugsanleg lækkun á sektum**

Í þessum kafla verður fjallað um samvinnu OHF, Olís og Skeljungs við samkeppnisyfirvöld um að upplýsa málið og hugsanlega lækkun sekta vegna þess. Í upphafi verður hins vegar gerð grein fyrir athugasemdum OHF og Skeljungs um þennan lið málsins.

### **8.1. Sjónarmið olíufélaganna**

#### **8.1.1. Sjónarmið OHF**

Í athugasemdum OHF kemur fram af félagið hafi átt frumkvæði, fyrst olíufélaganna með bréfi, dags. 1. mars 2002, að samvinnu og samstarfi við Samkeppnisstofnun um að upplýsa málið. Með bréfi 5. mars s.á. hafi stofnunin svarað OHF og greint félaginu frá því að það gæti vænst 30–50% lækkunar á hugsanlegri sekt að uppfylltum nánari skilyrðum, sbr. reglur samkeppnisráðs nr. 397/2002. Þessi skilyrði hafi nú öll verið uppfyllt auk þess sem OHF hafi dregið til baka beiðni sína um úrlausn dómara á lögmati haldlagningar á gögnum, sbr. bréf OHF til stofnunarinnar frá 12. mars 2002. Þetta sé staðfest í frumathugun II þar sem fram komi að OHF geti fengið umtalsverða lækkun hugsanlegra stjórnvaldssekta. Telur OHF að að skilyrði séu til þess að veita félaginu 50% lækkun á hugsanlegri sekt í samræmi við ofangreindar reglur. Núverandi og fyrrverandi starfsmenn OHF hafi veitt Samkeppnisstofnun mikilvægar upplýsingar um atvik málsins og félagið hafi látið stofnuninni í té ýmis gögn. Án þessara upplýsinga hefðu málsatvik aldrei orðið jafn vel upplýst. Telur OHF ennfremur að auk lækkunar á grundvelli ofangreindra reglna beri að meta samstarfsvilja félagsins eftir afhendingu frumathugunar II og þar til endanleg

ákvörðun hafi verið tekin til enn frekari lækkunar, sbr. ummæli Samkeppnisstofnunar á bls. 449 í frumathugun II. OHF telur félagið aldrei hafa hlaupist undan merkjum í samvinnu sinni og því komi til greina að veita hærri afslátt en þau 50% sem leiði af ofangreindum reglum.

Þá segir að það sé alveg ljóst að það sé frumkvæði OHF um samstarf að þakka að hin olíufélögin hafi fylgt í kjölfarið. Megi því gera ráð fyrir því að málið hefði ekki verið nærri því jafn vel upplýst án þessa frumkvæðis félagsins. Ætla megi að loknu þessu máli muni fyrirtæki átta sig mun betur á þeim hömlum sem samkeppnislög setja samskiptum þeirra og samstarfi. Þetta muni leiða til þess að fyrirtæki verði mun varari um sig en áður. Sé því nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld sýni fram á að fyrirtæki hafi meiri hag af því að vinna með yfirvöldum við að upplýsa mál sem varði samstarf fyrirtækja en að leyna brotum sem ómögulegt sé að sanna. Af framangreindu leiði að veigamikil rök séu til þess að lækka hugsanlegar sektir OHF umfram þau 50% sem leiði af áðurnefndum reglum.

#### 8.1.2. Sjónarmið Skeljungu

Í athugasemdum Skeljungu kemur fram að nokkru eftir að rannsókn Samkeppnisstofnunar á meintu samráði olíufélaganna hófst hafi OHF óskað eftir samvinnu við Samkeppnisstofnun um að upplýsa málið. Félagið mun hafa sent bréf þess efnis til Samkeppnisstofnunar 1. mars 2002. Samkeppnisstofnun hafi svarað með bréfi, dags. 5. mars 2002, þar sem tiltekið hafi verið að OHF gæti vænst 30–50% lækkunar á hugsanlegri sekt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Meðal þeirra skilyrða sem tilgreind hafi verið sé að félagið veitti stofnunni mikilvæga viðbót við þær upplýsingar sem fyrir lágu í málinu. Skömmu síðar hafi Olís sent Samkeppnisstofnun bréf þar sem félagið hafi lýst með sambærilegum hætti yfir vilja til samstarfs. Í framhaldi af því hafi Olís verið tilkynnt að félagið gæti fengið 20–30% lækkun á hugsanlegri sekt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þá kemur fram að Skeljungur hafi frá því að rannsókn Samkeppnisstofnunar hófst í desember 2001 svarað fjölmörgum fyrirspurnum stofnunarinnar þar sem óskað hafi verið upplýsinga og afrita fjölmargra gagna. Umtalsverðum tíma starfsmanna og lögmanna félagsins hafi verið varið í að leita gagna og svara spurningum stofnunarinnar. Þá hafi starfsmenn félagsins mætt til skýrslutöku hjá Samkeppnisstofnun og leitast við að svara spurningum stofnunarinnar.

Kveður Skeljungur að í bréfum félagsins til Samkeppnisstofnunar hafi undantekningarlítið verið boðið upp á frekari aðstoð og skýringar á gögnum ef stofnunin teldi þörf á. Á fundi Skeljungu með Samkeppnisstofnun 25. október 2002 hafi fyrst verið rætt um að þessi upplýsingagjöf yrði sett í þann farveg sem samkeppnisráð hafði þá nýlega búið til með setningu reglna nr. 397/2002. Þess hafi verið óskað að skrifleg beiðni bærisk frá Skeljungu ef félagið óskaði þess að

upplýsingagjöf félagsins yrði metin með hliðsjón af reglum samkeppnisráðs. Hins vegar hafi verið tekið fram að félagið hefði áður ítrekað lýst yfir vilja til að veita stofnuninni allar þær upplýsingar sem stofnunin teldi þörf á við rannsókn málsins. Þá hafi jafnframt verið vísað til þess að í beiðni Skeljungs fælist ekki viðurkenning á því að félagið hefði með einhverjum hætti brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Einnig segir að í framangreindum reglum samkeppnisráðs nr. 397/2002 sé mælt fyrir um atvik sem geti leitt til niðurfellingar eða lækkunar sekta í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja. Þau ákvæði reglnanna sem hér komi til skoðunar sé að finna í II. kafla þeirra. Þar sé í 13. gr. mælt fyrir um það að til þess að fyrirtæki geti fengið sekt lækkaða á grundvelli reglnanna verði það að láta Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem að mati stofnunarinnar séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem stofnunin hefur þegar í förum sínum. Samkvæmt 15. gr. sé samkeppnisráði fengið vald til þess að skera úr um hvort sönnunargögn sem fyrirtæki láti stofnunni í té hafi haft verulega þýðingu í málinu með tilliti til þeirra sönnunargagna sem þá hafi þegar legið fyrir.

Þá segir að Skeljungur hafi margsinnis boðið fram aðstoð við skýringu einstakra gagna sem stofnunin hafi haft undir höndum og brugðist vel við beiðnum stofnunarinnar um gögn og upplýsingar. Skilningur Skeljungs á framangreindum reglum sé hins vegar sá að forsendur þess að til lækkunar sekta komi á grundvelli þeirra séu þær að mikilvæg ný sönnunargögn séu lögð fram. Skeljungur telji ljóst að stofnunin hafi frá upphafi rannsóknarinnar haft öll gögn undir höndum sem mögulega geti tengst þeim tilvikum sem til rannsóknar séu. Af þeim sökum hafi Skeljungur talið óljóst hvaða gögn félagið gæti fært fram sem teldust mikilvæg viðbót við þau gögn sem stofnunin hefði þegar undir höndum.

Ef samkeppnisyfirvöld telji sannað að brotið hafi verið gegn ákvæðum samkeppnislaga þá sé ljóst að gæta þurfi jafnræðisreglna við mat á því hvort beita skuli félögin refsingum. Ef aðkoma einstakra olíufélaga að þeim atvikum sem stofnunin hafi til rannsóknar sé mismunandi mikil, svo að einhverju muni, kunni að vera ástæða til að beita mismunandi viðurlögum. Skeljungur telji ljóst að samstarf OHF og Olís hafi verið umtalsvert meira en samstarf Skeljungs við hin félögin. Vísar félagið í þessu sambandi til umfjöllunar í athugasemdum sínum um nána samvinnu OHF og Olís. Af þeim sökum kunni að vera forsendur til þess að beita vægari viðurlögum gagnvart Skeljungum.

Ennfremur kemur fram að engar forsendur séu til þess að mismuna félögunum ef til viðurlagaákvörðunar komi með vísan til reglna nr. 397/2002 og aðstoðar olíufélaganna við rannsókn málsins. Jafnvel þótt gengið yrði svo langt að telja munnlegar skýringar til nýrra sönnunargagna sem feli í sér mikilvæga viðbót við þau gögn sem stofnunin hafði þá þegar undir höndum þá sé ljóst að skýrslugjöf keppinauta

Skeljungs hafi að miklu leyti verið röng eða villandi að mati Samkeppnisstofnunar. Slík skýrslugjöf geti aldrei orðið tilefni til þess að mismuna félögum við ákvörðun viðurlaga. Skeljungur telji ljóst að samkeppnisráð geti ekki vikið frá jafnræðisreglum án þess að til grundvallar slíkri ákvörðun liggi sterkar hlutlægar forsendur.

Þá kemur fram að reglur nr. 397/2002 hafi verið settar um hálfu ári eftir að rannsókn Samkeppnisstofnunar hófst. Reglurnar séu settar með heimild í 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga. Í 52. gr. samkeppnislaga, eins og hún hafi verið orðuð við setningu laga nr. 8/1993, hafi ekki verið að finna sérstaka heimild til þess að líta til samstarfsvilja brotlegs fyrirtækis við ákvörðun sekta. Slíku ákvæði hafi hins vegar verið bætt inn með lögum nr. 107/2000 sem tekið hafi gildi 6. desember 2000. Í greinargerð með frumvarpi til laganna hafi verið vísað til þess að með þessari breytingu sé tryggt að samkeppnisráð geti við álagningu sekta lagt til grundvallar svipuð sjónarmið og fram komi í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA frá 4. júní 1997 um ákvörðun sekta í málum sem varði einokunarhringi.

Rannsókn Samkeppnisstofnunar nái frá árinu 2001 og aftur til ársins 1993. Stærstan hluta þess tímabils hafi ekki verið að finna í samkeppnislögum sérstaka heimild til að beita mismunandi viðurlögum gagnvart fyrirtækjum sem sökuð hafi verið um sömu eða sambærileg brot. Ljóst sé að þeim heimildum sem lögfestar hafi verið með lögum nr. 107/2000 verði ekki beitt um atvik sem eigi að hafa átt sér stað fyrir 6. desember 2000. Við mat á því hvort Olís eða OHF hafi lagt fram ný sönnunargögn sem teljist mikilvæg viðbót við þau gögn sem Samkeppnisstofnun hafði fyrir sé því einungis unnt að líta til loka þess tímabils sem rannsóknin taki til.

Í athugasemdum Skeljungs segir ennfremur að aðstoð OHF og Olís sé orðum aukin. Í frumathugun II komi fram að stofnunin telji að bæði OHF og Olís hafi veitt stofnuninni aðstoð við rannsókn málsins sem eigi að leiða til lækkunar á sektargreiðslum þessara fyrirtækja. Ekki sé sérstaklega tilgreint um hvaða gögn eða upplýsingar sé að ræða en ljóst sé að einkum sé um að ræða skýrslugjöf starfsmanna félaganna á fundum með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar. Þegar frumathugunin sé lesin í heild sinni sé vandséð hvaða mikilvæga viðbót hafi falist í framburði starfsmanna olíufélaganna tveggja. Þá sé áberandi hve oft Samkeppnisstofnun telur framburð umræddra starfsmanna ótrúverðugan og ekki sé unnt að leggja hann til grundvallar niðurstöðu í málinu. Nefnir Skeljungur síðan nokkur dæmi úr frumathugun II þar sem fulltrúar OHF og Olís voru taldir veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

Skeljungur vísar m.a. til bls. 38–40 í frumathugun II máli sínu til stuðnings. Þar sé greint frá frásögn framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF og forstjóra Olís þar sem þeir staðfesti að fram til ársins 1997 hafi átt sér stað samskipti milli olíufélaganna um verðbreytingar. Eftir 1997 hafi hins vegar orðið breyting á. Framkvæmdastjóri

fjármálasviðs OHF muni hafa sagt að mikið hafi dregið úr slíku samstarfi en forstjóri Olís sagt að slíkum samskiptum hafi að mestu verið hætt. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar sé eftirfarandi: „*Samkeppnisstofnun telur að gögn málsins styðji þær upplýsingar OHF og Olís að olíufélögin hafi haft með sér umrætt samstarf fram á árið 1997. Gögn málsins sýna að engin eðlisbreyting varð á þessu samstarfi 1997. Þvert á móti hafa olíufélögin eftir árið 1997 haft með sér viðtækt samráð um verð*“. Af framansögðu sé ljóst að Samkeppnisstofnun telji skýrslugjöf framkvæmdastjóra fjármálasviðs OHF og forstjóra Olís um samstarf olíufélaganna eftir 1997 vera ranga.

Þá bendir Skeljungur einnig á að á bls. 85 í frumathugun II fjalli Samkeppnisstofnun um færslugjöld gagnvart viðskiptavinum. Forsvarsmenn Olís hafi bæði bréflega og munnlega lýst því yfir gagnvart stofnuninni að fyrirtækið hefði tekið upp umrætt færslugjald 1. október 1997. Forstjóri Olís hafi einnig haldið því fram að Skeljungur hafi tekið upp sams konar gjald fáeinum mánuðum á eftir Olís. Þrátt fyrir þessa upplýsingagjöf sé stofnunin þeirrar skoðunar að samráð hafi verið með olíufélagunum um að taka upp umrætt færslugjald. Fram komi á bls. 87 í frumathugun að „*gögn málsins frá 1995–1998 sýni ótvírætt að umræddur framkvæmdastjóri Olís hafi gegnt lykilhlutverki og að meginstefnu annast umfangsmikil samskipti við hin olíufélögin um hugsanlega álagningu gjalda á viðskiptavinum*“. Ljóst sé að stofnunin dragi þessa ályktun þvert gegn neitun olíufélaganna. Að auki nefnir Skeljungur 28 svipuð tilvik þeim tveim sem að ofan eru reifuð sem félagið telur sýna að vandséð sé hvaða mikilvæga viðbót hafi falist í framburði starfsmanna Olís og OHF og að áberandi sé hve oft stofnunin leggi framburðinn ekki til grundvallar og telji hann ótrúverðugann.

## 8.2. Niðurstaða samkeppnisráðs

### 8.2.1. Aðstoð OHF

Þann 1. mars 2002 ritaði OHF Samkeppnisstofnun bréf og gerði grein fyrir eftirfarandi bókun sem stjórn OHF samþykkti sama dag:

*„Samkvæmt upplýsingum sem kynntar hafa verið stjórn félagsins í dag, og byggja á rannsókn þeirra gagna sem Samkeppnisstofnun lagði hald á 18. desember 2001, þá eru komnar fram vísbendingar um að ákveðnir þættir í starfsemi Olíufélagsins hf. hafi á undanförunum árum að einhverju leyti stangast á við ákvæði samkeppnislaga. Eftir því sem best er vitað í dag stangast starfsemi Olíufélagsins ehf. ekki á við ákvæði samkeppnislaga, nema ef rekstur samrekinna bensinstöðva yrði talinn andstæður lögnum.*

*Framkomnar upplýsingar koma stjórn félagsins á óvart, og hefur hún falið lögmanni félagsins að ganga til viðræðna og/eða samstarfs við Samkeppnisstofnun um að upplýsa meint brot félagsins á Samkeppnislögum*

*til fulls. Ef nokkur kostur er, þá skal freistað að ná samkomulagi við Samkeppnisstofnun um lyktir málsins.*

*Stjórn Oliufélagsins hf. leggur áherslu á að máli þessu verði lokið á sem skemmstum tíma svo allri óvissu verði eytt sem fyrst. Nauðsynlegt er að tryggja fullan trúnað og traust milli félagsins annars vegar og viðskiptavina og hluthafa hins vegar.“*

Í bréfinu var einnig óskað eftir samvinnu og samstarfi við Samkeppnisstofnun um að upplýsa málið.

Samkeppnisstofnun svaraði OHF með bréfi frá 5. mars 2002. Í bréfinu er tilgreint að OHF geti vænst 30–50% lækkunar á hugsanlegri sekt ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Til þess að njóta lækkunar sektar verður fyrirtækið að láta Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem að mati stofnunarinnar eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem stofnunin hefur þegar í fórum sínum. Þá verður fyrirtækið einnig að hætta þátttöku sinni í hinu meinta ólögmeta samráði.
2. Hugtakið „mikilvæg viðbót“ vísar til þess að hve miklu leyti sönnunargögn þau sem fyrirtækið lætur Samkeppnisstofnun í té, með tilliti til eðlis gagnanna og nákvæmni, hjálpa til við að upplýsa staðreyndir málsins. Samkeppnisráð mun almennt séð líta svo á að skrifleg sönnunargögn sem stafa frá þeim tíma er meint brot áttu sér stað hafi ríkari gildi heldur en gögn eða upplýsingar sem koma til síðar. Jafnframt hafa bein sönnunargögn meiri þýðingu heldur en þau sem tengjast málinu með óbeinum hætti.
3. Samkeppnisráð mun í ákvörðun sinni skera úr um:
  - a) Hvort sönnunargögn sem fyrirtækið lét í té hafi á þeim tímapunkti er það gerðist haft verulega þýðingu með tilliti til þeirra sönnunargagna sem þá lágu þegar fyrir.
  - b) Uppfylli fyrirtæki skilyrðin fyrir lækkun sektar mun sektin lækka eftir neðangreindum reglum:
    - fyrsta fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupphæðina lækkaða um 30 til 50%,
    - annað fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupphæðina lækkaða um 20 til 30%,
    - önnur fyrirtæki sem á eftir koma og uppfylla skilyrðin fyrir lækkun sektar geta fengið allt að 20% lækkun á sektarupphæðinni.
4. Þegar metið er hversu mikla lækkun á sektarfjárhæðinni fyrirtæki hlýtur er tekið tillit til þess á hvaða tímapunkti fyrirtækið lagði fram sönnunargögnin og hversu mikla þýðingu þau höfðu fyrir rannsókn málsins. Einnig hefur samkeppnisráð hliðsjón af samstarfsvilja fyrirtækisins eftir að það lagði fram sönnunargögnin.

5. Ef fyrirtæki lætur Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem varpa ljósi á áður óþekktar staðreyndir í málinu og hafa beina þýðingu varðandi mat á alvarleika hins meinta ólögmeta samráðs og hversu lengi það hefur varað þá mun samkeppnisráð ekki nota þær upplýsingar til að hækka sektina hjá viðkomandi fyrirtæki.

Þessi skilyrði sækja fyrirmynd sína til samskonar skilyrða fyrir lækkun sektar sem gilda í EES/EB-samkeppnisrétti.

Með vísan til framangreinds samstarfs við Samkeppnisstofnun dró OHF til baka beiðni um úrlausn dómara á lögmati haldlagningar á gögnum sem Samkeppnisstofnun framkvæmdi þann 18. desember 2001, sbr. bréf OHF til Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. mars 2002.

Frá því að umrædd samvinna hófst hefur OHF veitt Samkeppnisstofnun umtalsverða aðstoð og leitast við að upplýsa mál þetta. Núverandi og fyrrverandi starfsmenn félagsins hafa að beiðni OHF veitt Samkeppnisstofnun mikilvægar upplýsingar um atvik málsins og félagið hefur látið Samkeppnisstofnun í té ýmis gögn. Þessar upplýsingar og gögn fela í sér mikilvæga viðbót við þau sönnunargögn sem Samkeppnisstofnun hafði þegar undir höndum. Verður nú gefið yfirlit, sem þó er ekki tæmandi, yfir helstu upplýsingar sem að mati ráðsins hafa skipt máli við úrlausn máls þessa.

Atriði sem tengjast samráði við gerð tilboða:

- Forstjóri OHF greindi almennt frá samvinnu olíufélaganna vegna útboða eftir að verðlagning var gefin frjáls, sbr. kafla IV.
- Framkvæmdastjóri markaðssviðs OHF greindi frá samskiptum við starfsmenn hinna olíufélaganna og umræður um útboð á árunum 1993-1998, sbr. kafla IV.
- Forstjóri OHF greindi frá því að hann hafi rætt við forstjóra Olís um að félögin myndu ekki skila inn tilboði í útboði Ístaks nema að tryggt væri að útboðið yrði formlegt, sbr. kafla IV 1.6.
- OHF greindi frá samkomulagi milli olíufélaganna þriggja um samvinnu vegna útboðs Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar og framlegðarskiptingu eftir það. Lagði félagið einnig fram tvö skjöl frá Skeljungu þar sem fram koma tillögur um skiptingu á framlegð vegna þessara viðskipta, sbr. kafla VI 2.
- OHF greindi frá því að á forstjórafundum hafi verið rætt almennt um að hafa samráð vegna útboða og að forstjórnarnir þrír hefðu haustið 1996 ákveðið að ræða saman um öll útboð, sbr. kafla VI 2.
- OHF greindi frá samráði vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins og upplýsti um viðræður um framlegðarskiptingu, sbr. kafla IV 3.



- OHF greindi frá samráði í tengslum við útboð Flugleiða 1996 og 1997. Skýrði félagið m.a. mikilvæg skjöl sem tengjast þessu. Jafnframt staðfesti félagið tiltekin yfirlit um skiptingu á greiðslum vegna þessa samráðs, sbr. kafla IV 5.
- OHF greindi frá samráði vegna útboðs Vestmannaeyjabæjar 1997, sbr. kafla IV 6.
- OHF greindi frá samráði við tilboðsgerð vegna útboðs ÍSAL 1997, sbr. kafla IV 7.
- OHF greindi frá því að það væri gagnkvæmur skilningur olúfélaganna að tilteknum stórum viðskiptum ætti að skipta milli félaganna og að forstjórar félaganna hefðu rætt um að fyrirhuguð magnesíumverksmiðja kæmi til skipta, sbr. kafla IV 8.
- OHF greindi frá samráði olúfélaganna vegna útboðs Norðuráls 1997, sbr. kafla IV 9.
- OHF greindi frá því að samráðsfundur hafi verið haldinn og að á honum hafi verið ákveðið hvaða viðskiptakjör Landssímanum yrðu boðin í útboði/verðkönnun fyrirtækisins 1998, sbr. kafla IV 11.
- OHF greindi frá viðræðum við Skeljung vegna útboðs Íslenska járnblendifélagsins 2000, sbr. kafla IV 12.
- OHF greindi frá viðræðum olúfélaganna á árinu 2001 um nýja markaðsskiptingu og útboð Reykjavíkurborgar, sbr. kafla IV 13 og VIII 11.

Atriði sem tengjast samráði um sölu til erlendra skipa:

- OHF greindi almennt frá fyrirkomulagi skiptisölu, sbr. kafla V.
- OHF staðfesti að unnið hafi verið eftir tilteknum samningum um skiptisölu, sbr. kafla V.
- OHF greindi frá því að framkvæmdanefnd samnings um skiptisölu hafi verið í reglulegu sambandi, sbr. kafla V.
- OHF afhenti Samkeppnisstofnun yfirlit um skiptisölu vegna erlendra skipa 1993-2001. Á grundvelli þessa var unnt að meta fjárhagslegan ávinning olúfélaganna af þessu samráði.

Atriði sem tengjast samráði um verðlagningu á olúvörum:

- OHF greindi frá því að samráð hafi verið meginreglan í tengslum við verðbreytingar á eldsneyti fram á árið 1997 og lýsti fyrirkomulagi þess, sbr. kafla VI. Jafnframt greindi félagið frá því að samráð olúfélaganna vegna verðlagsmála hafi átt sér stað eftir 1997.
- OHF útskýrði skjal félagsins sem lýsti fundi olúfélaganna í ágúst 1994 þar sem fjallað var um verð á bensíni, sbr. kafla VI 1.1.
- OHF greindi frá því að félaginu hafi yfirleitt verið kunnugt um viðhorf hinna félaganna þegar félagið tók ákvarðanir um verð á frostlegi, sbr. kafla VI 1.1.

- OHF útskýrði skjal félagsins sem lýsti fundi olíufélaganna í janúar 1995 þar sem fjallað var um verð á bensíni, sbr. kafla VI 1.1.
- OHF greindi frá verðsamráði vegna svonefndra heimatanka, sbr. kafla VI 1.1.
- OHF greindi frá því að olíufélögin hafi náð samkomulagi um að Skeljungur takmarkaði framboð sitt á SD olíu gegn áframhaldandi samvinnu um innflutning á svartolíu, sbr. kafla VI 1.2.
- OHF afhenti Samkeppnisstofnun minnispunkta forstjóra OHF vegna eftirfarandi funda forstjóra olíufélaganna: 18. júní 1997, 24. júní 1997, 8. maí 1998, 20. maí 1998, 9. desember 1998 (auk minnisblaðs forstjórans vegna sama fundar) og 18. janúar 1999. Jafnframt afhenti OHF dagskrá forstjórafundarins 16. desember 1998, ásamt yfirliti yfir fundi forstjóra. Gögn þessi auðvelduðu sönnun samráðs á þessum fundum.
- OHF greindi frá því að í lok ársins 1995 hafi olíufélögin ákveðið sameiginlega að hætta að flytja inn 92 oktana bensín og 98 oktana blýbensín, sbr. kafla VI 1.3.
- OHF greindi frá samráði olíufélaganna á árinu 1996 um að minnka verðmun á 92 og 95 oktana bensíni, sbr. kafla VI 1.3.
- OHF greindi frá viðræðum olíufélaganna um að OHF yrði viðurkennt sem „*price leader*“, sbr. kafla VI 1.3.
- OHF greindi frá verðsamráði á bensíni í september 1996, sbr. kafla VI 1.3.
- OHF greindi frá því að félagið hafi haft samráð við Skeljung og Olís um verðhækkun á eldsneyti í janúar 1997, sbr. kafla VI 2.1.
- OHF greindi frá því að forstjórar olíufélaganna hefðu rætt sín á milli um að afkoma olíufélaganna væri slæm og að við því yrði að bregðast með því að vinna að hækkaðri álagningu, sbr. kafla VI 2.1.
- OHF greindi frá því að tiltekið skjal félagsins tengdist viðræðum olíufélaganna um verðhækkanir og aðrar aðgerðir til að reyna að fá viðskiptavinum til að hætta að nota eigin tanka og snúa sér að bensinstöðvum, sbr. kafla VI 2.3.
- OHF greindi frá viðræðum olíufélaganna um ýmis verðlagsmál í september 1997, sbr. kafla VI 2.3.
- OHF greindi frá því að olíufélögin hafi sammælt um að leggja m.a. á afgreiðslugjöld á viðskiptavinum vegna dreifingar á eldsneyti og taka upp gjöld vegna tanka og annars búnaðar í eigu olíufélaganna á árunum 1997-1998, sbr. kafla VI 2.6.
- OHF greindi frá samtali við Skeljung í janúar 1998 og að „ekki sé útilokað“ að samtalið hafi snúist um frétt RÚV um álagningu olíufélaganna, sbr. kafla VI 3.1.
- OHF greindi frá umræðum forstjóra félaganna í maí 1995 um afslætti til félagasamtaka, sbr. kafla VI 3.2.

- Í tengslum við skjöl frá maí 1998 og 1999 sem fjalla um samstarf olíufélaganna um að auka framlegð greindi OHF frá því að forstjórar félaganna hefðu rætt slæma afkomu félaganna sín á milli, sbr. kafla VI 3.3.
- Forstjóri OHF staðfesti að hafa kvartað við Olís og Skeljung vegna vegna afsláttar og tilboða þessara félaga í júlí og september 1998, sbr. kafla VI 3.5.
- OHF greindi frá því að félagið hafi tekið þátt í samráðsfundi með Olís og Skeljungi í október 1998 og útskýrði félagið hvað hafi verið samþykkt á þeim fundi, sbr. kafla VI 3.7.
- OHF greindi frá því að rætt hafi verið um áform Skeljungs á Höfn í Hornafirði og bensínverð úti á landi á fundi forstjóra olíufélaganna 16. desember 1998.
- OHF greindi frá því að félögin hafi rætt afslætti og þjónustu við bændur og smærri verktaka árið 1999, sbr. kafla VI 4.1.
- OHF greindi frá að það hafi verið sameiginlegur skilningur olíufélaganna að bjóða ekki gasolíu á skipagasolíuverði. Jafnframt greindi félagið frá því að olíufélögin hafi gert athugasemdir hvert við annað þegar gasolía hafi verið seld á skipagasolíuverði, sbr. kafla VI 4.2.
- OHF greindi frá því að á fundi með Olís í apríl 1999 hafi félögin rætt um sjálfsafgreiðsluafslátt á bensínstöðvum, sbr. kafla VI 4.3.
- Forstjóri OHF greindi frá því að forstjóri Olís hafi sagt honum hver væri hans sýn varðandi verðbil á milli tegunda bensínstöðva, sbr. kafla VI 5.1.
- OHF greindi frá því að hafa setið á fundum með Olís þar sem rætt var um „tankaverð“ og afgreiðslugjöld, sbr. kafla VI 5.3.
- OHF greindi frá fundi með Olís í febrúar 2000 þar sem Olís kvartað yfir afslætti OHF til Bílabúðar Benna. OHF afhenti bréf frá Bílabúð Benna sem Olís lagði fram á fundinum, sbr. kafla VI 5.4.
- OHF greindi frá því að „*sú regla hafi komist á að olíufélögin veittu ca. 4 kr. afslátt á lítra sem framkvæmda- og opnunartilboð, sem giltu í viku til 10 daga.*“, sbr. kafla VI 5.5.
- OHF greindi frá því að Olís hefði kvartað undan því að tiltekinn starfsmaður OHF væri að bjóða of mikinn afslátt og að sú kvörtun hafi borist starfsmanninum til eyrna, sbr. kafla VI 5.7.
- OHF greindi frá því að á stjórnarfundum OW Icebunker hafi olíufélögin stundum rætt ýmis mál varðandi samskipti þeirra en þau sem snéru að OW Icebunker, sbr. kafla VI 5.8.
- OHF hefur greint frá því að samkvæmt beiðni forstjóra Olís hafi forstjóri OHF heimilað tilteknum starfsmanni OHF að veita Olís upplýsingar um fyrirhugaðar verðbreytingar, sbr. kafla VI 5.9.
- OHF greindi frá því að fulltrúar olíufélaganna hafi ákveðið sameiginlega að ekki væri ástæða til að bregðast við framtaki LÍÚ árið 2000 með því að lækka verð, sbr. kafla VI 5.10.

- OHF greindi frá því að olúfélögin hefðu rætt saman um afsláttarmál, sbr. kafla VI 6.1.
- OHF greindi frá því að olúfélögin hafi rætt um hvað unnt væri að lækka verð ef útistarfsmenn á bensínstöðvum hættu störfum, sbr. kafla VI 6.1.
- Forstjóri OHF greindi frá því að hann hefði rætt við forstjóra Olís í síma í maí 2001 og sagt honum að OHF myndi ekki eitt olúfélaganna halda uppi verði. Forstjóri OHF greindi einnig frá því að hann hefði heyrt að forstjóri Olís og Skeljungs hefðu rætt þessi mál, sbr. kafla 6.2. Forstjóri OHF afhenti yfirlit yfir GSM símtöl sín og sýndi það fram á umrætt samtál við Olís.
- OHF greindi frá umræðum olúfélaganna um afgreiðslugjald, sbr. kafla VI 6.3.
- OHF greindi frá samráði olúfélaganna vegna gagnrýni LÍÚ og verðlagningar í Færeyjum, sbr. VI 6.5.
- OHF greindi frá upplýsingaskiptum olúfélaganna um sölu hvers annars á eldsneyti, sbr. kafla VI 6.6.
- OHF greindi frá samráði um verðlagningu á smurolíu, sbr. kafla VI 7.
- OHF greindi frá samráði um verðlagningu á gasi, sbr. kafla VI 8.

Atriði sem tengjast samráði við sölu eldsneytis á Keflavíkurlflugvelli:

- OHF greindi frá skiptingu á sölu ósamningsbundinna viðskiptavina, sbr. kafla VII 2.1.
- OHF greindi frá lokum verðstríðs og samráði vegna útboða erlendra flugrekenda á Keflavíkurlflugvelli, sbr. kafla VII 2.2.

Atriði sem tengjast markaðsskiptingu:

- OHF greindi frá skiptingu á sölu í Stykkishólmi, sbr. kafla VIII 4. OHF veitti upplýsingar um fjárhæð skiptisölnnar sem gerði samkeppnisyfirvöldum kleift að meta ávinning.
- OHF greindi frá skiptingu á sölu á Raufarhöfn, sbr. kafla VIII 5. OHF veitti upplýsingar um fjárhæð skiptisölnnar sem gerði samkeppnisyfirvöldum kleift að meta ávinning.
- OHF greindi frá skiptingu á sölu til SR-mjöls, sbr. kafla VIII 6. OHF veitti upplýsingar um fjárhæð skiptisölnnar sem gerði samkeppnisyfirvöldum kleift að meta ávinning.
- OHF greindi frá skiptingu á sölu til SBK og áhaldahúss Keflavíkur, sbr. VIII 8. OHF veitti upplýsingar um fjárhæð skiptisölnnar sem gerði samkeppnisyfirvöldum kleift að meta ávinning.
- OHF greindi frá skiptingu sölu til ÍSAL, sbr. kafla VIII 9. OHF veitti upplýsingar um fjárhæð skiptisölnnar sem gerði samkeppnisyfirvöldum kleift að meta ávinning.

- OHF greindi frá skiptingu á sölu til Kísiliðjunnar, sbr. kafla VIII 10. OHF veitti upplýsingar um fjárhæð skiptisölnunnar sem gerði samkeppnisyfírvöldum kleift að meta ávinning.
- OHF greindi frá atriðum sem tengjast markaðsskiptingu vegna sölu til Íslenska járnblendifélagans, Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytisins o.fl., sbr. kafla VIII 11. OHF lét Samkeppnisstofnun í té símbref frá Olís þar sem fram koma útreikningar vegna uppgjors á framlegðarskiptingu vegna Reykjavíkurborgar. Einnig lét OHF í té reikning til Skeljungs að fjárhæð rúmar níu milljónir kr. sem Skeljungur greiddi. Var það hluti af uppgjöri vegna Reykjavíkurborgar.
- OHF greindi frá óformlegu samkomulagi um að olúfélögin létu í friði samningsbundna viðskiptavinum hvers annars sbr. kafla VIII 12.
- OHF greindi frá samkomulagi um að viðskiptaskuldir flyttust með viðskiptavinum á milli félaganna, sbr. kafla VIII 12. OHF afhenti skjalið „Vinnureglur vegna hinna olúfélaganna“.

Eins og framangreind upptalning ber með sér þá hefur framlag OHF í málinu verið verulegt. Þannig hefur félagið t.d. gert grein fyrir fyrirkomulagi á samstarfi félaganna vegna útboða ásamt því að greina frá því að á forstjórafundum 1996 hafi verið ákveðið að félögin ræddu sín á milli öll stærri útboð. Auðveldaði þetta sönnun samkeppnisráðs varðandi samráð í útboðum. Þá hefur félagið greint frá eða staðfest samráð félaganna í flestum þeim útboðum sem fjallað er um í kafla IV. Félagið hefur einnig greint frá fyrirkomulagi við skiptisölu vegna erlendra skipa og staðfest að unnið hafi verið eftir tilteknum samningum. Þá greindi OHF frá því að t.a.m. hafi samráð verið meginregla í tengslum við verðbreytingar á eldsneyti fram á árið 1997 og auðveldaði sönnun hvað það varðar. Þá greindi félagið frá ýmsum tilvikum um samráð sem fjallað er um í kafla VI. Að lokum afhenti OHF gögn og upplýsingar frá þeim tíma sem brotin áttu sér stað, eins og framangreind upptalning ber með sér. Hér er t.d. um að ræða minnisþunkta forstjóra félagsins vegna nokkurra funda forstjóra olúfélaganna. Einnig lagði félagið til upplýsingar um það hvernig skiptisölu var hagað hjá olúfélögunum og lagði m.a. til yfirlit yfir alla skiptisölu félaganna sem auðveldaði samkeppnisyfírvöldum sönnun ávinnings af brotum félaganna.

Að mati samkeppnisráðs eru þessar upplýsingar mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem samkeppnisyfírvöld höfðu þegar í fórum sínum. Hér ber þó að athuga að um er að ræða viss tilvik þar starfsmenn OHF hafa ekki gefið fullnægjandi skýringar á gögnum. Leiðir þetta til þess að lækkun sekta verður minni en ella. Í þessu sambandi telur ráðið þó að rétt sé að hafa hliðsjón af því að OHF sjálft hefur gert sitt ítrasta til að tryggja að upplýsingagjöf starfsmanna þess væri rétt og fullnægjandi.

Að öllu framangreindu virtu telur samkeppnisráð hæfilegt að veita OHF 45% lækkun frá álögðum stjórnvaldssektum í málinu.

### 8.2.2. Aðstoð Olís

Þann 5. mars 2002 sendi Olís bréf til Samkeppnisstofnunar. Í bréfinu var vísað til þess að OHF hefði boðið fram aðstoð sína við að upplýsa málið og lýsti Olís yfir vilja til samstarfs um að upplýsa það. Í kjölfar bréfsins var haldinn fundur þann 14. mars 2002 með Olís. Á þeim fundi var rætt um samstarf OHF við Samkeppnisstofnun. Var Olís afhent afrit af bréfi Samkeppnisstofnunar til OHF þar sem tilgreind voru þau skilyrði sem samkeppnisyfirvöld settu fyrir slíku samstarfi og tekið fram að Olís stæði þessi leið til boða. Gæti Olís fengið 20–30% lækkun á hugsanlegri sekt ef skilyrðin yrðu uppfyllt. Á fundinum tóku fyrirsvarsmenn Olís fram að með nefndu bréfi hafi verið ætlunin að sækja um sams konar málsmeðferð og umbun og OHF sótti um, sbr. einnig fund Samkeppnisstofnunar og Olís 9. ágúst 2002.

Frá því að umrædd samvinna hófst hefur Olís veitt Samkeppnisstofnun aðstoð við að upplýsa þetta mál. Núverandi og fyrrverandi starfsmenn félagsins hafa að beiðni Olís veitt Samkeppnisstofnun mikilvægar upplýsingar um tiltekin atvik málsins. Þessar upplýsingar fela í sér mikilvæga viðbót við þau sönnunargögn sem Samkeppnisstofnun hafði undir höndum. Verður nú gefið yfirlit, sem þó er ekki tæmandi, yfir helstu upplýsingar sem að mati ráðsins hafa skipt máli við úrlausn máls þessa:

Atriði sem tengjast samráði við gerð tilboða:

- Olís greindi frá samráði vegna útboða Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar á árinu 1996, sbr. IV 2.
- Olís greindi frá þátttöku félagsins í samráði vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins 1996, sbr. kafla IV 3.
- Olís greindi frá þátttöku félagsins í samráði vegna útboðs Vestmannaeyjabæjar 1997, sbr. kafla IV 6.
- Olís greindi frá samráði olíufélaganna vegna útboðs ÍSAL 1997 og að félögin hefðu ákveðið áframhaldandi skiptisölu, sbr. kafla IV 7.
- Olís greindi frá óformlegu samkomulagi olíufélaganna um viðskipti við stóriðjur, sbr. kafla IV 8.
- Olís greindi frá því að á fundi olíufélaganna í október 1998 hafi verið ákveðið hvaða afslátt ætti að veita Landssímanum og Íslandspósti, sbr. kafla IV 11.
- Olís upplýsti um viðræður við Skeljung vegna útboðs Flugleiða 1994 (innanlandsflug), sbr. kafla IV 10.1.
- Olís staðfesti að fundur hafi verið haldinn með Skeljungi vegna útboðs Flugfélags Íslands 1998, sbr. kafla IV 10.2.
- Olís staðfesti að viðræður hafi átt sér stað milli olíufélaganna í tengslum við útboð Íslenska járnblendifélagsins í febrúar 2000, sbr. kafla IV 12.

- Olís greindi frá viðræðum olíufélaganna á árinu 2001 um nýja markaðsskiptingu og útboð Reykjavíkurborgar, sbr. kafla IV 13 og VIII 11.

Atriði sem tengjast samráði um sölu til erlendra skipa:

- Olís greindi frá því að olíufélögin hafi haft með sér verðsamráð og markaðsskiptingu við sölu til erlendra skipa frá 1993 til 2001, sbr. kafla V.

Atriði sem tengjast samráði um verðlagningu á olíuvörum:

- Olís greindi frá því að olíufélögin hafi haft með sér reglulegt samráð vegna verðbreytinga fram á árið 1997, sbr. kafla VI.
- Olís greindi frá verðsamráði vegna svonefndra heimatanka, sbr. kafla VI 1.1.
- Olís sagðist ekki geta neitað því að gögn málsins bentu til þess að félagið hefði í nóvember 1996 rætt við Skeljung um verð á flugvélabensíni, sbr. kafla V 1.1.
- Forstjóri Olís hefur greint frá því að seinni hluta árs 1996 og á árinu 1997 hafi fulltrúar allra félaganna verið að þrýsta hver á annan með hugmyndum um verðhækkanir. Hafi forstjórinn þrýst á þann starfsmann Olís sem annaðist verðlagningu um að beita sér gagnvart hinum félögunum fyrir verðhækkun veturinn 1996-1997, sbr. kafla VI 1.3.1.
- Olís greindi frá umræðum forstjóra olíufélaganna um aðgerðir til að stuðla að hækkun framlegðar, sbr. kafla VI 2.1.
- Olís staðfesti að rætt hafi verið um sjálfsafgreiðsluafslátt á fundi olíufélaganna í september 1997, sbr. kafla VI 2.4.
- Olís greindi frá því að olíufélögin hafi sammælt um að leggja m.a. á afgreiðslugjöld á viðskiptavini vegna dreifingar á eldsneyti og taka upp gjöld vegna tanka og annars búnaðar í eigu olíufélaganna á árunum 1997-1998, sbr. kafla VI 2.6.
- Aðspurður um skjal frá maí 1998 sem fjallar um samstarf olíufélaganna um að auka framlegð greindi forstjóri Olís frá því að hafi hann á þessum tíma átt kost á því að ræða við forstjóra hinna félaganna um slaka afkomu og lága framlegð hafi hann væntanlega gert það, sbr. kafla VI 3.3.
- Olís hefur greint frá því að olíufélögin hafi haft sama vilja til að takmarka afslætti og að olíufélögin hafi kvartað yfir veitingu afsláttar í ágúst 1998, sbr. kafla VI 3.5.
- Olís hefur staðfest að hafa setið samráðsfund með OHF og Skeljungu í október 1998, sbr. kafla VI 3.7.
- Olís greindi frá að það hafi verið sameiginlegur skilningur olíufélaganna að bjóða ekki gasolíu á skipagasolíuverði, sbr. kafla VI 4.3.
- Olís greindi frá því að vel mætti vera að olíufélögin hefðu framkvæmt 1-2-3 kr. afsláttarkerfið, sbr. VI 5.7.
- Olís greindi frá fyrirkomulagi samstarfs félaganna vegna beiðni LÍÚ um verðlækkun, sbr. kafla VI 5.10.

- Olís greindi frá því að upplýsingaskipti olíufélaganna hafi verið óeðlilega mikil, sbr. kafla VI 6.1.
- Forstjóri Olís greindi frá því að forstjóri OHF hafi hringt í sig í maí 2001 og „skammað“ sig fyrir að hækka ekki verð. Einnig greindi forstjóri Olís frá því að hafa hringt í Skeljung og „skammað“ Skeljung fyrir að hækka ekki verð, sbr. kafla VI 6.2.
- Olís greindi frá því að olíufélögin hafi rætt um viðbrögð við gagnrýni LÍÚ og fjallað um verðlagningu á skipagasolíu til íslenskra skipa í Færeyjum, sbr. kafla VI 6.5.
- Olís greindi frá upplýsingaskiptum olíufélaganna um sölu hvers annars á eldsneyti, sbr. kafla VI 6.6.
- Olís greindi frá því að olíufélögin hefðu skipst á upplýsingum um sölu á smurolíu, sbr. kafla VI 7.

Atriði sem varða samráð við sölu á eldsneyti á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli

- Olís greindi frá skiptingu á sölu til ósamningsbundinna viðskiptavina á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, sbr. kafla VII.
- Olís greindi frá samráði vegna útboða erlendra flugrekenda á Keflavíkurflugvelli, sbr. kafla VII.
- Olís greindi frá því að félögin hafi komið sér saman um að láta samningsbundna viðskiptavini hvers annars á Keflavíkurflugvelli í friði, sbr. kafla VII.
- Olís greindi frá samráði um verð til ósamningsbundinna viðskiptavina á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, sbr. kafla VII.

Atriði sem varða markaðsskiptingu

- Olís greindi frá markaðsskiptingu Skeljungs og Olís á Ísafirði, sbr. kafla VIII 4.
- Olís greindi frá því að sölu til ÍSAL hafi verið skipt milli félaganna, sbr. kafla VIII 9.
- Olís greindi frá því að sölu til Kísiliðjunnar hafi verið skipt á milli olíufélaganna, sbr. VIII 10.
- Olís greindi frá atriðum sem tengjast markaðsskiptingu vegna sölu til Íslenska járnblendifélagsins, Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytisins o.fl., sbr. kafla VIII 11.

Eins og framangreind upptalning ber með sér þá hefur samvinna og framlag Olís í málinu verið talsvert. Félagið greindi t.d. frá tittleknu samráði um gerð tilboða sem nefnd eru í kafla IV. Þá staðfesti Olís að unnið hefði verið eftir samkomulagi vegna sölu til erlendra skipa á árunum, sbr. kafla V. Einnig greindi Olís frá því t.a.m. að



olíufélögin hafi haldið áfram samráði vegna verðbreytinga eftir að verðlagning var gefin frjáls. Félagið greindi frá fyrirkomulagi samstarfs félaganna vegna beiðni LÍU um verðlækkun, greindi frá upplýsingaskiptum olíufélaganna um sölu á eldsneyti hvers annars ásamt því að staðfesta ýmislegt sem samkeppnisyfirvöld töldu að kæmi fram í gögnum málsins og nefnt er í kafla VI um samráð um verðlagningu á olíuvörum. Ennfremur veitti Olís mikilvægar upplýsingar varðandi samráð við sölu á eldsneyti á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli eins og fram kemur í kafla VII. Þá staðfesti Olís t.d. tilvist óformlegs samkomulags olíufélaganna um viðskipti við stóriðjur, sbr. kafla VIII.

Hér ber þó að athuga að um er að ræða viss tilvik þar starfsmenn Olís hafa ekki gefið fullnægjandi skýringar á gögnum. Leiðir þetta til þess að lækkun sekta verður minni en ella. Að öllu framangreindu virtu telur samkeppnisráð hæfilegt að lækka sektir Olís um 20%.

### 8.2.3. Aðstoð Skeljungs

Þann 25. október 2002 átti Samkeppnisstofnun fund með Skeljungi. Á fundinum var rætt um hugsanlega aðstoð Skeljungs við að upplýsa málið. Í kjölfar fundarins sendi Samkeppnisstofnun bréf til lögmannna Skeljungs og vakti athygli á ákvæðum reglna samkeppnisráðs nr. 397/2002. Svar barst með bréfi frá 5. nóvember 2002 og kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Umbj. okkar hefur í fyrri bréfaskriftum við Samkeppnisstofnun ítrekað lýst yfir fullum vilja til að veita stofnuninni upplýsingar um þau tilvik sem rannsókn hennar beinist að. Telji stofnunin að umbj. okkar kunni við þá upplýsingagjöf að falla undir ákvæði II. kafla áðurnefndra reglna óskar hann eftir því að upplýsingagjöf fyrirtækisins verði metin með hliðsjón af þeim reglum. Rétt er að fram komi að í beiðni þessari felst ekki viðurkenning á því að umbj. okkar hafi gerst sekur um brot sem leitt geta til sektarákvörðunar samkeppnisráðs.“*

Reglur samkeppnisráðs nr. 397/2002 um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja tóku gildi 10. júní 2002. Reglurnar sækja fyrirmynd sína til samskonar reglna sem gilda í EES/EB-samkeppnisrétti.

Í athugasemdum Skeljungs er fullyrt að ekki sé lagaheimild fyrir því að beita þessum reglum um brot sem hafi átt sér stað fyrir gildistöku laga nr. 107/2000. Þessu til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi verið heimild skv. eldri lögum til að líta til samstarfsvilja fyrirtækja við mat á sektum. Samkeppnisráð bendir fyrst á að Skeljungur óskaði þann 5. nóvember 2002 eftir því að upplýsingagjöf fyrirtækisins yrði metin með hliðsjón af þessum reglum. Ekki komu fram að hálfu félagsins

efasemdir um að unnt væri að lækka sektir vegna samvinnu við að upplýsa atvik sem gerðust fyrir 6. desember 2000. Samkeppnisráði er ekki ljóst hvort túlka beri framangreind ummæli í andmælum Skeljungs á þann veg að félagið óski ekki lengur eftir því að samvinna þess verði metin á grundvelli reglna nr. 397/2002. Hvað sem því líður telur samkeppnisráð að ekki sé unnt að fallast á það með Skeljungi að óheimilt sé að lækka sektir fyrirtækja vegna aðstoðar þeirra við að upplýsa atvik sem gerðust fyrir gildistöku laga nr. 107/2000. Hér skiptir máli að skv. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2001 var við ákvörðun viðurlaga skv. eldra ákvæði 52. gr. samkeppnislaga heimilt að líta til fleiri atriða en beinlínis voru tilgreind í ákvæðinu, svo fremi sem að þau atriði væru í eðlilegum tengslum við það málefni sem fyrir lægi. Að mati ráðsins er aðstoð fyrirtækis við að upplýsa brot málefnalegt sjónarmið varðandi mat á sektum. Hér skiptir og máli að um ívilnandi atriði er að ræða. Einnig hefur hér þýðingu að um er að ræða samfellt samráð oliufélaganna sem enn var við lýði á árinu 2001. Hafa má og í huga að samskonar reglum framkvæmdastjórnar EB hefur verið beitt um atvik sem gerðust fyrir gildistöku reglnanna.<sup>2627</sup>

Þrátt fyrir framangreinda óvissu um afstöðu Skeljungs verður tekið til athugunar hvort félagið uppfylli skilyrði reglna nr. 397/2002.

Í reglunum er mælt fyrir um þrenns konar tilvik samvinnu sem geta leitt til niðurfellingar eða lækkunar sekta:

- Fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfírvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati geta leitt til rannsóknar á meintu ólögsmætu samráði á grundvelli 40. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. a-lið 1. gr.
- Fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfírvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati gerir þeim kleift að sanna brot gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. b-lið 1. gr. Skilyrði samvinnu á grundvelli þessa ákvæðis er að samkeppnisyfírvöld hafi ekki undir höndum fullnægjandi sönnunargögn til að sanna hið ólögsmæta samráð, sbr. 2. gr. reglnanna.
- Fyrirtækið lætur Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem að mati stofnunarinnar eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem stofnunin hefur þegar í förum sínum, sbr. 13. gr. reglnanna.

Samvinna Skeljungs uppfyllir ekki skilyrði samvinnu á grundvelli 1. gr. reglnanna og kemur því einungis 13. gr. til athugunar. Eins og að framan greinir þá verður fyrirtæki að láta í té sönnunargögn sem eru mikilvæg viðbót við þau gögn sem stofnunin hefur þegar í förum sínum. Mikilvæg viðbót er skilgreind nánar í 14. gr. reglnanna. Þar segir: „Hugtakið „mikilvæg viðbót“ vísar til þess að hve miklu leyti sönnunargögn þau sem fyrirtækið lætur Samkeppnisstofnun í té, með tilliti til eðlis gagnanna og nákvæmni, hjálpa til við að upplýsa staðreyndir málsins. Samkeppnisráð mun almennt

<sup>2627</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-23/99 *Pre-Insulated Pipe Cartel* [2002] 5 CMLR 10.

*séð líta svo á að skrifleg sönnunargögn sem stafa frá þeim tíma er meint brot áttu sér stað hafi ríkari gildi heldur en gögn eða upplýsingar sem koma til síðar. Jafnframt hafa bein sönnunargögn meiri þýðingu heldur en þau sem tengjast málinu með óbeinum hætti.* <sup>2628</sup>

Samkvæmt 15. gr. reglnanna sker samkeppnisráð úr um það hvort sönnunargögn sem fyrirtækið lét í té hafi á þeim tímapunkti haft verulega þýðingu með tilliti til þeirra sönnunargagna sem þá lágu þegar fyrir.

Frá því að umrædd samvinna hófst hafa starfsmenn Skeljungs að beiðni félagsins veitt Samkeppnisstofnun upplýsingar um tiltekin atvik málsins. Að mati samkeppnisráðs er einungis um að ræða örfá tilvik þar sem Skeljungur hefur gengist við broti eða viðurkennt eða staðfest að samkeppnishamlandi samskipti hafi átt sér stað. Hér má t.d. nefna að Skeljungur greindi frá því að í kringum útboð Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar á árinu 1996 hafi fulltrúar olíufélaganna rætt opinber útboð „óformlega“ á fundum sínum, sbr. kafla IV 2. Þá staðfesti félagið „að samráð hafi verið milli olíufélaganna um gerð tilboða í ...útboði ÍSAL í anda þess samstarfs sem gildi um ÍSAL.“, sbr. kafla IV 6. Jafnframt má nefna hér að Skeljungur hefur sagt að á árinu 2001 hafi farið fram viðræður vegna „gamalla samstarfsmála“ olíufélaganna. Á þessum fundum hafi menn leitað leiða til þess að félögin gætu „hætt því samkrulli sem tíðkast hefði.“, sbr. kafla IV 13 og VIII 11. Starfsmaður félagsins kvaðst kannast við samtöl við hin félögin á árinu 2001 um „ýmis fortíðarmál“, einkum ÍSAL. Skeljungur hafi viljað hætta allri skiptisölu og um það hafi allir verið sammála, sbr. kafla IV 13 og VIII 11. Að mati samkeppnisráðs er hér ekki um að ræða mikilvæga viðbót við þau sönnunargögn sem fyrir voru í málinu. Samkeppnisráði þykir hér rétt að benda á að í málinu er að finna tilvik þar sem starfsmenn Skeljungs veittu ekki upplýsingar um mikilvæg atriði eða gátu ekki skýrt með fullnægjandi hætti skjöl eða atvik sem þeim tengjast. Telur ráðið óþarft að endurtaka þau atriði hér og vísar til umfjöllunnar í aðallega köflum IV, VII og VIII. Jafnframt vísar ráðið til fundargerða Samkeppnisstofnunar vegna funda með fyrirsvarsmönnum Skeljungs. Að mati ráðsins er ekki unnt að draga þá ályktun af gögnum málsins að Skeljungur hafi af heilum hug unnið með samkeppnisyfirvöldum að því að upplýsa málið. Til enn frekari staðfestingar á takmörkuðu framlagi Skeljungs í málinu má vísa til þess að félagið leggur í andmælum sínum áherslu á að benda á tilvik þar sem samkeppnisyfirvöld telja framburð keppinauta Skeljungs ekki vera trúanlegan eða í samræmi við gögn málsins. Skeljungur nefnir hins vegar engin tilvik þar sem félagið greindi frá brotum eða veitti mikilvægar upplýsingar um samráð olíufélaganna.

---

<sup>2628</sup> Undirréttur EB hefur skilgreint mikilvæga viðbót á eftirfarandi hátt: „It is clear from settled case law that a reduction in a fine on grounds of co-operation during the administrative procedure is justified only if the conduct of the undertaking in question enables the Commission to establish the existence of an infringement more easily and where relevant, to bring it to an end.“ Sjá dómi í máli nr. T-224/00 *Amino Acid Cartel* [2003] 5 CMLR 12.

Í athugasemdum sínum vísar Skeljungur til þess að frá því að rannsókn samkeppnisyfirvalda hófst hafi félagið svarað fjöldamörgum fyrirspurnum þar sem óskað hafi verið gagna og upplýsinga og félagið hafi undantekningalítið boðið upp á frekari aðstoð. Að mati samkeppnisráðs er upplýsingagjöf sem á sér stað á grundvelli gagnaöflunarheimildar 39. gr. samkeppnislaga ekki metin fyrirtækjum til afsláttar varðandi samstarf fyrirtækja við samkeppnisyfirvöldum um að upplýsa mál á grundvelli títtnefndra reglna samkeppnisráðs. Ákvæði 39. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppnisstofnun heimild til þess að óska eftir gögnum og upplýsingum frá fyrirtækjum. Því er ekki eðlilegt að svör við slíkum fyrirspurnum teljist til atriða sem réttlæti lækkun sekta. Einungis samvinna og mikilvægar upplýsingar sem fyrirtæki veitir að eigin frumkvæði koma til frádráttar sektum. Í EES/EB-samkeppnisrétti hefur þetta sjónarmið verið staðfest af dómstólum EB.<sup>2629</sup>

Þá kemur fram í athugasemdum Skeljungs að félagið telji ljóst að Samkeppnisstofnun hafi frá upphafi rannsóknarinnar haft öll þau gögn undir höndum sem mögulega geti tengst þeim atvikum sem til rannsóknar séu og af þeim sökum hafi félagið talið óljóst hvaða gögn félagið gæti fært fram sem teldust mikilvæg viðbót við þau gögn sem stofnunin hefði undir höndum. Samkeppnisráð bendir á að fundir voru haldnir með Skeljungi þar sem forsvarsmenn fyrirtækisins voru spurðir út í hin ýmsu atvik málsins sem að mati samkeppnisyfirvalda voru mikilvæg, og þeim gafst kostur á að tjá sig um málið og veita upplýsingar. Eins og að framan greinir þá höfðu þeir fundir takmarkaða þýðingu. Í þessu samhengi vísar samkeppnisráð einnig til þess að ef félagið var í vafa um hvað teldist mikilvæg viðbót við þau gögn sem samkeppnisyfirvöld höfðu undir höndum þá hefði Skeljungi verið í lófa lagið að óska eftir upplýsingum um það hvað samkeppnisyfirvöld teldu mikilvæga viðbót við þau sönnunargögn sem fyrir voru.

Hvað varðar athugasemdir Skeljungs um að aðstoð OHF og Olís sé ofmetin og að vandséð sé hvaða mikilvæga viðbót hafi falist í framburði starfsmanna olíufélaganna tveggja þá vísar samkeppnisráð til framangreindrar upptalningar og umfjöllunar því til stuðnings að OHF og Olís hafi lagt til mikilvæga viðbót við sönnun málsins. Jafnframt hefur verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða Skeljungs að aðstoð OHF og Olís hafi í vissum tilvikum ekki verið fullnægjandi.

---

<sup>2629</sup> Sjá nánar dóm undirréttar EB í máli nr. T-308/94 *Cascades v Commission* [1995] ECR II-265. Í dómnum segir eftirfarandi um þetta atriði: „ As regards the applicant's argument that it furnished to the Commission all the documents in its possession and supplied important information to it, the Court points out that the applicant accepts that it sent the documents and information in question in reply to requests for information served under Article 11 of Regulation No 17. It is settled law that cooperation in an investigation which does not go beyond that which is required of undertakings under Article 11(4) and (5) of Regulation No 17 does not justify a reduction in the fine (see, for example, *Solvay v Commission*, cited above, paragraphs 341 and 342). ... The applicant cannot validly claim that the reductions in the fines of *Stora* and *Rena* prove that cooperation in the form of replies to requests for information must be taken into consideration.“

Í athugasemdum sínum bendir Skeljungur á að félagið hafi ekki verið í sömu stöðu og hin oliufélögin til þess að veita upplýsingar á seinni stigum málsins. Þegar til hafi staðið að taka skýrslur af starfsmönnum félagsins hafi verið hafin opinber rannsókn hjá Ríkislögreglustjóra. Starfsmenn félagsins hafi því ekki af þessum sökum getað gefið skýrslu um þann hluta málsins sem frumathugun II fjallaði um. Það verði ekki metið Skeljungu í óhag að frekari skýrslugjöf hafi reynst útilokuð af þessum ástæðum.

Samkeppnisráð vísar til þess að Skeljungur hefur upplýst um það að nefnd opinber rannsókn hófst í lok september 2003. Þann 22. maí 2003 sendi Samkeppnisstofnun bréf til Skeljungs. Í bréfinu sagði m.a. þetta:

*„Í bréfi yðar frá 5. nóvember 2002 er óskað eftir því að upplýsingagjöf Skeljungs verði metin með hliðsjón af reglum samkeppnisráðs nr. 397/2002. Athygli yðar er vakin á því að reglur þessar byggja á þeirri forsendu að frumkvæðið af upplýsingagjöf komi frá viðkomandi fyrirtæki. Þannig segir m.a. í 19. gr. reglnanna að fyrirtæki sem óskar eftir lækkun á sektarfjárhæð verði að láta samkeppnisyfirlögmætum í té skrifleg sönnunargögn og upplýsingar sem geta sannað hið ólögsmæta samráð sem fyrirtækið hefur verið þátttakandi í. Í m.a. bréfi Samkeppnisstofnunar frá 8. janúar sl. er tilgreint hvað stofnunin telur á þessi stigi felast í meintum brotum oliufélaganna. Engar upplýsingar hafa borist frá Skeljungu varðandi t.d. meinta samvinnu oliufélaganna um verðlagningu á eldsneyti. Ef Skeljungur vill koma á framfæri frekari gögnum eða upplýsingum um þau atriði sem tilgreind eru í nefndu bréfi Samkeppnisstofnunar, eða um annað samráð oliufélaganna sem stofnuninni er ókunnugt um, er þess óskað að það verði gert sem fyrst. Skeljungur getur gefið slíkar upplýsingar í skriflegu formi eða veitt þær á fundi með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar. Þess er óskað að Samkeppnisstofnun verði fyrir 30. maí nk. upplýst um hvort Skeljungur hyggst veita upplýsingar af þessum toga. Eins og fram kom í bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 28. október sl., getur Skeljungur átt von á allt að 20% lækkun á hugsanlegri stjórnvaldssekt ef fyrirtækið uppfyllir skilyrði reglna nr. 397/2002.“*

Svar barst með bréfi Skeljungs frá 13. júní 2003. Í bréfinu kemur þetta m.a. fram:

*„Umbj. m. ítrekar fyrri vilja til að aðstoða Samkeppnisstofnun við rannsókn málsins. Stofnunin hefur sem kunnugt er undir höndum gríðarlegt magn gagna sem hald var lagt á hjá umbj. m. Samkvæmt þeim reglum sem stofnunin hefur sett um heimildir til að lækka sektir í samráðsmálum þurfa þau fyrirtæki sem í hlut eiga að leggja fram sönnunargögn sem að mati stofnunarinnar er mikilvæg viðbót við þau gögn sem stofnunin hefur þegar undir höndum, ef lækkun á að koma til álita. Umbj. m. er óljóst hvaða gögn*

*gæti verið hér um að ræða. Umbj. m. er hins vegar sem fyrr reiðubúinn að mæta til funda með starfsmönnum stofnunarinnar eða svara skriflega fyrirspurnum um einstaka þætti rannsóknarinnar.“*

Samkvæmt þessu sá Skeljungur sér ekki fært í júní 2003 að hafa frumkvæði að því að veita Samkeppnisstofnun gögn eða upplýsingar um atriði varðandi t.d. verðsamráð olíufélaganna. Verður að telja að ef Skeljungur hefði búið yfir slíkum mikilvægum upplýsingum hefði félagið veitt þær í kjölfar bréfs Samkeppnisstofnunar frá 22. maí 2003. Fæst því ekki séð að opinber rannsókn hafi að þessu leyti mikla þýðingu. Hvað sem því líður þá bauð Samkeppnisstofnun Skeljungu að koma á fund stofnunarinnar í október 2003 og veita frekari upplýsingar, ef einhverjar væru. Félagið taldi sér ekki fært að gera það vegna hinnar opinberru rannsóknar. Ekki er um það að ræða í málinu að viðurlög Skeljungs séu þyngd vegna þessa. Hins vegar bar Skeljungu að uppfylla skilyrði reglna nr. 397/2002 til þess að fá lækkun á sekt og það gerði félagið ekki. Ástæður þess að félagið telur sig ekki geta uppfyllt skilyrðin eru málinu óviðkomandi. Jafnframt vísast hér til umfjöllunnar samkeppnisráðs í kafla I 2.1.2.

Að öllu framangreindu virtu telur samkeppnisráð ekki tilefni til þess að lækka sektir Skeljungs í málinu.

Í kafla X 2.3 hefur þegar verið fjallað um það sjónarmið Skeljungs að meint brot Olís og OHF væru alvarlegri en meint brot Skeljungs.

## **9. Fyrirmæli á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga**

Eins og umfjöllun í þessari ákvörðun ber með sér hafa olíufélögin haft með sér talsverða samvinnu vegna samstarfsverkefna félaganna, sbr. t.d. samstarf félaganna á vettvangi Gasfélagsins og afgreiðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli. Eins og gögn málsins bera með sér hefur þetta samstarf að talsverðu leyti stuðlað að alvarlegum takmörkunum á samkeppni. Samkeppnisráð telur því nauðsynlegt að beita heimildum sínum skv. 17. gr. samkeppnislaga til að tryggja virka samkeppni til frambúðar á þeim mörkuðum sem mál þetta varðar. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessu.

### **9.1. Samstarf á Keflavíkurflugvelli**

Eins og fram kemur í kafla VII náðu olíufélögin samkomulagi, eftir undangengið verðstríð, um rekstrarfélag afgreiðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli. Var samningur undirritaður 2. febrúar 1994. Í samningunum fólst að Olís varð eignaraðili að sameiginlegri olíuafgreiðslustöð Skeljungs og OHF á flugvellinum (Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli sf. (EAK)) en Olís hafði áður rekið eigin afgreiðslustöð í samkeppni við hin félögin. Eins og nánar er greint frá í nefndum kafla ákváðu félögin frá upphafi að skipta með sér viðskiptum við þá flugrekendur sem ekki

höfðu skriflega viðskiptasamninga við eitthvert olíufélaganna. Í því fólst að sölu til erlendra ósamningsbundinna viðskiptavina sem staðgreiddu eða greiddu með almennum greiðslukortum var skipt að jöfnu milli olíufélaganna. Þessi markaðsskipting stóð a.m.k. frá undirritun umrædds samnings og hefur forstjóri Olís staðfest skiptinguna og sagt að þessi skipting eigi sér enn stað.

Þá er í kaflanum rakið að þegar EAK hóf rekstur sinn hafi olíufélögin komið sér saman um það á hvaða verði þyrfti að selja ósamningsbundnum viðskiptavinum. Þau hafi ákveðið eitt verð sem þau nefni „*posted airport price*“ (PAP) sem gildi gagnvart þessum viðskiptavinum. Þetta verð væri mun hærra en það verð sem gildi gagnvart samningsbundnum viðskiptavinum. Jafnframt hafi olíufélögin skipt með sér sölu til þessara viðskiptavina.

Einnig greinir frá samkomulagi olíufélaganna um markaðsskiptingu og samráð vegna útboða erlendra flugfélaga sem náðist á árinu 1996. Í samkomulaginu fólst samstarf um að hækka verð í þessum viðskiptum og skipta viðskiptavinum milli félaganna. Þetta fólst í sameiginlegum skilningi á því að olíufélögin myndu vegna þessara útboða ekki reyna að ná viðskiptum við þau erlendu flugfélög sem væru „samningsbundin“ tilteknu olíufélagi. Fram hefur komið að þessi málefni hafi verið rædd á vettvangi EAK.

## 9.2. Gasfélagið

Eins og nánar er greint frá í kafla VI 8 hófu olíufélögin á árinu 1996 formlegt samstarf um innflutning og birgðahald á gasi. Í því skyni stofnuðu félögin einkahlutafélagið Gasfélagið. Er félagið í jafnri eigu olíufélaganna. Olíufélögin lögðu á það áherslu, m.a. þegar starfsemi Gasfélagsins var á sínum tíma kynnt samkeppnisyfirvöldum, að félagið kæmi ekkert að endursölumálum á gasi. Hugmyndin var að Gasfélagið myndi annast innflutning og birgðahald á gasi fyrir eigendur sína en að olíufélögin myndu keppa í verði og öðrum viðskiptakjörum við endursölu á gasi. Eins og rakið er í kafla VI 8 gefa gögn málsins það hins vegar skýrt til kynna að olíufélögin hafa haft með sér víðtækt ólögmætt samráð í gasviðskiptum frá stofnun Gasfélagsins og a.m.k. fram á árið 2001. Þannig sýna gögn málsins að félögin ræddu á vegum Gasfélagsins um að takmarka samkeppni í viðskiptum sínum með gas og áttu ítrekað með sér samráð um hækkun á gasi. Þá höfðu félögin með sér samráð um að svara fyrirspurn Samkeppnisstofnunar um verðlagningu á gasi sem send var þeim í september 1998.

Þá er í kafla IV. 9 gerð grein fyrir því að félögin hafi í stað þess að keppa um viðskipti Norðuráls í útboði félagsins á árinu 1997 ákveðið að samræma tilboð sín og beina viðskiptunum til Gasfélagsins. Einnig var gert samkomulag um að öll gassala til a.m.k. nýrra stórnotenda skyldi fara í gegnum Gasfélagið. Ennfremur er í kafla IV 8 gerð grein fyrir því að olíufélögin hafi sameiginlega í nafni Gasfélagsins ákveðið

hvaða verð yrði gefið upp þegar aðstandendur fyrirhugaðrar magnesíumverksmiðju óskuðu eftir verðhugmyndum á gasi á árinu 1997.

### 9.3. Innkaup og innflutningur á eldsneyti

Ljóst er af ákvörðun þessari að olíufélögin hafa átt í samvinnu um innkaup og innflutning á eldsneyti. Þannig hafa öll félögin þrjú átti í samvinnu um innkaup á svartolíu og Olís og OHF hafa unnið saman að innkaupum á eldsneyti. Olís og Skeljungur höfðu samvinnu um innkaup á flugvélabensíni. Þessi samvinna stuðlaði m.a. að samkeppnishamlandi upplýsingaskiptum og verðsamráði. Verða nú rakin stuttlega nokkur dæmi um þetta.

Í kafla VI er rakið að í framburði forstjóra Olís komi fram að eftir 1997 hafi sá starfsmaður félagsins sem ábyrgð bar á verðlagningarmálum eldsneytis haft mikil samskipti við OHF og Skeljung vegna samstarfs félaganna um innkaup á eldsneyti. Á þeim fundum hafi félögin yfirleitt reynt að „fiska“ hvert annað um verðlagningaráform.

Í kafla VI 2.1 er gerð grein fyrir fundargerð framkvæmdastjórnar OHF frá 25. febrúar 1997 þar sem segir frá því að forstjóri Skeljungs hafi upplýst forstjóra OHF um innkaup Skeljungs á eldsneyti. Í kafla VI 3.9 er gerð grein fyrir fundum forstjóra félaganna í desember 1998. Á þeim fundi voru samkvæmt gögnum málsins 15 mál til umræðu og eitt þeirra var ákvörðun um að halda áfram samstarfi um svartolíuinnkaup.

Á innkaupafundi Olís og OHF í janúar 2001 greindi Olís frá því að tiltekin viðskiptavinur félagsins myndi kaupa minna af eldsneyti en árið áður, sbr. kafla VI 6.6. Í kafla VI 6.6 er einnig fjallað um að þann 27. ágúst 2001 hafi framkvæmdastjóri fjárfestingar og áhættustýringar hjá Olís, innkaupastjóri eldsneytis hjá OHF og forstöðumaður innkaupadeildar hjá Skeljungu hist og rætt „þarfir“ vegna svartolíu.

Þá er rakið í kafla VI 6.6 að í tengslum við innflutning á svartolíu hafi átt sér stað upplýsingaskipti milli félaganna. Þannig skiptust félögin á upplýsingum um sölu hvers annars á svartolíu á tímabilinu 1993-2001. Þá er einnig gerð grein fyrir því í kafla VI 6.6 að Olís og Skeljungur hefðu fram á árið 2001 haft samstarf við Skeljung um innflutning á flugvélabensíni og skiptust félögin á upplýsingum um sölu á þessari vöru.

Vísast nánar til kafla VI 6.6 um áhrif upplýsingaskipta af þessum toga á samkeppni á fákeppnismarkaði.

### 9.4. Samreknar bensínstöðvar

Eins og kemur fram í kafla IX er ljóst að Skeljungur, Olís og OHF hafa um langt skeið haft með sér samstarf um rekstur bensínstöðva. Hafa stöðvarnar ýmist verið í



samrekstri tveggja félaga, það er Olís og Skeljungs, Olís og OHF eða OHF og Skeljungs, eða í samrekstri þeirra allra. Fyrirkomulag á samstarfi olíufélaganna hefur verið með þeim hætti að eitt félag sá almennt um rekstur hvernar bensínstöðvar fyrir sig. Olíufélögin hafa síðan skipt með sér sölu á þeim stöðvum þar sem samvinna átti sér stað og hefur söluskiptingin almennt verið jöfn milli félaganna. Jafnframt er ljóst af gögnum málsins að upplýsingaskipti milli félaganna vegna þessa samstarfs hafa verið, tíð og ítarleg.

Einnig er rakið í nefndum kafla að í kjölfar kvörtunar FÍB, dags. 26. maí 1993, þar sem m.a. var kvartað undan samreknnum bensínstöðvum félaganna hafi olíufélögin gert samkeppnisyfirvöldum að einhverju leyti grein fyrir nefndum samrekstri. Hins vegar telur samkeppnisráð að í umsögnum olíufélaganna hafi ekki verið upplýst um mikilvæg atriði í samstarfi olíufélaganna, t.d. þá staðreynd að sölu viðkomandi bensínstöðva var skipt á milli olíufélaganna.

#### 9.5. Olíudreifing ehf.

Eins og kemur fram í kafla I 1.1 þá stofnuðu Olís og OHF á árinu 1995 Olíudreifingu ehf. (ODR) og tók félagið til starfa 1. janúar 1996. Hlutverk félagsins er að annast flutninga á olíuvörum, geymslu og dreifingu á landi og sjó til neytenda og dreifingaraðila móðurfyrirtækjanna. Eins og nánar er rakið í kafla VI 6.7 þá sýna gögn málsins að ODR hefur aflað og miðlað viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum til eigenda sinna. Þessi starfsemi var nefnd innan OHF „leyniþjónusta“ ODR. Sem dæmi um upplýsingamiðlun ODR má nefna að félagið miðlaði upplýsingum um nýja samkeppni olíufélaganna, upplýsingum um birgðastöðu keppinauta, upplýsingum um viðskiptaáform keppinauta, upplýsingum um nýjungar í dælubúnaði sem Skeljungur var að taka upp o.s.frv., sbr. kafla VI 6.7.

Gögnin gefa einnig til kynna að ODR hafi verið nýtt í tengslum við samráð olíufélaganna þriggja. Eins og rakið er í kafla VI 5.10 miðlaði ODR upplýsingum til olíufélaganna þriggja um þá útgerðarmenn sem keyptu olíu frá LÍÚ í tengslum við tilraunir LÍÚ til að lækka verð á skipaeldsneyti með eigin innflutningi.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 23/1995 *Kaup Olíufélagsins hf. og Hydro Texaco A/S á hlutum í Olíuverslun Íslands hf. og stofnun Olíudreifingar ehf.* er frá því greint að OHF hafi lýst markmiði og hlutverki ODR á eftirfarandi hátt í bréfi félagsins til Samkeppnisstofnunar dagsettu 26. apríl 1995:

*„Hlutverk sameiginlegs fyrirtækis verður að skipuleggja, stjórna og annast innflutning, birgðahald og dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Olíufélagið hf. og Olís. Að auki getur komið til að þetta fyrirtæki veiti olíufélögunum ýmsa sérhæfða þjónustu.*

*Oliufélögin munu leggja til alla dreifingaraðstöðu sína s.s. innflutningshafnir, birgðastöðvar, strandferðaskip, tankbifreiðar og smurolíubifreiðar.*

*Markmiðið er að lágmarka dreifingar- og viðhaldskostnað oliufélaganna.“*

Samkeppnisráð féllst á nefnd kaup og stofnun ODR. Til þess að tryggja að fyrirtækin OHF og Olís kæmu til með að starfa óháð hvort öðru voru kaupunum og stofnun ODR hins vegar sett ákveðin skilyrði. Í 4. gr. skilyrða fyrir stofnun Óliudreifingar ehf. segir eftirfarandi: „*Stjórnarmenn og allir starfsmenn Óliudreifingar ehf. undirriti yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu er varðar upplýsingar um starfsemi eigenda félagsins til að tryggja að upplýsingar fari ekki á milli Óliuverslunar Íslands hf. og Óliufélagsins hf. fyrir tilstilli stjórnarmanna og starfsmanna Óliudreifingar ehf.*“

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að farið var gegn þessum skilyrðum og starfsemi ODR var ekki að öllu leyti í samræmi við tilgang félagsins eins og hann var kynntur samkeppnisyfirlýsningum.

#### 9.6. Niðurstaða samkeppnisráðs

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að framangreind samvinna sem oliufélögin hafa átt með sér hefur haft alvarlegar samkeppnishömlur í för með sér. Ráðið telur einnig ljóst að slík samvinna geti ekki haldið áfram í óbreyttri mynd. Á fákeppnismarkaði eins og þeim markaði sem oliufélögin starfa á er öll slík samvinna keppinauta varhugaverð og til þess fallin að raska samkeppni eins og nánar er rakið í ákvörðuninni. Samkeppnisráð telur að beita þurfi heimildum 17. gr. samkeppnislaga og beina þeim fyrirmælum til félaganna að leggja af samvinnu í núverandi mynd.

Ekki er þó útilokað að einhver samvinna í breyttu formi geti átt rétt á sér og haft í för með sér jákvæð áhrif á markaðnum. Samkeppnisráð telur í því ljósi eðlilegt að gefa oliufélagunum sex mánuði frá ákvörðun þessari til þess annað hvort að leggja af umrædda samvinnu eða óska eftir undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga. Ráðið telur heppilegt að hugmyndir um fyrirkomulag hugsanlegs lögmæts samstarfs komi frá hverju oliufélagi fyrir sig sökum þess að félögin hafa sérþekkingu á umræddum markaði. Óliufélögin eru þannig í betri aðstöðu til þess að leggja fram fyrstu hugmyndir að skilyrðum sem þau telji að geti eytt þeim samkeppnishömlum sem samkeppnisráð telur vera fyrir hendi. Má í þessu samhengi hafa í huga, að breyttum breytanda, umfjöllun áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2001 *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði* um setningu skilyrða.

Ljóst er af gögnum málsins að oliufélögin þrjú hafa haft samvinnu vegna birgðahalds, afgreiðslu og móttöku á eldsneyti frá birgðastöð. Slík samvinna kann að takmarka samkeppni milli oliufélaganna og almennt er nauðsynlegt í málinu að grípa til

ráðstafanna til að tryggja sem mest viðskiptalegt sjálfstæði olíufélaganna. Samkeppnisráð telur hins vegar að ekki séu forsendur í þessu máli fyrir því að mæla fyrir um það við olíufélögin að hætta þessu samstarfi. Þess í stað telur ráðið nauðsynlegt að olíufélögin upplýsi samkeppnisyfirvöld í hverju þetta samstarf felst núna. Verður þá tekin afstaða til þess í sérstöku stjórnsýslumáli hvort þörf er á aðgerðum vegna þessa.

Í kafla VI er greint frá því að olíufélögin hafi í tengslum við sameignarfélag sitt Úthafsolíu, síðar OW Icebunker, haft með sér ólöglegt samráð. Samkeppnisráð telur nauðsynlegt að olíufélögin upplýsi samkeppnisyfirvöld í hverju þetta samstarf felst í dag. Verður þá tekin afstaða til þess í sérstöku stjórnsýslumáli hvort þörf er á aðgerðum vegna þessa.

## XI. ÁKVÖRDUNARORÐ:

### 1. gr.

„Ker hf. (áður Olúfélagið hf.), Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með samningum og/eða samstilltum aðgerðum, sem lýst er nánar í IV.–VIII. kafla þessarar ákvörðunar. Brot þessi hafa varað a.m.k. frá 1. mars 1993 til 18. desember 2001.

Í aðalatriðum felast brotin í eftirfarandi samningum og/eða samstilltum aðgerðum:

- Samráði um verðlagningu á fljótandi eldsneyti, gasi, smurolíu og tengdum vörum og um aðrar aðgerðir sem geta haft áhrif á verð þessara vara.
- Samráði um aðgerðir til að auka álagningu og bæta framlegð af sölu á m.a. fljótandi eldsneyti.
- Samráði um gerð tilboða í útboðum tiltekinna viðskiptavina.
- Samráði um markaðsskiptingu og eftir atvikum verðsamráð vegna sölu til einstakra viðskiptavina, tiltekinna hópa viðskiptavina eða á einstökum landssvæðum.

### 2. gr.

Bensínorkan ehf. hefur brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samningum og/eða samstilltum aðgerðum sem lýst er nánar í VI. kafla í þessari ákvörðun, og lutu að eða var ætlað að hafa áhrif á verð bifreiðaeldsneytis. Brot þessi hafa varað frá a.m.k. nóvember 1995 til maí 2001.

### 3. gr.

Vegna brota á 10. gr. samkeppnislaga sem nefnd eru í 1. og 2. gr. hér að framan og með heimild í 52. gr. samkeppnislaga leggur samkeppnisráð á eftirfarandi stjórnvaldssektir:

- Ker hf. skal greiða kr. 605.000.000 (sexhundrað og fimm milljónir króna).
- Olúverzlun Íslands hf. skal greiða kr. 880.000.000 (áttahundrað og áttatíu milljónir króna).
- Skeljungur hf. skal greiða kr. 1.100.000.000 (eittþúsund og eitthundrað milljónir króna).
- Bensínorkan ehf. skal greiða kr. 40.000.000 ( fjörutíu milljónir króna).

### 4. gr.

Stjórnvaldssektir skv. 3. gr. ákvörðunarorðs skulu greiðast í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.

## 5. gr.

Með heimild í 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Kers hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. (olíufélögin):

1. Olíufélögin skulu leggja af viðskiptalega samvinnu í tengslum við innkaup og innflutning á fljótandi eldsneyti.
2. Olíufélögin skulu leggja af viðskiptalega samvinnu í tengslum við innkaup, innflutning og sölu á gasi.
3. Olíufélögin skulu leggja af viðskiptalega samvinnu í tengslum við sölu á fljótandi eldsneyti á Keflavíkurflugvelli.
4. Olíufélögin skulu hætta samrekstri á bensínstöðvum og samvinnu tengdum þeim samrekstri.
5. Olíufélögin skulu upplýsa Samkeppnisstofnun um samvinnu félaganna þriggja vegna birgðahalds, afgreiðslu og móttöku á eldsneyti frá birgðastöð. Hið sama gildir um samstarf á vettvangi OW Icebunker.

Olíufélögin skulu upplýsa Samkeppnisstofnun um allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að fara að fyrirmælum í 1.–4. tl. Skal það gert áður en aðgerðirnar koma til framkvæmda.

## 6. gr.

Með heimild í 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Olíuverzlunar Íslands hf. og Kers hf.:

1. Stjórnarmenn og starfsmenn Olíuverzlunar Íslands hf. og Kers hf. skulu ekki sitja í stjórn Olíudreifingar ehf. Hið sama gildir um stjórnarmenn og starfsmenn félaga, annarra en Olíudreifingar ehf., sem eru undir virkum yfirráðum Olíuverzlunar Íslands hf. og Kers hf.
2. Olíuverzlun Íslands hf. er óheimilt að óska eftir því að Olíudreifing ehf. afli eða miðli hvers konar viðskiptalegum upplýsingum um núverandi eða mögulega keppinauta félagsins. Hið sama gildir um önnur félög undir virkum yfirráðum Olíuverzlunar Íslands hf.
3. Keri hf. er óheimilt að óska eftir því að Olíudreifing ehf. afli eða miðli hvers konar viðskiptalegum upplýsingum um núverandi eða mögulega keppinauta félagsins. Hið sama gildir um önnur félög undir virkum yfirráðum Kers hf.
4. Olíuverzlun Íslands hf. og Ker hf. skulu tryggja að Olíudreifing ehf. afli ekki og miðli þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í tl. 2 og 3 hér að framan.
5. Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Olíuverzlunar Íslands hf. og Kers hf. skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara

**eftir fyrirmælum í tl. 2.–4. Olíuverzlun Íslands hf. og Ker hf. skulu tryggja að hið sama geri stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn í félögum undir virkum yfirráðum Olíuverzlunar Íslands hf. og Kers hf., þ.m.t. stjórnarmenn og starfsmenn Olíudreifingar ehf. Afrit af yfirlýsingum þessum skulu afhent Samkeppnisstofnun.**

**7. gr.**

**Fyrirmæli þau sem tilgreind eru í 5.–6. gr. ákvörðunarorðs skulu koma til framkvæmda eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu þessarar ákvörðunar.**

**8. gr.**

**Brot á fyrirmælum sem sett eru í ákvörðun þessari sæta viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga.“**